Hæstaréttardómar 1990 - 1. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Gallar á bls. 399, 530, 702, 703, 708, og 791 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1990

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðfinnslur 48, 107, 259, 571
Aðför 29
Aðild 335
Afnotaréttur 118
Afréttarmálefni 214
Afsláttur 506
Ábyrgð á dýrum 293
Ákæra 376
Áskorunarmál 738, 743
Ávana- og fíkniefni 48
Biðlaun 452
Bifreiðar:
Einkamál 293
Opinber mál 14, 57, 110, 125, 204, 259, 338, 385, 395, 609, 636, 807
Bráðabirgðaökuleyfissvipting 107
Brenna 156
Dánarbætur 789
Dómari víkur sæti 473
Dómari víkur ekki sæti 662
Dómsátt 840
Dómstólar 2, 14, 35, 103, 107, 125, 153, 266, 338
Eignaupptaka 48, 807
Endurupptaka einkamáls 720, 847
Fangavist 232
Farbann 526
Farmflutningur 598
Farmskírteini 598
Fasteignakaup 190, 506, 688
Félög 404
Fiskveiðibrot 538
Fjárnám 335, 767
Fjárnámsgerð felld úr gildi 718
Fjársvik 196, 232, 347, 571
Forkaupsréttur 39, 615, 620
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 316, 712, 738, 743
frá héraðsdómi að hluta 490, 571, 615, 620, 807
b) frá Hæstarétti 39, 335, 375, 393, 469
Frávísunardómur staðfestur 664
Frávísunarkröfu hrundið 376
Frávísunarúrskurður staðfestur 624
Frestur 212, 375, 836

Bls.
Frestur í lögtaksmáli ... 393
Fyrning ... 448
Gagnaöflun ... 767
Galli ... 506
Gatnagerðargjald ... 322, 329
Geðheilbrigðisrannsókn ... 477
Gjaldþrot ... 409
Gjaldþrotaskipti ... 182, 479, 728, 748
Gjöf ... 409
Greiðsla ... 174, 496
Gæsluvarðhald:
1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 237, 257, 503, 534, 578, 596, 629, 765
4. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 ... 11
5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974 ... 582, 627
Skaðabætur ... 147
Heimvísun ... 2, 14, 35, 103, 107, 125, 153, 266, 338, 767
Héraðsdómari víkur sæti ... 92
Húsaleiga ... 118
Hæfi héraðsdómara ... 232
Iðnnám ... 388
Innsetningargerð ... 469
Jarðalög ... 615, 620
Kaupmáli ... 409
Kaupsamningur ... 830
Kæruheimild ... 39, 244
Kærumál:
Aðför ... 29
Ákæra ... 376
Dómari víkur sæti ... 473
Dómari víkur ekki sæti ... 662
Endurupptaka einkamáls ... 847
Farbann ... 526
Félög ... 404
Fjárnám ... 767
Forkaupsréttur ... 39, 615, 620
Frávísun:
a) frá héraðsdómi að hluta ... 615, 620
b) frá Hæstarétti ... 39, 393
Frávísunardómur staðfestur ... 664
Frávísunarkröfu hrundið ... 376
Frávísunarúrskurður staðfestur ... 624
Frestur ... 836
Frestur í lögtaksmáli ... 393
Geðheilbrigðisrannsókn ... 477
Gæsluvarðhald . 11, 237, 257, 503, 534, 578, 582, 596, 627, 629, 765
Héraðsdómari víkur sæti ... 92
Jarðalög ... 615, 620
Kæruheimild ... 39, 244
Læknisrannsókn ... 534

Bls.
Málskostnaður ... 240
Meðalganga ... 249
Nauðungaruppboð ... 836
Réttarfar ... 664
Sératkvæði ... 664
Stefnubirting ... 404
Tilkynning ... 836
Uppboð ... 624
Úthlutun uppboðsandvirðis ... 624
Verjandi ... 399
Virðingargerð ... 29
Vitni ... 20
Þinglýsing ... 244, 406
Þingsókn ... 847
Lausafé ... 772
Lausafjárkaup ... 496
Leiga ... 772
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins ... 75
Lífeyrisréttur ... 75
Líkamsárás ... 224, 551
Líkamsmeiðingar af gáleysi ... 204
Læknisrannsókn ... 534
Lögbann ... 840
Löghald ... 409
Lögmannsþóknun
Lögskýring ... 2, 14, 35, 103, 107, 125, 153, 266, 338
Lögtaksréttur ... 448
Lögveð ... 322, 329
Manndráp ... 59
Manndráp af gáleysi ... 802
Mannréttindasáttmáli Evrópu ... 2, 14, 35, 103, 107, 125, 153, 266, 338
Málasamsteypa ... 347, 420
Málshöfðunarfrestur ... 748
Málskostnaður ... 240
Meðalganga ... 249
Miskabætur ... 512, 585
Misneyting ... 645
Nafnritun ... 551
Nauðgun ... 420, 512, 585
Nauðungaruppboð ... 85, 322, 329, 836
Náðun ... 551
Nytjastuldur ... 347
Opinberir starfsmenn ... 452, 712
Orlof ... 490
Ómaksbætur ... 312, 313, 489, 781, 787
Ómerking ... 2, 35, 103, 107, 125, 153, 266, 316, 490, 712, 767
Ómerking að hluta ... 14, 338
Rán ... 270
Reynslulausn ... 57, 385, 512, 551, 632

Bls.
Réttarfar 347, 664, 830
Riftun 409, 728
Sameign 85
Sératkvæði 14, 128, 147, 409, 664, 670, 688, 712, 789, 802
Sjómenn 789
Skaðabótakröfu vísað frá dómi 347
Skaðabætur, skaðabótamál 110, 128, 147, 214, 224, 293, 598, 688, 789
Skilorð 196, 224, 251, 297, 305, 632, 636, 645, 720
Skírlífisbrot 305, 420, 720
Skjalafals 110, 232, 297, 347, 401, 420, 551, 571
Skriflega flutt mál 718
Skuldajöfnuður 479
Skuldaröð 182
Staðgreiðsla opinberra gjalda 182
Stefnubirting 404
Stefnufrestur 316
Stjórnarskrá 2, 14, 35, 103, 107, 125, 153, 266, 338
Stjórnsýsla 214
Söluskattur 448
Sönnun 530
Tékkalagabrot 251, 551
Tilboð 190
Tilkynning 836
Tilraun 420
Umferðarlög 14, 57, 110, 125, 204, 259, 338, 385, 395, 609, 636, 807
Uppboð 624
Úthlutun uppboðsandvirðis 624
Útivistardómar 1, 89, 90, 91, 312, 313, 314, 315, 489, 614, 781, 787, 788
Útivist í héraði 25
Varnarþing 25
Vátrygging 782
Vátryggingarbætur 699
Veðleyfi 688
Verjandi 103, 399
Verklaun 530, 639
Verslunarkaup 174
Vextir 128
Viðskiptabréf 496
Vinnusamningur 25, 388
Vinnuslys 128
Virðingargerð Víxlar, víxilmál 174
Þinglýsing 244, 406
Þingsókn 847
Þingstaður 35
Þjófnaður 347, 571, 632
Ærumeiðing 712
Ökuleyfissvipting 204

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXI. árgangur. 1. hefti. 1990

Mánudaginn 8. janúar 1990.

Nr. 472/1989. **Kristján Knútsson**

gegn

Nýju bílahöllinni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Knútsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 9. janúar 1990.

Nr. 120/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Breiðfjörð Ægissyni
(Stefán Pálsson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Þess er og krafist, að ákvæði héraðsdóms um bætur verði staðfest.

Verjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, en til vara, að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

I.

Fulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Árnessýslu, og lýsir Andrés Valdimarsson sýslumaður verkefnum hans þannig í bréfi, dagsettu 12. desember 1989:

„Hér með staðfestist, að Þorgeir Ingi Njálsson lögfræðingur kom til starfa hér við embættið þann 1. júní 1987. Skipunarbréf hans í starf dómarafulltrúa er dagsett 12. júní 1987.

Starfssvið hans frá ofangreindum tíma til 16. september sl. var eftirfarandi: Bæjarþing, þ.e. þingfestingar, áritanir og dómar í útivistarmálum, fógetaréttur 2. hvern mánuð, lögreglumál, sakadómur (dómsátta- og ákærumál), lausafjáruppboð og eftir atvikum úrskurðir í uppboðsrétti almennt.

Starf Þorgeirs á sviði lögreglumála hefur m.a. verið fólgið í því að aðstoða lögreglu við rannsóknir á brotamálum og mæla fyrir

um það, hvernig staðið skuli að rannsókn þeirra. Hann hefur haft umsjón með kæruskrá embættisins, ákvarðað lögreglustjórasektir, skrifað með málum, sem send eru ríkissaksóknara til fyrirsagnar, og sent mál í önnur lögsagnarumdæmi til frekari rannsóknar, svo eitthvað sé nefnt."

Skjöl máls þessa bera með sér, að málið var rannsakað af lögreglunni í Árnessýslu. Ekki verður séð af skjölunum, að Þorgeir Ingi Njálsson hafi haft önnur afskipti af rannsókninni en þau, að hann sendi málið til fyrirsagnar ríkissaksóknara með bréfi 6. júlí 1988.

II.

Það hefur lengi tíðkast hér á landi, að svipaður háttur og sá, sem lýst er í bréfi sýslumannsins í Árnessýslu, væri á umboðs- og dómarastörfum í héraði, þó að það hafi nú um langt skeið ekki verið svo í Reykjavík og að nokkur breyting hafi orðið á sums staðar annars staðar. Í dómum Hæstaréttar 1985:1290 og 1987:356 var ekki talið, að 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 stæði þessu í vegi, enda ráð fyrir því gert í 61. gr. hennar, að dómendur geti haft umboðsstörf á hendi. Sögulegar og landfræðilegar aðstæður hafa leitt til þess, að sömu menn hafa hér á landi gegnt störfum bæði á sviði stjórnsýslu og dómsýslu. Samrýmist þetta illa viðhorfum í ríkjum, sem um annað byggja á svipuðum réttarhugmyndum og Ísland.

III.

Á árinu 1953 var fullgiltur fyrir Ísland Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Er hann oftast nefndur mannréttindasáttmáli Evrópu. Segir meðal annars í 6. gr. 1. mgr. sáttmálans:

„Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi, og skal hann þá njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar innan hæfilegs tíma fyrir óháðum, óhlutdrægum, lögmæltum dómstóli..."

Ríkisstjórnin leitaði fyrst eftir samþykki Alþingis til að gerast fyrir Íslands hönd aðili að mannréttindasáttmála Evrópu haustið 1951, en málið varð ekki útrætt á því þingi. Það var þó tekið til umræðu, og var ræðumaður aðeins einn, þáverandi dómsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson. Í ræðu sinni sagði hann meðal annars:

„Um þau réttindi, sem hér eru talin, er það í stuttu máli að segja, að í öllu því, sem nokkru máli skiptir, þá eru þau réttindi nú þegar beinlínis veitt borgurunum berum orðum í íslenzkri löggjöf og að nokkru leyti í sjálfri stjskr., eða þá, að það eru slík grundvallarréttindi, að þau eru talin felast í meginreglum íslenzkra laga, jafnvel þó að ekki sé berum orðum fram tekið. Þess vegna má segja, að 1. kafli þessa samnings sé hér á landi engin nýjung, því að þar eru talin upp þau réttindi, sem borgararnir þegar hafa notið og talin eru sjálfsagður þáttur í verndun íslenzkra borgara gegn ofurvaldi ríkisvaldsins eða ásælni af annarra hálfu.“ (Alþingistíðindi 1951, D, 239-240).

Af þessu verður ráðið, að ríkisstjórnin taldi, þegar mannréttindasáttmálinn var fullgiltur, að íslenskar réttarreglur væru í samræmi við hann, eins og sáttmálinn þá var skýrður. Eftir þetta hafa mörg ákvæði hans verið nánar skýrð við meðferð kærumála hjá Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu.

Með fullgildingunni gekkst Ísland að þjóðarétti undir að hlíta ákvæðum sáttmálans.

Með lögum nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði var tekin sú stefna, að sömu menn skyldu ekki fara með þessa tvo þætti ríkisvaldsins. Lögin taka gildi 1. júlí 1992.

IV.

Fram er komið, að menn þeir, sem sakfelldir voru í þeim tveimur dómum Hæstaréttar, sem nefndir voru, hafa sent kæru til Mannréttindanefndar Evrópu með heimild í mannréttindasáttmálanum. Um mál Jóns Kristinssonar, en mál hans var dæmt í Hæstarétti með dómnum 1985:1290, gerði mannréttindanefndin skýrslu, sem gengið var frá 8. mars 1989. Niðurstöðu sína dregur mannréttindanefndin saman með þessum orðum:

„Nefndarmenn eru sammála um þá niðurstöðu, að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. samningsins, þar sem sakadómur Akureyrar hafi ekki verið óhlutdrægur dómstóll, er hann fann kæranda sekan og dæmdi hann til refsingar.“

Mannréttindanefndin skaut máli Jóns Kristinssonar til Mannréttindadómstóls Evrópu, og er ætlunin að taka það fyrir á dómþingi í febrúar 1990. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt svohljóðandi skjal:

„Vér, ríkisstjórn Íslands og Jón Kristinsson, Byggðavegi 95, Akureyri, Íslandi, höfum í dag orðið sammála um að æskja þess við Mannréttindadómstól Evrópu, að hann felli niður með samþykki Mannréttindanefndar Evrópu mál hennar á hendur ríkisstjórn Íslands sökum þess, að vér höfum nú gert með oss svofellda

SÁTT:

Þann 27. desember 1984 var Jón Kristinsson dæmdur í sakadómi Akureyrar til að greiða sekt, að fjárhæð ÍKR 3.000 til ríkissjóðs Íslands fyrir brot gegn umferðarlögum, sem honum var gefið að sök að hafa framið 20. og 26. júní það ár, auk þess, að honum var gert að greiða allan kostnað af rekstri máls ákæruvaldsins á hendur sér. Að kröfu Jóns Kristinssonar var dómi þessum áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og var að hluta staðfestur með dómi hans, upp kveðnum 25. nóvember 1985, þannig að sekt á hendur Jóni Kristinssyni var ákvörðuð ÍKR 1.500, auk þess, að honum var gert að greiða allan kostnað af málinu, bæði fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti Íslands. Samkvæmt dómi þessum greiddi Jón Kristinsson þann 5. febrúar 1986 ríkissjóði Íslands sekt að fjárhæð ÍKR 1.500 og sakarkostnað, ÍKR 25.150, eða alls ÍKR 26.650. Þann 12. maí 1986 lagði Jón Kristinsson fram kæru fyrir Mannréttindanefnd Evrópu á hendur ríkisstjórn Íslands fyrir að hafa brotið, með lögum nr. 74, 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., gegn ákvæðum 1. málsgreinar 6. greinar Samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem Forseti Íslands fullgilti af hálfu íslenska ríkisins þann 19. júní 1953. Brot þetta taldi Jón Kristinsson felast í því, að á grundvelli framangreindra laga hafi mál hans verið rannsakað af lögreglustjóranum á Akureyri og dæmt af sakadómaranum á Akureyri, sem hafi verið einn og sami embættismaður, og hafi hann því ekki notið réttlátrar rannsóknar fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Mannréttindanefnd Evrópu ákvað þann 13. október 1987, að erindi Jóns Kristinssonar væri hæft til meðferðar. Þá ályktaði Mannréttindanefnd Evrópu einróma þann 10. apríl 1989 (sic), að ríkisstjórn Íslands hafi með framangreindum hætti brotið gegn umræddri 1. málsgrein 6. greinar Samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og ákvað hún að leggja mál af þessum sökum á hendur ríkisstjórn Íslands fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Þann 19. maí 1989 afgreiddi Alþingi

sem lög frumvarp til laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og staðfesti Forseti Íslands þau þann 1. júní 1989. Í lögum þessum, nr. 92,1989, sem taka gildi 1. júlí 1992, er kveðið á um, að lögreglustjórn verði frá þeim tíma í höndum umboðsmanna framkvæmdarvalds ríkisins í héraði, sýslumanna, en héraðsdómstólar, óháðir og ótengdir framkvæmdarvaldinu, leysi úr um sekt manna af refsiverðri háttsemi.

Vegna setningar laga nr. 92,1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, og vegna framangreindrar afstöðu Mannréttindanefndar Evrópu til erindis Jóns Kristinssonar eru ríkisstjórn Íslands og Jón Kristinsson nú sammála um að ljúka ágreiningi sínum með eftirfarandi skilmálum:

1. Að ríkissjóður Íslands endurgreiði Jóni Kristinssyni þá sekt og þann sakarkostnað, sem hann hefur innt af hendi, ÍKR 26.650, auk vaxta frá 12. maí 1986, ÍKR 53.353, eða samtals ÍKR 80.003.
2. Að ríkissjóður Íslands greiði Jóni Kristinssyni þann kostnað af lögfræðilegri aðstoð vegna erindis hans til Mannréttindanefndar Evrópu, sem hann hefur orðið að bera, samtals ÍKR 461.130, en þá hefur verið tekið tillit til þeirrar fjárhagslegu aðstoðar, sem Jón Kristinsson hefur notið frá Mannréttindanefnd Evrópu af þessum sökum.
3. Að Jón Kristinsson skuldbindi sig, að greiddum framangreindum fjárhæðum og án þess að hljóta skaðabætur eða aðrar frekari greiðslur úr ríkissjóði Íslands, til að fylgja ekki frekar eftir því máli á hendur ríkisstjórn Íslands, sem rekið er fyrir Mannréttindadómstól Evrópu, og til að höfða ekki nokkurt annað mál á hendur íslenska ríkinu vegna áðurnefndra atvika fyrir íslenskum dómstólum eða alþjóðadómstólum.
4. Að Jón Kristinsson fallist á, að ríkissjóður Íslands inni af hendi áðurnefndar greiðslur þegar í stað, ef Mannréttindadómstóll Evrópu samþykkir að fella niður mál Mannréttindanefndar Evrópu á hendur ríkisstjórn Íslands samkvæmt 2. málsgrein 48. greinar reglna sinna.
5. Að dómsmálaráðherra Íslands muni beina þeim tilmælum til ríkissaksóknara, að sú athugasemd verði færð í sakaskrá ríkisins varðandi Jón Kristinsson, að ríkisstjórn Íslands hafi, vegna afstöðu Mannréttindanefndar Evrópu til erindis hans, gert sátt við

hann í dag um endurgreiðslu þess, sem honum var gert að greiða í ríkissjóð Íslands samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 25. nóvember 1985.

6. Að skuldbindingar ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Jóns Kristinssonar hins vegar samkvæmt sátt þessari falli sjálfkrafa niður, veiti Mannréttindadómstóll Evrópu ekki samþykki sitt samkvæmt því, sem segir í framangreindum 4. lið sáttar þessarar.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1989.

Af hálfu ríkisstjórnar Íslands:	Af hálfu Jóns Kristinssonar:
Óli Þ. Guðbjartsson dómsmálaráðherra, samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar Íslands 24. nóvember 1989.	Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, samkvæmt umboði dagsettu 17. nóvember 1989.“

Ekki er fram komið, hvaða meðferð kæra Einars Sverrissonar, sem hlaut dóm með hrd. 1987:356, hefur til þessa fengið hjá Mannréttindanefnd Evrópu. Sátt hefur verið gerð milli Einars og ríkisstjórnarinnar, og er hún um efnisatriði svipuð og sáttin við Jón Kristinsson.

V.

Í málinu er á þetta að líta:

Í stjórnarskrá lýðveldisins er byggt á þeirri meginreglu, að ríkisvaldið sé þríþætt og að sérstakir dómarar fari með dómsvaldið.

Þær sérstöku sögulegu og landfræðilegu aðstæður, sem bjuggu því að baki, að sömu menn fara utan Reykjavíkur oftsinnis bæði með stjórnsýslu og dómstörf, hafa nú minni þýðingu en fyrr, meðal annars vegna greiðari samgangna en áður var.

Alþingi hefur sett lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sem taka eiga gildi 1. júlí 1992.

Ísland hefur að þjóðarétti skuldbundið sig til að virða mannréttindasáttmála Evrópu.

Mannréttindanefnd Evrópu hefur einróma ályktað, að málsmeðferðin í máli Jóns Kristinssonar, sem fyrr er lýst, hafi ekki verið í samræmi við 6. gr. 1. mgr. mannréttindasáttmálans.

Ríkisstjórn Íslands hefur, eftir að fyrrgreindu máli var skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu, gert sátt við Jón Kristinsson, svo og annan mann sem kært hefur svipað málefni með þeim hætti sem lýst hefur verið.

Í 36. gr. 7. tl. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir meðal annars, að dómari skuli víkja úr dómarasæti, ef hætta er á því, „að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu". Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál samkvæmt 15. gr. 2. mgr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Í máli þessu er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að dómarafulltrúinn, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi litið hlutdrægt á málavöxtu. Hins vegar verður að fallast á það með Mannréttindanefnd Evrópu, að almennt verði ekki talin næg trygging fyrir óhlutdrægni í dómstörfum, þegar sami maður vinnur bæði að þeim og lögreglustjórn.

Með tilliti til þess, sem rakið hefur verið, ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig, að sýslumanninum í Árnessýslu og fulltrúa hans, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi borið að víkja sæti í máli þessu. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Árnessýslu og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og segir í dómsorði. Fjárhæðin, sem þar er tilgreind, er án söluskatts og virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Árnessýslu. Er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 25. janúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Árnessýslu, sem háð er að Hörðuvöllum 1, Selfossi, af Þorgeiri Inga Njálssyni dómara-

fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 3053/87: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Breiðfjörð Ægissyni, sem dómtekið var 5. s.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. ágúst 1988, á hendur „Guðmundi Breiðfjörð Ægissyni vélamanni, Tjarnarlundi, Stokkseyri, Árnessýslu, fæddum 24. júlí 1965 í Reykjavík, fyrir eftirtalin brot, framin á árinu 1987:

I.

Í júní og september svikið út hjólbarða hjá Gúmmívinnustofunni hf., Réttarhálsi 2, Reykjavík, í nafni Loftorku sf., Borgarnesi, og undirritað reikninga með fölsuðum nöfnum:

1. Þann 5. júní fjóra hjólbarða fyrir samtals kr. 16.200 og undirritað reikning með nafni Sigurðar Harðarsonar.

2. Þann 21. september átta hjólbarða fyrir samtals kr. 23.540 og undirritað reikning með nafni Jóhannesar Bergs.

Telst þetta varða við 248. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

II.

Í ágúst svikið út varahluti í bifreið, sem ákærði með símhringingum pantaði í nafni Loftorku sf., Borgarnesi, hjá Velti hf., Reykjavík, og lét senda sér til Selfoss, þ.e. dælu fyrir kr. 25.461 samkvæmt reikningi, dagsettum 27. ágúst, og diskasett fyrir kr. 3.098 samkvæmt reikningi, dagsettum 28. ágúst.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

I.

Þann 5. júní 1987 tók ákærði út 4 hjólbarða hjá Gúmmívinnustofunni hf., Réttarhálsi 2, Reykjavík, fyrir kr. 16.200 og lét skrifa þá hjá Loftorku sf. í Borgarnesi. Kvittaði ákærði fyrir móttöku á hjólbörðunum með nafni Sigurðar Harðarsonar. Þann 21. september sama ár tók ákærði síðan út 8 hjólbarða hjá sama fyrirtæki fyrir samtals kr. 23.540 og lét sem fyrr skrifa þá hjá Loftorku sf. Kvittaði ákærði fyrir móttöku á hjólbörðum þessum með nafni Jóhannesar Bergs. Ákærði hafði enga heimild til framangreindra úttekta, og hjólbarðana notaði hann í eigin þágu.

Með framangreindri háttsemi, sem telst sönnuð með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

II.

Í lok ágústmánaðar 1987 hringdi ákærði tvívegis í Velti hf. í Reykjavík og pantaði varahluti í sjálfskiptingu. Um var að ræða dælu og diskasett. Óskaði ákærði eftir því, að hlutir þessir yrðu sendir til Selfoss og merktir Loftorku sf. Einnig bað ákærði um, að reikningar vegna úttektanna yrðu sendir Loftorku sf. Eru umræddir reikningar dagsettir 27. og 28. ágúst 1987, samtals að fjárhæð kr. 28.559. Ákærði hafði enga heimild til framangreindra úttekta, og umrædda hluti sótti hann á móttökustað og notaði síðan í eigin þágu.

Með þessari háttsemi sinni, sem telst sönnuð með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Viðurlög.

Ákærði hefur sætt þessum refsingum:

1985 26/11 Sátt: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sv. ökuleyfi í 3 mán.

1987 6/1 Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 217. gr. hgl., 45. og 50. gr. umfl.

1987 4/8 Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1988 26/2 Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 1. og 2. mgr. 50. gr. umfl. Sv. ökuleyfi í 1 mán. frá 26/2 1988.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19,1940, hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði. Eigi eru efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Skaðabætur o.fl.

Eftirtaldir aðilar hafa komið að í máli þessu fjárkröfum á hendur ákærða:

Veltir hf., kr. 34.699.

Gúmmívinnustofan hf., kr. 48.396.

Kröfur þessar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Breiðfjörð Ægisson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði Velti hf. kr. 34.699 og Gúmmívinnustofunni hf. kr. 48.396.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. janúar 1990.

Nr. 3/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðna Elíassyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. janúar 1990. Krefst hann þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi hans verði markaður styttri tími. Þá er og krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðila er gefið að sök, að hann hafi hinn 9. apríl 1989 framið verknað, sem talinn er varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1989 var varnaraðili sakfelldur fyrir brot þetta og dæmdur í fangelsi í 3 ár. Var sú refsing ákveðin með hliðsjón af 345 daga ólokinni refsivist samkvæmt fjórum dómum, þar á meðal dómi Hæstaréttar 4. nóvember 1986, þar sem varnaraðili var dæmdur í fangelsi í 2 ár og 6 mánuði fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Varnaraðila var veitt reynslulausn hinn 8. apríl 1989 skilorðsbundið í 2 ár á þessari óloknu refsivist.

Hinn 20. október 1989 fór fram munnlegur málflutningur fyrir Hæstarétti í máli ákæruvaldsins gegn varnaraðila. Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, var eftir það ákveðið, að frekari rannsókn færi fram í málinu. Í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar 8. þ.m. kemur fram, að rannsókn þessi verður framkvæmd fyrir milligöngu rannsóknarlögreglu ríkisins af erlendri rannsóknarstofnun og viðbúið sé, að hún taki 3-6 mánuði.

Enda þótt meðferð máls þessa muni lengjast nokkuð vegna þessarar rannsóknar, þykir með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr.

74/1974 bera að taka kröfu ákæruvalds um framlengingu gæsluvarðhalds ákærða til greina, þannig að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli hans, en þó ekki lengur en til mánudagsins 2. júlí 1990 kl. 17.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Gæsluvarðhald varnaraðila, Guðna Elíassonar, framlengist til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli hans, en þó ekki lengur en til mánudagsins 2. júlí 1990 kl. 17.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. janúar 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 3. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald yfir dómþola, Guðna Elíassyni, sem honum var gert að sæta við dómsuppsögu 30. júní sl. og rennur út í dag kl. 17.00, til 2. júlí nk. kl. 17.00, en dómþoli var dæmdur í 3 ára fangelsi vegna brots á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940. Ríkissaksóknari vísar um gæsluvarðhaldskröfuna til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974.

Málavextir.

Þann 30. júní sl. var Guðni Elíasson dæmdur í 3 ára fangelsi í sakadómi Reykjavíkur fyrir að hafa þröngvað X til holdlegs samræðis í [.....] hér í borg aðfaranótt 9. apríl sl.

Dómþoli áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar Íslands, og þar var málið flutt þann 20. október sl. Hæstiréttur Íslands fór fram á frekari rannsókn á sængurfatnaði að málflutningi loknum, og fól ríkissaksóknari RLR að framkvæma þá rannsókn. Er hún unnin í London fyrir atbeina Gunnlaugs Geirssonar prófessors og í samráði við prófessor Lincoln.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ríkissaksóknari fékk hjá rannsóknarlögreglustjóra í morgun, mun rannsóknin taka 3 mánuði.

Dómþoli hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 9. apríl sl. til dagsins í dag. Ríkissaksóknari hefur krafist þess, svo sem fram hefur komið hér að framan, að dómþoli sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til 2. júlí nk. kl. 17.00 með vísan til 4. tl. 67. gr. laga nr. 74,1974.

Dómþoli hefur mótmælt framkominni kröfu.

Með vísan til dóms sakadóms Reykjavíkur frá 30. júní 1989 þykir rétt að taka kröfu ríkissaksóknara um framlengingu gæsluvarðhalds til greina og ákveða, að dómþoli skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram, allt til mánudagsins 2. júlí nk. kl. 17.00, með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974.

Úrskurðarorð:

Dómþoli, Guðni Elíasson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, allt til mánudagsins 2. júlí nk. kl. 17.00.

Föstudaginn 12. janúar 1990.

Nr. 240/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ágústi Liljan Sigurðssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Bifreiðar. Umferðarlög. Ómerking að hluta. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og til sviptingar ökuréttinda. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var þess krafist til vara af hálfu ákæruvalds með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 120/1989 9. þ.m., að komi til ómerkingar á málsmeðferð og heimvísunar, taki hún aðeins til ákæruefnis 2. töluliðar ákæru, en málið verði að öðru leyti dæmt efnislega samkvæmt aðalkröfu.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur. Til vara krefst hann þess, að ákærði verði einungis dæmdur fyrir brot samkvæmt 1. lið ákærunnar í svo væga refsingu sem lög frekast leyfa, en ákvæði héraðsdóms og málsmeðferð varðandi 2. lið ákærunnar verði felld úr gildi.

I.

Fulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík, en bæjarfógetinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Sakarefni það, sem 2. liður ákæru máls þessa tekur til, var rannsakað af lögreglunni í Keflavík. Ekkert liggur fyrir um afskipti fulltrúans af þessum þætti málsins, á meðan hann var til meðferðar hjá lögreglu. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. þ.m. í málinu nr. 120/1989 verður engu að síður talið, að bæjarfógetanum

í Keflavík og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa sakarefnis. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur, að því er varðar 2. lið ákærunnar, og vísa málinu að því leyti heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

II.

Sannað er með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að hann ók bifreiðinni Ö-11479 hinn 23. september 1988 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum leið þá, sem lýst er í 1. lið ákærunnar. Ók hann aftan á bifreiðina R-44205, sem var kyrrstæð á Miklubraut austan Lönguhlíðar í Reykjavík. Varðar þetta atferli ákærða við 3. mgr. 14. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

Með hliðsjón af 100. gr. umferðarlaga og sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði hefur áður verið sviptur ökuleyfi ævilangt, og ber að árétta þá sviptingu, sbr. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga. Dæma ber ákærða til að greiða helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa fyrir sakadómi Keflavíkur, að því er varðar 2. lið ákæru, eru felld úr gildi og málinu að því leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Ákærði, Ágúst Liljan Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast alls 30.000 krónur.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Bæjarfógetinn í Keflavík fer með dómsvald í opinberum málum og lögreglustjórn í Keflavík. Ég tel því með vísan til dóms Hæstaréttar 9. þ.m. í málinu nr. 120/1989, að bæjarfógetanum og fulltrúanum, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, hafi borið að víkja sæti í málinu. Því tel ég, að fella beri hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Þessi niðurstaða hefur ekki hlotið stuðning meirihluta dómara. Ber mér því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 að taka afstöðu til efnis málsins að því leyti, sem um það verður dæmt samkvæmt atkvæði meirihluta dómara, og er ég samþykkur því.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 13. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 13. febrúar, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Þórdísi Bjarnadóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í skadómsmálinu nr. 88.2735: Ákæruvaldið gegn Ágústi Liljan Sigurðssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dags. 14. desember sl., á hendur „Ágústi Liljan Sigurðssyni, Melteigi 10, Keflavík, fæddum 2. nóvember 1964 á Sauðárkróki, fyrir að aka bifreiðum tvisvar sinnum á árinu 1988, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem hér er rakið:

1) Föstudaginn 23. september bifreiðinni Ö-11479 frá Keflavík til Reykjavíkur og fyrir að aka bifreiðinni þar svo óvarlega vestur hægri akrein Miklubrautar við Lönguhlíð, að bifreiðin lenti aftan á bifreiðinni R-44205, sem þar hafði verið stöðvuð.

2) Laugardaginn 5. nóvember bifreiðinni G-2192 frá heimili sínu um götur í Keflavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnargötu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., en auk þess telst liður 1 varða við 3. mgr. 14. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

II.

Föstudaginn 23. september sl. var bifreiðinni Ö-11479 ekið vestur Miklubraut í Reykjavík á hægri akrein með þeim afleiðingum, að hún rakst á bifreiðina R-44205, sem þá var kyrrstæð, þar sem umferð fyrir framan hana hafði stöðvast. Vegna grunar um ölvun var ökumaður bifreiðarinnar Ö-11479, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, fluttur á aðalstöð lögreglunnar í Reykjavík, þar sem tekin var af honum skýrsla. Aðspurður kvaðst ökumaður hafa verið sviptur ökuréttindum ævilangt 1981. Ákærði var látinn gangast undir öndunarsýnispróf, sem gaf til kynna, að hann hefði neytt áfengis. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa drukkið vodka í bifreiðinni sl. tvær klukkustundir, en neitaði að svara því, hvort hann hefði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði var færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem úr honum var tekið blóð til alkóhólákvörðunar, og reyndist niðurstaða rannsóknarinnar vera sú, að alkóhólmagn í blóði hans væri 2,02‰.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa ekið í umrætt sinn bifreiðinni Ö-11479 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt svo óvarlega vestur hægri akrein Miklubrautar, að bifreið hans lenti aftan á bifreiðinni R-44205.

Laugardaginn 5. nóvember sl. stöðvaði lögreglan í Keflavík bifreiðina G-2192, þar sem henni var ekið norður Hafnargötu, og ákvað að kanna ástand ökumanns, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Í viðræðum við ökumann fundu lögreglumenn áfengisþef leggja frá vitum hans, og var hann látinn gangast undir öndunarsýnispróf, sem gaf til kynna, að hann hefði neytt áfengis. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa drukkið ½ flösku af vodka og hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði var því næst færður á lögreglustöðina í Keflavík og tekin af honum skýrsla. Að því loknu kom læknir og tók blóðsýni úr ákærða til alkóhólákvörðunar. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú, að alkóhólmagn í blóði hans var 1,60‰.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa ekið í umrætt sinn bifreiðinni G 2192 frá heimili sínu um götur í Keflavík undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hafnargötu.

Með viðurkenningu ákærða á áfengisneyslu og niðurstöðu alkóhólákvörðunarinnar, sem hvort tveggja er stutt öðrum málsgögnum, er sannað, að ákærði hefur framið verknað þann, sem greinir í ákæru, og varðar hann við þar greind ákvæði.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 5.12.1988, hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

„1981 Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 27/4 1981.

1981 6/4 Sátt: 600 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl. og 157. gr. hgl.

1981 30/12 Dómur: 45 daga fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl., 244. gr. s.l., 25. og 27. gr. umfl.

1982 10/5 Sátt: 5.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. og 1. mgr. 257. gr. hgl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 10.5.1982.

1982 15/9 Dómur: 2 mán. fangelsi skb. 3 ár f. brot g. 244. gr. hgl.

1982 7/10 Dómur: 3 mán. fangelsi skb. í 3 ár f. brot g. 244. gr. hgl.

1983 3/1 Dómur: 2 mán. fangelsi f. brot g. 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. umfl. og 244. gr. hgl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/1 1983.

1983 27/4 Dómur: 1 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. hgl.

1983 8/11 Dómur: 1 mán. fangelsi f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl. og 157. gr. og 244. gr. hgl.

1984 31/7 Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl. og 248. gr. hgl.

1985 21/3 Dómur: 30 daga fangelsi f. brot g. 157. gr. hgl., 4. gr., 25. gr. og 27. gr. umfl. Hegn-auki.

1985 4/1 Dómur: Sakfelldur f. brot g. 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 28. gr. umfl. Ekki gerð sérstök refsing.

1985 16/4 Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 5. mgr. 48. gr., umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 19/4 1985.

1985 17/9 Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 248. gr. hgl., 244. gr. s.l., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl.

1986 7/10 Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1987 8/1 Sátt: 25.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1988 19/1 Dómur: Sýknaður af ákæru f. brot g. 248. gr. hgl.“

IV.

Refsing ákærða samkvæmt 100. gr. umfl. nr. 50/1987 og með tilvísun til fyrri umferðarlagabrota þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Með dómi 16.4.1985 var ákærði sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 19.4.1985, og verður honum því ekki gerð frekari svipting ökuréttinda.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Liljan Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.
Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. janúar 1990.

Nr. 482/1989. **Kaupþing hf.**
gegn
þrotabúi Persíu hf.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í c-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 20. nóvember 1989, sem barst Hæstarétti 14. desember 1989. Kærður er úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 7. nóvember 1989, en hann hljóðar svo:

„Vitninu Hrafni Magnússyni er óskylt að svara framangreindum spurningum sóknaraðilja."

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að vitninu Hrafni Magnússyni verði gert skylt að svara spurningum þeim, sem lögmaður sóknaraðila beindi til þess í réttarhaldi hinn 7. nóvember 1989. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

I.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp hinn kærða úrskurð, sem er án forsendna. Héraðsdómarinn hefur sent Hæstarétti forsendur sínar, sbr. 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988. Hljóða þær svo:

„Bú Persíu hf., Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. ágúst 1988, samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Við upphaf skiptameðferðar á búinu var Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi þess hinn 12. desember 1988 var hann kosinn skiptastjóri þess.

Hið gjaldþrota félag stóð á sínum tíma fyrir byggingu húsa á lóðinni nr. 9 við Lyngháls í Reykjavík. Áttu að rísa þar tvö stórhýsi, annað á lóðinni norðanverðri og hitt að sunnanverðu. Um það leyti,

sem byggingarframkvæmdir voru að hefjast á lóðinni að norðanverðu, seldi Persía hf. Blaðaprenti hf., Reykjavík, nyrðra húsið, og skyldi því skilað af hálfu seljanda á tilteknu byggingarstigi. Var samningsgerð þessi allflókin, en ekki þykir ástæða til að rekja öll efni samninga að þessu leyti í úrskurði þessum. Þessir aðilar gerðu með sér sérstakan kaupsamning hinn 8. desember 1986 um efstu hæð í „fyrirhuguðu húsi" að Lynghálsi 9. Kaupverðið skyldi vera kr. 11.619.720,- og greiðast með peningum kr. 10.100.000,- og með skuldabréfum kr. 1.519.720,-. Tilhögun peningagreiðslna er í samningnum ákveðin þannig:

„1.	Við undirritun samnings	kr. 1.600.000,-
2.	Uppsteypt jarðhæð	kr. 1.400.000,-
3.	" 1. hæð	kr. 1.400.000,-
4.	" 2. hæð	kr. 1.400.000,-
5.	Fokhelt	kr. 1.400.000,-
6.	Gler og þak	kr. 1.400.000,-
7.	Við afhendingu	kr. 1.500.000,-".

Persía hf. lenti í verulegum fjárhagserfiðleikum með þessar byggingarframkvæmdir. Hinn 4. september 1987 framseldi Persía hf. Kaupþingi hf., Reykjavík, nokkrar fjárkröfur, þ.á m. kröfur samkvæmt 3., 4. og 5. tölulið ofangreinds samnings, samtals að nafnverði kr. 4.200.000,00. Var gerð skrifleg yfirlýsing um framsalið, og er þess þar getið, að áætlað sé, að greiðsla samkvæmt 3. tölulið muni eiga að fara fram 10.10. 1987, greiðsla samkvæmt 4. tölulið 30.10. 1987 og greiðsla samkvæmt 5. tölulið 20.11. 1987. Blaðaprenti hf. var tilkynnt um framsal þetta og að greiðslustaður væri hjá Kaupþingi hf. eða þeim, sem það félag kynni að vísa til.

Um leið og Persía hf. framseldi Kaupþingi ofangreindar kröfur, gaf stjórn Persíu hf. út yfirlýsingu, þar sem félagið skuldbindur sig sem þinglýstur eigandi umræddsa eignarhluta í Lynghálsi 9 til þess að gefa ekki út afsal vegna eignarinnar né þinglýsa eða heimila þinglýsingu veðbanda vegna fjárskuldbindinga eða annarra kvaða á eign þessa án samþykkis Kaupþings hf. Yfirlýsing þessi er dagsett 4. september 1987 og var afhent til þinglýsingar sama dag hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík.

Ágreiningur reis með fyrirsvarsmönnum Persíu hf. og Blaða-

prents hf. vegna umræddra kaupsamnings. Taldi Blaðaprent hf. sér heimilt að halda eftir greiðslum til Persíu hf. vegna vanefnda Persíu hf. á skyldum samkvæmt samningnum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum þrotabúsins um þessi viðskipti hafði Blaðaprent hf. við upphaf skiptameðferðar á þrotabúi Persíu hf. ekki innt af hendi greiðslur, sem samkvæmt framangreindu framsali hefðu átt að renna til Kaupþings hf., og kröfur Kaupþings hf. höfðu þá heldur ekki verið gerðar upp með öðrum hætti. Töldu fyrirsvarsmenn Blaðaprents hf. Persíu hf. hafa vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningum þeirra í svo ríkum mæli, að Blaðaprenti hf. væri óskylt að greiða meira en þegar hefði verið gert. Ennfremur töldu þeir, að verulegir gallar hefðu verið á þeim verkþáttum, sem Persía hf. hefði þegar lokið við, og mundi kosta verulegt fé að bæta úr þeim.

Fljótlega eftir, að bú Persíu hf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, hófust viðræður milli þrotabúsins og Blaðaprents hf. Blaðaprent hf. hafði fyrir upphaf skipta fengið til umráða nyrðra húsið að Lynghálsi 9 og flutt starfsemi sína þangað.

Samningaviðræður þrotabúsins og Blaðaprents hf. tóku nokkurn tíma, og lauk þeim með sérstöku samkomulagi, þar sem þrotabúið féllst á að gefa Blaðaprenti hf. út afsal fyrir fasteigninni, án þess að frekari kröfur væru gerðar um greiðslu frá félaginu til þrotabúsins.

Kaupþing hf. lýsti kröfu í þrotabú Persíu hf. Hafði Kaupþing hf. vegna dráttar á greiðslum samkvæmt framsalssamningnum við Persíu hf. stefnt Persíu hf. til greiðslu umræddra fjárhæða og til að þola staðfestingu á framsalssamningnum. Voru kröfur Kaupþings hf. í bæjarþingsmáli þessu teknar til greina með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 7. september 1988. Í því máli var Blaðaprenti hf. ekki stefnt og engar kröfur gerðar á hendur því félagi.

Í kröfulýsingu Kaupþings hf. í þrotabú Persíu hf. eru kröfurnar taldar nema samtals kr. 10.281.405,77 með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði. Í kröfulýsingunni segir m.a.:

„Eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum framseldi Persía hf. kröfuhafa með framsölum dags. 4.9. 1987 og 11.9. 1987 greiðslur samkvæmt kaupsamningum dags. 8.12. 1986 og 2.2. 1987

milli Persíu hf. og Blaðaprents hf. annarsvegar og Persíu hf. og Sportvara hf. hinsvegar, samtals að fjárhæð kr. 6.880.000,-.

Réttur kröfuhafa til framangreindra greiðslna hefur nú verið staðfestur með dómi bæjarþings Reykjavíkur jafnframt því sem Persía hf. var dæmd til að greiða kröfuhafa kr. 6.880.000,- ásamt dráttarvöxtum þeim sem í dómsorði meðfylgjandi endurrits dóms bæjarþings Reykjavíkur greinir.

Með vísan til ofangreinds er kröfu þessari lýst utan skuldaraðar og krafist viðurkenningar á því að kröfuhafi skuli hafa stöðu sértökumanns hvað varðar hinar framseldu greiðslur."

Bústjóri þrotabús Persíu hf. hefur ekki fallist á, að krafa Kaupþings hf. njóti sértökuréttar í eignum búsins, og var af þeirri ástæðu efnt til reksturs sérstaks skiptaréttarmáls um þann ágreining.

Í skiptaréttarmálinu gerir sóknaraðili svofelldar dómkröfur:

„aðallega, að krafa hans ..., að fjárhæð kr. 10.281.405,-, auk dráttarvaxta samkv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 1. okt. 1988 til greiðsludags, verði viðurkennd sem krafa utan skuldaraðar, en til vara sem krafa tryggð með veði eða öðrum tryggingarréttindum í búinu, sbr. 1. og 2. mgr. 83. gr. laga nr. 3/1978, og sóknaraðila þannig úthlutað upp í kröfu sína á undan öðrum kröfuhöfum í þrotabúi Persíu hf. Í báðum tilvikum er þess krafist að sóknaraðila verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi varnaraðila, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður, fari svo, að kröfum sóknaraðila í máli þessu verði hafnað."

Varnaraðili, þrotabú Persíu hf., gerir þær kröfur, að hafnað verði dómkröfum sóknaraðila og að krafa sóknaraðila verði samþykkt sem almenn krafa í búið, að fjárhæð kr. 10.281.405,- og að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað að mati réttarins.

Við aðalmeðferð málsins hefur lögmaður sóknaraðila, Kaupþings hf., kvatt fyrir réttinn sem vitni Hrafn Magnússon, Hálsaseli 12, Reykjavík, en hann er nú formaður stjórnar Blaðaprents hf. Lögmaður sóknaraðila bar fram svohljóðandi spurningu til vitnisins:

„...Það sem deilt er um er — það er deilt um stöðu kröfu Kaupþings í þetta þrotabú — Kaupþing hefur gert kröfu um að það fái úthlutað upp í kröfu sína af óskiptu og það er gert á grundvelli framsala samkvæmt verksamningi. Það hefur ekki tekist hins vegar

að upplýsa hvernig Blaðaprent efndi sínar skyldur samkvæmt þessum kaupsamningi, þ.e.a.s. hvað það greiddi mikið og þá hverjum. Bókhald þrotabúsins er ekki — það er ekki á því að byggja um þessi atriði og sjálfsagt ekki ýmis önnur. Mig langar að spyrja að því hvort að það séu ekki til öruggar og óyggjandi upplýsingar um þessi atriði í bókhaldi Blaðaprents. Þú veist við hvaða kaupsamning ég á?"

Vitnið neitaði að svara þessari spurningu nema að undangengnum úrskurði réttarins um, að vitninu væri það skylt. Kvaðst vitnið vera nýlega komið inn í stjórn Blaðaprents hf., en lýsti þeirri skoðun sinni, að sér væri óskylt að veita þær upplýsingar, sem hér væri beðið um, og að þær væru þýðingarlausar í máli þessu.

Lögmaður sóknaraðila krafðist þess, að vitninu yrði gert að svara framangreindum spurningum með úrskurði.

Lögmaður varnaraðila lýsti yfir, að hann teldi umbeðinn vitnisburð ekki hafa þýðingu fyrir niðurstöðu í málinu, en kvaðst ekki gera sjálfstæða kröfu í þessu sambandi.

Ekki verður annað ráðið af málsgögnum en aðsóknaraðili sé að freista þess með öflun vitnaskýrslu þessarar að renna stoðum undir kröfugerð, sem ætti að beinast gegn Blaðaprenti hf., en ekki hinu gjaldþrota félagi. Blaðaprent hf. er ekki aðili að dómsmáli þessu. Svör við spurningum þessum þykja sýnilega þýðingarlaus fyrir niðurstöðu í máli þessu. Með vísan til 3. tölul. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936 verður vitnið Hrafn Magnússon ekki krafið svara við þeim undir rekstri máls þessa."

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að svör framangreinds vitnis við hinum tilgreindu spurningum hans hafi þýðingu fyrir mál þetta. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Miðvikudaginn 17. janúar 1990.

Nr. 22/1988. **Gunnar Benediktsson**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Sparisjóði Súðavíkur
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.).

Útivist í héraði. Vinnusamningur. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s.m. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraði eða lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar. Til vara krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda, og til þrautavara krefst hann þess, að krafa stefnda verði lækkuð í 10.641,00 krónu með vöxtum, eins og krafist er af stefnda. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu hans til þess að greiða sérstakan söluskatt og virðisaukaskatt af keyptri lögmannsþjónustu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Áfrýjandi telur, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi, þar sem málið sé höfðað á röngu varnarþingi. Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, en heimilisvarnarþing áfrýjanda er í Kjósarsýslu. Í ráðningarsamningi (vinnusamningi) áfrýjanda 29. apríl 1982 var svo um samið, að mál, sem rísa kynni vegna hans, mætti reka fyrir bæjarþingi Ísafjarðar. Lýsing á starfi áfrýjanda, sem fyrir liggur í málinu, ber með sér, að starf hans var fyrst og fremst fólgið í reikningshaldi og fjárvörslu. Stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi notfært sér aðstöðu sína til að greiða sér laun umfram það, sem honum var heimilt samkvæmt ráðningarsamningi. Telja verður, eins og hér

stendur á, að rétt hafi verið samkvæmt 79. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að höfða mál þetta fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu. Verður hinn áfrýjaði dómur því ekki ómerktur af þessum sökum.

Áfrýjandi sótti ekki þing héraði, og var honum þó löglega stefnt. Útivist sína telur hann hafa stafað af óviðráðanlegum atvikum, sbr. b-lið 110. gr. i.f. laga nr. 85/1936, og hafi því forföll hans verið lögmæt. Útivist sína skýrir áfrýjandi þannig, að lögmaður hans hafi falið lögmanni á Ísafirði að mæta við þingfestingu málsins f.h. áfrýjanda. Samkvæmt yfirlýsingu þess lögmanns féll mæting hans niður „af einhverjum óskiljanlegum ástæðum". Ekki hefur verið sýnt fram á, að hér hafi verið um lögmæt forföll að ræða. Þykir þannig ekki hafa verið afsakanlegt, að áfrýjandi hafði ekki uppi málsástæður sínar og kröfur í héraði, og verður þeim því eigi komið að fyrir Hæstarétti samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973. Á þetta einnig við um þrautavarakröfu áfrýjanda hér fyrir dómi. Verður málið dæmt í því horfi, er það lá fyrir héraðsdómara.

II.

Fyrir Hæstarétti lýstu aðilar því yfir, að eingöngu væri ágreiningur um það, hvort um ráðningarkjör áfrýjanda hafi gilt kjarasamningur starfsmanna bankanna. Samkvæmt 10. gr. ráðningarsamnings áfrýjanda skyldu föst laun hans vera samkvæmt 11. launaflokki bankamanna að viðbættum 2 eftirvinnutímum á dag. Í 16. gr. ráðningarsamningsins var ákvæði þess efnis, að um vinnusamband aðila gilti að öðru leyti ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, eftir því sem við gæti átt. Stefndi var ekki aðili að kjarasamningi íslenskra bankamanna, og áfrýjandi var ekki meðlimur í Sambandi íslenskra bankamanna. Ósannað er, að ákvæði kjarasamnings starfsmanna bankanna hafi átt að gilda um ráðningarkjör áfrýjanda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en vexti, sem verða eins og í dómsorði segir.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 40.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til reglna um söluskatt og virðisaukaskatt af lögmannsþjónustu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðast dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, þó aldrei hærri en 30% ársvextir.

Áfrýjandi, Gunnar Benediktsson, greiði stefnda, Sparisjóði Súðavíkur, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 16. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. júní 1987, er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri stefnda, Gunnari Benediktssyni, þ. 26.5. 1987, á heimili hans að Byggðarholti 3 A, Mosfellssveit, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 106.537, með 2,5% ársvöxtum frá 1.12. 1983 til 20.1 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1.2. 1985, en með 3,75% drv. á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ.d. til 1.3. 1985, en með 4% drv. frá þ.d. til 1.6. 1985, en með 3,5% drv. frá þ.d. til 1.9. 1985, en með 3,75% drv. frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. frá þ.d. til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. frá þ.d. til 1.3. 1987 en með 2,5% drv. frá þ.d. til greiðsludags, auk vaxtavaxta. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og/eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera til komna með þeim hætti að stefndi hafi notfært sér aðstöðu sína sem sparisjóðsstjóri til þess að greiða sér kr. 62.914,- í laun umfram það, sem honum bar samkvæmt vinnusamningi. Þá hafi hann látið sparisjóðinn greiða kostnað vegna sín án þess að draga það frá launum sínum. Þannig skuldi hann sparisjóðnum kr. 42.248 vegna húsaleigu og kr. 1.375 vegna rafmagns. Samtals gera fjárhæðir þessar kr. 106.537, sem eru stefnufjárhæð málsins. Beri stefnda að endurgreiða fjárhæðir þessar með vöxtum og kostnaði samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 36.000.

Dóminn kvað upp Þuríður Kr. Halldórsdóttir fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Benediktsson, nnr. 3340-4493, greiði stefnanda, Sparisjóði Súðavíkur, kr. 106.537 með 2,5% dráttarvöxtum frá 1.12. 1983 til 20.1. 1984, en 19% ársvöxtum frá þ.d. til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1.2. 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ.d. til 1.3. 1985, en með 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.6. 1985, en með 3,5% drv. frá þ.d. til 1.9. 1985, en með 3,75% drv. frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. frá þ.d. til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. frá þ.d. til 1.3. 1987, en með 2,5% drv. frá þ.d. til greiðsludags að viðbættum vaxtavöxtum, sem reiknast einu sinni á ári eftir 20.2. 1985, og kr. 36.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. janúar 1990.

Nr. 8/1990. **Garðskagi hf.**
gegn
Íslandsbanka hf.

Kærumál. Aðför. Virðingargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1989, sem barst Hæstarétti 8. janúar 1990. Kærður er forsendulaus úrskurður fógetaréttar Gullbringusýslu frá 19. desember 1989, svohljóðandi: „Niðurstaða virðingarmanna í máli þessu skal lögð til grundvallar í málinu."

Dómkröfur sóknaraðila eru eftirfarandi:

„1. Aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar efnismeðferðar og uppkvaðningar úrskurðar að nýju.

2. Til vara, að hinum kærða úrskurði verði hnekkt og breytt á þá leið, að virðingargjörð, dags. 18. desember 1989, verði ekki lögð til grundvallar við mat á því, hvort fasteignin Fiskverkunarstöð í landi Kothúsa I, Gerðahreppi, sé hæfileg trygging fyrir skuld kæranda við Útvegsbanka Íslands hf. skv. fjárnámsbeiðni, dags. 1. nóv. 1989.

3. Að kærumálskostnaður verði tildæmdur úr hendi kærða, Útvegsbanka Íslands hf."

Af hálfu varnaraðila, Íslandsbanka hf., áður Útvegsbanka Íslands hf., en nafn varnaraðila breyttist frá og með 1. janúar 1990, eru gerðar þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá er þess krafist að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað.

I.

Árni Haukur Björnsson, fulltrúi sýslumanns Gullbringusýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð. Úrskurður hans er forsendulaus, en hann hefur sent Hæstarétti athugasemdir og vitnar þar um

til heimildar 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988 um breyting á þeim lögum. Í athugasemdum fulltrúans kemur fram, að 8. desember 1989 var í fógetarétti Gullbringusýslu tekin fyrir beiðni Útvegsbanka Íslands hf. um fjárnám hjá Garðskaga hf. til tryggingar dómkröfu samkvæmt áskorunarstefnu, áritaðri 29.júní 1989, að fjárhæð 5.500.000 krónur, ásamt 600 króna bankakostnaði, 2.607.000 krónum í vanskilavexti, 359.161,30 króna málskostnaði, 2.273 krónum vegna fjárnámsbeiðni, 52.217,20 krónum í vexti af kostnaði, 42.916 króna söluskatti auk áfallandi vaxta og alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboðs, ef til kæmi, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda. Við gerðina var mætt af hálfu gerðarþola og bent á til fjárnáms Fiskverkunarstöð Garðskaga hf. í landi Kothúsa I (nú Kothúsavegur 16), Garði. Umboðsmaður gerðarbeiðanda óskaði eftir virðingu á eigninni, og var gerðinni síðan frestað. Fógeti kvaddi því næst til sem virðingarmenn þá Karl Gauta Hjaltason þinglýsingardómara og Sigurð Ragnarsson, löggiltan fasteignasala. Í þinghaldi 18. desember 1989 var virðingargerð þeirra lögð fram. Af hálfu gerðarþola var virðingargerðinni mótmælt og krafist bókunar um ýmis atriði varðandi forsendur hennar. Meðal annars var á það bent, að samkvæmt gerðinni væri húsið 905 fm, en samkvæmt gögnum, sem gerðarþoli lagði fram, væri húsið 1700 fm og lóð alls 5.935 fm. Þá var því haldið fram, að niðurstaða virðingarmanna varðandi áhvílandi veð væri ekki rétt, og á það bent, að þeir hefðu stuðst við veðbókarvottorð, en þinglýsingu tveggja fjárnámsgerða hefði verið mótmælt, og sé um það mál fjallað í uppboðsrétti Gullbringusýslu. Þá var óskað bókunar á yfirlýsingu virðingarmanna á því, að þeir hefðu ekki haft samband við alla kröfueigendur. Loks var þess óskað, að gerðinni væri frestað vegna þessara galla. Af hálfu gerðarbeiðanda var þess krafist, að gerðinni yrði fram haldið, eftir að virðingarmennirnir höfðu, að hans beiðni, verið inntir eftir því, hvort framkomnar upplýsingar um stærð húss og lóðar hefðu áhrif á niðurstöðu virðingargerðar þeirra, og þeir lýst því yfir, að svo væri ekki. Af hálfu gerðarþola var krafist formlegs úrskurðar fógeta um framhald gerðarinnar og að virðingargerðinni yrði hafnað. Gerðinni var síðan frestað til 19. desember 1989, en þá fram haldið. Gerðarþoli óskaði þá eftir því, að úrskurður fógeta

yrði með forsendum, og vitnaði til heimildar 44. gr. laga nr. 19/1887 um aðför. Fógeti kvað því næst upp hinn forsendulausa úrskurð, sem hér er til meðferðar. Fógeti frestaði gerðinni, þar til niðurstaða fengist í Hæstarétti í þessu ágreiningsefni.

II.

Af hálfu sóknaraðila er krafa hans um ómerkingu hins kærða úrskurðar studd þeim rökum, að fógeti hafi ekki kveðið upp rökstuddan úrskurð, eins og þó hafi verið krafist og skylt sé samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 19/1887, sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988. Þá hafi ekki farið fram munnleg sókn og vörn um ágreiningsefnið, eins og þó virðist gert ráð fyrir samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 19/1887.

Varakrafa sóknaraðila um sýknu er á því byggð, að virðingargerð hinna tilkvöddu virðingarmanna sé með veigamiklum annmörkum. Sé þar fyrst að nefna, að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir stærð húseignar og lóðar, sem þeir áttu að virða, og byggi því mat sitt á verðmæti fasteignarinnar á röngum forsendum. Í öðru lagi hafi þeir ekki metið áhvílandi skuldir rétt. Þær séu að miklum mun lægri en þeir vilji vera láta. Þeir hafi ekki getað gefið rökstudda sundurliðun áhvílandi skulda, enda eingöngu farið eftir veðmálabókum, en ekki kynnt sér sérstaklega hjá einstökum kröfuhöfum, hverjar skuldirnar væru raunverulega. Þá hefði verið þinglýst á fasteign sóknaraðila fjárnámum, sem gerð hefðu verið í annarri fasteign. Með tilliti til þessa alls sé virðingargerðin haldin (sic) svo alvarlegum annmörkum, að hún verði ekki lögð til grundvallar mati á því, hvort fasteignin Fiskverkunarstöð í landi Kothúsa I, Gerðahreppi, sé hæfileg trygging fyrir skuld hans við varnaraðila, og því beri að taka varakröfu hans til greina, verði ekki fallist á aðalkröfu hans um ómerkingu. Af hálfu varnaraðila er á það bent, að samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. laga nr. 54/1988, megi úrskurðir vera án forsendna, en séu þeir kærðir til Hæstaréttar, eigi að fylgja þeim forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrlausninni. Slíkar athugasemdir fylgi kærumáli þessu. Þá er því haldið fram, að aðilar hafi látið álit sitt í ljós munnlega fyrir fógeta, eins og fram komi í endurriti málsins, en samkvæmt 3. mgr. 39. gr. aðfararlaga ráði fógeti því, hvort þörf sé frekari málflutnings. Af þessum

ástæðum eigi ekki að taka kröfu sóknaraðila um ómerkingu úrskurðarins til greina.

Að því er varðar varakröfu sóknaraðila, er það tekið fram af hálfu varnaraðila, að tveir hæfir virðingarmenn, tilkvaddir samkvæmt 2. mgr. 2. gr. aðfararlaga, hafi metið verðmæti áðurnefndrar fasteignar á 45 milljónir króna, eftir að hafa skoðað hús og lóð undir leiðsögn verkstjóra sóknaraðila. Samkvæmt uppboðsbeiðnum veðhafa og fjárnámshafa telji virðingarmenn fasteignina veðsetta fyrir a.m.k. 117.819.083 krónum. Fullyrðingar sóknaraðila um, að áhvílandi veðskuldir séu lægri, séu órökstuddar og hnekki ekki mati virðingarmanna. Megi því öllum ljóst vera, að téð fasteign sé ekki nægileg trygging fyrir fjárnámskröfu Íslandsbanka hf., er numið hafi 8.564.167,50 krónum 1. nóvember sl. Ónákvæmni virðingarmanna við að taka réttar upplýsingar úr skrá Fasteignamats ríkisins breyti engu um mat þeirra á söluverði fasteignarinnar. Þessi skekkja stafi af því, að sóknaraðili var ekki skráður sem eigandi allra hluta fasteignarinnar. Eftir að framkvæmdastjóri sóknaraðila hafi bent á þetta í þinghaldi 18. desember sl., hafi virðingarmenn lýst því yfir, að þetta haggaði ekki mati þeirra. Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, telur varnaraðili, að hafna eigi varakröfu sóknaraðila.

III.

Samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1938, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, mega úrskurðir vera án forsendna, en sé úrskurður héraðsdómara kærður til Hæstaréttar, skulu þó forsendur og rökstuddar ástæður dómara fyrir úrlausninni fylgja skjölum málsins. Samkvæmt 3. mgr. sama ákvæðis er sú undantekning gerð, að í fógeta-, skipta- og umboðsmálum og þinglýsingarmálum skulu forsendur fylgja ályktarorði, ef um er að ræða úrskurð, sem felur í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið. Í máli þessu er ekki um að ræða lokaákvörðun um fjárnámsbeiðni varnaraðila. Athugasemdir fógeta, þar sem fram koma forsendur hans fyrir úrskurðinum, fylgja skjölum málsins til Hæstaréttar. Úrskurðurinn verður því ekki ómerktur af þeim sökum, að hann er forsendulaus.

Munnleg sókn og vörn samkvæmt 1. mgr. 41. gr. aðfararlaga fór ekki fram, áður en fógeti lagði úrskurð sinn á málið. Aðila greinir

ekki á um það, að þeir hafi fengið að koma að sjónarmiðum sínum, sbr. 1. og 2. mgr. 39. gr. aðfararlaga. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar ræður fógeti því, hvort fram megi fara frekari sókn og vörn um ágreiningsefnið. Úrskurður fógeta verður því ekki heldur ómerktur af þeim sökum, að munnlegur flutningur fór ekki fram.

Ómerkingarkröfu sóknaraðila er þannig hafnað af ofangreindum ástæðum.

IV.

Í athugasemdum fógeta segir um röksemdir hans fyrir úrskurðinum:

„Í hinum kærða úrskurði lagði fógeti til grundvallar niðurstöðu virðingarmanna, sem fógeti hafði kvatt til skv. heimild í 2. gr. laga nr. 19/1887 um aðför, til að virða fasteign gerðarþola. Niðurstaða virðingarmanna var sú, að umrædd fasteign væri ekki nægileg trygging fyrir skuld gerðarþola við gerðarbeiðanda. Samkvæmt veðbókarvottorði eignarinnar nema áhvílandi veðskuldir rúmum eitt hundrað milljónum króna. Vátryggingarfjárhæð eignanna er hins vegar undir sjötíu milljónum. Fógeti taldi því ljóst, að þrátt fyrir ágalla þá á virðingargerðinni, er gerðarþoli benti á, varðandi ranglega tilgreinda stærð eignarinnar í fermetrum, þá skorti verulega á, að gerðarbeiðandi gæti tryggt kröfu sína með fjárnámi í eigninni. Gerðarbeiðandi þarf því ekki að hlíta því, að gerðarþoli bendi á eignina til fjárnáms.“

Í framlagðri virðingargerð segir um fasteignina Fiskverkunarstöð í landi Kothúsa I, Gerðahreppi, að iðnaðarhús sé samkvæmt fasteignaskrám ríkisins 4.511 rúmmetrar og 905 fermetrar að stærð. Stærð lóðar er ekki tiltekin. Verðmæti mannvirkja og lóðar er sagt samkvæmt fasteignamati 12.077.000 krónur. Samkvæmt skrá fasteignamats ríkisins nemur verðmæti mannvirkja og lóðar 22.942.000 krónum að fasteignamati, og stærðir eru stórlega vantaldar í virðingargerðinni. Þar sem bent hefur verið á svo stórfellda annmarka á virðingargerðinni, verður hún ekki lögð til grundvallar við fjárnámið.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Framangreind virðingargerð verður ekki lögð til grundvallar í máli þessu.

Varnaraðili, Íslandsbanki hf., greiði sóknaraðila, Garðskaga hf., 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 17. janúar 1990.

Nr. 300/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ólafi Magnússyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Þingstaður. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu og til lengingar á ökuleyfissviptingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákæruvalds með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málunum nr. 120 og 240/1989 frá 9. og 12. þ.m., að hinn áfrýjaði dómur yrði úr gildi felldur svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Húnavatnssýslu og að málið sætti heimvísun til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Verjandi ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Húnavatnssýslu.

I.

Fulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Húnavatnssýslu, en sýslumaðurinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Sakarefni það, sem hér er til meðferðar, var rannsakað af lögreglunni í Húnavatnssýslu. Jafnframt liggur fyrir, að fulltrúinn hafði afskipti af málinu, meðan það var enn til meðferðar hjá lögreglu. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. þ.m. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að sýslumanninum í Húnavatnssýslu og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa sakarefnis. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Húnavatnssýslu og vísa málinu til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar í héraði.

II.

Þann 16. nóvember 1988 setti héraðsdómarinn í máli þessu, Sverrir Friðriksson fulltrúi, sakadóm Húnavatnssýslu í skrifstofu þáverandi verjanda ákærða, Símonar Ólasonar héraðsdómslögmanns, að Háaleitisbraut 85, Reykjavík, og þingaði þar í málinu. Eitt vitni kom þar fyrir dóminn. Þessi háttur á þinghaldi var bæði óþarfur og óviðeigandi, enda ekkert fram komið um, að ekki hafi mátt heyja þing í dómsal.

III.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði.

Af hálfu ákæruvalds er sú athugasemd gerð við yfirlit um sakarkostnað, sem fylgir málinu, að þar séu reiknaðar 15x400 krónur eða samtals 6.000 krónur í vottasjóð. Af hálfu ákæruvaldsins er þetta talið óheimilt og beri að átelja þetta. Á yfirlitinu kemur fram, að reikningur hafi verið sendur dómsmálaráðuneytinu. Ekki liggur fyrir, hvaða afgreiðslu reikningur þessi hefur hlotið í dómsmálaráðuneyti, sbr. 2. mgr. 143. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Gögn málsins veita ekki nægar upplýsingar um þennan reikningslið. Ekki eru efni til að taka afstöðu til þessarar athugasemdar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa fyrir sakadómi Húnavatnssýslu eru felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar í héraði.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 10. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið er og dæmt í dag, er höfðað hér fyrir dómi þann 10. febrúar 1988 með ákæruskjali, útgefnu 30. desember 1987, á hendur Ólafi Magnússyni, Skúlabraut 39, Blönduósi, fæddum 8. febrúar

1966 í Keflavík, fyrir að aka að morgni fimmtudagsins 1. janúar 1987 undir áhrifum áfengis bifreiðinni H 3242 frá heimili sínu um götur á Blönduósi, sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglunnar á Aðalgötu, heldur aka bifreiðinni svo óvarlega fram hjá lögreglubifreiðinni H 218, að hún rakst á afturhluta hennar, aka bifreiðinni þaðan austur Þingbraut og síðan norður Norðurlandsveg yfir leyfðum hámarkshraða og hluta leiðarinnar með ökuljós slökkt, þótt myrkt væri, stofna á ófyrirleitinn hátt lífi og heilsu þriggja lögreglumanna í ofangreindri lögreglubifreið í augljósan háska með því að aka bifreiðinni niður Skúlabraut yfir leyfðum hámarkshraða og án þess að minnka hraðann að ofangreindri lögreglubifreið, sem lagt hafði verið á miðja götuna til að hindra för ákærða, og tókst ökumanni lögreglubifreiðarinnar að forða (sic) stórárekstri með því að víkja lögreglubifreiðinni undan, og fyrir að stofna á sama hátt í hættu lífi og heilsu tveggja gangandi vegfarenda, sem gengu eftir Skúlabraut skammt fyrir aftan lögreglubifreiðina.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og 3. mgr., stafliði a, b og c, 49. gr., 1. mgr. 50. gr., 1. mgr. 53. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976 og 16/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Með vísan til eigin framburðar ákærða og framburðar vitna fyrir lögreglu og dómi telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau gegn umferðarlögunum, er í ákæru greinir, og samkvæmt þeim ákvæðum, er þar greinir, sbr. nú 1. mgr. 4. gr., 1. mgr., 2. mgr., stafliði a, b og c, 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 32. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

— — —

Dómsátt sú, er gerð var í Húnavatnssýslu þann 24.10.1985, hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ítrekunaráhrif á brot þau, sem hér eru dæmd. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin 60.000,- króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti ákærði varðhaldi í 24 daga.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, samanber nú 101.-102. gr. laga nr. 50/1987, ber að svipta ákærða ökuleyfi í tvö ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Þá ber að

dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, eins og krafist er í ákæru, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Símonar Ólasonar hdl., kr. 39.000,-, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Magnússon, greiði kr. 60.000,- í sekt til ríkissjóðs, en sæti ella varðhaldi í 24 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Símonar Ólasonar hdl., kr. 39.000,-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1990.

Nr. 14/1990. **Bæjarstjórn Ísafjarðar**
gegn
Arngrími Arngrímssyni og
Ernu Arngrímsdóttur.

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti. Forkaupsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. desember sl. Kærður er úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar, uppkveðinn 19. desember sl. Kröfur sóknaraðila eru þær aðallega, að úrskurðurinn verði ómerktur og lagt verði fyrir setuskiptaráðanda að leggja úrskurð á málið að nýju á grundvelli krafna og varna málsaðila. Til vara gerir hann þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að forkaupsréttur bæjarsjóðs að eignunum Hafnarstræti 11, Seljalandsvegi 60 og 60 A, Ísafirði, verði viðurkenndur. Þá gerir hann til þrautavara kröfu um, að forkaupsréttur bæjarsjóðs að framangreindum eignum verði viðurkenndur að þeim hluta, sem er umfram arfshluta varnaraðila. Einnig gerir hann kröfu um, að kærumálskostnaður verði í öllum tilfellum látinn niður falla.

Varnaraðilar hafa engar kröfur gert fyrir Hæstarétti og ekki skilað greinargerð, en samkvæmt bréfi setuskiptaráðanda til Hæstaréttar 9. þ.m. hefur hann beint því til þeirra að skila greinargerð.

Atvikum málsins er lýst í hinum kærða úrskurði.

Í úrskurðinum er efnislega hafnað þeirri kröfu sóknaraðila, að hann eigi forkaupsrétt að eignum dánarbús Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted að Hafnarstræti 11 og Seljalandsvegi 60 og 60 A, Ísafirði.

Samkvæmt 2. tl. b 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands sæta úrskurðir skiptaréttar um réttmæti kröfu til greiðslu eða eigna í bú og sæti kröfu í kröfuflokki ekki kæru. Í máli þessu er deilt um réttmæti kröfu sóknaraðila til forkaupsréttar að ákveðnum eignum. Hér er þannig um að ræða kröfur til ákveðinna eigna í bú, og verður úrskurður þar um ekki kærður til Hæstaréttar. Máli þessu er því vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 19. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 29. nóvember 1989.

Sóknaraðili málsins, bæjarstjórn Ísafjarðar, gerir þær kröfur, að úrskurðað verði, að forkaupsréttur bæjarsjóðs Ísafjarðar að eign dánarbús Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted að Hafnarstræti 11, Ísafirði, og að lóðunum Seljalandsvegi 60 og 60 A, Ísafirði, sé gildur og að skiptaréttur Ísafjarðarsýslu afsali bæjarsjóði Ísafjarðar eignum þessum gegn „deponeraðri" fjárhæð, kr. 1.300.000.

Varnaraðilar, Arngrímur Arngrímsson, kt. 070141-3459, Baldursgötu 23, Reykjavík, og Erna Arngrímsdóttir, kt. 270738-6649, Eskihlíð 8, Reykjavík, gera þær kröfur aðallega, að úrskurðað verði, að Ísafjarðarkaupstaður hafi fyrirgert forkaupsrétti að fasteignunum Hafnarstræti 11, Ísafirði, og landi býlisins Stakkaness eða lóða við Seljalandsveg nr. 60 og 60 A, Ísafirði, sem varnaraðilar hafi gert kauptilboð í. Til vara gera varnaraðilar þær kröfur, að úrskurðað verði, að enginn forkaupsréttur hafi verið fyrir hendi, er hann var boðinn vegna kauptilboðs varnaraðila. Ennfremur mótmæla varnaraðilar því, að fasteignum þessum verði afsalað til Ísafjarðarkaupstaðar. Varnaraðilar krefjast málskostnaðar eftir mati réttarins. Auk þessara krafna gerir varnaraðilinn Arngrímur Arngrímsson þær kröfur, „að sýslumaður Ísfirðinga, Pétur Kr. Hafstein, og Björn Jóhannesson skiptaráðandi verði með dómi sviptir rétti til málflutnings". Auk þess krefst hann þess, að skiptaréttarinn afsali þeim varnaraðilum Hafnarstræti 11, Stakkanesi og lóðarréttindum í Þórutúni gegn „deponeraðri" fjárhæð, kr. 1.300.000.

II.

Málavextir eru þeir samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, að á skiptafundi í dánarbúi Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted, sem er í opinberum skiptum hjá skiptarétti Ísafjarðar, þann 22. september 1988 var skiptaráðanda falið að auglýsa fasteignina Hafnarstræti 11 á Ísafirði til sölu, og skyldi erfingjum og öðrum gefinn frestur til 22. október s.á. til að gera tilboð í eignina. Kæmi ekkert tilboð í eign þessa eða ekkert tilboð, sem erfingjar teldu viðunandi, skyldi fasteignin seld á opinberu uppboði, þar sem lágmarksboð yrði brunabótamat hússins. Ennfremur var skiptaráðanda falið að óska eftir því við bæjarstjórn Ísafjarðar, að hún gerði grein fyrir skipulagi á

því svæði við Seljalandsveg, þar sem dánarbúið á lóðir. Svar við fyrirspurn skiptaráðanda barst frá bæjarstjóra Ísafjarðar þann 2. nóvember 1988, og kom þar fram, að gert væri ráð fyrir því í skipulagi, að tenging á milli Urðarvegar og Seljalandsvegar færi um það svæði.

Ekkert tilboð barst í fasteignina Hafnarstræti 11, sem auglýst var til sölu í samræmi við ákvörðun skiptafundar þann 22. september 1988. Var því í beinu framhaldi send uppboðsbeiðni, og fór uppboð fram þann 22. febrúar 1989, án þess að nokkurt boð kæmi fram. Með auglýsingu 5. mars 1989 auglýsti skiptaráðandi m.a. eftir tilboðum í Hafnarstræti 11 og lóðirnar við Seljalandsveg 60 og 60 A. Bárust tilboð frá varnaraðilum máls þessa, auk þess bárust tilboð frá Ísverki hf. og Tryggva Tryggvasyni. Í framhaldi af því sendi skiptaráðandi öllum erfingjum ljósrit framkominna tilboða og óskaði eftir afstöðu þeirra fyrir 5. apríl 1989. Í niðurlagi bréfs skiptaráðanda sagði: „Athygli erfingjanna er vakin á því að bæjarsjóður Ísafjarðar hefur forkaupsrétt að Hafnarstræti 11 svo og lóðunum við Seljalandsveg sbr. samþykkt nr. 539/1988." Erfingjarnir lýstu afstöðu sinni á tilsettum tíma, og gerði enginn þeirra athugasemd við ábendingu skiptaráðanda um forkaupsrétt bæjarsjóðs Ísafjarðar.

Skiptaráðandi sendi varnaraðilanum Arngrími skeyti þann 6. apríl 1989, þar sem því var lýst, að á grundvelli yfirlýstrar afstöðu erfingja væri ákveðið að taka tilboði varnaraðila þessa máls, þeirra Ernu Arngrímsdóttur og Arngríms Arngrímssonar, með fyrirvara um samþykki skiptafundar. Í því skeyti var einnig vakin athygli á áðurgreindum forkaupsrétti bæjarsjóðs Ísafjarðar. Á skiptafundi, sem haldinn var í búinu þann 18. maí 1989, var bókað: „Samkvæmt framansögðu er tilboð Arngríms Arngrímssonar og Ernu Arngrímsdóttur samþykkt..." Í tilboði þeirra Arngríms og Ernu var kaupverðið á Hafnarstræti 11 kr. 1.000.000, en fyrir Stakkanes og lóðarréttindi í Þórutúni skyldu greiðast kr. 300.000. Á umræddum skiptafundi lét Arngrímur í ljós efasemdir um réttmæti forkaupsréttar Ísafjarðarkaupstaðar, og var af því tilefni bókað: „Athugað verður með forkaupsrétt bæjarstjórnar Ísafjarðar samkvæmt 26. gr. laga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932."

Að lokinni athugun skiptaráðanda var bæjarstjórn Ísafjarðar með bréfi hinn 23. maí 1989 boðinn forkaupsréttur að hinum umræddu eignum dánarbúsins og þess óskað, að hún segði til um það innan tveggja vikna, hvort hún ætlaði að nýta forkaupsréttinn eða ekki, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 22/1932. Hinn 6. júní 1989 hafði bæjarstjórinn á Ísafirði samband í síma við fulltrúa skiptaráðanda og greindi honum frá því, að bæjarstjórn hefði á fundi sínum hinn 1. júní ákveðið að nýta sér forkaupsrétt sinn. Sendi bæjarstjóri bréf því til staðfestingar daginn eftir, sem ranglega var dagsett 7. júlí 1989, en átti að vera 7. júní. Tilkynnti skiptaráðandi öllum

erfingjum með skeytum 8. júní 1989, að bæjarstjórn Ísafjarðar hefði ákveðið að nýta sér forkaupsrétt sinn, og yrði gengið frá kaupsamningi við hana í samræmi við efni tilboðanna. Í bréfi sama dag mótmælti varnaraðilinn Arngrímur efni skeytisins. Þar voru látnar í ljós efasemdir um lögmæti forkaupsréttar Ísafjarðarkaupstaðar, bæði tilvist hans yfirleitt og gildi ákvörðunar bæjarstjórnar um að nýta forkaupsréttinn. Vegna þessa ágreinings boðaði skiptaráðandi til skiptafundar hinn 7. júlí 1989, og var á fundinn boðaður fulltrúi bæjarstjórnar. Í boðunarbréfi sagði, að aðilum gæfist á fundinum kostur á að leggja fram gögn máli sínu til stuðnings og gera frekari grein fyrir því, en að svo búnu myndi ágreiningsefnið verða tekið til úrskurðar, ef þörf krefði.

Á skiptafundi þann 7. júlí 1989 í umræddu dánarbúi kom fram sú ósk erfingja, að horfið yrði frá fyrirhugaðri sölu á fasteigninni Hafnarstræti 11 og lóðum nr. 60 og 60 A við Seljalandsveg (Stakkanes), og yrðu þessar eignir þá í óskiptri sameign þeirra. Á fundinum var lögð fram um þetta skrifleg yfirlýsing ellefu þeirra erfingja af þrettán og gerði varnaraðilinn Arngrímur eftirfarandi fyrirvara: „Verði ekki gengið að kauptilboði okkar Ernu í eignirnar". Í framhaldi af fundinum ritaði skiptaráðandi bæjarstjórn Ísafjarðar bréf með þeirri fyrirspurn, hvort hún gæti fyrir sitt leyti fallist á þá málsmeðferð, er erfingjar nú óskuðu eftir, og að bæjarstjórn félli því frá forkaupsrétti. Með bréfi 19. júlí 1989 tilkynnti bæjarstjóri skiptaráðanda, að bæjarráð hefði á fundi sínum 17. s.m. synjað því, að kaupin gengju til baka, og hefði bæjarsjóður þegar deponerað kr. 1.300.000 hjá Landsbanka Íslands á Ísafirði vegna þessara kaupa. Varnaraðilar höfðu jafnframt greitt sinn hluta tilboðsverðsins hvort inn á bankareikninga fyrr um sumarið, Erna 5. júní og Arngrímur 10. júlí. Skiptaráðandi tilkynnti erfingjum um afstöðu bæjarstjórnar með bréfi 24. júlí 1989 og boðaði til skiptafundar 8. ágúst 1989. Í bréfinu sagði um ágreining um þá ákvörðun skiptaráðanda að bjóða bæjarstjórn Ísafjarðar forkaupsrétt: „Til að úrskurða megi um ágreininginn, verða mótmælin að koma formlega fram á skiptafundi ... Komi fram á þeim skiptafundi mótmæli við ákvörðun skiptaráðanda, mun verða rekið sérstakt skiptaréttarmál um ágreiningsefnið." Á fundinn 8. ágúst 1989 mætti enginn erfingja, en fyrir fundinn barst skeyti frá varnaraðilanum Ernu, þar sem sagði: „Mótmæli allri meðferð málsins." Áður en skiptafundi þessum lauk, hafði varnaraðilinn Arngrímur samband við skiptaráðanda símleiðis og kvaðst ekki hafa fengið boðunarbréf, en kvaðst sammála Ernu í einu og öllu og ítrekaði mótmæli sín við meðferð skiptaráðanda við sölu eigna dánarbúsins. Var því ákveðið á þessum fundi að reka sérstakt skiptaréttarmál út af ágreiningi þessum. Hinn reglulegi skiptaráðandi á Ísafirði vék sæti í ágreiningsmáli þessu með vísan til 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, sbr. úrskurð hans, uppkveðinn þann 11.

september 1989. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 25. september 1989, var Gréta Baldursdóttir, settur borgarfógeti, skipuð setuskiptaráðandi til að leysa úr ágreiningsmáli þessu. Þann 16. október 1989 boðaði Gréta Baldursdóttir setuskiptaráðandi erfingja í dánarbúi Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted og bæjarstjóra Ísafjarðar til fyrirtektar á áðurgreindu ágreiningsmáli, og voru þeir erfingjar, sem hygðust láta ágreiningsmál þetta til sín taka, hvattir til að mæta við fyrirtekt málsins þann 1. nóvember 1989. Úr hópi erfingja dánarbúsins létu einungis varnaraðilar þessa máls ágreiningsmál þetta til sín taka, og var greinargerð sóknaraðila lögð fram þann 10. nóvember 1989.

III.

Sóknaraðili lýsir því, að með bréfi, dags. 23. maí 1989, hafi skiptaráðandinn á Ísafirði boðið bæjarstjórn Ísafjarðar forkaupsrétt að Hafnarstræti 11 og Seljalandsvegi 60 og 60 A, Ísafirði. Hafi hann óskað þess, að bæjarstjórnin segði til innan tveggja vikna, hvort hún ætlaði að nýta forkaupsréttinn eða ekki, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 22/1932. Hafi bæjarstjórinn þann 6. júní 1989 haft símasamband við skiptaréttinn og skýrt frá því, að bæjarstjórnin hafi hinn 1. júní samþykkt að nýta sér forkaupsrétt sinn. Staðfesti hann það með bréfi daginn eftir.

Þeirri mótbáru erfingjanna við því, að bæjarsjóður Ísafjarðar geti neytt forkaupsréttar, vegna þess að hann sé ógildur, þar sem skyld greinargerð hafi ekki fylgt til ráðuneytisins, sbr. rskj. nr. 31, mótmælir sóknaraðili, þar sem í lögum nr. 16/1964 (sic), sbr. lög nr. 22/1932, sé einungis talað um, að sveitarstjórn geti „með sérstakri samþykkt áskilið sveitarfélagi forkaupsrétt að lóðum og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins....“ Ekki sé áskilin nein greinargerð í lögunum. Varðandi þær röksemdir varnaraðila, að bæjarsjóður hafi þegar fyrir fundinn þann 18. maí 1989 hafnað forkaupsrétti, sbr. rskj. 31, mótmælir sóknaraðili þeim sem ósönnuðum söguburði. Þeirri röksemdafærslu varnaraðila, að skiptaráðandi hafi ekki haft frjálst val um það, hvenær hann bauð bænum forkaupsrétt að nýju, sbr. rskj. 31, er alfarið (sic) mótmælt af sóknaraðila. Dragist úr öllu hófi, að skiptaráðandi skrifi slíkt bréf, gæti það einungis valdið áminningu um embættisfærslu, en hafi engin áhrif á réttarstöðu þess, sem tekur við bréfinu, í þessu tilfelli bæjarsjóðs. Ennfremur mótmælir sóknaraðili því, að frestur bæjarsjóðs til að svara því, hvort hann ætlaði að nýta sér forkaupsrétt, hafi runnið út 5. júní, sbr. rskj. 29 og 31, og því hafi samþykkt bæjarsjóðs að ganga inn í tilboð varnaraðila verið of seint fram komin. Sóknaraðili vísar í þessu sambandi á greinargerð með lögum nr. 7/1936, en þar segi um 2. gr.: „Dagsetningardagurinn er því eigi talinn með í frestinum. Þetta er handhæg regla, því að bréfið ber sjálft dagsetninguna með sér.“ Enn-

fremur segi í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 22/1932: „.... skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætli að nota forkaupsrétt (forleigurétt) eða eigi.“ Hafi bæjarstjórinn á Ísafirði því sagt til innan frestsins, að bærinn notaði forkaupsréttinn, sbr. rskj. nr. 28 og 25.

Hvað snertir mótbáru erfingja, sem lýtur að því, að Hafnarstræti 11 hafi ranglega verið nefnt Fjarðarstræti 11, sbr. samþykkt um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins, nr. 539/1988, dags. 7. des. 1988, birt í Stjórnartíðindum, B-deild, bls. 1328-1331, rskj. nr. 36 og 38, upplýsir sóknaraðili, að eins og fram komi á rskj. nr. 36, lýsi skiptaráðandinn á Ísafirði afstöðu sinni til þessarar ritvillu, og tekur sóknaraðili undir skýringu hans. Ennfremur getur sóknaraðili þess, að skiptaráðandi hafi margítrekað það við varnaraðila, sem gerðu tilboð í eignina, svo og aðra erfingja, að „athygli væri vakin á forkaupsrétti bæjarsjóðs Ísafjarðar á þessum fasteignum“, sbr. rskj. nr. 19, og einnig úrskurður skiptaráðanda, dags. 11. september 1989, og hafi enginn erfingja gert athugasemd við ábendingu skiptaráðanda um forkaupsrétt Ísafjarðar. Ennfremur bendir sóknaraðili á, að a.m.k. allt frá 16. mars 1973 hafi kvöð um forkaupsrétt Ísafjarðar verið þinglesin kvöð á Hafnarstræti 11, sbr. rskj. nr. 50 og rskj. nr. 1 og nr. 51. Hafi erfingjum í dánarbúi Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted því verið kunnugt um kvöðina.

IV.

Varnaraðilar telja, að forkaupsréttur Ísafjarðarkaupstaðar að eignum dánarbúsins hafi verið fallinn niður, þegar bæjarstjórn hafi loksins svarað hinn 7. júní 1989, ef hann hafi þá yfirleitt verið fyrir hendi. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 22/1932 hafi bæjarstjóra borið að svara forkaupsréttartilboði innan tveggja vikna. Það hafi hann hins vegar ekki gert, og því sé forkaupsréttur niður fallinn að sinni, hafi hann verið fyrir hendi. Skiptafundur, sem ákvað „kaupin“, hafi verið 18. maí 1989. Skiptaráðandi hafi boðið bæjarstjórn forkaupsrétt þann 23. maí. Bæjarstjórn hafi svarað með bréfi, dags. 7. júní 1989. Þá hafi svarfrestur örugglega verið liðinn. Sé því haldið fram, að bæjarstjóri hafi hinn 6. júní haft samband í síma við fulltrúa skiptaráðanda og sagt frá því, að bæjarstjórn hafi hinn 1. júní ákveðið að neyta forkaupsréttar. Hér þurfi að svara því, hvort símhringing dugi í svo mikilvægu máli. Sé ekki tekin afstaða til þess í lögum nr. 22/1932, en í þeim lögum, sem síðar hafi verið sett um forkaupsrétt að fasteignum, séu ákvæði um, að boð um forkaupsrétt og svör við þeim skuli vera skrifleg. Í 5. gr. laga um kauprétt að jörðum nr. 40/1948, sem nú séu úr gildi felld, hafi verið ákvæði um, að skriflega skuli að þessum málum staðið, og í 1. mgr. 23. gr. jarðalaga nr. 65/1976 séu ákvæði um, að boð forkaupsréttar og svör við þeim skuli vera skrifleg. Sé með jarðalögum

verið að fjalla um viðskipti einstaklinga við sveitarfélög. Gefi þau vitneskju um vilja löggjafans til verulegrar festu í þessum viðskiptum og séu í samræmi við nútímaskoðanir á réttarstöðu almennings gagnvart opinberum aðilum. Telja varnaraðilar, að skýra beri forkaupsréttarákvæði laga nr. 22/1932 í samræmi við almennar reglur um þessi mál, sem myndast hafi og viðteknar séu nú. Vegna þess mikla aðstöðumunar, sem sé milli einstaklinga og hins opinbera, þurfi reglur um viðskipti þeirra á milli, þar sem fjallað sé um helg réttindi, sem varin séu í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, að vera skýr og kröfur um sönnunarfærslu einfaldar. Séu kröfur um skriflegar yfirlýsingar nauðsynlegar.

Í öðru lagi telja varnaraðilar, að ef talið verði, að símhringing dugi til svo afdrifaríkrar niðurstöðu, að svar hafi samt borist of seint, þar sem orðin „innan 14 daga" í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 22/1932 þýði, að svara þurfi innan 14 daga, það er fjórtándi dagur teljist ekki með. Séu báðir þriðjudagarnir, 23. maí og 6. júní, taldir með, þá er 6. júní fimmtándi dagurinn að mati varnaraðila. Svar einhvern tíma dags 6. júní sé því ekki innan 14 daga. Ennfremur benda varnaraðilar á það, að skiptaráðandinn hafi tekið sér 5 daga til að koma þessu þýðingarmikla bréfi frá sér og að bæjarstjórinn hafi tekið sér 6 daga eftir bæjarstjórnarfund til þess að koma viljayfirlýsingu bæjarstjórnarinnar til skiptaráðanda.

Varnaraðilar benda ennfremur á það, að þegar Ísafjarðarkaupstaður taldi sig beita forkaupsréttarákvæði varðandi Hafnarstræti 11, hafi kaupstaðurinn ekki haft forkaupsrétt að þeirri eign, sbr. auglýsingu félagsmálaráðuneytisins frá 7. desember 1988 um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins, en þar sé fasteignin Hafnarstræti 11 ekki meðtalin. Sé þar að vísu tilgreind önnur eign við allt aðra götu, sem talin sé eign dánarbús Ástu Eggertsdóttur, en það sé þessu máli óviðkomandi. Sé hér um takmörkun á eignarrétti að ræða, og verði að gera hinar ítrustu kröfur um nákvæmni um allt, sem varðar slíkar takmarkanir. Hafi verið um mistök að ræða í bæjarskrifstofu, beri Ísafjarðarkaupstaður hallann af því, ekki saklausir borgarar. Verði þetta ekki skýrt sem prentvilla eða ritvilla, sem leiðrétta megi með penna. Komi þinglýsing 5 ára kvaðar um forkaupsrétt árið 1973 og önnur þinglýsing 5 ára kvaðar um forkaupsrétt frá 7. nóvember 1989 máli þessu ekkert við. Sama sé að segja um auglýsingu, sem staðfest sé af ráðuneytinu 9. júlí 1989, þar sem bæjarsjóður reyni að klóra yfir eigin vitleysu.

Að lokum benda varnaraðilar á, að samkvæmt afsali frá 1935 hafi jörðin Stakkanes verið í eigu fjölskyldu Arngríms Fr. Bjarnasonar. Hafi hvorki ekkja hans né börn hans fengið upplýsingar um breytingar á stöðu jarðarinnar eða nafni. Engin tilkynning hafi borist um ályktun samkvæmt VI. kafla skipulagslaga. Sé því ómögulegt að fallast á, að í auglýsingu um

samþykkt nr. 539/1988 geti Seljalandsvegur, lóð ótilgreind, verið býlið Stakkanes. Sé auglýsingin því markleysa varðandi erfingja Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted.

V.

Ágreiningur í þessu máli snýst fyrst og fremst um það, hvort bæjarsjóður Ísafjarðar eigi forkaupsrétt að eignum dánarbús Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted að Hafnarstræti 11 og lóðum nr. 60 og 60 A við Seljalandsveg á Ísafirði, og ef svo er, hvort formsatriðum varðandi tilkynningu um að neyta forkaupsréttar hafi verið fullnægt. Ekki verður tekin afstaða í þessu máli, hvort eignir þessar séu kallaðar sínum réttu nöfnum eða ekki, enda ekki ágreiningur um, hvaða eignir hér er átt við. Um kröfu varnaraðilans Arngríms Arngrímssonar um, að Pétur Hafstein, sýslumaður Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, og fulltrúi hans, Björn Jóhannesson, verði sviptir með dómi rétti til málflutnings, er fjallað í löngu máli í greinargerð varnaraðila, og hefur hann haft að engu leiðbeiningar dómarans um, að þeir aðilar séu ekki réttarfarslegir aðilar þessa máls. Verða kröfu þessari ekki gerð frekari skil hér í þessum úrskurði, enda á hún sér enga lagastoð.

Yfirleitt felst í forkaupsrétti, að forkaupsréttarhafa er heimilt að kaupa eign þá, sem forkaupsrétti er háð, með sömu skilmálum og eigandinn hefur komist að með kaupsamningi við annan mann. Skilyrði þess, að forkaupsréttarhafinn geti neytt heimildar sinnar, eru samkvæmt þessu, að eigandi eignarinnar hafi ákveðið að selja hana tilteknum kaupanda fyrir ákveðið verð. Það er samkvæmt þessu meginregla, að forkaupsréttur verður virkur við sölu. Forkaupsréttur veitir rétthafanum ekki heimild til að fá að innleysa eign, er eigendaskipti verða, með öðrum hætti en við sölu, nema það sé sérstaklega áskilið í heimild forkaupsréttarins. Í lögum nr. 22/1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl., er bæjarstjórn í kaupstað heimilt að gera samþykkt um að áskilja bæjarfélagi forkaupsrétt, m.a. á fasteignum innan lögsagnarumdæmis þess, sbr. og VII. kafla laga nr. 19/1964. Á þessum lögum byggir sóknaraðili kröfur sínar, og í samræmi við þau lög hefur verið þinglýst kvöðum um forkaupsrétt bæjarsjóðs Ísafjarðar á þær eignir, sem hér eru til umfjöllunar. Í þessum lögum er ekki tekið sérstaklega fram, að þau eigi einnig við um það, þegar eigendaskipti verða fyrir arftöku. Það er meginviðhorf í íslenskum rétti, að erfingjar ganga inn í rétt hins látna, og verður forkaupsréttur bæjarsjóðs Ísafjarðar ekki virkur, nema erfingjar hygðust selja eignir þær, sem hér eru til umfjöllunar, til þriðja aðila. Þótt þannig hafi verið að því staðið í þessu tilfelli, að varnaraðilar, erfingjarnir Arngrímur og Erna, hafi gert tilboð og greitt kaupverð fasteignanna inn á sérstakan bankareikning, þá verður ekki hjá því komist að líta þannig á, að þau séu að leysa til sín

eignir dánarbúsins sem erfingjar á því verði, sem skiptafundur hefur samþykkt. Þykja þau því samkvæmt meginreglu 46. gr. skiptalaga nr. 3/1878 eiga rétt á því að taka við þeim réttindum, sem hin látna, Ásta Eggertsdóttir Fjeldsted, átti í þessum eignum, og verður forkaupsréttur Ísafjarðarkaupstaðar ekki virkur gagnvart þeim við þær aðstæður. Þegar af þessari ástæðu þykir ekki ástæða til að fjalla um það hér í þessum úrskurði, hvort bæjarsjóður Ísafjarðar eigi forkaupsrétt að eignum þessum, verði þær seldar öðrum, eða hvort tilkynning bæjarstjórnar um að neyta forkaupsréttar hafi borist á réttum tíma. Samkvæmt framansögðu þykir verða að hafna kröfum sóknaraðila. Þykir eftir atvikum rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af máli þessu.

Gréta Baldursdóttir, setuskiptaráðandi á Ísafirði, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila þess efnis, að forkaupsréttur hans að eignum dánarbús Ástu Eggertsdóttur Fjeldsted að Hafnarstræti 11, Ísafirði, og lóðunum Seljalandsvegur 60 og 60 A, Ísafirði, verði úrskurðaður gildur og að skiptarétturinn afsali sóknaraðila eignum þessum gegn deponeraðri fjárhæð, kr. 1.300.000, er hafnað. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. janúar 1990.

Nr. 241/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur
(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Eignaupptaka. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 11. janúar 1989.

Af hálfu ákæruvalds er fallið frá kröfu um sakfellingu ákærðu samkvæmt II. kafla ákæruskjals 22. maí 1985 og þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu ákærðu, eignaupptöku og sakarkostnað, en refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærða verði sýknuð af kröfum ákæruvaldsins, er fram koma í ákæruskjali 21. september 1984, og að henni verði engin refsing gerð eða hún hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot það, sem ákært er fyrir í I. kafla ákæruskjals 22. maí 1985. Þá krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist ákærðu komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

I.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms með vísan til forsendna hans, og eru brot ákærðu réttilega færð til refsiákvæða.

Brot það, sem ákært er fyrir í ákæruskjali 21. september 1984, er framið í byrjun ágúst 1981. Ákærða sat í gæsluvarðhaldi vegna þess máls frá 5. til 11. september 1981, og játaði hún aðild sína að málinu á dómþingi 14. september 1981. Framhaldsrannsókn fór fram í máli þessu í ágúst og september 1983, án þess að ákærða kæmi fyrir dóm, en hún var búsett erlendis. Málið var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar 16. desember 1983, og gaf hann út ákæru 21. september 1984. Ákæran var síðan birt ákærðu 17. september 1986. Þrátt fyrir þessi hlé, sem urðu á málsmeðferð, verður ekki talið, að hætt hafi verið við málsmeðferð um óákveðinn tíma, og

verður að líta svo á, að rannsókn sú, sem fram fór í ágúst og september 1983, hafi rofið fyrningarfrestinn, og hafi sök því verið ófyrnd, þegar málinu var fram haldið 17. september 1986, sbr. 2. tl. 1. mgr. 81. gr. og 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða sat í gæsluvarðhaldi í 57 daga vegna rannsóknar þeirra brota, sem hún er ákærð fyrir í máli þessu.

Refsing sú, sem ákærðu er dæmd með þessum dómi, er hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, við 18 mánaða fangelsisdóm, sem ákærða var dæmd í hinn 7. mars 1985 í Noregi fyrir innflutning á 1031 g af hassi. Þykja ekki, eins og hér stendur á og rekstri máls þessa hefur verið háttað, efni til að gera ákærðu sérstaka refsingu.

Í ákæruskjali 22. maí 1985 er ekki gerð krafa um eignaupptöku. Upptaka verður í þessu máli einungis dæmd að því marki, sem krafist er í ákæruskjali 21. september 1984, þ.e. á 6 g af hassi, vog, 3 reykjarpípum og 1 pari af skóm.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

II.

Eins og rakið er hér að framan, hefur orðið mikill dráttur á rekstri þessa máls. Þá er þess og að geta, að verulegur dráttur varð hjá sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum að tjá ríkissaksóknara ósk ákærðu um áfrýjun málsins. Héraðsdómur var kveðinn upp 4. desember 1986 og birtur ákærðu 25. september 1987, sem óskaði áfrýjunar hans hinn 2. október 1987. Dómsgerðir voru ekki sendar ríkissaksóknara fyrr en 6. janúar 1989. Þessi dráttur verður að teljast vítaverður.

Dómsorð:

Ákærðu, Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, er ekki gerð refsing í máli þessu.

Ákærða sæti upptöku á 6 g af hassi, vog, 3 reykjarpípum og 1 pari af skóm, notuðum við innflutning á hassi, sem lagt var hald á við húsleit lögreglu á heimili hennar 4. september 1981.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 4. desember 1986.

Málið, sem dómtekið var 14. nóvember sl., er höfðað af hálfu ríkissaksóknara með ákærum, útgefnum 21. september 1984 og 22. maí 1985, á hendur Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, áður til heimilis að Laugarnesvegi 54, Reykjavík, en nú með óþekktu heimilisfangi í Danmörku, fæddri 8. maí 1960 í Reykjavík:

„fyrir að hafa í byrjun ágúst 1981 keypt um 800 gr af hassi í Hollandi í félagi við Þorfinn Guðnason, Arnkel Þór Sigtryggsson og Guðmund Árna Jónsson og 8. s.m. flutt um 650 gr efnisins hingað til lands ásamt nefndum Guðmundi Árna. Ákærða fékk í sinn hlut 150 gr efnisins og hafði það í vörslum sínum að þáverandi heimili sínu að Laugarnesvegi 54 í Reykjavík og neytti þess sjálf ásamt ónefndum kunningjum sínum."

Í ákæruskjali er þessi háttsemi talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, á um 6 gr af hassi, vog og 3 reykjarpípum, sem notað var við meðferð efnisins, og 1 pari af skóm, sem ákærða notaði við ofangreindan innflutning á hassi, en lagt var hald á alla þessa muni við húsleit á heimili ákærðu 4. september 1981.

Í síðari ákæru eru ákærðu gefin að sök eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1982:

„I. Í maí/júní flutt um 10 g af hassolíu með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn, haft efnið í vörslum sínum að þáverandi dvalarstað sínum að Laugavegi 43 og notað af því í eigin þágu, uns ákærða var handtekin og hald lagt á eftirstöðvarnar 10. nóvember.

II. Á tímabilinu frá júní til nóvember margsinnis selt eftirgreindum mönnum hassefni að Laugavegi 43, hvert gramm af hassi á kr. 200 - 300 og hvert gramm af hassolíu á kr. 700 - 800: Gunnari Guðmundssyni, fæddum 15. desember 1965, samtals 600 - 700 g af hassi og um 50 g af hassolíu, Rúnari Birgi Sigurðssyni, fæddum 5. febrúar 1962, samtals um 355 g af hassi og um 65 g af hassolíu, Jóni Heiðari Reynissyni,

fæddum 18. febrúar 1958, samtals um 200 g af hassi og 10 g af hassolíu."

Framangreind brot ákærðu eru í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, /1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærðu gerir þær dómkröfur, að ákærða verði sýknuð af kröfum ákæruvaldsins, er fram koma í ákæru, dags. 21. september 1984, og sakargiftum, er fram koma í II. kafla ákæru, dags. 22. maí 1984, en hljóti þá vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir brot það, sem talið er í I. kafla sömu ákæru. Þess er krafist, að gæsluvarðhaldsvist ákærðu komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu og að verjanda verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Ákærða, sem er sakhæf, hefur sætt refsingum sem hér segir:

1977 11/5 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. alm. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 17.5. 1977.

1980 13/5 í Kaupmannahafnar Byret: Sátt, 5 dagsektir á d.kr. 50 fyrir brot gegn 1. mgr. 293. gr. d. hgl.

1981 20/11 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

1985 7/3 í Osló: Dómur, 1 árs og 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn n. fíkniefnalöggjöf.

Málsatvik.

Tollgæslumenn leituðu á Arnkeli Þór Sigtryggssyni, f. 16. ágúst 1955, við komu hans frá Lúxemborg til Keflavíkurflugvallar 25.8. 1981. Fundust þá á honum innan klæða um 200 g af ætluðu hassi, sem lagt var hald á.

Í yfirheyrslu hjá lögreglu, sem fram fór í beinu framhaldi af handtöku, staðfesti hann það að eiga þetta hass og að hafa keypt það í Amsterdam skömmu áður. Hann gerði síðan nánari grein fyrir fíkniefnabroti þessu í yfirheyrslum næstu daga hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Skýrði hann einnig frá eldra fíkniefnabroti, sem fram kemur í fyrra ákæruskjali þess máls, á þá leið að hafa í byrjun ágúst það ár í Hollandi og þar samkvæmt ráðagerð hitt Þorfinn Guðnason í Amsterdam, en með honum í för hafi jafnframt verið Guðmundur Árni Jónsson og Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, ákærða í þessum máli. Hafi þau fjögur síðan haldið til Rotterdam og lagt öll saman í kaup á hassi. Hafi Þorfinnur annast kaupin og keypt 800 g af hassi og greitt 6 gyllini fyrir hvert gramm. Hafi þau neytt af hass-

inu ytra 30-40 g. Þau ákváðu skiptingu á hassinu í Hollandi að hans sögn, og hafi Arnkell Þór og Þorfinnur fengið helming á móti Ágústu Guðlaugu og Guðmundi Árna. Hafi þau síðarnefndu flutt allt hassið hingað til lands og átt að afhenda Kára Guðmundi Gunnarssyni Schram hlut hans og Þorfinns og þeir tveir síðar frétt, að svo hafi verið gert.

Þorfinnur Guðnason, f. 4.3. 1959, bar að hafa um mánaðamótin júlí/ ágúst 1981 ætlað til Amsterdam ásamt Arnkeli Þór Sigtryggssyni til hasskaupa, en er þeir hafi komið á Keflavíkurflugvöll, hafi komið í ljós, að hann hafði ekki vegabréf sitt meðferðis og Arnkell Þór því haldið einn utan.

Í Reykjavík kvaðst Þorfinnur hafa hitt Guðmund Árna Jónsson og Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur, en þau hafi á þeim tíma verið að ráðgera ferð til kaupa á fíkniefnum. Hafi þau þrjú orðið samferða til Amsterdam 1. ágúst það ár. Hafi hann ytra keypt 800 g af hassi og greitt 5,5 gyllini fyrir grammið. Hafi hassið verið keypt fyrir sameiginlegan sjóð þeirra fjögurra og skipting þess verið þannig, að Ágústa Guðlaug og Guðmundur Árni átt helming á móti honum og Arnkeli Þór. Sagði hann þau fyrrnefndu hafa flutt hassið hingað til lands og afhent Kára Schram hlut hans og Arnkels Þórs til sölu, sem ráðgert var.

Guðmundur Árni Jónsson, f. 14.7. 1958, bar efnislega á sama veg í öllum meginatriðum hjá lögreglu 8.9. 1981, sem hann staðfesti svo hér fyrir dómi þremur dögum síðar.

Kári Guðmundur Gunnarsson Schram, f. 23.8. 1960, greindi frá því hjá lögreglu, sem hann staðfesti fyrir dómi 12. ágúst 1983, að hafa móttekið allt að 300 g af hassi frá Guðmundi Árna Jónssyni í ágúst 1981. Efnið var að hans sögn eign Arnkels Þórs Sigtryggssonar og Þorfinns Guðnasonar. Hafi hassið verið ætlað til sölu, og kvaðst hann hafa ætlað að flytja söluandvirðið til nefndra eigenda hassins í Hollandi til frekari fíkniefnakaupa þeirra ytra, sem hann hafi gert, en söluhagnaður hafi verið minni en ráðgert var vegna svika í viðskiptunum.

Ákærða var handtekin 4.9. 1981 vegna grunar um aðild að máli þessu. Hún neitaði í fyrstu sakargiftum. Var hún úrskurðuð í gæsluvarðhald þann 5.9. 1981 í allt að 7 daga og gekk laus 12. s.m. Á þeim tíma, er ákærða sætti gæsluvarðhaldinu, viðurkenndi hún að hafa keypt hass í Hollandi ásamt greindum aðilum.

14. september 1981 staðfesti ákærða framburð sinn hér fyrir dómi. Sagðist hún hafa haldið 1. ágúst það ár flugleiðis til Amsterdam ásamt Þorfinni Guðnasyni og Guðmundi Árna Jónssyni og ytra hitt Arnkel Þór Sigtryggsson. Hafi þau lagt í sameiginlegan sjóð til hasskaupa og að hennar hlutur hafi verið kr. 3.000, en notað síðar þá upphæð til uppihalds ytra og því í raun ekkert lagt fram. Hafi það síðan verið Þorfinnur, sem keypti

hassið, sem var að hennar sögn nálægt 700 g, en komið í hennar hlut og Guðmundar Árna að flytja hassið hingað til lands, sem þau hafi gert að jöfnu 8. s.m. og hún falið sinn hlut í holrúminu í þykkum sólum á skóm.

Eftir komuna til landsins kvaðst mætta hafa tekið 150 g af hassinu sem flutningsþóknun, en afgangur hafi orðið eftir í fórum Guðmundar Árna.

Hún kvað hassið, sem í hennar hlut kom, hafa farið til eigin nota, og eins gefið ýmsum vinum og kunningjum af því.

Framhaldsrannsókn fór fram hér fyrir dómi 12. ágúst 1983 til 26. september sama ár. Ákærða dvaldist þá erlendis, en Arnkell Þór Sigtryggsson, Guðmundur Árni Jónsson og Kári G. G. Schram staðfestu allir framburð sinn í megindráttum.

Ákæra, útgefin 22. maí 1985.

— — —

10. nóvember 1982 gerði lögreglan húsleit að Laugavegi 43, Reykjavík, að áðurfengnum húsleitarúrskurði vegna grunar um, að ákærða geymdi þar fíkniefni, en hún bjó þar ásamt Tómasi Jakobi Sigurðssyni, Rúnari Bergssyni og fleira fólki.

Í vistarverum ákærðu fundust ýmsir munir, sem lögreglan lagði hald á. Þeir munir, sem tengdust fíkniefnum, voru tvær hassreykjarpípur, tvær vogir, kaffidós með hassleifum á, tvær sprautur með hassolíu í, nokkrir stórir plasttappar, sem algengt er að nota sem umbúðir hassolíu, og hvítt duft, talið þrúgusykur, en það er algengt sem fyllingarefni í amfetamín og fleiri efni. Þá fundust 4 þynnur, taldar LSD (lýsergíð).

Ákærða og Rúnar Bergsson, f. 2.2. 1958, voru handtekin og færð til yfirheyrslu. Ákærða, sem brást illa við húsleitinni, var flutt nauðug af staðnum í handjárnum í fangageymslu lögreglunnar. Reynt var að yfirheyra hana að kvöldi handtökudags, en hún neitaði að tjá sig og að yfirgefa fangaklefann. Hið sama endurtók sig tvívegis daginn eftir. Hún var úrskurðuð í allt að 30 daga gæsluvarðhald frá 10.11. 1982. Margsinnis var reynt að yfirheyra ákærðu, og tjáði hún sig fyrst um sakarefnið 29.11. hjá lögreglu. Hún kvaðst hafa í maí/júní það ár flutt um 10 g af hassolíu með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn, haft efnið í vörslum sínum að þáverandi dvalarstað sínum að Laugavegi 43, Reykjavík, og notað af því í eigin þágu, uns hún var handtekin og hald lagt á eftirstöðvarnar 10. nóvember það ár.

Ekki viðurkenndi hún frekari fíkniefnabrot, enda þótt framburður þess efnis lægi fyrir og henni á það bent. Var hún yfirheyrð næstu daga og gæsluvarðhald hennar framlengt til 30.12. 1982, en hún viðurkenndi aldrei frekari brot. Sat hún gæsluvarðhaldið allan tímann.

Gunnar Guðmundsson, fæddur 15.12. 1965, bar hjá lögreglu og fyrir dómi um margítrekuð og veruleg kaup hass og hassolíu frá ákærðu, samtals 600-700 g af hassi og um 50 g af hassolíu. Í yfirheyrslu fyrir dómi 9. október 1985 kvað hann tölur þessar um efnismagn allt of háar. Kvaðst hann nú hafa keypt af ákærðu um 100 g af hassi og um 15 g af hassolíu.

Rúnar Birgir Sigurðsson, fæddur 5.2. 1962, bar í yfirheyrslum hjá lögreglu og fyrir dómi að hafa margsinnis keypt bæði hass og hassolíu af ákærðu, samtals um 355 g af hassi og um 65 g af hassolíu.

Jón Heiðar Reynisson, fæddur 18.2. 1958, kvaðst í yfirheyrslum hjá lögreglu, sem hann staðfesti fyrir dómi, hafa keypt um 200 g af hassi og um 10 g af hassolíu af ákærðu.

Þremenningarnir kváðust hafa keypt fíkniefnin á tímabilinu frá júní til nóvember 1982, og hafi kaupin átt sér stað á þáverandi heimili ákærðu að Laugavegi 43, Reykjavík. Hafi þeir keypt hvert gramm af hassi á kr. 200 - 300 og hvert gramm af hassolíu á kr. 700 - 800.

Ákærða bjó erlendis, þegar ákærurnar voru gefnar út, en kom hingað til lands sumarið 1986. Þegar fréttist af veru hennar hér á landi, var hún boðuð hér fyrir dóm.

Við ákærubirtingar vísaði hún til framburðar síns hjá lögreglu og fyrir dómi, hvað varðar ákæru, útgefna 21. september 1984. Þá kvaðst hún vilja taka fram, að hún hefði flutt hingað til lands helming nefndra 650 g af hassi og hinn flutningsaðilinn, Guðmundur Árni Jónsson, flutt helming.

Ákærða kvað I. lið ákæruskjals, útg. 22. maí 1985, vera efnislega réttan og í samræmi við fyrri framburð sinn fyrir dómi og hjá lögreglu. Allt kvað hún það vera lygi, sem fram kæmi í öðrum ákærulið ákæruskjalsins.

Framburður þriggja greindra aðila, sem báru allir að hafa keypt af ákærðu verulegt magn hass og hassolíu, var kynntur henni sérstaklega í þinghaldi 16.9. 1986. Bar hún þennan framburð með öllu af sér. Samprófanir ákærðu við Rúnar Birgi og Gunnar sama dag og við Jón Heiðar daginn eftir leiddu til sömu niðurstöðu. Engin vitni reyndust vera að þessum ætluðu fíkniefnakaupum ákærðu við þessa þrjá aðila, og kváðust þeir allir hafa einir verið á heimili ákærðu auk hennar, þegar kaupin áttu sér stað.

Niðurstaða.

Sannað þykir með framburði ákærðu, Þorfinns Guðnasonar, Arnkels Þórs Sigtryggssonar og Guðmundar Árna Jónssonar, að hún keypti í byrjun ágúst 1981 um 800 g af hassi í Hollandi ásamt greindum aðilum og að hafa 8. s.m. flutt um 650 g efnisins hingað til lands ásamt nefndum Guðmundi Árna. Ákærða fékk í sinn hlut 150 g efnisins og hafði það í vörslum sínum að þáverandi heimili sínu að Laugarnesvegi 54 í Reykjavík og neytti þess sjálf ásamt ónefndum kunningjum sínum.

Þá telst sannað, að ákærða hafi í maí/júní 1982 flutt um 10 g af hassolíu með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn, haft efnið í vörslum sínum að þáverandi dvalarstað sínum að Laugavegi 43, Reykjavík, og notað af því í eigin þágu, uns ákærða var handtekin og hald lagt á eftirstöðvarnar 10. nóvember það ár.

Sýkna skal ákærðu vegna sönnunarskorts af þeim sökum að hafa selt Gunnari Guðmundssyni, Rúnari Birgi Sigurðssyni og Jóni Heiðari Reynissyni hass og hassolíu, sbr. II. ákærulið ákæruskjals, útg. 22. maí 1985. Í hverju tilviki er aðeins framburður ákærðu í málinu, sem staðfastlega hefur borið af sér sakir í málinu, gegn framburði hvers og eins þriggja ofangreindra.

Sök ákærðu um að hafa keypt í byrjun ágúst 1981 um 800 g af hassi ásamt greindum aðilum dæmist ekki vera fyrnd samkv. 2. tl. 1.mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. sömu l., eins og verjandi hennar heldur þó fram, því að framhaldsrannsókn fór fram fyrir dómi frá 12. ágúst 1983 til 26. september sama ár, sem rauf fyrningarfrest, sbr. 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða var þó ekki yfirheyrð, þar sem hún dvaldist á ókunnum stað erlendis, og náðist því ekki til hennar.

Ofangreind háttsemi er í ákærum réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Hefur ákærða samkvæmt þessu unnið til refsingar.

Ákærða var ásamt öðrum dæmd í 1 árs og 6 mánaða fangelsi í Osló 7.3. 1985 fyrir innflutning á 1031 g af hassi til Noregs, og dæmist henni því nú hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu þykir að öllu ofangreindu athuguðu hæfilega ákveðin fangelsi í 50 daga.

Til frádráttar dæmdri refsingu ákærðu kemur gæsluvarðhaldsvist hennar frá 10.11. 1982 til 30.11. 1982, sem er því til jafnlangs tíma dæmdri refsingu.

Ákærða skal sæta upptöku skv. 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, á um 6 g af hassi, vog, 3 reykjarpípum og 1 pari af skóm, sem ákærða notaði við innflutning á hassi, en lagt var hald á alla þessa muni við húsleit á heimili hennar 4. september 1981.

Þá skal ákærða einnig sæta upptöku skv. sömu lagagreinum á 5 hasspípum, 2 vogum, kaffidós með ljósbrúnu hassi í, 4 þynnum, töldum vera LSD, 2 læknasprautum og litlum hassmola, en lögregla lagði hald á allt þetta við húsleit að þáverandi heimili ákærðu að Laugavegi 43, Reykjavík, þann 10.11.1982.

Skv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 19.500 til skipaðs verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hrl.

Dómsorð:

Ákærða, Ágústa Guðlaug Guðmundsdóttir, fædd 8. maí 1960, skal sæta fangelsi í 50 daga.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi gæsluvarðhaldsvist hennar frá 10.11. 1982 til 30.12. 1982 í 50 daga og því til jafnlangs tíma.

Ákærða sætir upptöku á 6 g af hassi, vog, 3 reykjarpípum og einu pari af skóm, notuðum við innflutning á hassi, allt haldlagt á heimili hennar við húsleit lögreglu 4.9. 1981.

Einnig sæta upptöku 5 hasspípur, 2 vogir, kaffidós með hassleifum, 4 þynnur, taldar LSD (lýsergíð), 2 læknasprautur og lítill hassmoli, en lögreglan lagði hald á allt þetta við húsleit að Laugavegi 43, Reykjavík, 10.11. 1982.

Ákærða greiði allan málskostnað, þar af kr. 19.500 til skipaðs verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hrl.

Fimmtudaginn 25. janúar 1990.

Nr. 410/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. ágúst 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 30. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 385/1989: Ákæruvaldið gegn Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, sem dómtekið var þann sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. mars 1989, á hendur ákærða, Rögnvaldi Ómari Berg Gunnarssyni, Hraunbæ 188, fæddum 16. júní 1957 í Reykjavík, „fyrir að aka, tvisvar sinnum á

árinu 1989, bifreiðinni R-21737 í Reykjavík, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, svo sem hér er rakið:

1) sunnudaginn 19. febrúar frá Eyjabakka og um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Ártúnsbrekku,

2) föstudaginn 17. febrúar frá Skipholti 40 að Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg og þaðan að Skipholti 46.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni, R-21737, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, eins og í ákæru segir. Í blóði ákærða mældust eftir aksturinn 17. febrúar 1,06‰ af vínanda, en eftir aksturinn 19. febrúar 0,69‰ af vínanda. Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt 1986.

Hefur ákærði með játningu sinni, sem er studd gögnum málsins, orðið sannur að brotum á þeim refsiákvæðum, sem tilfærð eru í ákærunni.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Ákærði á að baki sér langan afbrotaferil. Hefur hann til þessa verið dæmdur 19 sinnum fyrir hegningarlagabrot og 13 sinnum gengist undir dómsáttir fyrir umferðarlagabrot, ölvun eða fíknilagabrot.

Ákærði hlaut í september 1988 reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 347 dögum. Ber nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. og 60. gr. almennra hegningarlaga að dæma upp reynslulausnartímann. Þykir refsing ákærða þannig vera hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Þá ber að árétta ævilanga sviptingu ökuréttinda gagnvart ákærða.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Átelja ber, að sakargögn í málinu bárust aðeins í einu eintaki frá ríkissaksóknara.

Dómsorð:

Ákærði, Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 30. janúar 1990.

Nr. 76/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Sveinbjörnssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála með áfrýjunarstefnu 2. febrúar 1989 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi ákærða gerir þessar kröfur: „Að ákærði verði dæmdur í þá vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhaldstími ákærða í Síðumúlafangelsi frá 3.9. 1988 til 20.10. 1988 og frá 28.10. 1988 til 31.10. 1988, samtals 50 dagar, með þrefaldri þeirri dagatölu eða 150 dagar. Gæsluvarðhaldstími hans að öðru leyti komi til frádráttar dæmdri refsingu með fullri dagatölu. Ég krefst málsvarnarlauna að mati réttarins."

I.

Eftir að héraðsdómur var kveðinn upp, hefur verið aflað nýrra gagna, þar á meðal greinargerðar Magnúsar Skúlasonar geðlæknis, sem er dagsett 12. september 1989, um athugun á geðheilbrigði ákærða ásamt skýrslu Víðis H. Kristinssonar sálfræðings um sálfræðilegt mat á ákærða. Þessara gagna var aflað að ósk verjanda ákærða.

Í niðurstöðu greinargerðar Magnúsar Skúlasonar segir svo:

„Með tilvísun til framangreinds máls og útskýringa sálfræðings er það niðurstaða undirritaðs að Guðmundur Sveinbjörnsson hafi í verknaðarandránni verið haldinn slíkum hugaræsingi og dóm-

greindarskerðingu að um psychotiskt ástand hafi verið að ræða sem framkallast hafi skyndilega í tengslum við áður raktar kringumstæður og atburðarás samfara eiturverkunum áfengisins. Hann gerir sér óskýra grein fyrir atburðarásinni og er sjálfur bæði óttasleginn og mjög undrandi á því hvernig hún þróaðist og kann engar viðhlítandi skýringar á því eins og áður segir. Er ástandi þessu létti varð hugsun hans, breytni og ákvarðanir siðferðilega rökrænar og skynsamlegar.

Hegðun hans og samvinna við rannsókn málsins og geðræna og sálfræðilega athugun hefur verið góð.

Félagsleg aðlögun Guðmundar fram að þessum atburði hefur í öllum meginatriðum verið ákaflega hnökralítil, og það eru engar upplýsingar um nein alvarleg hegðunarvandkvæði. Hann hefur að undanskildum persónuleikaveikleikum þeim sem raktir hafa verið ... ekki einkenni um meiri háttar formlegan geðsjúkdóm, skerta greind, né heldur merki um alvarlegar persónuleikatruflanir s.s. merki um andfélagslega hegðun (sbr. og fyrri geðheilbrigðisrannsókn) eða aðra þætti sem gefa tilefni til þess að vænta megi endurtekningar á athæfi sem þessu. Það skal vissulega undirstrikað, sem einnig kemur fram í sálfræðirannsókn og raunar fleiri skjölum, að hann ætti ekki að snerta áfengi framar enda hefur hann sjálfur lýst þeirra ætlun sinni yfir.

Eins og áður hefur verið rakið varðandi sálarástand Guðmundar á verknaðarstundinni verður ekki séð að um meðvitað áform hafi verið að ræða, heldur óhæfu- en óviljaverk í skammvinnu sturlunaræði.

Varðandi meðferðarþörf og meðferðarhorfur er ég sammála greinargóðum ályktunum sálfræðings. Guðmundur virðist búa yfir góðum eðlisþáttum sem geti gert batahorfur hans mjög góðar ef vel yrði að málum staðið.

Undirritaður er einnig samþykkur ályktunum sálfræðingsins um að langvinn fangelsisvist muni hafa mjög skaðleg áhrif á geðheilsu Guðmundar og andlegan og félagslegan þroskaferil hans, sjá niðurlag sálfræðilegs mats."

Í sálfræðilegu mati Víðis H. Kristinssonar segir m.a. svo:

„Um er að ræða greindan (Grv.: 124) ungan mann, sem nú mælist betur en áður. Slíkt er ekki óeðlilegt þar sem síðasta greind-

armæling var svo nálægt sjokk-upplifun þeirri er óhæfuverk hans skapaði. Guðmundur býður af sér góðan þokka og er miðað við núverandi aðstæður yfirvegaður og með góða framkomu. Guðmundur er viljugur til samstarfs og heflaður í allri framkomu. ...

Í reynd er hann sjálfsgagnrýninn og viðkvæmur og finnst gjarnan að að sér sé vegið. Hann hefur líka sterka réttlætiskennd gagnvart sér og öðrum. Hann hefur sterka kynhvöt og þörf fyrir að blandast inn í eitthvað sem er spennandi, en nokkurrar truflunar gætir í samskiptamunstri við aðra.

Hann er nokkuð í eigin hugarheimi og skynjar oft hluta í stað heildar, t.d. hluta af manneskju í stað allrar persónunnar. Tilfinningar eru ekki nægilega vel rótfestar (integrerede), sem gerir það að verkum að hömlur geta verið veikar. Í stuttu máli má því segja að hann hafi svokölluð „borderline"- persónuleikaeinkenni sem við óheppilegar kringumstæður geta þróast út í tímabundna „mikropsykosu" þar sem eðlileg raunveruleikatengsl og hömlur bresta um stundarsakir og það er að mínu mati það sem gerðist á óheillastundinni þann 3/9 '88."

II.

Að tilhlutan ríkissaksóknara var málið lagt fyrir læknaráð. Í bréfi ráðsins 24. október 1989 segir:

„Málið er lagt fyrir læknaráð á þá leið að leitað er eftir umsögn læknaráðs um framangreind læknisfræðileg gögn og er sérstaklega leitað svara við eftirfarandi spurningum:

I. Er læknaráð sammála niðurstöðum prófessors Gunnlaugs Björns Geirssonar í réttarkrufningsskýrslu (sic) hans um banamein K?

II. Fellst læknaráð á niðurstöðu dr.med. Hannesar Pétursonar, yfirlæknis, í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða?

III. Er skýrsla Magnúsar Skúlasonar, læknis, samrýmanleg niðurstöðum dr. med. Hannesar Pétursonar, yfirlæknis, í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og ef ekki í hverju ósamræmi í niðurstöðum sé fólgið og á hvaða niðurstöður fellst læknaráð?

Málið var lagt fyrir réttarmáladeild ráðsins. Við meðferð þess í deildinni vék prófessor Gunnlaugur Geirsson sæti samkvæmt 5. gr. laga um læknaráð nr. 14/1942, en í hans stað kom Bjarki Magnússon læknir.

Með vísun til 2. mgr. 4. gr. sömu laga var Magnús Skúlason, læknir, boðaður á fund deildarinnar, er mál þetta var til afgreiðslu, en hann boðaði forföll.

Deildin afgreiddi málið á fundi 28. september 1989 með svofelldri tillögu um ályktun læknaráðs:

Ad.1. Já.

Ad.2. Já, ákærði er hvorki alvarlega geðveikur, vangefinn eða með persónuleikagalla svo að dragi úr sakhæfi hans, en hann var ölvaður þegar afbrotið var framið.

Ad.3. Já, algengasta tegund skammvinnrar sturlunar („mikropsykosu") þar sem eðlileg raunveruleikatengsl bresta um stundarsakir er ölvun. Magnús gerir að vísu nokkru meira úr truflun á persónuleika ákærða, en Hannes nefnir aðeins skapgerðarbresti. Truflunin eða brestirnir hafa þó ekki valdið ákærða vanda fyrr eins og búast mætti við ef um væri að ræða jaðarpersónuleikaeinkenni („borderline"-persónuleikaeinkenni).

Með vísun til 6. gr. reglugerðar nr. 192/1942 um starfsháttu læknaráðs og 6. gr. laga um læknaráð nr. 14/1942 óskaði Þorkell Jóhannesson, prófessor, eftir að málið yrði borið undir læknaráð í heild.

Á fundi læknaráðs miðvikudaginn 18. október 1989 var framangreind tillaga réttarmáladeildar samþykkt sem ályktun læknaráðs með öllum greiddum atkvæðum gegn einu. Þorkell Jóhannesson, prófessor, lét bóka: „Ég er hallur undir álit Magnúsar Skúlasonar um ástand sakbornings. Mitt álit er þó, að maðurinn verði að teljast sakhæfur, sbr. álit Hannesar Péturssonar. Mér finnst samt meiri munur á áliti Magnúsar og Hannesar en í tillögu að ályktun læknaráðs kemur fram. Ég óska því eftir áliti þriðja geðlæknis."

Magnús Skúlason hefur í bréfi, sem dagsett er 11. janúar 1990, til ríkissaksóknara haldið því fram, að hann hafi alls ekki verið boðaður til þess fundar, sem um getur í umsögn læknaráðs „og að sjálf-

sögðu þaðan af síður að hafa boðað forföll". Þá gerir hann athugasemdir við ályktun læknaráðs.

III.

Ákærði gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu m.a. 6. september 1988. Var hann spurður að því, hvort hann gæti nú gert grein fyrir áverkum á hálsi hinnar látnu, en hann hafði áður ekki getað svarað neinu ákveðið um þennan áverka. Svar ákærða, sem hann staðfesti fyrir sakadómi, var:

„Ég hefi verið að reyna að rifja þetta upp. Mig minnir að ég hafi lagt hnífseggina að hálsi hennar og þá strokið henni eftir hálsinum, eftir að ég sló hana. Ég vil þó ekki fullyrða þetta, en mig minnir að ég hafi gert þetta. Vil þó taka það fram, að ég ætlaði ekki að skera hana á háls. Veit ekki af hverju ég gerði þetta."

Skýrslur ákærða um samskipti hans við hina látnu, eftir að þau voru orðin ein, eru ekki trúverðugar, og verða þær ekki lagðar til grundvallar.

IV.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 3. september 1988 koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu, en eigi eru efni til þess að lögum að taka til greina kröfu verjanda um, að til frádráttar komi þreföld dagatala tvö tiltekin tímabil, sem ákærði var í Síðumúlafangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði greinir. Fjárhæðin, sem þar er tilgreind, er án söluskatts og virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Sveinbjörnsson, sæti fangelsi í 14 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 3. september 1988 komi refsingu hans til frádráttuar með fullri dagatölu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. janúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 25. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 33/1989: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Sveinbjörnssyni, sem tekið var til dóms 12. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 12. desember sl., á hendur ákærða „fyrir að hafa árla morguns laugardaginn 3. september 1988 svipt K, fædda ... 1963, lífi í íbúð hennar í Kópavogi, þar sem ákærði var gestkomandi, með því að veitast að henni rúmliggjandi og herða að hálsi hennar með báðum höndum, slá hana með krepptum hnefa á vinstri kinn og stinga hana síðan efst í kviðarhol með hnífi, sem ákærði sótti í eldhús íbúðarinnar. Gekk stungan í gegnum gollurshús og hægra forhólf hjartans og leiddu innri blæðingar til dauða konunnar.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Kl. 7.20 að morgni laugardagsins 3. september sl. kom ákærði í máli þessu á lögreglustöðina í Kópavogi og skýrði svo frá, að hann hefði orðið stúlku að bana. Vissi ákærði ekki, hvað stúlkan hét, eða heimilisfang hennar, en kvaðst þó vita, hvar húsið væri. Er ákærða var sýnt kort af Kópavogi, benti hann strax á hús nr. [...] við [.....] þar í bæ. Fóru lögreglumenn á vettvang samkvæmt vísbendingu ákærða. Benti ákærði þeim á að fara bak við umrætt hús og inn í bifreiðageymslu, sem innréttuð hafði verið sem íbúð. Þar inni lá kona, og var sæng breidd yfir hana upp að eyra. Reyndist hún vera látin, en var heit viðkomu. Rétt við hlið rúmsins var barnarúm og í því sofandi drengur. Tók lögreglumaður drenginn strax í fangið og bar hann út úr íbúðinni og inn um bakdyr íbúðarhússins, þar sem fyrir voru foreldrar hinnar látnu, þrír bræður hennar og unnusta eins þeirra. Kom í ljós, að um var að ræða sjö ára son hinnar látnu.

Í lýsingu rannsóknarlögreglu ríkisins á vettvangi segir svo:

— — —

Ákærða var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar á Borgarspítalanum kl. 8.30 um morguninn. Þá lét hann í té þvagsýni í sama tilgangi kl. 9.00 sama morgun. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á innihaldi alkóhóls í blóði ákærða reyndist alkóhólmagn í því 0,68‰ og í þvagi 1,04‰.

Í sýni, sem tekið var úr vökvapollinum milli rúms hinnar látnu og klæðaskápsins, var alkóhól ekki í mælanlegu magni.

Ákærði hafði skorið sig á vinstra úlnlið, og samkvæmt vottorði Heimis Bjarnasonar aðstoðarborgarlæknis, sem skoðaði ákærða kl. 11.30 umræddan morgun, var sárið varla dýpra en sem nemur þykkt húðar, 3-4 cm að lengd, þumalfingurs og lófa megin á úlnliðnum. Var það tekið saman með 7 sporum af mjög grönnum þræði. Auk þess segir í vottorði læknisins um skoðunina, að daufan áfengisþef hafi lagt frá vitum ákærða, en að hann hafi komið sér fyrir sjónir sem allsgáður. Segir, að um vinstri olnboga hans hafi verið dökkleitur „taumur", 6-8 cm langur, sem virtist vera blóð, en ekki hafi sár verið að finna þar. Smá-blóðblettir, greinilega að komnir frá ákærða sjálfum eða öðrum, voru á vinstri rist og hér og hvar um vinstri fótlegg. Þvoðist blóðið auðveldlega af, og engin sár var þarna að finna. Segir að lokum í vottorðinu, að líkamshlutarnir, sem blóð var að finna á, hafi verið naktir, er blóðið barst á þá.

Sérstök rannsókn fór fram á fatnaði ákærða. Ekkert sérstakt var að finna á skóm ákærða, hálsbindi hans og leðurbelti. Sokkar þeir, sem hann var í, voru á hinn bóginn blóðkámugir, bæði á il og rist og þar ofar. Á nærbuxum ákærða var blóðkám, sem gat verið eftir fingur. Að framan á þeim var blóðkám á þremur stöðum, 4.5 cm fyrir neðan streng og 2.5 cm vinstra megin við miðju, 14 cm neðan við streng og 2 cm hægra megin við miðju og 18 cm neðan við streng og 1 cm hægra megin við miðju. Aftan á buxunum var einnig blóðkám á þremur stöðum, 10.5 cm neðan við streng og 4 cm hægra megin við miðju, 15 cm neðan við streng og 1 cm hægra megin við miðju og 17 cm neðan við streng og 1.5 cm vinstra megin við miðju. Á gallabuxum ákærða voru blóðstrokur ofarlega framan á vinstra læri, 28 cm neðan við buxnastreng, á 10 cm löngum kafla niður skálmina hægra megin við miðju. Var kámið 4 cm breitt, þar sem það var breiðast. Á innanverðum buxnavasa sáust nokkrir litlir blóðblettir á 6 cm löngum kafla, 9 cm neðan við buxnastreng og niður. Á milliskyrtu ákærða var blóðtaumur á kraga hægra megin. Að framan voru blóðblettir á brjósti og til vinstri og hægri hliðar. Á hægri ermi voru nokkrir blóðblettir á utanverðri erminni, ofan við olnboga, tveir smærri neðar á erminni og annar við líningu. Vinstri ermin var mikið blóðug, bæði að framan og aftan, í handarkrika og á innan- og utanverðri líningu. Nokkrir blóðblettir voru á baki skyrtunnar, einn 12 cm neðan við kraga og hinir neðarlega hægra megin og neðst við skyrturönd. Á innanverðri vinstri ermi jakka ákærða var blóðkám

fremst innan við uppbretta ermi hans. Einnig var blóðkám framan á jakkanum við hnappagat. Loks mátti sjá töluvert blóðkám á 10 cm löngum kafla á jakkavasa vinstra megin, 13 cm neðan við brún vasans.

Lík hinnar látnu var krufið á Rannsóknastofu háskólans hér í borg hinn 4. september sl., og annaðist krufninguna dr. Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði við Háskóla Íslands. Í skýrslu hans um krufninguna segir m.a. á þessa leið um líkskoðun:

Á líkinu eru eftirtalin áverkamerki: Hægra augað er marið (glóðarauga), og mælist það 6x4 cm. Blæðing er í augnhvítuna undir. 0.7 cm mar er í vinstri augnkrók á efra augnloki, og einnig er blæðing í augnhvítuna þeim megin. Undir kjálkabarðinu vinstra megin, 5 cm frá eyrnasnepli, eru lítils háttar afrifur eða klór á svæði, sem mælist 1.2x0.5 cm, og á svipuðum slóðum hægra megin, en nokkru nær miðlínu, er bogadregið klór, 0.7x0.4 cm, og annað minna nokkru hliðlægar og ofar, er mælist 0.2x0.2 cm. Framan á hálsinum eru fjórar mjóar og grunnar skurðlínur eða rispur á hörundi. Hin efsta er 6 cm neðan við höku og mælist 4 cm á lengd og liggur yfir þveran barkann. Næsta lína mælist 7 cm á lengd og er 2 mm neðan við hina fyrri. Hún byrjar 2 cm hliðlægt við miðlínu, en liggur þvert yfir hálsinn og yfir að hálsvöðvanum (sternocleidomastoideus) hægra megin. Þriðja línan er enn 2 mm neðan við þá, sem áður er lýst, og mælist hún 4 cm og nær frá miðlínu og að áðurnefndum vöðva. Fjórða og neðsta rákin er 7 cm á lengd og byrjar rétt vinstra megin við miðlínu og liggur yfir þveran barkann og að vöðvanum. Er skurðfarið mjótt, þar sem það byrjar, en breikkar til hægri hliðar, þar sem það mælist 0.4 cm.

Í miðlínu, svarandi til processus xiphoideus (flagbrjósk), er stungusár, sem mælist 1.6 cm að lengd og 0.9 cm að mestri breidd, og er það lítið eitt skásett, þannig, að neðri endi þess veit til vinstri hliðar. Í stefnu neðri hluta stungusársins og 1 cm neðan við það er grunnur áverki, 0.2x0.3 cm, og 1 cm neðan við hann er sams konar áverki, jafnstór.

Ekki verður séð, að nein bein séu brotin í andliti né heldur tennur. Ekki verða greind nein önnur áverkamerki, sérstaklega ekki á höndum eða kynfærum. Nokkurt blóð er á líkinu, en lögreglumenn segja það hafa makast á, er konan var færð úr nærfötum.

Athugun á kynfærum og endaþarmi leiddi ekkert athugavert í ljós. Skapahár er brúnt, og er ekki að sjá neinar klínur eða slím í því, og framandi hár greinast ekki. Skapabarmar (labia minora) eru klæddir grádrapplleitri slímhúð, og sjást þar engir áverkar. Leggöng eru klædd grárri, fellingaríkri þekju, sem einnig er án nokkurra áverka, en lítils háttar slím er í nánd við leghálsinn.

Rannsókn á blóði, sem tekið var þann 6. september 1988 úr meintum árásarmanni, svo og blóði úr líki K og 5 sýnum frá vettvangi voru send

til samanburðarrannsókna og merkt sem hér segir: nr. 1: blóð úr líki; nr. 2: blóð frá meintum árásarmanni; nr. 3: lak; nr. 4: blóðblettir frá handlaug; nr. 5: blóðblettir úr sturtubotni; nr. 6: frá gólfi við hlið á rúmi; nr. 7: frá gólfi nálægt baðherbergi.

Framangreind sýni voru send dr. Patrick J. Lincoln, The London Hospital Medical College í London, Englandi.

Samkvæmt niðurstöðum blóðflokkarannsóknanna má sjá, að blóð K er í laki, en blóðblettir 4-7 samrýmast því að koma frá meintum árásarmanni. Samkvæmt útreikningi á tíðni blóðflokka í Vesturlandabúum eru líkurnar 1:6700 að finna annan einstakling en meintan árásarmann, sem hefði sams konar blóðflokka og fundust í blóðblettunum, en það táknar, að 99.98% manna hafa annars konar samsetningu blóðflokka þessara og eru því útilokaðir. Blóðflokkarannsóknin gefur því mjög sterka vísbendingu um, að blóðblettirnir séu úr meintum árásarmanni.

Um krufninguna segir m.a. svo:

Í kviðarholi eru 485 ml af blóði. Svarandi til stungusárs þess, sem sást efst á kviðarholi, liggur stungufar í mjúkvefjum með stefnu upp á við, og hefur lagið farið í gegnum þindarfestuna, og hefur náð að blæða inn í kviðarholið af þeim sökum, enda þótt engin líffæri hafi skaðast í kviðnum. Stungufarið liggur í gegnum vefi miðmætis og inn í gegnum gollurshúsið, og er þar 2 cm rifa á neðri hluta þess. Er stungufarið samtals 13 cm að lengd og endar með því að ganga í gegnum hægra forhólf á neðri fleti hjartans, fast við þann stað, er neðri bláæðin (vena cava inferior) mætir hjartanu. Hefur blætt þar inn í gollurshúsið og þaðan inn í hægra brjósthol. Rifan á hjartanu er 0.7 cm að lengd.

Niðurstaða krufningarinnar er svohljóðandi:

„Ályktun:

Samkvæmt því, sem fram kemur í skýrslum lögreglu og við krufningu, má ályktа, að K hafi verið stungin til bana. Blóðblettir fundust á vettvangi. Koma blóðblettirnir heim við blóð það, sem tekið var úr meintum árásarmanni.

Krufningin leiddi í ljós að konan lést af völdum innri blæðingar, sem hún hlaut af stungusárinu er gekk í gegnum hægra forhólf hjartans. Hún var með áverkamerki á hálsi, sem gætu stafað af því að eggjárni hafi verið brugðið fjórum sinnum grunnt yfir framanverðan háls hennar eða einhver hvass hlutur rispað hörundið. Þroti var í barkakýli og slímsamsafn í berkjum og getur það samrýmst því að þrýst hafi verið að hálsi hennar. Þó skal tekið fram að konan lést ekki af völdum köfnunar.

Konan hafði áverka vinstra megin á höfði, sem samrýmist því að hafa komið við „sljótt" högg eða fall.

Lyfjamæling sýndi að konan var ölvuð er hún lést.

Ekki var sýnt fram á að konan hefði haft samfarir fyrir andlátið."

Læknirinn kom fyrir dóm sem vitni við meðferð málsins og staðfesti ofangreinda skýrslu sína. Kvað vitnið ekkert hafa fundist, sem staðfesti, að hin látna hefði haft samfarir fyrir andlátið, en ekki yrði fullyrt um, að hún hefði haft samfarir, þar sem ekki hefði orðið sáðlát, eða að hún hefði haft samfarir við mann, sem ekki hefði framleitt sæðisfrumur. Útilokaði krufningin því ekki, að samfarir hefðu getað átt sér stað skömmu fyrir andlátið.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á alkóhólinnihaldi í blóði hinnar látnu og þvagi mældist magn alkóhóls í blóði hennar 1,58‰ og í þvagi 2,17‰. Staðfestu niðurstöðutölur rannsóknarinnar, að hún hefði neytt áfengis skömmu fyrir andlátið og að hún hefði getað verið ölvuð, er hún lést, en skýrðu ekki ella andlát hennar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi um kl. 19.30 að kvöldi föstudagsins 2. september farið út á Reykjavíkurflugvöll ásamt kunningja sínum, X, þar sem þeir hafi ásamt öðrum kunningja sínum farið að bóna flugvél í eigu þeirra allra og fleiri manna. Tók ákærði með sér 12 bjóra, en X 8. Drakk áðurnefndur kunningi þeirra 3-4 bjóra, en ákærði og X afganginn til helminga. Hættu þeir að bóna vélina um miðnætti, og héldu þá ákærði og X heim til ákærða, þar sem ákærði skipti um föt. Á meðan ákærði hafði fataskipti, drukku þeir X tvo bjóra hvor. Um kl. 0.30 fóru þeir í leigubifreið að Gauki á Stöng við Tryggvagötu hér í borg, þar sem þeir stoppuðu stutta stund. Þaðan fóru þeir á Fógetann í Aðalstræti og þaðan síðan á Hótel Borg. Höfðu þeir stutta viðdvöl á þessum stöðum og drukku ekkert. Frá Hótel Borg fóru ákærði og X á Hótel Ísland við Ármúla. Drakk ákærði þar tvo tvöfalda skammta af sterku áfengi á tímabilinu frá kl. 1.30 til kl. 2.45, en eftir það neytti hann ekki áfengis.

Ákærði fór út af Hótel Íslandi um kl. 3.00 og gekk áleiðis að veitingastaðnum Hollywood, sem þar er skammt frá. Hitti hann K og vinkonu hennar, Y, þar fyrir utan. Ákærði þekkti þær ekkert og hafði aldrei séð þær áður. Tóku þau öll saman leigubifreið, og bauðst ákærði til að borga hana. Ákærði mundi ekki aðdraganda þess, að þau tóku leigubifreiðina saman, en kveður, að smá-samræður hafi átt sér stað áður.

Ákærði kveður, að haldið hafi verið beint heim til K í leigubifreiðinni og þangað verið komið um kl. 4.00. Kveðst ákærði hafa spurt K, hvort hann mætti koma inn, og hún samþykkt það. Vinkona hennar hafi á hinn bóginn aðeins komið í útidyragáttina, stoppað þar stutta stund, en farið síðan. Ákærði kveðst hafa orðið eftir með K í íbúð hennar. Hafi hún útbúið eggjabrauð og snætt það, en ákærði ekki þegið boð hennar um að borða með henni. Er K hafi verið að borða, hafi bróðir hennar komið þar

inn með kött. Kveðst ákærði hafa átt einhver orðaskipti við hann, en mundi ekki, hver þau voru. Stoppaði bróðirinn stutt, og sátu ákærði og K áfram saman við eldhúsborðið og ræddu saman, en ákærði mundi ekki orðaskipti þeirra.

Eftir að K var búin að borða, kveður ákærði, að hún hafi fært barn sitt, sem svaf í rúmi hennar, yfir í barnarúm í íbúðinni. Þá hafi hún gengið frá matarílátum og að því búnu farið að fataskáp, afklætt sig úr öllum fötum nema nærbuxum og klætt sig í bol. Síðan hafi hún sest á rúmstokkinn og ákærði við hlið hennar. Kveðst ákærði hafa farið að kyssa hana og hún ekkert haft á móti því. Kveður ákærði, að eftir nokkra stund hafi þau hafið samfarir, en K fljótlega viljað hætta þeim og sagt eitthvað á þessa leið: „Hættu þessu" og ýtt ákærða frá sér. Kveðst ákærði hafa reynt aftur að hefja samfarir, en K hafi ýtt honum frá sér á ný og snúið sér á hliðina upp að vegg, eftir að hafa smeygt sér í nærbuxurnar.

Ákærði kveðst ekki hafa verið búinn að fá fullnægingu og hafi hann nú alveg sturlast, tekið báðum höndum um háls K aftan frá og reynt að kyrkja hana. Hafi hún barist um stutta stund, en misst síðan meðvitund. Eftir þetta kveðst ákærði hafa velt henni við og slegið hana með krepptum hnefa hægri handar á vinstri kinn. Því næst hafi hann farið í eldhúsið og náð þar í hníf, sem annaðhvort hafi verið í vaski þar eða eldhússkúffu, farið með hann að rúminu, þar sem K lá meðvitundarlaus, dregið upp bolinn, sem hún var í, og stungið hana þrisvar fyrir neðan brjóstin. Hafi hnífurinn ekki gengið á hol við tvær fyrri stungurnar, en það hafi hann gert við hina þriðju.

Eftir þetta kveðst ákærði hafa farið að kjökra og gert sér grein fyrir því, sem hann hafði gert. Kveðst hann fyrst hafa tekið hnífinn, sem hann hafði stungið K með, og skorið sig með honum á vinstri úlnlið, en síðan annan stærri hníf, sem þarna hafi verið, og gert hið sama. Hafi hann ætlað að svipta sig lífi, en það ekki tekist. Ákærði kveður mikið hafa blætt úr sárinu, en hann hafi samt ekki hitt á slagæð. Eftir þetta kveðst ákærði hafa fundið rafmagnssnúru, sem hann hafi hengt upp í sturtuhengi og reynt að hengja sig, en það hafi mistekist.

Ákærði kveðst næst hafa klætt sig í föt sín, önnur en nærbuxur, og þvegið sér á baðinu. Að því búnu hafi hann velt K á hægri hlið, breitt yfir hana og yfirgefið íbúðina. Kveðst hann hafa gengið í áttina að Kópavogslæknum og tekið leigubifreið þar. Hafi hann beðið leigubifreiðarstjórann að aka sér að [.....] og ætlað út á flugvöll. Er að [.....] hafi verið komið, hafi hann áttað sig á, að hann var ekki á þeim stað, sem hann ætlaði á, og leiðbeint bifreiðarstjóranum að [.....] þar sem hann hafi yfirgefið bifreiðina. Kveðst ákærði hafa gengið yfir mýrina út að flugskýlum, sem þarna eru, þar sem hann hafi ráfað um stutta stund, en farið síðan í afgreiðslu

innanlandsdeildar Flugleiða, þar sem hann hafi tekið leigubifreið til lögreglunnar í Kópavogi og skýrt frá því, sem gerst hafði.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins verið inntur eftir skýringum á skurðlínum þeim eða rispum og öðrum áverkum, sem voru á hálsi hinnar látnu. Ákærði kunni í fyrstu engar skýringar á þessum áverkum, en minnti síðar, að hann hefði lagt hnífseggina að hálsi hinnar látnu og strokið henni eftir honum, eftir að hafa slegið hana. Ákærði vildi ekki fullyrða um þetta, en minnti, að hann hefði gert þetta, en af hverju, vissi hann ekki.

Við rannsókn málsins var ákærði fenginn til að lýsa leið þeirri, er hann gekk, eftir að hann yfirgaf [.....] umræddan morgun. Samkvæmt lýsingu ákærða gekk hann þaðan suður Gagnheiði, vestur Digranesveg, suður Bröttubrekku og vestur Hlíðarveg til enda. Þaðan gekk ákærði að afrennslisbrautinni af Hafnarfjarðarvegi og inn í Kópavog, yfir hana og þar út á graseyju, þar sem hann tók leigubifreiðina. Leið þessi reyndist samkvæmt mælingu 1,5 kílómetrar.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna.

X [.....] Kópavogi, fór um klukkan 19.00 að kvöldi 2. september heim til ákærða. Fóru þeir síðan saman þaðan út á flugvöll, þar sem þeir höfðu ákveðið að bóna flugvél, sem þeir eiga ásamt fleirum. Er þangað var komið, tóku þeir til við að bóna flugvélina ásamt einum eiganda í viðbót. Drukku þeir áfengan bjór við starfann, en um miðnætti hættu þeir iðju sinni og tóku leigubifreið heim til ákærða. Fóru vitnið og ákærði þar inn, en meðeigandinn hélt áfram heim til sín. Eftir að hafa dvalist heima hjá ákærða um stund fóru vitnið og ákærði niður í miðborg. Þaðan fóru þeir um kl. 1.00 - 1.30 á Hótel Ísland. Yfirgaf vitnið veitingastaðinn um kl. 2.30 og fór beint heim til sín.

Vitnið kveður, að það og ákærði hafi á tímabilinu, frá því þeir byrjuðu að bóna flugvélina og þar til vitnið yfirgaf Hótel Ísland, drukkið hvor um sig 10 áfenga bjóra og að auki eitt til tvö glös af sterku áfengi á Hótel Íslandi. Er vitnið skildi við ákærða um nóttina, var hann greinilega undir áhrifum áfengis að mati vitnisins, en ekki treysti það sér til að segja til um, hversu mikið það var.

Y [.....] hér í borg, kvaðst hafa farið í veitingahúsið Hollywood með vinkonu sinni, K, að kvöldi 2. september sl. Eftir að dansleik lauk um klukkan 3.00, fóru vitnið og K út úr húsinu, og fóru þær að svipast um eftir leigubifreið. Bar það ekki árangur strax, og eftir nokkra stund gaf K sig á tal við ákærða. Voru vitnið og K peningalausar, og tóku þær því leigubifreið með ákærða. Var fyrst haldið á Rauðalæk, en síðan að [.....]. Fóru þau öll inn í íbúð K, sem innréttuð hafði verið í bifreiðageymslu, áfastri við húsið. Færði K son sinn, sem svaf í rúmi hennar, yfir í barna-

rúm. Hafði K orð á því, er þau fóru inn til hennar, að fyrir dyrum stæði afmæli sonar hennar og að hún væri þreytt. Var hún að öðru leyti hress og erfitt að átta sig á því, hvort hún væri ölvuð. Ákærði virtist að mati vitnisins ekki vera mikið ölvaður og bauð af sér góðan þokka. Sýndu ákærði og K hvort öðru engin blíðuhót, þannig að vitnið sæi til. Vitnið stoppaði stutt við og fór um klukkan 4.00 til 4.30 inn í íbúðarhúsið á sama stað, þar sem sonur hennar og bróður K svaf.

Vitnið kveður þær K hafa komið frá Mallorka 15. ágúst sl. Hafi K kynnst manni þar, sem hún hafi orðið mjög hrifin af. Hafi hún ætlað að skrifast á við mann þennan og alls ekki ætlað að taka upp náin kynni við annan karlmann, að minnsta kosti ekki fyrr en hún hefði fengið bréf frá manninum.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu kvað vitnið ákærða hafa yfirgefið íbúð K með sér, og vitninu skilist, að hann ætlaði á brott, en við meðferð málsins hvarf vitnið frá þessum framburði sínum.

Z [.....] Kópavogi, var umræddda nótt úti að keyra með kunningjum sínum, A og B. Vitnið gat ekki sagt til um það með neinni vissu, hvenær það kom heim til sín um nóttina, en sá þá ljós í íbúð K, systur sinnar. Fór vitnið þar inn og sá, hvar systir þess sat við eldhúsborð og á móti henni karlmaður, sem kynnti sig. Spurði vitnið K, hvort allt væri ekki í lagi, og játaði hún því. Sýndist vitninu á augum mannsins, að hann væri undir áhrifum áfengis, en merkti ekki önnur áfengisáhrif á honum. Vitninu virtist K hins vegar ekki vera ölvuð. Hafði hún á orði, að maðurinn hefði elt hana og Y heim og boðist til að borga leigubifreiðina, en komið síðan inn með þeim. Kastaði vitnið kveðju á systur sína og fór að því búnu.

A [.....], Reykjavík, ók fyrrgreindum Z heim til hans umræddda nótt. Lagði vitnið af stað frá veitngastaðnum Evrópu-Zeppelin í Borgartúni hér í borg um klukkun 4.00 um nóttina og var komið heim til Z um klukkan 4.15 - 4.20.

B [.....], Reykjavík, var í bifreiðinni með A og Z nefnda nótt. Var lagt af stað á bifreiðinni frá veitingastaðnum Evrópu-Zeppelin um klukkan 4.10, og taldi vitnið, að komið hefði verið heim til Z laust fyrir klukkan 4.30.

C [.....] Reykjavík, hitti A fyrir utan veitingahúsið Evrópu-Zeppelin greinda nótt um klukkan 3.05. Sátu vitnið og A um klukkustund í bifreið vitnisins og ræddu saman. Var klukkan örugglega orðin 4.00, er A yfirgaf bifreiðina.

Magnús Hlynur Haraldsson leigubifreiðarstjóri tók farþega upp í bifreið sína umræddan morgun klukkan 6.20 - 6.30 skammt fyrir sunnan Kópavogsháls. Kom farþeginn, um það bil 22 - 23 ára karlmaður í dökkum jakka, gangandi niður brekkuna, sem liggur upp í Kópavog að Kópavogs-

hálsi, þegar komið er frá Garðabæ. Settist maðurinn, sem bauð af sér góðan þokka, í aftursætið og bað vitnið um að aka sér að [.....] í Reykjavík. Er þangað var komið, áttaði hann sig á, að hann var ekki á réttum stað, og leiðbeindi vitninu að [.....] þar sem hann yfirgaf bifreiðina. Var maðurinn mjög þögull og ræddi ekkert við vitnið utan þess, sem að framan er getið.

— — —

Ákærða var við rannsókn málsins gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni. Annaðist þá rannsókn Hannes Pétursson, yfirlæknir á Borgarspítalanum. Segir svo í niðurstöðu skýrslu hans um rannsóknina, sem dagsett er 30. september sl.:

„*Ályktun.*

Ljóst er, að Guðmundur Sveinbjörnsson er ekki haldinn formlegri geðveiki, meiri háttar taugaveiklun eða greindarskorti. Ekki greinast heldur merki um alvarlegar persónuleikatruflanir, svo sem merki um andfélagslega hegðun eða þess háttar. Hins vegar koma fram vísbendingar í lífsferli, sem gefa til kynna nokkurt kæruleysi, skort á fyrirhyggju og hugsanlega ótæpilega neyslu áfengis. Guðmundur er að líkindum nokkuð dulur að eðlisfari, og skapgerðarbrestir koma meira í ljós á sálfræðiprófum.

Að því er varðar aðdraganda og hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Guðmundur er nú grunaður um, þá er það að líkindum best skoðað í ljósi framangreindra skapgerðareinkenna samfara mikilli áfengisneyslu fyrir umræddan atburð. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum hafa viðbrögð Guðmundar orðið mjög heiftarleg, en rannsókn þessi hefur ekki leitt í ljós aðrar haldbærar skýringar en samverkandi áhrif áfengis og framangreindra skapgerðarbresta. Ég hefi lagt á það ríka áherslu við Guðmund, að hann geri sér grein fyrir skapgerð sinni, og þó fyrst og fremst nauðsyn þess, að hann neyti aldrei framar áfengis.

Líklegt má teljast, að dómreind Guðmundar hafi verið sljóvguð vegna ölvunar, er umræddur atburður átti sér stað. Ég tel þó, að raunveruleikamat og dómgreind Guðmundar Sveinbjörnssonar sé með þeim hætti, „að hann teljist sakhæfur".

Þá lagði Sigurgísli Skúlason sálfræðingur nokkur sálfræðipróf fyrir ákærða. Samkvæmt niðurstöðu greindarprófs Wechlers mældist greindarvísitala munnlega hlutans 101 og hins verklega 112. Greindarvísitala alls prófsins mældist því 106, sem telst vera í meðallagi.

Samkvæmt niðurstöðum úr MMPI-persónuleikaprófi bentu þrír gildiskvarðar þess til, að ákærði hefði reynt að gefa of fegraða mynd af sér í prófinu. Af gildisákvörðunum var lygakvarðinn mest hækkaður. Í prófinu

reyndi ákærði að gefa fegraða mynd af sjálfum sér. Vildi hann líta vel út í augum annarra og var á verði gagnvart staðhæfingum prófsins, sérstaklega vandamálum eða erfiðleikum af tilfinningalegum toga. Hafði hann mikla þörf fyrir það að koma vel fyrir og var afneitandi og á varðbergi. Skorti hann sveigjanleika og hafði auk þess lítið streitu- og álagsþol.

Á hinum 10 klínísku kvörðum MMPI-prófsins varð hækkunin mest á þunglyndiskvarðanum og geðvillukvarðanum. Var hækkunin á þunglyndiskvarðanum að áliti sálfræðingsins vafalítið aðstæðubundin, þ.e. fyrst og fremst viðbrögð við utanaðkomandi álagi. Eftir standa að áliti hans skapgerðartruflun eða skapbrestir, en engin merki sáust um geðsjúkdóma eða meiri háttar geðtruflun.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, krufningarskýrslu dr. Gunnlaugs Geirssonar, ljósmyndum af vettvangi, niðurstöðu blóðflokkarannsóknar The London Hospital Medical College og öðrum gögnum málsins, að ákærði svipti K [.....], lífi árla morguns 3. september sl. í íbúð hennar að [.....] í Kópavogi með því að stinga hana efst í kviðarholið með hnífi, sem ákærði sótti í eldhús íbúðarinnar. Gekk stungan 13 cm inn í kviðarholið, í gegnum gollurshús og hægra forhólf hjartans, og leiddu innri blæðingar til dauða konunnar. Áður hafði ákærði hert að hálsi hennar með báðum höndum, þar sem hún var rúmliggjandi, þar til hún missti meðvitund, slegið hana í framhaldi af því með krepptum hnefa á vinstri kinn og gert eftir það tvær atlögur að henni með hnífnum, sem hittu á bein neðan við stungusárið.

Ákærði er einn til frásagnar um það, sem gerðist, og þykir ekki sérstök ástæða til að vefengja frásögn hans. Ákærði þykir þó eigi hafa gefið viðhlítandi skýringu á áverkum þeim, sem voru á hálsi hinnar látnu.

Ekki er ljóst, hvað ákærða gekk til verksins, en hann hefur borið því við, að hann hafi „sturlast" við það, að K hafi fljótlega viljað hætta samförum þeim, sem hann kveður þau hafa haft. Verður að miða við það, að ásetningur ákærða um verknaðinn hafi ekki myndast fyrr en á þeirri stundu. Var ásetningur ákærða styrkur og einbeittur, með því að hann dró bol K upp og lagði tvisvar til hennar með hnífnum, áður en hann gekk á hol í þriðju atrennu.

Þykir háttsemi ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Við ákvörðun refsingar þykir bera að taka tillit til þess, að ákærði sagði sjálfur til brots síns mjög skömmu eftir verknaðinn, aldurs hans og þess,

að hann hefur eigi fyrr orðið uppvís að refsiverðu atferli af neinu tagi. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 14 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhald ákærða, óslitið frá 3. september sl., koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin samtals 100.000 krónur, og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð og þykja hæfileg 60.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Sveinbjörnsson, sæti fangelsi 14 ár. Til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 3. september 1988.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur, og saksóknarlaun, 60.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 1. febrúar 1990.

Nr. 330/1988. **Guðjón F. Teitsson**
(sjálfur)
gegn
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Lífeyrisréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1988. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 6.536.317 krónur auk verðbóta,

1. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 5.645.150 krónur,

2. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 5.199.566 krónur,

3. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4.993.235 krónur,

4. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4.851.937 krónur,

5. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 4.569,323 krónur,

6. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 3.950.300 krónur.

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi vaxta frá 1. janúar 1987 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Atvik málsins eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Ágreiningsefni málsins lýtur að því, hvort áfrýjandi eigi rétt á, að ellilífeyrir hans frá stefnda reiknist af öðrum launagrunni en

verið hefur. Áfrýjandi heldur því fram, að grundvöllur ellilífeyris hans hafi mjög raskast á undanförnum árum vegna breytinga er orðið hafi á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hann gegndi 1953-1976, og launakjörum sem því fylgja. Megi rekja þá þróun til 1967. Þetta hafi leitt til þess, að hann hafi um langt árabil notið mun lakari ellilífeyris en réttmætt, eðlilegt og sanngjarnt geti talist.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi hefur meginþáttur þess álitaefnis, er stendur að baki kröfugerð áfrýjanda í málinu, þegar verið til lykta leiddur með dómi Hæstaréttar 30. júní 1987 í hæstaréttarmáli nr. 47/1986 milli sömu aðila. Í þessu máli hefur ekkert komið fram varðandi árin 1987-1990, er leiði til annarrar niðurstöðu.

Skýr og afdráttarlaus ákvæði í 6. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. 6. gr. laga nr. 98/1980, sbr. 4. gr. laga nr. 47/1984, sem lögð eru til grundvallar í hinum áfrýjaða dómi, standa því í vegi, að kröfur og málsástæður áfrýjanda að öðru leyti geti náð fram að ganga.

Við munnlegan málflutning lýsti áfrýjandi því yfir, að málið væri lagt fyrir Hæstarétt „á hreinum gerðardómsgrundvelli". Rekstur máls á þeim grundvelli er utan lögsögu almennra dómstóla.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. ágúst 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júní 1988, er höfðað með stefnu, þingfestri 15. október 1987, af Guðjóni F. Teitssyni, fyrrverandi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Hofsvallagötu 55, Reykjavík, nnr. 2932-7491, á hendur Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Laugavegi 114, Reykjavík, nnr. 6088-9407, til greiðslu hærri eftirlauna en honum hafa þegar verið veitt fyrir tímabilið 1. nóvember 1976 til 31. desember 1986.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega, að stefndi greiði honum kr. 6.536.317, en til vara, að stefndi greiði honum kr. 3.950.300. Í bæði

aðalkröfu og varakröfu er krafist vaxta miðað við árslok 1986, en verðbóta og vaxta frá árslokum 1986 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Stefnandi byggir mál sitt á því, að sá launagrunnur, sem eftirlaun hans séu reiknuð af, sé rangur og ósanngjarn. Hann lýsir starfsferli sínum frá 1929 til 1976 svo: Hann kveðst hafa starfað hjá Skipaútgerð ríkisins frá desember 1929 til 31. desember 1951, eða í full 22 ár, sem skrifstofustjóri og fyrsti varamaður eins forstjóra yfir landhelgisgæslu og strandferðum og sumpart með utanlandssiglingum, þar af í 3,5 ár hafi hann einnig verið formaður og framkvæmdastjóri Verðlagsnefndar, sem farið hafi með fyrsta samfellda, almenna verðlagseftirlit hér á landi, og hafi starfstíma hans þá verið skipt nokkurn veginn að hálfu milli Verðlagsnefndar og Skipaútgerðarinnar. Telur hann, að samkvæmt síðari skilgreiningu hafi áðurgreind staða mátt í raun frá upphafi teljast framkvæmdastjórastaða fremur en skrifstofustjórastaða. Í ársbyrjun 1952 hafi yfirstjórn landhelgisgæslu og strandferða verið aðskilin. Um miðjan júní 1952 kveðst stefnandi raunverulega hafa tekið við forstjórastöðu strandferðadeildarinnar með fyrra starfi, þótt formleg veiting færi ekki fram fyrr en um haustið 1953.

Á árunum 1947/1948 til 1965/1966 hafi skipakostur félagsins verið: Esja, Þyrill, Herðubreið, Skjaldbreiður, Hekla auk Herjólfs, sem smíðaður er 1959. Tala skipverja félagsins hafi komist upp í um 200 manns, en venjulega verið að sumri um 150 manns, en nokkru færri að vetri, verkamenn í fastri vinnu hafi verið 25-30, en með lausráðnum farið upp í 50-60, skrifstofufólk hafi verið í kringum 20 að tölu og umboðsmenn á innlendum höfnum og hafnleysum rúmlega 50. Farþegasvefnrúm um 370. Núverandi floti útgerðarinnar séu 3 skip, sem séu einhliða til vöruflutninga að undanskildum 4 farþegasvefnrúmum í aðeins einu skipanna, skipverjar séu sagðir um 30, sem aftur hljóti að leiða til minni yfirstjórnarumsýslu. Aftur á móti hafi flutt vörumagn aukist mjög verulega á undanförnum árum, þetta kveður stefnandi samt sem áður ekki hafa lyft yfirstjórnarumsýslu Skipaútgerðarinnar á nándar nærri jafnhátt stig og á áðurgreindu 36-37 ára tímabili, 1929-1966, og enn síður, þegar strandferðir og landhelgisgæsla hafi verið undir einni og sömu útgerðarstjórn.

Á áðurgreindum starfstíma, er stefnandi vann sem skrifstofustjóri og forstjóri Skipaútgerðarinnar, kveðst hann hafa unnið svo að segja eingöngu gegn einföldum fastalaunum, þótt fastur skrifstofutími, einkum á fyrri hluta tímabilsins, hafi verið mun lengri en síðar varð, unnið frá kl. 9.00 til 18.00 mánudag til föstudags og kl. 9.00 til 16.00 á laugardögum árið

um kring, og þrátt fyrir það hafi löngum verið gífurleg yfirvinna í útgerðarstjórninni, án þess að launabætur kæmu fyrir.

Stefnandi kveður iðgjaldaskyldu sinni hafa lokið 1. nóvember 1964. Hafi hann því verið kominn þrjú ár fram yfir iðgjaldaskyldu til lífeyrissjóðsins árið 1967, þegar umdeildu launafyrirkomulagi með aukagreiðslum hafi verið komið á fót. Kveðst hann hafa greitt tilskilin iðgjöld til lífeyrissjóðsins af svo að segja öllum launatekjum sínum samkvæmt framtölum til skatts frá 1944 til loka iðgjaldaskyldu, en fyrir lífeyrisréttindi fram til loka júní 1945 hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðsins gagnvart fjölda starfsmanna, sem þá hafi keypt réttindi fyrir liðinn tíma með einhvers konar jöfnunargjaldstaxta. Hann hafi byrjað að fá greidd eftirlaun 1. nóvember 1976.

Stefnandi kveður aukagreiðslur fyrir störf í hinum hæstlaunuðu embættum ríkisins yfirleitt ekki hafa tíðkast, sbr. lög nr. 16/1925, 16/1928, 60/1945 og 92/1955. Þessa launastefnu kveður hann enn fremur hafa komið fram í kjaradómum, sem giltu á árunum 1963-1966. Telur hann, að túlka beri texta þeirra þannig, að frumkvæði að hugsanlegum aukagreiðslum hafi átt að vera hjá launþeganum. Frumkvæði að öllum ákvörðunum um aukagreiðslur til stefnanda telur hann hins vegar hafa verið algerlega hjá Stjórnarráðinu, og hafi hann sem launþegi einskis verið spurður í því sambandi.

Stefnandi kveður eðlilegt, að laun taki mið af ábyrgð og vanda, er starfi fylgja, og að þeim sé breytt, t.d. í samræmi við vöxt eða samdrátt þeirrar stofnunar, sem veitt er forstaða. Hann telur hins vegar, að í sambandi við breytingu á launagrunni stöðu forstjóra Skipaútgerðar ríkisins hafi hann orðið fyrir órétti, þar sem föst laun hafi verið stórlega lækkuð í samanburði við fjölda annarra embætta á fyrri tíð, en núverandi forstjóra veitt allt að 50-60% launauppbót vegna aukastarfa. Stefnandi kveður, að vegna einföldunar í rekstri og þar sem nú séu þrír framkvæmdastjórar og einn markaðsfulltrúi við hlið forstjóraembættisins, þá sé ekki ástæða til að ætla, að þessi aukavinna sé raunverulega látin í té. Sjálfur sé hann fyrrverandi forstjóri með 48 ára starfsréttindi, að verulegu leyti með mun lengri föstum vinnutíma og að auki oft gífurlegri raunverulegri yfirvinnu, sem ekki hafi verið sérstaklega bætt, en laun starfandi forstjóra Skipaútgerðarinnar hafi að undanförnu verið um það bil 86% (með þóknun í Vinnumálanefnd 1985 98%) hærri en greidd eftirlaun til stefnanda.

Með kjaradómum 1963-1965 hafi verið byrjað að breyta launakjörum í embætti forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og margra annarra embættismanna á vegum ríkisins á þann hátt að gera laun fyrir „ómælda yfirvinnu" og einhvers konar aukastörf að verulegum og sívaxandi þætti heildarlauna. Kveður hann yfirstjórnarumsýslu í Skipaútgerð ríkisins þegar hafa dregist

stórlega saman, er nefndum aukagreiðslum hafi verið komið á, og telur hann það sýna betur en nokkuð annað, að hér hafi verið um að ræða beina röskun á þeim grundvelli launakjara, sem hann hafi áður búið við um áratugaskeið.

Stefnandi telur, að með kjaradómunum frá 1963-1965 hafi verið tekið að meta embætti forstjóra Skipaútgerðarinnar niður í launum um 2-3 launaflokka, þó aðeins þá þegar um 5-10%, miðað við ýmis önnur embætti undanfarin 34-37 ár, og virðist þetta hafa tengst fyrirhuguðum samdrætti í yfirstjórn útgerðarinnar, þ.e. einkum sölu beggja aðalfarþegaskipanna; hið fyrra hafi þó ekki verið selt fyrr en í árslok 1966 og hið síðara um haustið 1969. Telur stefnandi þetta hafa verið ósanngjarnt gagnvart sér, einkum í ljósi hins langa starfsaldurs, er hann hafi haft að baki.

Með lögum, samþykktum á alþingi 5. des. 1977, hafi verið ákveðið, að Kjaradómur skyldi á ný fjalla um launakjör ýmissa embættismanna. Athyglisvert sé, að undantekningarlítið hafi dómurinn hækkað fastalaun ríflega samsvarandi þeirri „ómældu yfirvinnu" eða tilsvarandi launabótum, sem tíðkast hafi að greiða viðkomandi, og hafi þannig endurreist fyrri venju um einföld fastalaun í embættunum.

Það megi því segja, að kjaradómar á tímabilinu frá 1. júlí 1978 til og með 1986 hafi í raun og veru ógilt, að launabætur til fjölda embættismanna undir heiti „ómældrar yfirvinnu" eða þvílíks, sem aðallega hafi hafist, svo nokkru næmi, á árinu 1967 og farið síðan vaxandi á næstu árum, skyldu metnar öðruvísi en sem hluti fastra launa. En af þessari ástæðu hafi eftirlaunaþegi tilheyrandi embættis, sem ödlast hafi á nefndum grundvelli kjaradómsúrskurð um laun eftirmanns í samnefndu embættisstarfi, sjálfkrafa fengið hækkun eftirlauna frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins án þess að hafa greitt iðgjöld af hinum umræddu aukagreiðslum. Þetta hafi hins vegar ekki átt við um „aukagreiðslur" til stefnanda, þar sem iðgjaldaskyldu hans hafi verið lokið, áður en þær hófust.

Stefnandi kveðst enn fremur með vísan til þess, er að ofan er rakið, byggja á 12. gr. laga 98/1980, sem hann telur, að hafi í framkvæmd verið látin verka aftur fyrir sig. Í henni sé kveðið á um það, að hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagstíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þá skuli miða lífeyrinn við hæstlaunaða starfið. Ekki sé svo mikið semýjað að því, að hið hærra launaða starf þurfi að hafa verið í annarri stofnun eða með öðru nafni í sömu stofnun og við starfslok, enda hefði slíkt verið mjög óeðlilegt, þar eð reikna verði með því, að stofnanir breytist í tímans rás og þar með launastaða starfsmanna, ekki síst í yfirstjórn. Heiti forstjóra eigi t.d. jafnt við í misstórum fyrirtækjum, þótt laun séu misjöfn.

Stefnandi telur, að þar sem fastalaun eftirmanns hans séu þannig óviðun-

andi launagrunnur til að miða eftirlaun stefnanda við, þá verði að líta til þess, hvernig starf hans hafi verið metið til launa miðað við önnur embætti á starfstíma hans sjálfs. Hefur hann með framlögðum skjölum, þar á meðal ýmsum samanburðartöflum, fært rök að því, að hann hafi verið meðal hæstlaunuðu embættismanna landsins á sinni tíð. Hefur hann valið að reikna viðmiðunargrunn þeirra eftirlauna, er hann krefst í aðalkröfu máls þessa, sem hlutfall af launum ráðherra, en í varakröfu sem hlutfall af launum ráðuneytisstjóra.

Dómkröfur sínar sundurliðar hann þannig:

I. Aðalkrafa, byggð á 74,8% miðun við laun ráðherra (88% af 85% nefndra launa):

	Höfuðstóls-krafa kr.	*Verðbætur kr.*	*Samtals kr.*
Skv. stefnu 6. okt. 87	1.123.261	4.305.487	5.428.748
Skv. útreikningi fyrir 1985/86	906.252	201.317	1.107.569
Samtals kr.	2.029.513	4.506.804	6.536.317

II. Varakrafa, byggð á miðun við laun ráðuneytisstjóra:

Skv. stefnu 6. okt. 87	699.545	2.464.251	3.163.796
Skv. útreikn. fyrir 1985/86	642.797	143.707	786.504
Samtals kr.	1.342.342	2.607.958	3.950.300

Vaxta er krafist af aðalkröfu og varakröfu miðað við árslok 1986. Þegar vextir hafa verið reiknaðir, kveðst stefnandi gera ráð fyrir frádrætti vegna þess, sem lífeyrissjóður hafi greitt samkvæmt Hæstaréttardómi 30/6 1987 í málinu 47/1986 vegna hækkunar lífeyrisréttinda úr 60 í 64% við 95 ára mark líf- og starfsaldurs frá 1/1 1981-31/12 1984.

Stefnandi kveður mál þetta vera á nokkuð breyttum grundvelli endurupptöku kröfumáls, sem dæmt hafi verið í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 21. des. 1985, mál nr. 12366/1985, og hafi síðar verið dæmt í Hæstarétti hinn 30. júní 1987 sem mál nr. 47/1986, en með nefndum dómi Hæstaréttar hafi málinu að mestu leyti verið vísað frá héraðsdómi, vegna þess að það hefði á sínum tíma ekki verið nægjanlega skýrt til dómsálagningar.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að stefnandi hafi verið skrifstofustjóri Skipaútgerðar ríkisins frá desember 1929 til ársins 1953, er hann hafi verið skipaður forstjóri Skipaútgerðar ríkisins. Hann hafi gegnt því starfi til 1. nóvember 1976, er hann hafi látið af störfum fyrir aldurs sakir. Stefnandi hafi hafið greiðslu iðgjalda í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 1. júlí 1944.

Stefnandi hafi keypt réttindi í sjóðnum 16 ár aftur í tímann, og reiknist sjóðsaldur hans því frá 1. júlí 1928. Hann hafi síðan greitt iðgjöld í sjóðinn í samtals 36 ár og 4 mánuði, eða til 1. nóvember 1964, en þá hafi samanlagður sjóðsaldur og lífaldur stefnanda verið 95 ár (stefnandi sé fæddur 4. febrúar 1906). Hinn 1. nóvember 1976 hafi stefnandi látið af störfum og hafið töku lífeyris úr sjóðnum. Lífeyrir stefnanda hafi verið miðaður við föst laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og numið 84% af fyrrgreindum launum. Þegar stefnandi hafi látið af störfum, hafi hann tekið lífeyri eftir fyrirmælum laga nr. 29 frá 1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Stefndi hafi síðan greitt stefnanda lífeyri í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Stefnandi hafi verið óánægður með lífeyrissjóðsréttindi sín og hafi hann höfðað mál gegn stefnda til þess að freista þess, að þau yrðu lagfærð. Dómur hafi fallið í Hæstarétti 30. júní 1987, þar sem staðfest hafi verið niðurstaða bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 12366/1985, um að stefnandi ætti rétt á 4% hækkun á lífeyrisréttindum sínum í samræmi við lög nr. 98/1980, sbr. breytingu á lögum nr. 29/1963. Með dómi þessum hafi lífeyrisréttindi stefnanda hækkað úr 84% í 88% af föstum launum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Í samræmi við dóm þennan hafi stefnanda þegar verið greidd uppbótin aftur í tímann í samræmi við lög nr. 98/1980, og muni hann framvegis fá lífeyrisgreiðslu frá stefnda í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar.

Í sama Hæstaréttarmáli hafi hins vegar verið hafnað kröfu stefnanda um viðmiðun lífeyrisréttinda við laun skipstjóra hjá Skipaútgerð ríkisins og þeirri kröfu (sic) vísað frá héraðsdómi.

Þrátt fyrir niðurstöðu Hæstaréttar í ofangreindu máli hafi stefnandi höfðað nýtt mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 23. október 1986, þar sem gerð sé krafa um breytta viðmiðun launa varðandi útreikning eftirlauna, þ.e. lífeyrisgreiðslur. Kröfugerð í þessu máli taki til tímabilsins frá 1. janúar 1985 til 30. sept. 1986. Krafa sé gerð um viðmiðun við laun ráðherra eða laun ráðuneytisstjóra. Kröfugerð í því máli, sem hér sé til umfjöllunar, taki enn fremur til tímabilsins 1. nóvember 1976 til ársloka 1984, og sé að öllu leyti sambærilegt við og hafi verið sameinað bæjarþingsmálinu, sem þingfest hafi verið 1986.

Mál þetta fjalli um túlkun á 7. mgr. 12. gr. laga nr. 98/1980 og um það, hvort þau lög gildi yfirhöfuð um lífeyrisréttindi stefnanda. Stefnandi haldi því fram, að ekki beri að miða lífeyrisgreiðslur sínar við laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, eins og þau séu í dag, heldur eigi að miða þau við ákveðið hlutfall af launum ráðherra. Til vara haldi hann því fram, að miða eigi lífeyrisgreiðslur hans við laun ráðuneytisstjóra á hverjum tíma. Stefnandi byggi þessa kröfu sína á því, að laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins hafi breyst það mikið til lækkunar nú á seinni árum, að þau séu ekki lengur

hæf til viðmiðunar miðað við þau störf, sem hann hafi innt af hendi á sínum tíma sem skrifstofustjóri og forstjóri sama fyrirtækis. Telji stefnandi breytingu þessa jafngilda því, að hann hafi gegnt hærra launuðu starfi á árum áður, og telji nær sanni, að miðað sé við ákveðið hlutfall af launum ráðherra eða ráðuneytisstjóra. Fullyrðingu stefnanda, hvað þetta varði, sé að sjálfsögðu mótmælt. Ákvæði 7. mgr. 12. gr. laga nr. 98/1980 eigi hér alls ekki við. Í ákvæði þessu sé átt við, að sjóðfélagi hafi gegnt öðru og hærra launuðu starfi, en ekki það, hvort laun í sama starfi hafi á einhverju tímabili verið tiltölulega hærri miðað við einhver önnur störf. Stefnandi uppfylli því ekki þau skilyrði, sem skýrt sé kveðið á um í fyrrgreindum lögum.

Í 6. gr. laga nr. 98/1980 sé skýrt kveðið á um það, að upphæð ellilífeyris sé hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót skv. kjarasamningum, sem á hverjum tíma fylgi starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Því leiki ekki vafi á því, að sú viðmiðun, sem hér eigi við, séu laun forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Engin heimild sé hér í lögum að miða við aðrar starfsgreinar eða hlutfall af öðrum starfsgreinum. Ekki skipti hér heldur máli, hvaða reglur hafi gilt hjá stefnanda og/eða meðal opinberra starfsmanna um yfirvinnugreiðslur.

Í ofangreindum hæstaréttardómi milli stefnanda og stefnda segi orðrétt í dómnum: „Í málinu hefur gagnáfrýjandi ekki leitt rök að því að slík breyting hafi orðið á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins eftir að hann lét af störfum, að það verði ekki talið sama starf og hann gegndi í skilningi 6. mgr. (sic) 12. gr. l. nr. 29/1963, sbr. 6. gr. l. nr. 98/1980.

Að framangreindu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á kröfu gagnáfrýjanda um ellilífeyri sem miðaður sé við laun skipstjóra svo sem gert er í aðalkröfu gagnáfrýjanda."

Skilja verður dóm Hæstaréttar á þann veg, að hafnað sé viðmiðun við önnur laun en forstjóralaun Skipaútgerðar ríkisins.

Stefndi kveður tölulegum viðmiðunum stefnanda almennt vera mótmælt sem órökstuddum og ósönnuðum. Sérstaklega sé kröfum um verðbætur mótmælt.

Hinn 18. apríl 1985 höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda, bæjarþingsmál nr. 12366/1985, og var kveðinn upp dómur í því hinn 21. desember 1985. Því máli var áfrýjað til Hæstaréttar og var rekið þar sem mál nr. 47/1986 og var dómur í því máli kveðinn upp 30. júní 1987. Meðan það mál var fyrir Hæstarétti, höfðaði stefnandi nýtt mál fyrir bæjarþinginu, sem var þingfest 23. okt. 1986 og nefnt nr. 8302/1986, var það efnislega sambærilegt fyrra málinu að öðru leyti en því, að um annað tímabil var að ræða og breyting var gerð á kröfu um viðmiðun launa, þannig að hún

yrði ákveðin hlutfallstala af ráðherralaunum og til vara launum ráðuneytisstjóra í stað launa skipstjóra. Hinn 15. október 1987 þingfesti stefnandi enn mál út af sama sakarefni, bæjarþingsmál nr. 6266/1987, spannar það yfir sama tímabil og hæstaréttarmál nr. 47/1986, en er að öðru leyti sambærilegt við bæjarþingsmál nr. 8302/1986. Sú málsástæða, að starf forstjóra Skipaútgerðar ríkisins hafi breyst verulega, er studd frekari gögnum, er varða umfang fyrirtækisins á þeim tíma, er stefnandi veitti því forstöðu. Hinn 29. apríl 1988 var mál nr. 8302/1986 sameinað máli nr. 6266/1987 að kröfu stefnanda, og í sama þinghaldi var af hálfu stefnda fallið frá frávísunarkröfu, er komið hafði fram í máli nr. 6266/1987.

Í hæstaréttarmáli nr. 47/1986 var í aðalkröfu gagnáfrýjanda, stefnanda í þessu máli, fjallað um þá málsástæðu hans, sem byggð er á 7. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, með vísan til breytinga, sem hann telur hafa orðið á starfi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, þannig að telja megi það annað starf nú en á starfstíma stefnanda. Var þessum rökum stefnanda hafnað af Hæstarétti, og hefur sú niðurstaða bindandi réttarverkanir í þessu máli. Frekari sönnunargögn og rök stefnanda um þessi efnisatriði koma hér því ekki frekar til álita.

Með ofangreindum dómi Hæstaréttar var hins vegar varakröfum stefnanda vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar, en þar krafðist stefnandi þessa máls greiðslu uppbótar á ellilífeyri sinn með vísan til aukagreiðslna, „ómældrar yfirvinnu" og formennsku í stjórnarnefnd á starfstíma sínum. Stefnandi hefur nú rökstutt þessa kröfu, svo sem að ofan er lýst, þannig að auknar aukagreiðslur í embætti hans hafi leitt til lækkunar fastra launa og þannig skekkt þann launagrunn, sem eftirlaun hans eigi að vera miðuð við.

Er stefnandi hóf töku lífeyris, var í gildi um launagrunn þann, sem miða skyldi lífeyri við, 3. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963. Þar var ákveðið, að upphæð ellilífeyris skyldi vera hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast. Ákvæði þetta verður að túlka þannig, að það taki einungis til fastra launa fyrir dagvinnu, enda benda lögskýringargögn til þess, að sú breyting, sem gerð er á orðalagi ákvæðisins í 4. gr. laga nr. 47/1984, sé gerð til áréttingar á ríkjandi lögskýringu ákvæðisins, en þar segir, að upphæð ellilífeyris sé hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum, er á hverjum tíma fylgi stöðu þeirri fyrir fullt starf, er sjóðfélaginn gegndi síðast. Þótt fallast megi á, að sanngirnisrök mæli með sjálfstæðu mati á eftirlaunarétti í tilviki, þar sem launagrunni hefur verið raskað verulega frá fyrri tíð, svo sem telja verður upplýst, að orðið hafi í tilviki stefnanda með því að brjóta tekjur niður í föst laun fyrir dagvinnu og reglulegar greiðslur fyrir aukavinnu með þeim afleiðingum, að viðmiðunar-

grunnur eftirlauna lækkar, þá verður hér ekki vikist undan skýru ákvæði laganna. Dómkröfum stefnanda er því hafnað með vísan til þeirra raka, er hér hafa verið sett fram, og skal stefndi vera sýkn af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Uppsaga dóms hefur dregist vegna embættisanna dómara.

Dómsorð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðjóns F. Teitssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 261/1988. **Geir Viðar Vilhjálmsson**
(sjálfur)
gegn
Friðriki G. Friðrikssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)
og gagnsök.

Nauðungaruppboð. Sameign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1988. Eru dómkröfur hans aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar að nýju, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 12. september 1988. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst uppboðs á eignarhluta aðaláfrýjanda í sumarbústaðnm Ásbúð á Þingvöllum, en samkvæmt veðbókarvottorði, sem liggur fyrir í málinu, er eign þessi í óskiptri sameign aðaláfrýjanda og Ingibjargar Eyfells, og á hvort um sig 50% eignarinnar. Í dómi Hæstaréttar 14. mars 1985 í málinu nr. 128/1983, sem aðaláfrýjandi skaut til réttarins vegna úrskurðar uppboðsréttar Árnessýslu 28. október 1982 um uppboð á eign þessari, kemur fram að það uppboðsmál hófst með því að af hálfu Ingibjargar Eyfells var hinn 3. júlí 1981 krafist slita á sameign þessari, en í framhaldi þess bárust fleiri beiðnir um uppboð á grundvelli lögtaks og fjárnáma. Hins vegar var krafa Ingibjargar Eyfells um sameignarslit afturkölluð 24. september 1982. Segir svo í þessum dómi Hæstaréttar:

„Hinn áfrýjaði úrskurður mælir fyrir um, að uppboð skuli fram

fara á öllum sumarbústaðnum Ásbúð. Eftir að Ingibjörg Eyfells hafði afturkallað uppboðsbeiðni sína, og eins og háttað er uppboðsbeiðnum og uppboðsheimildum stefndu samkvæmt framansögðu brast skilyrði til uppboðs á öðru en eignarhluta áfrýjanda í sumarbústað þessum. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og ber uppboðshaldara að taka uppboðsbeiðnir stefndu fyrir, til að fram fari nauðungaruppboð á eignarhluta áfrýjanda að undangengnum löglegum undirbúningi eftir því sem uppboðs beiðnir og uppboðsheimildir þessar segja til um."

Upplýst er í málinu að sameiganda aðaláfrýjanda að umræddum sumarbústað var ekki tilkynnt um uppboðsmál þetta, svo sem telja verður að skylt hafi verið samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987. Þetta þykir þó ekki eiga að leiða til ómerkingar hins áfrýjaða úrskurðar, þar sem enn er unnt að bæta úr þessum ágalla gagnvart sameigandanum áður en sala eignarinnar á nauðungaruppboði fer fram.

Ómerkingar- og heimvísunarkrafa aðaláfrýjanda byggist einkum á því, að við meðferð málsins í héraði og í hinum áfrýjaða úrskurði hafi ekki verið nægileg hliðsjón höfð af þeirri sérstöðu eignar aðaláfrýjanda, er uppboðsmál þetta snýst um, að hún er staðsett á Þingvöllum, sbr. lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928. M.a. hefði átt að gefa Þingvallanefnd kost á að gæta hagsmuna þjóðgarðsins við meðferð málsins.

Engin lagarök standa til þess að taka ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda, byggða á fyrrgreindum forsendum, til greina og verður henni því hafnað.

Fjárnámi því, sem er grundvöllur uppboðsmáls þessa, hefur ekki verið hrundið. Sú málsástæða aðaláfrýjanda, að ekki megi selja umrædda eign hans á nauðungaruppboði vegna ákvæða 4. gr. laga nr. 59/1928 stenst ekki, og hefur reyndar áður verið dæmt um þetta atriði í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 14. mars 1985.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur, og rétt þykir að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði gagnáfrýjanda, Friðriki G. Friðrikssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Árnessýslu 29. júlí 1988.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi þann 15. þ.m., var þingfest föstudaginn 8. júlí 1988.

Uppboðsbeiðandi er Haraldur Blöndal hrl. f.h. Friðriks G. Friðrikssonar. Hann krefst þess, að eignarhluti uppboðsþola í sumarbústaðnum Ásbúð í þjóðgarðinum vestan Öxarár á Þingvöllum verði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar eftirfarandi kröfu:

Höfuðstóll	kr.	72.000,00
Dráttarvextir til 15/5 1988	—	98.028,00
Málskostnaður	—	14.019,00
Uppboðsbeiðni	—	1.045,00
Samtals	kr.	186.972,00

Auk þess hefur uppboðsbeiðandi krafist málskostnaðar vegna máls þessa að mati réttarins.

Uppboðsþoli, Geir Viðar Vilhjálmsson, mætti sjálfur við þingfestingu málsins og mótmælti því, að hið umbeðna uppboð næði fram að ganga. Uppboðsþoli krefst þess, að uppboðið nái ekki fram að ganga og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati uppboðsréttarins.

Af hálfu uppboðsbeiðanda er því haldið fram, að uppboðsheimild sé fullgild og að engar málsástæður né lagarök hafi komið fram, sem eigi að valda því, að uppboðið skuli ekki ná fram að ganga.

Af hálfu uppboðsþola er því haldið fram, að uppboðsheimild sé ekki fyrir hendi, og vísað til þess, að í lögum um friðun Þingvalla séu veðbönd á landi innan þjóðgarðsins alfarið (sic) óheimil.

Uppboð á eignarhluta uppboðsþola í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi, var auglýst í 63., 67. og 72. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1988.

Ekki hefur verið leitt í ljós í máli þessu, að uppboðsheimild sú, sem lögð er til grundvallar uppboðsbeiðni Friðriks G. Friðrikssonar, sé með þeim annmörkum, að synja verði um uppboðið af þeim sökum. Eigi verður talið, að ákvæði laga nr. 59 frá 7. maí 1928 um friðun Þingvalla valdi því, að uppboðið geti ekki náð fram að ganga. Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða uppboðsréttarins sú, að umbeðið nauðungaruppboð á eignarhluta Geirs Viðars Vilhjálmssonar í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi, skuli fara fram.

Rétt þykir að dæma uppboðsþola til að greiða uppboðsbeiðandanum kr. 40.000 í málskostnað vegna máls þessa.

Sigurður Jónsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umbeðið uppboð á Ásbúð, Þingvallahreppi, eignarhluta Geirs Viðars Vilhjálmssonar, skal ná fram að ganga. Geir Viðar Vilhjálmsson greiði Friðriki G. Friðrikssyni málskostnað, kr. 40.000, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 258/1989. **Runólfur Þór Runólfsson**
gegn
Ventli hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Runólfur Þór Runólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 12/1990. **Guðmundur Axelsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Sigurmar K. Albertssyni hrl.,
Hallgrími Snorrasyni o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Axelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 13/1990. **Guðmundur Axelsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Sigurmar K. Albertssyni hrl.,
Hallgrími Snorrasyni o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Axelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 16/1990. **Guðmundur Axelsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Sigurmar K. Albertssyni hrl.,
Hallgrími Snorrasyni o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Axelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 18/1990. **Björgvin Ottósson**

gegn

Eiríki og Einari Val sf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björgvin Ottósson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 31/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Ólafi Þór Þórhallssyni,
Garðari Bragasyni og
Kára Elíassyni.

Kærumál. Héraðsdómari víkur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með kæru 22. janúar sl. skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem uppkveðinn var sama dag. Kæruheimild er í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. mgr. 174. gr. sömu laga. Ríkissaksóknari krefst þess að úrskurðinum verði hrundið og sakadómaranum Ásgeiri Friðjónssyni verði gert skylt að halda áfram dómsmeðferð málsins.

Frá varnaraðilum hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

I.

Í máli þessu er sakborningum gefið að sök að hafa „..... í ágóðaskyni staðið saman að innflutningi á kókaíni hingað til lands, allir átt þátt í skipulagningu brotsins og allir lagt fram fé til kaupa á efninu í Bandaríkjunum og dreift því hér á landi, ...“, eins og segir í ákæru dagsettri 11. október 1989. Brot þeirra eru í ákæru talin varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, og einn þeirra er að auki talinn hafa framið brot, sem varði við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Með úrskurðinum víkur sakadómarinn sæti í málinu vegna afskipta af því á rannsóknarstigi, en þá kvað hann meðal annars upp þrjá gæsluvarðhaldsúrskurði á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Telur hann það ekki í samræmi við 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, eins og hún hafi verið skýrð af Mannréttindadómstól Evrópu, að dómari taki þátt í dómsmeðferð máls, hafi hann áður byggt ákvörðun um gæsluvarðhald á fyrrnefndu lagaákvæði.

Þær ákvarðanir dómarans, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi úrskurður 31. júlí 1989, í öðru lagi úrskurður 30. september s.á. og loks úrskurður 29. nóvember s.á. Allir voru úrskurðir þessir í héraði uppkveðnir af Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, og byggðir á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Það ákvæði 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, sem dómarinn í ávana- og fíkniefnamálum beitti í úrskurðum þeim um gæsluvarðhald, sem hér koma við sögu, hljóðar svo:

„Mann má því aðeins setja í gæsluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerst sekur um refsiverða hegðun.

Gæsluvarðhaldi skal að jafnði beita: ....

4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi .....".

Samkvæmt orðalagi ákvæðisins verður dómari að meta, hvort ætla megi, að sakborningur hafi framið brot, sem varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Í 36. gr. 7. tl. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir meðal annars, að dómari skuli víkja úr dómarasæti, ef hætta er á því, „að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu". Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál samkvæmt 15. gr. 2. mgr. laga nr. 74/1974.

III.

Á árinu 1953 var fullgiltur fyrir Ísland Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Er hann oftast nefndur mannréttindasáttmáli Evrópu. Segir m.a. í 6. gr. 1. mgr. sáttmálans:

„Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi, og skal hann þá njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar innan hæfilegs tíma, fyrir óháðum, óhlutdrægum, lögmæltum dómstóli..."

Af umræðum sem urðu, þá er sáttmáli þessi var til meðferðar á Alþingi, verður ráðið að talið var, þegar hann var fullgiltur, að íslenskar réttarreglur væru í samræmi við hann, eins og sáttmálinn þá var skýrður. Eftir þetta hafa mörg ákvæði hans verið nánar

skýrð við meðferð kærumála hjá mannréttindanefnd og Mannréttindadómstól Evrópu.

Með fullgildingunni gekkst Ísland að þjóðarrétti undir að hlíta ákvæðum sáttmálans.

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 24. maí 1989 í svokölluðu Hauschildt-máli, sem reis milli dansks ríkisborgara og ríkisstjórnar Danmerkur, hefur dómstóllinn skýrt nánar, hvað felst í orðum 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans um óhlutdrægan dómstól. Meirihluti dómsins kemst þar að þeirri niðurstöðu, að það sé brot gegn þessu ákvæði, að dómarar, sem nokkrum sinnum hafa úrskurðað sakborning í gæsluvarðhald á grundvelli sérstaks ákvæðis í dönskum réttarfarslögum, taki þetta sama mál til efnismeðferðar. Ákvæði danskra réttarfarslaga, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir því, að setja megi mann í gæsluvarðhald, ef *sérstök ástæða* er til að ætla, að hann hafi framið tiltekin brot. Meirihluti Mannréttindadómstóls Evrópu var þeirrar skoðunar, að samkvæmt atvikum þessa danska máls yrði hlutleysi dönsku dómstólanna hugsanlega dregið í efa að ótti kæranda þar að lútandi væri því studdur hlutlægum rökum.

Með dómi 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 taldi Hæstiréttur Íslands, að skýra bæri áðurgreindan 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 með hliðsjón af mannréttindasáttmála Evrópu.

IV.

Með tilliti til þess, sem rakið hefur verið, ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig, að sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum hafi verið rétt að víkja sæti í máli þessu. Verður hinn kærði úrskurður staðfestur að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 22. janúar 1990.

Ár 1990, mánudaginn 22. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 11. október sl., og ákæruskjali, út gefnu sama dag, var höfðað opinbert mál fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum á hendur Ólafi Þór Þórhallssyni, kt. 170264-2990(?), Garðari Bragasyni, kt. 130364-2099, og Kára Elíassyni, kt. 250561-3189, fyrir brot gegn löggjöf um ávana- og fíkniefni, nánar 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19,1940, svo og einum hinna ákærðu að auki fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

— — —

Samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 29,1986, er þetta embætti sérdómstóll, en við hann starfandi þessi dómari og Bjarni Stefánsson ftr.

Rannsókn, sem leiddi til ofangreindrar ákæru, er orðin umfangsmikil og langvarandi. Þegar af þeirri ástæðu og fyrrnefndum lagagrundvelli er ekki óeðlilegt, að bæði dómari og fulltrúi hans hafi með ýmsum hætti og iðulega þurft að hafa afskipti af málinu frá upphafi rannsóknar til þessa dags.

Verkefni í þessum úrskurði verður að tíunda nefnd embættisafskipti dómara og fulltrúa hans, en leggja að því búnu mat á, hvort dómari eigi síður en ella að halda áfram meðferð málsins, og taka að lokum í því sambandi þátt í sönnunar- og/eða refsimati.

— — —

Verða þá talin afskipti þessa embættis af ofangreindu máli.

1) Þann 2. maí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að hádegi 10.5. 1989 AA [.....] grunaður um kókaínmeðhöndlun. Úrskurðinum var unað, en hann kvað upp Ásgeir Friðjónsson.

— — —

2) Þann 2. maí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til sömu lagaákvæða og að ofan greinir úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að hádegi 10.5. 1989 BB [.....] grunaður um kókaínmeðhöndlun. Úrskurðinum var unað, en hann kvað upp Ásgeir Friðjónsson.

— — —

3) Þann 4. maí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, úrskurðaður í gæsluvarðhald og allt að kl. 15.00 13. maí 1989 Garðar Bragason, kt. 130364-2099, nú ákærður í máli þessu.

— — —

4) Þann 12. maí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og enn með vísan til sömu lagaákvæða og að ofan greinir framlengt gæsluvarðhald ákærða Garðars allt að kl. 15.00 27. maí 1989. Úrskurðinum var unað, en hann kvað upp Ásgeir Friðjónsson.

— — —

5) Þann 13. maí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, úrskurðaður í gæsluvarðhald og allt að kl. 15.00 þann 12. júní 1989 Ólafur Þór Þórhallsson, kt. 170264-2669(?), nú ákærður í máli þessu.

— — —

6) Þann 25. maí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík yfirheyrður hér fyrir dómi C [.....]. Þessa yfirheyrslu framkvæmdi Bjarni Stefánsson ftr.

— — —

7) Þann 25. maí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974 úrskurðaður í gæsluvarðhald og allt að hádegi 5. júní 1989 DD [.....]. Úrskurðurinn, sem Ásgeir Friðjónsson kvað upp, var kærður til Hæstaréttar Íslands, en staðfestur þar óbreyttur 29. maí með dómi nr. 195/1989.

— — —

8) Þann 27. maí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og sem fyrr með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, öðru sinni framlengt gæsluvarðhald ákærða Garðars Bragasonar og allt að kl. 15.00 þann 3. júní 1989. Úrskurðinum var unað, en hann kvað upp Ásgeir Friðjónsson.

— — —

9) Þann 2. júní sl. var að kröfu lögreglu í Reykjavík yfirheyrð hér fyrir dómi EE [.....]. Þessa yfirheyrslu framkvæmdi Bjarni Stefánsson ftr.

— — —

10) Þann 2. júní sl. var að kröfu lögreglu í Reykjavík yfirheyrður hér fyrir dómi FF [.....]. Þessa yfirheyrslu framkvæmdi Bjarni Stefánsson ftr.

— — —

11) Þann 3. júní sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, úrskurðuð í gæsluvarðhald GG [.....], allt að kl. 15.00 þann 16. júní 1989. Úrskurði þessum var unað, en hann kvað upp Bjarni Stefánsson ftr.

— — —

12) Þann 12. júní sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til sömu lagaákvæða sem að ofan getur framlengt gæsluvarðhald ákærða Ólafs Þórs allt að kl. 15.00 þann 12. júlí 1989. Úrskurði þessum var unað, en hann kvað upp Ásgeir Friðjónsson.

— — —

13) Þann 16. júní sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, framlengt gæsluvarðhald GG, sem áður er nefnd í 11. lið hér að ofan, og allt að kl. 15.00 þann 12. júlí 1989. Bjarni Stefánsson ftr. kvað upp þennan úrskurð.

— — —

14) Þann 22. júní sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, úrskurðaður í gæsluvarðhald og allt að kl. 13.00 þann 8.júlí 1989 Kári Elíasson, kt. 250561-3189, nú ákærður í máli þessu. Krafist hafði verið, að gæsluvarðhaldið næði allt að kl. 13.00 þann 21.júlí 1989.

— — —

Úrskurðinum var eftir atvikum unað, en hann kvað upp Ásgeir Friðjónsson.

15) Með bréfi lögregluyfirvalda í Reykjavík, dags. 29. júní 1989, var þess farið á leit og með vísan til 73. gr. laga nr. 74,1974, að yfirheyrður yrði hér fyrir dómi ákærði Kári Elíasson og í því skyni að staðfesta þar framburði sína (sic) hjá lögreglu. Beiðni þessari fylgdu myndrit af framburðum Kára þessa hjá lögreglu, samt. bls. (sic). Þessa yfirheyrslu framkvæmdi Ásgeir Friðjónsson þann 30. júní 1989.

— — —

16) Með bréfi lögregluyfirvalda í Reykjavík, dags. 29. júní 1989, var þess farið á leit og með vísan til 73. gr. laga nr. 74,1974, að yfirheyrður yrði hér fyrir dómi ákærði Garðar Bragason og í því skyni að staðfesta þar framburði sína hjá lögreglu. Beiðni þessari fylgdu myndrit af framburðum Garðars þessa hjá lögreglu, samt. 81 bls. Þessar yfirheyrslur framkvæmdi Ásgeir Friðjónsson dagana 3. og 4. júlí sl.

— — —

17) Þann 12. júlí sl. var að kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, framlengd öðru sinni gæsluvarðhaldsvist ákærða Ólafs Þórs og allt að kl. 15.00 þann 1. ágúst 1989.

— — —

18) Þann 31. júlí sl. var af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík krafist, að enn yrði framlengt gæsluvarðhald ákærða Ólafs Þórs og allt að kl. 15.00 30. september 1989.

— — —

Þetta úrlausnarefni var þá sama dag, eða 31. júlí sl., tekið til úrskurðar af Ásgeiri Friðjónssyni. Sá úrskurður er þá fram lagður í myndritum sem nr. 37, samt. 17 bls.

Þessi úrskurður er að uppbyggingu hliðstæður þeim, sem getið er í næsta lið hér að ofan. Fyrirferðarmestur er framburður ákærða Garðars, en stuttlega raktir að auki framburðir fjögurra nafngreindra aðila, sem allir höfðu utan einn staðfest framburði sína fyrir dómi. Hafnað var þeirri röksemd lögregluyfirvalda, að framlengd einangrun gæslufangans yrði reist á 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974. Einnig að 2. og 6. tölul. sömu lagagreinar teldust einir sér nægilegur grundvöllur gæsluvarðhalds með tíðkanlegri einangrun. Þá var ekki talið við hæfi, svo sem hér stóð á, að lögregluyfirvöld bæru fyrir sig 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, sem rökstuðning fyrir framlengdu gæsluvarðhaldi, enda rannsóknarhagsmunir einir á færi og í verkahring nefndra yfirvalda. Hins vegar var með vísan til yfirlýsingar ríkissaksóknara og að kröfu hans fallist á að framlengja allt að kl. 15.00 þann 30. september gæsluvarðhald ákærða Ólafs Þórs. Jafnframt var ákveðið, að gæslufanginn nyti í hinni afmörkuðu vistun réttarstöðu afplánunarfanga, enda, sem að ofan greinir, hafnað einangrunarþörf í þágu rannsóknarhagsmuna.

Við mat á skilyrðum 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, var annars vegar almennt vísað til framburða áður staðfestra fyrir dómi og nefndra í málsatvikalýsingu úrskurðar. Hins vegar var vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 116,1989, frá 8. júní 1989. Þar var staðfestur sá dómur undirréttar, að 2 ára fangelsisvist varði að smygla hingað til lands liðlega 50 g af kókaíni og selja að hluta með hagnaði hérlendis.

Þessi úrskurður var birtur 1. ágúst og honum þá unað.

19) Þann 29. september mætti hér fyrir dómi fulltrúi ákæruvalds og krafðist með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, að enn yrði framlengt gæsluvarðhald ákærða Ólafs Þórs allt að kl. 15.00 þann 30. nóvember 1989, en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms, ef sú niðurstaða lægi áður fyrir.

— — —

Í niðurstöðum úrskurðar var fallist á kröfu ákæruvalds og gæsluvarðhald ákærða Ólafs Þórs því framlengt sem að ofan greinir, en ákærða sem 31.

júlí ætluð réttarstaða afplánunarfanga í þessari vistun. Skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, voru hér talin til staðar með öllum sömu rökum og í úrskurðinum 31. júlí.

— — —

Þessi úrskurður var þannig fjórða framlenging á gæsluvarðhaldi ákærða Ólafs og öðru sinni reist á 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974. Úrskurðinn kvað upp Ásgeir Friðjónsson þann 30.9. 1989 og birti sama dag.

20) Ákæra í máli þessu var, sem að ofan greinir, út gefin 13. október 1989. Þann 3. nóvember sl. var háður sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum af Ásgeiri Friðjónssyni og ákæran þá birt hinum þrem ákærðu, en þeim jafnframt skipaðir verjendur og hinum síðarnefndu fengin í hendur endurrit allra framlagðra gagna.

— — —

21) Þann 29. nóvember mætti hér á dómþingi aðalfulltrúi við embætti ríkissaksóknara og lagði fram öll hin sömu gögn og 31. júlí sl., en að auki endurrit þinghalds hér við embætti 29. september sl. og framlengds gæsluvarðhalds ákærða Ólafs Þórs frá 30. sama mánaðar.

— — —

Fulltrúi ákæruvalds vísaði þá til framlagðra gagna og þar með talið framburðar ákærða fyrir dómi, svo og 4. tölul. 67. gr. laga nr. 74,1974. Gerði hann á þessum grundvelli kröfu til, að enn yrði framlengt gæsluvarðhald ákærða Ólafs Þórs, þar til undirréttardómur hefði gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til 15. febrúar 1990.

Verjandi og ákærði mótmæltu þessari kröfugerð, sem eftir það var tekin til úrskurðar af Ásgeiri Friðjónssyni. Málsatvikalýsing í úrskurði þessum var lengst af stafrétt hin sama og í ofangreindum úrskurðum 31. júlí og 30. september, en í lokin reifuð kröfugerð ákæruvalds auk athugasemda verjanda og ákærða. Einnig var þarna rakin þróun málsins frá uppkvaðningu síðasta úrskurðar þann 30. september og skýrðar tafir, sem þó eru hvorki á færi þessa embættis né ákæruvalds.

— — —

Í niðurstöðum úrskurðarins er fram tekið, að hann sé í hvívetna byggður á sömu forsendum og tveir næstu framlengingarúrskurðir á undan, en hinn síðari þeirra staðfestur óbreyttur af Hæstarétti Íslands. Þótti þegar af þeim ástæðum óhjákvæmilegt að telja hér enn fyrir hendi skilyrði margnefnds 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, og því skylt að verða við kröfum

ákæruvalds, en stytta þó vistina um tvær vikur frá nefndri kröfugerð, eða allt að 31. janúar 1990, og ætla ákærða sem fyrr, eða frá 31. júlí sl., réttarstöðu afplánunarfanga.

— — —

Þá hefur hér að ofan verið lýst afskiptum dómara og fulltrúa hans af þessu máli frá upphafi til þessa dags.

— — —

Niðurstöður.

Þegar virt eru ofangreind afskipti dómara og fulltrúa hans af máli þessu á rannsóknarstigi, verður talið fullvíst, að þau hafi öll verið í senn lögbundin og eðlileg, en auk þess reyndar óhjákvæmileg, svo sem þau bar að hverju sinni. Þannig átti dómari þess hvorki kost að víkjast undan nefndum afskiptum né hafði hann neinar ástæður til þess.

Þetta svarar þó ekki þeirri spurningu, hvort einmitt þessi sömu afskipti kunni að hafa leitt til þess, að dómaranum sé rétt eða skylt að víkja sæti í máli þessu. Í því sambandi ber að skoða nánar eðli einstakra afskipta.

Verða þá fyrst fyrir gæsluvarðhaldsúrskurðir, upp kveðnir að kröfu lögregluyfirvalda og með vísan til 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74,1974. Slíkir úrskurðir eru oft upp kveðnir á algeru frumstigi rannsóknar, enda tiltæk gögn þá gjarnan (sic) takmörkuð sem því nemur, en úrræðið í þágu brýnna rannsóknarhagsmuna.

Hvergi er í hinum ýtarlegu dómareifunum hér að ofan að því vikið, að þessi afskipti dómara geti valdið síðara vanhæfi hans, heldur þvert á móti oft haldið fram hinu gagnstæða. Er það reyndar í fullu samræmi við almennu regluna í 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 85,1936, þar sem segir: „Þó þarf dómari venjulega ekki að víkja, þótt hann hafi eða hafi haft í embættisnafni önnur afskipti af máli, sem hann nú skal fara með sem dómari."

Samkvæmt því, sem greint er hér að ofan, urðu einnig í máli þessu nokkrar dómsyfirheyrslur eða staðfestingar framburða fyrir dómi. Varð svo ávallt að kröfu lögregluyfirvalda, utan hvað einn hinna ákærðu var í einu tilviki yfirheyrður um sakarefnið að kröfu ákæruvalds.

Kröfugerðum lögreglu fylgdu ávallt og einvörðungu fyrri framburðir viðkomandi aðila í lögregluyfirheyrslum, enda á þeim gögnum byggt. Þykir í því sambandi ljóst, að þessi afskipti dómara hafi verið alls ósambærileg væntanlegum störfum sama dómara við hina reglulegu dómsmeðferð málsins, sem enn er vart hafin. Þannig hvorki um að ræða sönnunar- né sakarmat, enda dómari ekki við þessar staðfestingar einstakra framburða í neinni aðstöðu til þess að mynda sér heildarskoðun sakarefni varðandi. Þykir

ástæða að vísa til og taka undir þau sjónarmið erlendra dómara, sem margsinnis eru reifuð hér að framan, nánar, að verulegur eðlismunur sé á milli einstakra afskipta dómara af máli á rannsóknarstigi og starfa við hina reglulegu dómsmeðferð sama máls.

Eru þá enn ótaldar þrjár framlengingar gæsluvarðhalds eins hinna ákærðu samkvæmt úrskurðum, upp kveðnum 31. júlí, 29. september og 30. nóvember, að kröfu ákæruvalds og ávallt með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, þar sem segir, að gæsluvarðhaldi skuli að jafnaði beitt, ef ætla má, að brot viðkomandi varði hann að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Áður er lýst aðdraganda þessara úrskurða og þá auk annars, hvaða gögn dómari fékk í hendur með kröfugerð ákæruvalds hverju sinni. Einnig að jafnan hafi þar verið um sömu gögn að ræða.

Þegar virt er ofangreind ítarleg og endurtekin umfjöllun dómstóla, verður talið, að vaxandi tortryggni gæti gagnvart því atriði sérstaklega, að dómari þurfi á rannsóknarstigi máls, þótt vegna eðlilegra og lögbundinna afskipta sé, að beita sönnunar- og refsimati.

Túlkun erlendra dómstóla virðist stöðugt þrengjast í þá átt, að dómari skuli, þegar svo stendur á, forðast lokameðferð sama máls og því víkja sæti. Þessar úrlausnir dómstóla eru þó allar því marki brenndar að túlka danska réttarfarslöggjöf gagnvart ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu, en þess utan niðurstöðum og Mannréttindanefndar Evrópu og Mannréttindadómstóls Evrópu. Athyglin virðist því einkum beinast að túlkun RPL 762, 2. mgr. 1. tölul., í tengslum við RPL 60, 2. mgr., og á köflum með þeim hætti, að telja má nálgast réttarfarslega loftfimleika.

Svo sem að ofan greinir, var 2. mgr. 60. gr. danskra réttarfarslaga breytt með lögum nr. 386 frá 10. júní 1987 og gagngert í því skyni að koma betur til móts við ákvæði 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og samræma túlkun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 24. maí 1989.

Vegur þessa nýlega ákvæðis virðist orðinn nokkuð þyrnum stráður og með vissu annar en að var stefnt við lögfestingu. Reyndar má telja ákvæðið orðið fremur marklítið, eftir að Vestri landsréttur og síðar Hæstiréttur Danmerkur hafa nýlega vikið til hliðar beinu orðalagi þess, sem að ofan er rakið. Ekki þykir orka tvímælis, að við túlkun lagaákvæða beri að hafa í huga þjóðréttarlegar skuldbindingar og leitast við að hafa þar á milli sem bestan samhljóm. Aðrir dómarar og erlendir hafa samkvæmt ofangreindu seilst langt í því skyni. Hins vegar er ekki í gildandi lögum íslenskum neitt ákvæði sambærilegt margnefndri 2. mgr. RPL 60.

Verður að þessu athuguðu ekki talið skipta máli, hversu margir hinir sakarmatskenndu gæsluvarðhaldsúrskurðir eru í einstöku máli, heldur ekki hvort þeir voru kærðir til æðra dóms eða hver þar urðu örlög þeirra. Í

þessu máli þykir þó nokkru ráða, að ákærði, sem ofangreindir úrskurðir varða, hefur staðfastlega neitað öllum sakargiftum. Ber því að skoða hér rækilega, hvort sambærileg séu gagnvart túlkun Mannréttindadómstóls og Mannréttindanefndar og þar með ákvæðum 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, og margnefndrar RPL 762, 2. mgr. 1. tölul. Þykir þá ljóst, að nefnd ákvæði eru hvorki stafrétt né efnislega eins. Beiting íslensku heimildarinnar gerir þá kröfu, að dómari megi ætla, að brot varði viðkomandi að minnsta kosti tveggja ára fangelsi in concreto. Danska ákvæðið byggir hins vegar á sex ára refsiramma, en setur dómara á móti þröngar og afmarkaðar skorður við sönnunarmat.

Þrátt fyrir þennan mun ber ekki að líta fram hjá þeirri grundvallarstaðreynd, að bæði ákvæðin byggja á tilteknu mati dómara við ákvörðun gæsluvarðhalds. Þó virðist með vissu einmitt þetta mat samkvæmt hinu danska ákvæði hafa ráðið úrslitum í meiri hluta ofangreindra dómsniðurstaðna. Dómari telur sig því heyra, hverjum klukkan glymur í þessu máli, þegar virt er sú áðurnefnda niðurstaða Hæstaréttar Danmerkur, „að það sé að jafnaði ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans, að dómari taki þátt í dómsmeðferð máls, hafi hann áður byggt ákvörðun um gæsluvarðhald á 2. mgr. 1. tölul. RPL 762 einni sér eða ásamt öðrum gæsluvarðhaldsástæðum". Verður því talið varlegra að meta 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, sambærilegan hinu danska ákvæði að þessu leyti og með hliðsjón af atvikum öllum í þessu máli. Verður dómaranum samkvæmt því talið rétt að víkja sæti í þessu máli, þótt sú niðurstaða fari í bága við tvímælalausar réttarvenjur og framkvæmd hérlendis til þessa, en að auki hafi verið með mál þetta farið í hvívetna að gildandi lögum íslenskum.

Úrskurðarorð:

Ásgeir Friðjónsson sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum víkur sæti við meðferð máls ákæruvaldsins nr. 729-731/1989 gegn Ólafi Þór Þórhallssyni, Garðari Bragasyni og Kára Elíassyni.

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 66/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Eymundi Gunnarssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun. Verjandi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi samkvæmt ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 28. nóvember 1988 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu og til ökuleyfissviptingar. Við hinn munnlega málflutning fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákæruvalds með vísan til dóma Hæstaréttar í málunum nr. 120/1989, 240/1989 og 300/1989, uppkveðinna 9., 12. og 17. janúar 1990, að „öll málsmeðferð fyrir sakadómi Keflavíkur á ákæru, útgefinni 8. mars 1988, verði úr gildi felld og vísað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar í héraði".

Verjandi ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

I.

Sakarefni varðandi meintan ölvunarakstur ákærða 24. ágúst 1987 var rannsakað af lögreglunni í Reykjavík. Með bréfi 14. september 1987 sendi lögreglustjórinn í Reykjavík málið bæjarfógetanum í Keflavík til meðferðar.

Sakarefni varðandi meintan ölvunarakstur ákærða 28. ágúst 1987 var rannsakað af lögreglunni í Hafnarfirði. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði sendi málið með bréfi 9. september 1987 til bæjarfógetans í Keflavík til meðferðar.

Hinn 29. september 1987 tók Símon Ólason, fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík, ákvörðun um að svipta ákærða „ökuleyfi til bráðabirgða, þar sem ætla verður með vísun til lögregluskýrslu nr.

.../..., að hann hafi við akstur bifreiðarinnar Ö-8797 þ. ... gerst sekur um brot gegnt 1. eða 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968....“

Hinn 1. október 1987 voru bæði ofangreind lögreglumál tekin fyrir hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík. Var skýrsla þá tekin af ákærða.

Með bréfi 6. október 1987 sendi Símon Ólason, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, bæði framangreind mál til ríkissaksóknara til fyrirsagnar.

Sakarefni varðandi meint skjalafals var rannsakað af rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík. Að rannsókn lokinni sendi Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, málið ríkissaksóknara til fyrirsagnar.

II.

Þórdís Bjarnadóttir fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík, en bæjarfógetinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Ekkert liggur fyrir um afskipti fulltrúans af einstökum þáttum málsins, áður en málið kom til dómsmeðferðar. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar 1990 í málinu nr. 120/1989 verður engu að síður talið, svo sem málavöxtum er hér háttað, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferðina. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og vísa málinu heim í hérað til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

III.

Héraðsdómarinn skipaði hinn 15. mars 1988 Símon Ólason héraðsdómslögmann til þess að vera verjandi ákærða í málinu. Héraðsdómslögmaður þessi hafði áður sem fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík svipt ákærða ökuleyfi til bráðabirgða og haft önnur afskipti af máli hans, svo sem rakið er í I. kafla hér að framan. Var skipun héraðsdómslögmannsins sem verjanda því andstæð 85. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

IV.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin

málsvarnarlaun eins og í dómsorði greinir. Fjárhæðin, sem þar er tilgreind, er án söluskatts og virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 10. ágúst 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 10. ágúst, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Þórdísi Bjarnadóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 88.0297: Ákæruvaldið gegn Eymundi Gunnarssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 15. mars sl. og dómtekið 27. júní sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með tveimur ákærum á hendur Eymundi Gunnarssyni, Túngötu 13 B, Keflavík.

Með ákæru, dagsettri 16. október 1987, „fyrir að aka, aðfaranótt mánudagsins 24. ágúst 1987, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-8797 aftur á bak úr bifreiðastæði við Hótel Borg í Reykjavík, þar sem lögreglan kom í veg fyrir frekari akstur ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Ennfremur fyrir að aka, aðfaranótt föstudagsins 28. ágúst 1987, undir áhrifum áfengis, sömu bifreið áleiðis til Keflavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Reykjanesbraut, skammt norðan við Hvassahraun.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með ákæru, dagsettri 8. mars 1988, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, með því að falsa nöfn

Sigrúnar Sigurðardóttur, Narfakoti 2, Njarðvík, og Sigurðar Jónssonar, Melabraut 3, Seltjarnarnesi, sem sjálfskuldarábyrgðarmanna á tvö skuldabréf, annað að fjárhæð kr. 200.000 og hitt að fjárhæð kr. 450.000, bæði útgefin af ákærða 1. október 1987, og nota bréfin í bílakaupum, er ákærði keypti bifreiðina Ö-10638 af gerðinni B.M.W. 728 i, árgerð 1980, af Þórarni St. Sigurðssyni, Djúpavogi 1, Höfnum, þann 5. október 1987, á kr. 650.000. Skuldabréfin bæði áttu að greiðast á 18 mánuðum með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og fyrsta gjalddaga 1. nóvember 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

— — —

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eymundur Gunnarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Símonar Ólasonar hdl., kr. 25.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. febrúar 1990.

Nr. 428/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Inga Hildissyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun. Bráðabirgðaökuleyfissvipting. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ökuleyfissviptingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákæruvalds með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málunum nr. 120, 240 og 300/1989, uppkveðnum 9., 12. og 17. janúar sl., að hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa fyrir sakadómi Keflavíkur yrðu felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar í héraði.

Verjandi ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Keflavíkur verði dæmd ógild og málinu vísað heim í hérað til löglegrar efnismeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju. Jafnframt krefst hann þess, að bráðabirgðaökuleyfissvipting ákærða frá 20. júlí 1988 verði felld úr gildi.

I.

Fulltrúi sá, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík, en bæjarfógetinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Fulltrúi sá, sem annaðist dómsrannsókn í máli þessu 3. október 1988 og 22. febrúar 1989, starfar einnig á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík. Sakarefni máls þessa var rannsakað af lögreglunni í Keflavík. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúum hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa

máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

II.

Fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík svipti ákærða ökuleyfi til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt ákærða 20. júlí 1988. Þótt hinn áfrýjaði dómur sé felldur úr gildi, leiðir það ekki af sjálfu sér til þess, að bráðabirgðaökuleyfissviptingin falli niður. Sú svipting stendur, þar til dómur gengur að nýju, en ákærði á rétt á að bera bráðabirgðasviptinguna undir dómstóla, sbr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

Ákæra í máli þessu var gefin út 21. mars 1989, en brot það, sem ákært var út af, var talið framið 29. janúar 1987. Dómsrannsókn í máli þessu fór öll fram, áður en ákæra var gefin út. Hinn 3. október 1988 komu þrír lögreglumenn fyrir dóm, og 22. febrúar 1989 kom ákærði fyrir dóm og hafnaði dómsátt í málinu. Hinn 7. júní 1989 var ákærða birt ákæra, og þá var bókað eftirfarandi: „Ákærða er lesið ákæruskjalið og honum afhent afrit. Málið telst fullrannsakað og er tekið til dóms.“ Er bókun þessi ekki í samræmi við ákvæði 121. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og fullnægir ekki áskilnaði um sjálfstæða rannsóknarskyldu dómara, og ber að átelja það.

IV.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir. Fjárhæðin, sem þar er tilgreind, er án söluskatts og virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 14. september 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 14. september, var í sakadómi Keflavíkur, sem háður var á skrifstofu embættisins, Hafnargötu 62 í Keflavík, af Þorsteini Pétursyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 212/87: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Inga Hildissyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn ,,Guðmundi Inga Hildissyni, Heiðarhvammi 9, Keflavík, kt. 200348-3119, fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 29. janúar 1987, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-544 frá heimili sínu og um götur í Keflavík þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á gatnamótum Faxabrautar og Hringbrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. áður 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80., gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Dóminn kvað upp Þorsteinn Pétursson fulltrúi, sem tók við málinu í byrjun júní 1989.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Hildisson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, en ef sektin greiðist ekki innan fjögurra vikna, þá sæti ákærði 15 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá 20. júlí 1988 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., kr. 30.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. febrúar 1990.

Nr. 352/1988. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Eymundi Gunnarssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Skjalafals. Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi samkvæmt ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 15. ágúst 1988 en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu og staðfestingar á sviptingu réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki. Við hinn munlega málflutning var og krafist staðfestingar á greiðslu skaðabóta en skýra verður málflutning af hálfu ákæruvalds svo, að krafist sé endurskoðunar á vaxtaákvæði héraðsdóms.

Verjandi gerir þá kröfu, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög frekast leyfa.

I.

Samkvæmt gögnum málsins má ætla, að eyðublöðin í ávísanahefti Bryndísar Hrafnkelsdóttur, sem ákærði sló eign sinni á, hafi ekki verið fleiri en sex alls. Í II. hluta ákæru er ákærða einungis gefið að sök að hafa „slegið eign sinni á ávísanahefti hennar ...“

Ekkert liggur fyrir um verðmæti ávísanaheftisins, og hefur ekki verið sýnt fram á, að það geti talist andlag brots samkvæmt 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. dóm Hæstaréttar 1985,1376. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot gegn nefndri lagagrein.

II.

Með skírskotan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um brot, er greinir í I. og III. kafla ákæru.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr.

50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 155. gr. síðast greindra laga, þykir með vísan til 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

III.

Í nefnt sinn ók ákærði mjög ölvaður og án ökuréttinda bifreiðinni Ö-10638 úr Reykjavík um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð og suður Reykjanesbraut með þeim afleiðingum, að hún fór út af veginum og valt nokkrar veltur og skemmdist mikið. Þessi háskaakstur verður að teljast miklar sakir í skilningi 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 3.mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sem í gildi voru, þegar brotið var framið. Ber því að svipta ákærða ævilangt rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki frá 1. október 1987 að telja.

IV.

Með bréfi 9. mars 1988 var af hálfu Söluturns Áslaugar Júlíusdóttur krafist skaðabóta að fjárhæð 5.000 krónur ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Af hálfu Söluturnsins Vestra var hinn 14. mars 1988 krafist skaðabóta að fjárhæð 4.000 krónur ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur er staðfest. Upphafstíma vaxta er ekki mótmælt. Frá þeim tíma ber ákærða að greiða vexti, eins og í dómsorði greinir.

V.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Eymundur Gunnarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ævilangt frá 1. október 1987 að telja.

Ákærði greiði Söluturni Áslaugar Júlíusdóttur 5.000 krónur

með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. janúar 1988 til 9. apríl 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þá greiði ákærði Söluturninum Vestra 4.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 8. febrúar 1988 til 14. apríl 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júní 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 9. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 320/1988: Ákæruvaldið gegn Eymundi Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 7. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 10. maí sl., á hendur ákærða, „Eymundi Gunnarssyni, Nýlendugötu 19 B, Reykjavík, fæddum 11. maí 1961 á Patreksfirði, fyrir eftirgreind brot:

I.

Fyrir að aka, aðfaranótt þriðjudagsins 6. október 1987, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Ö-10638 frá Reykjavík áleiðis til Sandgerðis, þar til hann missti bifreiðina út af Reykjanesbraut sunnan við Þúfubarð.

Telst þetta varða við 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50,1987, sbr. áður 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

II.

Fyrir að hafa, aðfaranótt 1. janúar 1988, eftir að ákærða hafði vegna mistaka verið afhentur frakki Bryndísar Hrafnkelsdóttur, Bergstaðastræti 12 A, Reykjavík, í Veitingahúsinu Abrakadabra, Laugavegi 116, Reykjavík, slegið eign sinni á ávísanahefti hennar á alreikning nr. 101137 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, sem var í seðlaveski í frakkanum, en frakkanum og veskinu henti ákærði.

Telst þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

III.

Fyrir skjalafals með því að hafa:

a) Í framhaldi af brotinu í lið II falsað eftirgreinda þrjá tékka úr tékkheftinu með því að rita á þau nafn Bryndísar sem útgefanda og nafn framseljanda sem Sigurður Ólafsson, nema annars sé getið, stílað þá á handhafa og útfyllt að öðru leyti og notað í viðskiptum, svo sem hér er rakið:

1) Nr. 396, kr. 1000, dagsettur 1. janúar 1988, seldur á samkomu Samtaka 78 í Reykjavík þann 2. janúar 1988.

2) Nr. 397, kr. 2.000, dagsettur 1. janúar 1988, framseldur með nafninu Páll Karlsson, óvíst er hvar ákærði seldi tékkann.

3) Nr. 398, kr. 5.000, dagsettur 2. janúar 1988, seldur í Söluturni Áslaugar Júlíusdóttur við Álfaskeið í Hafnarfirði.

b) Í febrúar 1988, notað í viðskiptum eftirgreinda tvo falsaða tékka á tékkeyðublöðum merktum Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, en þau hafði ákærði í heimildarleysi tekið úr tékkhefti Sveins Valdimars Jónssonar, Nýlendugötu 19 B, Reykjavík, og síðan falsað á þau nafnritun Sveins sem útgefanda, stílað tékkana til handhafa á reikning nr. 1235, framselt þá í eigin nafni og útfyllt og notað, svo sem hér er rakið:

1) Nr. 2848939, kr. 4.000, dagsettur 9. febrúar 1988, seldur í kaupfélaginu í Grindavík.

2) Nr. 2848943, kr. 4.000, dagsettur 8. febrúar 1988, seldur í Söluturninum Vestra, Garðastræti 2, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta".

Málavextir.

I.

Kl. 2.42 aðfaranótt þriðjudagsins 6. október sl. var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um umferðarslys á Reykjanesbraut sunnan við Þúfubarð, en þar hefði bifreið farið út af veginum og oltið niður háan malarkant. Við athugun á vettvangi kom í ljós, að bifreiðinni Ö-10638 hafði verið ekið suður Reykjanesbraut. Virtist sem ökumaður hennar hefði misst vald á

henni nokkru sunnan við Þúfubarð og hún runnið út af veginum og farið nokkrar veltur, uns hún stöðvaðist á þakinu.

Eftir nokkra leit fannst skammt frá bifreiðinni maður að nafni Atli Guðmundsson, fæddur 11. september 1963. Kvaðst hann vera ómeiddur, en kvaðst hafa áhyggjur af félaga sínum, ákærða í málinu, sem hefði ekið bifreiðinni, er slysið hefði átt sér stað. Stuttu síðar fannst ákærði vestan við Reykjanesbraut. Var hann mjög ölvaður. Var honum tekið blóðsýni til rannsóknar á vínandainnihaldi kl. 3.30 um nóttina á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist vínandamagn í blóðinu 2.12‰.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Hafnarfirði eftir hádegi sama dag og ofangreindur atburður átti sér stað kvaðst ákærði ekki minnast þess að hafa ekið umræddri bifreið greint sinn og fannst það ótrúlegt, þar sem hann hefði verið það mikið ölvaður að hann hefði ekki verið fær um að aka. Ákærði kvaðst hafa neytt áfengis á skemmtistaðnum Abrakadabra, þar sem hann hefði verið þar til kl. 0.30 um nóttina. Þá hefði hann farið heim til vinar síns, umrædds Atla Guðmundssonar. Þar kvaðst ákærði muna síðast eftir sér við að drekka, hlusta á plötur og horfa á myndband. Næst kvaðst hann muna eftir, að hann hefði verið að skríða út úr bifreið sinni, sem hafði oltið, og þar næst á slysadeild, er verið var að sauma saman sár á handlegg hans.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefnið í sakadómi Gullbringusýslu hinn 15. mars sl., og var framburður hans þar mjög á sama veg og hjá lögreglunni í Hafnarfirði. Kvaðst ákærði ekkert muna eftir að hafa ekið bifreiðinni Ö-10638 greint sinn.

Við meðferð málsins játaði ákærði á hinn bóginn skýlaust að hafa ekið umræddri bifreið greint sinn, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, frá Reykjavík áleiðis til Sandgerðis, þar til hann missti hana út af Reykjanesbraut sunnan við Þúfubarð.

Ákærði var hinn 1. október sl. sviptur ökuréttindum til bráðabirgða vegna annars ætlaðs ölvunarakstursbrots en hér er til meðferðar.

Með játningu ákærða fyrir dómi, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærukafla þessum og þar er rétt heimfærð til refsiákvæða.

II.

Aðfaranótt 1. janúr sl. var ákærði að skemmta sér í Veitingahúsinu Abrakadabra, Laugavegi 116 hér í borg. Er ákærði yfirgaf húsið, fékk hann vegna mistaka afhentan frakka Bryndísar Hrafnkelsdóttur, Bergstaðastræti 12 A, Reykjavík. Er út var komið, varð ákærði þess var, að þetta var ekki

frakkinn hans, en gerði enga tilraun til að skila honum og fór heim til systur sinnar. Næsta dag kastaði ákærði frakkanum, sem í var seðlaveski, inn í húsasund við Hverfisgötu hér í borg, en áður hafði hann slegið eign sinni á ávísanahefti nefndrar Bryndísar á alreikning hennar nr. 101137 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík.

Ofangreint brot ákærða er sannað með játningu hans, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu. Varðar atferli ákærða við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

III.

a) Í framhaldi af broti því, sem lýst er í II. kafla ákæru þessarar, falsaði ákærði þrjá tékka úr nefndu tékkhefti Bryndísar Hrafnkelsdóttur, nr. 396, 397 og 398. Á alla tékkana ritaði ákærði nafn Bryndísar sem útgefanda. Á tékka nr. 396 og 398 ritaði ákærði framseljandanafnið Sigurður Ólafsson og á tékka nr. 397 framseljandanafnið Páll Karlsson. Óvíst er um notkun tékka nr. 397, en notkun hinna tékkanna er rétt lýst í ákæru. Dagsetningum allra tékkanna er þar og rétt lýst.

Söluturn Áslaugar Júlíusdóttur, Álfaskeiði 115, Hafnarfirði, hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða versluninni 5.000 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25,1987, til greiðsludags.

Krafa þessi verður tekin til greina og ákærði dæmdur til að greiða söluturninum 5.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, sem um getur í lið a) 3) ákærukafla þess, hinn 5. janúar 1988, til greiðsludags.

b) Hinn 11. febrúar sl. sneri Sveinn V. Jónsson, Nýlendugötu 19B, Reykjavík, sér til rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði þjófnað á þremur ávísanablöðum úr ávísanahefti sínu hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Lagði kærandi fram ljósrit af ávísun nr. 2848943, að fjárhæð kr. 4.000, útgefna til handhafa af S. Valdimar Jónassyni og framselda af Eymundi Gunnarssyni. Kvað kærandi Eymund, ákærða í málinu, vera sambýlismann sinn, en kvað hann ekki kannast við að hafa skrifað nafn sitt á þessa ávísun.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 25. febrúar sl. og laust eftir hádegi 15. mars sl. neitaði ákærði að hafa tekið umræddan tékka í heimildarleysi og notað hann, svo sem lýst er í ákærulið þessum. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, sem hófst laust fyrir miðnætti 15. mars sl., óskaði ákærði hins vegar eftir að breyta framburði sínum, og játaði hann í þeirri yfirheyrslu að hafa falsað umræddan tékka með þeim hætti, sem lýst er í ákæru, og framselt hann í eigin nafni og notað í viðskiptum í Söluturninum Vestra, Garðastræti 2, Reykjavík, hinn 8. febrúar sl.

Söluturninn Vestri, Garðastræti 2, Reykjavík, hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða versluninni 4.000 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr. sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25,1985, til greiðsludags.

Framangreinda kröfu þykir bera að taka til greina, og verður ákærði dæmdur til að greiða ofangreindri verslun 4.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, er um getur í lið b) 2) ákærukafla þessa, hinn 8. febrúar, til greiðsludags.

Þann 17. febrúar sl. mætti útibússtjóri Kaupfélags Suðurnesja í Grindavík á lögreglustöðina þar í bæ og „tilkynnti", að ávísun nr. 2847939 frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hefði verið leyst út í matvöruverslun kaupfélagsins hinn 9. sama mánaðar. Í ljós hefði svo komið, að ávísunin væri fölsuð. Reikningseigandi ávísunarinnar var tilgreindur Sveinn Valdimar Jónsson, Nýlendugötu 19 B, Reykjavík.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Grindavík hinn 15. mars sl. viðurkenndi ákærði að hafa framselt ofangreindan tékka með eigin nafni og notað í viðskiptum í kaupfélaginu í Grindavík, en neitaði alfarið (sic) að hafa ritað framhlið tékkans. Kvaðst ákærði hafa fengið tékkann útfylltan frá eiganda hans, Sveini Valdimar Jónssyni. Að kvöldi sama dags kvaðst ákærði vilja skýra satt og rétt frá í máli þessu. Viðurkenndi ákærði þá að hafa tekið tvö tékkaeyðublöð úr hefti nefnds Sveins Valdimars. Kvaðst ákærði hafa ritað allt efni tékka nr. 2848939 og þar á meðal falsað nafn Sveins Valdimars Jónssonar.

Við meðferð málsins játaði ákærði skýlaust að hafa tekið umrædda 2 tékka í heimildarleysi úr tékkhefti Sveins Valdimars Jónssonar og að hafa falsað á þá nafnritun Sveins sem útgefanda, stílað tékkana til handhafa á reikning nr. 1235, framselt þá í eigin nafni og útfyllt og notað, svo sem rakið er í ákæru.

Brot ákærða í ákærukafla þessum eru sönnuð með eigin játningu hans, sem er í samræmi við önnur málsgögn. Varðar háttsemi ákærða í öllum tilvikum við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1980 10/9 í Barð. Dómur: 270.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi 18 mán. frá 10.7. '80.

1981 29/12 í Barð. Dómur: 4.500 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29.12. 1981.

1982 7/9 í Barð. Sátt: 500 kr. sekt f. brot g. 244. gr.hgl.

1983 8/12 í Barð. Dómur: 15.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25.

gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 23.2. 1984.

1987 6/3 í Barð. Veitt heimild til ökuleyfis á ný.

1987 11/11 í Keflavík. Sátt: 5.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, sbr. áður 80. gr. laga nr. 40,1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54,1976, sbr. 2. gr. alm. hegningarlaga nr. 19,1940, og 1. mgr. 155. gr. og 246. gr. síðastnefndra laga. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af 77. gr. sömu laga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði. Ákærði hefur þrívegis áður verið dæmdur fyrir ölvunarakstursbrot, þar af í tveimur tilvikum einnig fyrir réttindaleysi við akstur, og kemur því ekki til greina að skilorðsbinda refsinguna. Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæru, og þar sem um ítrekað brot öðru sinni er að ræða, ber samkvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ævilangt frá 1. október 1987 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Samkvæmt 104. gr. umferðarlaga, sbr. 178. gr. laga nr. 74,1974, frestar áfrýjun eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74,1974, um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Eymundur Gunnarsson, sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Söluturni Áslaugar Júlíusdóttur við Álfaskeið í Hafnarfirði, kr. 5.000, ásamt almennum vöxtum frá 5. janúar 1988 til greiðsludags,

2) Söluturninum Vestra, Garðastræti 2, Reykjavík, kr. 4.000, ásamt almennum vöxtum frá 8. febrúar 1988 til greiðsludags.

Ákærði er sviptur rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki ævilangt frá 1. október 1987 að telja. Áfrýjun frestar eigi áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 6. febrúar 1990.

Nr. 398/1988. **Gunnlaugur V. Gunnlaugsson**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Magnúsi Þorleifssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Húsaleiga. Afnotaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1988. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda og verði tekið tillit til söluskatts og virðisaukaskatts við ákvörðun hans.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og verði áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að teknu tilliti til söluskatts og virðisaukaskatts.

Í bókun lögmanns Reykjavíkurborgar 1. október 1987, sem lögð var fram í málinu vegna áskorunar lögmanns áfrýjanda í héraði, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, var lýst þeirri skoðun, að Reykjavíkurborg væri eigandi húsnæðis þess, er um ræðir í máli þessu. Þar var því hins vegar ekki haldið fram, að stefnda hafi verið óheimil afnot eða leiga þessa húsnæðis, og önnur gögn málsins bera ekki með sér, að ráðstöfun stefnda á því hafi sætt andmælum af hálfu borgarinnar. Má hér og hafa hliðsjón af aðdraganda byggingar hússins að Eddufelli 2 - 6 og viðskiptum stefnda og borgarinnar, sem rakin eru í héraðsdómi.

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms hefur ekki sætt andmælum, að því er fjárhæðir og vexti varðar.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann. Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði, að teknu tilliti til reglna um söluskatt og virðisaukaskatt af lögmannsþjónustu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur V. Gunnlaugsson, greiði stefnda, Magnúsi Þorleifssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1988.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. apríl 1987, af Magnúsi Þorleifssyni, Mávanesi 21, Garðabæ, nnr. 6293-5626, á hendur Gunnlaugi V. Gunnlaugssyni, Háuhlíð 16, Reykjavík, nnr. 3434-3055, til greiðslu leigugjalds, að fjárhæð kr. 279.959, auk dráttarvaxta: 2,5% fyrir hvern mánuð af kr. 4.460 frá 1. apríl 1984 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 8.920 til 1. júní s.á., frá þeim degi af kr. 13.380 til 1. júlí s.á., frá þeim degi af kr. 17.940 til 1. ágúst s.á., frá þeim degi af kr. 22.500 til 1. september s.á., frá þeim degi 2,75% á mánuði af kr. 27.060 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 31.760 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 36.460 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 41.160, til 1. janúar 1985, frá þeim degi af kr. 46.600 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi 3,75% á mánuði af kr. 52.940 til 1. mars s.á., frá þeim degi 4% á mánuði af kr. 59.280 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 66.000 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 72.720 til 1. júní s.á., frá þeim degi 3,5% á mánuði af kr. 79.440 til 1. júlí s.á., frá þeim degi af kr. 86.900 til 1. ágúst s.á., frá þeim degi af kr. 94.360 til 1. september s.á., frá þeim degi 3,75% á mánuði af kr. 101.820 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 109.520 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 117.220 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 124.920 til 1. janúar 1986, frá þeim degi af kr. 133.390 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 141.860 til 1. mars s.á., frá þeim degi 2,75% á mánuði af kr. 150.330 til 1. apríl s.á., frá þeim degi 2,25% á mánuði af kr. 159.230 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 168.130 til 1. júní s.á., frá þeim degi af kr. 177.030 til 1. júlí s.á., frá þeim degi af kr. 186.390 til 1. ágúst s.á., frá þeim degi af kr. 195.750 til 1. september s.á., frá þeim degi af kr. 205.110 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 215.310 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 225.510 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 235.710 til 1. janúar 1987, frá þeim degi af kr. 246.690 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 257.670 til 1. mars s.á., frá þeim degi 2,5% á mánuði af kr. 268.650 til 1. apríl s.á. og frá þeim degi af kr. 279.959 til greiðsludags svo og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að hinn 1. febrúar 1982 hafi stefndi tekið á leigu 20 m² í tröppuhúsi stefnanda að Eddufelli 2 í Reykjavík. Skriflegur húsaleigusamningur hafi ekki verið gerður, en fullt samkomulag hafi verið með aðilum um leigugreiðslur, og skyldi leigan fylgja til hækkunar eða lækkunar þeim breytingum, sem yrðu á húsnæðisvísitölu atvinnuhúsnæðis, sem í gildi var á þeim tíma.

Stefndi hafi greitt leigugreiðslur skilvíslega til 31. mars 1984, en þá hafi stefndi hætt að greiða stefnanda leigu á þeim grundvelli, að hann taldi stefnanda ekki hafa heimild til þess að krefja hann um leigu vegna húsnæðisins, þar sem það væri ekki eign hans.

Stefnandi kveður, að á þeim tíma, er vanskil byrjuðu af hálfu stefnda, hafi verið hætt að reikna út húsnæðisvísitölu atvinnuhúsnæðis, en aðeins gefin út hækkunarheimild á fjögurra (sic) mánaða fresti af Hagstofu Íslands. Stefnandi telur, að með þeirri hækkun, sem leyfð hafi verið 1. apríl 1984 á húsaleigunni, hafi húsaleiga stefnda átt að vera kr. 4.460, sem hafi síðan hækkað skv. þeim verðbótahækkunum, sem auglýstar hafi verið af Hagstofu Íslands, þannig að húsaleigan hafi hækkað þann 1. júlí 1984 um 2% í kr. 4.560, hinn 1. október s.á. um 3% í kr. 4.700, hinn 1. janúar 1985 um 15,8% í kr. 5.440, hinn 1. febrúar s.á. hafi stefnandi hækkað húsaleigu við alla leigjendur sína, og hafi þá grunnleigan á húsnæðinu hækkað úr kr. 272 í kr. 317 pr. m², þannig að milli mánaðanna janúar og febrúar 1985 hafi húsaleigan hækkað úr kr. 5.440 í kr. 6.340 fyrir það húsnæði, sem stefndi leigði af stefnanda. Hinn 1. apríl 1985 hafi leigan síðan hækkað um 6% í kr. 6.720, hinn 1. júlí s.á. um 11% í kr. 7.460, hinn 1. október s.á. um 3% í kr. 7.700, hinn 1. janúar 1986 um 10% í kr. 8.470, hinn 1. apríl s.á. um 5% í kr. 8.900, hinn 1. júlí s.á. um 5% í kr. 9.360, hinn 1. október s.á. um 9% í kr. 10.200, hinn 1. janúar 1987 um 7,5% í kr. 10.980 og hinn 1. apríl s.á. um 5% í kr. 11.309, þannig að höfuðstólsskuld stefnda hafi numið kr. 279.959 hinn 1. apríl 1987, sem sé stefnufjárhæðin. Hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefja stefnda um áfallandi húsaleigu, eftir því sem hún falli í gjalddaga. Kveðst stefnandi þráfaldlega hafa gert tilraunir til þess að fá stefnda til að greiða leigu, en án árangurs, en kveður stefnda hins vegar munu hafa leigt út húsnæðið, sem sé eign stefnanda, og hafi stefndi hirt af því leigu allan þann tíma, sem hann hafi synjað um greiðslu til stefnanda. Þar sem ekki liggi fyrir skriflegur húsaleigusamningur við stefnda, hafi ekki verið brugðið á það ráð að fara fram á útburð úr hinu leigða húsnæði.

Stefnandi kveðst vera eigandi og umráðamaður hins leigða húsnæðis og kveðst reisa kröfur sínar á leigusamningi, sem hann telji vera í gildi milli sín og stefnda, enda þótt hann sé ekki skriflegur.

Stefnandi bendir á skuldbindingagildi samninga og skírskotar í því sambandi til samningalaga nr. 7/1936 og að öðru leyti til meginreglna samningaréttar.

Af hálfu stefnda er málavöxtum þannig lýst, að hann hafi keypt húsnæði af stefnanda undir sælgætis- og veitingasölu að Eddufelli 6, Reykjavík, og hafi honum þá jafnframt staðið til boða að leigja geymslurými fyrir rekstrurinn í tröppuhúsi, sem áfast sé við bygginguna. Kveður stefndi húsnæðið hafa verið fokhelt við afhendingu með steyptu gólfi, og kveðst hann hafa komið því í nothæft ástand, m.a. með því að opna dyr þangað inn, leggja í húsnæðið rafmagn, mála það og fullgera á annan hátt, eins og hæfði fyrirhugaðri notkun þess. Enginn skriflegur samningur hafi verið gerður, en hins vegar munnlegur samningur, enda kveðst stefndi þá hafa verið í þeirri trú, að stefnandi væri eigandi húsnæðisins. Stefndi kveðst ekki muna, hver umsamin leigufjárhæð hafi verið, og sé rétt að benda á, að engar upplýsingar um það sé að finna í málatilbúnaði stefnanda, heldur einungis um þá upphæð, sem stefnandi telji leiguna hafa verið komna í, þegar meint vanskil hafi hafist. Leigugreiðslur hafi farið þannig fram, að stefnandi hafi tekið út vörur hjá stefnda á móti leigunni. Á vordögum 1984 kveðst stefndi hafa fengið veður af því, að ekki væri allt með felldu um eignarráð stefnanda á rýminu, og kveðst hann þá hafa einhliða fellt niður leigugreiðslur, enda kveðst hann hafa talið sjálfhætt, þar sem enginn samningur hefði komist á, þar sem stefnandi væri ekki eigandi hins leigða. Síðan hafi liðið um það bil þrjú ár, þar til stefnandi hafi hafið málsókn, og sé eðlilegt, að það tómlæti sé metið stefnanda í óhag, þegar atvik öll séu virt.

Sýknukröfu sína kveðst stefndi byggja á 45. gr. l. nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði vegna aðildarskorts stefnanda, en stefnandi hljóti að hafa sönnunarbyrði fyrir því, að hann sé eigandi húsnæðis þess, sem krafan er reist á. Að öðru leyti sé byggt á almennum reglum kröfu- og samningaréttarins, málskostnaðarkrafa á 177. gr. laga nr. 85/1936.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda, sé sérstaklega mótmælt dráttarvöxtum á kröfuna fram að 1. febrúar 1985, og upphæð kröfunnar sé einnig mótmælt sem allt of hárri, ósanngjarnri og órökstuddri, en stefnandi hljóti að hafa sönnunarbyrði um það, um hvað samið hafi verið, og þá sérstaklega, hvaða hækkunum sú upphæð skyldi taka. Þá sé sérstaklega mótmælt hækkun hinn 1. febrúar 1985 umfram vísitöluhækkun. Að öðru leyti sé bent á, að samningur sá, sem stefnandi haldi við, sé bersýnilega ósanngjarn, og því beri að víkja honum til hliðar með stoð í ógildingarheimildum samningalaga nr. 7/1936 með síðari breytingum, en rétt sé að benda á, að um sé að ræða gluggalaust „tröppuhús", 20 m^2 að stærð, afhent fokhelt, en innréttað af stefnda. Fyrir þetta húsnæði sé nú krafist kr. 11.309, í mánaðarleigu, eða kr. 565 fyrir hvern m^2, og telur hann það fara út fyrir öll

velsæmismörk, enda heldur hann því fram, að engum öðrum væri húsnæðið nýtanlegt.

Stefndi kveður stefnanda engan kostnað hafa borið af smíði umræddsa húsnæðis, og fái stefndi því ekki séð, hvers vegna hann umfram stefnda sjálfan, sem einnig sé húseigandi í sama húsi, ætti að hafa heimild til að krefja sameigendur sína um leigugreiðslu af húsnæði, sem reist sé af almannafé og í eigu borgarinnar. Stefnandi muni að vísu hafa borið kostnað af steypu 20 m² gólfplötu, en stefndi telji það margfaldlega endurgreitt með úttektum stefnanda hjá sér um tveggja ára skeið.

Stefnandi bendir á, að tillaga sú að bókun, sem lögð hafi verið fram í málinu, hafi aldrei fengist samþykkt hjá borgaryfirvöldum.

Niðurstaða.

Málavextir hafa skýrst við framburð aðila og vitna, vettvangsgöngu og munnlegan málflutning. Upphaf þessarar deilu er það, að stefnandi fékk byggingarleyfi fyrir verslunarhúsnæði á lóðinni nr. 2-6 við Eddufell í Reykjavík. Ágreiningur reis vegna staðsetningar hússins, og lét eigandi Eddufells nr. 8 leggja lögbann á framkvæmdir. Málið var leyst með því, að hús stefnanda var fært til í byggingarreitnum, þannig, að vesturhlið hússins nam við lóðarmörk, en uppsteyptar tröppur og gangstétt meðfram þeirri hlið, skv. teikningu, lentu utan lóðarmarka. Í samræmi við dómsátt greiddi Reykjavíkurborg kostnað við byggingu trappnanna. Stefndi telur, að Reykjavíkurborg eigi það húsrými sem er undir tröppunum, og geti stefnandi því ekki leigt það út. Stefnandi telur tröppurnar óaðskiljanlegan hluta húss síns. Hann telur húsið hafa verið flutt vegna skipulagslegra mistaka, Hann kveðst hafa séð um og látið byggja tröppurnar, en Reykjavíkurborg hafi greitt kostnaðinn sem bótagreiðslu til sín fyrir þau óþægindi, sem hann hafi orðið fyrir vegna mistaka starfsmanna hennar. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing, þar sem því er lýst yfir af hálfu Reykjavíkurborgar, að hún telji sig eiga það húsrými, sem undir tröppunum hafi myndast. Reykjavíkurborg hefur þó ekki gert beint tilkall til rýmisins né amast við notkun stefnanda á því.

Þetta mál er höfðað vegna vangoldinnar leigu, og verður ekki í því skorið úr ofangreindri deilu um eignarrétt að húsnæðinu.

Upplýst er, að aðilar gerðu með sér munnlegan samning á sama tíma og stefndi keypti fasteignina Eddufell 6 af stefnanda, um að stefndi tæki hið umdeilda rými í tröppuhýsinu á leigu og tengdi það eign sinni með því að brjóta dyr á millivegg. Ágreiningslaust er, að umræddur hluti tröppuhýsisins fylgdi ekki með í kaupunum til stefnda, en stefndi hafði sóst eftir því að fá það keypt og síðan leigt. Einnig er óumdeilt, að stefndi greiddi umsamda leigu til 31. mars 1984 í því formi, að stefnandi tók út vörur

í fyrirtæki hans. Komið hefur fram í málinu, að stefndi framleigir nú húsnæði sitt og búnað ásamt tröppuhýsinu.

Stefndi leiðir rétt sinn til húsnæðisins og ráðstöfunar á því frá stefnanda og samningi þeirra um afnot húsnæðisins, sem enn er í gildi. Hugsanlegur réttur þriðja manns á hendur leigusala þykir hér ekki réttlæta vanefndir leigutaka á samningnum, og ekki þykir stefndi hafa sannað, að stefnanda skorti heimild til að leigja húsnæðið, ber stefnda því að gjalda stefnanda leigugjaldið.

Til vara hefur stefndi krafist lækkunar stefnufjárhæðar. Stefndi tók húsnæðið á leigu 1. febrúar 1982 og greiddi umsamda leigu til 31. mars 1984 eða í rúm tvö ár. Í ljósi þessa þykja athugasemdir hans um, að leigugjaldið hafi verið of hátt miðað við ástand húsnæðisins, of seint fram komnar. Við vettvangsgöngu kom í ljós, að helmingur hins leigða er notaður fyrir frysti- og kæliskápa, en helmingur fyrir skrifstofu, en í samliggjandi húsnæði í eigu stefnda er rekinn söluturn og grill.

Aðilar gerðu ekki með sér skriflegan samning, svo sem skylt er skv. lögum um húsaleigusamninga nr. 44/1979, og ber því leigusali sönnunarbyrði um upphæð leigugjalds, sbr. 10. gr. þeirra laga. Stefnandi upplýsti fyrir dómi, að leigugjaldið hefði upphaflega verið kr. 60 á m^2. Hefur því ekki verið mótmælt, og verður þetta lagt til grundvallar. Upplýst þykir með framburði aðila, að upphaflega hafi verið samkomulag um leigugjaldið og að það skyldi hækkka skv. breytingum á húsaleiguvísitölu og síðar skv. þeim verðbótahækkunum húsaleigu, sem Hagstofa Íslands auglýsir. Stefnandi hefur hins vegar ekki sannað, að honum hafi verið heimilt skv. samningi aðila að hækka húsaleiguna umfram þetta, og verða því frekari hækkanir leigugjalds ekki teknar til greina. Þegar þetta er virt og nýting stefnda á húsnæðinu, verður leiga 1. apríl 1984 talin réttilega hafa verið kr. 167 fyrir fermetrann, eða kr. 3.340 mánaðarleiga fyrir húsnæðið allt. Samkvæmt vottorði frá Hagstofu Íslands, sem lagt er fram í málinu, um verðbótahækkanir húsaleigu á því tímabili, sem hér um ræðir, skal leigugjaldið hækka þannig: Hinn 1. júlí 1984 um 2% í kr. 3.340, hinn 1. október s.á. um 3% í kr. 3.509, hinn 1. janúar 1985 um 15,8% í kr. 4.063, hinn 1. apríl s.á. um 6% í kr. 4.307, hinn 1. júlí s.á. um 11% í kr. 4.781, hinn 1. október s.á. um 3% í kr. 4.924, hinn 1. janúar 1984 um 10% í kr. 5.416, hinn 1. apríl s.á. um 5% í kr. 5.687, hinn 1. júlí s.á. um 5% í kr. 5.971, hinn 1. október s.á. um 9% í kr. 6.508, hinn 1. janúar 1987 um 7,5% í kr. 6.996, hinn 1. apríl s.á. um 3% í kr. 7.206. Höfuðstóll skuldar telst þá vera kr. 183.933. Dráttarvaxtakrafa er tekin til greina að öðru leyti en því, að frá 1. apríl 1984 til 1. janúar 1985 dæmast 19% ársvextir, en 32% ársvextir frá þeim degi til 1. febrúar s.á., svo sem nánar greinir í dómsorði.

Málskostnaður ákveðst kr. 63.000, og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir, borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnlaugur V. Gunnlaugsson, greiði stefnanda, Magnúsi Þorleifssyni, kr. 183.933 með 19% ársvöxtum af kr. 3.340 frá 1. apríl 1984 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 6.680 til 1. júní s.á., frá þeim degi af kr. 10.020 til 1. júlí s.á., frá þeim degi af kr. 13.427 til 1. ágúst s.á., frá þeim degi af kr. 16.834 til 1. september s.á., frá þeim degi af kr. 20.241 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 23.750 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 27.259 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 30.768 til 1. janúar 1985, frá þeim degi með 32% ársvöxtum af kr. 34.831 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi með 45% ársvöxtum af kr. 38.894 til 1. mars s.á., frá þeim degi með 48% ársvöxtum af kr. 42.957 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 47.264 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 51.571 til 1. júní s.á., frá þeim degi með 42% ársvöxtum af kr. 55.878 til 1. júlí s.á., frá þeim degi af kr. 60.659 til 1. ágúst s.á., frá þeim degi af kr. 65.440 til 1. september s.á., frá þeim degi með 45% ársvöxtum af kr. 70.221 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 75.145 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 80.069 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 84.993 til 1. janúar 1986, frá þeim degi af kr. 90.409 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 95.825 til 1. mars s.á., frá þeim degi með 33% ársvöxtum af kr. 101.241 til 1. apríl s.á., frá þeim degi með 27% ársvöxtum af kr. 106.928 til 1. maí s.á., frá þeim degi af kr. 112.615 til 1. júní s.á., frá þeim degi af kr. 118.302 til 1. júlí s.á., frá þeim degi af kr. 124.273 til 1. ágúst s.á., frá þeim degi af kr. 130.244 til 1. september s.á., frá þeim degi af kr. 136.215 til 1. október s.á., frá þeim degi af kr. 142.723 til 1. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 149.231 til 1. desember s.á., frá þeim degi af kr. 155.739 til 1. janúar 1987, frá þeim degi af kr. 162.735 til 1. febrúar s.á., frá þeim degi af kr. 169.731 til 1. mars s.á., frá þeim degi með 30% ársvöxtum af kr. 176.727 til 1. apríl s.á., frá þeim degi af kr. 183.933 til greiðsludags og kr. 63.000 í málskostnað, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1990.

Nr. 437/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðlaugu Margréti Jónsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Dómstólar. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1989 að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar refsingar og til sviptingar ökuréttinda. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds og verjanda ákærðu vísað til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 120/1989, uppkveðnum 9. janúar sl. Var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði felldur úr gildi og meðferð málsins fyrir sakadómi Kópavogs frá og með þinghaldi 19. maí 1989 ómerkt og málinu vísað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar í héraði.

I.

Brot það, sem ákært er út af í máli þessu, var rannsakað af lögreglunni í Kópavogi. Hinn 1. október 1986 bauð Þorgerður Erlendsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, ákærðu dómsátt í málinu, sem ákærða hafnaði. Ákæra var gefin út 9. nóvember 1987 og birt af Ólöfu Pétursdóttur héraðsdómara í þinghaldi 8. desember 1988. Ólöf hélt síðan dómþing í málinu 9. janúar, 1. febrúar og 1. mars 1989. Hinn 19. maí 1989 tók Þorgerður Erlendsdóttir, sem þá var settur héraðsdómari, við málinu og hélt þinghald þann dag og síðan 1. júní, 4. júlí og 18. júlí, er málið var dómtekið, og kvað hún síðan upp dóm í málinu 16. ágúst 1989.

Þorgerður Erlendsdóttir var fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, er hún bauð ákærðu dómsátt hinn 1. október 1986. Hún starfaði á ábyrgð bæjarfógetans, sem jafnframt var lögreglustjóri í Kópavogi, en sakarefni máls þessa var rannsakað af lögreglunni í Kópavogi,

eins og fyrr segir. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að Þorgerði Erlendsdóttur, settum héraðsdómara, hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og ómerkja meðferð máls þessa fyrir sakadómi Kópavogs frá og með þinghaldi 19. maí 1989 og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

II.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og meðferð málsins fyrir sakadómi Kópavogs frá og með þinghaldi 19. maí 1989 ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 16. ágúst 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. júlí 1989, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 9. nóvember 1987, „á hendur Guðlaugu Margréti Jónsdóttur húsmóður, Holtagerði 45, Kópavogi, fæddri í Reykjavík 7. febrúar 1951, fyrir að aka, þriðjudaginn 15. október 1985, bifreiðinni Y- 386 án nægilegrar aðgæslu suður Urðarbraut í Kópavogi yfir gatnamót Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar, þar sem stöðvunarskylda er á umferð um Urðarbraut fyrir umferð um Borgarholtsbraut, og í veg fyrir bifreiðina R-57478, sem ekið var vestur Borgarholtsbraut, með þeim afleiðingum að harður árekstur varð með bifreiðunum.

Við áreksturinn hlaut Blængur Blængsson, Holtagerði 69, Kópavogi, far-

þegi í hægra framsæti bifreiðarinnar R-57478, beinbrot á hægra gagnauga og blæðingu á bak við hægri hljóðhimnu.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940 og 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr. sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan, en hún tók við málinu hinn 17. mars 1989.

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna annarra embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærða, Guðlaug Margrét Jónsdóttir, greiði kr. 20.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1990.

Nr. 258/1988. **Utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Þorsteini Kristjánssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Skaðabótamál. Vinnuslys. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1988. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar verulega og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda kr. 1.240.733 með 35% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987,

3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987, 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu þessarar og með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands samkvæmt 10. gr. sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1983.

2. Til vara, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 1.510,443 með 35% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987, 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987, 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu þessarar og með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands samkvæmt 10. gr. sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988.

Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis hins áfrýjaða dóms. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis 28. desember 1988 var gagnáfrýjanda veitt gjafsókn í málinu fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Guðjóns Hansen tryggingafræðings frá 12. janúar 1990 á örorkutjóni gagnáfrýjanda. Segir þar svo:

„Breytingar frá útreikningnum 27. júlí 1987 eru þessar:

1. Tekið er tillit til breytinga á kauptöxtum, og enn fremur er hliðsjón höfð af upplýsingum Kjararannsóknarnefndar um launaþróun árin 1986-1988.

2. Vaxtareikningur breytist vegna þess, að útreikningsdagur er nú annar. Reiknað er með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til útreikningsdags 12. janúar 1990, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.

3. Vegna þess, hve langt er um liðið frá því er slysið varð, er til glöggvunar reiknað, hver tjónsfjárhæð verður, ef slysdagsverðmæti er fært fram til útreikningsdags.

Þegar tillit er tekið til ofangreindra launahækkana, reiknast mér þær árlegu vinnutekjur, sem lagðar voru til grundvallar við fyrri útreikninga, verða sem hér segir:

Árið 1982, frá slysdegi	kr.	204.899
— 1983	—	293.492
— 1984	—	350.267
— 1985	—	462,221
— 1986	—	581.834
— 1987	—	824.869
— 1988	—	1.024.685
— 1989	—	1.131.395
Eftir þann tíma	—	1.210.246

Miðað við framangreindan tekjugrundvöll og tekjutap í samræmi við örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

	Reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum til útrd.	*Reiknað með einf. vöxtum til útrd.*
	kr.	*kr.*
Vegna tímabundins orkutaps í 12 mánuði	kr. 155.322	kr. 155.322
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	— 1.039.269	— 1.576.765
Samtals	kr. 1.194.591	kr. 1.732.087
Viðbót vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda	kr. 60.396	kr. 90.782
Verðm. eingreiðslu slysabóta T.r.	— 62.468	— 69.283

Sé slysdagsverðmæti fært fram til útreikningsdags þannig, að vextir reiknast á sama hátt, hvort sem fjárhæð er færð aftur í tímann eða fram á við, verður verðmæti á útreikningsdegi 12. janúar 1990 sem hér segir:

	Reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum til útrd.	*Reiknað með einf. vöxtum til útrd.*
	kr.	*kr.*
Vegna tímab. orkutaps í 12 mán.	665.454	407.932
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	4.452.594	4.141.154
Samtals	kr. 5.118.048	4.549.086
Viðbót vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda	kr. 258.758	kr. 238.426
Verðm. eingreiðslu slysabóta T.r.	— 267.635	— 181.962

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem tilgreindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreikninga."

II.

Fallast ber á með héraðsdómara, að leggja megi frásögn gagnáfrýjanda til grundvallar um atvik að slysi því, sem hann varð fyrir.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir rannsókn á vegum liðs Bandaríkjanna á búnaði vélsagarinnar til að fjarlægja spæni og sag frá henni. Var niðurstaða þessarar rannsóknar sú, að búnaður þessi væri ófullnægjandi.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, Páll Ólafsson og Guðlaugur Guðmundsson, sem störfuðu með gagnáfrýjanda á trésmíðaverkstæðinu, hafa borið fyrir dómi, að gólfið hafi orðið mjög hált, þegar sag féll á það. Til framangreinds vanbúnaðar vélsagarinnar og hálku á gólfinu, sem af honum leiddi, verður slysið rakið.

Vegna þessara ófullnægjandi aðstæðna á verkstæðinu jókst að mun slysahætta af óvörðu sagarblaðinu. Sú hætta jókst enn við aukið vinnuálag, sem gagnáfrýjanda var búið daginn, sem slysið varð, er hann varð einn að standa að erfiðri og vandasamri sögun fyrirferðarmikils efnis vegna fjarvistar starfsmanns, er áður hafði verið honum til aðstoðar við verkið.

Með vísan til þessa er fullnægt lagaskilyrðum fyrir fébótaábyrgð á umræddu vinnuslysi. Eigi þykja efni til þess, eins og atvikum er háttað samkvæmt framanskráðu, að meta slysið gagnáfrýjanda til sakar. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að leggja á aðaláfrýjendur fulla greiðsluskyldu á tjóni gagnáfrýjanda af völdum slyssins samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

III.

Svo sem rakið er hér að framan, hefur verið lagður fyrir Hæstarétt útreikningur á áætluðu örorkutjóni gagnáfrýjanda, er miðast við 12. janúar 1990.

Við aðilayfirheyrslu á bæjarþingi Reykjavíkur 10. maí 1988 lýsti gagnáfrýjandi því yfir, að hann hefði haldið óskertum launum, frá því slysið varð. Má því ætla, að fram til þess tíma hafi metinnar örorku hans enn eigi verið farið að gæta við tekjuöflun.

Þegar framanskráð er virt, tillit tekið til eingreiðslu örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins og úr samningsbundinni slysatryggingu og hliðsjón höfð samkvæmt dómvenju af skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi, þykir tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku hæfilega metið 650.000 krónur.

Miskabætur til handa gagnáfrýjanda þykja hæfilega metnar í hinum áfrýjaða dómi 150.000 krónur.

Samkvæmt þessu verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda 800.000 krónur.

Í kröfum aðaláfrýjenda hér fyrir dómi er ekki vikið að vöxtum. Í kröfum þeim, sem gerðar voru af hálfu þessara aðila í héraði, var kröfum um vaxtavexti og um upphafstíma dráttarvaxta mótmælt, en ekki getið um upphafstíma vaxta. Verður að skilja kröfugerð aðaláfrýjenda svo, að upphafstíma vaxta sé ekki mótmælt. Verða vextir því dæmdir eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en áfrýjunarkostnaður, 180.319 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 160.000 krónur. Er þá ekki tekið tillit til söluskatts eða virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Þorsteini Kristjánssyni, 800.000 krónur með 34% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á.,

11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 14. apríl 1987 til 8. febrúar 1990, en dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins, 180.319 krónur, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Helga V. Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 160.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Arnljóts Björnssonar prófessors.

Við erum sammála þeirri niðurstöðu meirihluta dómenda, að aðaláfrýjendum beri að greiða gagnáfrýjanda bætur. Við erum sammála meirihlutanum um tjón gagnáfrýjanda.

Á það er að líta, að gagnáfrýjandi er meistari í húsgagnasmíði og hafði margra ára reynslu af vinnu við trésmíðavélar, m.a. hafði hann starfað á trésmíðaverkstæði varnarliðsins í fimm ár, er slysið varð. Hann var þaulkunnugur búnaði vélarinnar og aðstæðum öllum. Ósannað er, að hann hafi hreyft athugasemdum um það, sem hann telur nú hafa verið áfátt. Einnig verður að telja, að hann hafi ekki sýnt næga aðgæslu í umrætt sinn. Ber því að okkar áliti að dæma aðaláfrýjendur til að greiða tjón gagnáfrýjanda að hálfu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí 1988, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, þingfestri 24. september 1987, af Þorsteini Kristjánssyni, nnr. 9749-5246, Eyjabakka 16, Reykjavík, á hendur Jóni Baldvin Hannibalssyni fjármálaráðherra, Arnarhváli, Reykjavík, og Steingrími Hermannssyni utanríkisráðherra, Hverfisgötu 115, Reykjavík, báðum fyrir hönd ríkissjóðs, og gerir endanlega þær dómkröfur:

Aðallega, að stefndu verði dæmdir in soldium til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 1.240.733 með 42% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. októ-

ber 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, með 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987 og með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu í máli þessu og með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1983.

Til vara, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 1.510.493 með 42% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, með 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987 og með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu í máli þessu og með dráttarvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, þannig, að vextir fyrir tímabilið 14. apríl

1987 til 14. apríl 1988 leggist við höfuðstól 14. apríl 1988 og svo koll af kolli.

Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættum 12% sérstökum söluskatti skv. lögum 68/1987. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. l. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Stefndu krefjast aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og málskostnaður tildæmdur úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi, sem er húsgagnasmiður, varð fyrir slysi hinn 15. febrúar 1982 við störf á trésmíðaverkstæði varnarliðsins í Rockville. Kvaðst hann hafa lokið við að saga föls í krossvið og spónaplötur með hjólsög af Newman Machine-gerð, hugðist slökkva á söginni og teygði sig undir vélarborðið. Hafi hann þá runnið til á hálu gólfi og lent með vinstri hönd ofan á hjólsagarblaðinu. Við þetta hafi fjórir fingur vinstri handar skaddast alvarlega.

Kveðst stefnandi hafa legið á Borgarspítalanum frá slysdegi til 18. febrúar 1982. Hann hafi verið óvinnufær í nokkra mánuði eftir slysið, en hafið þá störf að nýju á sama stað. Hafi hann misst nær alla framkjúku þumalfingurs vinstri handar, og séu staurliðir um báða liði fingursins. Staurliðir séu einnig um framlið vísifingurs og um miðliði og framliði löngutangar og baugfingurs. Á árinu 1983 hafi stefnandi verið til aðgerðar á Borgarspítalanum. Sú aðgerð hafi falist í því, að fingurnir hafi verið beygðir að nokkru leyti til að gera höndina meðfærilegri. Stefnandi kveðst hafa verið frá vinnu í um það bil tvo mánuði vegna þessa. Örorka sín hafi valdið því, að eftir slysið hafi hann orðið að vinna annars konar vinnu en hann gerði áður.

Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins hafi skoðað aðstæður á slysstað daginn eftir slysið. Í skýrslu eftirlitsins komi fram, að kleyfur og blaðhlíf tilheyrandi hjólsöginni hafi ekki verið á henni, þegar slysið varð, og að æskilegt hefði verið að hafa léttbyggðari hlíf og kleyf á henni. Aðilar á vegum varnarliðsins hafi strax eftir slysið framkvæmt athugun á loftsogi við hjólsögina. Í bréfi flughermálaráðuneytisins, dags. 1. mars 1982, kemur fram, að útblásturskerfi þetta nái ekki lágmarksafköstum samkvæmt staðli fyrir loftræstingu iðnaðarsvæðis. Vindhraði, sem nauðsynlegur sé til að halda sagi á hreyfingu gegnum röraleiðslur vélarinnar, sé ónógur. Sag úr vélinni kastist því á brjóst og maga starfsmanns, sem vinni við vélina. Þegar slysið

varð, hafi gólf verkstæðisins verið gljámálað með lakki svipuðu skipalakki, en hafi verið málað með hraunmálningu eftir það.

Björn Önundarson læknir hafi framkvæmt mat á örorku stefnanda 22. maí 1985. Niðurstaða hans sé, að stefnandi hafi verið 100% öryrki í 9 mánuði eftir slysið, 50% öryrki í 3 mánuði og hlotið 25% varanlega örorku. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hafi reiknað fjárhæð vinnutekjutaps stefnanda, fyrst 25. júlí 1985 og einnig 27. júlí 1987.

Lögmaður stefnanda hafi hinn 30. desember 1986 ritað bréf til skaðabótanefndar skv. lögum 110/1951 og krafist þess, að ríkissjóður bætti tjón stefnanda, þar sem það væri að rekja til vanbúnaðar á vinnustað. Nefndin hafi synjað greiðslu bóta með bréfi, dags. 25. maí 1987. Stefnandi hafi því séð sig knúinn til að höfða mál þetta, og hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitt honum gjafsókn í málinu með bréfi, dags. 16. júní 1987.

Stefnandi kveðst sundurliða dómkröfur sínar þannig í samræmi við ofangreind gögn:

1. Aðalkrafa.

a) Örorkutjón:

Fjárhæð vinnutekjutaps v/tímabundinnar örorku á slysdegi	kr.	155.322
Fjárhæð vinnutekjutaps v/varanlegrar örorku á slysdegi	—	846.770
Tapað framlag til lífeyrissjóðs	—	49.234
Greitt úr slysatryggingu launþega	—	(48.125)
— — — almannatrygginga	—	(62.468)
	kr.	940.733
b) Miskabætur	—	300.000
	kr.	1.240.733

2. Varakrafa.

a) Örorkutjón:

Fjárhæð vinnutekjutaps v/tímabundinnar örorku á slysdegi	kr.	155.322
Fjárhæð vinnutekjutaps v/varanlegrar örorku á slysdegi	—	1.109.062
Tapað framlag til lífeyrissjóðs	—	63.467
Greitt úr slysatryggingu launþega	—	(48.125)
— — — almannatrygginga	—	(69.283)
	kr.	1.210.443
b) Miskabætur	—	300.000
	kr.	1.510.443

Stefnandi telur varnarlið Bandaríkjanna bera skaðabótaábyrgð á framangreindu tjóni sínu á grundvelli ólögfestra reglna skaðabótaréttarins. Í fyrsta lagi sé bent á reglu um hlutlæga ábyrgð vegna bilunar eða galla í tæki. Sú regla hafi ótvíræða stoð í dómaframkvæmd. Stefnandi kveður tvær orsakir hafa verið fyrir slysinu, annars vegar, að loftsog við hjólsögina hafi verið ófullnægjandi, og hins vegar, að frágangur á gólfi vinnusalarins hafi verið óforsvaranlegur og til þess fallinn að valda tjóni. Telur hann varnarliðið bera ábyrgð á tjóni, sem af slíku hlýst, án tillits til þess, hvort um sök sé að ræða eða ekki. Verði ekki á það fallist, kveðst stefnandi byggja á því, að fyrirsvarsmenn verkstæðisins eða aðrir aðilar, sem varnarliðið beri ábyrgð á, hafi mátt gera sér grein fyrir því, að ástand sagarinnar og frágangur gólfsins hafi verið óforsvaranleg og til þess fallin að valda tjóni. Bótaskylda ríkissjóðs byggist á 2. mgr. 12. gr. laga nr. 110/1951.

Af hálfu stefnda er málatilbúnaði stefnanda eindregið vísað á bug. Mótmælir hann því harðlega, að ástand sagarinnar og frágangur gólfsins hafi verið óforsvaranleg. Telur hann með öllu ósannað af hálfu stefnanda, að slys það, sem stefnandi varð fyrir, verði rakið til áhættu, er stefndi verði gerður ábyrgur fyrir. Af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en slysið verði fyrst og síðast rakið til aðgerða stefnanda sjálfs, vangæslu hans og/eða óhappatilviljunar.

Margt sé óljóst um tildrög slyssins. Stefnandi sé einn til frásagnar um, hvernig slysið hafi orðið, og sú frásögn sé um margt óljós og ófullkomin. Í skýrslu lögreglu komi fram, að samverkamenn stefnanda, sem lögregla ræddi við daginn eftir slysið, hafi ekki vitað, að hvaða verkefni stefnandi hafði verið að vinna, og ekkert hafi orðið ráðið um það á vettvangi. Í læknisvottorði, dags. 9. okt. 1984, komi fram, að stefnandi hafi slasast á vinstri hendi. Af lýsingu á sárum hans megi þannig ráða, að handarbak hans hafi lent í söginni, en ekki lófi. Í lögregluskýrslu hafi komið fram, að stefnandi hafi þekkt allar aðstæður á verkstæðinu til hlítar. Þar sé upplýst, að stefnandi sé húsgagnasmíðameistari og hafði hann unnið sl. 5 ár á trésmíðaverkstæðinu í Rockville. Hjólsögin, sem hann slasaðist á, hafi verið framleidd 1953, og hafi hún komið á verkstæðið tveimur árum áður. Í skýrslunni taki stefnandi fram, að sag, sem komi af söginni, sé hreinsað oft og vel af gólfinu. Í lögregluskýrslu hinn 16. febrúar komi fram, að mikið sagarryk hafi verið á gólfinu við vélina, og í þeirri skýrslu sé ekkert getið þeirra skýringar, sem stefnandi hafi gefið á því síðar í skýrslutöku í maí, að það hafi komið, er samverkamenn hans hafi opnað vélina í leit að fingurstúf eftir slysið.

Í skýrslu Vinnueftirlits komi fram, að notkun hjólsagarinnar sé heimil. Sögin sé útbúin með „kleyfi" og „blaðhlíf". Hvorugt hafi verið á vélinni, er slysið varð. Í skýrslunni sé tekið fram, að léttbyggðari hlíf og kleyfar

væru æskilegri, en engar kröfur gerðar um breytingar eða úrbætur á hjólsöginni. Hvorki þar né í skýrslu flughermálaráðuneytisins, dags. 1. mars 1982, sé vikið að því, að sögin hafi verið biluð eða gölluð. Hins vegar segi í síðarnefndri skýrslu, að útblásturskerfi hennar nái ekki lágmarksafköstum skv. bandarískum staðli fyrir loftræstingu iðnaðarsvæðis. Af því verði hins vegar alls ekki dregin sú ályktun, að vélin hafi verið gölluð eða biluð, eins og stefnandi virðist gera.

Í lögregluskýrslu komi fram, að stefnandi sjálfur hafi fjarlægt öryggishlífar af söginni. Gefi hann þá skýringu, að hann hafi ekki getað unnið það verk, sem hann var við, öðruvísi en að fjarlægja hana, og öðru verkfæri til verksins hafi ekki verið til að dreifa. Jafnvel þótt þessi skýring stefnanda reyndist rétt, sé ljóst, að stefnanda bar að sýna ýtrustu aðgát í umgengni við vélina, eins og hér stóð á, þ. á m. að hafa hana ekki í gangi nema þá stund, sem hann beinlínis notaði hana, og slökkva þá á henni, meðan hann athafnaði sig að öðru leyti við framkvæmd verksins. Stefnandi; sem gjörþekkti allar aðstæður, hafi einnig vitað, að hálka gat skapast á gólfinu vegna sagarryksins, og hafi hann því átt að varast sérstaklega slíkar aðstæður og viðhafa allar þær öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegar hafi verið með tilliti til þess.

Í lögregluskýrslu gefi stefnandi þá lýsingu, að hann hafi lokið verkinu og gengið milli þykktarhefilsins og hjólsagarinnar til þess að drepa á söginni. Fyrir framan rofann hafi hann runnið til á hálu gólfinu og lent með vinstri hönd ofan á hjólsagarblaðinu. Hægri höndina hefði hann þegar teygt áleiðis að slökkvaranum undir vélarborðinu. Síðar í skýrslunni segi hann, að hann hafi runnið mjög snöggt til, þá er slysið varð, og hafi það engum togum skipt, að höndin hafi lent á blaðinu. Þegar myndir, teknar af lögreglu, séu skoðaðar og settar í samhengi við þessa lýsingu, fáist ekki séð, að stefnandi hafi viðhaft eðlilega aðgát og allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Sé reyndar alveg með ólíkindum, hvernig það, að stefnandi rann snöggt til, leiði til þess, að hann reki bakhluta vinstri handar fram fyrir sig yfir borðið á söginni og á sagarblaðið.

Eins og gögn málsins liggi fyrir, fáist ekki séð, að stefnandi geti sakast við neinn annan en sjálfan sig um slysið og afleiðingar þess. Ekkert liggi fyrir um það, að það hafi borið til með þeim hætti, að stefndi verði að lögum gerður bótaábyrgur fyrir því.

Fari svo, að dómurinn fallist ekki á aðalkröfu stefnda um sýknu, er gerð sú varakrafa, að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð. Í því sambandi er í fyrsta lagi bent á eigin sök stefnanda, sem leiði til þess, að hann eigi að bera tjón sitt sjálfur að mestu leyti. Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt sem allt of hárri. Þá beri að lækka bætur með hliðsjón af hagræði skattfrelsis og eingreiðslu. Þess sé krafist, að samningsbundnar bætur úr

slysatryggingu launþega skv. kjarasamningi, alls að fjárhæð kr. 71.125, sem komið hafi til greiðslu hinn 1/10 1984, komi að fullu til frádráttar þeim bótum, sem stefnda kynni að verða gert að greiða. Sömuleiðis eigi laun, sem stefnandi hafi fengið greidd vegna fjarvista eftir slysið, að koma til frádráttar, en í kröfugerð stefnanda sé ekkert tillit tekið til þeirra né upplýst, hver þau hafi verið. Í kröfugerð stefnanda sé innifalinn útlagður kostnaður við útreikning á tjóni, en hann heyri að réttu lagi undir málskostnað.

Kröfum stefnanda um vaxtavexti og um upphafstíma dráttarvaxta af bótum sé mótmælt, sbr. 7., 12. og 15. gr. laga nr. 25/1987, um vexti. Krafa stefnanda um, að dómurinn staðfesti, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti, sé í reynd ekki annað en beiðni um lögfræðilega álitsgerð og andstæð ákvæðum 67. og 69. gr. eml.

Niðurstaða.

Fyrir dóminn hafa komið stefnandi, Þorsteinn Kristjánsson, og vitnin Vilhjálmur Vilhjálmsson verkstjóri, Páll Ólafsson rafvirki og Guðlaugur Guðmundsson pípulagningamaður. Hinn 19. apríl gekk dómurinn á vettvang ásamt fulltrúum aðila og lögmönnum. Stefnandi var við vinnu á staðnum. Skoðuð var vél sú, er slysið varð við, og sýndi Jón Sveinsson smiður, hvernig föls eru söguð í henni. Vilhjálmur Vilhjálmsson sýndi venjulega sögun, og stefnandi sýndi, hvernig hann gekk að vélinni og hvernig hann rann til, er slysið varð. Var vélin sögð óbreytt, en nýtt efni hafði verið lagt á gólf tveimur til þremur mánuðum fyrir vattvangsgöngu.

Engin vitni voru að slysinu, og þar sem ekkert hefur komið fram, er hnekki framburði stefnanda, verður hann lagður til grundvallar um málsatvik. Upplýst er, að stefnandi vann við að taka föls í bök á skápum. Til þess að hægt sé að taka föls með vélsög, verður að taka öryggishlíf af söginni. Hafði því verið safnað saman einum þremur verkefnum, þar sem taka þurfti föls. Var byrjað á þessu verki á föstudegi fyrir slysið, og unnu þeir þá tveir að því, stefnandi og Vilhjálmur. Á mánudeginum var stefnandi einn við verkið. Þar sem hann var einn, varð hann að fylgja viðnum eftir í gegnum sögina til að taka á móti honum við hinn endann. Er hann hafði lokið við að saga síðasta stykkið og lagt það á sinn stað, kveðst hann hafa komið til baka að vélinni í þeim tilgangi að slökkva á henni, en þá runnið til við hlið sagarinnar og fallið aftur fyrir sig og lent þá með vinstri hönd á sagarblaðinu handarbaks megin með þeim afleiðingum, er síðar verða raktar.

Samkvæmt vitnisburði stefnanda og Vilhjálms Vilhjálmssonar eru vélsagir títt notaðar til sögunar af þessu tagi, ef ekki er til fræsari á viðkomandi vinnustað, og algengt sé á minni vinnustöðum, að fræsari sé ekki til. Fræsari mun ekki hafa verið til á trésmíðaverkstæðinu í Rockville. Einnig

kom fram, að þegar föls séu söguð í löng borð, eins og þarna hafi verið, sé það venjuleg verklagsregla, að tveir menn vinni saman að verkinu, þannig að annar stjórni söguninni, en hinn taki á móti trénu. Sé slíkur aðstoðarmaður ekki til staðar, verði smiðurinn að fylgja viðnum eftir.

Upplýst er, að stefnandi hafði unnið að verkefninu í tvo daga, og hafði Vilhjálmur verið með honum fyrri daginn, en þennan dag var Vilhjálmur í fríi. Skipulag verkstjórnar var þannig, að verkstjórn var í höndum Bandaríkjamanns, sem hafði aðsetur í annarri byggingu og kom annað slagið á staðinn, en ella var haft samband við hann símleiðis. Hafði honum verið kunnugt um, að hvaða verkefni var unnið á verkstæðinu, og veitt samþykki sitt til þess, að hlífin væri tekin af vélinni í þessum tilgangi, hann hafði einnig veitt Vilhjálmi leyfi á mánudeginum. Fleiri smiðir en Vilhjálmur og stefnandi voru ekki á verkstæðinu. Yfirmanninum var því ljóst, að stefnandi var einn við verkið.

Ætla verður, að varnarliðið hafi bolmagn til þess að búa verkstæði sín nauðsynlegum verkfærum, svo sem fræsara, og verður að telja varnarliðið vera ábyrgt fyrir því, að nauðsynlegt var að beita jafnhættulegri aðferð og hér var að jafnaði gert við að taka föls. Þá þykir verkstjórn hafa verið ábótavant að því leyti, að það var látið viðgangast, að stefnandi væri einn við þetta verk slysdaginn.

Með framlögðum gögnum og skýrslum aðila og vitna þykir í ljós leitt, að loftsog frá vélinni hafi ekki verið nægilega kraftmikið, þannig að það náði ekki að grípa allt sag frá sagarblaðinu, meðan það var í notkun, og fjarlægja um þar til gert loftsogsrör, heldur kastaðist það á brjóst eða maga þess, er við sögina vann, og féll á gólfið. Vélin var óþétt, og jók það á vankanta loftsogsins. Skapaði þetta hálku á gólfinu. Líta verður svo á, að hér hafi verið galli á vinnutæki því, er stefnandi slasaði sig á, og að varnarliðið beri ábyrgð á því, að úr honum hafði ekki verið bætt. Til að draga úr þeirri hálkuhættu, er sagið skapaði, þótti nauðsynlegt að sópa gólfið oft. Ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að það hafi verið vanrækt. Samkvæmt framburði vitnanna Páls og Guðlaugs, sem voru á staðnum, þegar slysið varð, virtist þeim, að fingur hefði sagast af stefnanda, og segjast þeir hafa opnað vélina og leitað fingurs í saginu, sem í henni var, og rótað því út á gólfið í leitinni. Síðar hafi komið í ljós, að fingurinn hafði ekki sagast af.

Upplýst er, að þegar slysið varð, var gólfið málað með lakki ápekku skipalakki, en eftir slysið hafi verið hraunað í kringum vélarnar. Þegar dómurinn gekk á vettvang, hafði nýtt efni verið lagt á allt gólfið. Starfsmönnum, sem borið hafa vitni, ber saman um, að gólfið hafi almennt (sic) verið hált og að sú hálka hafi verið aukin með því, að þegar gólfið var þvegið, sem einkum var gert, þegar yfirmenn í varnarliðinu komu til eftir-

lits, hafi verið notaðar svokallaðar „moppur", sem fengnar voru að láni úr öðrum skálum, og hafi gjarnan (sic) verið í þeim bónleifar.

Það er alkunna, að sag eykur hálku á fleti, sem það fellur á. Verður að telja, að við þessar aðstæður hafi frágangur gólfsins verið óforsvaranlegur og þar með hafi öryggis starfmanna ekki verið nægilega gætt. Skóbúnaður starfsmanna þykir hins vegar hafa verið allgóður.

Þegar til alls þessa er litið, sem hér að ofan hefur verið rakið, þykir verða að leggja á stefnda fulla ábyrgð á tjóni stefnanda með vísan til 2. mgr. 12. gr. l. 110/1951.

Stefnandi var fluttur á Sjúkrahúsið í Keflavík eftir slysið, en þaðan á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, og er læknisvottorð þaðan ritað af Tryggva Þorsteinssyni lækni, dags. 9. okt. 1984. Kveður hann stefnanda hafa slasast þannig á vinstri hendi, að I., II., III. og IV. fingur hafi næstum sagast af í vélsög. Nánar lýsir læknirinn meiðslunum þannig: „Á þumalfingri náði sár frá greip fingursins eftir honum endilöngum og tók af gómhluta fingursins og hálfa fremstu kjúku. Sagast hafi þvert í gegnum nærkjúku fingursins og áfram í gegnum liðflötinn, sem þannig hafði klofnað í tvo hluta, og hafði fingurinn við þetta sveigst út í 90 gráður frá hendinni og opið inn í sjálfan liðinn.

Á vísifingri var djúpt sár handarbaksmegin á fingrinum yfir mið- og distal-kjúku. Öll réttisinin (extensor-apparatið) hafði sagast af, og náði sagarfarið alldjúpt niður í miðkjúku. Húðin var mikið rifin og tætt, en vantaði þó ekki mjög mikið á hana.

Á löngutöng var djúpt sár handarbaksmegin á fingrinum, sem náði frá basal-hluta naglarinnar og upp fyrir efri kjúkuliðinn (PIP-liðinn). Opið var inn í báða millikjúkuliðina (IP-liðina), og var stór geil eftir endilangri mið- og distal-kjúku. Eins á vísifingri hafði extensor-mechanisminn allur rifnað burtu. Báðir millikjúkuliðirnir voru mikið skaddaðir. Miðkjúkan var þó verst úti, því að á hana vantaði bæði trochlea-liðinn distalt, og ofantil var basal-hlutinn að mestu sagaður af. Fjærkjúkan var lítið sködduð.

Á baugfingri var mjög rifið og tætt sár yfir efri kjúkulið handarbaksmegin, og hafði basal-hluti miðkjúku alveg sagast af ásamt throchlea-hluta á nærkjúku. Var þarna um verulegan bein-defect að ræða og styttingu á fingrinum. Djúp geil hafði sagast langsum eftir báðum kjúkum. Beinin voru því mjög þunn, þar sem þau mættust. Extensor-mechanisminn hafði hér einnig rifnað burtu á þessu svæði.

Vefirnir lófamegin á fingrinum (sinar og æðataugastrengir) voru í aðalatriðum óskaddaðir og góð blóðrás fram í fingrum og tilfinning nokkuð eðlileg í gómum.

Þorsteinn var lagður inn á Bsp. og gert við þessi sár í svæfingu á skurðstofu. Kjúkur hinna ýmsu fingra voru fixeraðar með mörgum Kirschner-

vírum með það fyrir augum að láta fingurna gróa saman í eina heild, þar sem liðir voru sagaðir af og réttisinar ónýtar. Þá var hægt að loka sár-defectunum að mestu með prímer-saumum nema á þumalfingri, þar varð að skilja eftir opið sár, sem var raunar lengi að gróa. Gerð var tilraun til að construera aftur liðflötinn á nærkjúku þumalfingurs og voru brothlutar skrúfaðir saman með tveimur micro-skrúfum. Fékkst á þenan hátt þokkalegur liðflötur, aftur á móti voru liðbönd og liðbelgur illa sködduð og hætta á, að örvefur myndi festa þennan lið.

Þorsteinn lá 4 daga á Bsp., en fékk þá að fara heim til sín. Hann gekk áfram til eftirlits á göngudeild, og má segja, að í heild hafi vel tekist til. Hann slapp við sýkingu, og húðsárin greru sæmilega fljótt nema á þumalfingrinum, en þar þurfti að taka lítið eitt framan af kjúkunni, til að hægt væri að loka sárinu.

Við eftirlit þ. 17/3 '82 sást byrjandi beinnýmyndun í fremstu kjúkuliðum og brotstaða að öðru leyti óbreytt.

Í byrjun apríl voru sárin gróin á öllum fingrum nema á þumalfingri, en yfir gómhluta hans var ennþá allþykk skorpumyndun.

Þ. 16/4 var hægt að taka alla stálpinna úr nema á löngutöng, en hann var tekinn úr viku seinna.

Þorsteinn hefur síðan komið nokkuð oft í eftirlit og einnig verið í æfingameðferð og hefur náð vissri hreyfingu í þumalfingur, en að sjálfsögðu eru millikjúkuliðir á hinum þremur fingrunum stífir. Þorsteinn hafði einna mest óþægindi frá efri kjúkulið á löngutöng, sem var losaralegur og olli sársauka við hreyfingar, og sömuleiðis voru mikil óþægindi frá nærkjúkulið á baugfingri, en þar var einnig um los að ræða og talsverða skekkju á þessum fingri eins og þeim þriðja.

Nokkuð dróst, að Þorsteinn kæmi í aðgerð, en þ. 18/1 '84 var hann lagður inn til þess að lagfæra þessi brot. Voru fingurnir fixeraðir með stálpinnum í hæfilega beygju og sett á það (sic) bein-transplantat. Lá hann hér inni á spítalanum í einn dag í sambandi við þessa aðgerð. Aðgerðin gekk vel, og jafnaði Þorsteinn sig á eðlilegum tíma. Pinnar voru teknir þ. 13/3, en úr III. fingri þ. 4/5. Stefnan er góð á fingrunum, og verkir svo til horfnir við átök. Þorsteinn er í æfingameðferð og góðri framför, og standa vonir til, að vinnugeta handarinnar eigi eftir að lagast talsvert."

Örorkumat var framkvæmt af Birni Önundarsyni, dags. 22. maí 1985, og er niðurstaða þess svohljóðandi: „Það er um að ræða rúmlega 48 ára gamlan húsgagnasmið, sem hinn 15.2. 1982 skaddaðist mikið á vinstri hendi sinni, er hann lenti með höndina í hjólsög. Slys þetta skeði hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Slasaði var þegar í stað fluttur í sjúkrahúsið í Keflavík, þar sem gert var til bráðabirgða að meiðslum slasaða, en síðan var

hann fluttur í Borgarspítalann, þar sem gert var að meiðslum slasaða og þar sem hann var til eftirlits um sinn.

Alveg óvinnufær vegna nefnds slyss er slasaði talinn hafa verið í um níu mánuði. Verulega skerta starfsorku hafði slasaði svo í þrjá mánuði, og varanlega er hér um nokkra örorku að ræða.

Svo sem að framan er fram komið, hefur slasaði misst nær alla framkjúku þumalfingurs vinstri handar sinnar. Staurliður er bæði í grunnlið og framlið, og fingurinn er bláleitur og mjög rýr. Slasaði getur aðeins notað hann til stuðnings, en þó er lítils háttar nothæft grip á millum þumalfingursstúfsins og vísifingurs vinstri handar. Staurliður er um framlið þess fingurs, en a.ö.l. er hann óskaddaður. Staurliður er bæði um miðlið og framlið löngutangar vinstri handar slasaða og devierar nokkuð lateralt í miðlið. Þá er staurliður um framlið og miðlið baugfingurs handarinnar, og telur slasaði, að þessir tveir fingur þvælist fremur fyrir en að þeir geri gagn. Kraftar í allri hendinni eru verulega skertir, og kuldi og dofi sækja mjög á hana. Slasaði er rétthendur og skaði hans því ekki eins mikill. Á hitt ber að líta, að slasaði er húsgagnasmiður að atvinnu og þarf því oft að handfjatla litla hluti í vinnu sinni.

Það er þannig um að ræða rúmlega 48 ára gamlan húsgagnasmið, sem orðið hefur fyrir gífurlegum skaða á vinstri hendi sinni í nefndu slysi. Ekki er nú líklegt, að úr því rætist á neinn hátt, fremur hitt, að frekari rýrnanir (sic) á fingrum komi fram, sem geri slasaða enn erfiðara fyrir um vinnu en nú er þó.

Þar sem svo langt er um liðið, frá því áðurnefnt slys átti sér stað þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 9 mánuði	100%
eftir það í 3 mánuði	50%
varanlega	25%“

Örorkutjón stefnanda hefur verið reiknað af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, fyrst 25. júlí 1985 og síðan aftur 27. júlí 1987. Eru stefnukröfur byggðar á síðari útreikningnum. Forsendur hans eru ofangreint örorkumat og vinnutekjur stefnanda starfsárin 1979-1981, umreiknaðar með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kauptöxtum iðnaðarmanna til útreikningsdags að meðtalinni umsaminni almennri hækkun 1. október 1987. Reiknað er með almennum sparisjóðsvöxtum, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma (frá 1. mars 1986 er reiknað með almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands) frá slysdegi til útreikningsdags, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar. Er annars vegar reiknað með, að vextir bætist við

höfuðstól á 12 mánaða fresti, en hins vegar er reiknað með einföldum vöxtum.

Reiknað er verðmæti eingreiðslu örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins, greiddum 21. ágúst 1984, að fjárhæð kr. 124.628. Verðmæti hennar reiknast nema á slysdegi kr. 62.468, sé reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum, en kr. 69.283, sé reiknað með einföldum vöxtum.

Við útreikning á verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er reiknað með gjaldskyldu af heildarlaunum frá ársbyrjun 1990 og gert ráð fyrir, að sú skipan komist á í áföngum 1987-1990 í samræmi við ákvæði kjarasamninga frá 1986. Telst slíkt tap nema kr. 49.234, þegar reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum, en um kr. 63.467, þegar reiknað er með einföldum vöxtum.

Verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi reiknast:

	Reiknað með vöxtum og vaxtav. til útrd.	*Reiknað með einf. vöxtum til útrd.*
V/tímab. orkutaps 12 mán.	kr. 155.322	kr. 155.322
V/varanl. orkutaps eftir þann tíma	— 846.770	— 1.109.062
Samtals	kr. 1.002.092	kr. 1.264.384

Telja verður upplýst með gögnum málsins og framburði stefnanda sjálfs, að hann hafi fengið greidd að fullu þau laun, sem honum bar, á meðan á tímabundinni örorku hans stóð. Stefnandi hefur haldið vinnu sinni hjá varnarliðinu eftir slysið. Samkvæmt framburði núverandi verkstjóra, Vilhjálms Vilhjálmssonar, getur hann ekki unnið öll þau verk, er hann áður vann; ekkert hefur þó komið fram um, að hann hafi misst tekjur. Hins vegar kveðst stefnandi ekki lengur taka að sér aukavinnu, svo sem skiptivinnu fyrir kunningja, eins og hann áður hafi gert.

Við ákvörðun bóta til handa stefnanda þykir rétt að hafa hliðsjón af ofangreindu örorkumati og örorkutjónsútreikningi tryggingafræðingsins miðað við einfalda vexti, enda er eigi heimilt að leggja vexti við höfuðstól fyrr en með vaxtalögum, nr. 25/1987. Einnig þykir rétt að líta til þess, að til þessa dags virðist tekjutap stefnanda vera óverulegt, en hitt er ljóst, að vegna þeirrar örorku, sem hann hefur hlotið, er starfshæfni hans á hinum frjálsa vinnumarkaði skert, þegar til framtíðar er litið, og að hann getur ekki valdið sömu vinnu nú og hann áður gerði. Einnig ber að taka tillit til skattfrelsis bóta og eingreiðslu, ofangreindrar greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins og slysatryggingargreiðslu Tryggingar hf., kr. 48.125 og þykja þá bætur honum til handa vegna fjárhagslegs tjóns hæfilega metnar kr. 550.000 og vegna miska kr. 150.000 eða samtals kr. 700.000.

Vextir skulu vera almennir sparisjóðsvextir frá slysdegi til síðari útreikningsdags örorkutjóns 27. júlí 1987, svo sem nánar greinir í dómsorði, en frá þeim degi dráttarvextir samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga nr. 25/1987, eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags. Samkvæmt 12. gr. s. l. má leggja vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. júlí 1988.

Krafa lögmanns stefnanda um dráttarvexti á málskostnað hefur eigi lagastoð og er því ekki tekin til greina.

Stefnandi hefur hlotið gjafsókn fyrir undirrétti í máli þessu samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 16. júlí 1987. Ríkissjóður skal því greiða kostnað stefnanda af rekstri málsins, samtals kr. 163.720, þar af kr. 18.720 í útlagðan kostnað og kr. 145.000 í málssóknarlaun til skipaðs talsmanns stefnanda, Helga V. Jónssonar hrl., og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir, borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorsteini Kristjánssyni, kr. 700.000 ásamt 35% ársvöxtum frá 15. febrúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s.á., 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 14% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí s.á., 15% ársvöxtum frá þeim degi til 27. júlí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., vaxtalaga nr. 25/1987, eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Leggja má vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. júlí 1988.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 163.720 greiðist úr ríkissjóði, þar af málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Helga V. Jónssonar hrl., kr. 145.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. febrúar 1990.

Nr. 106/1988. **Sigurður Haukur Engilbertsson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
ríkissaksóknara og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl 1988 og krefst þess aðallega, að ríkissjóði verði gert að greiða sér 730.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1988 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að viðurkenndur verði réttur sinn til bóta úr ríkissjóði vegna handtöku 24. júlí 1984, geymslu og gæsluvarðhalds á sér frá 25. júlí til 15. ágúst sama ár. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Loks krefst lögmaður áfrýjanda hæfilegra talsmannslauna fyrir Hæstarétti, hvernig sem máli lyktar.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Þess er sérstaklega krafist, að varakröfu áfrýjanda verði vísað frá dómi.

Lögmenn málsaðila hafa lagt fyrir Hæstarétt ný gögn, er eigi lágu fyrir í héraði.

Með bréfi 17. febrúar 1988 óskaði áfrýjandi þess, að yfirsakadómarinn í Reykjavík úrskurðaði um rétt sinn „á hendur ríkissjóði til bóta“ vegna handtöku sinnar 24. júlí 1984 og gæsluvarðhalds í framhaldi af henni allt til 15. ágúst sama ár, er honum var gert að sæta með úrskurðum sakadóms Reykjavíkur 26. júlí og 8. ágúst 1984 og staðfestir voru með dómum Hæstaréttar 31. júlí og 13. ágúst sama ár.

Í bréfi ríkissaksóknara 18. ágúst 1987 til lögmanns áfrýjanda segir m.a.: „Sú rannsókn, sem lá til grundvallar úrskurðum um gæsluvarðhald Sigurðar Hauks Engilbertssonar, leiddi ekki til útgáfu ákæru á hendur honum."

Krafa áfrýjanda var sett fram með vísan til 1. töluliðar 154. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og innan þess frests, sem í 157. gr. greinir. Í 150. gr. sömu laga koma fram skilyrði þess, að bótakröfu megi taka til greina, þar á meðal, að fremur megi telja sökunaut sýknan en sekan af háttsemi þeirri, er hann var borinn.

Áfrýjandi var í öndverðu handtekinn og gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna grunar um brot gegn 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og um sölu fíkniefna. Fljótlega kom í ljós, að annar maður hafði ritað skjal það, er áfrýjandi var grunaður um að hafa ritað. Enginn þeirra, er ákæru sættu vegna brots á téðum hegningarlagaákvæðum, bar um hlutdeild áfrýjanda í því, en einn þeirra bar, að áfrýjandi hefði selt sér fíkniefni. Áfrýjandi neitaði staðfastlega öllum sakargiftum, en tókst hins vegar ekki að gera fullnægjandi grein fyrir fjárreiðum sínum, þar á meðal því, hvernig honum var kleift að greiða samtals 180.000 krónur upp í skuldir frá því í febrúar fram í júlí 1984. Telja verður gæsluvarðhaldsvist hans hafa orðið lengri af þeim sökum. Þetta verður þó ekki talið standa því í vegi, að áfrýjandi verði fremur talinn sýkn en sekur af þeirri háttsemi, er hann var borinn. Ber honum því réttur til bóta úr ríkissjóði, sem með hliðsjón af ófullnægjandi gögnum um atvinnutjón hans þykja hæfilega ákveðnar 50.000 krónur.

Krafa um greiðslu útlagðs lögfræðikostnaðar, að fjárhæð 30.000 krónur, er ekki vefengd tölulega og verður dæmd með málskostnaði.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda 50.000 krónur með dráttarvöxtum og málskostnaði, svo sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til söluskatts og virðisaukaskatts.

Það athugast, að ákvæði um gjafsókn í 3. tölulið 154. gr. laga nr. 74/1974 tekur ekki til meðferðar máls samkvæmt 1. tölulið sömu lagagreinar.

Dómsorð:

Stefndu, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Sigurði Hauki Engilbertssyni, 50.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. mars 1988 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Með vísan til niðurlagsákvæðis 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir bresta skilyrði til þess að dæma áfrýjanda bætur fyrir gæsluvarðhaldsvist hans. Ber því að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Ég tel rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1988.

Ár 1988, mánudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Páll Arnór Pálsson hrl. hefur snúið sér til dómsins og gert þá kröfu f.h. Sigurðar Hauks Engilbertssonar, Básenda 2, Reykjavík, fædds 9. júlí 1958 í Reykjavík, að honum verði úrskurðaðar bætur úr ríkissjóði skv. 150. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74,1974, vegna þess að Sigurður Haukur var handtekinn 24. júlí 1984 og úrskurðaður í gæsluvarðhald frá 26. júlí 1984 til 15. ágúst 1984 með úrskurðum sakadóms Reykjavíkur, þeim síðari kveðnum upp 8. ágúst 1984. Sigurður Haukur sat inni fullan úrskurðartíma, en ekki var ákært vegna hinna meintu brota.

Bótakröfuna sundurliðar lögmaðurinn þannig:

1.	Bætur vegna vinnutaps 24.7.'84-7.9.'84	kr. 100.000
2.	Miskabætur	— 600.000
3.	Útlagður lögfræðikostnaður	— 30.000
	Samtals	kr. 730.000

Dómarinn sendi kröfu lögmannsins til umsagnar ríkissaksóknara, og barst svar frá honum þann 1. mars sl., þar sem rétti Sigurðar Hauks Engilberts-

sonar til bóta var mótmælt. Þetta svar er svo áréttað í þinghaldi þann 28. mars 1988.

Málavextir eru þessir:

Sumarið 1984 rannsakaði RLR óheimila töku verðmæta úr vörslu skiptaréttar Reykjavíkur. Var þannig að þessum brotum staðið, að bankabókum var stolið úr vörslum réttarins og tekið út af þeim á tímabilinu 9. febrúar 1984 - 2. júlí 1984. Fé það, sem þannig var fengið, var samtals kr. 1.395.000 á þágildandi verðlagi.

Við rannsókn málsins féll grunur á Ingólf Ingólfsson Sigurz, fæddan 11.2.1957. Úrskurður um húsleit og handtöku var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur aðfaranótt 9. júlí 1984, en Ingólfur var úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 11. júlí 1984 til 1. ágúst 1984. Varðhaldið var svo framlengt til 29. ágúst 1984.

Úrskurður um handtöku Kristjáns Aðalsteinssonar, fædds 4.11.1957, og um húsleit því samfara var kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur 12. júlí 1984 og um gæsluvarðhald í sama dómi daginn eftir, og skyldi það standa til 1. ágúst 1984. Kristján kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, og var hann staðfestur þar. Gæsluvarðhald hans var seinna framlengt tvívegis, fyrst til 29. ágúst og aftur til 19. september 1984.

Þá var Gunnar Helgi Helgason, fæddur 21. maí 1957 í Reykjavík, hnepptur í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 29. júlí 1984, og átti gæsluvarðhaldið að standa til 1. ágúst 1984. Gunnari var sleppt 30. júlí s.á.

Enginn þessara manna bar um aðild Sigurðar Hauks Engilbertssonar að töku fjárins, hins vegar kvaðst Ingólfur Sigurz í skýrslu hjá lögreglu þann 23.7.1984 hafa greitt Sigurði Hauki skuld með fé því, sem hann varð sér úti um með áðurnefndum brotum sínum, auk þess að hafa á tímabilinu frá febrúar til byrjunar júní 1984 keypt amfetamín af Sigurði Hauki fyrir u.þ.b. 40-50 þúsund krónur.

Sigurður Haukur var handtekinn vegna þessa máls fyrst þann 9.7.1984, en sleppt daginn eftir. Sigurður var svo handtekinn aftur 24.7.1984. Sigurður neitaði við yfirheyrslur að vera viðriðinn málið og mótmælti handtökunni. Þann 25. júlí 1984 fór RLR fram á, að Sigurði yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 8. ágúst 1984 kl. 17.00. Var fallist á þá kröfu RLR með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, kveðnum upp 26. júlí 1984. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hann með skírskotun til forsendna hans.

Í forsendum hins kærða úrskurðar kemur fram, að Sigurður Haukur hafði sætt gæsluvarðhaldi frá 29. nóvember 1983 til 2. febrúar 1984 vegna rannsóknar fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík á stórfelldu fíkniefnasmygli með m/s Lagarfossi. Sigurður viðurkenndi við yfirheyrslur að

hafa fengið stórar fjárhæðir lánaðar, sem hann notaði ásamt Kristjáni Aðalsteinssyni til fíkniefnakaupa í Hollandi. Kvaðst Sigurður við yfirheyrslur fyrir dómi hafa skuldað á fimmta hundrað þúsund krónur, þegar honum var sleppt úr gæsluvarðhaldi í febrúar 1984, en hafa greitt um 220.000 krónur af því. Samkvæmt skýrslu Sigurðar námu tekjur hans á tímabilinu, frá því að hann losnaði úr varðhaldi í febrúar, samtals 230-260 þúsund krónum. Sigurður neitaði því staðfastlega að hafa selt Ingólfi Sigurz fíkniefni á tímabilinu frá febrúar til júní 1984.

Þá kemur einnig fram í forsendum úrskurðarins, að hinn 10. febrúar 1984 hafi Sigurður greitt 25.000 krónur inn á fjárkröfu, sem var til innheimtu hjá lögmanni í Reykjavík, en daginn áður var fyrst tekið út úr bankabók, sem tekin hafði verið úr vörslu borgarfógetaembættisins. Þá segir einnig, að við samanburð á rithendi Sigurðar og úttektarseðlinum komi til álita, að Sigurður hafi ritað nafn þess, sem sagður er taka út úr bókinni. Sigurður greiddi aftur 25.000 krónur inn á fyrrnefnda kröfu hinn 6. mars 1984, en önnur úttekt úr bankabók var 28. febrúar 1984. Næst greiddi Sigurður 25.000 krónur 10. apríl 1984, en daginn áður var í þriðja sinn tekið út úr bankabók í vörslu borgarfógetaembættisins. Loks greiddi Sigurður 25.000 krónur inn á sömu kröfu 30. maí 1984, en daginn áður var í fimmta sinn tekið út úr margnefndum bankabókum.

Þann 8. ágúst 1984 gerði RLR þá kröfu, að gæsluvarðhaldsvist Sigurðar yrði framlengd allt til 15. ágúst 1984 kl. 17.00. Féllst sakadómur Reykjavíkur á þessa kröfu, en Sigurður kærði úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti hinn kærða úrskurð með skírskotun til forsendna hans.

Forsendur þessa úrskurðar eru svipaðar og forsendur hins fyrri úrskurðar, þó kemur fram, að tveir þeirra manna, sem Sigurður kvað hafa greitt sér skuldir á árinu 1984, samtals kr. 22.000, kváðust ekki hafa gert það. Einnig var við ákvörðun um framhaldsgæsluvarðhald höfð hliðsjón af lögum um ávana- og fíkniefni, þar sem Sigurður var einnig grunaður um brot gegn þeim, en í þau hafði ekki verið vitnað í fyrri úrskurði.

Eins og áður sagði, var Sigurður Haukur Engilbertsson úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna grunar um, að hann hefði að einhverju leyti notið þess fjár, sem fékkst við áðurnefnd brot. Var sá grunur rökstuddur með því að líta til þess, hvenær Sigurður innti af höndum greiðslur til lánardrottna. Auk þess var ekki talið, að Sigurður gerði nægjanlega skýra grein fyrir fjármálum sínum. Þá bar Ingólfur Ingólfsson Sigurz staðfastlega upp á Sigurð, að hann hefði selt sér á tímabilinu frá febrúar til 1. júní 1984 fíkniefni fyrir 40.000-50.000 krónur.

Eins og gögnum er háttað, voru meiri líkur á sekt en sakleysi Sigurðar, og bar því nauðsyn til framangreindrar handtöku og gæsluvarðhaldsvistar

í framhaldi af því, og er því rétt skv. niðurlagsákvæði 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga um meðferð opinberra mála að hafna kröfunni.

Lögmannsþóknun Páls Arnórs Pálssonar hrl. fyrir störf hans í máli þessu þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000 og greiðist úr ríkissjóði, en um annan kostnað vegna málsins er ekki að ræða.

Úrskurðarorð:

Kröfu Sigurðar Hauks Engilbertssonar um bætur skv. XVIII. kafla laga nr. 74,1974, er hafnað.

Þóknun Páls Arnórs Pálssonar hrl. fyrir störf hans í máli þessu, kr. 20.000, skal greiðast úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 14. febrúar 1990.

Nr. 177/1989. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Donnie Stewart
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 19. apríl 1989 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Af hálfu ákæruvalds er þess nú krafist, að hinn áfrýjaði héraðsdómur verði úr gildi felldur svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar og að málið sæti heimvísun til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju að því er varðar ákærða Donnie Stewart, en meðákærði unir héraðsdómi.

Verjandi ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar verði felld úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju.

Sakarefni máls þessa var rannsakað af rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík dagana 25.-27. maí 1988. Í sakadómi Keflavíkurflugvallar 28. s.m. var þess krafist, að ákærði Donnie Stewart sætti gæsluvarðhaldi í 7 daga. Með úrskurði, uppkveðnum sama dag, var krafan tekin til greina. Ákærði skaut úrskurðinum til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 1. júní 1988. Frekari lögreglurannsókn fór fram í Keflavík. Síðan sendi bæjarfógetinn í Keflavík lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli gögn málsins. Fór framhaldsrannsókn fram hjá rannsóknarlögreglunni á Keflavíkurflugvelli 3. júní 1988.

Sævar Lýðsson fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, en lögreglustjórinn

er jafnframt héraðsdómari þar. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. f.m. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli og framangreindum fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti á máli ákærða. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins frá og með 9. febrúar 1989 að því er ákærða Donnie Stewart varðar.

Allur áfallinn sakarkostnaður í héraði varðandi ákærða Donnie Stewart, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Óskars Magnússonar héraðsdómslögmanns, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur að því er ákærða Donnie Stewart varðar, svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar frá og með 9. febrúar 1989, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfallinn sakarkostnaður málsins í héraði varðandi ákærða Donnie Stewart greiðist úr ríkissjóði, svo og allur áfrýjunarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 30. mars 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 30. mars, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem háður var í lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli af Sævari Lýðssyni ftr., kveðinn upp dómur í máli nr. 566/88: Ákæruvaldið gegn Donnie Stewart og X, sem tekið var til dóms 9. mars 1989 að loknum munnlegum málflutningi.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. júní 1988, gegn ákærðum „Donnie Stewart, fæddum 13. júní 1957, og X [...], báðum fæddum í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sjóliðum í herliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, til heimilis þar í byggingu nr. 753, fyrir skírlífisbrot með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 24. maí 1988 að Hafnargötu 78 í Keflavík báðir haft samræði við stúlkuna Y, fædda [...] 1974.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Dómsorð:

Ákærði Donnie Stewart sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi í 1 mánuð.

Gæsluvarðhald í 16 daga dragist frá refsingu beggja.

Ákærði Donnie Stewart greiði skipuðum verjanda sínum, Óskari Magnússyni hdl., í málsvarnarlaun kr. 60.000.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hrl., í málsvarnarlaun kr. 60.000.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 60.000 in solidum.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1990.

Nr. 143/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gísla Wendel Birgissyni
(Ólafur B. Árnason hdl.).

Brenna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur dómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu. Krefst saksóknari staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða, ökuleyfissviptingu og sakarkostnað, en jafnframt krefst hann þess, að refsing verði þyngd.

Verjandi ákærða gerir þá aðalkröfu, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar ákæru 22. desember 1986, en ákærði verði sýknaður að því er varðar ákæru 17. ágúst 1987. Til vara gerir verjandi þá kröfu, að ákærði verði, ef til sakfellingar kemur, dæmdur til vistunar á viðeigandi hæli með vísan til 62.-65. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þrautavara er krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa, enda verði hún skilorðsbundin.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af saksóknara og verjanda, að þess væri ekki krafist, að rétturinn tæki til meðferðar skaðabótakröfur þær, sem fjallað var um í héraði. Koma þær því eigi til álita, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Fallast ber á það, sem í héraðsdómi segir um ákæru 22. desember 1986.

Í ákæru 17. ágúst 1987 er ákært fyrir 7 brennur. Eru málsatvik rakin í héraðsdómi, og þar er að finna skoðunar- og matsgerð dómkvaddra manna og hluta af skýrslu um geðrannsókn.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að almannahætta hafi stafað af öllum þeim íkveikjum, sem um ræðir í ákæru.

Einnig ber að fallast á það með héraðsdómara, að ákærði hafi

unnið til refsingar skv. 164. gr. 1. mgr. sbr. 2. mgr. almennra hegningarlaga vegna íkveikju að Hjallalundi 13, 15 og 17, svo og að Hafnarstræti 88 og Skipagötu 7.

Aðstæður að Eyrarvegi 18 og í bifreiðinni A 1216 voru ekki með þeim hætti að refsað verði með tilvísun til 2. mgr. 164. greinar. Ekki er heldur nægilega sannað, að skilyrði séu til að refsa eftir þessari málsgrein vegna atferlis ákærða í skúr við Hafnarstræti 97. Fer um refsingu fyrir þessi brot eftir 1. mgr. 164. gr. hegningarlaga.

Er ákærði var í skúr við Geislagötu 10, hlaut hann að sjá fyrir, að líklegt var að atferli hans ylli eldsvoða, sem hefði í för með sér almannahættu. Er ljóst, að hann skeytti í engu um hættuna og myndi ekki hafa breytt gerðum sínum, þótt hann hefði talið slíkan eldsvoða langlíklegustu afleiðinguna. Varðar atferlið því við 164. gr. 1. mgr. sbr. 2. mgr. hegningarlaga, en 167. gr. á ekki við um það.

Sýknukrafa verjanda er gerð með tilvísun til 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Á grundvelli umsagnar Sigmundar Sigfússonar yfirlæknis ber að fallast á það með héraðsdómara, að ákærði sé sakhæfur, og verður ofangreindum lagareglum eða 62., 63. og 65. gr. almennra hegningarlaga ekki beitt í máli þessu.

Staðfesta ber refsiákvæði héraðsdóms, ákvörðun um styttingu refsitíma vegna gæsluvarðhalds, ákvæði um ökuleyfissviptingu og um sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Wendel Birgisson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans 26 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ólafs B. Árnasonar héraðsdómslögmanns, 75.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 15. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 29. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi, sókn og vörn þann dag, er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 22. desember 1986 og 17. ágúst 1987, ,,á hendur Gísla Wendel Birgissyni, Tjarnarlundi 12 D, Akureyri, fæddum á Akureyri 16. júlí 1966".

Fyrri ákæran er fyrir ,,að taka í heimildarleysi, aðfaranótt laugardagsins 13. september 1986, bifreiðina A-10604 við Gránufélagsgötu 16 á Akureyri og aka henni, undir áhrifum áfengis, um götur kaupstaðarins, uns hann missti bifreiðina í sjóinn fram af svonefndri Sláturhúsbryggju.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, sbr. lög nr. 20,1956, og 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Síðari ákæran er fyrir ,,eftirgreindar sjö brennur á Akureyri á árunum 1986 og 1987:

I.

Föstudagskvöldið 21. mars 1986 um kl. 23.30 farið í heimildarleysi inn í fjölbýlishúsið Hjallalund 13-15-17 og kveikt þar eld í geymslu á jarðhæð í stigagangi nr. 17, og komið sér síðan á brott eftir að eldur varð laus. Ákærði þykir með framangreindum hætti hafa valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist mjög fljótt af eigendum hússins og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar, en eldurinn hafði þá þegar valdið umfangsmiklu tjóni.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

II.

Um miðnætti aðfaranótt fimmtudagsins 8. maí 1986 farið í heimildarleysi inn í skúrviðbyggingu við austurgafl hússins Geislagötu 10 og kveikt þar eld og hraðað sér síðan á brott, þegar buxnaskálmar á fötum hans voru farnar að sviðna, án þess að reyna að slökkva eldinn. Þykir ákærði með þessu atferli hafa valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist mjög fljótt og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940. Til vara telst ákærði hafa valdið fyrrgreindum eldsvoða

með gáleysislegri meðferð á eldi í húsinu og brotið þannig gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. sbr. 167. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Aðfaranótt föstudagsins 29. ágúst 1986 um kl. 3.30 farið í heimildarleysi inn í bifreiðageymslu við húsið nr. 18 við Eyrarveg og lagt þar eld í eitthvert dót, sem var í skúrnum og forðað sér á brott, er eldur tók að magnast. Þykir ákærði með framangreindum hætti hafa valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist fljótt og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

IV.

Sömu nótt nokkrum mínútum síðar lagt eld í hægra framsæti bifreiðarinnar A-1216, sem er af gerðinni Lada Sport þar sem hún stóð á bifreiðastæði fast upp við húsið nr. 3 við Fjólugötu og farið síðan á brott. Þykir ákærði með þessu hafa valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði bifreiðin orðið alelda að innan og eldurinn komist í bensíntankinn, sem er inni í bifreiðinni undir aftursæti hennar, en eldurinn uppgötvaðist fljótt og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, en til vara við 257. gr. sömu laga.

V.

Að kvöldi föstudagsins 3. október 1986 um kl. 21.00 farið í heimildarleysi inn í geymsluskúr á bak við húsið Hafnarstræti 97 og lagt þar eld í rusl og hraðað sér síðan á brott eftir árangurslausa tilraun til að slökkva eldinn, er eldurinn tók að magnast. Þykir ákærði með framangreindum hætti hafa valdið hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist fljótt og var slökktur af Slökkviliði Akureyrar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

VI.

Laugardaginn 17. janúar 1987 laust fyrir kl. 19.30 farið í heimildarleysi inn í ruslageymslu við húsið nr. 88 við Hafnarstræti, lagt þar eld í papparusl og farið síðan á brott og þannig stofnað lífi þeirra, er í húsinu voru, níu að tölu, í bersýnilegan háska. Auk þess olli verknaður ákærða augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn

náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist fljótt af starfsmanni Hitaveitu Akureyrar, sem hafði slökkt eldinn með handslökkvitæki, er Slökkvilið Akureyrar kom á vettvang.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

VII.

Laugardagskvöldið 31. janúar 1987 laust eftir kl. 20.00 farið í heimildarleysi inn í kyndiklefa á 1. hæð við austurvegg hússins nr. 7 við Skipagötu, lagt þar eld í ruslapoka og farið síðan á brott og þannig stofnað lífi þeirra, er í húsinu voru, þriggja að tölu, í bersýnilegan háska. Auk þess olli verknaður ákærða augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann uppgötvaðist mjög fljótt og var slökktur af íbúa hússins.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Dómkröfur ákæruvaldsins eru, að ákærði verði sakfelldur skv. ákæru og dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar, til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlaun, er renna í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krefst sýknu og ef ekki, þá verði hann dæmdur í vægustu refsingu og gæsluvarðhaldsvist komi til frádráttar, svo og krefst hann málskostnaðar að mati dómsins eða skv. málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Um fyrri ákæruna:

Laugardaginn 13. september 1986 um klukkan 1.00 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að bifreiðinni A-10604 hefði skömmu áður verið stolið frá Gránufélagsgötu 16.

Lögreglan hóf strax leit að bifreiðinni, og orðsendingar voru birtar í útvarpi, en án árangurs.

Þann 11. október s.á. ákvað svo lögreglan að fá mann til að kafa fram undan bryggjum bæjarins til að leita bifreiðarinnar. Bifreiðin fannst svo við þessa leit á um tíu metra dýpi fram undan svonefndri Sláturhúsbryggju á Akureyri.

Vitnin H.J. og kona hans, G.A., voru yfirheyrð vegna þessa máls, og kváðust þau hafa setið og spjallað fram á nótt í íbúð sinni umrætt kvöld. Um klukkan 2.00 hafi þau séð, hvar ljósri bifreið var ekið á mikilli ferð austur Gránufélagsgötu. Skömmu síðari hafi þau séð, hvar maður kom

haltrandi til baka og að húsi nr. 55 við Gránufélagsgötu. Bæði töldu sig þekkja manninn fyrir Ingólf Birgisson, bróður ákærða.

Vitnið Stefán Jónsson er húsráðandi að Gránufélagsgötu 55. Vitnið kveðst hafa vaknað við það umrædda nótt, að bankað var á útidyr efri hæðar húss hans. Hann hafi farið til dyra, og þar fyrir utan hafi staðið drengur, sem hann hafi þekkt fyrir son Birgis Wendels. Drengurinn hafi sagst vera meiddur á fæti og að keyrt hafi verið á sig niðri á bryggju. Vitnið vildi ekki hleypa drengnum inn, en bauðst til að hringja á lögregluna, en það vildi drengurinn ekki og fór við svo búið.

Vegna vættis þessara vitna beindist nú grunur að bróður ákærða, Ingólfi Wendel, og var hann handtekinn og yfirheyrður, en neitaði staðfastlega öllum sakargiftum. Eftir þetta kom í ljós, að vitni málsins hefðu hugsanlega ruglað saman þeim bræðrum, Gísla og Ingólfi, og var Gísli nú færður til yfirheyrslu. Ákærði neitaði í fyrstu öllum sakargiftum, en þar kom, að hann breytti framburði sínum og játaði að hafa stolið umræddri bifreið og ekið henni fram af Sláturhúsbryggjunni og verið undir áfengisáhrifum.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Sjóvátryggingafélag Íslands var dæmt í sjálfstæðu einkamáli þ. 9.11. 1987 til að greiða eiganda bifreiðarinnar skaðabætur vegna þessa verknaðar, kr. 65.000, auk vaxta og málskostnaðar, en hefur ekki uppi skaðabótakröfu í máli þessu.

Síðari ákæran.

Um ákærulið I.

Föstudaginn 21. mars 1986 um klukkan 23.43 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að reykur væri í stigagangi hússins nr. 17 við Hjallalund, sem er 4 hæða íbúðablokk og 10 íbúðir á stigaganginum og íbúar 29. Þegar lögreglan kom á vettvang, kom í ljós, að eldur var laus í einni af geymslunum á jarðhæð hússins. Slökkvilið Akureyrar kom á vettvang skömmu síðar, og tókst því að ráða niðurlögum eldsins. Augljóst þótti, að þarna hefði verið um íkveikju að ræða.

Vitni, sem yfirheyrð voru vegna málsins, m.a. íbúar í nefndu húsi, töldu sig ekki hafa orðið vör við neinar grunsamlegar mannaferðir þetta kvöld.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 3. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði að hafa kveikt í umræddri geymslu í nefndu fjölbýlishúsi. Hann hefði verið allölvaður og á leið heim til sín, er hann hefði rekist inn í hús þetta án þess að geta gefið skýringu á því hvers vegna. Hann hefði dvalist um stund í geymslunni, sem hann hefði komið að ólæstri. Ákærði kvaðst hafa haft sígarettukveikjara meðferðis og með honum hefði hann borið eld að dóti þarna í geymslunni og síðan komið sér í burtu.

Samkvæmt áliti dómkvaddra matsmanna er talið fullvíst, að ef eldurinn

hefði ekki uppgötvast svo fljótt sem raun varð á, hefðu geymslurnar allar á ganginum, þar sem umrædd geymsla er, fljótt orðið alelda. Undankoma fyrir íbúana á hæðunum fyrir ofan hefði þó verið tiltölulega greið yfir í næsta stigahús eftir svölum, sem eru utan á húsinu. Ekki var talin hætta á, að eldurinn hefði getað breiðst út til nærliggjandi húsa.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Brunabótafélag Íslands greiddi kr. 336.594 vegna tjóns á fasteigninni og kr. 43.672 vegna lausafjár, eða alls kr. 376.159, og krefur ákærða um endurgreiðslu þessara tjónabóta.

Um ákærulið II.

Fimmtudaginn 8. maí 1986 klukkan 0.15 kom maður á slökkvistöðina á Akureyri og tilkynnti um eld í Geislagötu 10. Húsið er ein hæð og hátt ris, byggt úr timbri með steinsteyptri jarðhæð með steinsteyptri plötu yfir, alls 1649 m^3. Slökkviliðið hélt þegar á vettvang, og gekk greiðlega að ráða niðurlögum eldsins, sem var aðallega í teppaströngum á gólfi byggingarinnar. Engin vitni urðu að íkveikju þessari, en við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 5. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði að hafa verið valdur að bruna þessum. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður og að hann hefði farið inn í skúrinn til að sniffa kveikjaragas, sem hann noti til að komst í vímu. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um eld, fyrr en hann hefði orðið þess var, að buxnaskálmar hans hefðu verið farnar að sviðna. Ákærði kvað ljóst, að eldurinn hefði kviknað af hans völdum, en það hefði ekki verið ætlun sín að kveikja þarna í, og hefði þetta verið óviljaverk. Ákærði kveðst ekki hafa reynt að slökkva eldinn, vegna þess að hann hafi verið í vímu, og þegar hann noti vímuefni, ekki síst gasið, þá geri hann oft ekki greinarmun á draumi og veruleika.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna verður að telja víst, að ef eldsins hefði ekki orðið vart jafnfljótt og raun varð á, hefði hann breiðst út til annarra hluta hússins. Vindstaða jók og hættuna, en samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var austanstæður vindur 3 vindstig.

Þar sem enginn bjó í húsinu, voru mannslíf ekki í hættu.

Ákærði hefur staðfest játningu sína hér fyrir dómi.

Ekki er gerð bótakrafa vegna þessarar íkveikju.

Um ákæruliði III. og IV.

Föstudaginn 29. ágúst 1986 kl. 3.40 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um eld í bílskúr við hús nr. 18 við Eyrarveg. Bílskúrinn er úr timbri, 32 m^2, stakstæður og tengdur íbúðarhúsi, steinsteyptu á einni hæð með 3,6 m timburvegg.

Slökkvilið Akureyrar kom á staðinn og slökkti eldinn, en miklar

skemmdir urðu á bílskúrnum. Nokkrum mínútum síðar var tilkynnt um annan eld þarna í grenndinni, og þar reyndist vera kviknað í bíl við hús nr. 3 við Fjólugötu. Slökkviliðið sá einnig um að ráða niðurlögum þess elds.

Ekkert þeirra vitna, sem yfirheyrð voru vegna þessa máls, hafði orðið vart við grunsamlegar mannaferðir eða gat gefið upplýsingar, sem leitt gætu til handtöku hugsanlegs íkveikjumanns.

Ákærði var yfirheyrður vegna þessara eldsvoða, og taldi hann sig engar upplýsingar geta gefið varðandi þá.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu þann 3. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði loks að hafa verið valdur að báðum þessum íkveikjum. Ákærði kvaðst hafa verið mjög drukkinn og verið í samkvæmi að Fjólugötu 10 þá um nóttina. Hann hefði gengið út til að fá sér ferskt loft, en ekki haft neitt sérstakt í hyggju. Hann hefði gengið um stund og þá komið að opinni hurð á bifreiðageymslu hússins nr. 18 við Eyrarveg. Þar hefði hann farið inn og borið eld að einhverju dóti, sem þar var, án þess að geta útskýrt hvers vegna. Ákærði sagði, að það hefði logað töluvert, þegar hann yfirgaf staðinn. Ákærði gekk svo fram hjá húsi nr. 3 við Fjólugötu og tók þá eftir bifreiðinni A-1216, sem er af gerðinni Lada Sport, og hafi hún staðið í bifreiðastæði við nefnt hús. Bifreiðin hefði verið ólæst, og hefði hann borið eld að framsæti hennar, en getur ekki útskýrt, hvers vegna hann hafi gert þetta. Að þessu loknu kvaðst ákærði hafa forðað sér aftur inn í samkvæmið að Fjólugötu 10.

Síðar, þegar slökkviliðið var komið á vettvang, hefði hann farið ásamt fleirum og fylgst með slökkvistarfinu.

Samkvæmt vottorði dómkvaddra matsmanna var töluverð hætta á, að eldurinn bærist úr bifreiðageymslunni við Eyrarveg 18 inn í sjálft íbúðarhúsið, en að öllum líkindum hefðu íbúarnir átt nokkuð auðvelda undankomuleið. Útbreiðsluhætta til annarra húsa var ekki talin vera fyrir hendi.

Varðandi eldinn í bifreiðinni var aðalhættan talin vera sú, að eldurinn næði í bensíntank hennar, og þá eru nokkrar líkur til, að hann hefði getað borist í húsið Fjólugötu 3.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Fyrir liggur bótakrafa frá Guðmundi Knutsen, eiganda bifr. A-1216, að fjárhæð kr. 41.978, og Brunabótafélagi Íslands vegna útlagðra bótagreiðslna á fasteigninni Eyrarvegi 18, kr. 95.450, og vegna tjóns á lausafé, kr. 110.534, eða alls kr. 205.984.

Um ákærulið V.

Föstudaginn 10. október 1986 um klukkan 21.05 urðu lögreglumenn á eftirlitsferð varir við eld í skúr vestan við hús nr. 97 í Hafnarstræti á Akur-

eyri. Skúrinn er ein hæð, steinhús um 60 m² með timburþaki, klæddu bárujárni.

Slökkviliðinu var gert viðvart, og réð það niðurlögum eldsins skömmu síðar. Allmiklar skemmdir urðu við brunann, en þó tókst að forða því (sic), að skemmdir yrðu á nærliggjandi húsum.

Ákærði var yfirheyrður vegna þessa máls, en hann kvaðst hafa fylgst með slökkvistarfinu smástund, en að öðru leyti engar upplýsingar geta gefið, sem að gagni gætu komið í málinu. Önnur vitni, sem yfirheyrð voru vegna málsins, töldu sig ekki heldur geta gefið neinar upplýsingar, sem gætu orðið til að varpa ljósi á málið. Við yfirheyrslu hjá lögreglunni mánudaginn 2. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði að hafa verið valdur að íkveikjunni í skúr þessum. Hann hefði verið undir áhrifum áfengis og annars vímugjafa og verið á ferð í miðbænum og hefði keypt sér bauk af kveikjaragasi og farið með hann inn í umræddan skúr til að sniffa úr honum. Þegar hann var búinn úr bauknum, hefði hann ætlað út, en á leiðinni hefði hann séð það, sem hann telur vera ofsjónir, þ.e. að einhverjir menn hafi verið að angra hann. Sér hafi þá dottið í hug að kveikja eld til þess að hræða þessa menn. Eftir að eldur varð laus, kveðst ákærði hafa reynt að slökkva hann, en ekki tekist og hann þá orðið hræddur og hraðað sér í burtu. Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna var sambrunahætta ekki mikil milli skúrs þessa og nærliggjandi húss, en hins vegar mikil hætta á reykskemmdum.

Ekki er sannað, að fólki hafi staðið hætta af bruna þessum.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dóminum.

Vegna brunaskemmda á Hafnarstræti 9 greiddi Brunabótafélag Íslands bætur, samtals kr. 229.000, og endurkrefur ákærða um þá fjárhæð.

Um ákærulið VI.

Laugardaginn 17. janúar 1987 um klukkan 19.30 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að eldur væri laus í ruslageymslu við norðausturhorn bak við íbúðarhúsið Hafnarstræti 88, Akureyri.

Þegar lögregla og slökkvilið komu á staðinn, hafði eldurinn verið slökktur af starfsmanni Hitaveitu Akureyrar. Litlar skemmdir urðu af eldi þessum. Húsið er tveggja hæða timburhús með háu íbúðarrisi og steyptum kjallara. Loft yfir kjallara er úr timbri. Húsið er klætt bárujárni. Húsið er 216 m² að grunnfleti og rúmmál 2274 m³. Í húsinu voru 4 verslanir, gistiheimili og 3 íbúðir.

Þann 4. febrúar 1987 viðurkenndi ákærði við yfirheyrslu, að hann hefði verið valdur að íkveikju þessari. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður við þetta tækifæri. Hann kvaðst hafa verið að reyna að komast einhvers staðar inn til að sniffa kveikjaragas. Hann hefði verið einn á ferð og komist inn í

umrædda skúrbyggingu og dvalist þar allt að einni klukkustund. Ákærði kvaðst svo hafa kveikt í papparusli þarna inni á leið sinni út, en getur ekki skýrt, hvers vegna hann gerði það.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna var veruleg hætta á því í þessu tilviki, að eldurinn bærist í fótstykki hússins og þaðan í húsið sjálft, sem er timburhús, en þar voru allir íbúarnir heima, eða alls níu manns. Ljóst er, að þetta fólk muni hafa verið í stórhættu. Sömuleiðis er talin hafa verið veruleg hætta á útbreiðslu elds til nærliggjandi húsa, sem einnig eru timburhús. Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Ekki var gerð bótakrafa út af þessari íkveikju.

Um ákærulið VII.

Föstudaginn 31. janúar 1987 um klukkan 20.20 barst lögreglunni á Akureyri tilkynning um, að gerð hefði verið tilraun til að kveikja í gömlu dóti í kyndiklefa á neðstu hæð hússins nr. 7 við Skipagötu á Akureyri. Húsið er þriggja hæða steinhús og í því verslun, íbúð og skrifstofa. Íbúar 2.

Vitnið Rúnar Sigtryggsson varð eldsins fyrst vart, en hann var í heimsókn hjá ömmu sinni, sem býr í Skipagötu 7. Vitnið skýrði svo frá, að hann hefði komið í húsið um klukkan 20.00, og þegar hann hefði opnað útidyrnar, hefði þar verið fyrir maður, sem hefði sagst vera að bíða eftir vini sínum. Maðurinn hefði verið ölvaður, og vitnið kvaðst hafa vísað honum út. Vitnið kvaðst síðan hafa farið upp til ömmu sinnar og sagt henni frá þessu. Hún hefði þá beðið vitnið að fara niður aftur og læsa útidyrunum. Á leið niður aftur kvaðst vitnið hafa fundið brunalykt og við athugun komist að því, að hún var af gömlu dóti, sem logaði í í kyndiklefa á neðstu hæð. Vitnið lét vita af eldinum og tókst svo með öðrum manni þarna úr húsinu að ráða niðurlögum hans.

Vegna lýsingar vitnisins á manni þeim, sem hann vísaði á dyr í Skipagötu 7 umrætt kvöld, beindist nú grunur að ákærða í máli þessu, Gísla Wendel Birgissyni. Ákærði var kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu, og þann 2. febrúar 1987 viðurkenndi hann við yfirheyrslur, að hann hefði verið valdur að íkveikju þeirri, sem hér um ræðir.

Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna voru verulegar líkur til, að reykur hefði getað teppt algjörlega niðurgöngu úr húsinu, ef eldur hefði náð að magnast, en ekki miklar líkur, að hann hefði borist upp stigann að íbúðinni, en svalir eru á íbúðinni, en ekki hægt að komast niður af þeim af eigin rammleik.

Ákærði staðfesti játningu sína fyrir dómi.

Ekki er gerð bótakrafa út af íkveikju þessari.

Hér í dóminum þann 18. febrúar 1987 voru þeir Gísli Ólafsson, fyrrv.

yfirlögregluþjónn, og Tómas Búi Böðvarsson slökkviliðsstjóri dómkvaddir til þess að svara eftirgreindum atriðum vegna framangreindra bruna:

a) Var hætta á, að eldur breiddist út til annarra húshluta?

b) Var hætta á, að eldur breiddist út til nærliggjandi húsa?

c) Var hætta á yfirgripsmikilli eyðingu eigna, ef ekki hefðu komið til sérstakar slökkviráðstafanir?

d) Var mannslífum stefnt í háska?

Þann 23. mars 1987 skiluðu þeir eftirgreindri álitsgerð:

„1. Hjallalundur 17, þann 21. mars 1987 kl. 22.43.

Veður: Norðvestan 2 vindstig.

Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar kemur fram lýsing á aðstæðum á eldstað. Þar kemur m.a. fram, að 4 geymslur eru við gang, sem liggur frá stigahúsinu til vesturs. Eldsupptök voru í næstvestustu geymslunni tilheyrandi íbúð G, en veggirnir milli geymslnanna og að ganginum eru úr timbri. Mikill eldsmatur var því í geymslunum, bæði í dóti, sem þar var geymt, og eins í veggjunum.

Hurð milli stigahúss og geymslugangsins var venjuleg timburhurð og mun hafa staðið opin. Stigahandrið í stigahúsi var úr timbri. Ennfremur voru gólfin í stigahúsinu og stiginn teppalögð. Hurðir að íbúðum voru venjulegar innihurðir úr timbri (ekki B-30 eldtefjandi hurðir). Ekki var opnanlegur gluggi á stigahúsinu.

Telja má fullvíst, að ef slökkvistarf hefði ekki hafist svo fljótt sem raun varð á, hefðu allar geymslurnar við umræddan gang fljótt orðið alelda. Þaðan hefði eldurinn auðveldlega getað borist út í stigahúsið og síðan eftir handriði og teppum upp eftir því.

Eins eru líkur á, að gluggar á geymsluganginum og vestustu geymslunni hefðu brotnað og eldtungur staðið þar út. Hefði slíkt skeð, er möguleiki á, að undankoma um svalir fyrir ofan hefði getað orðið erfiðari, sérstaklega á 2. hæð.

Þar sem dyrnar milli geymslugangsins og stigahússins munu hafa verið opnar, barst reykurinn strax við eldsupptökin fram í stigahúsið og upp eftir því. Íbúar hússins urðu því varir við eldinn tiltölulega fljótt, þar sem hann þrengdi sér inn í íbúðirnar meðfram hurðunum og flestir voru enn á ferli.

Það mikill reykur barst inn í íbúðirnar, að fólk flúði út á svalir og eftir þeim að næsta stigahúsi, eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarlögreglunnar. Fæstir íbúar hússins, sem heima voru, munu hafa verið gengnir til náða, þegar eldurinn kom upp.

Eins og á stóð og rakið hefur verið hér að framan, mun ekki hafa verið bráð hætta fyrir íbúa hússins, þar sem undankomuleiðir voru svo greiðar sem raun var og fólk almennt á fótum.

Engir virkir reykskynjarar voru í húsinu.

Hætta á, að eldurinn breiddist til nærliggjandi húsa, er nánast ekki fyrir hendi.

2. Geislagata 10, þann 8. maí 1986 kl. 0.15.

Veður: Austan 3 vindstig.

Húsið er ein hæð og hátt ris, byggt úr timbri með steinsteyptri jarðhæð með steinst. plötu yfir. Húsið er járnklætt nema jarðhæðin. Sömuleiðis er þakið járnklætt. Grunnflötur hússins er um 200 m^2, og alls er húsið um 1649 m^3. Við austurgafl hússins er steinsteypt viðbygging (skúr) með timburþaki, klæddu bárujárni. Ofan við eða ofan á þakinu er stigi og stigapallur úr timbri við eina innganginn á 1. hæðina.

Eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarlögreglu, er húsið að mestu notað til geymslu nema skrifstofa í suðvesturhorni jarðhæðar. Enginn bjó í húsinu. Í viðbyggingunni austan við húsið, þar sem eldurinn kom upp, var mjög mikill eldsmatur, m.a. nokkrir stórir hjólbarðar og teppaafgangar.

Telja verður víst, að ef eldsins hefði ekki orðið vart eins fljótt og raun varð á, hefði hann fljótt breiðst út til stiga og stigapalls ofan við þak viðbyggingarinnar og þaðan í dyr og veggi hússins.

Vindstaðan á þessum tíma jók hættuna.

Vegna umferðar í kring og nálægðar slökkvistöðvar eru líkur til, að eldsins hefði orðið vart nægilega snemma, til að nærliggjandi húsum stafaði ekki hætta af.

Þar sem enginn bjó í húsinu, voru mannslíf ekki í hættu.

3. Eyrarvegur 18, bifreiðageymsla, 29. ágúst 1986 kl. 3.40.

Veður: Logn.

Bifreiðageymslan er 32 m^2 og 75 m^3 að stærð, byggð úr timbri, stakstæð, en tengd íbúðarhúsinu með um 3,6 metra löngum timburvegg.

Á veggnum næst bílageymslunni er dyraop.

Íbúðarhúsið er steinhús, 1 hæð, með járnklæddu valmaþaki úr timbri. Stærð hússins er er um 120 m^2 og 376 m^3.

Ekki var bifreið í geymslunni né heldur á bílastæðinu framan við, en mikið dót var þar inni. M.a. voru þar geymd bíldekk, og brunaálag var mikið.

Ef eldsins hefði ekki orðið vart svo fljótt sem raun varð á, er nokkur hætta á, að hann hefði borist eftir timburveggnum í þakskegg og þak íbúðarhússins.

Dyr eru á norðurhlið hússins og aðrar á austurhlið þess. Einnig eru dyr út á sólpall að sunnan. Að öllum líkindum hefðu íbúarnir átt nokkuð

auðvelda undankomuleið um dyrnar að norðan eða austan, enda þótt eldurinn hefði komist í þakið.

Útbreiðsluhætta til annarra húsa er vart fyrir hendi, enda kyrrt veður.

4. Bifreiðin A-1216 við Fjólugötu 3, þann 29. ágúst 1986 kl. 3.55.

Veður: Logn.

Bifreiðin A-1216 er af gerðinni Lada Sport, árgerð 1978.

Eins og fram kemur í skýrslu rannsóknarlögreglu, stóð bifreiðin um 90-100 sm frá austurstafni hússins, sem er steinsteypt, kjallari og hæð. Á austurstafni hússins eru dyr á kjallara og yfir þeim gluggi á 1. hæð.

Eldurinn var í hægra framsæti bifreiðarinnar og þakinu þar yfir.

Ef eldurinn hefði ekki uppgötvast svo snemma sem raun varð á, eru líkur til þess, að bifreiðin hefði orðið alelda að innan og eldurinn þá fljótt komist í bensíntankinn, sem er inni í bifreiðinni undir aftursæti hennar. Ef það hefði skeð, stafaði húsinu nokkur hætta af, einkum vegna nálægðar bifreiðarinnar við glugga og hurð á austurstafni hússins.

Líkur eru á, að aðdragandinn að því, að eldurinn næði í dyr og glugga hússins, hefði verið það mikill, að íbúar hússins hefðu ekki verið í mikilli hættu.

Ólíklegt er, að eldurinn hefði náð til annarra nærliggjandi húsa.

5. Hafnarstræti 97, bakhús, þann 3. október 1986 kl. 21.05.

Veður: SSA 3 vindstig.

Húsið var einnar hæðar steinhús, um 60 m^2 og 180 m^3 að stærð, með timburþaki, klæddu bárujárni. Húsið stendur í lokuðu porti bak við húsið Hafnarstræti 97, sem er að mestu tveggja hæða timburhús á steyptum kjallara eða jarðhæð. Um 5.2 m eru milli húsanna. Bakhúsið var notað sem geymsla.

Í framhúsinu (aðalhúsinu) er bókaverslun með tilheyrandi lager og einnig íbúð, þar sem ein kona býr. Hún var ekki heima þetta kvöld.

Sambrunahætta milli bakhúss og aðalhúss var ekki mikil, eins og háttaði til með veður, en mikil hætta á reykskemmdum, bæði í framhúsinu og eins í Hafnarstræti 99. Á lóðarmörkum að norðan og sunnan eru steinsteyptir eldvarnarveggir.

6. Hafnarstræti 88, þann 17. janúar 1987 kl. 19.30.

Veður: Sunnan um 4 vindstig.

Húsið er tveggja hæða timburhús með háu íbúðarrisi og á steyptum kjallara. Loft yfir kjallara er úr timbri. Húsið er klætt járni að utan nema kjallari. Á þaki er bárujárn. Stærð hússins er um 216 m^2 að grunnfleti og um 2.274 m^3 að rúmmáli.

Í kjallara eru 2 verslanir. Einnig eru 2 verslanir á 1. hæð. Á 2. hæð er gistiheimili að norðan, en íbúð að sunnan. Í risinu eru 2 íbúðir, önnur að norðan, hin að sunnan. Inngangur í kjallarann er að vestan, en á aðrar hæðir á stöfnum að norðan og sunnan fyrir hvorn enda hússins. Húsinu er skipt í miðju með timburvegg neðan frá og upp úr. Neyðardyr eru á þessum vegg, bæði á 2. hæð og í risi.

Geymslan, þar sem eldurinn var kveiktur, er nyrst, utan við austurhlið hússins, um 3,8 m^2 að stærð og byggð úr steinsteypu með steinsteyptu lofti yfir. Aðeins er utangengt í geymsluna. Timburfótstykki aðalhússins er óvarið efst í vesturvegg geymslunnar. Meðfram fótstykkinu í suðurvegg geymslunnar er op út, sem stafar af rýrnun og fúa í fótstykkinu.

Eftir upplýsingum Tómasar Hanssonar, tæknifulltrúa Hitaveitu Akureyrar, er fyrstur kom að eldinum og slökkti hann, lágu pappaumbúðir upp við vegginn að norðan og í geymslunni ásamt allstórri trégrind. Á gólfi munu hafa legið trépallar. Samkvæmt frásögn Tómasar var eldurinn í pappanum neðarlega, en hafði enn ekki náð í trégrindina, þegar hann kom að og slökkti.

Ef ekki hefðu komið til slökkviaðgerðir svo fljótt sem raun varð á, eru líkur til, að eldurinn hefði náð til fótstykkis hússins og þaðan borist í húsið sjálft.

Eins og fram kemur hér að framan, eru verslanir bæði í kjallara og á 1. hæð hússins, og þar mun enginn hafa verið, þegar eldurinn varð laus. Svo mun einnig hafa verið í gistiheimilinu á 2. hæð að norðan. Þar af leiðandi eru líkur á, að eldsins hafi ekki orðið vart strax af íbúum hússins. Þá er þess að geta, að þótt fjölfarin gata sé austan við húsið, skyggir hús Hitaveitu Akureyrar á. Rétt er þó að taka fram, að eftir upplýsingum Tómasar Hanssonar munu einhverjir starfsmenn hafa verið á skrifstofu hitaveitunnar á þessum tíma. Ekki er okkur þó kunnugt, hvar í húsinu þeir voru.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar munu allir íbúar þeirra þriggja íbúða, sem eru í húsinu, hafa verið heima, alls 9 manns.

Undankomuleiðir úr húsinu eru, eins og áður hefur komið fram, m.a. dyr milli suður- og norðurhluta bæði á 2. hæð og í risi. Því eru líkur á, að fólk hefði getað bjargað sér um suðurstiga hússins og þar út.

Telja má víst, að ef eldurinn hefði komist í húsið, hefði hann fyrst breiðst út um norðurhluta þess, bæði vegna eldsupptaka og vindstöðu.

Um möguleika slökkviliðsins til að hefta útbreiðslu elds í svona stóru timburhúsi er erfitt að segja, en þeir minnka augljóslega með hverri mínútu, sem líður.

Hætta á útbreiðslu elds til nærliggjandi húsa er fyrir hendi, ekki síst þar sem næsta hús norðan við er einnig úr timbri.

7. Skipagata 7, þann 31. janúar 1987 kl. 20.20.

Veður: SSA 3-4 vindstig.

Húsið er þriggja hæða steinsteypt hús, sambyggt húsi nr. 5 við sömu götu. Steinsteyptur eldvarnarveggur er á milli húsanna. Á 1. hæð er verslun, en íbúð og skrifstofur á 2. hæð. Á 3. hæð er íbúð. Enginn er til heimilis í íbúðinni á 2. hæð, aðeins gistiherbergi. Á 3. hæð býr tvennt. Kyndiklefinn, þar sem eldurinn kom upp, er við austurvegg hússins á 1. hæð. Þar var töluverður eldsmatur, m.a. 4 bíldekk.

Ef eldurinn hefði ekki uppgötvast á byrjunarstigi, eru verulegar líkur á, að reykurinn hefði fyllt stigaganginn og teppt algjörlega niðurgöngu þar. Svalir eru á austurhlið hússins, á 2. og 3. hæð er enginn útbúnaður til að komast þar niður fyrir fólk af eigin rammleik.

Ekki eru miklar líkur á, að eldurinn hefði borist upp stigann að íbúðunum."

Ákærði var úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi frá 4. febrúar 1987 til 2. mars 1987 og að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Rannsóknina gerði Sigmundur Sigfússon yfirlæknir, sérfræðingur í geðlækningum, og er skýrsla hans, dagsett 26. júní 1987, bæði nákvæm og yfirgripsmikil og er ágrip og mat hans á ákærða svo og niðurstaða um sakhæfi þannig:

„III. Ágrip og mat.

Hinn rannsakaði, Gísli Wendel Birgisson, er 21 árs gamall Akureyringur. Allt frá barnæsku hefur hann átt við að stríða ónóga hvatastjórn (impuls control) og vanþroskað tilfinningalíf. Viðleitni foreldra og skóla til uppeldis og fræðslu hefur að litlu leyti nýst honum. Sennilega hefur Gísli oft upplifað höfnun í uppvextinum. Greind er í löku meðallagi, þó innan eðlilegra marka. Sjálfsmynd er í molum.

Ótæpileg neysla áfengis og lífrænna leysiefna undanfarin ár hafa enn ýtt undir og ýkt persónuleikatruflun af andfélagslegum toga. Skortur á sjálfstjórn og víma veldur því, að hvatir fá útrás á afbrigðilegan og hættulegan hátt. Honum er sennilega nautn í því að svala innibyrgðri, ómeðvitaðri gremju á sjálfum sér og öðrum. Gísli hefur næga greind og dómgreind til að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna, þótt rökvísi sé nokkuð ábótavant. Rök eru fyrir því að reyna langvarandi geðlæknismeðferð eða sálfræðimeðferð, sem beinast ætti að uppbyggingu persónuþroska og tilfinningalífs. Gísli er sér ekki meðvitaður um þörf sína fyrir meðferð. Þó að svo yrði síðar, þá er slík meðferð bæði svo vandasöm og langvinn, að erfitt yrði að koma henni við hérlendis vegna skorts á viðeigandi stofnun. Er þá höfð í huga stofnun, þar sem stunduð væri meðferð og enduruppeldi fólks í þessum aldursflokki.

IV. Niðurstaða.

Hinn rannsakaði er að öllum líkindum haldinn íkveikjuáráttu (pyromania, ICD 312.2), áráttubundnu, alvarlegu hegðunarafbrigði, sem hjá þessum manni fær fyrst og fremst útrás, þegar hvatastjórn hans er veikluð af vímuefnum.

Enn fremur er maðurinn haldinn drykkjusýki og fíkniþefjun lífrænna leysiefna og gass (abusus alcoholi, solventis industrialis et gasis petrolei, ICD 303 og 304.6). Að baki þessu hvoru tveggja liggur alvarleg skapgerðartruflun, geðveiluskapgerð (persona pathologica antisocialis, ICD, 301.7).

Framangreindar geðtruflanir hafa leitt hinn rannsakaða mann í slíkar ógöngur, að sjálfsmynd hans hefur sífellt orðið neikvæðari, og hefur það með öðru ýtt undir þunglyndiseinkenni og sjálfseyðingarhvöt.

Ekkert bendir til þess, að hinn rannsakaði hafi verið haldinn alvarlegri geðveiki (psychosis), er hann framdi afbrot þau, sem hann er ákærður fyrir. Hann var þá, að því er upplýst hefur verið, undantekingarlaust undir eitrunaráhrifum vínanda og oft einnig kveikjaragass, sem hinn rannsakaði hafði byrjað að taka inn sjálfviljugur og vitandi vits. Með hliðsjón af vitnisburði hins rannsakaða í yfirheyrslum lögreglu og dómara og einnig í viðtölum við geðlækni og sálfræðing verður að draga í efa, að dómgreind og meðvitund hans hafi verið svo slævð af vímuefnum, þegar hann kveikti eldana, að hann mætti ekki vita eða gruna, hvaða áhættu hann tók með athæfi sínu.

Líkur á endurtekningu athæfis af þessu tagi af hendi hins rannsakaða myndu að mati undirritaðs verða verulega minni, ef hann hætti algerlega neyslu allra vímuefna."

Niðurstaða dómsins.

Með skýlausum játningum ákærða, sem eru í samræmi við það, sem fram hefur komið í máli þessu, verður að telja fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir, og sú háttsemi réttilega heimfærð til viðeigandi refsiákvæða. Varðandi ákærulið II í síðari ákæru er ákærði sýknaður af aðalkröfu ákæruvaldsins, en sakfelldur af varakröfunni. Að öðru leyti er ákærði sakfelldur samkvæmt öllum aðalkröfum ákæruvaldsins.

Fyrir liggja í málinu bótakrafa frá Brunabótafélagi Íslands, samtals að fjárhæð kr. 811.143, og Guðmundi Knutsen, Fjólugötu 3, Akureyri, að fjárhæð kr. 41.978. Eru kröfur þessar studdar fullnægjandi gögnum og dómtækar og eru teknar til greina að fullu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1984 5/10 á Akureyri. Dómur: 3 mán. fangelsi, skb. 2 ár, og 30.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 200. gr. sbr. 202. gr. og 1. mgr. 203. gr. hgl. og 45. gr. l. nr. 53,1966.
1984 17/11 á Akureyri. Sátt: 500 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1986 18/11 á Akureyri. Sátt, 13.000 kr. sekt f. brot g. 1. og 2. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 4 mán. frá 18/11 1986.

Ákærði er að mati dómsins sakhæfur og öll brotin framin af ásetningi fyrir utan íkveikjuna að Geislagötu 10, sem dómurinn telur eina gáleysisbrotið af öllum brennubrotunum, og þeir verknaðir réttilega heimfærðir undir 1. sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Refsilækkunarástæður 74. og 75. gr. þykja ekki koma hér til álita.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 4. febrúar 1987 kl. 12.59 til 2. mars 1987 kl. 13.00, samtals 26 dagar.

Varðandi nytjastuld og ölvunarakstur ákærða 13. september 1987 á bifreiðinni A-10604 þykir sekt ákærða að fullu sönnuð með játningu hans og brotið réttilega fært til þágildandi lagaákvæða í ákæruskjali, og varðar háttsemi ákærða auk ívitnaðra hegningarákvæða við 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, er svarar til 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, en samkv. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, ber nú að dæma um brot ákærða eftir umferðarlögum nr. 50,1987.

Með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga er ökuleyfissvipting ákærða hæfilega ákveðin 8 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki ökuleyfissviptingu þessari.

Þá ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð kr. 30.000, og málsvarnarlaun skipuðum verjanda sínum, Ólafi Birgi Árnasyni hdl., kr. 50.000.

Af ákæruvaldsins hálfu sótti málið Björn Helgason, saksóknari.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson, héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Wendel Birgisson, sæti fangelsisvist í 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans, samtals 26 dagar.

Ákærði greiði Brunabótafélagi Íslands kr. 811.143 og Guðmundi Knutsen kr. 41.978, í skaðabætur.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki sviptingunni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í

ríkissjóð kr. 30.000, og málsvarnarlaun skipuðum verjanda hans, Ólafi Birgi Árnasyni hdl., kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1990.

Nr. 154/1989 **Samband íslenskra samvinnufélaga**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Versluninni Vörðufelli og
Ágústi Guðmundssyni persónulega
(Jón Oddsson hrl.).

Verslunarkaup. Greiðsla. Víxill.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi Ágúst verði persónulega og f.h. verslunar sinnar dæmdur til greiðslu 214.025,50 króna auk 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 2. október 1986 til 2. mars 1987, en 2,5% dráttarvaxta frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 3% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 3,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 3,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 3,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,1% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 4,3% frá þeim degi til 1. mars s.á., 3,8% frá þeim degi til 1. maí s.á., en 3,7% frá þeim degi til birtingardags stefnu 16. júní s.á. og síðan hæstu lögleyfðu dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hætarétti. Loks er þess krafist, að staðfest verði heimild til að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól skuldar og reikna dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti, sbr. III. kafla vaxtalaga. Til vara krefst stefndi þess, að kröfur áfrýjanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður. Stefndi gerir og kröfu til breytinga á ákvæði

héraðsdóms um málskostnað, þótt hann hafi ekki gagnstefnt málinu til Hæstaréttar.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf Guðmundar Kristjánssonar hérðasdómslögmanns varðandi gjaldþrotabú hjónanna Haralds Benediktssonar og Karenar Kristjánsdóttur og firma þeirra, verslunarinnar Álfaskeiðs, Hafnarfirði. Guðmundur er skiptastjóri gjaldþrotabúsins. Í bréfinu segir:

„Gjaldþrotaúrskurður var uppkveðinn þ. 28.10. 1986 í skiptarétti Hafnarfjarðar. Innköllun var gefin út og birt í Lögbirtingablaði, og rann kröfulýsingafrestur út þ. 19.1. 1987. Á kröfuskrám námu lýstar kröfur á úrskurðardegi samtals kr. 18.068.932. Þar af voru forgangskröfur að upphæð kr. 777.534, en allt bendir til, að sú tala lækki. Almennar kröfur námu kr. 14.725.004. Þar í er samþykkt krafa Guðmundar Ágústssonar hdl. v/Guðmundar Ágústar Guðmundssonar út af ógreiddri leigu á húsnæði verslunarinnar, kr. 938.120, og krafa Kristjáns Stefánssonar hdl. v/Kristjáns Haraldssonar út af tékkum, útgefnum í þágu verslunarrekstrarins, kr. 1.500.000. Síðarnefnda krafan er ósamþykkt og umþrætt.

— — —

Búskiptum er enn ólokið, en ljóst þykir þó, að forgangskröfurnar greiðast að fullu og að eitthvert fé, í dag um kr. 3.300.000, verði þá eftir til greiðslu almennra krafna að hluta. Hins vegar er á þessu stigi ekki unnt að segja neitt til um, að hve mörgum hundraðshlutum þær greiðist. Því ber að taka allar ofangreindar tölur með fyrirvara um breytingu á þeim. ...“

Þá kom fram, að með úrskurði skiptaréttar Hafnarfjarðar, uppkveðnum hinn 5. júní 1987, var bú Kristjáns Jóns Haraldssonar, sonar hjónanna, tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum þess bús lauk 28. október 1987 með vísan til 120. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, án þess að nokkuð fengist greitt upp í lýstar kröfur, samtals 901.172 krónur, auk vaxta og kostnaðar frá úrskurðardegi.

II.

Aðila greinir ekki á um atvik málsins, en þau er rakin í hinum áfrýjaða dómi. Það er þannig óumdeilt, að víxlar, útgefnir af

stefnda, en samþykktir af versluninni Álfaskeiði, sem stefndi afhenti áfrýjanda til greiðslu á skuld hans samkvæmt viðskiptareikningi, greiddust ekki á gjalddögum og tékki, útgefinn 2. október 1986, sem átti að vera til greiðslu á víxlunum, heldur ekki. Loks reyndist tékki, útgefinn af Kristjáni, syni hjónanna Haralds og Karenar, eigenda verslunarinnar Álfaskeiðs, innistæðulaus, en með honum skyldi ljúka skuldaskiptum þessum. Krafa áfrýjanda er þannig ógreidd. Áfrýjandi tók við víxlunum á þeirri forsendu, að þeir fengjust greiddir hjá samþykkjanda þeirra. Þar sem þeir voru ekki greiddir þrátt fyrir innheimtutilraunir, varð hið fyrra skuldasamband milli stefnda og áfrýjanda virkt.

Áfrýjandi sendi stefnda kröfubréf 27. nóvember 1986, þar sem tilraunir hans til innheimtu víxlanna eru raktar og efnda krafist á skuldinni. Þetta var löngu áður en kröfulýsingarfrestur í bú samþykkjanda víxlanna rann út, og hafði stefndi því tækifæri til að lýsa kröfu í bú samþykkjandans. Bú Kristjáns Haraldssonar var eignalaust, eins og fyrr greinir. Krafa áfrýjanda þykir því ekki niður fallin vegna tómlætis hans um að lýsa kröfum í þessi tvö þrotabú.

Þá verður ekki á það fallist, að áfrýjandi hafi gefið upp skuldina með því að afhenda víxlana gegn greiðslu með tékka. Þá skiptir það ekki nú máli, hvort áfrýjandi getur afhent stefnda víxlana, því að engin krafa verður lengur gerð á hendur honum þeirra vegna, og er óumdeilt, að þrotabú samþykkjandans telur þá ekki greidda.

Niðurstaða máls þessa er því sú, að krafa áfrýjanda er tekin til greina með þeim vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ágúst Guðmundsson persónulega og f.h. verslunar sinnar, Vörðufells, greiði áfrýjanda, Sambandi íslenskra samvinnufélaga 214.025,50 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. júní 1988 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. janúar 1989, er höfðað með áskorunarstefnu, sem þingfest var 16. júní 1988, af Sambandi íslenskra samvinnufélag, nnr. 7472-7581, Sölvhólsgötu 4, Reykjavík, á hendur Versluninni Vörðufelli, nnr. 3066-5910, Þverbrekku 8, Kópavogi, og Ágústi Guðmundssyni, nnr. 3066-5910, kaupmanni, Engihjalla 25, Kópavogi, persónulega. Máli þessu var vikið til venjulegrar meðferðar 16. júní 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða skuld, að fjárhæð kr. 214.025,50, auk 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 2.10. 1986 til 2.3. 1987, en 2,5% dráttarvaxta frá þeim degi til 1.6. 1987, 2,8% frá 1.6. til 1.7., 3% frá 1.7. til 1.8., 3,4% frá 1.8. til 1.9., 3,5% frá 1.9 til 1.10., 3,6% frá 1.10. til 1.11., 3,8% frá 1.11. til 1.12., 4.1% frá 1.12. 1987 til 1.1. 1988, 4,3% frá 1.1 til 1.3., 3,8% frá 1.3. til 1.5., en 3,7% frá þeim degi til birtingardags stefnu og síðan hæstu lögleyfðu dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þá er þess krafist, að staðfest verði heimild til að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól skuldar og reikna dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð, ef vanskil standa lengur en 12 mánuði, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður stefnda, Ágúst Guðmundsson, hafa undanfarin ár rekið á eigin ábyrgð matvöruverslun að Þverbrekku 8 í Kópavogi undir nafninu Vörðufell, og hafi hann verið í viðskiptum við afurðasölu og kjötiðnaðarstöð stefnanda í Reykjavík.

Í nóvember 1985 hafi vöruúttekt stefnda á kjötvörum hjá afurðasölu SÍS numið kr. 531.154 og hjá kjötiðnaðarstöð SÍS á unnum kjötvörum o.fl. kr.15.378, eða samtals kr. 546.532.

Til tryggingar greiðslu á skuld sinni við stefnanda ásamt áföllnum kostnaði hafi stefndi, Ágúst, afhent stefnanda 14 víxla, samþykkta af ýmsum aðilum, með gjalddögum í apríl til júní 1986, samtals að nafnverði kr. 618.867,35. Hafi víxlar þessir allir greiðst að undanskildum tveimur víxlum, þ.e. víxli, að fjárhæð kr. 125.978, á gjalddaga 1. apríl 1986, og víxli, að fjárhæð kr. 126.817, á gjalddaga 3. maí 1986. Báðir víxlarnir hafi verið vistaðir í Samvinnubanka Íslands, útgefnir af stefndum Ágústi og samþykktir til greiðslu af Karenu Kristjánsdóttur vegna verslunarinnar Álfaskeiðs í Hafnarfirði.

Eftir að víxlar þessir höfðu verið endursendir af bankanum, hafi þeir verið innleystir af samþykkjanda með ávísun og honum afhentir víxlarnir. Hins vegar hafi komið í ljós, að innistæða hafi ekki verið fyrir ávísun þeirri, sem gefin var út til greiðslu á víxlunum.

Samþykkjandi hafi lofað að kippa þessu í lag og hafi afhent stefnanda aðra ávísun 2.10. 1986, að fjárhæð kr. 214.025,50,til greiðslu á skuldum vegna víxlanna að frádreginni innborgun inn á skuldina hinn 2.9. 1986. Innistæða hafi heldur ekki reynst vera fyrir þessari ávísun, sem hafi verið útgefin á tékkareikning nr. 8415 við Austurbæjarútibú Búnaðarbankans. Að beiðni samþykkjanda hafi verið frestað að framvísa ávísuninni, en hinn 30. október 1986 hafi tékkinn verið sýndur til greiðslu, og hafi þá komið í ljós, að reikningnum hafði verið lokað hinn 17. s.m.

Nokkru síðar hafi verslunin Álfaskeið verið tekin til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Útgefandi umræddrar ávísunar sé Kristján Haraldsson, nnr. 5859-2064, sonur hjónanna, sem ráku verslunina Álfaskeið, þeirra Karenar Kristjánsdóttur og Haraldar Benediktssonar. Ástæðan fyrir því að Haraldur (sic), sem er á ungum aldri, hafi verið látinn annast þessa greiðslu fyrir verslun þeirra hjóna, sé að líkindum sú, að þau hafi verið búin að fyrirgera rétti til þess að hafa tékkhefti undir höndum. Kveðst stefnandi með framangreindu hafa sýnt fram á sambandið milli útgáfu umræddrar ávísunar og þeirra víxla, sem stefndur hafi afhent sem tryggingu fyrir greiðslu á skuld sinni við stefnanda.

Stefnandi telur það vera grundvallarreglu í kröfurétti að viðtaka víxla og tékka til greiðslu á gjaldfallinni skuld feli ekki í sér viðurkenningu á því, að skuldin sé þar með niður fallin, heldur felist í viðtökunni einungis loforð um að framvísa þessum kröfum. Þá fyrst, þegar þær hafi verið greiddar, hafi greiðsla átt sér stað. Verði greiðslufall, hafi það ekki áhrif á skuldina. Þessa reglu kveður hann margsinnis hafa verið staðfesta af dómstólum.

Stefndi, Ágúst Guðmundsson, kveðst vera einkaeigandi Verslunarinnar Vörðufells. Kveður hann skuld sína vegna úttekta hjá stefnanda hafa í nóvember 1985 numið kr. 546.532. Í byrjun árs 1986 hafi það orðið að samkomulagi milli stefnda og stefnanda, að stefnandi keypti viðskiptavíxla af stefnda til uppgjörs á kröfunni, og hafi honum í mars verið afhentir 10 (sic) víxlar, samtals að fjárhæð kr. 618.867,35. Hafi víxlar þessir verið keyptir af stefnanda, eftir að stefndi hafði gefið þá út og framselt stefnanda þá til eignar. Við uppgjör, er fram fór, hafi stefndi greitt alla áfallna dráttarvexti af skuldinni og forvexti af víxlum og mismun á andvirði víxlanna og kröfunnar, sem þá hafi numið kr. 9.499,65. Kveðst stefndi ekkert hafa heyrt frá stefnanda, eftir að uppgjörið fór fram, fyrr en í nóvember 1986,

en víxlar þeir, er afhentir voru, hafi verið með gjalddögum í apríl og maí 1986. Innheimtustjóri stefnanda hafi þá tilkynnt honum símleiðis, að tveir víxlanna, sem stefndi hafði afhent, hefðu ekki verið greiddir af samþykkjanda. Jafnframt hafi honum verið tjáð, að víxlarnir hafi verið afhentir samþykkjanda gegn ávísun, sem síðar hafi reynst innistæðulaus. Þar sem stefndi taldi sig ekki geta ábyrgst mistök stefnanda, hafi málið verið sent, af hálfu stefnanda, til lögfræðilegrar innheimtu.

Stefndi kveðst byggja á því, að víxlarnir hafi falið í sér fullnaðargreiðslu á kröfu stefnanda á hendur sér. Telur stefndi, að skýran greinarmun verði að gera á því, hvort víxlar séu afhentir kröfuhafa og teljist innborganir inn á kröfuna á þeim tíma, þegar þeir greiðast af samþykkjanda, eða hvort þeir eru keyptir af kröfuhafa með því, að skuldari gefi þá út og framselji þá til kröfuhafans.

Í síðargreinda tilvikinu skapist krafa á hendur þeim aðilum, sem á víxlana riti nöfn sín, en eldri skuldin falli niður á þann aðila, sem hafi verið skuldari skv. þeirri kröfu. Í slíku tilviki ábyrgist skuldari hinnar uppgreiddu skuldar undantekningarlítið hina nýju kröfu, og eignast kröfuhafi þá jafnframt víxilrétt á hendur þeim aðila og samþykkjanda þeirra víxla, sem afhentir séu sem greiðsla.

Kveður stefndi þennan viðskiptamáta vera almennt viðurkenndan í bankakerfinu og vera talinn fullnægja best þörfum viðskiptalífsins, og sé hann á því byggður, að ekki þurfi að endurupptaka mál, löngu eftir að viðskipti hafi átt sér stað. Kröfuhafi standi jafnvel að vígi eftir uppgjörið með þessum hætti og áður og í mörgum tilvikum betur. Krafan, sem áður hafi verið almenn krafa, breytist með þessum hætti í víxilkröfu, þar sem annar aðili en upphaflegur skuldari er greiðandi, en samt sem áður standi upphaflegi skuldarinn í ábyrgð fyrir kröfunni.

Sá háttur, sem hafður hafi verið á í máli þessu milli stefnda og stefnanda, sé eðlilegur til uppgjörs krafna manna og fyrirtækja á milli, eins og að ofan hafi verið rakið, og sé því algjörlega hafnað, að hægt sé að vekja þessi viðskipti upp, eftir að í ljós komi, að stefnandi hafi komið málum þannig fyrir, að víxlarnir, sem verið hafi með ábyrgð stefnda, hafi verið stimplaðir greiddir og afhentir samþykkjanda þeirra.,

Í máli þessu sé ekki byggt á því, að stefnandi hafi gengist í ábyrgð fyrir greiðslu kröfunnar með undirritun sinni á víxlana, og komi það því ekki til álita hér, hvort skapast hafi krafa með því móti, sem stefnandi hefði getað byggt á í máli þessu.

Stefndi kveðst mótmæla því, að málsástæða sú, sem stefnandi byggi málssókn sína á, eigi við í máli þessu. Í þessu máli hafi átt sér stað uppgjör milli stefnanda og stefnda, svo sem lýst hefur verið, og sé viðskiptum þeirra út af reikningum þeim, sem málssóknin sé byggð á, lokið. Telur stefndi,

að regla sú, er stefnandi vitni til, eigi einungis við, þegar greitt sé með víxlum á þriðja aðila og upphaflegur skuldari gangist ekki í ábyrgð fyrir þeim víxlum, eða þegar greitt sé með ávísun, sem vísi á engar innistæður í banka.

Við munnlegan málflutning lagði lögmaður stefnda áherslu á, að lögð hefði verið fram fullnaðarkvittun stefnanda til stefnda á dskj. 11, sem ber fyrirsögnina: „Uppgjör v/skuldar yðar við Afurðasölu SÍS frá því í nóvember 1985", dags. 24.3. 1986. Ennfremur, að það sé almenn regla, að sá, er rifta vilji samningi, verði að geta afhent verðmæti til baka. Stefnandi geti hins vegar ekki afhent víxla þá, sem ekki greiddust, þar sem hann hafi afhent þá samþykkjanda.

Niðurstaða.

Aðilar deila ekki um málsatvik eða fjárhæðir. Ágreiningur þeirra snýst um það, hvort með þeim hafi orðið fullnaðaruppgjör og hvort fyrra skuldasamband skuli rakna við að nýju.

Skuld aðila var gerð upp með viðskiptavíxlum, sem stefndur gaf út og framseldi. Þeir víxlar, sem ekki greiddust, voru samþykktir af Karenu Kristjánsdóttur vegna verslunarinnar Álfaskeiðs, Hafnarfirði. Við uppgjörið fékk stefnandi víxilkröfu á hendur stefnda auk samþykkjanda víxlanna. Stefnandi fyrirgerði þessari kröfu, án þess að stefnda yrði þar um kennt, með því að halda henni ekki til laga, en afhenda samþykkjanda víxlanna, án þess að greiðsla væri tryggð.

Fallast verður á þau rök stefnanda, að sú sé meginreglan, að greiðsla með víxli sé ekki endanleg, fyrr en víxilkrafan sé greidd, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Hins vegar á skuldari rétt á að fá afhenta greiðslu sína eða eftir atvikum dóm byggðan á því viðskiptaskjali, sem greitt var með, þegar greiðslu samkvæmt því er ekki fullnægt og skuldareigandi krefst þess, að hið upphaflega skuldasamband verði vakið upp að nýju.

Stefnandi getur ekki afhent stefnda ofangreinda víxla. Víxlarnir voru að fjárhæð kr. 125.978 og kr. 126.817, eða samtals kr. 252.795, en höfuðstóll dómkröfu nemur kr. 214.025,50. Þykir stefnandi verða að bera hallann af því, að víxilkrafan glataðist, og þegar af þessari ástæðu skal stefndi, Ágúst Guðmundsson, sem er einkaeigandi Verslunarinnar Vörðufells, vera sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Með vísan til 178. gr. laga 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir, borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ágúst Guðmundsson, persónulega og vegna einkafyrirtækis síns, Verslunarinnar Vörðufells, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sambands íslenskra samvinnufélaga.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1990.

Nr. 438/1989. **Þrotabú Guðbjörns Guðjónssonar h/f**
(Jóhann Níelsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
og
Gjaldheimtan í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Jóhanni H. Níelssyni skiptastjóra og Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda í Reykjavík, f.h. þrotabús Guðbjörns Guðjónssonar h/f.

Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Staðgreiðsla opinberra gjalda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi, þrotabú Guðbjörns Guðjónssonar h/f, skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. nóvember 1989 og gerir aðallega þær dómkröfur, að öllum kröfum gagnáfrýjanda verði hafnað. Til vara gerir hann þá kröfu, að vanskilafé vegna staðgreiðslu opinberra gjalda starfsmanna Guðbjörns Guðjónssonar h/f verði viðurkennt sem forgangskrafa að fjárhæð 7.874.590 krónur, en álagi samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 verði hins vegar skipað í skuldaröð sem almennri kröfu í samræmi við 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Til þrautavara krefst hann þess, að vanskilafé þetta og álag samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987 verði viðurkennd sem forgangskrafa, en eftirstöðvunum, álagi samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 28. gr. sömu laga verði skipað í skuldaröð sem almennri kröfu. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, gagnáfrýjaði málinu

með stefnu 15. nóvember 1989 og gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og vanskilafé vegna áranna 1988 og 1989 ásamt álagi, samtals 9.104.041 króna, verði viðurkennt sem forgangskrafa á grundvelli 1. tl. 84. gr., sbr. 87. gr. laga nr. 3/1878. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Er lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 voru sett, var í 2. mgr. 29. gr. þeirra svofellt ákvæði: „Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Skilafé og álag skv. 28. gr. skal vera forgangskrafa í þrotabúum og skuldafrágöngubúum.“ Með lögum nr. 90/1987, 14. gr., var seinni málslið þessarar málsgreinar breytt og hljóðaði nú þannig: „Vanskilafé og álag skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878.“ Með 1. gr. laga nr. 78/1989 var þessi hluti 2. mgr. 29. gr. laganna felldur brott, og hljóðar málsgreinin nú þannig: „Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara.“ Í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eru því ekki lengur ákvæði um stöðu þessa vanskilafjár í skuldaröð við skipti þrotabúa eða skuldafrágöngubúa. Um það efni fer því eftir ákvæðum laga nr. 3/1878, eins og þeim var breytt með lögum nr. 32/1974 og lögum nr. 23/1979. Við setningu laga nr. 32/1974 var felld niður fyrri regla um, að skattakröfur væru forgangskröfur.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 10. gr. laga nr. 90/1987, skal launagreiðandi draga staðgreiðslu af launum launamanns og skila til innheimtuaðila. Í 22. gr. er mælt, að launagreiðandi beri ábyrgð á þeim opinberu gjöldum, sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt lögunum, og launamaður beri ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda, sem hann sannar, að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Við þessar aðstæður kemur launagreiðandi fram sem innheimtumaður hins opinbera gagnvart launamanni. Verður ekki á það fallist, að í afdrætti launagreiðanda felist framsal launamanns á launakröfu eða annars konar aðilaskipti, sem falli undir 87. gr. laga nr. 3/1878. Kröfum gagnáfrýjanda verður því ekki skipað í skuldaröð samkvæmt 1. tölulið 84. gr. laga nr. 3/1878.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði úrskurður úr gildi felldur og kröfum gagnáfrýjanda synjað.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og kröfum gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, synjað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. nóvember 1989.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 25. október 1989.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, gerir þær kröfur, að „vangreidd staðgreiðsla stefnda 1988 kr. 9.019.368 og 1989 kr. 84.673 verði viðurkennd sem forgangskrafa á grundvelli 1. tl. 84. gr., sbr. 87. gr., laga nr. 3/1878 og greidd sem slík af eignum búsins. Krafist er dráttarvaxta án forgangs frá úrskurðardegi 29.3. 1989 til greiðsludags í samræmi við reglur 2. tl. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987". Ennfremur krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili gerir þá kröfu aðallega, að öllum kröfum sóknaraðilja í málinu verði hafnað. Til vara krefst hann þess, að „vangreidd staðgreiðsla opinberra gjalda stefnda verði einungis viðurkennd sem forgangskrafa, að fjárhæð kr. 7.874.590, eftirstöðvunum, kr. 1.229.451 verði hins vegar skipað í skuldaröð sem almennri kröfu í samræmi við 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878". Til þrautavara krefst varnaraðili þess, að „vangreidd staðgreiðsla opinberra gjalda stefnda verði einungis viðurkennd sem forgangskrafa að fjárhæð kr. 8.767.346, eftirstöðvunum kr. 336.685 verði hins vegar skipað í skuldaröð sem almennri kröfu í samræmi við 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878". Loks krefst varnaraðili þess, að sóknaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 28. mars 1989, var bú Guðbjarnar Guðjónssonar hf. tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni stjórnar félagsins. Hafði félagið haft heimild til greiðslustöðvunar frá 25. október 1988 til 25. mars 1989. Við upphaf skiptameðferðar þrotabúsins var Jóhann H. Níelsson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri þess til bráðabirgða, og á fyrsta skiptafundi í búinu var hann kosinn skiptastjóri þess.

Sóknaraðili lýsti á kröfulýsingarfresti kröfu í þrotabúið vegna van-

greiddrar staðgreiðslu skatta launþega, sem starfað höfðu hjá hinu gjaldþrota félagi. Ágreiningur varð um stöðu kröfu þessarar í skuldaröð við skiptin, en um tölulegan ágreining er ekki að ræða.

Sóknaraðili gerir þá grein fyrir kröfum sínum í málinu, að upphaflega hafi þeim verið lýst í þrotabúið hinn 9. maí 1989 sem forgangskröfum samkvæmt 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 29. gr. laga nr. 45/1987, sbr. og 14. gr. laga nr. 90/1987. Eftir gildistöku laga nr. 78/1989 hafi verið augljóst, að kröfugerð þessi stæðist ekki, og hafi kröfum sóknaraðilja þá verið breytt í það horf, sem í málinu greinir. Vísar sóknaraðili um lagastoð fyrir kröfum sínum til laga nr. 45/1989 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Telur hann Hrd. 1987, bls. 664, og 1987, bls. 693, renna stoðum undir skilning sinn á þeim lagaákvæðum, sem hér koma til skoðunar.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að sá hluti af launum launþega, sem launagreiðanda beri að halda eftir til að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda launþegans, hljóti að teljast til launa, sem njóti forgangsréttar við skipti á búi launagreiðandans á grundvelli 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Tilhögun á greiðslu opinberra gjalda launamanna samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda feli það í sér, að innborganir launagreiðenda inn á reikning launamanna séu greiðslur upp í opinber gjöld viðkomandi launamanna. Þessi hluti launa þeirra gangi samkvæmt því upp í væntanleg opinber gjöld þeirra, en séu ekki greiðsla upp í þegar álagða skatta. Á þessu sé verulegur eðlismunur, þar sem krafa um afdrátt af launum upp í væntanlega skatta sé ekki skattakrafa, heldur lögbundin tilhögun á skiptingu launagreiðslna, sem ætlað sé að standa, þar til skattaálagning hafi farið fram fyrir það launatímabil, sem afdrátturinn af laununum varðar. Þannig eigi launþeginn tilkall til þess að fá umrætt fé til baka eftir álagningu verðbætt samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, ef álagningin verði lægri en sem nemur því fé, sem haldið hefur verið eftir af launum hans upp í skattana. Þetta sé sérstaklega áréttað í 1. gr. síðastnefndra laga, en þar sé skýrt kveðið á um það, að staðgreiðsla opinberra gjalda samkvæmt þeim lögum sé bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars launamanna á tekjuári.

Þá lýsti umboðsmaður sóknaraðilja því yfir við munnlegan málflutning, að á því væri byggt, að enginn munur væri á þessu lögbundna framsali á hluta launakröfunnar og framsali launakröfunnar til þriðja aðilja endranær, en Hæstiréttur hafi talið, að réttarstaða þess, sem slíka kröfu innheimtir í þrotabú, væri sú sama og staða launþegans sjálfs, sbr. Hrd. 1987, bls. 693.

Aðalkrafa varnaraðilja er byggð á því, að staðgreiðsla opinberra gjalda af launum fari fram við útborgun launa og við það tímamark stofnist til skuldar launagreiðanda við innheimtuaðilja. Launagreiðanda beri ótil-

kvöddum að greiða skuld sína mánaðarlega og beri ábyrgð á þeirri greiðslu gagnvart innheimtuaðiljanum, en launamaðurinn ekki. Leiði þetta af ákvæðum laga nr. 45/1987, einkum 16. gr., 20. gr., 22. gr. og 28. gr. Í samræmi við þetta hafi hið gjaldþrota félag fært vangreidda staðgreiðslu opinberra gjalda sem skuld við sóknaraðilja í bókhaldi sínu við greiðslu launa, og á sama hátt færi sóknaraðili vangreidda staðgreiðslu opinberra gjalda sem skuld launagreiðanda við sig.

Varnaraðili byggir einnig á því, að sóknaraðili hafi ekki fengið launakröfur eða hluta launakrafna starfsmanna Guðbjarnar Guðjónssonar hf. framseldar með sérstöku framsali frá starfsmönnum og þegar af þeim sökum eigi 87. gr. laga nr. 3/1878 ekki við. Staðgreiðsla opinberra gjalda leiði eðli málsins samkvæmt til þess, að launamaður greiði gjöld sín við útborgun launa og beri ekki ábyrgð á þeim eftir þann tíma. Í staðgreiðslunni felist því greiðsla, en ekki framsal.

Varnaraðili byggir ennfremur á því, að skilafé og álagi vegna staðgreiðslu opinberra gjalda hafi upphaflega verið skipað utan skuldaraðar samkvæmt 29. gr. laga nr. 45/1987. Því ákvæði hafi síðar verið breytt, fyrst þannig, að skilafé skyldi skipað í skuldaröð samkvæmt 82. gr. laga nr. 3/1878, sbr. 14. gr. laga nr. 90/1987, en ákvæði um forgang hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 78/1989. Sé því ekki nú fyrir hendi beint lagaákvæði um að vanskilafé skuli njóta forgangs í þrotabúum eða skuldafrágöngubúum. Án beinna lagafyrirmæla um annað verði að skipa kröfu sóknaraðilja um greiðslu vanskilafjár í skuldaröð sem almennri kröfu samkvæmt 85. gr. laga nr. 3/1878.

Varnaraðili mótmælir því, að hæstaréttardómar þeir, sem sóknaraðili vísar til, hafi fordæmisgildi við úrlausn þessa máls.

Varakrafa varnaraðilja er á því byggð, að fallist rétturinn á, að aðiljaskipti hafi orðið að launakröfum starfsmanna Guðbjarnar Guðjónssonar hf. og að kröfunni verði af þeim sökum skipað í skuldaröð samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878, nái forgangsrétturinn ekki til álags og dráttarvaxta samkvæmt 28. gr. laga nr. 45/1987. Hér sé um að ræða sérstök viðurlög, sem lögð séu á launagreiðandann sérstaklega til að þvinga hann til greiðslu, og réttur til töku slíkra viðurlaga verði ekki rakinn til framsals eða annarra aðiljaskipta að kröfunni. Beri því að flokka þessi viðurlög sem almenna kröfu samkvæmt 85. gr. laga nr. 3/1878.

Þrautavarakrafa varnaraðilja er á því reist, að enda þótt réttur til dráttarvaxta yrði talinn fylgja kröfunni, sé álag samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987 svo sérstaks eðlis og því greinilega ætlað að þvinga launagreiðandann til efnda á greiðsluskyldu. Slík viðurlög hafi ekki fylgt launakröfunni, og beri því að skipa þessu álagi á kröfuna í skuldaröð sem almennri kröfu samkvæmt 85. gr. laga nr. 3/1878.

Þegar bú Guðbjarnar Guðjónssonar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 28. mars 1989, var 2. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, sbr. 14. gr. laga nr. 90/1987, svohljóðandi:

„Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Vanskilafé og álag skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878."

Með lögum nr. 78/1989 var þessu ákvæði breytt þannig, að síðari málsliður þess var felldur út. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga ber að beita þeim um öll bú, sem gerð eru upp eftir gildistöku þeirra. Samkvæmt því hafa ákvæði laga nr. 45/1987 með áorðnum breytingum ekki að geyma ákvæði, er mæli fyrir um tiltekna stöðu krafna þeirra í skuldaröð, sem lögin að öðru leyti fjalla um.

Óumdeilt er, að þegar bú Guðbjarnar Guðjónssonar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta, nam skuld félagsins við sóknaraðilja vegna afdreginna launa starfsmanna kr. 9.019.368 vegna ársins 1988 og kr. 84.673 vegna ársins 1989, eða samtals kr. 9.104.041. Af þessum fjárhæðum nam reiknað álag samkvæmt 28. gr. laga nr. 45/1987 samtals kr. 1.229.451.

Með lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda var tekinn upp nýr háttur á greiðslu launamanna á tekjuskatti og útsvari. Samkvæmt 1. gr. laganna er staðgreiðsla opinberra gjalda samkvæmt lögunum bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars launamanna á tekjuári, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Samkvæmt 16. gr. er meginreglan sú, að afdráttur opinberra gjalda af launum á að fara fram, þegar laun eru borguð út eða færð launamanni til tekna vegna ákveðins greiðslutímabils. Launagreiðanda ber að greiða mánaðarlega það fé, sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum samkvæmt lögunum, sbr. 20. gr. Skal inna greiðsluna af hendi til gjaldheimtu eða annars innheimtuaðilja í því umdæmi, þar sem launagreiðandi á lögheimili. Með greiðslum skulu fylgja sundurliðaðar skilagreinar.

Ljóst er, að álagning tekjuskatts og útsvars fer ekki fram á grundvelli skilagreina launagreiðenda til innheimtuaðilja. Greiðsla samkvæmt lögunum er innt af hendi sem innborgun upp í væntanlega álagningu þessara gjalda, og koma mörg önnur atriði til skoðunar við álagninguna en þessar innborganir. Þannig er t.d. útsvar til sveitarfélaga mismunandi hátt hlutfall tekna, en staðgreiðsla upp í útsvarið er alls staðar jafnhátt hlutfall tekna. Þá leiðir af ákvæðum laga nr. 45/1987, að launamenn geta öðlast inneign vegna ofreiknaðrar staðgreiðslu, þó svo að launagreiðandi hafi haldið eftir af þeim réttri fjárhæð upp í þau gjöld, sem lögin taka til, t.d. vegna ákvæða laganna um persónuafslátt, húsnæðisbætur o.fl., og ber í slíkum tilvikum að færa viðkomandi launamanni til tekna verðbætur samkvæmt lánskjaravísitölu frá innborgunardegi til álagningardags.

3. mgr. 34. gr. laga nr. 45/1987 er svohljóðandi:

„Skilafé vegna staðgreiðslu launamanns á tekjuári gengur einungis á móti álagningu tekjuskatts og útsvars á þær tekjur, er staðgreiðslan nær til, sbr. 1. gr., óháð annarri greiðslustöðu launamanns hjá ríki, sveitarfélögum eða öðrum gjaldkrefjendum, sbr. þó 2. mgr. 36. gr."

Komi í ljós við endanlega álagningu tekjuskatts og útsvars launamanns, að staðgreiðsla hans hafi verið ofreiknuð eða vanreiknuð, skal endurgreiða mismuninn eða innheimta eftir atvikum, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna.

Af framangreindum ákvæðum er ljóst, að skylda launagreiðanda til að halda eftir af launum launamanns til greiðslu upp í væntanleg opinber gjöld hins síðarnefnda samkvæmt lögum nr. 45/1987 felur í sér lögboðinn hátt á uppgjöri launa. Þessi háttur leiðir til þess, að hluta launanna er ráðstafað inn á reikning launþegans hjá viðkomandi innheimtuaðilja opinberra gjalda fyrir það launatímabil, sem afdráttur af laununum tekur til. Þegar álagning tekjuskatts og útsvars fyrir tímabilið hefur átt sér stað, er þessi viðskiptareikningur launþegans gerður upp. Verður að leggja til grundvallar niðurstöðu í máli þessu, að krafa innheimtuaðilja á grundvelli laga nr. 45/1987 sé efnislega krafa til tiltekins hluta af launakröfu launamanns, byggð á lögbundnu framsali. Kröfur launamanna til launa og annars endurgjalds fyrir vinnu í þjónustu gjaldþrota vinnuveitanda njóta forgangsréttar í þrotabú vinnuveitandans samkvæmt 1. tölul. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, enda hafi verið unnið fyrir umræddum launum á því tímabili, sem forgangsréttur tekur til samkvæmt umræddu lagaákvæði. Kröfugerð sóknaraðilja í málinu tekur til hluta af launum, sem viðkomandi launamenn unnu fyrir á tímabili, sem að öllu leyti er innan þeirra tímamarka, sem forgangsréttur samkvæmt 1. tölulið 84. gr. skiptalaga heimilar. Er því fallist á þau rök sóknaraðilja að vangreidd staðgreiðsla launamanna, sem haldið var eftir af launum þeirra hjá Guðbirni Guðjónssyni hf., njóti forgangsréttar samkvæmt 84. gr. skiptalaganna við skipti á þrotabúi félagsins.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 45/1987 sætir launagreiðandi álagi til viðbótar upphæð þeirri upphæð, sem honum ber að standa skil á, séu skil ekki gerð á réttum tíma. Álag á vanskilafé er tvenns konar, annars vegar 1% fyrir hvern dag eftir eindaga, þó aldrei meira en 10%, og hins vegar dráttarvextir, reiknaðir samkvæmt ákvæðum þessarar lagagreinar. Ljóst þykir, að launamanni, sem sætt hefur afdrætti launa á grundvelli laganna, verður ekki gert skylt að greiða álag samkvæmt þessari lagagrein, heldur fer um álagningu þess og innheimtu alfarið (sic) eftir fyrirmælum, sem eingöngu eiga við launagreiðanda og innheimtuaðilja. Einnig er ljóst, að launþegar geta ekki beitt slíku álagi á kröfur, sem þeir kunna að eiga vegna vangreiddra launa. Verður krafa um slíkt álag því ekki talin hluti launa-

kröfu, sem framseld hafi verið samkvæmt ákvæðum laganna. Krafa sóknaraðilja um forgangsrétt verður því ekki tekin til greina, að því er varðar álag á vanskilafé. Verður því sá hluti kröfu sóknaraðilja, er varðar álag á vanskil, flokkaður sem almenn krafa við skiptin samkvæmt 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Sóknaraðili hefur ekki byggt kröfu sína um forgangsrétt til vaxta af kröfum sínum á því, að hann hafi á grundvelli lögbundins framsals á hluta launakrafna viðkomandi launþega öðlast sama forgangsrétt til dráttarvaxta frá gjalddaga launanna eins og launþeginn hefði átt, ef ekkert framsal hefði átt sér stað.

Ekki er um það ágreiningur, að vexti, sem á kröfur sóknaraðilja hafa fallið eftir upphaf skiptameðferðar á búinu, þ.e. eftir 28. mars 1989, beri að flokka við skiptin sem eftirstæðar kröfur samkvæmt 86. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða máls þessa, að viðurkennd er forgangskrafa sóknaraðilja við skipti á þrotabúi Guðbjarnar Guðjónssonar hf. að fjárhæð kr. 7.874.590 og almenn krafa hans að fjárhæð kr. 1.229.451. Vextir af þessum fjárhæðum eftir upphaf skipta flokkast sem eftirstæðar kröfur.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfur sóknaraðilja, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, í þrotabú Guðbjarnar Guðjónssonar hf. eru teknar til greina sem forgangskrafa að fjárhæð kr. 7.874.590 og almenn krafa að fjárhæð kr. 1.229.451 og vextir áfallnir á þessar kröfur eftir 28. mars 1989 sem eftirstæð krafa.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 16. febrúar 1990.

Nr. 162/1988. **Kristín Traustadóttir og**
Halldór Jónsson
(Sigurður H. Guðjónsson hrl.)
gegn
Gerpi s/f.
(Grétar Haraldsson hrl.).

Fasteignakaup. Tilboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. maí 1988. Dómkröfur þeirra eru, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þau sýknuð af öllum kröfum stefnda og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Tilboði áfrýjenda í hluta fasteignarinnar að Snorrabraut 27 í Reykjavík og eftirfarandi kaupsamningi málsaðila 23. september 1985 er lýst í héraðsdómi. Í báðum þessum skjölum er kaupverð talið 2.600.000 krónur, en jafnframt greinilega tekið fram, að greiðslur kaupverðsins nemi samtals 2.939.179 krónum, sem greiða átti með níu peningagreiðslum á tímabilinu frá 23. október 1985 til 23. desember 1986, samtals að fjárhæð 1.339.179 krónur, og ellefu skuldabréfum, samtals að fjárhæð 1.600.000 krónur. Í kaupsamningi segir: „Seljandi fær afhent skuldabréf að upphæð kr. 1.600.000 að nafnverði. Afföll eru kr. 339.179 og tekur kaupandi afföllin að sér.“ Áfrýjendur skýra þetta svo, að þau hafi fyrst gert tilboð um að kaupa fasteignarhlutann á 2.600.000 krónur, þar sem peningagreiðslur væru 1.000.000 krónur, en greiðsla með skuldabréfum 1.600.000 krónur. Hafi þau fengið þau svör hjá fasteignasalanum, að stefndi myndi ganga að kauptilboði þeirra, ef þau bættu afföllum inn í og settu sem síðustu peningagreiðslu. Hafi

upphaflegu tilboði þeirra síðan verið breytt eða nýtt tilboð skrifað og kaupsamningur komist á í framhaldi af því.

Þegar þetta er virt, verður að telja, að áfrýjendur hafi hækkað upphaflegt tilboð sitt og raunverulegt kaupverð verið 2.939.179 krónur. Af því kaupverði hafa áfrýjendur ekki greitt 339.179 krónur, sem aðilar eru sammála um, að nemi með umsömdum verðbótum til gjalddaga 23. desember 1986 stefnufjárhæð þessa máls, 436.296 krónum. Ber að dæma áfrýjendur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, svo sem í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður.

Dæma ber áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Kristín Traustadóttir og Halldór Jónsson, greiði stefnda, Gerpi s/f., 436.296 krónur með 27% ársvöxtum frá 23. desember 1986 til 23. mars 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó aldrei hærri en 30% ársvexti, og 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. janúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. desember sl., er höfðað með stefnu, birtri 14. apríl sl., af Gunnari Rósinkranz, nnr. 3382-2014, Pósthússtræti 13, Reykjavík, og Bjarna Sveinssyni, nnr. 1234-5909, Deildarási 24, Reykjavík, f.h. sameignarfélags þeirra, Gerpis sf., nnr. 2596-2739, Hafnarstræti 20, Reykjavík, á hendur Kristínu Traustadóttur, nnr. 5789-4598, og Halldóri Jónssyni, nnr. 3689-1501, báðum til heimilis að Dúfnahólum 2, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 436.296, auk 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 23.12. 1986 til 23.3. 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim tíma til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Einnig krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt kaupsamningi, dags. 21.

september 1985, milli stefnanda sem seljanda og stefndu auk Maríu Friðriksdóttur, nnr. 6424-0927, og Ásbjörns Ólafssonar, nnr. 0629-4448, sem kaupenda, um 1. hæð húseignarinnar nr. 27 við Snorrabraut í Reykjavík. Það hafi orðið að samkomulagi milli aðila kaupsamningsins, að María og Ásbjörn gengju út úr kaupunum og að stefndu tækju að sér allar skuldbindingar samkvæmt honum. Hið selda hafi verið í byggingu þegar kaupin hafi farið fram, og hafi því verið skilað í umsömdu ástandi á umsömdum tíma. Samkvæmt kauptilboði, sem hafi verið undirritað af kaupendum, hafi kaupverðið verið kr. 2.939.179, og á grundvelli þess kauptilboðs hafi síðan verið gerður kaupsamningur. Í kauptilboðinu hafi komið fram, að greiðsla pr. 23.12. 1986, kr. 339.179, væri vegna affalla af skuldabréfum, sem kaupendur hafi gefið út. Í kaupsamningnum, sem gerður hafi verið 21. september 1985, sé talað um kaupverð sem kr. 2.600.000, sem skyldi greiðast með skuldabréfum, kr. 1.600.000, og peningum kr. 1.339.179, þannig:

1)	23.10.	1985	kr. 100.000
2)	23.11.	1985	— 200.000
3)	23.1.	1986	— 100.000
4)	23.3.	1986	— 100.000
5)	23.4.	1986	— 100.000
6)	23.5.	1986	— 100.000
7)	23.7.	1986	— 150.000
8)	23.9.	1986	— 150.000
9)	23.12.	1986	— 339.179

Í kaupsamningnum sé ákvæði um, að ofangreindar greiðslur séu miðaðar við byggingarvísitölu hinn 1.9. 1985 og að uppgjör vísitölu fari fram við hverja greiðslu. Þá sé einnig svohljóðandi ákvæði í kaupsamningnum: „Seljandi fær afhent skuldabréf, að upphæð kr. 1.600.000 að nafnverði. Afföllin eru kr. 339.179, og tekur kaupandi afföllin að sér."

Kaupendur hafi greitt allar greiðslurnar með vísitöluálagi nema greiðsluna pr. 23.12. 1986, sem stefndu hafi neitað að greiða, og hafi málssókn þessi því verið óhjákvæmileg. Kröfuna kveður stefnandi byggða á kaupsamningi aðila, þar sem stefndu hafi lofað að greiða stefnufjárhæðina. Kveður hann stefnufjárhæðina þannig fundna, að viðmiðunarvísitala hafi verið hinn 1. september 1985 224.67 stig, en hinn 23. desember 1986 hafi hún verið 289 stig, og sé vísitöluálagið því kr. 97.117, og skuld stefndu því kr. 436.296. Kveðst stefnandi reiðubúinn til að gefa út afsal til stefndu gegn greiðslu stefnufjárhæðarinnar með kostnaði.

Stefnandi kveðst byggja kröfugerð sína á almennum reglum samninga- og kröfuréttar um gildi loforða. Varðandi málskostnaðarkröfu er vísað til XII. kafla laga 85/1936.

Stefndu byggja kröfur sínar á því, að bæði í kauptilboði og kaupsamningi sé skráð, að kaupverð sé kr. 2.600.000. Óumdeilt sé, að stefndu hafi gert stefnanda full skil á útborgunargreiðslum skv. kaupsamningi undir töluliðunum 1 - 8 að báðum meðtöldum, samtals kr. 1.000.000, með fullu vísitöluálagi. Ennfremur hafi þau ásamt Maríu Friðriksdóttur og Ásbirni Ólafssyni gefið út og afhent stefnanda 12 skuldabréf hinn 24.9. 1985, 8 að fjárhæð kr. 150.000 og 4 að fjárhæð kr. 100.000, samtals kr. 1.600.000. Öll hafi skuldabréfin verið bundin lánskjaravísitölu miðað við grunnvísitölu 1239, sem gilt hafi fyrir september 1985. Að auki beri að greiða hæstu leyfilegu ársvexti af skuldabréfum, eins og Seðlabanki Íslands ákveði þá á hverjum tíma. Stefnda Kristín Traustadóttir hafi greitt stefnanda þinglýsingar- og stimpilgjald af skuldabréfunum, samtals kr. 17.625, hinn 8.10. 1985.

Samkvæmt þessu byggja stefndu sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að þau hafi þegar gert stefnanda full skil á kaupverði fasteignarinnar nr. 27 við Snorrabraut í Reykjavík. Kaupverðið hafi verið kr. 2.600.000, en ekki kr. 2.939.179, eins og haldið sé fram í stefnu, og hafi það verð verið eðlilegt miðað við, að seljandi lánaði hluta kaupverðs. Hér hafi ekki verið um staðgreiðsluverð að ræða.

Í kaupsamningi sé fjallað um greiðslu pr. 23.12. 1986, að fjárhæð kr. 339.179. Samsvarandi ákvæði sé í kauptilboði. Ákvæði þetta sé sett inn í kauptilboð og kaupsamning að kröfu stefnanda, en stefndu hafi upphaflega gert tilboð án slíks. Stefndu telja sig óskuldbundin að greiða umrædda greiðslu, sem nú sé stefnt út af. Ljóst sé af kaupsamningi, að umrædd fjárhæð sé ekki hluti af heildarkaupverði fasteignarinnar. Ákvæði kaupsamnings um þessa greiðslu sé óljóst með öllu, og þar sem stefnandi líti svo á, að umrædd fjárhæð eigi að greiðast án tillits til raunverulegra affalla skuldabréfanna, krefjist stefndu sýknu, enda ljóst skv. framansögðu og með hliðsjón af kaupsamningi, að umstefnd fjárhæð sé ekki hluti kaupverðsins.

Ennfremur segjast stefndu byggja á því, að á þeim tíma, sem aðilar hafi gert með sér kaupsamning, hafi gilt lög nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sbr. og síðari auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti. Lögin og síðari auglýsingar Seðlabanka Íslands banni affallatöku sem þessa. Telja stefndu lögin og auglýsingar Seðlabanka Íslands hafa gilt í viðskiptum aðila, þó svo að dómstólar hafi komist að þeirri niðurstöðu, að um gildar refsiheimildir væri ekki að ræða. Stefndu haldi því ennfremur fram, að víkja megi umræddu samningsákvæði til hliðar að öllu leyti með vísan til 6. gr. laga nr. 11/1986 um breyting á lögum nr. 7/1936 um samningsgerð og fleira.

Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu, að kaupsamningur

aðila brjóti ekki í bága við framangreind lög, og ennfremur, að túlka beri kaupsamninginn þannig, að stefndu geti út af fyrir sig verið bundin við umrætt samningsákvæði, þá krefjast stefndu sýknu allt að einu, þar sem líta verði svo á, að umdeild fjárhæð, sem krafist sé dóms fyrir, hafi átt að koma á móti raunverulegum afföllum af skuldabréfunum, en málsókn stefnanda sé ekki á því byggð.

Lagt hefur verið fram kauptilboð stefndu, ódags., og kaupsamningur aðila, dags. 21.9. 1985. Þykir verða að túlka þessi skjöl þannig, að kaupverð sé kr. 2.600.000 og að kaupendur skuli greiða afföll, kr. 339.179, vegna sölu skuldabréfa að nafnverði samtals kr. 1.600.000, og sé heildargreiðsluskuldbinding kaupenda því kr. 2.939.179. Skuldabréfin voru út gefin 24. september 1985. Lagðar hafa verið fram í ljósriti kvittanir fyrir útborgun seldra verðbréfa í umboðssölu, og geta þær átt við þau skuldabréf, sem stefndu samþykktu. Þessar kvittanir eru dagsettar 2. og 9. október 1985, og eru afföll ásamt umboðslaunum vegna sölu bréfanna samkvæmt þeim samtals kr. 401.090. Seljendur fengu í sinn hlut samkvæmt þessum gögnum samtals kr. 1.222.880 fyrir skuldabréfin, og eru þá meðtaldar verðbætur að fjárhæð kr. 23.970.

Leggja verður til grundvallar þá fullyrðingu stefnanda, að um staðgreiðsluviðskipti hafi verið að ræða, enda hefur sá skilningur stuðning í gögnum málsins. Óumdeilt er, að stefndu skuldbundu sig til þess við gerð kauptilboðs og síðar kaupsamnings og enn við yfirtöku réttinda og skyldna af meðkaupendum sínum að greiða kr. 339.179 vegna affalla af skuldabréfum þeim, sem gefin voru út vegna kaupanna. Sannað þykir, að bréfin hafi verið seld strax og að raunveruleg afföll hafi í raun verið nokkru hærri en umsamin greiðsla stefndu vegna affalla. Þegar virt er það endurgjald, sem stefnandi fékk fyrir skuldabréfin, verður ekki fallist á það með stefndu, að sú greiðsla, sem um er deilt í máli þessu, sé vextir eða annað endurgjald fyrir lánveitingu í skilningi 6. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 58/1960. Ekki verður heldur fallist á það, að 6. gr. laga nr. 11/1986 eigi við samning aðila. Útreikningur stefnufjárhæðar sem slíkur hefur ekki sætt andmælum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að taka kröfur stefnanda til greina, þó skulu dráttarvextir reiknast sem ársvextir frá 6. maí 1987 samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Málskostnaður ákveðst eftir þessum málalokum kr. 99.000, og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir, borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Kristín Traustadóttir og Halldór Jónsson, greiði stefnanda, Gerpi sf., kr. 436.296 auk 2,25% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan

mánuð frá 23.12. 1986 til 23.3. 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim tíma til 6. maí 1987, en með 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 99.000 í málskostnað.

Föstudaginn 16. febrúar 1990.

Nr. 10/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Gunnari Jónssyni og
Hrefnu Maríu Sigurðardóttur
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Fjársvik. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi að ósk beggja ákærðu með stefnu 21. desember 1988, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi gerir þá kröfu, að ákærðu verði dæmd í vægustu refsingu, sem lög leyfa, og að refsing verði skilorðsbundin.

Rannsókn málsins leiddi ekki í ljós, að ákærðu hafi verið óheimilt að haga reikningsgerð fyrir þvott á sloppum og teppum svo sem þau gerðu. Aftur á móti var þeim tvígreitt fyrir þann þvott, svo sem rakið er í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, beindist rannsókn málsins ekki að því að leiða í ljós, hver sú fjárhæð var, er ákærðu fengu þannig ranglega greidda. Í héraðsdómi eru ákærðu réttilega sýknuð af þeim liðum ákærunnar, sem nema 58.558 krónum fyrir þvott á sloppum og 101.084 krónum fyrir þvott á teppum. Fyrir mistök hefur héraðsdómari tekið þessa liði með í heildarfjárhæð fjársvikanna, sem í héraðsdómi er tilgreind 3.142.637 krónur, en á að vera 2.982.995 kr. Þar af er söluskattur 486.593 krónur.

Það athugast, að í sundurliðun greiðslu, sem gerð er grein fyrir í héraðsdómi, hefur fallið niður kostnaður og innheimtulaun, sem ákærðu greiddu, að fjárhæð samtals 255.665 krónur.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir. Málsvarnarlaun eru ákveðin án virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Gunnar Jónsson og Hrefna María Sigurðardóttir, greiði óskipt áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 29. september 1988.

I.

Ár 1988, fimmtudaginn 29. september, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í dómsalnum Vatnsnesvegi 33, Keflavík, kveðinn upp dómur í máli nr. 1890/1987: Ákæruvaldið gegn Gunnari Jónssyni og Hrefnu Maríu Sigurðardóttur, sem tekið var til dóms þann 8. sama mánaðar.

Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 22.júní 1987, var opinbert mál höfðað á hendur Gunnari Jónssyni og Hrefnu Maríu Sigurðardóttur, báðum til heimilis að Vallartúni 5, Keflavík, „fyrir fjársvik, með því að hafa í sameiningu sem eigendur og rekstraraðilar Þvottahúss Keflavíkur, Keflavík, sem annaðist þvott fyrir Sjúkrahús Keflavíkur, framvísað mánaðarlega á tímabilinu frá því í janúar 1983 til september 1986 við sjúkrahúsið reikningum, sem voru efnislega rangir, bæði um tilgreint magn og fjárhæðir, og með þeim hætti svikið út greiðslur, samtals kr. 3.143.257 umfram það sem vera átti.

Fjársvik ákærðu sundurliðast þannig:

Þvottur, tilgreint magn á reikningum umfram hið rétta 70.604 kg fyrir samtals kr. 2.494.923 þar af nam söluskattur samtals kr. 486.593. Þvottur á sloppum, samtals kr. 58.558 og fyrir þvott á teppum (hvort tveggja tvígreitt) samtals kr. 101.084. Fyrir þvott á „moppum“ (gólfþveglum) á tímabilinu apríl 1984 til ágúst 1986, oftöldum um 29.000 stk., samtals kr. 488.692.

Þannig samtals kr. 3.143.257.

Þann 18. nóvember 1986 var af hálfu ákærðu gert greiðslusamkomulag um endurgreiðslu til sjúkrahússins á ofangreindum fjármunum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Brot ákærðu teljast varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940“.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hefur ákærða, Hrefna María, ekki fyrr sætt kærum eða refsingum, en með dómi, uppkveðnum 11. júlí 1967 var ákærða, Gunnari, gert að greiða 25.000 kr. sekt fyrir ólöglegar togveiðar innan fiskveiðimarkanna. Áður hafði hann hlotið sektardóm fyrir ólöglegar togveiðar, en síðan verið veitt uppgjöf sakar.

II.

Málavöxtum verður nú lýst samkvæmt skýrslum ákærðu og vætti vitna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og hér fyrir dómi svo og öðrum gögnum málsins.

Ákærðu hafa játað ætluð brot sín greiðlega og án undanbragða. Fullt samræmi er innbyrðis milli framburðar þeirra og á hinn bóginn við vætti vitna og það, sem að öðru leyti kemur fram af gögnum málsins. Þeirra á milli var fyllsta samráð við framningu brota og vitneskja um hvors annars gerðir.

A.

Ákærðu, sem eru hjón, voru eigendur og rekstraraðilar Þvottahúss Keflavíkur, Keflavík. Frá upphafi, þ.e.a.s. árinu 1969, sóttust þau eftir að komast í viðskipti við Sjúkrahús Keflavíkur. Tókust samningar á árinu 1979, og stóðu viðskiptin óslitið þar til 1. nóvember 1986. Samið var um, að Þvottahús Keflavíkur annaðist meginhluta þvotta fyrir Sjúkrahús Keflavíkur fyrir verð aðallega miðað við þyngd, en að nokkru við stykkjafjölda, sem væri hið sama og Borgarspítalinn í Reykjavík greiddi Þvottahúsi ríkisspítalanna fyrir sambærilega þjónustu. Á þeim tíma, sem viðskiptin héldust, breyttist verð á þessari þjónustu oft, en ákærðu fylgdust með því að hækka verðið í samræmi við það, sem Borgarspítalinn þurfti að greiða hverju sinni, en framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Keflavíkur sá um að staðreyna, að rétt væri farið með tölur, og varð ekki ágreiningur um þær.

Föstudaginn 31. október 1986 ákvað framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Keflavíkur, að reikningur Þvottahúss Keflavíkur fyrir september s.á., sem fyrir lá ógreiddur, skyldi sæta nánari athugun. Við samanburð á reikningum þvottahússins það, sem af var árinu 1986, við vigtunarbók þvottahúss sjúkrahússins kom fram mikill mismunur á tilgreindri þyngd þvotts, þannig, að ákærðu virtust hafa breytt tölum til hækkunar í flestum tilvikum. Slíkur samanburður hafði ekki verið gerður áður á því tímabili, sem um ræðir í málinu. Stykkjaþvottur var fólginn í annars vegar „moppum" (sérstökum gólfþvottastykkkjum og gólfþveglum) og hins vegar sloppum og teppum. Fjöldi „moppna" var tilgreindur miklum mun meiri á reikningum en nam daglegri notkun að sögn ræstingastjóra, en það varð til þess, að grunur vaknaði um misferli af hálfu hinna ákærðu.

Á fundi fyrrgreindan dag með framkvæmdastjóra Sjúkrahúss Keflavíkur, fulltrúa hans og kjörnum endurskoðanda sjúkrahússins viðurkenndu ákærðu að hafa breytt kg-tölum á fylgiskjölum (nótum) með reikningum, eftir að starfsfólk sjúkrahússins hafði kvittað fyrir móttöku á þvottinum. Lofuðu þau þegar að bæta að fullu tjón, sem af brotum þeirra hefði leitt. Samdægurs gekk framkvæmdastjóri Sjúkrahúss Keflavíkur frá samningi við Þvottahúsið Fönn, og skyldu greiddar kr. 55 pr. kg., en Þvottahúsi Keflavíkur voru við lok viðskiptanna greiddar kr. 33 pr. kg. Þennan mun hefur hann skýrt a.m.k. að hluta með óvenjulegum aðstæðum. Ákærðu seldu Þvottahús Keflavíkur skömmu eftir uppkomu máls þessa.

Framangreindur reikningur Þvottahúss Keflavíkur fyrir september 1986 hljóðaði um 6294 kg x kr. 33,28 sloppar x kr. 66,27 teppi x kr. 110, 3021 „moppa" x kr. 19, söluskattur kr. 51.925 og flutningur kr. 3.300, samtals kr. 325.144. Reikningurinn hljóðaði eftir leiðréttingu, sem samþykkt var af hinum ákærðu, um 3503 kg x kr. 33, 1350 „moppur" x kr. 19 og söluskatt kr. 28.900, samtals kr. 170.149.

Kjörnir endurskoðendur Sjúkrahúss Keflavíkur gerðu tölulegan samanburð á vigtuðu magni af þvotti samkvæmt reikningum frá Þovttahúsi Keflavíkur og skráðu mótteknu magni hjá Sjúkrahúsi Keflavíkur á tímabilinu janúar 1983 til og með ágúst 1986 og einnig á greiddum þvotti á „moppum" og áætlaðri notkun þeirra á tímabilinu janúar 1984 til og með ágúst 1986. Á athugunartímabilinu voru dregnir út og lagðir saman allir reikningsliðir, sem hljóðuðu um þvott á sloppum og teppum, en í ljós kom, að þeim hafði verið skilað með kílóþvotti og því einnig greitt á grundvelli þess. Af hálfu hinna ákærðu voru niðurstöður að öllu leyti samþykktar, m.a að því er viðkemur áætlun um notkun á „moppum" (45 stk. á dag). Þann 18. nóvember 1986 endurgreiddi ákærði f.h. Þvottahúss Keflavíkur kr. 5.217.143, sem sundurliðaðist þannig:

1)	Mism. á reikningum og vigtarbók 1983-1986	kr.	2.469.054
2)	Mism. á reikningum vegna „moppna" og áætlaðri notkun þeirra 1984 - 1986	—	488.692
3)	Ofreiknaðir sloppar 1983 - 1986	—	58.558
4)	Ofreiknuð teppi	—	101.084
5)	Drv. skv. útskrift	—	1.844.090

Greiðslufyrirkomulag:

1)	Reikningur fyrir þvott í september 1986	kr.	170.149
2)	Reikningur fyrir þvott í október 1986	—	176.575
3)	Samþ. víxill pr. 14.12. 1986 með veði í vélum og tækum Þ.K.	—	1.500.000
4)	Skuldabréf með veði í Vallartúni 5	—	2.400.000
5)	Skuldabréf með veði í mb. Jenný, KE 32	—	970.419

B.

Ákærði, Gunnar Jónsson, en í undantekningartilvikum annar starfsmaður Þvottahúss Keflavíkur, annaðist um að sækja óhreint lín til Sjúkrahúss Keflavíkur, og hafði þá engin talning eða vigtun farið fram. Hann annaðist einnig að öllum jafnaði skil þess, sem þvegið hafði verið, þ. á m. „moppna", hvern virkan dag. Teppum og sloppum var skilað nokkrum sinnum í mánuði án aðgreiningar frá öðrum þvotti. Við skil þvottsins var hann (að „moppum" undanskildum) vigtaður af starfsstúlku þvottahúss sjúkrahússins í viðurvist ákærða eða þess, sem annaðist afhendinguna hverju sinni. Þunginn á þvottinum var skráður í „þvottabók" ásamt viðkomandi dagsetningu. Jafnframt skráði ákærði eða sá, sem sendur var með þvottinn, þungann á nótu í nótubók, sem hann hafði meðferðis. Síðan voru þessar tölur bornar saman, og kvittaði viðkomandi starfsstúlka á nótuna, eftir að hafa gengið úr skugga um, að sama tala hefði verið skrifuð í þvottabókina og á nótuna. Ein nóta var notuð fyrir hvern dag. Afrit af nótum voru ekki skilin eftir hjá þeim, sem veittu þvottinum viðtöku. Þvottabókin var geymd í þvottahúsi Sjúkrahúss Keflavíkur við hliðina á vigtinni, og var hún ekki notuð til athugunar eða samanburðar af starfsfólki Sjúkrahúss Keflavíkur, sem annaðist greiðslu á reikningum Þvottahúss Keflavíkur, eða öðrum. Starfsstúlkur þvottahúss sjúkrahússins héldu „moppur" vera eina þvottinn, sem greitt væri fyrir í stykkjatali. Álitu þær þennan þvott vera sér óviðkomandi, enda í umsjón ræstingastjórans og skilað í vörslu hans, en ekki með öðrum þvotti. Þær kvittuðu samt fyrir móttöku á „moppum" án þess að athuga, hvort ákveðinn fjöldi og þá hver væri tilgreindur á nótum. Ræstingastjórinn kvaðst ekki hafa vitað til þess, að starfsfólk þvottahúss sjúkrahússins hefði fengið fyrirmæli um að telja „moppurnar", en staðfesti, að úttekt hefði leitt í ljós, að notkun á „moppum" hefði verið 45 á dag. Þvottahús Keflavíkur hóf þvott á „moppum" í apríl 1984.

Ákærðu breyttu flestum nótunum, eftir að starfsstúlkur þvottahúss sjúkrahússins höfðu kvittað á þær: Kílóafjölda var breytt þannig, að oftast skeikaði um helmingi; dæmi: 114 varð 214, 80 varð 180. Skrifaður var meiri fjöldi af „moppum" inn á nóturnar en raunverulega höfðu verið þvegnar. Rangfærslum fjölgaði eftir því, sem á leið. Sloppar og teppi voru færð inn á nóturnar samkvæmt talningu hinna ákærðu hverju sinni.

Heildarreikningur til Sjúkrahúss Keflavíkur var útbúinn mánaðarlega í samræmi við hinar breyttu nótur, sem fylgdu framvísuðum reikningum. Ákærðu voru yfirleitt bæði viðstödd, þegar þetta fór fram, en það var oftast heima hjá þeim. Ákærði annaðist um að skrifa reikningana, en ákærða fór að jafnaði með þá á skrifstofu Sjúkrahúss Keflavíkur og sá um að innheimta þá. Yfirferð skrifstofufólksins fólst í því, að nóturnar voru reiknaðar út, allar niðurstöðutölur þeirra lagðar saman og á þann hátt

athugað, hvort heildarreikningur væri „réttur". Að yfirferð lokinni var farið að greiða inn á reikning, en einkum á síðari hluta tímabils þess, sem um ræðir í málinu, voru reikningar yfirleitt ekki greiddir í einu lagi. Algengur dráttur á fullnaðargreiðslu var u.þ.b. mánuður.

Um ástæðu þess, að ákærðu leiddust út á þá braut misferlis, sem um ræðir í málinu, hafa þau skýrt svo frá, að þess hefðu þau þurft, svo að viðskiptin svöruðu kostnaði. Ákærði kvað forstöðumann Sjúkrahúss Keflavíkur hafa í upphafi talað um miklu hærri magntölur af þvotti en síðar reyndist. Áður hafi þvottahús í Reykjavík annast þvottinn. Þeim (hinum ákærðu) hafi dottið í hug, að reikningar frá því þvottahúsi hefðu ekki verið réttir, og í framhaldi af því farið að breyta nótunum. Ákærða kvað greiðslur Þvottahúss Keflavíkur fyrir þvottinn engan veginn hafa fylgt verðlagi.

C.

Tilgreindar verða upplýsingaskýrslur, unnar af rannsóknarlögreglu ríkisins, um ofteknar greiðslur á árunum 1983 - 1986 fyrir kílóþvott í viðskiptum Þvottahúss Keflavíkur við Sjúkrahús Keflavíkur:

— — —

Fjárhæðir varðandi sloppa og teppi, eins og þær eru fram settar í uppgjöri hinna ákærðu við Sjúkrahús Keflavíkur og í ákæru, eru í samræmi við gögn málsins.

III.

Fjárhæð reiknings, sem ákærðu framvísuðu vegna septembermánaðar 1986, var ekki greidd þeim, eins og að framan greinir, og er hún ekki innifalin í heildarfjárhæð, sem ákæra tilgreinir. Vísun í ákæru til september 1986 er því ekki rétt.

Í upplýsingaskýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi 1984 (dskj. nr. IX, skjal nr. 58, bls. 1) er samlagningarskekkja: „Greiðslur fyrir kílóþvott kr. 527.934 + ofreiknaður söluskattur kr. 123.251, samtals kr. 651.805," í stað samtals kr. 651.185. Villan er tekin upp í ákæru.

Upplýst var við rannsókn málsins, að ákærðu var heimilt að haga reikningsgerð varðandi sloppa og teppi eins og þau gerðu, og var þeim greitt samkvæmt uppgefnum tölum þeirra, sem hafa ekki verið vefengdar. Ákærðu fengu hins vegar tvígreitt fyrir sloppa og teppi að því leyti, að þeim þvotti var skilað til Sjúkrahúss Keflavíkur með „kílóþvotti". Rannsókn málsins beindist ekki að því að upplýsa, hverjar fjárhæðir þau fengu þannig ranglega greiddar, enda tekur ákæra ekki til þess. Ber því að sýkna ákærðu af þeim lið ákæru, sem að þessu lýtur.

Samkvæmt framangreindu er sannað, að ákærðu hafa gerst sek um fjár-

svik með því að hafa í sameiningu sem eigendur og rekstraraðilar Þvottahúss Keflavíkur, Keflavík, sem annaðist þvott fyrir Sjúkrahús Keflavíkur, framvísað mánaðarlega á tímabilinu frá því í janúar 1983 til ágúst 1986 við sjúkrahúsið reikningum, sem voru efnislega rangir bæði um tilgreint magn og fjárhæðir, og með þeim hætti svikið út greiðslur, samtals kr. 3.142.637, umfram það, sem vera átti. Fjársvik ákærðu sundurliðast þannig: Þvottur, tilgreint magn á reikningum umfram hið rétta, 70.604 kg, fyrir samtals kr. 2.494.303, þar af nam söluskattur samtals kr. 486.593. Fyrir þvott á „moppum" (gólfþvottastykkjum og þveglum) á tímabilinu apríl 1984 til ágúst 1986, oftöldum um 29.000 stk., samtals kr. 488.692. Þannig samtals kr. 3.142.637.

Ákærðu hafa með þessu unnið til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða, Gunnars Jónssonar, þykir vera hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu 3 mánaða af refsingunni skal þó fresta, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22,1955.

Refsing ákærðu, Hrefnu Maríu Sigurðardóttur, þykir vera hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu 3 mánaða af refsingunni skal þó fresta, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22,1955.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 60.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, sæti fangelsi sex mánuði. Fullnustu þriggja mánaða af refsingunni skal þó fresta og sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærða, Hrefna María Sigurðardóttir, sæti fangelsi sex mánuði. Fullnustu þriggja mánaða af refsingunni skal þó fresta og sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22,1955.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1990.

Nr. 106/1989. **Ákæruvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Arnari Hauki Ævarssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Líkamsmeiðingar af gáleysi. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur dómari.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákæruvalds 7. mars 1989 í því skyni, að refsing yrði þyngd og ökuleyfissvipting lengd.

Í héraðsdómi segir, að 24. apríl 1984 hafi ákærði gert sátt vegna brota á 259. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum. Fram er komið, að ákærði er ekki sá maður, sem gerði þessa sátt.

Í ákæru er sú bersýnilega ritvilla, að ákærði er talinn hafa brotið ákvæði í staflið j í 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Rétt var að vísa í i-lið.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða. Ökuleyfissviptingu ber að ákveða eftir 1. mgr. sbr. 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði ók mjög ölvaður eftir Reykjanesbraut og olli með akstri sínum stórfelldu tjóni á líkama og heilbrigði þriggja kvenna, og verulegu eignatjóni. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en um áfrýjunarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Arnar Haukur Ævarsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 28. desember 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 28. desember, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 4043/1986: Ákæruvaldið gegn Arnari Hauki Ævarssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað fyrir dóminum af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, útgefinni 29. apríl 1987, á hendur Arnari Hauki Ævarssyni sjómanni, nú til heimilis að Vitastíg 6, Hafnarfirði, fæddum 14. september 1964 á Akureyri, fyrir að aka föstudaginn 5. desember 1986 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í-1637 frá Hafnarfirði áleiðis til Keflavíkur, aka bifreiðinni á þeirri leið suður Reykjanesbraut skammt norðan við Álverið í Straumsvík of hratt miðað við aðstæður, en mjög hált var á veginum, og svo óvarlega, að bifreiðin snerist á veginum og rann í veg fyrir bifreiðina Ö-7015, sem þar var ekið í norðurátt. Við áreksturinn hlutu eftirgreindir meiri háttar áverka:

1. Ingibjörg Gestsdóttir, fædd 5. júlí 1940, farþegi í bifreiðinni Ö-7015, hlaut mikinn brjóstholsáverka, höfuðkúpubrot og tapaði að mestu leyti sjón á vinstra auga, en auk þess hlaut hún minni háttar áverka.

2. Páll Kristófersson, fæddur 23. desember 1935, ökumaður bifreiðarinnar Ö-7015, hlaut brot á IV. og V. rifi hægra megin, tvo skurði undir hægri hnéskel, annan 10 cm langan, en hinn 5 cm langan, auk minni háttar áverka.

3. Barbara Kjartansdóttir, fædd 29. júlí 1970, farþegi í bifreið ákærða, hlaut samkvæmt áverkavottorði, dagsettu 18. mars 1987, ,,1) útbreitt heilamar með blæðingum inn í heilahólf, og við brottför er sjúkl. skert andlega með vi. hemiparesu og flogaveik, 2) skurðir og ytri áverkar á höfði, hálsi, rifjabarði og læri hæ. megin. Sjúkl. hefur því hlotið mjög alvarlegan heilaáverka, en á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um batahorfur sjúklings".

4. Karen Eva Vestfjörð, fædd 25. júlí 1968, farþegi í bifreið ákærða, hlaut samkvæmt áverkavottorði, dagsettu 18. mars 1987, ,,1) mjög alvarlegt heilamar, sem hefur skert sjúkl. andlega, hún er með spastíska lömun í öllum útlimum, 2) opið framhandleggsbrot á vi. úlnlið, 3) útbreitt mar og skurðir um líkamann... Það er ekki hægt að dæma um framtíðarhorfur sjúkl., eins og er".

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1., 2. og 3. mgr., staflið j, 49. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, og hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1979 28/11 í Hafnarfirði: Sátt: 65.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr., 28. gr. og 60. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur rétti til að öðlast ökul. í 12 mán. frá 28.11. 1979.

1981 15/6 í Hafnarfirði: Sátt: 70 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

1982 28/9 í A.-Skaftafellss.: Dómur: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 18 mán. frá 26.4. 1982.

1984 24/4 í Kópavogi: Sátt: 3.200 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl. og 1. mgr. 27. gr. umfl.

1984 5/11 í Hafnarfirði: Sátt: 7.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 12.7. 1984.

1985 13/2 í Hafnarfirði: Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.

1985 14/11 í Hafnarfirði: Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 257. gr. hgl.

Málavextir.

Föstudaginn 5. desember 1986 kl. 14.18 barst lögreglunni í Hafnarfirði tilkynning um harðan árekstur bifreiðanna Í-1637 og Ö-7015 á Reykjanesbraut gegnt Pólarlaxi norðan Álversins í Straumsvík. Ö-bifreiðinni var ekið norður Reykjanesbraut, en Í-bifreiðinni suður.

Við áreksturinn kastaðist Ö-bifreiðin 5 metra út fyrir veg, en Í-bifreiðin skorðaðist þversum á hægri vegarhelmingi. Höggið mun aðallega hafa komið á hægra framhorn og hægri hlið Í-bifreiðarinnar, en vinstra framhorn Ö-bifreiðarinnar. Er lögreglumenn komu á vettvang, voru ökumenn bifreiðanna á vappi við þær. Ökumaður Ö-bifreiðarinnar var með áverka á höfði og hruflaður á fótum, en ökumaður Í-bifreiðarinnar mikið blóðugur í andliti og talsvert skorinn á höndum og fótum. Farþegi í Ö-bifreiðinni, Ingibjörg Gestsdóttir, var meðvitundarlaus í bifreiðinni og auðsjáanlega mikið slösuð. Hún er eiginkona ökumanns. Hún var flutt á slysadeild Borgarspítalans í sjúkrabifreiðinni R-30013. Farþegar í Í-bifreiðinni voru tvær ungar stúlkur, Karen Eva Vestfjörð, f. 25.7. 1968, og Barbara Kjartansdóttir, f. 29.7. 1970. Þær munu hafa kastast út úr bifreiðinni við árekstur inn. Þær voru meðvitundarlausar og voru þær fluttar á slysadeild í sjúkrabifreiðinni G-6108, sem kom á vettvang um leið og lögreglan.

Ökumaður Ö-bifreiðarinnar skýrði svo frá á vettvangi, að hann hefði ekið norður Reykjanesbraut á 70-80 km hraða m.v. klst. Er hann hefði verið rétt norðan Álversins, hefði hann tekið eftir gulri jeppabifreið, sem ekið var suður Reykjanesbraut. Þá hefði hann tekið eftir rauðri bifreið, Í-1637, sem einnig var ekið suður brautina og fram úr jeppabifreiðinni. Sá framúrakstur hefði ekki truflað sig á neinn hátt, en þegar ökumaður Í-1637 hefði verið að aka aftur inn á sinn vegarhelming, hefði bifreiðin byrjað að snúast á veginum og runnið í veg fyrir bifreið sína. Hann kvaðst þá hafa ætlað að aka út af brautinni hægra megin, en það ekki tekist og engum togum skipt, að bifreiðarnar skullu saman.

Í umrætt sinn var Reykjanesbraut mjög hál af ísingu og vont að sjá það, en utan hjólfara smá-snjóruðningar.

Í bifreiðinni Í-1637 fannst axlafull Smirnoff-vodkaflaska, og við bifreiðina voru tvær Coca-Cola-flöskur með vínblöndu í.

Á slysadeild var tekið blóðsýni úr ökumönnum bifreiðanna í þágu rannsóknar málsins. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist áfengismagn í blóði ökumanns Í-1637, ákærða, 2,23‰, en ekkert áfengi mældist í blóðsýni ökumanns Ö-7015, Páls Kristóferssonar, Urðarbraut 13, Garði.

Ekki var tekin vettvangsskýrsla af ákærða.

Bifreiðaeftirlitsmenn skoðuðu bifreiðarnar á vettvangi. Fram kemur í skýrslum þeirra, að bifreiðarnar voru mjög mikið skemmdar. Um bifreiðina Ö-7015 segir m.a., að stýri hafi verið í lagi, grófir, negldir hjólbarðar að aftan, en hálfslitnir naglahjólbarðar að aftan (sic). Um bifreiðina Í-1637 segir m.a., að stýri hafi verið í lagi og allir hjólbarðar grófmynstraðir, en ónegldir. Rannsóknarlögreglumenn tóku ljósmyndir á vettvangi. Þær upplýsingar fengust frá slysadeild, að stúlkurnar tvær og farþegi Ö-bifreiðarinnar, Ingibjörg Gestsdóttir, væru allar meðvitundarlausar og í lífshættu. Barbara mun hafa setið aftur í Í-bifreiðinni, en Karen Eva frammi í við hlið ákærða. Ekkert þeirra mun hafa verið í öryggisbelti.

Í skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 12.12. 1986 viðurkenndi hann að hafa verið ökumaður Í-1637 umrætt sinn og að hafa verið undir áfengisáhrifum við aksturinn. Hann kvaðst hafa verið við víndrykkju nóttina áður, en vaknað í bifreiðinni kl. 9.00 um morguninn uppi í Hvalfirði. Með honum hafi þá verið þær Karen Eva og Barbara. Karen Eva hafi þá verið ökumaður. Hún hafi svo ekið áleiðis í bæinn um morguninn, en þá hafi bifreiðin orðið bensínlaus, hann útvegað bensín og ekið sjálfur í bæinn og farið heim til Karenar Evu. Hann hafi dvalist þar nokkra stund, en síðan farið í leigubifeið á Knattborðsstofuna Snóker, þar sem hann hafi útvegað sér eina flösku af Smirnoff-vodka, farið með hana heim til Karenar Evu og þau byrjað að drekka úr henni. Svo hafi hann og stelpurnar farið á bílnum, komið við í Kastalanum og keypt bland og síðan

haldið áleiðis til Keflavíkur. Hann kvaðst svo hafa ekið suður Reykjanesbraut. Hann kvaðst ekki gera sér grein fyrir því, á hvaða hraða hann ók, en kvaðst þó ekki hafa ekið mjög hratt, enda haft nægan tíma. Hann kvaðst síðan ekki muna, hvað skeði, hvort hann hefði hemlað eða hvort hann hefði séð bifreið á undan sinni bifreið. Hann kvaðst ekki muna eftir Ö-bifreiðinni. Það næsta, sem hann myndi, væri það, þegar hann var að standa upp á götunni. Þá hefði hann ekkert séð fyrir blóði og glerbrotum í augunum. Hann kvaðst hafa skorist mikið í andliti og á höndum og fótum. Hann kvaðst vera eigandi Í-1637, en hann hefði átt eftir að umskrá hana.

Páll Kristján Kristófersson, f. 23.12. 1935, Urðarbraut 13, Garði, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 15.12. 1986. Skýrsla hans af árekstrinum var í samræmi við skýrslu hans á vettvangi. Hann kvaðst ekki hafa verið í öryggisbelti, en það hefði kona sín hins vegar verið.

Eiginkona Páls, Ingibjörg Gestsdóttir, f. 5.7. 1940, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 23.1. 1987 á Borgarspítalanum. Hún kvaðst ekkert muna frá slysinu. Hún komst til meðvitundar um áramót 1986 og 1987. Hún slasaðist á augum og brjóstkassa, og hafði hún nýlega gengist undir augnaaðgerð, er skýrsla var tekin af henni.

Ekki hafa verið teknar skýrslur af stúlkunum tveimur, þeim Barböru og Karenu Evu, enda þýðingarlaust, þar sem þær gera sér enga grein fyrir því, hvað gerðist, og hafa hlotið verulega andlega skerðingu af völdum slyssins.

Í vottorði Auðuns Svavars Sigurðssonar, aðstoðarlæknis á skurðlækningadeild Borgarspítalans, segir m.a. um Ingibjörgu Gestsdóttur, að komið hafi verið með hana meðvitundarlausa og í losti um kl. 15.00 þann 5/12 1986. Síðan segir m.a.:

„Hafði sjúklingur hlotið mikinn brjóstholsáverka og höfuðáverka. Reyndist sjúklingur hafa höfuðkúpubrot, margbrotin rif vi. megin og flail Chest vi. megin auk mikils blóðs í vi. brjóstholi. Eftir að búið var að leiðrétta lostástand sjúklings var hún meðhöndluð á gjörgæsludeild næstu vikurnar í öndunarvél vegna brjóstholsáverkans. Á þriðju viku kom í ljós, að hún hafði fengið sem afleiðingu af höfuðáverkanum, samgróninga á milli bláæða- og slagæðakerfis í höfði og þann 24.12. 1986 var reynd aðgerð á þessu vandamáli, sem ekki skilaði fullum árangri. Því var endurtekin aðgerð þann 12.1. 1987 og tókst þá að loka samgróningunum á milli æðakerfanna í höfðinu. Sem afleiðingu af þessum samgróningum hafði sjúklingur mikil óþægindi vegna bjúgmyndunar í og við augu, og er hún blind á v. auga að miklu leyti.

Við útskrift er sjúkl. búinn að ná sér að mestu af brjóstholsáverkanum hún er með mikinn bjúg umhverfis vi. auga og getur ekki opnað það auk þess sem hún er blind þar að hluta. Hefur fengið góða sjón á hæ. megin

og getur opnað það auga að mestu. Er mjög óstyrk eftir langa sjúkdómslegu og erfiða og flyst því til endurhæfingar á endurhæfingardeild Borgarspítalans v/Grensásveg."

Ingibjörg var spurð um afleiðingar slyssins fyrir dómi 25.10. sl. Hún kvaðst enn vera aum við vinstra brjóst. Hún kvaðst hafa misst sjón á vinstra auga, en sjón á því hægra sé skert. Hún kvað ristarbrot hafa komið í ljós síðar, og hafi hún orðið að styðjast við hækju, uns aðgerð var gerð á fætinum, og sé hún ennþá draghölt og með verk í fætinum. Hún kvaðst hafa dvalist á endurhæfingardeild Borgarspítalans fram í apríl 1987 og síðan komið þangað reglulega í eftirlit. Hún kvaðst vera með skerta heyrn á báðum eyrum vegna slyssins.

Samkvæmt vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, var ökumaður Ö-bifreiðarinnar, Páll Kristófersson, skorinn á enni, hruflaður á vinstri olnboga og hendi og vinstra hné. Þá var hann marinn um handarbakið, og voru tveir skurðir, 10 cm og 5 cm, undir hægri hnéskel. Þá var hann með rifjabrot á IV. og V. rifi hægra megin. Er Páll var síðast skoðaður á slysadeild 5.1. 1987, var hann hress, en fann þó enn til frá rifjabrotum við hósta og átök. Einnig var hann með vöðvaverki í hálsi og herðum, og hné var stirt. Sár hans litu vel út.

Samkvæmt vottorði Leifs Jónssonar læknis voru meiðsli ákærða þau, að hann var með smáskurði í andliti, sérstaklega kringum augu, 10 cm langan skurð á hægra framhandlegg, sem náði inn í vöðva, og stóra skurði á báðum hnjám. Skurðirnir voru hreinsaðir og saumaðir. Ákærði var talinn vinnufær 6.1. 1987.

Í vottorði Bjarna Hannessonar, læknis á heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítalans, segir m.a. varðandi Barböru Kjartansdóttur:

— — —

„Áverkar sjúkl. voru því: 1) útbreitt heilamar með blæðingum inn í heilahólf og við brottför er sjúkl. skert andlega með vi. hemiparesu og flogaveik, 2) skurðir og ytri áverkar á höfði, hálsi, rifjabarði og læri hæ. megin. Sjúkl. hefur því hlotið mjög alvarlegan heilaáverka en á þessu stigi er ekki hægt að fullyrða um batahorfur sjúklings."

Í vottorði sama læknis varðandi Karenu Evu Vestfjörð segir m.a.:

— — —

„Áverkar sjúkl. voru því: 1) mjög alvarlegt heilamar sem hefur skert sjúkl. andlega, hún er með spastíska lömun í öllum útlimum, 2) opið framhandleggsbrot á vi. úlnlið, 3) útbreitt mar og skurðir um líkamann. Sjúkl. mun flytjast til frekari endurhæfingar á endurhæfingardeild Grensásdeildar, og það er ekki hægt að dæma um framtíðarhorfur sjúkl., eins og er."

Í örorkumati Björns Önundarsonar læknis vegna Karenar Evu Vestfjörð segir m.a.:

„Slasaða er alger hjúkrunarsjúklingur s.s. að framan greinir, inncontinent á þvag og saur, aphasisk og talið að hún skilji lítið af því sem fram fer í kringum hana. Engin von til að þessi kona komist nokkurn tíma til starfa. Ekki verður heldur séð annað en að hún muni þurfa aðstoð á ókominni tíð með athafnir daglegs lífs.

Nokkuð á annað ár er nú liðið frá því að áðurnefnt slys átti sér stað og ekki að vænta neins bata á afleiðingum þess. Rétt þykir því að meta nú þá örorku, sem slasaða telst hafa hlotið vegna nefnds slyss.

Frá slysdegi 5.12. 1986....100%."

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi og viðurkenndi hann að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Hann kvaðst hafa verið talsvert ölvaður við aksturinn. Ákærði skýrði frá aðdraganda aksturs síns og áfengisneyslu sinni fyrir akstur. Hann staðfesti lögregluskýrslur og vefengdi ekki niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýni því, er úr honum var tekið.

Fyrir dóm hafa komið tvö vitni, Karolína Jósefsdóttir, Kvíholti 4, Hafnarfirði, og Matthías Guðmundsson, Miðvangi 121, Hafnarfirði, og hafa þau greint frá vitneskju sinni um áfengisáhrif ákærða skömmu fyrir akstur.

Hjónin Páll Kristján Kristófersson og Ingibjörg Gestsdóttir, Urðarbraut 13, Garði, sem voru í bifreiðinni Ö-7015, hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði.

Faðir ákærða, Ævar Þórhallsson, Sléttahrauni, Hafnarfirði, kom fyrir dóm og skýrði frá þeim stakkaskiptum, sem orðið hafi á lífsmáta ákærða eftir slysið. Hann hafi farið í áfengismeðferð, hætt að neyta áfengis, stofnað heimili, eignast barn og sé vel látinn af vinnuveitanda sínum og sýni fjármálalega ábyrgð.

Niðurstaða dómsins.

Með játningu ákærða, sem studd er sakargögnum og öðru því, sem fram hefur komið undir rekstri málsins, og með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólsákvörðunar á blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, þykir lögfull sönnun vera fyrir því, að ákærði hafi þann 5. desember 1986 ekið bifreiðinni Í-1637 undir áhrifum áfengis frá Hafnarfirði áleiðis til Keflavíkur og að hafa ekið bifreiðinni á þeirri leið suður Reykjanesbraut skammt norðan við Álverið í Straumsvík of hratt miðað við aðstæður, en mjög hált var á veginum, og svo óvarlega, að bifreiðin snerist á veginum og rann í veg fyrir bifreiðina Ö-7015, sem það var ekið í norðurátt, með þeim afleiðingum, svo sem í ákæru er rakið og fram hefur komið hér að framan.

Brot ákærða telst varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1., 2. og 3. mgr. staflið j, 49. gr. sbr.

80. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976, en nú við 1. mgr. sbr. 3. mgr., 45. gr. 1. mgr. og 2. mgr. staflið h. 36., gr. umferðarlaga nr. 50,1987, er dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940 og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Þá ber samkvæmt 102. gr. sbr. 101. gr. síðastnefndra laga, þar sem um ítrekað brot er að ræða og sakir eru miklar, að svipta ákærða ökuleyfi í 4 ár frá 29. janúar 1987 að telja, en þann dag var hann sviptur því til bráðabirgða.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hlöðvers Kjartanssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 30.000 þ.m.t. söluskattur.

Dómsorð:

Ákærði, Arnar Haukur Ævarsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 4 ár frá 29. janúar 1987.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hlöðvers Kjartanssonar hdl., kr. 30.000, þ.m.t. söluskattur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. febrúar 1990.

Nr. 474/1989. **Sigurjón Viðar Alfreðsson**
gegn
Búnaðarbanka Íslands,
Landsbanka Íslands,
Verslunarbanka Íslands h/f,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Tryggingastofnun ríkisins,
bæjarfógetanum í Garðakaupstað,
Áklæði og gluggatjöldum s/f,
Jóni Magnússyni hrl.,
Gjaldheimtunni í Garðakaupstað,
Ástvaldi Jónssyni,
Ólafi Þór Jónssyni,
Guðjóni Gísla Hannessyni,
Vátryggingafélagi Íslands h/f,
Svavari Sigurjónssyni og
Trésmiðjunni Meiði.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1989. Áfrýjað er nauðungaruppboði, sem fram fór í uppboðsrétti Garðakaupstaðar 6. desember 1989.

Við þingfestingu málsins 2. febrúar 1990 var af hálfu áfrýjanda óskað eftir fresti til júní 1990. Af hálfu stefndu Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Guðjóns Gísla Hannessonar var gerð krafa um, að áfrýjanda yrði aðeins veittur mánaðarfrestur.

Uppboði á fasteigninni Faxatúni 13 í Garðakaupstað var áður skotið til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1987, og með dómi Hæstaréttar 22. júlí 1989 var uppboðsmeðferðin ómerkt frá 16. júlí 1987 að telja.

Áfrýjandi hefur þegar aflað dómsgerða úr uppboðsrétti.

Þar sem ágrip með hluta dómskjala í uppboðsmálinu hefur áður

verið útbúið til framlagningar í Hæstarétti, þykir rétt að veita áfrýjanda frest til 2. apríl 1990.

Málskostnaðarkrafa áfrýjanda er ekki tekin til greina.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. apríl 1990.

Málskostnaðarkrafa áfrýjanda er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 16. febrúar 1990.

Nr. 87/1988. **Björn Magnússon og**
Einar Svavarsson
(Ólafur Garðarsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Tryggvi Gunnarsson hdl.).

Afréttarmálefni. Stjórnsýsla. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1988. Þeir gera þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum Einari Svavarssyni 50.518,35 krónur og áfrýjandanum Birni Magnússyni 32.298,65 krónur með dómvöxtum frá 18. nóvember 1985 til 6. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 15. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefjast þeir, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjandanum Einari Svavarssyni 18.578,65 krónur og áfrýjandanum Birni Magnússyni 11.878,35 krónur með vöxtum, svo sem í aðalkröfu greinir. Áfrýjendur krefjast málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum, en til vara, að fjárhæðir krafna áfrýjenda verði lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Ekki er fram komið, að ítala í afrétt upprekstrarfélags Ás- og Sveinsstaðahreppa hafi verið ákveðin endanlega með þeim hætti, sem ráð er fyrir gert í III. kafla laga nr. 42/1969 um afréttarmál, fjallskil o.fl., sbr. lög nr. 43/1976. Um þetta gilda nú lög nr. 6/1986.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, héldu hreppsnefndirnar fund 11. júní 1985, þar sem meðal annars var rædd „nýting sameiginlegra beitilanda". Kom þá fram tillaga um, að „engin hross verði rekin á Grímstungu- og Haukagilsheiði, eða í Víðidalsfjall úr

Ás- og Sveinsstaðahreppum, en leyfð hrossatala Þverhreppinga, 500 ærgildi, verði höfð í Víðidalsfjalli, norðan Haukagilsheiðargirðingar". Tillaga þessi féll á jöfnum atkvæðum fundarmanna svo sem aðrar tillögur um nýtingu beitilanda hreppanna. Hreppsnefnd Áshrepps vísaði ágreiningnum til sýslunefndar. Hreppsnefndirnar komu sjónarmiðum sínum á framfæri með bréfum til sýslunefndarinnar. Hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps kærði síðan úrskurð sýslunefndarinnar til félagsmálaráðuneytisins. Tóku báðar hreppsnefndirnar þannig þátt í málsmeðferðinni.

Sýslunefndinni var rétt að taka ágreining hreppsnefndanna um upprekstur hrossa til meðferðar og úrskurðar samkvæmt 9. gr. laga nr. 42/1969. Þeim úrskurði mátti skjóta til dómstóla til efnisúrlausnar, sbr. niðurlagsákvæði nefndrar greinar. Það var ekki gert. Var áfrýjendum óheimilt að reka hross sín á afréttarlandið, svo sem þeir gerðu. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 18. desember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 27. nóvember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 17. desember 1986, af Birni Magnússyni, nnr. 1344-5214, bónda á Hólabaki, og Einari Svavarssyni, nnr. 1835-0548, bónda á Hjallalandi, báðum í Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Málið var upphaflega höfðað gegn allmörgum aðilum og var vísað frá dómi 14. maí 1987. Frávísunardómurinn var kærður til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 30. júní 1987. Þar var frávísunardómurinn staðfestur, að því er varðaði kröfu sóknaraðila um ógildingu samþykktar sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu 27. júní 1985. Hinn kærði frávísunardómur var hins vegar felldur úr gildi, að því er varðaði kröfu sóknaraðila um skaðabætur úr hendi stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnenda á hendur stefnda, ríkissjóði, eru þessar:

að stefnda, ríkissjóði, verði dæmt að greiða skaðabætur vegna þess tjóns, sem af ólögmætum niðurrekstri hrossa stefnenda hlaust, kr. 50.518,35, til stefnanda Einars Svavarssonar vegna niðurrekstrar 30 hrossa hans og kr.

32.298,65 til stefnanda Björns Magnússonar vegna niðurrekstrar 19 hrossa hans, samtals að upphæð kr. 82.817, með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma frá 18.11. 1985 til 6.5. 1987, en vöxtum skv. lögum nr. 25/1987 frá þeim degi.

Til vara er krafist skaðabóta, kr. 18.578,75, til stefnanda Einars Svavarssonar, og kr. 11.878,35, til stefnanda Björns Magnússonar, samtals að upphæð kr. 30.457, með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma frá 18.11. 1985 til 6.5. 1987, en vöxtum skv. lögum nr. 25/1987 frá þeim degi.

Þá krefjast stefnendur greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnenda og að málskostnaður falli niður í því tilviki.

I.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo:

Áshreppur og Sveinsstaðahreppur mynda skv. 2. gr. fjallskilareglugerðar fyrir A.-Húnavatnssýslu, nr. 177/1971, sameiginlega upprekstrarfélag (fjallskiladeild), sem sjá skal um fjallskilamál innan sinna takmarka. Þar er um að ræða afréttarlönd á Grímstungu- og Haukagilsheiðum, Sauðadal og nærliggjandi afréttarlönd. Þann 22.4. 1985 voru gerðar 3 ítölur fyrir afrétti á framangreindu fjallskilasvæði. Þó svo gildi þessara ítölugerða væri umdeilt, höfðu þær ekki verið dæmdar ógildar, þegar sýslunefnd kvað upp úrskurð sinn 27.6. 1985.

Stjórn upprekstrarfélagsins, en hana mynda hreppsnefndir framangreindra hreppa, hélt fund 11.6. 1985 til að reyna að ná samkomulagi um nýtingu afréttanna sumarið 1985. Á þeim fundi voru lagðar fram tillögur um gróðurverndaraðgerðir, m.a. um bann við upprekstri hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiði. Ekki náðist samkomulag á fundi þessum, og framangreindar tillögur féllu á jöfnum atkvæðum.

Næst gerist það í máli þessu, að hreppsnefnd Áshrepps krefst þess með bréfi, dags. 12.6. 1985, að sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu kveði upp tafarlausan úrskurð um ágreining þann, sem upp var kominn í stjórn upprekstrarfélagsins (fjallskiladeildarinnar). Sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu bregður skjótt við, og á aukafundi sínum þann 27.6. 1985 kveður hún upp úrskurð, sem m.a. mælir fyrir um, að upprekstur hrossa fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiðum verði ekki heimilaður.

Þann 8.7. kærir hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps, A.-Húnavatnssýslu, þennan úrskurð sýslunefndarinnar til félagsmálaráðuneytisins. Í þeirri kæru kemur m.a. fram, að hreppsnefndin telur úrskurðinn vera markleysu, sem beri að fella úr gildi.

Þegar stefnendur höfðu beðið eins lengi og þeir töldu sér unnt eftir, að félagsmálaráðuneytið staðfesti, að úrskurður sýslunefndar væri markleysa, ráku þeir hross sín á Haukagilsheiði. Áður höfðu einnig bændur í Þverárhreppi, V.-Húnavatnssýslu, fengið leyfi með fullu samráði við Jón Ísberg sýslumann til að reka 50 hross á Haukagilsheiði. Upprekstur stefnenda átti sér stað 5. ágúst 1985. Úrskurður félagsmálaráðuneytisins var hins vegar ekki kveðinn upp fyrr en 16. ágúst. Að frumkvæði sýslumanns A.-Húnavatnssýslu, Jóns Ísbergs, og oddvita Áshrepps, Jóns Bjarnasonar, var síðan hinn 7. ágúst farið á Haukagilsheiði og smalað niður sextíu og þremur hrossum. Stefnendum var gefinn kostur á að sækja hross sín í Undirfellsrétt, sem þeir og gerðu. Þangað sóttu stefnendur 21 fullorðið hross. Hross Þverhreppinga, sem voru 30 að tölu og höfðu verið skilin úr stóðinu, ásamt þeim 12 hrossum, sem eftir voru, og eins og það er orðað í lögregluskýrslu frá 7.8. 1985, „voru talin vera úr Víðidal", voru daginn eftir rekin aftur á Haukagilsheiði, þrátt fyrir að þau tilheyrðu öðru fjallskilasvæði. Tveimur dögum síðar, eða þann 9. ágúst, var hrossum smalað niður af Grímstungnaheiði að frumkvæði sömu manna sem fyrr.

Hrossastóðið, sem samanstóð að þessu sinni af 28 fullorðnum hrossum auk folalda, var rekið í Grímstungurétt. Þar var stóðið í lögregluvörslu, þar til stefnendur ásamt Magnúsi Péturssyni, bónda að Miðhúsum í Vatnsdal, komu að sækja það. Hross þau, sem stefnandi Björn Magnússon rak á afrétt 5. ágúst, voru fyrsti búpeningurinn, sem hann rak, og reyndar sá eini, sem hann ætlaði að reka, þar sem hann á ekki sauðfé. Flestir aðrir bændur ráku sauðfé sitt á afrétt um mánaðamótin júní og júlí.

Skaðabótakrafan skiptist í fóðrunarkostnað, akstur með hross, kaup heimrekstrarmanna og bifreiðagjald. Tölulegar forsendur skaðabótakröfu eru eftirfarandi:

1. Fóðrunarkostnaður í 43 daga vegna niðurrekstrar	kr.	76.860
2. Akstur með hross að Grímstungurétt	kr.	920
3. Tímakaup stefnenda við heimakstur hrossa	kr.	4.400
4. Bifreiðagjald skv. launatöflu ríkisstarfsmanna í ágúst 1985, 52x12,25	kr.	637
	kr.	82.817

Fjárhæð þessi skiptist á milli stefnenda í hlutfalli við þann fjölda hrossa hvors um sig, sem rekinn var niður af afréttinum.

Varakrafan um skaðabætur byggir á hagagöngukostnaði skv. handbók bænda frá 1985 í stað fóðrunarkostnaðar í 1. tl., en að öðru leyti á sömu forsendum.

Stefnendur kveða málsástæður sínar þær, að markleysi úrskurðar sýslunefndar frá 27. júní 1985 hljóti að vera til umfjöllunar í þessu máli, þar sem Hæstiréttur hafi í dómi sínum 30. júní 1987 ekki þurft að kveða á um það. Grundvöllur málsins sé sá, að úrskurður sýslunefndar hafi verið markleysa og þess vegna hafi aðgerðir sýslumanns Húnavatnssýslu verið lögleysa, þegar hann gaf fyrirskipanir um niðurrekstur hrossa stefnenda. Rök stefnenda séu þessi:

að úrskurðarvald um ágreining þann, sem upp kom í stjórn framangreinds upprekstrarfélags þann 11.6. 1985, sé ekki á hendi sýslunefndar,

að ítala hafi verið í gildi, þar sem hún hafi ekki verið dæmd ógild fyrr en með dómi aukadómþings A.-Húnavatnssýslu þann 27. júní 1986, og að sýslunefnd sé hvorki bær til að breyta úrskurði ítölunefndar né skera úr um hlutdeild einstakra býla í ítölu,

að þó svo að ítölugerðirnar hefðu verið taldar markleysa eða ógildar frá öndverðu, sé það almennur bændafundur innan upprekstrarfélagsins (fjallskiladeildarinnar), sem taki ákvörðun um gróðurverndaraðgerðir sem þessar,

að ef ágreiningur er innan sveitarstjórnar um takmörkun á upprekstri hrossa, sé það afl atkvæða á almennum sveitarfundi, sem úrslitum ræður,

að úrskurður sýslunefndar hafi verið markleysa, þar sem sýslunefnd hafi ekki verið bær til að kveða upp úrskurð og úrskurðurinn hafi einnig verið ólögmætur að efni til,

að fyrirskipanir Jóns Ísbergs sýslumanns og lögreglustjóra um niðurrekstur hrossa stefnenda hafi verið ólögmætar,

að ekki megi taka hross af afrétti nema með leyfi hreppsnefndar.

Af samanburðarskýringu á 2., 16. og 20. gr. laga nr. 42/1969, nú lög nr. 6/1986, er ljóst, að sveitarstjórnir skulu sjá um stjórn og framkvæmd afréttar- og fjallskilamála innan sinna fjallskiladeilda. Þessi skilningur styðst einnig við yfirlýsingu 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, um sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga sem og ævafornt hlutverk hreppanna sem fjallskilaeininga. Skilningur þessi á sér enn fremur stoð í greinargerð þeirri, er fylgdi frumvarpi til laga nr. 42/1969 á sínum tíma, en þar segir m.a. um 2. gr.: „Er þar ..... fylgt hinni fornu reglu, að stjórn þeirra mála (fjallskilamála) sé í höndum héraðsstjórna.“ Úrskurðarvald um afréttar- og fjallskilamál *innan einstakra fjallskiladeilda* er því ekki á hendi sýslunefnda.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 42/1969, nú lög nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., getur sá, sem ekki vill una úrskurði ítölunefndar, krafist yfirítölumats. Aðrir stjórnsýsluaðilar geta ekki breytt úrskurði ítölunefndar, og er slíkt því ekki á valdi sýslunefndar.

Þar sem ítölugerðir frá 22.4. 1985 höfðu ekki verið felldar úr gildi með

dómi, var það skv. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 42/1969, nú lög nr. 6/1986, á valdi ítölunefndar að skera úr um hlutdeild einstakra býla í ítölu, svo fremi einhver væri, sem ekki vildi una tillögum hreppsnefndar eða stjórnar fjallskiladeildar. Sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu hefur því ekki heldur að þessu leyti neitt úrskurðarvald.

Þó svo að framangreindar ítölugerðir hefðu ekki aðeins verið dæmdar ógildar, heldur hefðu verið taldar markleysa, er það samt sem áður ekki á valdi sýslunefndar að úrskurða aðgerðir, svo sem hún gerði með úrskurði sínum þann 27. júní 1985. Samkvæmt 1. og 4. mgr. 20. gr. laga nr. 42/1969, nú nr. 6/1986, sbr. 16. gr. sömu laga, er það fundur allra bænda innan þess svæðis, sem um ræðir, sem tekur ákvörðun um aðgerðir sem þessar. Það er stjórn fjallskiladeildar, sem skal boða til fundarins, og skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 42/1969, nú nr. 6/1986, er sá fundur ekki lögmætur, nema meira en helmingur atkvæðisbærra manna mæti á fundinn. Enginn slíkur fundur hefur verið haldinn.

Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 177/1971 fyrir A.-Hún., um fjallskil og fleira, er það enn fremur áréttað, að því er tekur til takmörkunar á upprekstri hrossa, að það er afl atkvæða á almennum sveitafundi, sem ræður, ef ágreiningur er innan sveitarstjórnar. Ákvæði þetta ber að skýra með hliðsjón af 20. gr. sbr. d-lið 16. gr. laga nr. 42/1969, nú nr. 6/1986, þar sem reglugerðir mega að sjálfsögðu ekki ganga í berhögg við sett lög.

Þar sem augljóst er skv. framangreindum lagarökum, að sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu var ekki bær til að úrskurða á þann hátt, sem hún gerði, er úrskurður hennar hrein markleysa (nullitet) skv. reglum íslensks stjórnarfarsréttar.

Úrskurður sýslunefndar A.-Húnavatnssýslu er einnig ólögmætur að efni til, þar sem af gagnályktun frá 22. gr. laga nr. 42/1969, nú nr. 6/1986, má ráða, að ekki er heimilt að útiloka eina tegund búfjár frá afrétti, ef ítala hefur á annað borð verið ákvörðuð. Samkvæmt reglum íslensks stjórnarfarsréttar, sem eru almennt viðurkenndar bæði af fræðimönnum og í réttarframkvæmd, er því úrskurður sýslunefndar A.-Húnavatnssýslu ógildur (markleysa) einnig að þessu leyti.

Ef úrskurður sýslunefndar yrði einungis talinn ógildanlegur, er það meginregla íslensks stjórnarfarsréttar, að ógilding verki frá öndverðu („ex tunc").

Þar sem úrskurður sýslunefndar A.-Húnavatnssýslu er íþyngjandi stjórnarathöfn, gætir skv. reglum íslensks stjórnarfarsréttar hreinna ógildisástæðna meir en ella. Því verður að byggja á þeirri reglu íslensks stjórnarfarsréttar, að þar sem hin íþyngjandi stjórnarathöfn hafi verið haldin ógildisannmörkum, hafi verið og sé rétt að telja hana markleysu.

Samkvæmt reglum íslensks stjórnarfarsréttar og efnisrökum ber ríkis-

sjóður fébótaábyrgð vegna aðgerða starfsmanna ríkisins í opinberri sýslan. Því verður ríkissjóður að bæta það tjón, sem sýslumaður Húnavatnssýslu olli í embætti sínu sem lögreglustjóri með ólögmætum fyrirskipunum sínum um niðurrekstur hrossa stefnenda. Hér að framan eru færð rök fyrir því, að sýslunefndarúrskurðurinn frá 27. júní 1985 hafi verið markleysa. Ætla verður, að sýslumaður Húnavatnssýslu hafi gert sér eða a.m.k. átt að gera sér þetta ljóst, þar sem áður höfðu verið rekin 50 hross Þverhreppinga á heiðina í fullu samráði við hann þrátt fyrir bann við því í framangreindum sýslunefndarúrskurði.

Jón Ísberg sýslumaður gengur meira að segja svo langt í því að virða hinn ómerka úrskurð sýslunefndar að vettugi, að hann lætur reka á Haukagilsheiði hross, sem talin voru tilheyra öðru fjallskilasvæði (Víðidal).

Einnig verður að telja það fordæmisreglu að íslenskum rétti, að hið opinbera beri fébótaábyrgð vegna réttarbrota starfsmanna sinna. Með fyrirskipunum sínum um niðurrekstur hrossa af afréttinum brýtur sýslumaður gegn 9. gr. reglugerðar nr. 177/1971 fyrir A.-Hún., um fjallskil og fleira, sem kveður m.a. á um, að ekki megi taka hross af afrétti nema með leyfi hreppsnefndar. Slíkt leyfi lá ekki fyrir, og hefur hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps mótmælt þessu grófa réttarbroti.

II.

Stefndi lýsir málavöxtum á þennan hátt:

Þann 11. júní 1985 héldu hreppsnefndir Áshrepps og Sveinsstaðahrepps fund um nýtingu sameiginlegra beitilanda hreppanna það sumar. Ágreiningur myndaðist um málið. Daginn eftir samþykkti hreppsnefnd Áshrepps að skjóta ágreiningnum til úrskurðar sýslunefndar. Hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps lýsti sjónarmiðum sínum með bréfi 26. júní til sýslunefndar. Sýslunefnd hélt fund um málið og úrskurðaði um nýtingu sameiginlegra beitilanda hreppanna. Í 4.-6. lið úrskurðarins er kveðið á um hrossaupprekstur, og er upprekstur hrossa fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiðar bannaður. Úrskurðurinn var samþykktur með atkvæðum allra sýslunefndarmanna, en oddviti sýslunefndar, Jón Ísberg, greiddi þó ekki atkvæði. Hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps kærði úrskurðinn til félagsmálaráðuneytisins til ógildingar með bréfi 8. júlí. Ráðuneytið kvað upp úrskurð 16. ágúst þess efnis, að sýslunefnd hefði verið heimilt að úrskurða í ágreiningsmáli hreppanna, og hafnaði kröfu um ógildingu hans.

6. ágúst kærði oddviti Áshrepps stefnendur fyrir lögreglu, en í kæru hans er þeim gefið að sök að hafa rekið hross á Grímstunguheiði daginn áður. Stefnendur voru yfirheyrðir af lögreglu sama dag og fyrir sakadómi Húnavatnssýslu 6. september. Þeir viðurkenndu að hafa rekið hross sín á Haukagilsheiði 5. ágúst þrátt fyrir bann sýslunefndar, sem þeir vissu um, en töldu

sig ekki þurfa að hlíta. Þá var þeim einnig vel kunnugt um málskot Sveinsstaðahrepps til ráðuneytisins, en töldu sig ekki hafa getað beðið eftir niðurstöðu þess. Hinn 7. og 9. ágúst voru hross stefnenda rekin niður af Haukagils- og Grímstunguheiðum að boði lögreglustjóra og Jóns B. Bjarnasonar, oddvita hreppsnefndar Áshrepps.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í fyrsta lagi sé um aðildarskort að ræða. Forsenda bótakröfu stefnenda sé og hafi verið, að úrskurður sýslunefndar yrði ógiltur með dómi. Hæstiréttur hafi nú vísað þeirri kröfu frá dómi, og ekki verði nú í málinu sérstaklega fjallað um úrskurð sýslunefndar. Sýslunefnd Húnavatnssýslu sé sjálfstæður aðili. Hún sé ekki lengur aðili málsins, og sé því um aðildarskort að ræða skv. 2. mgr. 45. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Í öðru lagi bendir stefndi á, verði ekki á aðildarskort fallist, að bótakrafa stefnenda vegna aðgerða sýslumanns sé ekki á rökum reist. Skilyrði fyrir bótaábyrgð hins opinbera vegna athafna starfsmanna sé að íslenskum rétti ólögmæt og saknæm háttsemi starfsmannsins. Slíku sé ekki til að dreifa í máli þessu, heldur hafi háttsemi lögreglustjóra og starfsmanna hans verið í alla staði lögmæt og ósaknæm. Aðgerðir þeirra hafi stuðst við úrskurð bærs stjórnvalds, er þeim sem löggæslumönnum hafi borið að framfylgja. Stjórnarathöfn sýslunefndar hafi verið formlega fullgild, og þurfi mikið til að koma, svo að um markleysu sé að ræða á slíkum úrskurðum, og gallinn þurfi að vera augljós. Ekki sé á valdi starfsmanna stefnda að leggja sjálfstætt mat á gildi úrskurða sveitarstjórna að öðru leyti. Slíkt mat eigi undir æðra stjórnvald og dómstóla. Félagsmálaráðuneytið hafi staðfest úrskurðinn.

Það sé grundvallarregla í íslenskum rétti með stoð í 60. gr. stjórnarskrárinnar, að slík fyrirmæli séu gild, þar til þau hafi verið felld úr gildi af æðra stjórnvaldi eða með dómi. Lögmæti þessa úrskurðar stendur enn óhaggað, og bótaábyrgð verður þegar af þeirri ástæðu ekki lögð á stefnda. Í reynd kemur bótaábyrgð ríkissjóðs ekki til greina, hvort sem úrskurður sýslunefndar er gildur eða ekki. Ef ekki er á þetta sjónarmið fallist, verður fyrst að ganga dómur um ógildi úrskurðarins, áður en bótaábyrgð verður lögð á ríkissjóð, og því verða stefnendur að höfða nýtt mál til að fá úrskurðinn ógiltan.

Á það verður ekki fallist með stefnendum, að lögreglustjóri hafi gert sér eða a.m.k. átt að gera sér ljóst, að úrskurðurinn hafi verið markleysa. Lögmæti hans stendur enn, og lögreglustjóri gerði sér það ljóst. Hann var í góðri trú um lögmæti starfa sinna og framfylgdi úrskurði, sem samþykktur hafði verið með atkvæðum allra sýslunefndarmanna. Það er allt, sem bendir til, að úrskurður sýslunefndar hafi verið gildur og lögreglustjóri mátti ganga út frá því sem vísu. Úrskurður félagsmálaráðuneytis styður þá

niðurstöðu. Lögreglustjóri hafði ekki ástæðu til að ætla annað en að úrskurðurinn væri fyllilega lögmætur og að honum bæri að fylgja úrskurði bærs stjórnvalds, sýslunefndar, sem fer með yfirstjórn fjallskila- og afréttarmála í sýslunni, sbr. 92.-93. gr. l. 58/1961 og 1.-3. gr. l. 42/1969, er þá voru í gildi, og ennfremur 1. gr. rgl. 177/1971, — auk þess sem sýslunefnd hefur áður úrskurðað í ágreiningsmálum sem þessum. Valdsvið hennar í þessum efnum hefur ekki fyrr verið dregið í efa. Stefnendur byggja á því, að lögreglustjóri hafi mátt vita um markleysu úrskurðarins, þar sem áður höfðu verið rekin 50 hross Þverhreppinga á heiðina í fullu samráði við hann þrátt fyrir bann við því í úrskurðinum. Þessu er mótmælt sem röngu. Þessi upprekstur var ekki í samráði við lögreglustjóra, ekkert slíkt bann var í úrskurðinum, og Þverhreppingar höfðu heimild viðkomandi sveitarfélaga til að reka hross á heiðar. Hins vegar ráku stefnendur sín hross á heiðar, vitandi um bann sýslunefndar og án þess að bíða eftir niðurstöðu ráðuneytis. Varðandi upprekstur hrossa frá Víðidal skal á það bent, að ógirt er á milli afréttanna og engin takmörk við upprekstri á afrétt Víðdælinga og skepnur ganga þar saman.

Sú málsástæða og lagaskilningur stefnenda, að lögreglustjóri hafi með fyrirskipunum um niðurrekstur hrossa þeirra brotið gegn 9. gr. rgl. nr. 177/1971, sem banni honum að reka niður hross af heiðum án fengins leyfis hreppsnefndar, fá ekki staðist. Það er sýslunefnd, sem fer með yfirstjórn afréttarmála, sbr. framangreind lagaákvæði, og hún hafði úrskurðað í ágreiningsmáli hreppsnefndanna í þá veru, að bannað væri að reka hross á heiðar. Samkvæmt lagaskilningi stefnenda hefði lögreglustjóri þrátt fyrir úrskurðinn þurft samþykki hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps, annars ágreiningsaðila, sem var andvígur banni, og hún því getað gert bann sýslunefndar óvirkt með því að veita ekki samþykki fyrir niðurrekstri hrossanna. Slíkur lagaskilningur fær ekki staðist. Hrossin voru rekin niður að boði oddvita hreppsnefndar Áshrepps og því um nægjanlegt samþykki að ræða.

Stefnendur ráku hross sín á heiðar, vitandi um bann sýslunefndar, og biðu ekki einu sinni eftir niðurstöðu félagsmálaráðuneytisins. Þeir áttu kost annarra úrræða en að reka hrossin á heiðarnar til þess að ganga úr skugga um réttarstöðu sína. Háttsemi þeirra var því gertæki, sem er ólögmætt og refsivert skv. 260. gr. l. 19/1940. Þeir eru því í reynd að hafa uppi bótakröfur vegna eigin lögbrota á hendur stefnda. Það fær ekki staðist, að stefndi verði gerður bótaábyrgur í slíku tilviki.

Stefndi bendir og á, að það sé algerlega ósannað, að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni. Bótakröfur þeirra séu byggðar á almennum matsútreikningi, sem miði við útlagðan kostnað vegna fóðurs og hagagöngu. Ekkert sé sannanlega fram komið í málinu um, að stefnendur hafi lagt í þennan eða annan kostnað.

III.

Skilja verður kröfur stefnenda á hendur stefnda í máli þessu, eins og það nú horfir við, svo, að úrskurður sýslunefndar Húnavatnssýslu 27. júní 1985 hafi verið haldinn (sic) svo alvarlegum ágöllum, að sýslumaður hafi ekki mátt fara eftir honum í störfum sínum og að fyrirskipanir sýslumanns byggðar á úrskurðinum hafi því verið ólögmætar og saknæmar. Í þessu ljósi verður ekki talið, að um aðildarskort sé að ræða af stefnda hálfu, og verður krafa hans um sýknu af þeim sökum ekki tekin til greina.

Hins vegar er ljóst, þegar litið er til úrskurðar sýslunefndar og forsögu hans og úrskurðar félagsmálaráðuneytis, að í mesta lagi gat verið matsatriði, hvort úrskurður sýslunefndar væri haldinn nokkrum ágöllum. Þegar svo var búið, var það ekki á valdi sýslumanns sem lögreglustjóra að leggja sjálfstætt mat á gildi úrskurðar sýslunefndar. Ekki verður þá séð, hvernig lögreglustjóri hafi átt að gera sér ljóst, að úrskurðurinn var markleysa. Þegar af þessari ástæðu verður talið, að aðgerðir sýslumanns hafi verið lögmætar og ósaknæmar og að taka beri því sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir öllum atvikum er rétt að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason, setudómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Björns Magnússonar og Einars Svavarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. febrúar 1990.

Nr. 481/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Maríasi Sveinssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa lent í átökum við Steinunni Helgu Axelsdóttur og Sigurð Gunnar Bogason á Þingvöllum aðfaranótt 21. júní 1987. Sveinn Þröstur Gunnarsson var sjónarvottur að þessum átökum. Lýsing hans á atferli ákærða gagnvart þeim Steinunni Helgu og Sigurði Gunnari er mjög á sama veg og lýsingar þeirra, svo sem rakið er í héraðsdómi. Hann hefur m.a. skýrt svo frá, að Sigurður Gunnar hafi haltrað og verið illa kvalinn og óvirkur, eftir að ákærði sparkaði í hann. Þegar á þetta er litið, svo og vottorð lækna um meiðsli Steinunnar Helgu og Sigurðar Gunnars, þykir bera að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir og hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Með hliðsjón af því, að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við almenn hegningarlög, þykir eftir atvikum mega skilorðsbinda refsinguna, eins og í dómsorði greinir.

Hér fyrir dómi kemur einungis til skoðunar miskabótakrafa Steinunnar Helgu Axelsdóttur, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, þykja miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar 70.000 krónur. Vaxta hefur ekki verið krafist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Ákærði verður jafnframt dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Marías Sveinsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Steinunni Helgu Axelsdóttur 70.000 krónur í skaðabætur.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. október 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 483/1989: Ákæruvaldið gegn Maríasi Sveinssyni, sem dómtekið var 12. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 20. mars 1989, á hendur Maríasi Sveinssyni, Réttarholtsvegi 87, Reykjavík, kennitala 300848-3709, „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt 21. júní 1987 að Skógarhólum í Þingvallasveit ráðist á Steinunni Helgu Axelsdóttur, fædda 4. júlí 1946, slegið hana, sparkað í hana, tekið hana hálstaki og sveiflað henni í kringum sig, og er Sigurður Gunnar Bogason, fæddur 16. apríl 1939, hugðist koma Steinunni Helgu til hjálpar, ráðist á hann og sparkað í vinstri fótlegg hans, svo að hann féll við, og jafnframt þjarmað að honum liggjandi. Afleiðingarnar urðu þær, að Steinunn Helga tognaði illa í hnakka og baki, hruflaðist í andliti og marðist framan á hálsi og Sigurður Gunnar brotnaði á vinstri ökkla og liðbönd á ökklanum slitnuðu.

Framangreint athæfi ákærða telst varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20,1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist".

Verjandi ákærða flutti munnlega vörn 12. þessa mánaðar og gerði þá eftirfarandi dómkröfur. Aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, og til vara, verði dæmd refsivist, að hún verði skilorðsbund-

in. Þá var gerð krafa um, að dæmd yrðu hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

Málsatvik.

Þann 23. júní 1987 kærði Steinunn Helga Axelsdóttir ákærða í máli þessu fyrir líkamsárás. Steinunn kvað ákærða hafa ráðist á sig og veitt sér áverka, þar sem Steinunn var stödd á hestamannamóti í Skógarhólum á Þingvöllum aðfaranótt 21. sama mánaðar. Steinunn kvað ákærða hafa slegið sig, sparkað í sig og rifið föt sín.

Sigurður Gunnar Bogason kærði ákærða í máli þessu þann 27. júlí 1987 fyrir líkamsárás. Sigurður kvaðst hafa verið staddur á hestamannamóti í Skógarhólum á Þingvöllum aðfaranótt 21. júní 1987, er ákærði hafi veitt sér áverka, er Sigurður reyndi að koma Steinunni Helgu Axelsdóttur til aðstoðar í átökum við ákærða.

Ákærði bar því í mót við lögregluyfirheyrslu 14. ágúst 1987 að hafa veitt þeim Steinunni og Sigurði áverka.

Verða nú raktir framburðir ákærða og vitna undir dómsmeðferð málsins.

Vitnið Steinunn Helga Axelsdóttir var yfirheyrt fyrir dóminum 17. maí sl. Steinunn Helga kvaðst hafa hitt ákærða á hestamannamóti í Skógarhólum í Þingvallasveit aðfaranótt 21. júní 1987. Steinunn Helga kvaðst hafa lent í rifrildi við ákærða vegna löngu liðinna atburða. Steinunn Helga kvaðst síðan hafa hitt ákærða öðru sinni þessa sömu nótt, er hún kvaðst hafa verið á leið á skemmtun um miðnæturleytið. Steinunn Helga kvað ákærða þá umsvifalaust hafa ráðist á sig. Steinunn Helga kvað ákærða hafa sparkað í sig og slegið sér utan í rétt. Steinunn Helga kvað Sigurð Gunnar Bogason hafa komið þar að og skilið sig og ákærða að, og kvað hún ákærða og Sigurð hafa tekist á um stund, en Steinunn Helga kvaðst hafa reynt að forða sér á meðan. Steinunn Helga kvað ákærða skömmu síðar hafa ráðist á sig öðru sinni og þá sveiflað sér í hring, slegið og sparkað í bak sér. Steinunn Helga kvað Svein Þröst Gunnarsson hafa skilið sig og ákærða að í þetta sinn og hafi Sveinn Þröstur leitt ákærða á brott. Steinunn Helga kvaðst nú enn hafa haldið á brott, og hafi ákærði þá skömmu síðar ráðist að sér í þriðja sinn og þá beitt sams konar barsmíðum og í fyrri skiptin. Steinunn Helga kvað í þetta sinn mann að nafni Þormar hafa veitt sér aðstoð, og kvaðst Steinunn Helga eftir það hafa komist inn í bifreið sína og læst að sér. Steinunn Helga kvaðst ekki vita frekari deili á Þormari þessum.

Vitnið Steinunn Helga var síðan yfirheyrt fyrir dóminum 1. júní sl. Steinunn Helga kvaðst ekki minnast þess að hafa veitt Sigurði Gunnari aðstoð, er hann lenti í átökum við ákærða, eftir að Sigurður Gunnar hafði komið Steinunni til aðstoðar. Steinunn Helga kvaðst hafa séð, er ákærði

„skallaði" í höfuð Sigurði Gunnari, en ekki hafa orðið vitni að frekari átökum. Steinunn Helga kvaðst aðallega hafa hlotið áverka í átökunum, er Sigurður Gunnar Bogason kom til aðstoðar. Steinunn Helga kvaðst þó einnig hafa hlotið áverka í átökum við ákærða, er Sveinn Þröstur Gunnarsson kom til aðstoðar, og síðan, er Þormar kom til aðstoðar, en Steinunn kvaðst sem fyrr engin deili kunna á Þormari þessum.

Vitnið Sigurður Gunnar Bogason var yfirheyrt fyrir dóminum 17. maí sl. Sigurður Gunnar kvaðst hafa komið þar að í Skógarhólum í Þingvallasveit aðfaranótt 21. júní 1987, er ákærði var að misþyrma Steinunni Helgu Axelsdóttur. Sigurður kvað ákærða hafa sveiflað Steinunni til og frá og slegið höfði hennar utan í réttarvegg og hún síðan lent á bakinu og að sögn Sigurðar sýnilega hlotið mikið högg. Sigurður kvaðst hafa reynt að fá ákærða til að hætta árásinni, en ákærði hafi þá rifið í sig og „skallað" í höfuð sér og sparkað í vinstri fótlegg, og kvaðst Sigurður þá hafa fallið við, en Sigurður kvað ákærða hafa haldið áfram að traðka á vinstra fæti sér og sparkað í sig, þar sem Sigurður kvaðst hafa legið. Sigurður kvað Steinunni Helgu hafa reynt að koma sér til aðstoðar með því að toga í ákærða, en þá hafi borið að bifreið og út stigið maður, og hafi sá skakkað leikinn. Sigurður kvað ákærða eftir þetta hafa haldið á brott, og þá hafi Sigurður séð til Steinunnar Helgu, sem hélt brott áleiðis að bílastæði þar skammt frá. Sigurður kvaðst eftir átökin hafa setið undir réttarvegg alla nóttina og ekki verið kallað á aðstoð fyrr en undir morgun, enda kvaðst Sigurður hafa talið, að hann hefði tognað. Sigurður kvað síðan hafa komið í ljós, er stígvél var dregið af fæti sér, hvers kyns meiðsl hann hafði hlotið, og þá hafi verið kallað á aðstoð.

Vitnið Sigurður Gunnar var síðan yfirheyrt fyrir dóminum 5. júní sl. Sigurður bar þá efnislega á sama veg og áður, en kvað sig minna það, að Steinunn Helga hafi komið og reynt að skilja sig og ákærða að. Sigurður Gunnar kvað mann þann, er getið er um að framan, hafa komið að, er Sigurður Gunnar og ákærði áttu í átökunum, og kvaðst Sigurður hafa skriðið burt, eftir að maður þessi kom á vettvang, og sömuleiðis hafi Steinunn Helga komist á brott eftir þetta.

Vitnið Sveinn Þröstur Gunnarsson bar fyrir dóminum 17. maí sl. að hafa verið statt í Skógarhólum í Þingvallasveit aðfaranótt 21. júní 1987. Sveinn kvaðst hafa gengið fram á Steinunni Helgu og ákærða í átökum skammt frá rétt, sem þarna var. Sveinn kvaðst hafa skilið þau ákærða og Steinunni Helgu að og gengið á brott með ákærða. Sveinn kvaðst enn fremur hafa orðið vitni að átökum milli ákærða og Steinunnar Helgu einu sinni áður, en Sveinn hafði afskipti þar af. Sveinn kvaðst þannig hafa séð, hvar Sigurður Gunnar Bogason skildi þau ákærða og Steinunni Helgu að og að ákærði hafi „skallað" í höfuð Sigurði Gunnari. Sveinn kvað Sigurð

Gunnar hafa verið draghaltan eftir átökin við ákærða. Sveinn Þröstur staðfesti lögregluskýrslu frá 16. september 1987, en þar lýsti Svein Þröstur því, er hann kom þar að, er ákærði hélt Steinunni Helgu í hálstaki og sveiflaði henni til og frá, og kvað Sveinn Þröstur það undrum sæta, að ákærði sneri Steinunni Helgu ekki úr hálsliðnum. Sveinn Þröstur bar einnig við þessa lögregluyfirheyrslu um áverka, er Sveinn teldi ákærða hafa veitt Sigurði Gunnari á fæti.

Vitnið Sveinn Þröstur var enn yfirheyrt fyrir dóminum þann 5. júní sl. og bar þá efnislega á sama veg og fyrr. Sveinn kvað mann hafa komið að á bifreið og hafið að skipta sér af átökunum. Ekki þekkti Sveinn mann þennan. Sveinn Þröstur kvað Sigurð Gunnar Bogason hafa verið óvirkan, strax eftir að ákærði „skallaði" hann og sparkaði í fótlegg hans.

Vitnið Halldór Einarsson Hjaltested var yfirheyrt hér fyrir dómi þann 10. október sl. Halldór kvaðst hafa hitt ákærða aðfaranótt 21. júní 1987 á hestamannamóti á Þingvöllum. Halldór kvað ákærða hafa verið ölvaðan og í talsverðu uppnámi vegna ryskinga, er átt höfðu sér stað, en Halldór kvaðst ekki hafa orðið vitni að ryskingunum og ekki hafa stillt þar til friðar.

Ákærði bar fyrir dóminum 16. maí sl. og vísaði ákærði því þá á bug að hafa framið háttsemi þá, er ákært er út af.

Ákærði bar að hafa verið staddur í Skógarhólum í Þingvallasveit aðfaranótt 21. júní 1987. Ákærði kvað Steinunni Helgu hafa ráðist á sig þessa nótt og kvað ákærði tilefnið hafa verið samtal, er ákærði kvaðst hafa átt við sambýlismann Steinunnar mörgum mánuðum og jafnvel árum fyrr. Ákærði kvaðst eftir árás Steinunnar Helgu hafa gengið á brott, og er ákærði var kominn að rétt þar skammt frá, hafi Sigurður Gunnar Bogason ráðist á sig. Ákærði kvað þá hafa tekist á um stund, og kvaðst ákærði hafa haft Sigurð undir, og hafi Steinunn þá aftur ráðist á sig. Ákærði kvaðst þá hafa stuggað við Steinunni og hún við það fallið í grasið, en enga áverka hlotið þar af. Ákærði kvað mann nú hafa komið að og skilið þá Sigurð.

Ákærði bar fyrir dóminum 17. maí sl., að maður hefði komið og skilið þá Sigurð Gunnar að, og kvaðst ákærði hafa gengið á brott með manni þessum.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 10. þ.m. og kvað ákærði nú engan utanaðkomandi aðila hafa skilið sig og Sigurð Gunnar Bogason að, svo sem ákærði hafði borið áður fyrir dóminum.

Ekki hefur tekist að hafa uppi á manni þeim, er sagður er hafa komið á vettvang og skilið þá ákærða og Sigurð Gunnar Bogason að, en síðasti framburður ákærða var á þann veg, að enginn utanaðkomandi aðili hefði skilið sig og Sigurð að.

Samkvæmt læknisvottorði Steinunnar Helgu Axelsdóttur hefur hún komið á slysadeild Borgarspítalans þann 22. júní 1987 vegna meiðsla þeirra, er um getur í ákærunni. Í lok læknisvottorðs Brynjólfs Mogensens, dr. med., segir svo: „Ráðist var á Steinunni Helgu aðfaranótt 22/6 1987. Hlaut hún af mein í baki en þó sérstaklega í hnakka þar sem hún fékk m.a. spark í hnakka, snúið upp á höfuðið og reynt að kyrkja hana. Allt frá árásinni hefur Steinunn átt við þrálát vandamál frá hnakka að stríða með leiðslu út í axlir og út í hægri handlegg. Hún hefur farið í heföbundna þjálfun án teljandi árangurs. Rtg-mynd af hnakka tekin 22/6 1987 leiddi ekki í ljós neinar óeðlilegar breytingar. Við skoðun 23/2 1988 var Steinunn mjög slæm og þarf að fara í mjög stífa meðferð ef árangur á að nást. Steinunn hefur því orðið fyrir mjög slæmum áverka og ekki er víst að hún verði betri frá því sem nú er."

Þá liggur fyrir læknisvottorð Sigurðar Gunnars Bogasonar. Vottorð læknisins Stefáns Dalbergs hljóðar svo: „48 ára gamall karlmaður, lenti í ryskingum við annan mann þann 20.6.'87 og hlaut áverka á vi. ökkla. Innlagður á bæklunarskurðdeild Landspítalans 21.6.'87. Röntgenmyndir sýndu brot á utanverðum ökkla, skoðun leiddi í ljós liðbandaslit á ökklanum innanverðum.

Hann fór í aðgerð 1.7.'87, þar sem gert var að brotinu og liðböndin saumuð saman. Fóturinn gifsaður inn eftir aðgerð. Hann útskrifaðist 14.7.'87, gekk þá við hækjur.

Gifsið var tekið 18.8.'87, byrjaði þá að stíga í fótinn. Síðasta eftirlit 15.9.'87, gekk þá um án stuðnings en lítillega haltur. Hafði enn óþægindi frá vi. ökkla en þau fóru minnkandi. Áætlað var að hann yrði vinnufær fljótlega."

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ákærði borið af sér að hafa veitt þeim Sigurði Gunnari Bogasyni og Steinunni Helgu Axelsdóttur áverka og að hafa framið þá háttsemi, er ákært er út af.

Vitnin Steinunn Helga Axelsdóttir, Sigurður Gunnar Bogason og Sveinn Þröstur Gunnarsson hafa öll borið efnislega á sama veg um meinta háttsemi ákærða aðfaranótt 21. júní 1987. Ekkert er fram komið í málinu, er bendir til annars en að þau Steinunn og Sigurður hafi hlotið áverka þá, er um getur í ákæruskjalinu og getið er um í læknisvottorðum þeim, er rakin voru, eftir átök við ákærða.

Með vísan til alls ofanritaðs telur dómurinn sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði hafi framið alla þá háttsemi, er ákært er út af. Árás ákærða á Steinunni Helgu var hrottafengin, svo sem rakið hefur verið, og tilefnislaus, að því er virðist. Þá var árás ákærða á Sigurð Gunnar svo

harkaleg, að Sigurður Gunnar brotnaði á vinstri ökkla og liðbönd á ökklanum slitnuðu, en Sigurður Gunnar var að koma Steinunni Helgu til hjálpar, er ákærði réðst að Sigurði Gunnari. Afleiðingar háttsemi ákærða voru mjög alvarlegar, svo sem læknisvottorð bera með sér, en afleiðingarnar urðu þær, er greinir í ákærunni.

Brot ákærða varða við þau lagaákvæði, er í ákærunni greinir.

Guðný Höskuldsdóttir hrl. hefur lagt fram bótakröfu f.h. Steinunnar Helgu Axelsdóttur. Krafan hljóðar svo:

Skemmdir á fatnaði	kr.	5.500
Peysa	—	3.000
Gallabuxur	—	3.000
Sjúkraþjálfun	—	2.400
Miskabætur	—	500.000
Samtals	kr.	513.900

Ekki er höfð uppi vaxtakrafa.

Engar kröfur hafa komið fram af hálfu Sigurðar Gunnars Bogasonar.

Ákærði hefur vísað bótakröfunni á bug.

Engin gögn eru til stuðnings kröfunni um bætur fyrir skemmdir á fatnaði eða fyrir kröfunni um bætur fyrir skemmdir á peysu eða gallabuxum. Þá hafa engin gögn verið lögð fram, sem sýna, að Steinunn Helga hafi þurft að greiða kr. 2.400 fyrir sjúkraþjálfun. Er þessum kröfum því vísað frá dómi.

Svo sem læknisvottorð Steinunnar Helgu ber með sér, er ljóst, að hún hefur haft mikil óþægindi vegna áverka þeirra, er ákærði veitti henni. Þykir því rétt að dæma Steinunni Helgu miskabætur, er teljast hæfilega ákveðnar kr. 100.000, en svo sem rakið var, þá eru ekki hafðar uppi kröfur um vexti, og verða vextir því ekki dæmdir.

Ákærði var á árinu 1968 dæmdur til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot. Árið 1971 hlaut ákærði 15 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot og 5 daga varðhald á árinu 1972 fyrir sams konar brot. Þann 1. október 1987 gekkst ákærði undir sátt og var gert að greiða kr. 20.000 í sekt og var sviptur ökuleyfi í 12 mánuði.

Ákærða verður hér ákvörðuð refsing með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, vegna dómsáttar frá 1. október 1987.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 30.000 í málsvarnarlaun til Þorsteins Eggertssonar hdl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Marías Sveinsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði greiði Steinunni Helgu Axelsdóttur kr. 100.000 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. kr. 30.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Þorsteins Eggertssonar héraðsdómslögmanns.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1990.

Nr. 262/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Halldóri Fannari Ellertssyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik. Hæfi héraðsdómara. Fangavist.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. júní 1989 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst þess, að „hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til vara er þess krafist, ef málið verður dæmt að efni til, að ákærði hljóti þá vægustu refsingu er lög framast leyfa. Jafnframt verði í því tilviki tekið tillit til þess að ákærði sætti 4. - 14. júní 1989 ólögmætri einangrunarvist skv. 26. gr. laga nr. 48/1988".

I.

Verjandi byggir ómerkingarkröfu sína á því, að fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, sem dæmdi mál þetta, hafi verið vanhæfur til þess, sbr. dóm Hæstaréttar 9. janúar 1990 í málinu nr. 120/1989 og 35. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákærði var handtekinn 30. ágúst 1988 í Njarðvík að ósk rannsóknarlögreglu ríkisins og fluttur í fangageymslu lögreglunnar í Keflavík og þaðan samdægurs í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Rannsóknarlögregla ríkisins annaðist lögregluransókn máls þessa og sendi það ríkissaksóknara til ákvörðunar. Ríkissaksóknari gaf því næst út ákæru, sem lýst er í héraðsdómi.

Að svo vöxnu máli eru ekki efni til að ómerkja hinn áfrýjaða dóm.

II.

Héraðsdómari tók ekki skaðabótakröfur til efnismeðferðar í dómi sínum. Koma þær því ekki til skoðunar í Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

III.

Ákærði hefur brotið þau refsiákvæði, sem greind eru í héraðsdómi.

Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 5. febrúar 1990 fékk ákærði hinn 6. ágúst 1988 reynslulausn skilorðsbundið í 2 ár á 280 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar. Ákærði rauf „skilorð reynslulausnarinnar og hóf afplánun greindra 280 daga eftirstöðva þann 1. september 1988 og var hann í afplánun til 4. júní 1989, er hann var úrskurðaður í 10 daga einangrun vegna agabrota, skv. 26. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, frá 4. júní 1989 til 14. júní 1989. Hóf hann afplánun að einangrun lokinni þann 14. júní 1989 og lauk henni 18. júní 1989".

Verjandi heldur því fram, að úrskurður yfirfangavarðar á grundvelli 26. gr. laga nr. 48/1988 þess efnis, að ákærði skyldi sæta einangrun í 10 daga, sé tvímælalaust brot á 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og andstæður 2. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, en með úrskurðinum hafi ákærða verið gert að sæta 10 daga fangelsisvist umfram dæmda refsingu. Beri að hafa þetta í huga við ákvörðun refsingar.

Í þessu máli er eigi unnt að taka afstöðu til ofangreinds úrskurðar yfirfangavarðar. Kemur hann því ekki til álita við ákvörðun refsingar ákærða í málinu.

Hinn 12. september 1988 gekkst ákærði undir dómsátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og samþykkti að greiða 11.000 króna sekt í ríkissjóð. Var hér um að ræða brot á fíkniefnalöggjöfinni, sem ákærði framdi 9. desember 1987.

Með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og með vísan til 72. og 255. gr. sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 10. mars 1989.

Ár 1989, föstudaginn 10. mars, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Þorsteini Péturssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 89.0184: Ákæruvaldið gegn Halldóri Fannari Ellertssyni.

Mál þetta, sem þingfest var mánudaginn 6. mars sl. og dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, dagsettri 16. janúar 1989, á hendur ,,Halldóri Fannari Ellertssyni, Æsufelli 4, Reykjavík, fæddum að Tjaldanesi, Dalasýslu, 30. nóvember 1950, fyrir eftirgreind brot framin í ágúst 1988:

1.

Fyrir að nota í viðskiptum eftirgreinda 2 tékka, sem hann ritaði til handhafa á eyðublöð úr tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands hf., Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði, sem ákærði hafði stolið:

1) Tékki nr. 466445, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 30.8. 1988. Ákærði gaf tékkann út í eigin nafni og notaði hann sem greiðslu til Úlfars Þórs Marinóssonar, Kjarrhólma 12, Kópavogi, fyrir leiguakstur.

2) Tékki nr. 466440, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 29.8. 1988. Ákærði falsaði á tékkann útgefandanafnritunina Hörður B. Finnsson og seldi hann á Hótel Kristínu, Holtsgötu 47-49, Njarðvík.

Telst notkun ákærða á fyrrgreinda tékkanum varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, en á þeim síðari við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

2.

Fyrir að framvísa þann 30. ágúst, í eftirgreindum verslunum í Keflavík greiðslukorti Harðar Björns Finnssonar, Æsufelli 4, Reykjavík, frá Kreditkortum hf., nr. 5414-8300-1068-2119, sem ákærði hafði stolið, látið skuldfæra úttektir á vöru á viðkomandi reikning Harðar hjá greiðslukortafyrir-

tækinu og jafnframt falsað nafn Harðar undir eftirgreindar sölunótur til staðfestingar viðskiptunum:

1) Í versluninni Hljómvali fyrir vöruúttekt kr. 10.120 samkvæmt sölunótu nr. 2763877.

2) Í Stapafelli hf., vöruúttekt kr. 25.132 samkvæmt sölunótu nr. 2157957.

3) Í versluninni Póseidon, Hafnargötu 19, úttekt á fatnaði kr. 11.500 samkvæmt sölunótu nr. 2723632.

4) Í versluninni Fatavali, Hafnargötu 31, úttekt á fatnaði kr. 7.060 samkvæmt sölunótu nr. 2723632 (sic).

5) Í versluninni Stapafelli andvirði tösku kr. 3.000 samkvæmt sölunótu nr. 2157959.

6) Í skóbúðinni Hafnargötu 35 andvirði kr. 3.850 samkvæmt sölunótu nr. 2844259.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Þann 31. ágúst 1988 var kærður til RLR þjófnaður á greiðslukorti og einnig sex tékkeyðublöðum frá Útvegsbanka Íslands. Þetta hafði gerst í veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ. Sá, sem varð fyrir þjófnaðinum, heitir Hörður Björn Finnsson, Æsufelli 4, Reykjavík. Við rannsókn kom í ljós, að Halldór Fannar Ellertsson, ákærði í máli þessu, reyndist hafa haft þessa hluti undir höndum. Þetta viðurkenndi hann hjá rannsóknarlögreglunni (sic) RLR 31. ágúst 1988. Hann viðurkenndi að hafa notað ávísanaheftið, eins og greinir frá í lið 1 í ákæru, og viðurkenndi hann notkun á greiðslukortinu, eins og kemur fram í lið 2 í ákæru, og vísast til hennar um frekari málavexti. Þennan framburð staðfesti hann svo í dómi þann 6. mars 1989.

Niðurstaða.

Með eigin framburði ákærða, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, sem er í fullu samræmi við önnur gögn málsins, telst ákærði sannur að sök þeirri, sem á hann er borin í ákæru, og varðar hún við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Ákærði hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum samkvæmt sakavottorði.

— — —

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á árabilinu 1973 - 1987 sætt 21 refsidómi, oftast fyrir brot gegn alm. hegningarlögum, síðast 26. júní 1987 (7

mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað). Hinn 6. ágúst 1988 hefur honum verið veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 280 dögum.]

Ekki verður tekin afstaða til greiðslu skaðabóta í máli þessu, þar sem ýmist hafa þær ekki verið gerðar eða eru ófullnægjandi rökstuddar.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, þar er tekið tillit til sakaferils ákærða.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Fannar Ellertsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. febrúar 1990.

Nr. 64/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Steingrími Njálssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar sl., sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Mál þetta er á frumstigi. Eftir er að yfirheyra vitni, en samkvæmt eðli þeirrar yfirheyrslu hlýtur hún að taka nokkurn tíma. Staðfesta ber því niðurstöðu hins kærða úrskurðar með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaðar hefur ekki verið krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1990.

Ár 1990, laugardaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, til lögheimilis að Norðurgötu 12 B, Siglufirði, nú með dvalarstað að Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl 1990 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 203. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53,1966.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Síðdegis fimmtudaginn 16. febrúar sl. var hringt til lögreglunnar í Reykjavík og tilkynnt, að skömmu áður hefði sést til kærða, þar sem hann

var að fara með litlum dreng inn í hús [...]. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang og hittu að máli tilkynnandann, A. Með henni var drengurinn X, fæddur 1983. A skýrði lögreglumönnunum frá því, að hún hefði farið inn á heimili kærða og séð X buxnalausan, með nærbuxur dregnar niður á læri. Klæddi hún drenginn í buxurnar og fór með hann út. Lögreglumennirnir handtóku því næst kærða og færðu í fangageymslu. Hann var allsgáður.

Við yfirheyrslur hjá RLR og hér fyrir dómi hefur kærði staðfastlega neitað að hafa leitað á drenginn X kynferðislega og borið, að sér hafi gengið það eitt til að vera vingjarnlegur við drenginn, sem virtist einmana og var kaldur og blautur. Því hafi kærði boðið drengnum inn til sín og ætlað að gefa honum kókómjólk. Er þeir voru komnir inn í herbergi kærða og X hafði klætt sig úr úlpu og lambhúshettu, kvaðst kærði hafa veitt því athygli, að botninn á buxum X var blautur. Kærði spurði því drenginn, hvort hann vildi ekki, að kærði þurrkaði buxurnar. Hafi drengurinn viljað það og kærði síðan aðstoðað hann við að klæða sig úr buxunum. X hafi síðan setið á sófa í herberginu með handklæði á hnjám sér, er dyrabjöllunni var hringt. Fór kærði þá niður í stiga, þar sem hann hitti ókunnuga konu, A, sem spurði, hvort hann væri með lítinn dreng inni hjá sér. Kærði kveðst hafa svarað játandi og snúið til baka til að láta X vita, enda áleit kærði, að A væri móðir drengsins. Er kærði og A komu inn í herbergið, hefði drengurinn setið rólegur í sófanum. A hefði síðan klætt drenginn í fötin og farið með hann út.

Kærða var á dómþingi kynnt, að A hefði borið við skýrslugjöf hjá RLR, að X hefði kropið í sófanum með hendur á sófabakinu, er hún kom inn í herbergið, og hefði hann verið með nærbuxurnar dregnar niður fyrir rassinn. Kærði mótmælti þessum framburði og kvað hann vera rakin ósannindi.

Við yfirheyrslur hefur komið fram, að kærði kynntist X fyrir nokkrum vikum, og var drengurinn búinn að heimsækja kærða nokkrum sinnum áður. Virðist sem drengurinn hafi haldið þessu leyndu fyrir foreldrum sínum. Að sögn móður X er hann afar miður sín eftir atburði fimmtudagsins og hefur ekki viljað tjá sig neitt um málið. Óskaði hún eftir því við RLR, að ekki yrði rætt við drenginn að sinni. Er nú fyrirhugað að fá sálfræðing til að ræða við X fljótlega. Í ljósi þessa og þar sem verulegt ósamræmi er milli framburðar kærða og A, þykir nauðsynlegt, að kærði verði hafður í varðhaldi, en ella er hætt við því, að hann nái að spilla rannsókn málsins, sem enn er á frumstigi, með því að hafa áhrif á drenginn og önnur vitni.

Leiði rannsókn RLR í ljós, að kærði hafi leitað á X kynferðislega í einhver þau skipti, sem hann heimsótti kærða, má gera ráð fyrir, að kærði

verði sóttur til saka fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga og ákvæðum barnaverndarlaga. Hefur kærði nú þegar hlotið marga dóma fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum piltum, og má telja víst, að hann sé vana-afbrotamaður í skilningi 72. gr. almennra hegningarlaga, sem ætla má, að muni halda áfram kynferðisafbrotum, ef hann er á annað borð tekinn til við þá fyrri iðju sína að lokka til sín drengi í kynferðislegu augnamiði. Það er því álit dómsins, að fyrirbyggja verði alla hættu á frekari kynferðisafbrotum kærða og hafa hann í varðhaldi, meðan máli hans er ólokið.

Mikið hefur verið fjallað um sakaferil kærða í fjölmiðlum og myndir birtar af honum og núverandi heimili hans. Hefur því blossað upp að nýju meðal almennings mikil andúð og jafnvel hatur í garð kærða, en skemmst er að minnast þeirrar reiðiöldu, er gekk yfir þjóðina fyrir nokkrum árum, þegar svipuð mál á hendur kærða voru til meðferðar hjá dómstólum. Með dómi Hæstaréttar frá 24. febrúar 1988 var kærði síðan dæmdur í 9 mánaða fangelsisvist og að henni lokinni gert að sæta „viðeigandi hælisvist" í 15 mánuði. Fjölmiðlar birtu ítarlegar fréttir af ofangreindum dómi, og fylgst var með því, hvenær kærði fór í umrædda hælisvistun, og einnig, hvenær hann útskrifaðist. Ef almenningur hefur einhvern tíma trúað, að kærði gæti náð einhverjum bata af þessum veikleika til ungra drengja, sem Hannes Pétursson geðlæknir segir í niðurstöðum geðheilbrigðisrannsóknar á kærða í janúar 1987, að sé sökum alvarlegra persónuleikatruflana, þá er sú tiltrú almennings nú að engu orðin, og ný alda óhugnaðar er risin. Þykir því nauðsynlegt að koma kærða í öruggt skjól, meðan reiði almennings er að dvína, og tryggja þannig, að kærði verði ekki fyrir árásum samborgara sinna.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og með vísan til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, þykir rétt að verða við kröfu RLR um gæsluvarðhald á hendur kærða, og þykja ekki efni til að ákveða varðhaldinu skemmri tíma en krafist hefur verið.

Úrskurðarorð:

Kærði, Steingrímur Njálsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl nk. kl. 16.00.

Föstudaginn 23. febrúar 1990.

Nr. 50/1990. **Vatnsvirkinn hf. og**
Ásbjörn Guðmundsson
gegn
Tómasi Enok Thomsen og
Byggingafélaginu hf.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. janúar 1990, sem barst Hæstarétti 2. þ.m. Kærður er úrskurður bæjarþings Garðakaupstaðar 12. desember 1989, en sóknaraðilar fengu vitneskju um hann 2. janúar 1990.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir bæjarþing Garðakaupstaðar að taka málið til meðferðar að nýju og „fram fari málflutningur um málskostnað til handa stefnendum og síðan verði kveðinn um (sic) dómur, sem taki til að stefnendur hafi fallið frá öðrum kröfum fyrir dómi en málskostnaðarkröfum og dæmt verði um málskostnaðarkröfur stefnenda". Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

I.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, hljóðar svo: „Málskostnaður fellur niður." Héraðsdómarinn hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni. Þar segir m.a. svo:

„I. Mál þetta hefur Vatnsvirkinn hf. ... og Ásbjörn Guðmundsson ... höfðað fyrir bæjarþingi Garðakaupstaðar gegn Tómasi Enok Thomsen ... og Byggingarfélaginu hf. ...

II. Málsatvik eru þau, að Byggingarfélagið h.f. seldi Tómasi Enok Thomsen 4ra herbergja íbúð á 6. hæð í fjölbýlishúsinu nr.

1 við Hrísmóa í Garðakaupstað með kaupsamningi dagsettum 15. janúar 1985. Tómas Enok, sem er pípulagningameistari, skyldi greiða íbúðina með því að sjá um pípulagnir í húsinu. Tómas Enok seldi íbúðina til Vatnsvirkjans h.f. með kaupsamningi dagsettum 9. júlí 1985. Byggingarfélagið h.f., sem enn var þinglýstur eigandi, samþykkti eignaskiptin með áritun á kaupsamninginn. Loks seldi Vatnsvirkinn h.f. íbúðina Ásbirni Guðmundssyni með kaupsamningi dagsettum 12. júlí 1985 og enn skrifaði Byggingarfélagið h.f. upp á kaupsamninginn.

Ágreiningur reis milli Byggingarfélagsins h.f. og Tómasar Enoks um verð íbúðarinnar og hvernig meta skyldi vinnuframlag og efniskostnað Tómasar. Byggingarfélagið h.f. neitaði Tómasi Enok um afsal fyrir íbúðinni og gat hann því ekki gefið út afsal til Vatnsvirkjans h.f. Var rekið sérstakt mál um þann ágreining, bæjarþingsmálið nr. 572/1989 (sic), og lauk því með sátt þann 28. apríl 1989.

Í framhaldi af því gaf Byggingarfélagið h.f. út afsal, dagsett 25. september 1989, til Tómasar Enoks fyrir íbúðinni. Og þann 9. október 1989 afsalaði Tómas Enok íbúðinni til Vatnsvirkjans h.f. ...

IV. Þegar ljóst varð að bæjarþingsmálinu nr. 572/1988: Byggingarfélagið h.f. gegn Tómasi Enok Thomsen og gagnsök var lokið með sátt og að Tómas Enok hafði gefið út afsal til Vatnsvirkjans h.f., óskuðu stefnendur eftir í þinghaldi 8. desember 1989 að hefja málið og falla frá öllum kröfum á hendur stefndu að öðru leyti en því að krafist var, að stefndi Tómas greiddi kr. 100.000 í málskostnað.

Í þinghaldinu var bókað eftir lögmönnum aðila:

„.... bendir lögmaður stefnenda á dskj. 22, sem ekki hafi verið lagt inn til þinglýsingar fyrr en 28. nóvember 1989. Það var ekki fyrr en þá að unnt var að þinglýsa frumriti dskj. nr. 21. Dskj. nr. 20 sýni að ekki hafi verið skilyrði til útgáfu afsals til stefnda Tómasar Enoks fyrr en löngu eftir að mál þetta var höfðað. Þau skilyrði varði öll stefnda Tómas Enok og séu á hans ábyrgð.

Lögmaður stefnda Tómasar Enoks óskar bókað: „Þar sem lögmaður stefnenda hafi fallið frá öllum stefnukröfum að undanskildri málskostnaðarkröfu þá eru eðli málsins samkvæmt ekki efni til að kveða upp frávísunardóm í þeim þætti málsins. Málskostnaðar-

kröfu stefnenda er mótmælt á sömu rökum og fram koma á dskj. nr. 19 varðandi málið í heild. Þar sem haldið er við kröfu um málskostnað er haldið við kröfu af hálfu stefnda Tómasar Enoks um málskostnað sér til handa vegna bersýnilegrar ástæðulausrar málshöfðunar af hálfu stefnenda. Sérstaklega er mótmælt þeirri fullyrðingu lögmanns stefnenda að ekki hafi verið skilyrði til útgáfu afsals fyrir íbúðinni fyrr en að lokinni sáttagerð í bæjarþingsmálinu nr. 572/1988. Að mati stefnda Tómasar Enoks var í raun efni til útgáfu þessa afsals af hálfu Byggingarfélagsins h.f. allt frá áramótum 1985 og 1986. Ágreiningur var um uppgjör á verkinu og hefur allar götur síðan staðið í veginum fyrir því að afsal var látið af hendi til Tómasar Enoks. Sátt sú sem vitnað er til á dskj. nr. 10 var m.a. gerð til þess að komast í færi við afsal frá Byggingarfélaginu h.f. í því skyni að geta látið af hendi afsal til stefnanda Vatnsvirkjans h.f.“

Ekki verður talið að stefndi Tómas Enok geti byggt málskostnaðarkröfu sína á 2. mgr. 1. tl. 177. gr. laga nr. 85/1936 um málshöfðun að þarflausu. Enn síður kemur til álita 1. mgr. 177. gr. sömu laga að sá, er tapi máli í öllu verulegu, skuli dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað.

Verður því að byggja á álitasjónarmiðum 178. gr. laga nr. 85/1936, og þykir því rétt, eins og málsatvikum er háttað, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Var því kveðinn upp í málinu þann 12. desember 1989 úrskurður um að málskostnaður skyldi niður falla.“

II.

Í endurriti af þinghaldi 8. desember 1989 kemur fram, að bókað hafi verið í lok þinghaldsins: „Málið er hafið og tekið til úrskurðar um málskostnað.“ Lögmenn beggja aðila rita undir þessa bókun. Sóknaraðilar féllu þannig frá kröfum á hendur varnaraðilum í þessu þinghaldi að öðru leyti en því, að krafist var málskostnaðar úr hendi varnaraðila Tómasar Enoks. Er málskostnaðarkrafan studd þeim rökum, að hún sé vegna fjögurra ára vinnu vegna tafa á útgáfu afsala. Telja sóknaraðilar, að málinu hefði, hvað niðurstöðu varðar, átt að ljúka með dómi, þar sem fram yrði tekið, að málsaðila greindi ekki á um efnisatriði, enda hefðu þau verið efnd utan réttar af varnaraðilum og málið því fellt niður. Sóknaraðilar telja,

að einnig hafi átt að fjalla um ágreining um málskostnað í forsendum dóms og í dómsorði, og vísa til ákvæða XIV. kafla laga nr. 85/1936 í því sambandi, sérstaklega til ákvæða 195. gr.

Telja verður, að með aðilum hafi orðið formleg réttarsátt um hafningu málsins á dómþingi 8. desember 1989. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981, var heimilt að kæra úrskurð héraðsdómara. Sóknaraðilar krefjast ómerkingar hins kærða úrskurðar, en gera ekki kröfu um endurskoðun málskostnaðar fyrir Hæstarétti, og verður hinum kærða úrskurði því ekki raskað.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Mánudaginn 26. febrúar 1990.

Nr. 58/1990. **Kaupþing hf.**

gegn

Sólveigu Magnúsdóttur.

Kærumál. Kæruheimild. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur hinn 15. desember 1989 með vísan til 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 kært til Hæstaréttar aflýsingu á veðskjali nr. A 020027/1987 úr fasteignabók borgarfógetaembættisins í Reykjavík. Gerir hann þær kröfur aðallega, að hin kærða úrlausn og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá, en til vara eru þær dómkröfur gerðar, að hinni kærðu úrlausn verði hrundið og staðfest verði færsla nefnds skjals í fasteignabók hinn 27. ágúst 1987. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Reykjavík verði staðfest. Verði ekki fallist á aðal- eða varakröfur hans, krefst hann þess til þrautavara, að svo verði kveðið á í dómi, að réttur varnaraðila yfir eigninni Reykjavíkurvegur 42 gangi framar rétti sóknaraðila samkvæmt hinu umdeilda skuldabréfi. Að lokum krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Þinglýsingardómari hefur samkvæmt 3. gr. laga nr. 39/1978 sent Hæstarétti skýringar sínar. Segir þar m.a.:

„Með bréfi til embættisins dags. 9. maí 1989 krafðist Baldvin Hafsteinsson hdl. þess fyrir hönd Sólveigar Magnúsdóttur, Geitastekk 9, Reykjavík, að veðskuldabréf útgefið af Steinverki h.f. 26. ágúst 1987 og tryggt með veði í Reykjavíkurvegi 42, Reykjavík, yrði afmáð úr veðmálabókum embættisins, þar sem Sólveig hafi aldrei samþykkt veðsetningu þessa, en hún hafi keypt umrædda íbúð af Steinverki h.f., og hafi kaupsamningur hennar verið móttekinn til þinglýsingar á undan umræddu veðskuldabréfi, sbr. 15. gr. þingl.l.

Með bréfi til embættisins dags. 24. maí 1989 mótmælir Eggert

Ólafsson hdl. fyrir hönd Hávöxtunarfélagsins h.f. kröfunni um aflýsingu, þar sem bréfinu hafi verið þinglýst án athugasemda og Hávöxtunarfélagið h.f. hafi fengið það framselt eftir að því hafi verið þinglýst og verið grandalaust um tilvist kaupsamnings.

Málavextir eru nánar þessir:

Sólveig keypti íbúðina Reykjavíkurveg 42 af Steinverki h.f. með kaupsamningi dags. 24. júlí 1987 og var hann móttekinn til þinglýsingar 20. ágúst 1987, en honum var ekki endanlega þinglýst fyrr en 18. desember 1987 og mun skýringin á því vera sú, að þinglýstir eigendur að eigninni (og fleiri eignum á þessu svæði) voru Bogi og Ingimar Ingimarssynir og við innlagningu kaupsamningsins til þinglýsingar lá ekki fyrir samþykki þeirra til þess að Steinverk seldi íbúðina, en því var þinglýst (móttekið) 24. nóvember 1987.

Hinn 26. ágúst var svo lagt inn til þinglýsingar umrætt veðskuldabréf, kr. 1.250.000 vt. tr. útgefið 26. ágúst 1987 af Steinverki til Svans Þórs Vilhjálmssonar. Var því endanlega þinglýst daginn eftir, 27. ágúst, en áður (20. ágúst) hafði verið þinglýst veðleyfi þeirra Boga og Ingimars handa Steinverki h.f. Hins vegar lá ekki fyrir við þinglýsingu veðskuldabréfsins samþykki Sólveigar Magnúsdóttur, en kaupsamningur hennar um íbúðina hafði verið lagður inn 6 dögum áður. Veðskuldabréfinu er þinglýst án athugasemdar og má ætla að þeim sem þinglýsti hafi þá verið ókunnugt um að búið var að leggja kaupsamninginn inn til þinglýsingar.

Af hálfu embættisins var haft samband við skuldara eftir að krafan um aflýsingu kom fram, til að reyna að leysa málið með samkomulagi en það tókst ekki.

Taldi þá undirritaður þinglýsingardómari eftir atvikum rétt að verða við kröfu kaupsamningshafa um aflýsingu, þar sem kaupsamningurinn hafði verið móttekinn til þinglýsingar á undan veðskuldabréfinu og samþykki kaupsamningshafa til veðsetningarinnar hafði aldrei verið þinglýst. Var í því sambandi höfð hliðsjón af 1. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga, sbr. og 27. gr. sem gerir ráð fyrir hugsanlegri leiðréttingu þinglýsingardómara.

Einnig var höfð hliðsjón af hæstaréttardómi nr. 384/1988 þar sem gert virðist ráð fyrir að kaupandi fasteignar þurfi ekki að sætta sig við þinglýsingu einhliða veðsetningar af hálfu seljanda, ef kaupsamningur hefir verið móttekinn til þinglýsingar á undan veð-

skjalinu, jafnvel þótt því sé þinglýst með athugasemd um ágallann.

Var þá veðskuldabréfið afmáð úr fasteignabók er svofelld áritun hafði verið gerð á staðfest endurrit af þinglýsingarendurriti veðskuldabréfsins:

„Veðskuldabréf þetta, A 20027/87, aflýsist skv. kröfu kaupsamningshafa, Sólveigar Magnúsdóttur. Bréfinu var þinglýst eftir að kaupsamningur við Sólveigu A 19545/87 var afhentur til þinglýsingar, en við þinglýsingu bréfsins lá samþykki Sólveigar ekki fyrir. Aflýsingin fer fram með vísan til 1. mgr. 24. gr., sbr. 27. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978 sbr. og hrd. 384/1988.“

Hinn 16. september 1989 kærði Hávöxtunarfélagið hf. framangreinda úrlausn þinglýsingardómarans, en þeirri kæru var vísað frá Hæstarétti með dómi 8. desember 1989 þar sem fyrrgreint hlutafélag sé verðbréfasjóður, sem ekki geti verið aðili að dómsmáli, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Kröfu sína um frávísun máls þessa frá Hæstarétti byggir varnaraðili á því að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga beri að kæra úrlausn þinglýsingardómara innan fjögurra vikna frá því aðila var kynnt úrlausnin eða hún send honum. Úrlausnin hafi verið framkvæmd 22. ágúst 1989 og aðilum tilkynnt hún sama dag. Hávöxtunarfélagið hf. hafi kært hana til Hæstaréttar 16. september 1989, en sú kæra hafi verið marklaus og hafi ekki getað rofið kærufrest samkvæmt 3. gr. þinglýsingalaga. Kærufrestur hafi því verið löngu liðinn, þegar sóknaraðili kærði til Hæstaréttar með bréfi 15. desember 1989.

Í greinargerð sóknaraðila segir, að sóknaraðili sé verðbréfafyrirtæki, sem sjái um rekstur Hávöxtunarfélagsins hf., og því sé nú kært í nafni sóknaraðila, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1989. Telur sóknaraðili, að kæra í nafni Hávöxtunarfélagsins hf. hafi rofið þann fjögurra vikna frest, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga. Telur hann heimilt að lögjafna frá 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands í þessu tilviki, þar sem málskot þetta varði sjálft sakarefnið, eins og tíðast sé, þegar dómsúrlausn sæti áfrýjun til Hæstaréttar. Vísbendingar um efnislega samstöðu með áfrýjun og kæru í þessu tilviki telur sóknaraðili að m.a. komi fram

í lengri kærufresti en í almennum kærumálum samkvæmt II. kafla laga nr. 75/1973.

Telja verður, að efnisrök standi til þess að lögjafna hér frá 36. gr. laga nr. 75/1973. Sóknaraðili kærði án ástæðulauss dráttar eftir uppsögu dóms Hæstaréttar, og verður kæra hans því ekki talin of seint fram komin. Frávísunarkröfu varnaraðila er því hafnað.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína á því, að þinglýsingardómaranum hafi ekki verið heimilt að endurskoða eigin gerðir, eins og hann hafi gert með aflýsingu umrædds veðskuldabréfs. Er og bent á, að lögin hafi að geyma úrræði fyrir aðila, sem telji rétt á sér brotinn með þinglýsingu, sbr. 18. og 1. mgr. 28. gr. þinglýsingalaga.

Hin kærða úrlausn er byggð á þeirri skoðun þinglýsingardómarans, að mistök hafi verið gerð við þinglýsingu veðskuldabréfs sóknaraðila, sem átt hafi að hafna samkvæmt 1. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga, og því beri honum að bæta þar úr samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laganna. Verður á það að fallast, að samkvæmt tilvitnaðri lagagrein hafi þinglýsingardómari nokkurt svigrúm til endurskoðunar á fyrri úrlausnum, og þykir rétt, eins og mál þetta liggur hér fyrir, að taka efnislega afstöðu til hinnar kærðu úrlausnar. Aðalkrafa sóknaraðila um ómerkingu verður því ekki tekin til greina.

Kaupsamningur varnaraðila var afhentur til þinglýsingar 20. ágúst 1987. Var hann gefinn út af Steinverki hf. 24. júlí 1987, en það fyrirtæki var ekki þinglýstur eigandi umræddrar eignar. Fyrir hönd Steinverks hf. undirrituðu samninginn Svanur Þór Vilhjálmsson og Viðar Halldórsson. Kaupsamningnum fylgdi ekki samþykki þinglýstra eigenda, og voru þau fyrst gefin út 6. og 11. nóvember 1987 og þeim þinglýst 26. nóvember sama ár. Kaupsamningurinn var því ekki tækur til þinglýsingar samkvæmt 24. gr. þinglýsingalaga, þegar hann var afhentur hinn 20. ágúst 1987. Hefði þinglýsingardómara því borið að vísa honum frá þinglýsingu eigi síðar en innan tveggja vikna frá afhendingu hans, sbr. 2. og 5. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga.

Veðskuldabréf sóknaraðila var gefið út af Steinverki hf. hinn 26. ágúst 1987 og undirritað af sömu mönnum fyrir þess hönd og undirritað höfðu kaupsamning varnaraðila, en bréfið var gefið út til Svans Þórs Vilhjálmssonar. Bréfið var framselt Hávöxtunarfélaginu hf. 27. ágúst 1987. Eins og áður er rakið, var bréfinu þinglýst 27.

ágúst 1987, og studdist það við veðleyfi þinglýstra eigenda, sem þinglýst hafði verið 20. sama mánaðar.

Hér er hins vegar á það að líta, að handhafi veðskuldabréfsins var verðbréfasjóður, rekinn af sóknaraðila. Upplýst er í málinu, að sala Steinverks hf. á umræddri íbúð til varnaraðila fór fram fyrir milligöngu fasteignasölu sóknaraðila rúmum mánuði fyrir útgáfu skuldabréfsins. Í samningnum er enginn áskilnaður um heimild seljanda til veðsetningar eignarinnar.

Með hliðsjón af framansögðu verður að fallast á þá fullyrðingu varnaraðila, að sóknaraðili hafi ekki verið grandlaus um óþinglýstan rétt varnaraðila. Fái skuldabréf hans því ekki hrundið rétti varnaraðila eftir eldri kaupsamningi samkvæmt 2. mgr. 29. gr., sbr. 19. gr. þinglýsingalaga. Eins og hér háttar til, þykir því ekki rétt að raska aðgerðum þinglýsingardómarans. Ber því að staðfesta hina kærðu úrlausn.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Reykjavík skal vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 65/1990. **Óskar Björnsson**
gegn
Sigurði Ólasyni,
Steinunni Tómasdóttur,
Sigfríði Sigurðardóttur,
Tómasi Ólafssyni og
Margréti Hjartardóttur.

Kærumál. Meðalganga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili, Óskar Björnsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. janúar 1990. Kærður er forsendulaus úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. desember 1989 svohljóðandi:

„Kröfu Óskars Björnssonar um meðalgöngu í málinu er synjað."

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg, að meðalgangan komist að í málinu.

Varnaraðili Sigurður Ólason krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Aðrir varnaraðilar gera engar kröfur fyrir Hæstarétti, en í þinghaldi í héraði 18. desember sl. lýstu þeir þeirri skoðun sinni, að heimila ætti meðalgönguna.

I.

Héraðsdómarinn, Pétur Bjarni Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, hefur samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, gert eftirfarandi grein fyrir forsendum og ástæðum fyrir úrskurðinum:

„Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á tveimur skuldabréfum með lánskjaravísitölu og er greiðsla þeirra tryggð með sjálfskuldarábyrgð. Stefndu eru skuldari bréfsins og þrír sjálfskuldarábyrgðarmenn.

Í báðum skuldabréfunum sem stefnandi hefur lagt fram í málinu er hann skráður skuldareigandi og þau hafa eigi verið framseld. Í

skuldabréfunum viðurkennir útgefandi einhliða skyldu sína til að greiða stefnanda peningagreiðslu.

Stefnandi kveðst reka málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, en samkvæmt ákvæðum í skuldabréfunum er það heimilt.

Meðalgöngustefnandi gerir kröfu til þess að sér verði dæmd skuldin samkvæmt skuldabréfunum. Telja verður að þótt sú sé krafan, þá verði með hana að fara eftir ákvæðum 208. gr. laga nr. 85/1936, en greinin hefur að geyma undantekningar frá þeirri aðalreglu að varnir um efni máls sem fara eftir XVII. kafla laganna verði ekki hafðar uppi. Stefnandi hefur ekki veitt samþykki sitt til þess að kröfur meðalgöngustefnanda komist að í málinu. Ekki verður séð að meðalgöngustefnandi komi að í málinu, vegna ákvæða 208. gr. laga nr. 85/1936, þeirri kröfu, að sér verði dæmd skuldin fremur en stefndu gætu komið að þeirri kröfu að þeim bæri að greiða skuldina öðrum en skuldareiganda samkvæmt skuldabréfinu. Samkvæmt þessu verður krafa Óskars Björnssonar um meðalgöngu í málinu ekki tekin til greina."

II.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 má hafa uppi þá vörn í máli, sem rekið er eftir XVII. kafla þeirra laga, að mál sé höfðað af röngum aðila. Sóknaraðili kveðst vera eigandi bréfanna, sem varnaraðili Sigurður Ólason byggir málsóknina á, og sé sóknaraðili þannig réttur aðili að stefnukröfunni í héraði. Ekki er þannig loku fyrir það skotið, að úrslit málsins kunni að skipta hann máli að lögum. Hinum kærða úrskurði er því hrundið og meðalgangan heimiluð samkvæmt 50. gr. laga nr. 85/1936.

Varnaraðili, Sigurður Ólason, skal greiða sóknaraðila 10.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinum kærða úrskurði er hrundið. Sóknaraðila, Óskari Björnssyni, skal meðalganga heimil.

Varnaraðili, Sigurður Ólason, greiði sóknaraðila 10.000 krónur í kærumálskostnað.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 496/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Páli Guðfinni Harðarsyni,
Jóhönnu Erlu Ólafsdóttur og
Matthildi Gestsdóttur
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Tékkalagabrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1989 að ósk ákærðu Páls Guðfinns Harðarsonar og Matthildar Gestsdóttur, en jafnframt til þyngingar refsingar allra ákærðu.

Af hálfu ákærðu eru gerðar þær dómkröfur „aðallega að ákærðu verði sýknuð af kröfum ákæruvaldsins, til vara að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, til þrautavara að einungis verði sakfellt fyrir brot á 1. mgr. 73. gr. l. nr. 94/1933 og refsing verði skilorðsbundin".

I.

Verjandi ákærðu byggir ómerkingarkröfu sína á því, að rannsókn málsins hafi verið mjög ábótavant, m.a. hafi ekki verið kannaðar yfirdráttarheimildir Hamra hf. eða geta fyrirtækisins til að greiða tékka þá, sem ákært er fyrir. Þótt framangreind atriði hafi lítt verið rannsökuð af rannsóknarlögreglu ríkisins, var þó að mestu úr því bætt fyrir sakadómi, og er ómerkingarkröfu ákærðu hafnað.

II.

Eins og rakið er í héraðsdómi, gáfu ákærðu út tékka þá, sem um ræðir í máli þessu, til þess að greiða laun starfsmanna Hamra hf. og greiða skuldir fyrirtækisins, og kom enginn hagnaður í hlut ákærðu. Allir tékkarnir voru gefnir út og notaðir í október 1988, en tékkareikningi fyrirtækisins var lokað 17. október. Öll vissu

ákærðu, að innstæða fyrir tékkunum var ekki fyrir hendi, þegar þeir voru gefnir út, en segjast hafa búist við, að svo yrði, þegar til innlausnar þeirra kæmi. Gögn málsins bera með sér, að Hamrar hf. áttu von á umtalsverðri fjárhæð, en greiðsla hennar dróst og kom ekki fyrr en 18. október. Þá liggur það og fyrir, að það hafði verið látið viðgangast af hálfu bankans, að Hamrar hf. gæfu út innstæðulausar ávísanir, sem voru geymdar á svokölluðum FIT-reikningi, þar til innstæða var til fyrir þeim.

Atferli ákærðu telst varða við 1. mgr. 73. gr. laga um tékka nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977, en ákvæði þessu má beita með heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála í stað ákvæða þeirra, sem í ákæru greinir, enda hefur málið verið flutt með tilliti til þess.

III.

Refsing ákærða, Páls Guðfinns, þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi og refsing ákærðu, Jóhönnu Erlu og Matthildar, 30 daga fangelsi. Með hliðsjón af því, að ákærðu hafa ekki áður hlotið dóm, sem hefur í för með sér frelsissviptingu, þykir mega fresta fullnustu refsingar, eins og í dómsorði greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Guðfinnur Harðarson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærða Jóhanna Erla Ólafsdóttir sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákærða Matthildur Gestsdóttir sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. september 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 20. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 429-31/1989: Ákæruvaldið gegn Páli Guðfinni Harðarsyni, Jóhönnu Erlu Ólafsdóttur og Matthildi Gestsdóttur, sem dómtekið var 15. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. febrúar 1989, á hendur ákærðu, Páli Guðfinni Harðarsyni, Grundargötu 80 í Grundarfirði, fæddum 6. júlí 1954 í Grundarfirði, Jóhönnu Erlu Ólafsdóttur, sama stað, fæddri 16. maí 1956 í Kópavogi, og Matthildi Gestsdóttur, Rofabæ 27 í Reykjavík, fæddri 18. september 1958 í Reykjavík, „fyrir tékkasvik með því að gefa út og nota í október 1988 í Reykjavík, nema annað sé nefnt, eftirtalda 8 tékka, svo sem nánar verður rakið, á reikning byggingafélagsins Hamra hf., Kópavogi, nr. 811 í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, en ákærði, Páll Guðfinnur, er stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, ákærða Jóhanna Erla meðstjórnandi og ákærða Matthildur gjaldkeri og þær báðar með sérstök umboð til útgáfu tékka á nefndan reikning. Tékkana gáfu ákærða Jóhanna Erla (tvo) og ákærða Matthildur (sex) út í nafni fyrirtækisins, og voru þeir allir stílaðir á banka eða sparisjóði, þar sem þeir voru notaðir til að ganga frá greiðslum frá fyrirtækinu í gíróformi, en ákærðu var öllum kunnugt um, að fyrir tékkunum var engin innistæða á nefndum reikningi fyrirtækisins, og voru tékkarnir allir gefnir út og notaðir með vitund og að fyrirlagi ákærða, Páls Guðfinns:

I. Tékkar, gefnir út og notaðir af ákærða Páli Guðfinni og ákærðu Jóhönnu Erlu:

1. Nr. 52557, kr. 353,994, dagsettur 6. október, til Sparisjóðs vélstjóra. Notaður í nefndum sparisjóði að Síðumúla 1.

2. Nr. 52553, kr. 428.361, dagsettur sama dag, til Sparisjóðs Kópavogs. Notaður í nefndum sparisjóði að Digranesvegi 10, Kópavogi. Teljast þessir verknaðir ákærðu Páls Guðfinns og Jóhönnu Erlu varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

II. Tékkar, gefnir út og notaðir af ákærða, Páli Guðfinni, og ákærðu Matthildi:

1. Nr. 52566, kr. 190.000, dagsettur 7. október, til Sparisjóðs vélstjóra. Notaður í nefndum sparisjóði að Borgartúni 18.

2. Nr. 52552, kr. 120.000, dagsettur 10. október, til sama og notaður á sama stað.

3. Nr. 52563, kr. 122.617,65, dagsettur 7. október, til Sparisjóðs Kópavogs. Notaður í nefndum sparisjóði að Digranesvegi 10, Kópavogi.

4. Nr. 52565, kr. 130.000, dagsettur 7. október, til Samvinnubanka Íslands. Notaður í Háaleitisútibúi bankans.

5. Nr. 52570, kr. 140.000, dagsettur 10. október, til Samvinnubanka Íslands. Notaður í útibúi bankans við Suðurlandsbraut.

6. Nr. 52571, kr. 125.656, dagsettur 19. október, til Hilmars Helgasonar. Greiðsla til verktaka upp í verksamning.

Teljast þessir verknaðir ákærðu Páls Guðfinns og Matthildar aðallega varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 73. gr. laga um tékka nr. 94,1933, sbr. lög nr. 35,1977, hvað varðar verknað ákærðu Matthildar og verknað samkvæmt 6. tölulið hjá ákærða Páli Guðfinni.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir:

Byggingafélagið Hamrar hf. var stofnað 1. júlí 1987 í Kópavogi. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri var ákærði, Páll Guðfinnur, og meðstjórnendur ákærða, Jóhanna Erla og Berglind Ólafsdóttir, Kóngsbakka 8 í Reykjavík. Tékkareikningur fyrirtækisins, nr. 811 í Búnaðarbanka Íslands, var stofnaður 28. júní 1988 og ákærðu Jóhönnu þá veitt umboð til þess að ávísa á reikninginn. Ákærðu Matthildi, sem var gjaldkeri félagsins, var einnig veitt slíkt umboð 2. ágúst 1988.

Um haustið 1988 dró að gjaldþroti félagsins, og var ekki til handbært fé til þess að greiða laun starfsmanna og aðrar skuldir. Brugðu ákærðu á það ráð að gefa út tékka á fyrrnefndan reikning félagsins í Búnaðarbanka Íslands til þess að greiða skuldirnar, enda þótt þeim væri öllum ljóst, að ekki væri innistæða fyrir tékkunum. Var það von þeirra, að úr rættist síðar og hægt yrði að rétta af reikninginn. Var reikningnum lokað hinn 17. októ-

ber 1988. Ákærðu Jóhanna Erla og Matthildur gáfu út tékkana að fyrirlagi ákærða Páls Guðfinns og greiddu skuldir félagsins í innlánsstofnunum, eins og rakið er, og með vitund hans:

I.

1. Nr. 52557, kr. 353.994. Tékka þennan gaf ákærða Jóhanna Erla út 6. október sl. og notaði í útibúi Sparisjóðs vélstjóra í Síðumúla 1 í Reykjavík til þess að greiða laun inn á reikninga sjö starfsmanna Hamra hf. í Landsbanka Íslands.

2. Nr. 52553, kr. 428.361. Tékka þennan gaf ákærða Jóhanna Erla út sama dag og notaði í Sparisjóði Kópavogs til þess að greiða laun inn á reikninga tólf starfsmanna Hamra hf. í öðrum innlánsstofnunum.

Ákærðu Páll Guðfinnur og Jóhanna Erla hafa með útgáfu og notkun þessara tékka orðið sek um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga gagnvart Sparisjóðum vélstjóra og Kópavogs.

II.

1. Nr. 52566, kr. 190.000. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 7. október sl. og notaði í Sparisjóði vélstjóra, Borgartúni 18, til þess að greiða inn á reikninga fyrirtækja, sem Hamrar hf. stóðu í skuld við, í öðrum innlánsstofnunum.

2. Nr. 52552, kr. 120.000. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 10. október og notaði 13. sama mánaðar í Sparisjóði vélstjóra til þess að leggja inn á reikning sinn í Landsbanka Íslands vegna skuldar fyrirtækisins við hana.

3. Nr. 52563, kr. 122.617,65. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 7. október og notaði í Sparisjóði Kópavogs til þess að greiða inn á reikninga hennar og annarra í öðrum innlánsstofnunum, vegna skuldar fyrirtækisins við hana sjálfa og aðra.

4. Nr. 52565, kr. 130.000. Tékka þennan gaf ákærða út 7. október og notaði í Háaleitisútibúi Samvinnubankans til þess að greiða inn á reikning verktakans Bergholts hf. í útibúi bankans við Suðurlandsbraut.

5. Nr. 52570, kr. 140.000. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 10. október og notaði þrem dögum síðar í útibúi Samvinnubankans við Suðurlandsbraut til þess að greiða inn á reikning sinn þar vegna skuldar fyrirtækisins við hana sjálfa.

6. Nr. 52571, kr. 125.656. Tékka þennan gaf ákærða Matthildur út 5 til 8 dögum fyrir sagðan útgáfudag 19. október til Hilmars Helgasonar til greiðslu á skuld Hamra hf. við Hilmar með fyrirvara um, að innistæða yrði ekki á reikningnum fyrr en þá.

Ákærðu Páll Guðfinnur og Matthildur hafa með útgáfu og notkun tékka

nr. 1 til 5 orðið sek um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga gagnvart Sparisjóðum vélstjóra og Kópavogs og Samvinnubankanum, en með tékka nr. 6 hafa þau orðið sek um brot gegn 73. gr. laga um tékka nr. 94,1933, sbr. lög nr. 35,1977. Í ákæru hefur ekki verið krafist fébóta, og hafa bætur ekki verið greiddar.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði, Páll Guðfinnur, hefur tvisvar verið sektaður fyrir umferðar- og tolllagabrot, en ákærðu, Jóhönnu Erlu og Matthildi, hefur ekki verið refsað áður.

Refsing ákærða, Páls Guðfinns, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu 5 mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu Jóhönnu Erlu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærðu Matthildar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu 4 mánaða af refsingunni og ákveða, að sá hluti hennar falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Gunnars Jóhanns Birgissonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Guðfinnur Harðarson, sæti fangelsi í 7 mánuði. Fresta ber fullnustu 5 mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Jóhanna Erla Ólafsdóttir sæti fangelsi í 3 mánuði. Fresta ber fullnustu refsingarinnar, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Matthildur Gestsdóttir sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta ber fullnustu 4 mánaða af refsingunni, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Gunnars Jóhanns Birgissonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 69/1990. **Ákæruvaldið**
gegn
Antoni Karlssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1990, sem barst Hæstarétti sama dag. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 24. febrúar 1990.

Ár 1990, laugardaginn 24. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Antoni Karlssyni, kt. 060572-3569, til heimilis að Álakvísl 74, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir.

Þann 12. október 1989 var brotist inn í birgðageymslu Olís og Sunda hf. við Vagnhöfða 13, Reykjavík. Í innbrotinu hurfu u.þ.b. 360 karton

af vindlingum og krónur 48.000 í peningum samkvæmt rannsóknargögnum málsins. Fimmtudaginn 22. febrúar sl. var kærði handtekinn af lögreglu vegna grunar um aðild að innbrotinu.

Kærði er jafnframt grunaður um sölu myndbandstækis, er hvarf í innbroti í Verslunarskóla Íslands aðfaranótt nýársdags sl.

Kærði hefur viðurkennt fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi að eiga aðild að innbrotinu. Kvaðst kærði hafa staðið að innbrotinu í félagi við tvo aðra, Arnar og Agga. Kærði hefur borið, að þeir hafi stolið u.þ.b. 200 kartonum af vindlingum og 25.000 krónum í peningum, og hafi kærði fengið þriðjung þýfis í sinn hlut. Jafnframt hefur kærði viðurkennt að hafa selt nefnt myndbandstæki. Kveðst kærði ekki vita, hvaðan tækið kom, en verið ljóst, að það væri illa fengið.

Eftir er að yfirheyra aðra, sem grunaðir eru um að hafa staðið að innbrotinu með kærða. Brot það, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Ljóst er, að rannsókn máls þessa er á frumstigi. Veruleg hætta er á, að kærði spilli sakargögnum.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974, og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Anton Karlsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. febrúar nk. kl. 16.00.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 495/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Bjarna Heiðari Ásgeirssyni Hraundal
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1989 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar refsingar og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda.

I.

Ákærða er gefið að sök að aka mánudaginn 8. apríl 1985, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-41816 frá Melabraut á Seltjarnarnesi að Breiðagerði 29 í Reykjavík, en þar hafði lögreglan afskipti af honum að loknum akstri. Mál hans var rannsakað hjá lögreglunni í Reykjavík og sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar 17. janúar 1986. Ákæra er útgefin 12. febrúar 1986. Málið er þingfest 30. október s.á. af Júlíusi B. Georgssyni, fulltrúa yfirsakadómara. Dómarinn leggur fram skjöl, ákærði kemur fyrir rétt, ákæran er birt, ákærði óskar eftir að halda uppi vörnum og tilnefnir Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmann sem verjanda sinn. Málið er næst tekið fyrir 22. júní 1987 og ákærði þá yfirheyrður í viðurvist verjanda síns. Vitnaskýrslur eru teknar í þinghöldum 14. júlí s.á. og 30. júlí s.á. Verjandi ákærða er viðstaddur fyrra þinghaldið, en í upphafi þess síðara er bókað, að verjanda ákærða hafi verið tilkynnt um þinghaldið, en hann hafi boðað forföll vegna brottfarar af landinu. Málið er síðan ekki tekið fyrir fyrr en tæpum tveimur árum síðar, eða 26. júlí 1989, og aftur 18. ágúst s.á. Tvö vitni eru þá yfirheyrð sitt í hvoru þinghaldi. Hvorki ákærði né verjandi hans voru viðstaddir þessi þinghöld, og þess er ekki getið í bókunum, að þeir hafi verið boðaðir til þessara þinghalda. Síðasta þinghald í héraði fer fram 2. október 1989. Verjandi ákærða er þá viðstaddur og

leggur fram skriflega vörn. Málið er síðan tekið til dóms, án þess að ákærði komi fyrir dóm, og vitnaskýrslur í þinghöldum 30. júlí 1987, 26. júlí 1989 og 18. ágúst s.á. kynntar fyrir honum, og hann fái tækifæri til að tjá sig um þær, sbr. 78. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Eigi þykir þó nauðsynlegt að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina af þessum sökum, þar sem verjandi átti þess kost, sbr. 124. gr. sömu laga, að fá ákærða og þessi vitni yfirheyrð á ný, ef hann taldi þörf á því.

II.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakarmat og færslu til refsiákvæða.

Refsing ákærða vegna máls þessa eins út af fyrir sig hefði, svo sem sakaferli hans er háttað, farið fram úr sektum. Brot gegn 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1956, sem í gildi voru, þegar brotið var framið, sbr. nú 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 2. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 kemur ekki til álita, að mál ákærða sé fyrnt. Að þessu athuguðu ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um viðurlög og sakarkostnað.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Svo sem rakið er hér að framan, var meðferð máls þessa í héraði verulega ábótavant, og stórfelldur dráttur varð einnig á rekstri þess, sem ekki hefur verið réttlættur. Verður ekki hjá því komist að víta meðferð þessa.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Bjarni Heiðar Ásgeirsson Hraundal, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. nóvember 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 2. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 539/1989: Ákæruvaldið gegn Bjarna Heiðari Ásgeirssyni Hraundal, sem tekið var til dóms hinn 2. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. febrúar 1986, á hendur Bjarna Heiðari Ásgeirssyni Hraundal, Kaplaskjólsvegi 37, Reykjavík, fæddum 21. október 1952 í Reykjavík, „fyrir að aka, mánudaginn 8. apríl 1985, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-41816 frá Melabraut á Seltjarnarnesi að Breiðagerði 29, Reykjavík, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða að loknum akstri.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Mánudaginn 8. apríl 1985, laust fyrir kl. 19.00, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að ölvaður maður hefði ekið frá Spóahólum í bifreiðinni R-41816. Meðal lögreglumanna, sem hófu eftirgrennslan eftir bifreið þessari, voru Gunnar S. I. Sigurðsson og Páll Á. Jónsson. Er þeir óku vestur Miklubraut, sáu þeir til ferða framangreindrar bifreiðar, þar sem henni var ekið austur sömu götu. Sneru þeir þegar við og hófu eftirför. Var bifreiðinni ekið af Miklubraut suður Grensásveg og austur Breiðagerði. Vegna umferðar misstu lögreglumennirnir sjónar af bifreiðinni í Breiðagerði, en fundu hana strax aftur í innkeyrslu hússins nr. 29 við þá götu. Þá var ökumaður bifreiðarinnar ekki í henni, en íbúi í húsinu, Bryndís Snorradóttir að nafni, sem lögreglumennirnir hittu að máli í innkeyrslunni, greindi þeim frá því, að víst mætti telja, að hann hefði farið inn í húsið. Heimilaði hún lögreglumönnunum að leita ökumannsins, ákærða í máli þessu, í íbúð hennar. Fundu lögreglumennirnir ákærða, þar sem hann lá í rúmi í risherbergi.

Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 19.51. Reyndist það innihalda 1,84‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins skýrði ákærði svo frá, að mánudaginn 8. apríl 1985 hafi hann ekið bifreiðinni-R 41816 frá húsi einu við Melabraut á Seltjarnarnesi að Breiðagerði 29 hér í borg, þar sem lögreglan hafi haft afskipti af honum að afloknum akstri. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa ekið bifreiðinni undir áfengisáhrifum greint sinn.

Ákærði kvaðst þó nokkru fyrir aksturinn hafa drukkið einn vodka-„sjúss", en að akstri loknum hafi hann farið inn í herbergi á efri hæð fyrrnefnds húss, þar sem hann hafi sturtað í sig úr u.þ.b. hálfri 0,75 lítra vodkaflösku, en enginn hafi þó verið vitni að þessari drykkju hans. Skömmu síðar hafi lögreglan komið að honum og fært hann á lögreglustöð, en flöskuna hafi hann annaðhvort skilið eftir í herberginu eða fleygt út um gluggann.

Í skýrslu þeirri, sem tekin var af ákærða við lögregluransókn málsins og hann hefur staðfest sem rétta í dóminum, kvaðst ákærði fyrir aksturinn hafa drukkið tvöfaldan vodka-„sjúss", blandaðan í gosdrykk. Með honum við drykkjuna hafi verið bræðurnir Guðjón og Brynjólfur Óskarssynir. Hafi hann dvalið hálfa til eina klukkustund hjá Guðjóni og neytt þessa áfengis á þeim tíma. Áfengið, sem hann drakk að loknum akstri, hafi hann fengið hjá Guðjóni.

Vitnið Páll Ástþór Jónsson lögreglumaður skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að tilkynnt hafi verið um ölvaðan ökumann á bifreiðinni R-41816. Litlu síðar hafi það og lögreglumaður nr. 57 veitt bifreiðinni athygli, þar sem henni var ekið austur Miklubraut, en þeir lögreglumennirnir hafi verið á leið vestur þá götu. Þeir hafi þegar hafið eftirför og ekið austur Miklubraut, suður Grensásveg og austur Breiðagerði, þar sem þeir hafi um stund misst sjónar af bifreiðinni, en fundið hana aftur í innkeyrslu hússins nr. 29 við Breiðagerði. Þar hafi þeir hitt að máli konu, sem sagst hafi verið íbúi í húsinu. Hafi hún sagt þeim, að ökumaður téðrar bifreiðar hafi komið að húsinu, augnabliki áður en þá lögreglumennina bar að, og hefði hann farið inn í húsið. Hafi konan síðan vísað þeim á manninn, þar sem hann hafi legið á bedda í herbergi á efri hæð hússins. Kvaðst vitnið hafa litast um í herberginu, en ekki hafi það getað fundið þar áfengi og ekki hafi maðurinn haft á sér áfengi. Maður þessi hafi borið greinileg merki ölvunar, en ekki treysti vitnið sér til að segja nánar til um útlit hans.

Vitnið kvaðst ekki vera í vafa um, að einungis örskammur tími hafi liðið, frá því að ákærði fór út úr bifreiðinni og þar til þeir lögreglumennirnir handtóku hann. Taldi vitnið því, að svigrúm ákærða til að neyta áfengis, eftir að akstri lauk, hafi nánast ekkert verið.

Vitnið Gunnar Sigurður Ingólfur Sigurðsson lögreglumaður skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hafi greint sinn verið í eftirlitsferð ásamt lögreglumanni nr. 153. Er þeir óku eftir Miklubraut, hafi þeir mætt bifreiðinni R-41816, en áður hafi verið búið að tilkynna þeim, að ölvaður ökumaður væri á bifreiðinni. Þeir hafi veitt bifreiðinni eftirför og hafi ökumaður hennar sjáanlega reynt að komast undan og farið að húsi við Breiðagerði og inn í það hús. Þeir hafi síðan með leyfi húsráðanda farið inn í húsið. Hafi þeir fundið ökumanninn liggjandi á dýnum uppi

í risi hússins. Hafi hann verið mjög drukkinn. Engin merki hafi verið þess, að hann hafi neytt áfengis í húsinu, enda ekki nema u.þ.b. 10 sekúndur frá því að hann fór inn í húsið og þar til þeir fylgdu á eftir honum.

Áréttaði vitnið fyrir dóminum, að einungis örstutt stund hafi liðið, frá því að ákærði fór inn í fyrrnefnt hús, þar til þeir lögreglumennirnir komu að honum í risherberginu. Kvaðst vitnið ekkert áfengi hafa fundið í herberginu þrátt fyrir leit. Þótt ekki væri með öllu hægt að útiloka, að ákærði hafi getað neytt áfengis, eftir að akstri lauk, væri það afar ósennilegt.

Vitnið Bryndís Snorradóttir skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hafi verið statt í bifreið sinni fyrir utan þáverandi heimili sitt, Breiðagerði 29, er það hafi veitt því athygli, að fyrrum sambýlismaður þess, þ.e. ákærði í máli þessu, hafi komið akandi í bifreið og lagt henni fyrir aftan bifreið þess. Hafi ákærði farið út úr bifreiðinni og gengið rakleiðis inn í húsið. Skömmu síðar hafi lögreglubifreið komið að húsinu, og taldi vitnið, að innan við mínúta hafi liðið, frá því að ákærði kom að húsinu, þar til lögreglan kom.

Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð, að ákærði hafi verið með áfengisflösku. Hann hafi a.m.k. ekki verið með hana, þegar það og lögreglumennirnir fundu hann í húsinu. Því hafi fundist ákærði vera undir talsverðum áfengisáhrifum, er hann kom að heimili þess. Þá kvað vitnið ekki hafa verið áfengi á heimili þess, og teldi það, að ákærði hefði ekki haft tíma til að neyta áfengis þar sökum þess, hve skammur tími leið milli komu ákærða og lögreglu þangað.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að lögreglumennirnir hafi framkvæmt sérstaka leit í herberginu, sem ákærði var í, en hann hafi ekki verið að aðhafast neitt, þegar að honum var komið þar.

Fyrir dómi greindi vitnið frá því, að það hafi ekki veitt því athygli, hvort ákærði hafi verið með áfengisflösku meðferðis, þegar hann hljóp inn í húsið, en tók þó fram, að það hafi ekki séð hann ýkjavel. Hins vegar hafi það daginn eftir veitt athygli tómri flösku undan áfengi, sennilega brennivíni, sem verið hafi í námunda við rúmið, sem ákærði lá í, er að honum var komið.

Vitnið Guðjón Hróar Óskarsson, Melabraut 19, áður 57, Seltjarnarnesi, gaf skýrslu hjá lögreglu hinn 21. ágúst 1985. Skýrði það svo frá, að það minntist þess, að dag einn í apríl sama ár, rétt eftir helgi, hafi ákærði komið í heimsókn til þess. Hafi Brynjólfur, bróðir þess, þá verið hjá því. Ákærði hafi staðið við í rúma klukkustund og fengið sér í glas. Kvaðst vitnið ekki vita, hvort ákærði hafi drukkið úr meira en einu glasi, og ekki, hvort þetta hafi verið vodka eða brennivín, en það hafi átt áfengi af báðum þeim tegundum. Ákærði hafi ekki verið drukkinn, þegar hann fór frá því, en því væri kunnugt um, að ákærði var á bifreið og hafi ekið henni sjálfur.

Þegar ákærði fór, hafi hann fengið áfengisflösku hjá Brynjólfi, u.þ.b. hálffulla, af annarri hvorri fyrrnefndra tegunda.

Fyrir dómi kvaðst vitnið kannast við ákærða, þeir hafi verið kunningjar á þessum tíma og ákærði stundum komið í heimsókn til þess. Það kvaðst ekki geta greint frá málavöxtum í neinum smærri atriðum og í raun ekki geta annað en vísað til skýrslunnar, sem það gaf við lögreglurannsókn málsins.

Vitnið Brynjólfur Óskarsson hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Það kvaðst þekkja ákærða. Hafi hann hér á árum áður stundum komið á heimili þess, en þá hafi ákærði og Guðjón, bróðir þess, verið kunningjar. Sökum þess, hve oft ákærði kom á þessum árum á heimili þess til að heimsækja Guðjón, svo og þess, hve langt væri nú um liðið frá umræddum atburði, kvaðst vitnið ekki treysta sér til að svara því, hvort það hafi þá verið statt í sama herbergi og ákærði, og því gæti það ekkert sagt um áfengisneyslu eða áfengisáhrif ákærða þennan tiltekna dag né hvaða áfengistegund það hafi látið ákærða hafa. Það myndi hins vegar aldrei hafa látið ákærða komast upp með að fara á bifreiðinni, ef hann hefði verið ölvaður.

Niðurstaða.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni R-41816 frá Melabraut á Seltjarnarnesi að Breiðagerði 29 í Reykjavík hinn 8. apríl 1985. Hann hefur þó viðurkennt að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, þótt í litlum mæli væri. Vitnin Páll Á. Jónsson, Bryndís Snorradóttir og Gunnar S. I. Sigurðsson hafa öll borið, að er þau sáu ákærða þegar að afloknum akstri hans, hafi hann verið undir áfengisáhrifum. Þegar litið er til þessa framburðar vitnanna, er framburður ákærða um áfengisneyslu eftir akstur með miklum ósennileikablæ, einkum þegar haft er í huga, hve skammur tími leið milli komu hans og lögreglumannanna í risherbergi hússins nr. 29 við Breiðagerði. Verður því að telja, að áfengismagn það, sem fannst í blóði ákærða, hafi stafað af áfengisneyslu fyrir akstur. Þykir því sannað með vætti framangreindra vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Framanlýst háttsemi varðar við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

— — —

[Ákærði sættist 1973 á greiðslu sektar fyrir ölvunarakstur og sætti árin 1975-1982 sex refsidómum fyrir sams konar brot. Hann hefur einnig sætt

tveimur refsidómum fyrir önnur umferðarlagabrot, einum fyrir líkamsárás, einum fyrir fjárdrátt, einum fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum og einum fyrir skjalafals og svik. Einnig hefur hann fjórum sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir ýmis brot.]

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Verður refsingin tiltekin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar litið er til þess, að frá því að brot það, sem hér er til umfjöllunar, var framið, hefur ákærði í fjórum refsidómum hlotið samtals níu mánaða fangelsi, þar af þrjá skilorðsbundna, auk 60 daga varðhalds, þykir rétt að láta við svo búið sitja og gera ákærða ekki sérstaka refsingu í máli þessu.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 101. og 102. gr. núgildandi umferðarlaga, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja. Samkvæmt 104. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun dómsins ekki verkun hans að þessu leyti.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 krónur.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri málsins, verður ekki réttlættur.

Dómsorð:

Ákærða, Bjarna Heiðari Ásgeirssyni Hraundal, verður ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 krónur.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 460/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Inga Sörensen
(Othar Örn Petersen hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, Inga Sörensen, með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1989 og jafnframt af hálfu ákæruvalds, að því er hann varðar, til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ákvæðum héraðsdóms um upptöku, en aðrir dómfelldu una dómi.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur.

I.

Svo sem fram kemur í ákæruskjali, var ákærði handtekinn 28. júlí 1989. Að kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins var ákærða með úrskurði fulltrúa sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðnum 29. júlí s.á., gert að sæta gæsluvarðhaldi til 29. ágúst 1989 á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ríkissaksóknari krafðist þess 28. ágúst 1989 með vísan til 2. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að ákærða yrði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi. Með úrskurði, uppkveðnum af sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum 29. ágúst s.á., var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 27. október 1989 á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, þó svo, að létt var af ákærða einangrun í gæsluvarðhaldsvist þannig, að hann nyti réttarstöðu afplánunarfanga, sbr. 3. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fanga-

vist. Úrskurður þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar 5. september 1989.

Ákæra í málinu var gefin út 13. september 1989.

II.

Það ákvæði 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, sem sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum vísaði til í úrskurði sínum 29. ágúst 1989 um gæsluvarðhald ákærða, hljóðar svo:

„Mann má því aðeins setja í gæsluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerst sekur um refsiverða hegðun.

Gæsluvarðhaldi skal að jafnaði beita:

— — —

4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi."

Samkvæmt orðalagi ákvæðisins ber dómara að meta, hvort ætla megi, að sakborningur hafi framið brot, sem varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Í 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir meðal annars, að dómari skuli víkja úr dómarasæti, ef hætta er á því, „að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu". Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974.

III.

Á árinu 1953 var fullgiltur fyrir Ísland Evrópuráðssamningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Er hann oftast nefndur mannréttindasáttmáli Evrópu. Segir m.a. í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans:

„Nú leikur vafi á um réttindi þegns og skyldur eða hann er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi, og skal hann þá njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar innan hæfilegs tíma fyrir óháðum, óhlutdrægum, lögmæltum dómstóli ..."

Umræður á Alþingi um sáttmála þennan, þegar hann var þar til meðferðar, gefa til kynna, að svo hafi verið litið á við fullgildingu hans, að íslenskar réttarreglur væru í samræmi við hann, eins og sáttmálinn þá var skýrður. Eftir þetta hafa mörg ákvæði hans verið

nánar skýrð við meðferð kærumála hjá mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóli Evrópu.

Með fullgildingunni gekkst Ísland að þjóðarrétti undir að hlíta ákvæðum sáttmálans.

Með dómi 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 og dómi 2. þ.m. í málinu nr. 31/1990 taldi Hæstiréttur Íslands, að skýra bæri áðurgreindan 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 með hliðsjón af mannréttindasáttmála Evrópu.

IV.

Með tilliti til þess, sem rakið hefur verið, ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig, að sakadómaranum í ávana- og fíkniefnamálum hafi borið að víkja sæti í máli þessu. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Hinn 23. október 1989, strax eftir að héraðsdómur var kveðinn upp í málinu, var af hálfu ákæruvalds gerð sú krafa, að gæsluvarðhaldsvist ákærða yrði framlengd allt til 2. júlí 1990. Varð héraðsdómarinn við þeirri kröfu með úrskurði samdægurs. Við málflutning hér fyrir dómi var þess krafist af hálfu ákæruvalds, að úrskurður þessi stæði óhaggaður, ef til ómerkingar héraðsdóms kæmi. Eigi eru efni til að fjalla um nefndan úrskurð í þessu máli.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði greiðist úr ríkissjóði svo og allur áfrýjunarkostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 23. október 1989.

Ár 1989, mánudaginn 23. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá dæmt í sakadómsmálinu nr. 725-727/1989.

Mál þetta, sem munnlega var flutt og varið 10. þessa mánaðar og dómtekið sama dag, er af hálfu ríkissaksóknara höfðað með ákæruskjali, dags. 13. september 1989, á hendur Inga Sörensen, nú gæslufanga, til heimilis Í Los Angeles, Kaliforníu, kt. 270744-4009, X [...] og Y [...] fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á árinu 1989:

— — —

Dómsorð:

Ákærði Ingi Sörensen, kt. 270744-4009, sæti fangelsi í 4 ár að frádegnum 86 gæsluvarðhaldsdögum og greiði 6/10 sakarkostnaðar, en að auki einn kr. 94.656 í réttargæsluþóknun og kr. 50.400 í málsvarnarlaun til Othars Arnar Petersen hrl. að meðtöldu 12% sölugjaldi.

Þá sæti ákærði Ingi upptöku til ríkissjóðs á kr. 330.000, haldlögðum og upptöku til eyðingar á 60,5 g af kókaíni.

Ákærði X sæti fangelsi í 2 ár að frádregnum 11 gæsluvarðhaldsdögum og greiði 3/10 sakarkostnaðar, en að auki einn kr. 12.320 í réttargæsluþóknun og kr. 50.400 in solidum með ákærða Y í málsvarnarlaun og 12% sölugjald til Arnar Clausen hrl.

Þá sæti ákærði X upptöku til ríkissjóðs á ávísun, að upphæð kr. 25.000, útgefinni 28. júlí sl., á reikning nr. 7038 hjá Sparisjóði vélstjóra og upptöku til eyðingar á 79,9 g af kókaíni.

Ákærði Y greiði kr. 70.000 í fésekt til ríkissjóðs, en sæti í sektar stað 30 daga fangelsi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, og greiði að auki 1/10 sakarkostnaðar utan málsvarnarlauna, sem að ofan getur.

Dómsorðið var þá lesið í réttinum í heyranda hljóði að sakfelldu fjarstöddum.

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 261/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gústav Reinholt Gústavssyni
(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)
Hallgrími Pétri Gústavssyni
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.) **og**
Magnúsi Gunnari Baldvinssyni
(Páll A. Pálsson hrl.).

Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1989 að ósk ákærðu og einnig af ákæruvaldsins hálfu, að því er þá varðar, til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Með ákærðu var fjórði maður dæmdur í héraði. Hann unir héraðsdómi.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, brutust ákærðu í félagi inn í íbúðarhús að næturlagi í því skyni að komast þar yfir peninga. Þeir voru grímuklæddir. Beittu þeir íbúa hússins ofbeldi, ollu þeim líkamsmeiðingum, slógu eign sinni á og höfðu á brott með sér peninga, skartgripi og áfengi. Varðar brot þeirra við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem ákært er fyrir. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi, sem ber að staðfesta.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Gústav Reinholt Gústavsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttar-

lögmanns, 60.000 krónur, ákærði Hallgrímur Pétur Gústavsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Baldurs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, og ákærði Magnús Gunnar Baldvinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. janúar 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 24. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 29-32/1989: Ákæruvaldið gegn Gústaf Reinholt Gústafssyni (sic), Hallgrími Pétri Gústafssyni (sic), Magnúsi Gunnari Baldvinssyni og X, sem tekið var til dóms 16. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. desember sl., á hendur ákærðu, Gústaf Reinholt Gústafssyni, Yrsufelli 9, fæddum 7. janúar 1962, Hallgrími Pétri Gústafssyni, Yrsufelli 9, fæddum 3. október 1959, Magnúsi Gunnari Baldvinssyni, Vitastíg 9, fæddum 8. janúar 1957 og X, [...], öllum í Reykjavík og fæddum þar.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu, „fyrir eftirgreind auðgunarbrot, framin í september 1988:

I. Rán.

Ákærðu, Gústaf Reinholt, Hallgrími Pétri og Magnúsi Gunnari, er gefið að sök að hafa í félagi aðfaranótt sunnudagsins 25. september brotist grímuklæddir inn í einbýlishúsið nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi og beitt húsráðendur þar, hjónin Sverri Sigurðsson, fæddan 10. júní 1909, og Ingibjörgu Guðmundsdóttir, fædda 5. október 1911, líkamlegu ofbeldi, ráðist að Sverri með þeim afleiðingum, að hann marðist á vinstra eyra og á stóru svæði á höfði ofan eyrans og vinstri vísifingur hans brotnaði og fór úr liði og beitt Ingibjörgu svo miklu líkamlegu harðræði, að hún mjaðmargrindarbrotnaði. Neyddu ákærðu hjónin þannig og með ógnunum til að benda sér á fjármuni í íbúðinni og höfðu á brott með sér eftirgreind verðmæti, eftir að hafa skorið á símaleiðslur í húsinu:

15.000,00 krónur, gullhálsmen, 6 gullhringi, 6 bjórdósir og allt að 10 áfengisflöskur.

Telst þessi háttsemi allra ákærðu varða við 252. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I. Rán.

Aðfaranótt sunnudagsins 25. september sl. klukkan 1.36 var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík, að þrír menn hefðu brotist grímuklædddir inn í húsið nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi og beitt húsráðendur, hjónin Sverri Sigurðsson og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, harðræðum í leit að peningum og verðmætum í húsinu. Höfðu mennirnir stolið áfengi og skartgripum, rótað til í húsinu og þvingað húsbóndann til þess að afhenda sér peninga úr seðlaveski sínu og til að opna læstan peningaskáp. Þá höfðu þeir valdið húsráðendum meiðslum, sem síðar verður gerð grein fyrir.

Samkvæmt frásögn húsráðenda voru mennirnir, eins og áður greinir, grímuklæddir eða með húfur niður fyrir höku og með hanska. Drógu þeir fyrir gluggana í stofu hússins, á meðan þeir dvöldust þar, og þegar þeir fóru, skáru þeir á símalínur í húsinu.

— — —

Eins og áður greinir, hlutu hjónin Sverrir og Ingibjörg meiðsli umrætt sinn, en hún var flutt á slysadeild Borgarspítalans strax um nóttina, en hann leitaði þangað árdegis næsta dag.

Fyrir liggja vottorð Leifs Jónssonar, læknis á slysadeildinni, um meðsli hjónanna, og eru þau dagsett 30. september sl. Í vottorði læknisins um meiðsli Ingibjargar segir, að hún hafi komið í sjúkrabifreið á slysadeildina klukkan 2.33 um nóttina og hafi verið vel áttuð (sic) við komuna þangað. Síðan segir í vottorðinu:

„Við skoðun finnur maður kúlu á hnakkanum u.þ.b. 4x4 cm einnig er um 7x4 cm mar á vinstri olnbola svo og 3x3 cm mar á innanverðum vinstri fótlegg og á vinstra hné. Verkur er yfir mjaðmargrindinni einkum vinstra megin og sýnir röntgenmynd að mjaðmargrind er brotin. Sjúkl. var innlögð á gæsludeild Slysadeildar og síðan legudeild og liggur þar enn. Einhvern áverka virðist hún hafa fengið á brjóstkassann því eymsli eru til staðar en óveruleg óþægindi frá hjartanu nú. Í dag er enn óljóst hversu löng spítalavistin verður.“

Í vottorði læknisins um Sverri segir, að hann hafi komið í slysadeildina 25. september sl. klukkan 11.51. Um skoðun á Sverri segir síðan svo:

„Við skoðun finnur maður, að vísifingurinn er þrútinn og aflagaður, svo og finnst mar á ytra vinstra eyra og 10x10 cm stórt svæði ofan eyrans er og marið. Eymsli eru á sama stað en ekki merki um brot eða dýpri

meiðsli. Ekki kvartanir um ógleði eða uppköst. Telur hann sig hressan að öðru leyti.

Röntgenmynd sýnir að brotið er úr miðkjúku vísifingurs svo og er fingurinn úr liði. Í deyfingu er fingurinn settur í liðinn og búið um að öðru leyti. Sjúkl. er stefnt til endurkomu í næstu viku.

Vottorð þetta verður að skoðast sem fyrsta vottorð, því ekki er ótrúlegt að fleiri einkenni komi fram fyrstu dagana eftir slíkar misþyrmingar."

Í vottorði Ludvigs Guðmundssonar, læknis á Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi, dagsettu 12. október sl., kom fram, að bæði hjónin hafi á síðustu árum átt við sjúkdóma að stríða.

— — —

Hinn 3. október sl. játuðu ákærðu allir hlut sinn að innbrotinu að Sævargörðum 1 í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitnanna Sverris Sigurðssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi.

Vitnið Sverrir kveðst hafa farið að sofa að kvöldi 24. september sl. nokkru fyrir miðnætti. Svaf vitnið í fyrsta herberginu til hægri, þegar komið er inn í svefnálmuna úr skálanum, en kona þess í hjónaherberginu. Vitnið vaknaði síðan um kl. 1 við einhvern smell og fór þá fram úr rúminu og fram á gang fyrir framan herbergið til þess að athuga, hvað um væri að vera. Vitnið telur, að hvergi hafi verið ljós í húsinu, en ratljóst þrátt fyrir það frá götuljósum fyrir utan. Vitnið gekk inn ganginn að glugga, sem snýr í suður að bílskúrnum við húsið. Leit vitnið út, en sá ekkert athugavert. Það sneri þá við og gekk fram ganginn í átt að dyrunum fram í skálann, en þegar það var að koma í dyrnar, komu á móti því tveir menn með dökkar grímur fyrir andlitinu, og réðust þeir umsvifalaust á vitnið. Annar mannanna tók um háls vitnisins, og urðu einhver átök, en vitnið gerir sér ekki grein fyrir þeim í smáatriðum. Í átökunum féll vitnið í gólfið og kom niður á vinstri kinn. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir því, hver það hafi verið, sem tók um háls þess, og telur vitnið sig hafa misst meðvitund, þar sem það lá á gólfinu. Næst man vitnið eftir sér, þar sem það sat í stól við skrifborð í skálanum, og var þá yfir því maður með prik í hendi, og ógnaði hann vitninu með prikinu og spurði um peninga. Rétt á eftir kom annar maður að skrifborðinu, en ekki man vitnið eftir því, að hann væri að krefja það um peninga. Vitnið var ringlað, þar sem það sat í stólnum, og heyrði einhver hróp í konu sinni inni í svefnherbergisálmunni. Gerði vitnið sér þá grein fyrir, að þrír menn væru í húsinu. Vitnið segir, að maðurinn með prikið hafi til áréttingar kröfum sínum velt skrifborðinu á hliðina, og einnig spurði hann um peningaskáp. Vitnið gerir sér ekki grein fyrir því, hvort mennirnir voru tveir hjá því, þegar skrifborðinu var velt.

Vitnið segir, að það hafi verið sá hæsti hinna þriggja óboðnu gesta, sem ógnaði því með prikinu og krafðist peninga. Vitnið afhenti honum eða öðrum manni veski sitt, og sá vitnið hann taka peninga úr því. Annar mannanna, sem var yfir vitninu, rétti skrifborðið við, svo að vitnið gæti náð í lykil að peningaskápnum, en hann var í skúffu, sem sneri niður.

Vitnið segir, að tveir mannanna hafi stutt það inn í herbergi, þar sem peningaskápurinn var. Setti vitnið lykil í skrána og opnaði hana, en annar mannanna togaði upp hurðina, en það gat vitnið ekki, þar sem það var orðið meitt á vinstri hendi. Þegar skápurinn hafði verið opnaður, tættu mennirnir úr skápnum fram á gólf að vitninu viðstöddu, en það stóð við skápinn.

Vitnið segir, að maðurinn með prikið hafi verið við, þegar skápurinn var opnaður. Ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hvort það var hann eða hinn maðurinn, sem togaði upp skáphurðina. Segir vitnið, að það hafi verið sömu mennirnir, sem stóðu yfir því í skálanum, sem fóru með vitnið inn í peningaskápsherbergið. Vitnið kveðst lítið hafa tekið eftir þriðja manninum og man óglöggt eftir honum.

Vitnið man, að það var stutt fram í stofuna, þar sem það lagðist í sófa. Telur vitnið, að það hafi verið mennirnir tveir, sem voru í peningaskápsherberginu, sem það gerðu. Þó megi vera, að þriðji maðurinn hafi komið þar við sögu.

Vitnið segir, að það hafi orðið miður sín, eftir að það missti meðvitund og rankaði við sér á ný. Kunni því atburðarásin að hafa verið önnur en vitnið lýsir. Vitnið man ekki eftir, að neitt hafi verið þjarmað að því meira en það hefur nú þegar lýst.

Vitnið kveðst ekki hafa séð neinn mannanna beita konu sína harðræði, en þegar það sat við skrifborðið í skálanum, heyrði það hróp í henni, sem vitnið skynjaði á þann veg, að verið væri að beita hana harðræði.

Vitnið segir, að í herberginu við hliðina á hjónaherberginu hafi ekki verið rúm eða sófi.

Vitnið gerði sér ekki grein fyrir, hvaða prik var um að ræða, en eftir atburðinn telur vitnið, að um göngustaf þess hafi verið að ræða, en hann hafði verið færður úr „statífi", þar sem hann var geymdur.

Vitnið er þeirrar skoðunar, að ekki hafi verið kveikt ljós í húsinu, á meðan mennirnir voru þar.

Vitnið kveðst ekki vera orðið jafngott í fingrinum, sem brotnaði, og er það í daglegum æfingum með hann, en vitnið getur ekki beygt hann nema lítið. Þá er vitnið með höfuðverk á kvöldin, en það hrjáði vitnið ekki fyrir umræddan atburð.

Vitnið kveðst ekki munu setja fram bótakröfu í þessu máli, en þau hjónin eru ekki búin að jafna sig.

Vitnið Ingibjörg kveðst hafa farið að sofa síðla umrætt kvöld og vaknað síðan við eitthvert hljóð, mannamál eða eitthvað óeðlilegt, og komið fyrst í hug, að eitthvað væri að eiginmanni þess. Fór vitnið út úr svefnherberginu, en um leið kom að því maður, sem ýtti eða hrinti vitninu inn í herbergi við hliðina á svefnherberginu. Vitnið reyndi að opna hurðina með því að snúa hurðarhúninum og toga hurðina til sín, en hún opnaðist inn í herbergið. Vitnið komst ekki út strax, þar sem maðurinn togaði á móti utan frá. Þegar vitnið komst fram úr herberginu eftir stutta stund, var maðurinn horfinn, sem hafði haft afskipti af vitninu, en hann var, að vitninu fannst, með klút fyrir niðurandlitinu og efri hluta þess og höfuðið allt hulið, en vitnið getur ekki gert grein fyrir höfuðbúnaði mannsins frekar.

Þegar vitnið kom fram úr herberginu, sá það mann sinn í átökum við tvo menn, sem voru með allt höfuðið hulið með lambhúshettum og þykka verkamannahanska. Vitnið sá mann sinn í þessum átökum og annan mannanna með barefli. Ekki sá vitnið mann sinn falla, á meðan það var inni í svefnherbergisálmunni, og ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hvernig það komst fram í skálann, en þangað komst vitnið fram hjá manni sínum og mönnunum tveim. Man vitnið, að það stóð í skálanum og sneri baki upp að vegg, sem skilur að þvottahúsið. Þaðan sá vitnið, hvar mennirnir tveir voru að þjarma að eiginmanni þess, sem lá í gólfinu á milli skrifborðsins og skrifborðsstólsins. Vitnið man ekki eftir því, að það sæi, hvernig maður þess féll í gólfið, en það kveðst hafa reynt að komast til hans, en þriðji maðurinn hélt vitninu, svo að það komst ekki til eiginmanns síns.

Einhvern tíma, á meðan á framangreindu stóð, hrinti þriðji maðurinn vitninu í gólfið í skálanum, en ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hvernig það kom niður. Vitnið telur sig ekki hafa misst meðvitund, og ekki gerir vitnið sér grein fyrir, hversu lengi það lá í gólfinu. Kveðst vitnið hafa kennt til í öxl, höfði og baki, strax á meðan það lá í gólfinu. Segir vitnið, að sá, sem hrinti því, hafi reist það við og fylgt því inn í stofu, en áður en hann gerði það, sá vitnið, að maður þess var kominn í stól sinn við skrifborðið. Þá heyrði vitnið hann hrópa, að kona hans væri hjartveik og nýkomin af sjúkrahúsi. Áður en vitnið var leitt inn í stofuna, heyrði það mennina tvo krefja eiginmann þess um peninga og horfði á þá fara með hann úr skálanum inn í svefnherbergisálmuna. Fannst vitninu mennirnir fara mjög hrottalega með eiginmann þess, en ekki getur vitnið lýst þessu nákvæmlega.

Vitnið segist hafa séð staf eiginmanns síns liggjandi á gólfinu í svefnherbergisálmuganginum, þegar vitnið komst fram í skálann. Ekki sá vitnið mennina beita staf eða priki, á meðan þeir voru í húsinu.

Vitnið segir, að maðurinn hafi sett það í stól í stofunni og síðan verið í næsta nágrenni við vitnið, það sem eftir var veru hans í húsinu. Ekki beitti maðurinn vitnið frekari harðræðum og ekki hinir mennirnir. Vitnið

segir, að eftir að það var sest í stólinn, hafi maðurinn farið með það fram í eldhús að sækja tungurótartöflur, en vitnið fann til verkja í brjóstholi. Ekki vildi maðurinn fara einn að sækja töflurnar. Eftir nokkra stund komu hinir mennirnir með eiginmann vitnisins inn í stofuna, en þar lagðist hann í sófa. Ekki gerðu mennirnir eiginmanni vitnisins neitt frekar, og undir lokin buðust þeir til þess að bera þau hjónin inn í rúm og kváðust mundu hringja á sjúkrabíl. Kom fram, að þeir höfðu farið í rangt hús.

Vitnið þorir ekki að fullyrða, að það hafi verið sami maðurinn, sem það sá fyrst, og síðar var með vitninu í stofunni. Þá þorir vitnið ekki að fullyrða, að það hafi verið sami maðurinn, sem hrinti því, og síðar studdi það inn í stofuna.

Vitnið segir, að maðurinn, sem lengst var með því í stofunni, hafi verið í snjóþveginni, stífri „gallaúlpu", dökkum buxum og með dökkyrjótta hettu yfir allt höfuðið.

Vitnið segir, að sá, sem var stærstur og herðabreiðastur mannanna þriggja, hafi virst foringinn og fyrirferðarmestur í framgöngu við eiginmann vitnisins. Vitnið segir þennan mann hafa verið dökkklæddan að öllu leyti, og virtist blússa hans eða yfirhöfn vera úr einhvers konar leðri.

Vitnið segir, að rétt áður en mennirnir yfirgáfu húsið, hafi þeir farið fram í eldhús og talað sig saman, og sá vitnið þá síðan yfirgefa húsið. Var sá stærsti með tvo plastpoka. Ekki tók vitnið eftir því, hvort hinir voru með poka.

Vitnið segist ekki vera búið að jafna sig eftir þessa atburði. Er vitnið ekki útskrifað af slysadeild og er í sjúkraþjálfun.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu.

Ákærði Gústaf Reinholt segir, að ákærði X hafi sagt honum, þar sem þeir voru staddir á hádegisbarnum á Hótel Borg laugardaginn 24. september sl., að úti á Seltjarnarnesi byggi okrari, sem væri á aldrinum 40 til 50 ára, ásamt konu sinni og pilti og stúlku, 18 til 20 ára. Jafnframt fylgdi sögu X, að hús okrarans væri mannlaust og að þar væri fullt af peningum. Nefndi ákærði X í því sambandi hálfa til heila milljón króna. Með ákærða og ákærða X var á Hótel Borg Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson.

Eftir að hafa verið á hádegisbarnum, þar sem ákærði drakk töluvert af áfengi, héldu ákærði og félagar hans í húsið Grundarstíg 24. Þar drakk ákærði meira áfengi, og var um létt vín að ræða. Þá borðaði ákærði þarna súpu úr sveppum, sem tíndir höfðu verið einhvers staðar í borginni. Varð ákærði ölvaður og ruglaður, eftir að hafa neytt áfengisins og súpunnar.

Þegar ákærði hélt frá Grundarstíg 24 ásamt félögum sínum, fóru þeir í gönguferð um nágrennið. Í gönguferðinni urðu ákærðu viðskila við félaga

sinn og héldu aftur að Grundarstíg 24, en þangað kom Aðalsteinn Guðlaugur aftur og var þá í bifreið, sem stúlka ók, og ók hún ákærðu um borgina og út á Seltjarnarnes, en þar benti ákærði X á hús og sagði, að þarna væri húsið, sem hann var áður búinn að minnast á. Sá ákærði í bílskúr við húsið mann, sem virtist um fimmtugt.

Þegar komið var á ný til Reykjavíkur, var ekið að billjarðstofu við Klapparstíg og á Grundarstíginn og þaðan að Blönduhlíð 3, en þar dvaldist ákærði í bílskúr. Ákærði hafði ekki lykla meðferðis og skreið því inn um glugga, en Aðalsteinn Guðlaugur og stúlkan biðu fyrir utan og einnig ákærði X.

Ákærði kveðst hafa skipt um föt í bílskúrnum, og fór hann í bláar „galla"-buxur og svartan leðurjakka. Þá var hann í svörtum skóm.

Ákærði fékk nú far með Aðalsteini Guðlaugi, ákærða X og stúlkunni niður á Klapparstíg 12, þar sem ákærði Hallgrímur Pétur bjó.

Ákærði Hallgrímur Pétur var heima, og héldu hann, ákærði og ákærði X í billjarðstofu við Klapparstíg. Man ákærði, að þar hittu þeir ákærða Magnús Gunnar. Næst man ákærði óljóst eftir því, sem gerðist, en hann var þá orðinn mikið undir áhrifum eftir áfengis- og súpuneysluna. Þó man ákærði, að hann var kominn aftur upp í Blönduhlíð og að þar voru með honum ákærðu Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar.

Ákærði man, að ákærði X var ekki með þeim hinum, þegar komið var í Blönduhlíðina í þetta skipti, en ekki man ákærði, hvað varð af honum eða hvenær hann hvarf úr hópnum.

Ákærði man, að hann ræddi við ákærðu Hallgrím Pétur og Magnús Gunnar um húsið á Seltjarnarnesi og verðmætin þar. Þá man ákærði, að rætt var um þetta fyrst á billjarðstofunni eða eftir að hún var yfirgefin og áður en komið var upp í Blönduhlíð. Ákærði getur þó ekki sagt um, hvar þeir voru staddir, þegar þetta var rætt fyrst, né man ákærði, hvort ákærði X var þá í hópi þeirra.

Ákærði segist hafa skipt um föt á ný í Blönduhlíðinni og fór nú í gráan „jogginggalla" og svartan bol yfir. Einnig tók hann með sér svarta alpahúfu og svartan strokk, sem hann notaði síðar um nóttina til þess að draga upp fyrir nef á sér til að dyljast, en þegar ákærðu komu í Blönduhlíðina, voru þeir búnir að sammælast um að fara í húsið á Seltjarnarnesi og leita þar peninga og annarra verðmæta, en ekki minnist ákærði þess, að hann hafi átt uppástunguna að þessu. Ákærði telur, að þeir hafi ekki verið búnir að ákveða, hvernig staðið skyldi að verki í húsinu, þegar þeir voru í Blönduhlíðinni, og minnist ákærði þess ekki, að ákveðið væri fyrir fram, hvernig að förinni í húsið yrði staðið.

Ákærði segir, að atburðarásin sé óljós í minni sínu, og getur hann ekki upplýst, hvenær var ákveðið, að þeir félagar færu dulbúnir í húsið.

Þá getur ákærði ekki upplýst, hver þeirra ákærðu átti uppástunguna að því.

Ákærði telur, að hinir ákærðu hafi síðan farið ásamt sér niður á Klapparstíg 12, þar sem þeir hafi dulbúist, en ekki man ákærði eftir þessu sjálfur.

Ákærði man, að þeir þrír héldu af Klapparstígnum út á Seltjarnarnes í bifreið, sem ákærði Magnús Gunnar ók, en hann hafði ekið þeim félögum, eftir að þeir fóru úr billjarðstofunni. Minnir ákærða, að ákærði Magnús Gunnar hafi verið alveg svartklæddur, en ekki man ákærði, hvernig ákærði Hallgrímur Pétur var klæddur. Þá minnir ákærða, að félagar hans hafi báðir verið með hvítar lambhúshettur meðferðis.

Ákærði segir, að ákærði Magnús Gunnar hafi ekið eftir sinni fyrirsögn fram hjá umræddu húsi, en síðan var bifreiðinni lagt á dimmt, autt svæði nokkurn spöl frá húsinu, en þaðan héldu ákærðu að bakhlið þess. Ákærðu klifruðu yfir einhvern timburvegg og komu þá að glerhúsi. Ákærði skrúfaði í sundur stormjárn á opnanlegum glugga á glerhúsinu og skreið þar inn. Síðan opnaði hann hurðina fyrir hinum. Ákærði telur, að þeir hafi sett á sig dulargervið yfir andlitið í glerhúsinu, ákærði svartan strokk og hinir lambhúshetturnar. Ákærði kveðst síðan hafa haldið niðri snerli að læstri hurð inn í húsið, en ákærði Hallgrímur Pétur sparkaði henni upp. Ákærði man ekki, í hvaða röð þeir fóru inn í húsið, en þeir fóru hver á eftir öðrum. Ákærða minnir, að ákærði Hallgrímur Pétur hafi farið fyrstur, en þorir ekki að fullyrða það.

Ákærði segir, að atburðirnir hafi gengið mjög hratt fyrir sig (sic) eftir að inn var komið, og getur ákærði ekki rakið það, sem gerðist, í réttri röð, svo að öruggt sé. Segir ákærði atburðina renna saman. Man hann ekki, hverjir tveir þeirra ákærðu komu fyrst að Sverri. Ákærði var, eins og áður greinir, ölvaður, en hann segir, að af sér hafi runnið, þegar hann sá fólkið í húsinu og aldur þess. Minnir ákærða, að ákærði Magnús Gunnar hafi þá spurt, hvort þeir ættu ekki að hætta við.

Ákærði hefur tjáð sig um framburð Sverris Sigurðssonar þess efnis, að tveir menn með dökkar grímur hafi ráðist á hann og annar þeirra tekið um kverkar honum og snúið hann niður og þjarmað að honum, einnig, að yfir honum hafi staðið maður með prik eða staf reiddan til höggs og spurt: „Hvar eru peningarnir? Hvar eru peningarnir?“ — loks, að maðurinn með prikið hafi velt um skrifborðinu.

Ákærði kannast ekki við að hafa staðið að því að taka um kverkar Sverris og snúa hann niður né að hafa þjarmað að honum á gólfinu. Ákærði kannast heldur ekki við að hafa haft prik eða staf í hendi. Ákærði kannast ekki við að hafa spurt ógnandi um peninga. Hann kannast við að hafa velt um skrifborðinu. Ákærði kannast ekki við að hafa séð hina ákærðu gera það, sem Sverrir fullyrðir, og ákærði kannast ekki

sjálfur við að hafa gert. Man ákærði ekki eftir, að Sverrir missti meðvitund.

Ákærði heldur því fram, að maðurinn hafi setið við skrifborðið í skálanum, þegar þeir ákærðu komu að húsinu, og kveðst ákærði hafa séð þetta inn um glugga.

Ákærði segist hafa beðið manninn að opna peningaskápinn, en ekki var ákærði búinn að sjá, hvar hann væri. Segist ákærði hafa haft það eftir ákærða X, að peningaskápur væri í húsinu. Maðurinn neitaði þessu, og þá felldi ákærði skrifborðið á hliðina til áréttingar kröfu sinni. Maðurinn bað ákærða að reisa skrifborðið við, svo að hann gæti náð í lykilinn að skápnum úr því. Ákærði man ekki, hvar hinir ákærðu voru, þegar hann sjálfur var að biðja manninn um að opna skápinn. Ákærði reisti við skrifborðið, og voru hinir ákærðu þá staddir þar. Þeir fóru með manninum til að opna peningaskápinn, en ákærði fór fram í stofuna til að ræða við gamla konu, sem hann var áður búinn að rekast á í húsinu.

Ákærði segir, að fyrst eftir að hann kom inn í húsið, hafi hann séð manninn sitjandi við skrifborðið og ljós þar í nánd. Eftir að hafa heyrt framburð annarra um þetta, vill ákærði þó ekki fullyrða, að maðurinn hafi setið við skrifborðið. Ákærði man ekki, hvort hann stansaði hjá manninum fyrst, en hann kveðst hafa farið inn í ganginn í svefnherbergisálmunni, eftir að hafa séð manninn, og þar var kona að koma út úr herbergi við hlið hjónaherbergis. Segir ákærði, að konan hafi dottið, þegar ákærði opnaði dyrnar inn í herbergið, og fallið aftur á bak á ská og upp í rúm, sem þarna hafi verið. Ákærði segir, að konan hafi staðið upp hjálparlaust og gengið fram í stofuna í fylgd sinni, en ákærði hélt að skrifborðinu til mannsins og fór að ræða við hann um peningaskápinn.

Ákærði segist hafa verið hjá konunni frammi í dagstofunni, á meðan félagar hans fóru með manninum inn í herbergið, þar sem peningaskápurinn var. Fór hann m.a. til að sækja vatn fyrir hana og töflur, en hún kvartaði um hjartveiki. Kveðst ákærði hafa verið mest í kringum konuna.

Ákærði kveðst hafa farið inn í svefnherbergi hússins með ákærða Hallgrími Pétri, eftir að hann og ákærði Magnús Gunnar voru búnir að fara í peningaskápinn. Í svefnherberginu tók ákærði og sló eign sinni á einn hring og hálsfesti, en ekki veit ákærði, hvað ákærði Hallgrímur Pétur tók.

Ákærði kveðst ekki hafa tekið peninga eða áfengi í húsinu, en veit, að hinir ákærðu gerðu það. Ákærði man ekki eftir, að stolið væri bjór í húsinu, og ekki minnist hann þess að hafa drukkið bjór um nóttina að Klapparstíg 12.

Ákærði segir, að ákærði Magnús Gunnar hafi skorið á símalínur í húsinu óbeðinn, og telur hann hafa borið þýfið á brott. Ákærði mundi ekki eftir að hafa tekið með sér lykla í húsinu.

Ákærði kveðst hafa klappað á öxlina á hjónunum, þegar þeir voru að fara, og hefði hann beðið þau fyrirgefningar og sagt, að þeir myndu hringja á sjúkrabifreið, þegar þeir kæmust í síma. Það gerði ákærði síðan.

Ákærði kannast ekki við að hafa hrint húsmóðurinni né að hafa séð hina ákærðu gera það og vill fullyrða, að Sverrir Sigurðsson hafi ekki hlotið af sínum völdum þá áverka, sem lýst er í ákærunni.

Ákærði þorir ekki að fullyrða, að Ingibjörg Guðmundsdóttir hafi ekki mjaðmargrindarbrotnað við fallið, sem hann er búinn að lýsa, en það hafi ekki gerst með þeim hætti, sem hún lýsir.

Ákærði þorir ekki að fullyrða neitt um það, hvort hinir ákærðu hafi valdið þeim hjónunum þeim áverkum, sem lýst er í ákærunni.

Ákærði kannast ekki við að hafa séð manninn liggjandi á gólfinu í húsinu.

Ákærði telur mögulegt, að hann rugli saman herbergjum, þegar hann skýri frá því, hvar konan hafi dottið, eða þá, að hann rugli því saman, að í herberginu hafi verið rúm. Ákærði kveðst halda fast við það, að hann hafi fylgt konunni fram, þegar hún kom út úr herberginu aftur.

Ákærði segist ekki vera viss um, að það fyrsta, sem hann hafi gert í húsinu, hafi verið að fara inn í svefnherbergisálmuna, og man ekki, hvað hann gerði fyrst.

Ákærði kveðst ekki muna eftir staf eða priki, sem þeir ákærðu hafi haft um hönd í húsinu.

Ákærði segir, að sig rámi í, að bankað hafi verið í höfuð hans, á meðan þeir voru í húsinu.

Ákærði kveðst fyrir sitt leyti halda því fram, að hann hafi ekki átt þátt í því að beita hjónin Sverri og Ingibjörgu þeim harðræðum, að þau hefðu átt að leiða til þeirra meiðsla, sem þau eru talin hafa hlotið í komu ákærða í hús þeirra.

Ákærði segir, að í sinn hlut hafi komið við skipti á þýfinu 6.000 krónur, þrjár áfengisflöskur og einn hringur, sem ekki komst til skila. Ákærði drakk áfengið með hinum og þessum.

Ákærði Hallgrímur Pétur segist hafa verið í bílskúrnum að Blönduhlíð 3 umrætt laugardagskvöld. Auk hans var þar þá einnig ákærði Magnús Gunnar, sem hafði ekið þeim bræðrum í Blönduhlíðina í bifreið systur sinnar. Í ökuferðinni upp í Blönduhlíð var einnig ákærði X, sem farið hafði úr bifreiðinni í Eskihlíð.

Ákærði Gústaf Reinholt sagði ákærða og ákærða Magnúsi Gunnari, að ákærði X hefði fyrr um daginn ekið með sér, stúlku og Aðalsteini Guðlaugi út á Seltjarnarnes og bent á hús, þar sem byggi vinnuveitandi hans, okurlánari um sextugt, en í húsi hans væri um hálf milljón króna í peningum. Stakk ákærði Gústaf Reinholt upp á því, að þeir ákærðu skyldu fara að

þessu húsi til þess að ná sér í peninga. Varð að samkomulagi með þeim, að þetta skyldi gert. Í framhaldi af því undirbjuggu ákærðu för sína út á Seltjarnarnes í Blönduhlíðinni og í íbúð við Klapparstíg, þar sem ákærði bjó. Fóru ákærðu í önnur föt að hluta, og auk þess tók ákærði til hvíta lambhúshettu til að setja yfir andlit sitt. Ekki veit ákærði, hvar ákærði Magnús Gunnar fékk lambhúshettu, en hann hafði einnig slíka hettu meðferðis. Ekki man ákærði, sem var ölvaður, hver þeirra ákærðu átti uppástunguna að því að dulbúast.

Laust eftir miðnættið héldu ákærðu þrír síðan út á Seltjarnarnes í bifreið systur ákærða Magnúsar Gunnars, en hann ók henni. Úti á Seltjarnarnesi var bifreiðinni lagt í nokkurri fjarlægð frá húsi, sem ákærði Gústaf Reinholt vísaði á og sagði vera umrætt hús.

Þegar komið var að húsinu, fóru ákærðu yfir vegg að gróðurhúsi, og þar opnaði ákærði Gústaf Reinholt glugga, sem hann skreið inn um, en til þess að geta það steig hann upp á stól. Hann opnaði síðan hurðina fyrir þeim hinum. Eftir þetta sparkaði ákærði upp hurð að dyrum inn í húsið, og fóru þeir þar inn, ákærði fyrstur og líklega ákærði Gústaf Reinholt næstur.

Þegar inn kom, rakst ákærði á gamlan mann, sem var á ferli í skála hússins. Ákærði segir, að þegar hann sparkaði upp hurðinni, hafi lambhúshettan á höfði hans aflagast, en dulargervið höfðu ákærðu sett á sig í garðhúsinu. Sneri ákærði sér undan til að laga hettuna, en hinir ákærðu sneru sér að gamla manninum og fóru eitthvað að bjástra við hann, en ekki sá ákærði, hvað það var, sem þeir gerðu við hann. Ákærði heyrði þó öskur í gamla manninum. Ákærði segir, að skuggsýnt hafi verið í skálanum og ekkert ljós kveikt þar. Ákærði hafði þó séð ljós í herbergi annars staðar í húsinu, þegar þeir komu að því.

Ákærði segir bjástur hinna ákærðu hafa verið fólgið í stimpingum við gamla manninn. Einhver orðaskipti fóru fram, en ekki man ákærði, hvað sagt var. Meðan á þessu stóð, kom gömul kona fram í skálann og spurði, hvað gengi á. Enginn svaraði henni, en ákærði tók utan um konuna og bar hana inn í herbergi, þar sem var peningaskápur, og lagði hana þar á dívan. Vill ákærði halda fast við, að þetta sé rétt. Síðan kveðst ákærði hafa lokað hurðinni og farið fram í skálann á ný, en áður höfðu ákærði og konan togast á um hurðina. Þegar ákærði kom fram í skálann, sat gamli maðurinn á stól við borð og hinir ákærðu hjá honum. Voru þeir að spyrja gamla manninn um peningana. Sá ákærði ákærða Gústaf Reinholt hrista borðið, sem maðurinn sat við, en ekki sá ákærði borðið fara á hliðina. Ákærði kannast ekki við, að neinn þeirra ákærðu hafi haft í hendi staf eða prik. Ákærði man, að gamli maðurinn lá í gólfinu, þegar ákærði fór með gömlu konuna inn í peningaskápsherbergið, en ákærði sá ekki, hvernig hann fór í gólfið.

Ákærði man eftir því, að þegar hann kom fyrst inn í húsið, kom hann eitthvað við gamla manninn, en ekki datt hann við það.

Ákærði kannast ekki við að hafa staðið að því að taka um kverkar gamla mannsins og snúa hann niður né að hafa þjarmað að honum á gólfinu. Þá kannast ákærði ekki við að hafa séð hina ákærðu gera þetta.

Ákærði segist ekki hafa farið með ákærða Magnúsi Gunnari og gamla manninum til að opna peningaskápinn. Segir ákærði, að búið hafi verið að opna peningaskápinn, þegar ákærði kom inn í herbergið, þar sem hann var.

Ákærði segir, að gamla konan hafi komið fljótlega fram í skálann á eftir sér og staðnæmst skammt frá manni sínum, en síðan fór hún inn í stofuna. Ákærði hélt nú inn í geymslu inn af eldhúsi, og þegar hann kom þaðan, man hann eftir að hafa verið að tala við gömlu konuna, sem þá var inni í stofu. Á sama tíma heyrði ákærði, að ákærði Gústaf Reinholt var að tala við gamla manninn í skálanum um það, hvort hann hefði bankahólf. Var gamli maðurinn þá búinn að opna peningaskápinn og kominn til baka. Á þessari stundu sá ákærði ekki, hvar ákærði Magnús Gunnar var.

Ákærði segir, að minni sitt sé slæmt um það, sem gerðist umrætt sinn, og muni hann því ekki hlutina í réttu samhengi, en ákærði man, að hann fór inn í herbergið, þar sem peningaskápurinn var, og að hann var opinn og að gamli maðurinn var þar. Var búið að róta út úr skápnum, og lá meginhluti innihaldsins á gólfinu. Ákærði tók ekkert af þessum hlutum, en um var að ræða m.a. pappíra, orður og peninga. Ákærði man ekki eftir að hafa verið viðstaddur, þegar peningaskápurinn var opnaður, en kveður erfitt að mótmæla framburði hinna ákærðu um það.

Ákærði man, að hann hélt eftir för sína í peningaskápsherbergið inn í svefnherbergið, og segir hann, að ákærði Gústaf Reinholt hafi komið þangað á eftir honum, en ekkert tekið þar, svo að hann viti.

Ákærði segir, að hann hafi tekið úr skartgripaskríni á náttborði í svefnherberginu fimm eða sex hringa og eina hálsfesti. Auk þess að taka framangreinda hluti tók ákærði í stofu hússins þrjár eða fjórar áfengisflöskur og setti í plastpoka, sem ákærði telur, að ákærði Magnús Gunnar hafi komið með. Ákærði kveðst ekki hafa tekið fleira í húsinu sjálfur, en þessa hluti bar ákærði á brott. Man ákærði, að hann hélt á brott með einn poka sjálfur.

Ákærði sá, að ákærði Magnús Gunnar var búinn að taka til áfengisflöskur í tvo plastpoka, að því er ákærða minnir, og hafði hann þær á brott með sér. Ekki sá ákærði, hvar ákærði Magnús Gunnar tók flöskurnar.

Ákærði sá ákærða Magnús Gunnar taka við veski úr hendi gamla mannsins og taka úr því peninga. Þá sá ákærði sama ákærða taka peninga úr

öðru veski í stofu hússins. Hafði ákærði Magnús Gunnar peningana í sínum vörslum, þegar þeir yfirgáfu húsið. Ákærði telur, að um 18.000 krónur hafi verið að ræða, en ekki taldi ákærði peningana. Ályktar ákærði, að um þessa fjárhæð hafi verið að ræða, þar sem hann fékk 6.000 krónur í sinn hlut, þegar fengnum var skipt síðar í íbúð ákærða.

Ákærði kannast ekki við að hafa hrint gömlu konunni, á meðan þeir voru í húsinu, né að hafa séð hina ákærðu gera það, og ekki sá ákærði konuna falla í gólfið né liggja í því, á meðan þeir voru í húsinu. Kannast ákærði ekki við, að meiðsli þau, sem gömlu hjónin hlutu, séu af sínum völdum, en vefengir ekki, að hjónin hafi fengið þau meiðsli, sem lýst er í ákærunni, á meðan ákærðu voru í húsi þeirra, en ekki getur ákærði upplýst, hvernig það hafi átt sér stað, og telur, að um slysni hafi verið að ræða, en ekki ásetning.

Ákærði man ekki, að gamli maðurinn missti meðvitund.

Ákærði kveðst hafa skorið á símalínu á farsíma í húsinu með vasahníf, sem hann hafði meðferðis, en var ekki beðinn um það. Ákærði vissi ekki, að skorið hefði verið á fleiri símalínur, fyrr en við yfirheyrslur áður (sic). Ákærði segir, að ekkert hafi verið kveikt á ljósum í húsinu, eftir að þeir ákærðu voru komnir þar inn, og hafi aðeins lifað þetta eina ljós, sem ákærði sá loga í húsinu, þegar þeir komu að því. Ákærði segir þó, að hann hljóti að hafa kveikt ljós í eldhúsgeymslunni, þegar hann fór þar inn.

Ákærði kveðst fyrst hafa gert sér fulla grein fyrir aldri hjónanna, þegar hann kom úr stofunni, eftir að hafa komið þangað fyrst.

Ákærði segir, að maðurinn hafi legið á gólfinu og virst vera mjög slappur, þegar ákærði kom út úr svefnherbergisálmunni. Ákærði man ekki eftir viðræðum við gamla manninn, á meðan hann lá á gólfinu, en hann kveðst hafa borið hann fram í stofuna.

Ákærði segir, að enginn þeirra ákærðu hafi verið verkstjóri í húsinu og allt „óplanað" fyrir fram.

Ákærði telur, að félagar hans hafi engin afskipti verið búnir að hafa af gömlu konunni, þegar hún kom fram í skálann, eftir að ákærði hafði borið hana inn í svefnherbergisálmuna. Man ákærði, að ákærði Magnús Gunnar gaf gamla manninum einhverjar töflur og sótti einnig töflur fyrir gömlu konuna.

Ákærði minnist þess ekki að hafa tekið bjór í húsinu né man hann eftir að hafa drukkið bjór heima hjá sér eftir innbrotsferðina. Ákærði útilokar þó ekki, að hann hafi fengið bjór að drekka heima hjá sér um nóttina.

Við skiptin á þýfinu fékk ákærði í sinn hlut þrjár áfengisflöskur, sem hann drakk í félagi við hina ákærðu nema ákærða X heima hjá sér og í Blönduhlíðinni. Auk áfengisins fékk ákærði 6.000 krónur í peningum, fjóra hringa og hálsfestina, að ákærði best man. Segir ákærði, að hring-

arnir hafi allir komist til skila og hálsfestin, en peningunum hafði ákærði eytt.

Ákærði segir, að ákærði Gústaf Reinholt hafi að Sævargörðum 1 borið svarta alpahúfu, verið með dökkan trefil og í „joggingbuxum", dökkum að lit, að ákærða minnir. Ákærði man ekki, hvernig ákærði Gústaf Reinholt var klæddur að ofan.

Ákærða minnir, að ákærði Magnús Gunnar hafi verið með dökka lambhúshettu og í dökkum „anorak", en ekki man ákærði frekar eftir klæðnaði hans.

Ákærða minnir, að hann sjálfur hafi verið í bláum anorak, með hvíta lambhúshettu og með götum fyrir augu og í ljósum „joggingbuxum".

Ákærði segir, að ákærðu Gústaf Reinholt og Magnús Gunnar hafi ætlað að sjá um að henda klæðnaði þeirra.

Ákærði kveðst hafa hent skartgripunum, sem komu í hans hlut, í ruslatunnu í hliðargötu fyrir ofan Klapparstíg á sunnudeginum eða mánudeginum eftir ránið.

Ákærði Magnús Gunnar segist hafa hitt ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrím Pétur og X síðla margnefndan laugardag á Klapparstíg við Hverfisgötu, og var þá með þeim Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinsson. Var ákærði þarna á bifreið systur sinnar. Ákærðu og Aðalsteinn Guðlaugur héldu síðan saman í billjarðstofu við Klapparstíg og voru þar nokkra stund. Á meðan þeir voru þar, hafði ákærði Gústaf Reinholt orð á því, að ákærði X hefði sagt sér frá húsi úti á Seltjarnarnesi, þar sem byggi okrari um sextugt, en í húsi hans væri um hálf milljón í peningaskáp. Talaði ákærði Gústaf um að brjótast þarna inn í peningaleit og bauð ákærða að taka þátt í því ásamt sér og bróður sínum, en ákærða X yrði haldið utan við málið. Kvaðst ákærði Gústaf Reinholt vera búinn að skoða húsið og þá hafa séð húsráðandann, sem væri feitur karl.

Ákærði segir, að hann hafi ákveðið eftir nokkra umhugsun að taka þátt í innbroti í húsið með þeim hinum, en hann hefði verið í peningavandræðum.

Nokkru eftir að ákærði tók ákvörðun sína, ók hann hinum ákærðu þremur og Aðalsteini Guðlaugi að Grundarstíg 24, en þar varð Aðalsteinn Guðlaugur eftir, og eftir stutta stund var ekið upp í Hlíðar, og þar yfirgaf ákærði X bifreiðina í Eskihlíð, en þeir hinir héldu heim til ákærða Gústafs Reinholts í Blönduhlíð 3, í bílskúr, og fóru að undirbúa för sína út á Seltjarnarnes.

Ákærðu stóðu stutt við í Blönduhlíðinni, en þar lánaði ákærði Gústaf Reinholt ákærða svartar „joggingbuxur", sem ákærði tók með sér án þess að klæðast þeim. Sjálfur tók ákærði Gústaf Reinholt með sér trefil og

svarta derhúfu og svarta leðurvettlinga. Ákærði man ekki, hver stakk upp á því, að þeir skyldu fara dulbúnir í húsið á Seltjarnarnesi.

Ákærðu héldu úr Blönduhlíðinni að Klapparstíg 12, og þar var tekinn með meiri fatnaður, sem ákærðu fóru þó ekki í. Fékk ákærði þarna lánaða dökka rúllukragapeysu, að hann minnir, og ákærði Gústaf Reinholt einhverja svarta dulu, en hann hafi verið í dökkri peysu. Telur ákærði, að þeir hafi staðið við á Klapparstígnum í um eina klukkustund, en laust fyrir miðnætti héldu þeir út á Seltjarnarnes. Þegar komið var út á Seltjarnarnes, stöðvaði ákærði bifreiðina nokkurn spöl frá húsi, sem ákærði Gústaf Reinholt benti á, að væri umrætt hús, en að því héldu ákærðu gangandi, eftir að hafa farið í annan fatnað í bifreiðinni. Fór ákærði í „joggingbuxurnar" og setti á sig skíðahúfu.

Ákærðu komu að bakhlið hússins og fóru þar yfir timburvegg og komu þá að glerhúsi. Telur ákærði, að eitt ljós hafi verið kveikt í húsinu. Ákærði Gústaf Reinholt skrúfaði í sundur stormjárn á opnanlegum glugga á glerhúsinu og skreið þar inn og opnaði fyrir þeim hinum. Ákærði kveðst hafa beðið á milli timburveggjarins og glerhússins, á meðan hinir ákærðu voru að skrúfa í sundur stormjárnið og skríða inn. Ákærði hafði séð hreyfingu inni í húsinu og hafði orð á því við hina að hætta við að fara inn í sjálft húsið. Ákærðu hinir svöruðu þessu engu, og næst heyrði ákærði, að þeir voru komnir inn í húsið. Hélt þá ákærði eftir smástund á eftir þeim inn í húsið, en ákærði var orðinn hræddur. Áður en ákærði hélt inn, setti hann skíðahúfuna niður yfir andlitið til að hylja það.

Ákærði segir, að það fyrsta, sem hann hafi séð, þegar hann kom inn í húsið, hafi verið það, að ákærði Hallgrímur Pétur hélt undir handlegginn á gömlum manni, og voru þeir við skrifborð í skála hússins og ákærði Gústaf Reinholt að koma að þeim. Ákærði vakti athygli félaga sinna á því, að þarna væri um gamalmenni að ræða og hvort þeir vildu ekki hætta við fyrirætlun sína. Ákærði Gústaf Reinholt sagði þá, að þetta væri vitlaust (sic) hús, en ekkert var hlustað á ákærða um að hætta við málið.

Ákærði segir, að mikill hávaði hafi orðið, þegar ákærðu Gústaf Reinholt og Hallgrímur Pétur sprengdu upp hurðina inn í húsið, og skynjaði ákærði ekki annan hávaða á svipuðum tíma. Ákærði gat hvorki séð né heyrt, að félagar hans ættu í átökum við einhvern, áður en ákærði sá þá með gamla manninn við skrifborðið. Um það leyti, sem ákærði sá félaga sína og gamla manninn, sá hann gamla konu koma á eftir ákærða Gústaf Reinholt í átt frá svefnherbergisálmu hússins, og spurði hún, hvort þeir ætluðu að berja mann hennar, en ákærði sagði, að enginn yrði meiddur.

Ákærði segir, að áður en félagar hans brutust inn í húsið, hafi hann verið búinn að sjá ljós í herbergi á móti hurðinni, sem brotin var upp, og eitthvað hreyfast þar inni. Merkti ákærði þetta af skugga, sem kom á birtuna.

Ákærði kveðst hafa séð, að gamla konan var mjög miður sín og lasburða. Tók ákærði undir handlegg hennar og spurði hana, hvort hún væri með lyf. Benti hún þá inn í eldhús, og studdi ákærði hana þá þangað og að ísskápnum, sem ákærði opnaði, en konan sjálf tók úr skápnum einhverjar töflur. Eftir það studdi ákærði konuna inn í stofuna, en þar settist hún í stól. Þegar ákærði kom fram í skálann aftur, sat gamli maðurinn við skrifborðið og hinir ákærðu þar yfir honum. Voru þeir báðir að krefja gamla manninn um peninga, og ákærði gerði það einnig, eftir að hann kom þarna að. Ákærði segir, að ákærði Gústaf Reinholt hafi til áréttingar kröfu þeirra fellt skrifborðið á hliðina. Ákærði sá ekki, að hinir ákærðu ógnuðu gamla manninum með priki eða staf, og ekki kannast ákærði sjálfur við að hafa gert það. Kannast ákærði ekki við að hafa séð þarna prik eða staf. Ákærði sá hvorugan hinna ákærðu beita gamla manninn líkamlegum harðræðum (sic) né kannast ákærði við að hafa gert slíkt sjálfur. Ákærði sá gamla manninn ekki fara í gólfið á þessum tíma.

Ákærði segir, að þrefi þeirra út af peningum hafi lyktað með því, að gamli maðurinn hafi tekið úr skrifborðinu, sem búið var að reisa við, lykil að peningaskápnum. Gekk gamli maðurinn síðan með ákærða og ákærða Hallgrími Pétri inn í herbergið, þar sem peningaskápurinn var. Segir ákærði, að gamli maðurinn hafi snúið lyklinum í skápnum, en síðan sagt, að hann gæti ekki togað í hurðina. Togaði ákærði Hallgrímur Pétur í hurðina, sem opnaðist. Eftir það fóru ákærði og ákærði Hallgrímur Pétur að gramsa í skápnum og dreifðu innihaldi úr honum út á gólfið. Engir peningar komu í ljós, og sagði gamli maðurinn þeim, að hann ætti bara peninga í veski sínu.

Ákærðu héldu nú með gamla manninn fram í skálann á ný án þess að hafa tekið nokkuð með sér af innihaldi skápsins. Þegar þeir komu fram, var ákærði Gústaf Reinholt frammi í stofunni hjá gömlu konunni.

Ákærði segir, að þegar gamli maðurinn var kominn fram í skálann á ný, hafi hann tekið upp veski sitt og rétt ákærða það, og úr því tók ákærði 15.000 krónur í peningum, sem ákærði hafði meðferðis, þegar hann yfirgaf húsið. Eftir að ákærði hafði fengið peningana, studdi hann gamla manninn inn í stofuna, en þar lagðist hann í sófa. Á meðan ákærði var að framangreindu, fóru félagar hans inn í svefnherbergisálmuna einir. Eftir að gamli maðurinn var lagstur í sófann og þau bæði hjónin í stofunni, fór ákærði í geymslu inn af eldhúsi og tók þar níu eða tíu áfengisflöskur, sem hann setti í plastpoka, sem voru í búrinu. Einnig tók hann í búrinu bjórflöskurnar. Minnir ákærða, að um hafi verið að ræða þrjá poka, og báru ákærðu hver sinn poka á brott, þegar þeir yfirgáfu húsið.

Þegar ákærði kom fram úr geymslunni, sá hann gamla manninn liggja á gólfinu, og virtist hann ætla að skríða til konunnar. Lagði ákærði frá

sér áfengispokana í stofunni og fór til gamla mannsins og spurði, hvort eitthvað væri að honum. Hann talaði lítið, en minntist á svima. Ákærði fór með gömlu konuna í eldhúsið, þar sem hún náði í töflur fyrir sig úr ísskápnum. Að ábendingu gömlu konunnar fór ákærði tvívegis inn í svefnherbergi til að leita að töflum í náttborðsskúffu handa gamla manninum. Í síðara skiptið fann ákærði töflurnar, sem gamla konan gaf manni sínum. Í framhaldi af þessu sagði ákærði gömlu konunni, að hann myndi hringja á sjúkrabifreið, þegar þeir væru farnir úr húsinu. Ákærði fór nú inn í svefnherbergisálmuna og hitti þar félaga sína, sem voru að skoða skartgripi. Ákærði tók ekkert af skartgripum, en síðar um nóttina, þegar ákærðu skiptu á milli sín þýfinu úr húsinu, sá ákærði hjá félögum sínum gullhálsmen og þrjá gullhringa, en einn þeirra fékk ákærði í sinn hlut.

Ákærði segir, að það hafi komið til tals í svefnherberginu að slíta símana í húsinu úr sambandi. Í framhaldi af því sleit ákærði símann í forstofunni úr sambandi, en ákærði Hallgrímur Pétur aðra síma. Eftir þetta yfirgáfu ákærðu húsið og héldu inn í Reykjavík. Ætluðu þeir að hringja í sjúkrabíl úr símaklefa í Tryggvagötu, en hann var upptekinn. Var þá haldið upp á Klapparstíg, þar sem ákærði Hallgrímur Pétur fór úr bifreiðinni. Þeir hinir fóru upp á Laugaveg, þar sem ákærði Gústaf Reinholt hringdi til lögreglu úr símaklefa. Eftir það héldu þeir á Klapparstíginn, og þar var þýfinu skipt um nóttina. Ákærði fékk í sinn hlut þrjár áfengisflöskur, áðurgreindan gullhring og 5.000 krónur, en bjórdósirnar sex drukku ákærðu á Klapparstígnum. Ákærðu Hallgrímur Pétur og Gústaf Reinholt fengu hvor um sig 5.000 krónur í peningum, hinn fyrrnefndi fékk hálsmenið, einn hring og þrjár áfengisflöskur. Ákærði Gústaf Reinholt fékk einn hring og þrjár áfengisflöskur. Telur ákærði, að flöskurnar hafi verið níu, en ekki tíu, og ekki kveðst ákærði hafa séð nema þrjá gullhringa.

Ákærði eyddi sínum hluta peninganna fyrir sjálfan sig og drakk áfengisflöskurnar þrjár í félagi við ákærða Gústaf Reinholt, en skilaði hringnum.

Ákærði telur, að enginn þeirra þriggja hafi átt frumkvæði að því, hvernig staðið skyldi að verki í húsinu.

Ákærði kannast ekki við að hafa hrint Ingibjörgu Guðmundsdóttur né að hafa séð hina ákærðu gera það eða að hafa séð hana liggja á gólfinu.

Ákærði kannast ekki við að hafa staðið að því að taka um kverkar Sverris Sigurðssonar og snúa hann niður né að hafa þjarmað að honum á gólfinu.

Ákærði getur engar skýringar gefið á þeim meiðslum, sem gömlu hjónin eru talin hafa hlotið í heimsókn ákærðu í hús þeirra.

Ákærði segir, að hann hafi í bifreiðinni á leiðinni á brott heyrt ákærða Gústaf Reinholt kvarta yfir því við ákærða Hallgrím Pétur, að hann hefði

verið að pota í sig með priki í húsinu. Féllu orð eitthvað á þessa leið. Var þetta í eina skiptið, sem ákærði heyrði minnst á prik eða staf.

Ákærði kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis umrædda nótt, en þó ekki meira en svo, að hann telur sig muna atburðarásina rétt.

Ákærði segir, að húfur sínar og ákærða Hallgríms Péturs hafi verið sömu gerðar, önnur hvít og blá, en hin dökk.

Ákærði sagði rannsóknarlögreglu, að hann hefði komið að hinum ákærðu, þar sem þeir hafi verið að kljást við gamlan mann liggjandi á gólfinu við dyrnar fram í „holið". Ákærði man ekki eftir þessu atviki né getur hann skýrt ástæðuna fyrir þessum framburði. Ákærði telur sig hafa borið á framangreindan hátt vegna hræðslu, og sé framburður þessi rangur.

Ákærði minnist þess ekki, að gamla manninum hafi verið hótað um ófarnað, þegar þeir félagar voru að krefja hann um peningana.

Ákærði sagði rannsóknarlögreglu, að ákærði Gústaf Reinholt hefði sagt, að ákærði Hallgrímur Pétur hefði verið með staf reiddan og ógnað með honum. Ákærði segir þennan framburð ekki réttan, og hafi ákærði átt við, að ákærði Hallgrímur Pétur hefði, að sögn ákærða Gústafs Reinholts, verið að ógna honum með stafnum.

Ákærði segir, að ákærði Gústaf Reinholt hafi sagt honum á sunnudeginum, að hann hefði tekið lykla að húsinu og bíllykil.

Ákærði vefengir ekki, að hjónin Sverrir og Ingibjörg hafi hlotið þau meiðsli, sem lýst er í ákærunni, á meðan þau sættu heimsókn ákærðu. Ákærði kannast hins vegar ekki við að hafa gert neitt, sem gæti hafa valdið meiðslunum, né hafi hann séð hina ákærðu aðhafast eitthvað, sem gæti hafa valdið meiðslum hjónanna.

Ákærði segir, að ákærði Gústaf Reinholt hafi farið með húfur þeirra tveggja í öskutunnur við húsið um nóttina, áður en þeir fóru inn til ákærða Hallgríms Péturs til að skipta þýfinu.

Ákærði X kannast við að hafa laugardaginn 24. september sl., undir áhrifum áfengis og sveppasúpu, í rugli, sagt ákærða Gústaf Reinholt, að úti á Seltjarnarnesi væri að finna hús með miklum verðmætum. Ekki man ákærði nákvæmlega, hvernig orð féllu, en minnir, að hann hafi minnst á gull, peningaskáp og hálfa milljón í peningum. Í framhaldi af þessu tali, sem ákærði man ekki, hvort fram fór að Blönduhlíð 3 eða í billjarðstofu við Klapparstíg, fór ákærði síðar um daginn í ökuferð út á Seltjarnarnes með ákærða Gústaf Reinholt, Aðalsteini Guðlaugi Aðalsteinssyni og stúlku, sem ók bifreiðinni. Í ökuferðinni benti ákærði af handahófi á hús á Seltjarnarnesi og sagði, að þarna væri umrætt hús. Ákærði kveðst ekkert hafa þekkt til þessa húss eða íbúa þess, og eftir að hafa verið sýndar ljósmyndir af Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi, þorir hann ekki að fullyrða, að hann hafi bent á það hús.

Ákærði kveðst hafa skilið við samferðamenn sína í bifreiðinni uppi í Eskihlíð, en þangað var honum ekið.

Ákærði kveðst ekki muna eftir því við meðferð málsins, að ákærði Gústaf Reinholt hafi sagt honum, að þeir hefðu hrint fólkinu til í húsinu að Sævargörðum 1, en þetta er haft eftir ákærða í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu.

Ákærði Magnús Gunnar afhenti rannsóknarlögreglunni einn gullhring með fjólubláum steini, sem hann kvaðst hafa fengið í sinn hlut, og var hringurinn geymdur í húsi í Breiðholti í Reykjavík.

Ákærði Hallgrímur Pétur vísaði rannsóknarlögreglunni á svart plasthylki með gráu loki, sem var á baklóð vestan við Klapparstíg 12, og voru í því eitt hálsmen og fjórir gullhringar, sem hann kvaðst hafa falið þarna, en ekki mundi hann, hvenær hann gerði það.

Skilað var til hjónanna Ingibjargar og Sverris framangreindum hlutum, hálsmeninu og hringunum fimm, svo og einni áfengisflösku.

— — —

Niðurstöður.

I.

Með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, er sannað, að ákærðu hafa í félagi brotist grímuklæddir inn í húsið nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi aðfaranótt sunnudagsins 25. september sl. og haft þaðan á brott með sér þau verðmæti, sem gerð er grein fyrir í ákærunni, eftir að hafa neytt húsráðendur til þess með ógnunum að benda sér á fjármuni í íbúðinni. Þó verður því ekki slegið föstu, að áfengisflöskurnar hafi verið tíu. Verður gengið út frá því, að þær hafi verið níu. Með framburði húsráðenda og læknisvottorðum er sannað, að húsráðendur urðu fyrir þeim meiðslum, sem lýst er í ákærunni, í heimsókn ákærðu í húsið. Þeir hafa ekki vefengt hver um sig, að þetta hafi átt sér stað, en enginn einn þeirra kannast við að vera að þessu valdur. Verða ákærðu því allir taldir ábyrgir fyrir þessum meiðslum. Þessi háttsemi ákærðu Gústafs Reinholts, Hallgríms Péturs og Magnúsar Gunnars varðar við 252. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum, sem hér segir, svo og reynslulausn:

— — —

[Gústaf Reinholt Gústafsson hefur sætt þremur refsidómum fyrir þjófnað og tveimur fyrir umferðarlagabrot og sæst þrisvar á greiðslu sektar. Hall-

grímur Pétur Gústafsson hefur sætt níu refsidómum fyrir ýmis hegningarlagabrot og tveimur fyrir umferðarlagabrot og sex sinnum sæst á greiðslu sektar. Magnús Gunnar Baldvinsson hefur sætt sex refsidómum fyrir hegningarlagabrot, tveimur fyrir umferðarlagabrot og einum fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf, auk þess sæst sex sinnum á greiðslu sektar. Honum var 6. febrúar 1988 veitt reynslulausn í tvö ár af eftirstöðvum refsingar, 70 dögum.]

Refsingar.

Ákærðu, Gústaf Reinholt, Hallgrími Pétri og Magnúsi Gunnari, verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af sakaferli þeirra, og samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, verður hin fimm mánaða skilorðsbundna fangelsisrefsing ákærða Hallgríms Péturs samkvæmt dóminum frá 28. janúar 1987 felld inn í þá refsingu, sem honum verður nú ákvörðuð, en með þeirri háttsemi, sem hann er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð dómsins. Verður ákærða Hallgrími Pétri því einnig ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa í huga, að ákærðu brutu sér saman grímuklæddir að næturlagi leið inn á einkaheimili, þar sem íbúarnir voru sofandi. Þá dró ekki úr einbeittum vilja ákærðu til verksins, þótt þeir sæju, að íbúar hússins væru öldruð hjón, og verða þeir taldir sameiginlega hafa staðið að því að beita hjónin svo miklum harðræðum (sic), að þau hlutu töluverð meiðsli af, allt í þeim tilgangi að komast yfir verðmæti í húsinu.

Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing ákærðu Gústafs Reinholts, Hallgríms Péturs og Magnúsar Gunnars hvers um sig hæfilega ákveðin fangelsi fjögur ár.

— — —

Gæsluvarðhald.

Ákærði Gústaf Reinholt hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 29. september sl. og allt til uppsögu dóms þessa eða í samtals 118 daga.

Ákærði Hallgrímur Pétur hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 28. september sl. og allt til uppsögu dóms þessa eða í samtals 119 daga.

Ákærði Magnús Gunnar sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 29. september sl. klukkan laust eftir 15 þann dag, en því lauk 5. október sl., er við tók afplánun 70 daga eftirstöðva fangelsisrefsingar, en henni lauk 13. desember sl. Var ákærði þá úrskurðaður í gæsluvarðhald á ný og hefur sætt gæsluvarðhaldi síðan og allt til uppsögu dóms þessa eða í samtals 48 daga.

— — —

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að allt framangreint gæsluvarðhald ákærðu komi refsingum þeirra til frádráttar.

Skaðabætur.

Ákært er til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, en slík krafa liggur ekki fyrir.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu samkvæmt ákvæðum 142. gr. laga nr. 74/1974 til þess að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði Gústaf Reinholt skal greiða skipuðum verjanda sínum, Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni, 140.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærði Hallgrímur Pétur skal greiða skipuðum verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni héraðsdómslögmanni, 140.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, og ákærði Magnús Gunnar skal greiða skipuðum verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, skulu greiðast af ákærða X að hálfu, en að hálfu úr ríkissjóði.

Ákærðu greiði saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð. Skulu ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar greiða óskipt 100.000 krónur í saksóknarlaun, en ákærði X einn 10.000 krónur.

Annan sakarkostnað skulu ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar greiða að 5/6 hlutum óskipt, en ákærði X að 1/12 hluta og ríkissjóður að 1/12 hluta.

Dómsorð:

Ákærðu Gústaf Reinholt Gústafsson, Hallgrímur Pétur Gústafsson og Magnús Gunnar Baldvinsson sæti hver um sig fangelsi í fjögur ár.

Ákærði X sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Til frádráttar refsingum ákærðu skal koma gæsluvarðhald þeirra, ákærða Gústafs Reinholts í 118 daga, ákærða Hallgríms Péturs í 119 daga, ákærða Magnúsar Gunnars í 48 daga og ákærða X í 16 daga.

Ákærði Gústaf Reinholt greiði skipuðum verjanda sínum, Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni, 140.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærði Hallgrímur Pétur greiði skipuðum verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni héraðsdómslögmanni, 140.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, og ákærði Magnús Gunnar greiði skipuðum verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur, skulu greiðast af ákærða X að hálfu, en að hálfu úr ríkissjóði. Ákærðu greiði saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð. Skulu ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar greiða óskipt 100.000 krónur í saksóknarlaun, en ákærði X einn 10.000 krónur.

Annan sakarkostnað skulu ákærðu Gústaf Reinholt, Hallgrímur Pétur og Magnús Gunnar greiða að 5/6 hlutum óskipt, en ákærði X að 1/12 hluta og ríkissjóður að 1/12 hluta.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1990.

Nr. 483/1989. **Eiríkur Kristvinsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Aðalbirni Pálssyni
(Gunnar Sólnes hrl.).

Skaðabótamál. Bifreiðar. Ábyrgð á dýrum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember 1989. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir rétt að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eiríkur Kristvinsson, greiði stefnda, Aðalbirni Pálssyni, 55.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 11. apríl 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. apríl sl., hefur Aðalbjörn Pálsson, kt. 130369-3839, Heiðarlundi 4 D, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 6. apríl sl., á hendur Eiríki Kristvinssyni, kt. 170457-2779,

Norðurgötu 13, Akureyri, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 67.392 kr., með 49,2% ársvöxtum frá 1.12.1987 til 1.1.1988, með 51,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.3. s. á., með 45,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.5. s. á., með 44,4% ársvöxtum frá þ. d. til 1.7. s. á., með 52,8% ársvöxtum frá þ. d. til 1.8. s. á., með 56,4% ársvöxtum frá þ. d. til 1.9. s. á., með 49,2% ársvöxtum frá þ. d. til 1.10. s. á., með 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.11. s. á., með 27,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.12. s. á., með 24% ársvöxtum frá frá þ. d. til 1.1.1989, með 21,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1.3. s. á., með 24% ársvöxtum frá þ. d. til 1.4. s. á., með 33,6% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna. Þess er enn fremur krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28.10.1988, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, stefnt til réttargæslu í máli þessu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Málsatvik eru þau, að hinn 28. október 1987 ók stefnandi bifreið sinni, A-1295, norður Glerárgötu á Akureyri á vinstri akrein, en annarri bifreið var ekið á hægri akrein, lítið eitt framar. Á móts við Fjólugötu, sem liggur þvert á Glerárgötu, hljóp hundur út á Glerárgötu fyrir framan bifreið þessa. Virtist ökumanni þeirrar bifreiðar hundurinn koma úr Fjólugötu, og kvað hann hundinn hafa verið 5-10 metra framan við bifreið hans. Hægði sá ökumaður á bifreið sinni, en í sömu andrá ók stefnandi bifreið sinni fram úr á vinstri akrein, og lenti hundurinn framan á bifreið hans með þeim afleiðingum, að bifreiðin skemmdist nokkuð. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna skemmdanna, en í ljós kom við rannsókn, að stefndi var eigandi hundsins. Telur stefnandi stefnda bera skaðabótaábyrgð gagnvart sér skv. almennum reglum skaðabótaréttar, um að eigendur húsdýra beri skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem dýrin kunni að valda. Samkvæmt reglugerð nr. 295/1987 um hundahald á Akureyri sé hundahald bannað í lögsagnarumdæmi Akureyrar. Stefndi hafi fengið undanþágu frá þessu banni með þeim skilmálum, sem tilgreindir séu í reglugerðinni, en samkv. h-lið 2. gr. reglugerðarinnar skuli hundur aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hafi fullt vald yfir honum. Stefndi hafi gefið skýrslu fyrir lögreglu, og þar komi fram, að

hundur hans hafi sloppið laus, og verði það rakið til gáleysis stefnda. Stefndi hafi ábyrgðartryggt hund sinn hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands skv. ákvæði d-liðar 2. gr. áðurnefndrar reglugerðar, og sé því Sjóvá-Almennum tryggingum stefnt til réttargæslu í máli þessu, þar sem það félag hafi tekið við öllum réttindum og skyldum hins félagsins.

Byggir stefnandi kröfu sína á skoðunarvottorði Ara Baldurssonar bifvélavirkja, sem skoðaði bifreið stefnanda þann 29. október 1987. Samkvæmt þeirri skoðun hafi tjón stefnanda verið metið á kr. 67.392, sem sé stefnufjárhæð málsins. Vaxtakröfu sína kveðst stefnandi byggja á 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Rök stefnda til sýknu eru þau, að tjón stefnanda megi alfarið (sic) rekja til gálauss aksturs hans sjálfs, en jafnframt er á það bent, að stefnda verði ekki lagt til lasts, að hundur hans hljóp út á götuna í umrætt sinn, en stefnandi hafi ekki sýnt fram á nein þau atvik önnur, er fellt geti bótaskyldu á stefnda. Er því mótmælt, að almennar skaðabótareglur eigi hér við, heldur eigi að beita 67. gr. þágildandi umferðarlaga, en hún leggi „objektíva" ábyrgð á bifreiðaeigendur vegna tjóns, er bifreiðar þeirra valda, en fella megi niður bætur eða lækka þær, ef vítaverðu gáleysi sé um að kenna, en svo hafi ekki verið í umrætt sinn. Ef ekki verði fallist á sýknu, sé því haldið fram, að skipta beri sök.

Af gögnum málsins er fram komið, að téður hundur gekk laus í umrætt sinn allfjarri heimili eigandans, stefnda í máli þessu, en með því gerðist stefndi brotlegur við framangreinda samþykkt um hundahald á Akureyri. Verður stefndi því talinn bótaskyldur vegna þess tjóns, er stefnandi varð fyrir og hlaust af þessari lausagöngu hundsins. Ekki verður á það fallist með stefnda, að hin „objektíva" bótaábyrgð 67. gr. þágildandi umferðarlaga firri stefnda bótaskyldu í máli þessu. Fullyrðing stefnda um, að tjónið verði rakið til gálauss aksturs stefnanda sjálfs, hefur ekki verið studd neinum gögnum í málinu. Verður því eigi á það fallist, að skipta beri sök.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda tjón hans með kr. 67.392, eins og krafist er, en ekki er ágreiningur um þá fjárhæð.

Stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda, bæði hvað varðar vaxtafót og upphafstíma vaxta. Þá hefur hann mótmælt því, að vextir leggist við höfuðstól.

Af gögnum málsins verður ráðið, að 29. október 1987 hafi stefnandi lagt fram nægjanlegar upplýsingar til stuðnings kröfu sinni skv. 15. gr. laga nr. 25/1987. Þykir því upphafstími vaxta, 1. desember 1987, í kröfum stefnanda hæfilega ákveðinn. Þar sem vaxtakrafa stefnanda er að öðru leyti í samræmi við framangreind lög, verður hún tekin til greina að fullu að

öðru leyti en því, að leggja ber vexti við höfuðstól á 12 mán. fresti frá upphafsdegi vaxta.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 46.000, ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríkur Kristvinsson, greiði stefnanda, Aðalbirni Pálssyni, kr. 67.392 ásamt 49,2% ársvöxtum frá 1. des. 1987 til 1. jan. 1988, 51,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. mars s. á., 45,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. maí s. á., 44,4% ársvöxtum frá þ. d. til 1. júlí s. á., 52,8% ársvöxtum frá þ. d. til 1. ágúst s. á., 56,4% ársvöxtum frá þ. d. til 1. sept. s. á., 49,2% ársvöxtum frá þ. d. til 1. okt. s. á., 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. nóv. s. á., 27,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. des. s. á., 24% ársvöxtum frá þ. d. til 1. jan. 1989, 21,6% ársvöxtum frá þ. d. til 1. mars s. á., 24% ársvöxtum frá þ. d. til 1. apríl s. á. og 33,6% ársvöxtum frá þ. d. til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafsdegi vaxta, og kr. 46.000 í málskostnað ásamt vöxtum, eins og að framan greinir, frá 15. degi eftir dómsuppsögu, sem leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti frá upphafsdegi vaxta, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1990.

Nr. 100/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Aðalsteini Ísfjörð Sigurpálssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi að ósk ákærða með stefnu 7. mars 1989, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans, þó þannig, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærði, Aðalsteinn Ísfjörð Sigurpálsson, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Húsavíkur 17. febrúar 1989.

Ár 1989, föstudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Húsvíkur, sem haldið er á sýsluskrifstofunni á Húsavík af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 547/1988: Ákæruvaldið gegn Aðalsteini Ísfjörð Sigurpálssyni, sem dómtekið var þann 23. janúar sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali, dagsettu 1. júní 1988, á hendur ákærða, „...Aðalsteini Ísfjörð Sigurpálssyni múrarameistara, Baughóli 19, Húsavík, fæddum 13. febrúar 1947 á Húsavík, fyrir fjársvik og skjalafals með því að hafa á árunum 1984 til 1988 framvísað til greiðslu og fengið greiddan hjá Kaupfélagi Þingeyinga, Húsavík, eftirtalinn 71 vinnureikning sem ákærði útbjó ásamt fylgireikningum yfir verk sem hann vann ekki, og falsað á þá nöfn starfsmanna kaupfélagsins, þeirra Helga Sigurðssonar, Ketilsbraut 18, Sigmars Péturs Mikaelssonar, Holtagerði 16, Hauks Haraldssonar, Reykjaheiðarvegi 4, og Hlífars Karlssonar, Höfðavegi 24, allra á Húsavík, sem samþykkjenda verksins:

Reikningar á Brauðgerð Kaupfélags Þingeyinga.

1984:

1.	Reikningur nr. 124 frá 12.11., að fjárhæð	kr. 18.910
2.	Reikningur nr. 158 frá 28.12., að fjárhæð	kr. 4.572

1985:

3.	Reikningur nr. 169 frá 16.2., að fjárhæð	kr. 18.524,15
4.	Reikningur nr. 202 frá 30.4., að fjárhæð	kr. 9.074
5.	Reikningur nr. 238 frá 17.-23.7., að fjárhæð	kr. 21.256
6.	Reikningur nr. 252 frá 1.9., að fjárhæð	kr. 14.666
7.	Reikningur nr. 266 frá 1.10., að fjárhæð	kr. 10.529
8.	Reikningur nr. 280 frá 1.11., að fjárhæð	kr. 17.986
9.	Reikningur nr. 292 frá 15.12., að fjárhæð	kr. 7.539

1986:

10.	Reikningur nr. 327 frá 15.2., að fjárhæð	kr. 16.345
11.	Reikningur nr. 338 frá 31.3., að fjárhæð	kr. 17.571
12.	Reikningur nr. 376 frá 1.6., að fjárhæð	kr. 11.392
13.	Reikningur nr. 397 frá 1.7., að fjárhæð	kr. 16.689

1987:

14.	Reikningur nr. 531 frá 1.6., að fjárhæð	kr. 29.923
15.	Reikningur nr. 535 frá 14.1., að fjárhæð	kr. 15.899
16.	Reikningur nr. 544 frá 5.2., að fjárhæð	kr. 28.834
17.	Reikningur nr. 547 frá 13.3., að fjárhæð	kr. 29.526

18. Reikningur nr. 591 frá 29.5., að fjárhæð kr. 20.167
19. Reikningur nr. 685 frá 15.12., að fjárhæð kr. 28.095

1988:

20. Reikningur nr. 691 frá 16.1., að fjárhæð kr. 17.856
21. Reikningur nr. 719 frá 1.2., að fjárhæð kr. 24.524

Á ofangreinda reikninga samkvæmt töluliðum 1-21 falsaði ákærði nafnritunina Helgi Sig. sem samþykkan.

Reikningar á Kaupfélag Þingeyinga, sláturhús, verslunarhús og frystihús.
1985: Sláturhús:

22. Reikningur nr. 281 frá 1.11., að fjárhæð kr. 21.695

1987: Sláturhús:

23. Reikningur nr. 552 frá 27.2., að fjárhæð kr. 20.444
24. Reikningur nr. 564 frá 7.4., að fjárhæð kr. 16.252
25. Reikningur nr. 596 frá 15.6., að fjárhæð kr. 18.370
26. Reikningur nr. 606 frá 30.7., að fjárhæð kr. 13.676

Verslunarhús árið 1985:

27. Reikningur nr. 279 frá 1.11., að fjárhæð kr. 8.610

Frystihús árið 1987:

28. Reikningur nr. 545 frá 8.2., að fjárhæð kr. 24.854

Á ofangreinda reikninga samkvæmt töluliðum 22-28 falsaði ákærði nafnritunina Sigmar M. sem samþykkan.

Reikningar á Mjólkursamlag Kaupfélags Þingeyinga.
1984:

29. Reikningur nr. 157 frá 28.12., að fjárhæð kr. 29.168

1985:

30. Reikningur nr.153 frá 14.1., að fjárhæð kr. 29.413
31. Reikningur nr. 164 frá 1.2., að fjárhæð kr. 29.325
32. Reikningur nr. 198 frá 16.4., að fjárhæð kr. 30.379
33. Reikningur nr. 201 frá 30.4., að fjárhæð kr. 30.888,30
34. Reikningur nr. 210 frá 29.5., að fjárhæð kr. 30.440
35. Reikningur nr. 224 frá 19.6., að fjárhæð kr. 33.250

36. Reikningur nr. 227 frá 1.7., að fjárhæð kr. 35.024
37. Reikningur nr. 230 frá 15.7., að fjárhæð kr. 31.259,20
38. Reikningur nr. 239 frá 28.7., að fjárhæð kr. 32.350
39. Reikningur nr. 253 frá 1.9., að fjárhæð kr. 35.250
40. Reikningur nr. 269 frá 1.10., að fjárhæð kr. 31.541
41. Reikningur nr. 273 frá 16.10., að fjárhæð kr. 46.118
42. Reikningur nr. 284 frá 15.11., að fjárhæð kr. 39.228
43. Reikningur nr. 286 frá 1.12., að fjárhæð kr. 30.242
44. Reikningur nr. 297 frá 22.12., að fjárhæð kr. 49.201

1986:

45. Reikningur nr. 303 frá 15.4., að fjárhæð kr. 33.774
46. Reikningur nr. 318 frá 3.2., að fjárhæð kr. 22.228
47. Reikningur nr. 326 frá 15.2., að fjárhæð kr. 25.575
48. Reikningur nr. 366 frá 15.5., að fjárhæð kr. 38.643
49. Reikningur nr. 373 frá 1.6., að fjárhæð kr. 39.024
50. Reikningur nr. 385 frá 10.7., að fjárhæð kr. 43.073
51. Reikningur nr. 416 frá 12.8., að fjárhæð kr. 35.675
52. Reikningur nr. 438 frá 29.9., að fjárhæð kr. 27.808
53. Reikningur nr. 456 frá 1.9., að fjárhæð kr. 26.448
54. Reikningur nr. 464 frá 15.9., að fjárhæð kr. 37.082
55. Reikningur nr. 472 frá 14.11., að fjárhæð kr. 48.732
56. Reikningur nr. 516 frá 15.12., að fjárhæð kr. 43.791

1987:

57. Reikningur nr. 541 frá 1.2., að fjárhæð kr. 54.998
58. Reikningur nr. 548 frá 13.3., að fjárhæð kr. 31.248
59. Reikningur nr. 551 frá 27.2., að fjárhæð kr. 36.296
60. Reikningur nr. 565 frá 14.4., að fjárhæð kr. 45.964
61. Reikningur nr. 577 frá 14.5., að fjárhæð kr. 54.340
62. Reikningur nr. 587 frá 27.5., að fjárhæð kr. 46.034
63. Reikningur nr. 590 frá 29.6., að fjárhæð kr. 33.280
64. Reikningur nr. 601 frá 12.7., að fjárhæð kr. 47.128
65. Reikningur nr. 608 frá 30.7., að fjárhæð kr. 51.339
66. Reikningur nr. 613 frá 30.9., að fjárhæð kr. 26.304
67. Reikningur nr. 617 frá 14.8., að fjárhæð kr. 64.220
68. Reikningur nr. 620 frá 27.8., að fjárhæð kr. 50.971
69. Reikningur nr. 666 frá 15.11., að fjárhæð kr. 55.902
70. Reikningur nr. 675 frá 30.11., að fjárhæð kr. 61.895
71. Reikningur nr. 682 frá 29.12., að fjárhæð kr. 62.509

Á ofangreinda reikninga samkvæmt töluliðum 29-31 falsaði ákærði nafnritunina Haukur Haraldsson og samkvæmt töluliðum 32-71 nafnritunina Hlífar Karlsson sem samþykka.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar...“

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að refsingin verði skilorðsbundin, en auk þess málsvarnarlauna úr hendi ríkissjóðs. Dómari veitti verjanda ákærða, Örlygi Hnefli Jónssyni, frest til 1. desember sl. til að skila inn vörn í málinu, og barst dómara vörnin í hendur þann 19. janúar sl.

Málavextir.

Málavextir eru þessir skv. framburði ákærða, vitna og öðru því, sem fram er komið í málinu.

Með bréfi, dags. 6. maí sl., undirrituðu af Hlífari Karlssyni, starfsmanni Kaupfélags Þingeyinga, var sýslumanni Þingeyjarsýslu tilkynnt um, að grunur væri á, að Aðalsteinn Ísfjörð Sigurpálsson, sem er ákærði í málinu, hefði svikið út fé úr kaupfélaginu með því að falsa reikninga.

Við rannsókn málsins lagði rannsóknarlögregla ríkisins hald á bókhaldsgögn ákærða, og kom í ljós, að í þessum gögnum var m.a. að finna afrit af öllum útskrifuðum reikningum á Kaupfélag Þingeyinga á tímabilinu 1984-1987, og voru reikningarnir allir í númeraröð, merktir með fylgiskjalsnúmeri. Í þessum gögnum var einnig afrit af sjóðsbók, og kom í ljós, að allir nefndir reikningar, bæði réttir og tilbúnir, voru tekjufærðir og komu fram í sjóðsbókinni.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 10. og 11. maí sl. og fyrir dómi þann 14. september sl. hefur ákærði greiðlega játað brot sitt, þ.e. að hafa, eins og tilgreint er í ákæru, á árunum 1984 til 1988 útbúið 71 vinnureikning ásamt fylgireikningum yfir verk, sem ákærði vann ekki, framvísað þeim til greiðslu og fengið þá greidda hjá Kaupfélagi Þingeyinga, Húsavík, eftir að hafa falsað á reikningana nöfn starfsmanna kaupfélagsins sem samþykkjenda fyrir verkunum.

— — —

Samtals eru reikningarnir að fjárhæð kr. 2.191.135,65.

Ákærði hefur skýrt svo frá við yfirheyrslur, að hann hafi átt við verulega fjárhagsörðugleika að stríða á nefndu tímabili. Ákærði er múrari að atvinnu og kvað atvinnumöguleika fyrir menn í hans iðn hafa minnkað töluvert á árinu 1984. Hafi hann á því ári ráðist í að kaupa steinsög fyrir u.þ.b.

1.000.000 kr. til að auka á möguleika sína til vinnu, en lent í vandræðum við að standa skil á afborgunum af söginni. Ákærði kvað brot sín hafa byrjað með því, að hann hafi unnið verk fyrir kaupfélagið, en þar sem erfiðlega gekk að ná í þá aðila, sem samþykkt gátu reikninga fyrir þessi verk hans, hafi hann nokkrum sinnum brugðið á það ráð að rita sjálfur nöfn viðkomandi kaupfélagsmanna á reikningana. Þetta hafi síðan þróast þannig, að hann síðar falsaði þá reikninga, sem nú er ákært fyrir, án þess að vinna lægi að baki reikningunum.

Vitnin Helgi Sigurðsson, bakarameistari og deildarstjóri í brauðgerð kaupfélagsins, Hlífar Karlsson, mjólkurbússtjóri í mjólkursamlagi kaupfélagsins, Sigmar Pétur Mikaelsson, trésmíðameistari og starfsmaður kaupfélagsins, og Haukur Haraldsson, verkstjóri í mjólkursamlagi kaupfélagsins, voru yfirheyrð af RLR dagana 9. og 10. maí sl., en fyrir dómi þann 14. október og 1. nóvember sl.

Vitnið Helgi Sigurðsson, Ketilsbraut 18, Húsavík, kvað ákærða lítið sem ekkert hafa unnið fyrir brauðgerð Kaupfélags Þingeyinga á árunum 1984 og 1985, en árið 1986 hafi ákærði unnið að breytingum á búð brauðgerðarinnar. Kannaðist það ekki við að hafa undirritað þá reikninga, sem merktir eru nr. 1-21 í ákæru, hér að framan.

Vitnið Haukur Haraldsson, Reykjaheiðarvegi 4, Húsavík, skýrði svo frá, að það kannaðist ekki við að hafa ritað nafn sitt á reikninga, sem tölusettir eru nr. 29-31 í ákæru, en hins vegar kvaðst vitnið fyrir dómi ekki geta fullyrt, hvort nafnritunin á reikningi nr. 157 væri fölsuð (reikningur tölusettur nr. 29 í ákæru). Vitnið sagði varla þann dag líða, er annaðhvort það eða mjólkurbússtjórinn, Hlífar Karlsson, væru ekki við til að undirrita ýmiss konar reikninga. Vitnið kvaðst hins vegar ekki geta fullyrt um það, hvort vinna ákærða í þágu kaupfélagsins væri að baki reikningunum að einhverju leyti, en hins vegar væri víst, að ákærði hefði ekki unnið öll þau verk, sem reikningarnir segja til um, og að reikningarnir væru ekki nákvæmir að þessu leyti.

Vitnið Sigmar Mikaelsson, Holtagerði 16, Húsavík, kvaðst við yfirheyrslur vera þess fullvisst, að ákærði hefði falsað nafn vitnisins á þá reikninga, sem ákært er fyrir. En vitnið er trésmiður, sem sér um viðhald fyrir kaupfélagið, og kvaðst hafa verið með ákærða í þau skipti, sem ákærði vann fyrir fyrirtækið.

Vitnið Hlífar Karlsson mjólkurbússtjóri, Höfðavegi 24, Húsavík, kvaðst á árinu 1987 ekki hafa undirritað nema 7-8 reikninga frá ákærða. Hins vegar treysti vitnið sér ekki til að segja til um, hversu mikið ákærði vann fyrir kaupfélagið á árunum 1985 og 1986. Voru vitninu sýndir ýmsir reikningar. Vitnið kvaðst, eftir að hafs skoðað reikningana, ekki kannast við undirritun á eftirtöldum reikningum, sem ákært er vegna: reikningum nr.

608, 617, 565, 601, 620, 613, 666, 675, 682, 551, 577, 587, 590, 516, 472, 438, 464, 416, 303 og 326. Þá kvaðst vitnið kunna að hafa ritað nafn sitt á reikninga nr. 456, 385, 366, 373, 318, 286, 273 og 269. Ekki kvaðst vitnið treysta sér til að staðfesta nafnritun á reikninga nr. 210, 224, 297, 253, 239, 230, 201 og 198. Ekki kvaðst vitnið þora að fullyrða neitt um reikninga nr. 541 og 548. Ekki kemur fram í lögregluskýrslu frá 9. maí sl., að vitninu hafi verið sýndir reikningar nr. 227 og 284, en á þeim er nafnritunin Hlífar Karlsson. Vitninu voru einnig sýndir nefndir reikningar í yfirheyrslu fyrir dómi þann 1. nóvember sl. Sagði vitnið, að vegna þess, hve reynt hafi verið að líkja eftir undirskrift sinni, þá væri erfitt að fullyrða um hvern einstakan reikning.

Ákærða hafa í yfirheyrslu fyrir dómi og hjá RLR verið sýndir reikningarnir, hver um sig sérstaklega, og sagði ákærði þá falsaða, eins og að framan greinir.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann á árinu 1965 sektaður um 100 kr. fyrir brot gegn 2. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga.

Fram hefur komið í málinu, að ákærði hefur endurgreitt Kaupfélagi Þingeyinga nokkuð af því fé, sem um er að ræða í máli þessu, og lagt fram tryggingar fyrir greiðslu eftirstöðva skuldarinnar ásamt vöxtum, og eru engar bótakröfur gerðar í málinu.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar skv. 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig er ákært fyrir brot gegn 248. gr. laga nr. 19/1940, en þar sem ákærði ritar nöfn starfsmanna kaupfélagsins á reikningana og svíkur fé út úr kaupfélaginu með því að framvísa reikningunum til greiðslu, verður að telja, að 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940 tæmi hér sök gagnvart 248. gr. sömu laga.

Tekið er tillit til þess við ákvörðun refsingar, að ákærði, sem undandráttarlaust játaði brot sitt, hefur ekki gerst áður brotlegur við lög, svo að neinu nemi, og hann gerði upp skuld sína við kaupfélagið með greiðslum eða tryggingum fyrir greiðslum. Hins vegar er brot ákærða stórfellt og á sér stað á löngum tíma. Þykir refsing hans með hliðsjón af því og hinu, sem áður er rakið, hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Örlygs Hnefils Jónssonar hdl., 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Ísfjörð Sigurpálsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Örlygs Hnefils Jónssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Fimmtudaginn 1. mars 1990.

Nr. 462/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Jóhanni Borg Samúel Jónssyni
(Jóhann Þórðarson hdl.).

Skírlífisbrot. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið hins vegar staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, til vara, að refsing verði látin falla niður, og til þrautavara, að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa, og refsing verði þá skilorðsbundin.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Jóhann Borg Samúel Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. október 1989.

Ár 1989, föstudaginn 13. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 477/1989: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Borg Samúel Jónssyni, sem tekið var til dóms þann 4. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 3. apríl sl., á hendur Jóhanni Borg Samúel Jónssyni, atvinnulausum, Hverfisgötu 66 A, Reykjavík, fæddum 14. maí 1938 í Reykjavík, „fyrir að hafa á árinu 1988 og til 2. febrúar 1989 í ávinningsskyni margsinnis haft milligöngu um það í Reykjavík, að fólk hefði holdlegar samfarir, og í þessu skyni haft á sínum snærum fimm nafngreindar stúlkur, sem hann kom í sambönd við karla, er leituðu til hans samkvæmt auglýsingum frá honum, og jafnframt selt á leigu herbergi heima hjá sér til kynmakanna, en að jafnaði greiddi hver karl ákærða kr. 2.000 fyrir hvert skipti með einhverri stúlknanna, sem voru á vegum ákærða með framangreindum hætti, sem hér segir: S.B.G., fædd 26. mars 1965 (svo), og B.E., fædd 14. maí 1959, báðar allt framangreint tímabil, H.Þ., fædd 1. maí 1954, frá sumri 1988 til 2. febrúar 1989, er hún var handtekin heima hjá ákærða, H.H.Þ., fædd 11. ágúst 1964, frá hausti 1988 til janúar/febrúar 1989, og L.G., fædd 31. ágúst 1960, fyrri hluta árs 1988.

Telst framangreint athæfi ákærða varða við 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði heldur uppi vörnum í málinu, og hefur verjandi hans krafist þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing verði felld niður. Til þrautavara er þess krafist, að dæmd verði vægasta refsing og hún höfð skilorðsbundin. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna að mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að sumarið og haustið 1988 bárust upplýsingar til lögreglu um, að ákærði hefði milligöngu um vændisstarfsemi. Átti starfsemin bæði að fara fram á heimili hans og einnig þannig, að hann æki stúlkum til karlmanna í sama tilgangi. Þessi grunur leiddi til þess, að þann 2. febrúar sl. var kveðinn upp handtöku- og húsleitarúrskurður á hendur ákærða í sakadómi Reykjavíkur. Að kvöldi sama dags fóru lögreglumenn á heimili hans og handtóku hann ásamt tveimur stúlkum, sem nefndar eru í ákærunni, og tveimur karlmönnum. Var annar þeirra viðskiptavinur annarrar stúlkunnar. Daginn eftir var ákærði úrskurðaður í einnar viku gæsluvarðhald.

Stúlkur þær, sem nefndar eru í ákærunni, hafa allar verið yfirheyrðar, bæði af lögreglu og fyrir dómi. Verður nú framburður hverrar fyrir sig reifaður og í framhaldi af því framburður ákærða.

S.B.G., sem fædd er 1969, en ekki 1965, eins og í ákæru segir, kvaðst fyrst hafa kynnst ákærða, þegar hún var 17 ára gömul og þá í gegnum (sic) stúlkuna B.E., sem einnig er nefnd í ákærunni. Saman hafi þær farið til ákærða í eitt sinn, er þær vantaði áfengi, og hafði S.B.G. mök við ákærða,

og fengu þær áfengi í staðinn. Upp frá því og allt til 2. febrúar sl. kvaðst S.B.G. hafa haft meira og minna framfæri sitt af því að hafa kynmök við karlmenn með milligöngu ákærða. Þetta fór bæði þannig fram, að ákærði setti sig í samband við hana og kvaðst hafa karlmenn á sínum snærum, er myndu vilja hafa við hana samfarir gegn greiðslu, og eins leitaði hún til ákærða og bað hann að koma sér í samband við karlmenn til hins sama. Hún kvaðst hafa átt mök við karlmenn bæði heima hjá ákærða og eins annars staðar fyrir hans milligöngu. Fyrir hverja milligöngu hafi ákærði fengið 2.000 krónur, er karlmennirnir greiddu honum, en hún hafi ekkert þurft að borga honum fyrir milligönguna. Hún hafi hins vegar greitt honum húsaleigu svo og fyrir áfengi, er hann útvegaði henni, en hún kveðst alltaf hafa verið drukkin í þessu starfi. Ekki mundi hún, hvort hún leigði fast herbergi hjá ákærða á því tímabili, sem ákæran tekur til, en þegar hún hafði ekki fast herbergi á leigu, leigði hún það eingöngu til að hafa samfarir við karlmenn í einstök skipti. Einnig kom það fram hjá henni, að hún hafi stundað vændi án milligöngu ákærða og hann þá engar greiðslur fengið.

B.E. kvaðst hafa búið í nágrenni ákærða og fyrst kynnst honum fyrir um það bil þremur árum. Á þeim tíma hafi hann haft við hana kynmök í ein tvö skipti gegn greiðslu, en þegar hann vildi hafa við hana mök án greiðslu hafi hún neitað. Hann hafi síðan hvatt hana til að selja sig karlmönnum til kynmaka, og hafi hann ætlað að sjá um að útvega þá. Hún hafi í fyrstu ekki viljað þetta, en síðan látið til leiðast. Ákærði hafi haft milligöngu um að útvega henni viðskiptavini og þegið greiðslur frá þeim fyrir, í fyrstu 1.000 krónur, en síðar 2.000. Hún sjálf hafi í fyrstu tekið 3.000 krónur, en hækkað sig í 5.000, þegar ákærði hækkaði sitt gjald. Þessa starfsemi stundaði hún bæði heima hjá ákærða, og eins ók hann henni til fundar við karlmenn, eða þeir komu og sóttu hana. Þegar hún var við þetta heima hjá ákærða, greiddu karlmennirnir honum húsaleigu, en sjálf kvaðst hún aldrei hafa greitt honum neitt. B.E. kvað það hafa komið sér vel að hafa getað með þessu orðið sér úti um aukapening, sem henni hafi ekki verið vanþörf á vegna fátæktar, en hún er atvinnulaus og auk þess 75% öryrki vegna andlegrar örorku. Hafi hún ekki annað sér til framfæris en örorkubætur og framlag frá Félagsmálastofnun.

H.Þ. var önnur þeirra stúlkna, er handtekin var (sic) heima hjá ákærða og fyrr var frá sagt. Var þar með henni karlmaður, er þá nýlega hafði haft við hana samfarir gegn greiðslu. Hún hefur skýrt svo frá, að hún hafi kynnst ákærða sumarið 1988 og hann þá tjáð henni, að hann hefði um það milligöngu að útvega stúlkum karlmenn og tæki fyrir það greiðslu. Bauð ákærði henni að útvega henni karlmenn, er hún gæti haft samfarir við gegn greiðslu. Varð það úr, að H.Þ. fór að stunda vændi með milligöngu ákærða, er átti frumkvæðið að því í hvert skipti. Fór þetta ýmist

fram heima hjá ákærða eða hjá karlmönnum úti í bæ. Greiddu þeir ákærða fyrir milligönguna og leigu fyrir herbergi, ef því var að skipta, en H.Þ. fyrir greiðann. Ekki greiddi hún ákærða neitt. Hún kvaðst hafa leitað eftir því hjá ákærða, að hann kæmi henni í kynni við karlmann með hjúskap fyrir augum, en ekkert hafi orðið af því.

H.H.Þ. leigði hjá ákærða frá því um haustið 1986 þar til í janúar sl. Hún kvaðst hafa stundað þar vændi og hafa byrjað á því sjálf, en milliganga ákærða komið til síðar. Það hafi gerst þannig, að haustið 1988 hafi hana vantað áfengi, en verið bæði atvinnu- og peningalaus og því spurt ákærða, hvort hann gæti ekki útvegað sér karlmann til að hafa samfarir við gegn greiðslu. Hann hafi sagst geta það og síðan haft um það milligöngu fyrir hana frá þessum tíma þar til í janúar sl. að útvega henni karlmenn, er höfðu við hana samfarir gegn greiðslu. Fyrir hverja milligöngu fékk ákærði 2.000 krónur, er karlmennirnir greiddu honum. Sjálf fékk hún 4.000 til 10.000 krónur fyrir hvert skipti, en af því kvaðst hún hafa þurft að greiða ákærða 500 krónur fyrir hverja nótt, er hún hafði herbergi hjá honum. Einnig fór hún til karlmanna úti í bæ, og komu þeir þá annaðhvort til að sækja hana eða ákærði ók henni til þeirra.

L.G. hefur skýrt frá því, að S.B.G. hafi sagt sér, að ákærði gæti komið henni í samband við karlmenn til að hafa við samfarir gegn greiðslu. Hafi hún þannig komist í kynni við ákærða í byrjun árs 1988, er hún var nýkomin heim frá Bandaríkjunum. Var hún þá í óreglu og átti í vandræðum með að fjármagna hana. Hún hafi á fyrri hluta þess árs haft fjórum til fimm sinnum kynmök við karlmenn gegn greiðslu fyrir milligöngu ákærða, er þáði greiðslu frá þeim fyrir. Sjálf hafi hún aldrei greitt honum neitt. Þessi mök fóru aldrei fram heima hjá ákærða, en hann hafi í tvö skipti ekið sér til fundar við karlmenn.

Eins og fyrr sagði, var ákærði handtekinn þann 2. febrúar sl. og yfirheyrður samdægurs af lögreglunni. Daginn eftir var lögð fram krafa á hendur honum um gæsluvarðhald, og var hann þá yfirheyrður fyrir dómi. Hann sat í gæsluvarðhaldi til 10. febrúar og var á þeim tíma yfirheyrður þrem sinnum af lögreglunni. Verður nú fyrst reifaður framburður hans hjá lögreglu og fyrir dómi vegna gæsluvarðhaldskröfunnar og síðan framburður hans fyrir dómi eftir útgáfu ákæru.

Við fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu lýsir ákærði því, að hann hafi það að atvinnu að koma á samböndum milli karla og kvenna og taki fyrir það greiðslur. Fyrir að koma á sambandi við stúlku á aldrinum 16 til 18 ára taki hann 6.000 krónur, en 2.000 krónur fyrir að koma á sambandi við konu eldri en 18 ára. Þetta fari þannig fram, að hringt sé í hann og óskað eftir því að komast í samband við aðra persónu, og gefi hann þá upp símanúmer viðkomandi gegn greiðslu. Þá kvaðst hann einnig leigja út herbergi

til einnar nætur og taka fyrir það 1.000 krónur. Aðspurður, hvort hann hafi á sínum snærum stúlkur, er hafi kynmök við menn gegn greiðslu, svarar hann því til, „að það séu voða fáar stelpur, eitthvað 6 slíkar, en þær komi til mætta og hangi heima hjá honum, þar til að einhver karlmaður hringir eða kemur, og kveðst mætti þá taka 2.000 krónur fyrir að koma karlmanninum í samband við stúlkuna, sem bíður. Hann kveðst einnig einstaka sinnum þá leigja herbergi, en oftast fari þessir menn með stúlkurnar".

Hinn 3. febrúar sl. kom ákærði fyrir sakadóm og var yfirheyrður vegna kröfu rannsóknarlögreglunnar um, að hann skyldi sæta gæsluvarðhaldi. Þá er bókað eftir honum: „Kærði kveðst vilja lýsa starfsemi sinni þannig, að hann hafi haft milligöngu um að koma áfengissjúklingum saman í þeim tilgangi, að þeir gætu neytt áfengis í félagi svo og haft kynmök. Kærði kveðst hafa tekið gjald af karlmönnunum fyrir að koma þeim í kynni við stúlkur og kveður hann þá hafa greitt með gíró eða í reiðufé og hafi greiðslan verið 2.000 krónur. Kærði kveður viðskiptin hafa gengið þannig fyrir sig, að hann hafi komið kynnum á, en einnig hafi komið fyrir, að hann hafi eftir beiðni karlmanna útvegað þeim stúlku til kynmaka gegn gjaldi." Síðan kveðst ákærði hafa sex stúlkur á sínum snærum til þessara starfa, en tvær sinni því mest. Kvaðst hann ekki vilja nafngreina þær, en þær séu illa farnar af áfengisneyslu og viti lítið, hvað þær séu að gera. Einnig kvaðst hann fá óskir um að senda stúlkur heim til karlmanna, og hafi hann tekið 2.000 krónur fyrir slíka þjónustu. Þá er bókað eftir honum, að hann hafi lífsviðurværi sitt af þessari starfsemi, og hafi svo verið frá sumrinu áður, þ.e. 1988.

Næst er ákærði yfirheyrður af lögreglu þann 7. febrúar og þá fyrst spurður um hjónamiðlun, er hann stundaði. Skýrði hann frá því, að hann hefði auglýst í einkamáladálki DV og sömuleiðis dreift bréfi, þar sem kynnt var, hvernig hann tæki að sér að útvega karlmönnum kvenfólk og kvenfólki karlmenn á aldrinum 16 til 70 ára. Þessu næst er bókað eftir honum: „Mætti kveðst jafnframt viðurkenna það, að hann hafi haft milligöngu um að útvega mönnum stúlkur til kynmaka, en hann kveðst ekki á neinn hátt hafa skipt sér af því, öðru vísi en svo, að ónafngreindir menn hafi við ýmis tilvik hringt til hans og spurt, hvort einhver stúlka væri á staðnum hjá honum, sem tilbúin væri til að láta hafa samfarir við sig. Ef svo hafi verið, kveðst mætti hafa svarað því játandi. Síðan hafi þessir menn komið heim til hans og þá ýmist tekið stúlkurnar með sér og þá greitt mætta kr. 2.000 fyrir að fá að hitta þær, eða þeir hafi greitt mætta sömu upphæð fyrir að fá að fara með þeim inn í fundarherbergið og hafa við þær samfarir, sem þeir hafi síðan greitt stúlkunum fyrir. Mætti kveðst hafa útbúið þetta fundarherbergi sjálfur, en þar hafi verið tvö uppábúin rúm, veggir

herbergisins eru skreyttar með myndum af fáklæddum stúlkum, og í glugga herbergisins er pakki af verjum til nota fyrir þá karlmenn, sem það vildu." Einnig viðurkenndi ákærði í þessari yfirheyrslu, að hafi (sic) í einhver skipti ekið stúlkunum til fundar við karlmenn og þá vitað, að til hafi staðið að hafa kynmök. Í þessari yfirheyrslu og einnig síðar var ákærða kynntur framburður stúlknanna, sem nefndar eru í ákærunni og að framan var rakinn. Kvað hann þær hafa skýrt rétt frá í skýrslum sínum, a.m.k. hvað varðaði þau atriði, er reifuð eru fyrr í dóminum.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi vegna þessa máls þann 17. maí sl. Þá skýrði hann svo frá, að hann hafi frá 1. júní 1988 rekið hjónamiðlun á heimili sínu. Bæði karlar og konur hafi leitað til hans með það fyrir augum að komast í fast samband, og kvað hann sér hafa verið sagt, að nokkur hjónabönd hafi stofnast fyrir hans tilstuðlan. Í fyrstu hafi karlar greitt honum 1.000 krónur fyrir að koma á sambandi, en síðar hafi gjaldið hækkað í 2.000 krónur.

Hann kvaðst hafa eignast íbúðina að Laugavegi 51 B árið 1965, en ekki byrjað að leigja út herbergi fyrr en 1986. Meðal leigjenda voru þær S.B.G., H.H.Þ. og B.E., sem nefndar eru í ákærunni. Hinar tvær, H.Þ. og L.G., hafi komið til leigjendanna sem gestir. Hann kvað sér hafa verið kunnugt um, að allar þessar stúlkur stunduðu vændi í hans húsum og hafi þær sjálfar haft milligöngu um að útvega sér viðskiptavini. Þær hafi gefið upp símanúmerið heima hjá honum, og þangað hafi karlmenn hringt bæði dag og nótt og þá spurt eftir ákveðinni stúlku. Aldrei hafi hann verið beðinn að útvega stúlku, og neitaði hann því alfarið (sic) að hafa haft um það milligöngu, að umræddar stúlkur stunduðu vændi í íbúð hans. Hins vegar hafi bæði þær svo og karlmenn leigt herbergi hjá honum fyrir 1.000 krónur á sólarhring, og hafi sér verið kunnugt um, að það var gert til að hafa þar kynmök. Einnig neitaði hann að hafa sent stúlkur til karlmanna úti í bæ, en komið hafi fyrir, að hann hafi ekið þeim þangað og vitað, að þær voru að selja sig, en ekkert fé þegið fyrir aksturinn. Honum var nú kynntur framburður stúlknanna hjá lögreglu, og kvað hann þær rugla því saman, að hann hafi náð í þær í símann og talið hann vera að selja þær. Þá var honum kynntur framburður hans hjá lögreglu, þar sem hann hafði viðurkennt framburð stúlknanna réttan, og kvaðst hann þá minnast þess að hafa viðurkennt hann réttan. Honum var nú kynntur framburður hans fyrir sakadómi frá 3. febrúar, og kvaðst hann þar ábyggilega hafa átt við hjónamiðlunina. Ítrekað (sic) aðspurður neitaði ákærði að hafa haft milligöngu um vændisstarfsemi, en viðurkenndi að hafa leigt út herbergi til stúlkna, er stunduðu þar vændi, og kvað það hafa staðið yfir allt árið 1988 og fram til 2. febrúar 1989.

Síðast kom ákærði fyrir dóm þann 6. september sl. Var honum þá kynntur framburður umræddra stúlkna fyrir dómi, sem rakinn var hér að framan.

Hann hélt fast við fyrri framburð og neitaði að hafa haft milligöngu um vændisstarfsemi í íbúð sinni.

Niðurstaða.

Eins og nú hefur verið rakið, er það samhljóða framburður þeirra fimm stúlkna, sem nefndar eru í ákærunni, að þær hafi stundað vændi með milligöngu ákærða, þar af fjórar á heimili hans og annars staðar, en hin fimmta eingöngu annars staðar. Þetta átti sér stað á þeim tíma, sem tilgreindur er í ákærunni. Allar bera þær, að ákærði hafi þegið fé fyrir milligönguna, þótt það hafi ekki verið frá þeim komið, heldur viðskiptavinum þeirra, einnig, að hann hafi leigt herbergi til fjögurra þeirra og karlmanna til að hafa þar kynmök. Hið síðargreinda atriði hefur ákærði reyndar játað hér fyrir dómi, svo sem rakið var. Með vísan til þessa er sannað þrátt fyrir neitun ákærða hér fyrir dómi, eins og að framan en rakið, að hann hefur gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa í ávinningsskyni haft um það milligöngu, að fólk hefði holdlegar samfarir, eins og rakið er í ákæruskjalinu og ákærði hafði reyndar játað við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir sakadómi, þegar krafist var gæsluvarðhalds yfir honum.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og telst hún hæfileg 6 mánaða fangelsi. Með hliðsjón af sakaferli ákærða, en samkvæmt sakavottorði hefur hann aldrei áður hlotið refsidóm, en var sektaður fyrir umferðarlagabrot 1975, svo og aðstæðum hans þykir rétt að fresta fullnustu helmings refsingarinnar, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Til frádráttar hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærða í 8 daga.

Loks ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóhanns Þórðarsonar hrl., kr. 70.000, auk söluskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Borg Samúel Jónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fresta skal fullnustu 3 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Til frádráttar hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hrl., krónur 70.000, auk söluskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. mars 1990.

Nr. 421/1989. **Skipasmiðjan Hörður hf.**

gegn

Íslandsbanka hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipasmiðjan Hörður, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 7.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. mars 1990.

Nr. 422/1989. **Ólafur Hörður Sigtryggsson**

gegn

Íslandsbanka hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Hörður Sigtryggsson, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 7.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. mars 1990.

Nr. 423/1989. **Skipasmiðjan Hörður hf.**
gegn
Íslandsbanka hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipasmiðjan Hörður, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 7.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. mars 1990.

Nr. 36/1990. **Hallgrímur Á. Hallgrímsson**
gegn
Magnúsi Þór Hallgrímssyni og
Sigrúnu Hjartardóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hallgrímur Á. Hallgrímsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. mars 1990.

Nr. 48/1990. **Iðnaðarbanki Íslands hf.**

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Iðnaðarbanki Íslands hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. mars 1990.

Nr. 54/1990. **Guðlaugur R. Jóhannesson**

gegn

Þ. Þorgrímssyni og Co. o.fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðlaugur R. Jóhannesson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. mars 1990.

Nr. 59/1990. **Radíómiðlun hf.**

gegn

Ingvari Róbert Valdimarssyni og
Víði Má Péturssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Radíómiðlun hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 2. mars 1990.

Nr. 179/1988. **Ólafur Baldvinsson**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Árna Snorrasyni og
Jóhönnu Bogadóttur
(Gunnar Sæmundsson hrl.).

Stefnufrestur. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. maí 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur hans eru þessar:

„1) Aðallega, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi og felld úr gildi fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Kjósarsýslu 13. maí 1988 í málinu Árni Snorrason og Jóhanna Bogadóttir gegn Ólafi Baldvinssyni.

2) Til vara, að málsmeðferð fyrir héraðsdómi verði ómerkt frá og með þinghaldi 2. febrúar 1988 að telja.

3) Til þrautavara, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefndu.

4) Til ýtrustu þrautavara, að dómkröfur stefndu verði lækkaðar verulega.

Áfrýjandi gerir kröfur um málskostnað úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti að mati réttarins auk lögmælts virðisaukaskatts."

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar, en til vara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða lægri fjárhæð en í héraðsdómi segir. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti að viðbættum virðisaukaskatti.

Samkvæmt endurriti bókana úr þinghöldum málsins í héraði var þar aldrei sótt þing af hálfu stefnda (áfrýjanda). Ranghermt er því í hinum áfrýjaða dómi, þar sem segir: „Stefndi sótti þing, en síðan féll þingsókn niður af hans hálfu."

Aðalkrafa áfrýjanda er byggð á því, að stefnufrestur hafi reynst

of skammur. Hafi héraðsdómara því borið að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi, sbr. 97. gr. og 101. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndu hafa mótmælt því, að stefnufrestur hafi reynst of skammur. Stefnan hafi verið birt á réttum tíma með þriggja nátta fresti.

Héraðsdómsstefna var birt fyrir áfrýjanda laugardaginn 23. janúar 1988 kl. 20.40. Var málið þingfest á aukadómþingi Kjósarsýslu, svo sem ákveðið var í stefnu, kl. 14.00 þriðjudaginn 26. janúar 1988. Samkvæmt ákvæði 1. tl. 99. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 28. gr. laga nr. 28/1981, bar áfrýjanda þriggja sólarhringa stefnufrestur til aukadómþings Kjósarsýslu. Frestur frá birtingu stefnu til þingfestingar málsins var því of skammur.

Samkvæmt þessu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi og fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Stefndu greiði áfrýjanda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eru ómerkt, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndu, Árni Snorrason og Jóhanna Bogadóttir, greiði áfrýjanda, Ólafi Baldvinssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 5. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febr. sl., hefur Árni Snorrason, nnr. 0536-6011, og Jóhanna Bogadóttir, bæði til heimilis að Smáratúni 7, Bessastaðahreppi, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 20. jan. sl. og birtri 23. jan. sl., á hendur Ólafi Baldvinssyni byggingameistara, nnr. 6747-6792, Austurtúni 1, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 575.689, auk hæstu leyfðu drv., nú 51,6% á ári frá stefnudegi (20.1. 1988) til greiðsludags, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25 frá 1987. Málskostnaðar er einnig krafist að skaðlausu,

þar með talins kostnaðar vegna matsgerðar, sem stefnendur hafa látið fara fram til að grundvalla kröfu sína.

Stefnendur kveða málavexti þá, að með samningi 20. ágúst 1983 hafi þau fest kaup á væntanlegri húseign, sem stefndi var að byggja eða undirbúa byggingu á, á lóðinni nr. 7 við Smáratún í Bessastaðahreppi. Húsið skyldi reist samkv. ákveðinni teikningu arkítekts og afhent kaupendum svo búið sem nánar er lýst í samningnum. Afsal hafi verið gefið út fyrir húsinu til stefnenda 9. ágúst 1984, og hafi stefndi þá talið sig hafa fullnægt kaupsamningnum af sinni hálfu. Stefnendur hafi þá þegar ekki verið sáttir við ástand hússins, enda þá verið komnir fram á því smíðagallar, sem síðar hafi sýnt sig vera miklu meiri og alvarlegri en stefnendur hafi þá getað grunað. Þeir hafi því haldið eftir við afsalsgerðina kr. 170.000 af kaupverði hússins til að mæta væntanlegri skaðabótakröfu. Á móti þessu hafi stefnendur selt tryggingarvíxil, sem geymdur hafi verið hjá þriðja manni, en víxillinn hafi komist í umferð, og hafi stefndi nú tekið dóm fyrir honum á hendur stefnendum.

Þegar frá leið, hafi farið, eins og áður greinir, að koma fram fleiri og alvarlegri gallar á byggingunni en í upphafi hafi sést. Mest hafi kveðið að þessu síðari hluta vetrar 1986, en þá hafi í slagveðrum farið að flóðleka um suðausturvegg hússins, sem sé úr timbri, og einnig hafi komið fram leki annars staðar, væntanlega vegna slæms frágangs á þakrennum. Vegna þessara galla hafi stefnendur gripið til þess að fá dómkvadda matsmenn til að gera úttekt á byggingunni, kanna byggingargalla, benda á leiðir til að bæta úr þeim og gera áætlun um kostnað við það.

Til matsgerðarinnar hafi verið útnefndir Ragnar Ingimarsson prófessor og Björn Björnsson byggingameistari. Matsgerð þeirra er lögð fram sem dómskjal nr. 4. Samkvæmt henni sé það ótvírætt staðfest, að um verulega byggingargalla á húsi stefnenda sé að ræða, sem stefndi hljóti að bera bótaábyrgð á. Sé það lagagrundvöllur að stefnukröfu þeirra. Fjárhæð bótakröfunnar er að nokkru leyti byggð á raunverulegu kostnaðarverði við úrbætur galla, en að öðru leyti við áætlaðan kostnað, sem styðjist við matsgerðina, svo langt sem hún nái.

Kröfuna sundurliða stefnendur þannig:

1.	Viðgerð (endurnýjun) á suðausturvegg samkvæmt reikningum	kr. 245.689
2.	Kostnaður við loftræstingu á neðra þaki og viðgerð á rennum	— 110.000
3.	Lagfæring vegna lekaskemmda innan húss og útlitsgalla	— 50.000
4.	Skemmd á gólfteppi vegna vatnsaga	— 40.000
5.	Áætluð viðgerð á norðurgafli og bílskúrshurð ..	— 60.000

6. Óþægindi og fyrirhöfn vegna vatnsaga og tímabundinn afnotamissir af stofu af þeim sökum ..... kr. 70.000

Samtals kr. 575.689

1. kröfuliður sé samkvæmt raunverulegu kostnaðarverði á endurbótum, sem unnar hafi verið í samræmi við tillögur matsmanna.

2. liður sé byggður á matsgerðinni, en færður nokkuð upp vegna verðbreytinga.

3. liður, skemmdir innanhúss vegna leka og vatnsaga, hafi ekki allur legið fyrir, þegar mat fór fram, og hafi því orðið mun kostnaðarsamari en þar sé gert ráð fyrir. Bætur vegna útlitsgalla verði einnig að teljast fjarri öllu lagi í áætlun matsmanna.

4. liður, raunverulegt tjón á teppi, sem skemmst hafi í vatnsflóði.

5. liður. Matsmenn viðurkenni verulegan galla á norðurvegg, en afgreiði hann þannig, að veggurinn „geti gengið". Þetta virðist eingöngu byggt á, að lítil hætta sé á leka um vegginn, vegna þess að hann veit ekki að rigningarátt. Það kunni að vera rétt, en hins vegar gjósi stormur um vegginn, sem valdi bæði dragsúg og kulda í húsinu, auk þess séu á honum útlitsgallar. Bílskúrshurð falli svo illa, að óhjákvæmilegt hafi verið að lagfæra hana.

Í sókn sinni, sbr. dómskjal nr. 13, kveða stefnendur upphæð þessa vissulega allt of lágt áætlaða í stefnu. Veggur þessi sé að öllu leyti sambærilegur að gerð við suðausturvegginn, sem kostaði kr. 245.689 að lagfæra. Bygg ingameistari, sem stefnandi hafi leitað til um leiðbeiningar um kostnað viðgerðar á þessum vegg, telji hiklaust, að sú viðgerð kosti jafnmikið og viðgerð suðausturveggjarins, enda um algjörlega sambærilega hluti að ræða. Því miður hafi þessar upplýsingar ekki legið fyrir, fyrr en eftir að stefnukrafan var mótuð, en að svo komnu máli muni stefnendur ekki framhaldsstefna til leiðréttingar á þessu. Hins vegar leggi þeir fram sem dómskj. nr. 14 vinnureikning fyrir viðgerð á bílskúrshurð og þili, sem tengist þessum kröfulið. því að þar séu teknar saman undir eitt viðgerðir bæði á hurðinni og veggnum, enda séu þær framkvæmdir nátengdar.

6. liður. Þetta tjón sé erfitt að meta til peningaverðs, en hér sé varlega áætlað.

Stefndi sótti þing, en síðan féll þingsókn niður af hans hálfu. Því verður samkv. 118. gr. l. nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

1. kröfuliður. Rétt þykir að taka þennan lið til greina að öllu leyti utan réttarskjal nr. 9. Kröfuliðurinn (viðgerð) endurnýjun á suðausturvegg samkv. reikningum, sbr. réttarskjal nr. 5-8, er tekinn til greina, að fjárhæð kr. 234.189.

2. kröfuliður, kostnaður við loftræstingu á neðra þaki og viðgerð á rennu, er í matsgerð metinn á kr. 85.000, en í stefnu færður upp í kr. 110.000 vegna verðbreytinga. Miðað við hækkun byggingarvísitölu þykir rétt að hækka þennan lið frá matsgerðinni í kr. 102.500.

3. kröfuliður, lagfæring vegna lekaskemmda innanhúss og útlitsgalla, er í matsgerð metinn á kr. 40.000, en í stefnu hækkaður í kr. 50.000. Með sömu rökum og í 2. kröfulið þykir sanngjarnt að hækka þennan lið frá matsgerð í kr. 48.500.

4. kröfuliður, skemmd á gólfteppi vegna vatnsaga. Engin gögn eru lögð fram til sönnunar raunverulegu tjóni. Ekki er því unnt að taka þennan kröfulið til greina.

5. kröfuliður, áætluð viðgerð á norðurgafli og bílskúrshurð. Samkv. matsgerð telja matsmenn, að núverandi frágangur norðvesturgafls geti blessast. Vinnureikningur, sem lagður er fram sem dómskjal nr. 14 og er sagður vera fyrir viðgerð á bílskúrshurð og þili, segir aðeins „klæddur bílskúr". Að þessu athuguðu þykir ekki unnt að taka þennan kröfulið til greina.

6. kröfuliður, óþægindi og fyrirhöfn vegna vatnsaga og tímabundinn afnotamissir af stofu af þeim sökum. Eins og segir í stefnu, er tjón þetta erfitt að meta til peningaverðs. Ljóst er þó, að nokkur óþægindi og fyrirhöfn hafa orðið vegna vatnsaga og einhver tímabundinn afnotamissir af stofu af þeim sökum. Sanngjarnt þykir að meta þennan kröfulið á um kr. 95.000.

Af framansögðu þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnendum kr. 420.000 með vöxtum, eins og í stefnu greinir, af þeirri fjárhæð. Málskostnaður ákveðst kr. 79.658, þ.m.t. söluskattur, kr. 5.693.

Rúnar S. Gíslason, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Baldvinsson, Austurtúni 1, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, greiði stefnendum, Árna Snorrasyni og Jóhönnu Bogadóttur, báðum til heimilis að Smáratúni 7, Bessastaðahreppi, Kjósarsýslu, kr. 420.000 með hæstu leyfðu dráttarvöxtum frá 20. janúar 1988 til greiðsludags, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, og kr. 79.658, þ.m.t. söluskattur, kr. 5.692, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kjósarsýslu 13. maí 1988.

Ár 1988, föstudaginn 13.5., er fógetaréttur Kjósarsýslu settur að Austurtúni 1, Bessastaðahr., og haldinn með undirrituðum vottum af Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómara.

Fyrir er tekið fógetamálið 432/88: Árni Snorrason og Jóhanna Bogadóttir gegn Ólafi Baldvinssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 dóm, nr. 3 birtingarvottorð, nr. 4 dóm, dags. 4.3. 1985, og nr. 5 endurr. fjárn. Fyrir gerðarbeiðanda mætir Unnsteinn Beck hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 420.000 með hæstu lögleyfðu drv. skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 20. janúar 1988 til greiðsludags og kr. 79.658 í málskostnað auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Theódór Bogason.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti fjárnámi í kröfum gerðarþola á hendur gerðarbeiðanda Árna skv. framlögðum dómi aukadómþ. Kjósarsýslu, dags. 4. mars 1985, að höfuðstól kr. 140.000 auk vaxta frá 6.12. 1984. Auk þess er lýst yfir fjárnámi í fasteign gerðarþ., Austurtúni 1, Bessastaðahr. Fallið er frá virðingu.

Samkvæmt beiðni lögmanns gerðarbeiðanda heimilar fógeti vörslusviptingu hins fjárnumda. Lögmaður gerðarbeiðanda samþykkir, að gerðarþoli haldi hinu fjárnumda um stundarsakir.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 8. mars 1990.

Nr. 264/1988. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Helgu Árnadóttur
(Páll A. Pálsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Lögveð. Gatnagerðargjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að heimilað verði, að fram fari nauðungaruppboð á fasteigninni Aragerði 6, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, þinglesinni eign stefndu, til lúkningar álögðu B-gatnagerðargjaldi að fjárhæð 137.845 krónur með dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1987 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir álagningu gatnagerðargjalds þess, er um ræðir í málinu, á 3. til 7. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld og II. kafla reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign samkvæmt 7. gr. laganna. Málsaðila greinir á um ýmis efnisatriði, er varða forsendur gjaldsins og álagningu þess. Veldur þessi ágreiningur óvissu um réttmæti þeirrar lögveðskröfu, sem uppboðsbeiðni áfrýjanda byggist á. Við svo búið skortir fullnægjandi lagaskilyrði til þess, að áðurnefnd fasteign stefndu verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar þessari kröfu, samkvæmt 1. tl. e 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða

úrskurðar og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Vatnsleysustrandarhreppur, greiði stefndu, Helgu Árnadóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 7. júní 1988.

I. Með bréfi, dags. 23. september 1987, fór Jón Ólafsson hrl. þess á leit við sýslumanninn í Gullbringusýslu, að fasteignin Aragerði 6, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, þinglesin eign Helgu Árnadóttur, yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar álögðu gatnagerðargjaldi, kr. 137.845, auk vaxta og kostnaðar.

Uppboðsbeiðnin styðst við 1. gr. laga nr. 49/1951, um sölu lögveða. Með bréfi, dags. 14. ágúst 1987, krafði uppboðsbeiðandi uppboðsþola um greiðslu gatnagerðargjaldsins, er fallið hefði í gjalddaga 1. ágúst 1987, innan 30 daga, eða fyrir 14. september, ella yrði framangreind fasteign seld á opinberu nauðungaruppboði til lúkningar skuldinni. Almenn áskorun um greiðslu álagðra B-gatnagerðargjalda í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, birtist í Morgunblaðinu 18. ágúst 1987.

Í þinghaldi 29. febrúar sl. var lögð fram greinargerð af hálfu uppboðsþola, sóknaraðila máls þessa, og 21. mars sl. var lögð fram greinargerð af hálfu uppboðsbeiðanda, varnaraðila málsins. Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þess 25. maí sl.

Kröfur uppboðsþola eru þær, að synjað verði um uppboð á fasteigninni Aragerði 6 í Vogum og að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda.

Uppboðsbeiðandi krefst þess, að úrskurðað verði, að fram megi fara nauðungaruppboð á greindri fasteign til tryggingar álögðu B-gatnagerðargjaldi, að fjárhæð kr. 137.845, auk 3,4% mánaðarlegra dráttarvaxta frá 1. ágúst 1987 til 1. september sama ár, 3,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 3,6% f. þ. d. til 1. nóvember s.á., 3,8% f. þ. d. til 1. desember s.á., 4,1% f. þ. d. til 1. janúar 1988, 4,3% f.þ. d. til 1. mars 1988, 3,8% f. þ. d. til 21.mars s. á., en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags skv. 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, auk innheimtulauna skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, kr. 1.610 fyrir ritun uppboðsbeiðni,

kr. 2.000 fyrir ritun og sendingu lögveðsbréfs auk alls kostnaðar vegna hins væntanlega uppboðs, áfallins og áfallandi. Jafnframt er þess krafist, að heimilt verði að leggja dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti og mynda þar með nýjan höfuðstól, sem lagður verði til grundvallar dráttarvaxtaútreikningi, í fyrsta sinn 1. ágúst 1988, skv. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst uppboðsbeiðandi þess, að uppboðsþoli verði úrskurðaður til að greiða sér málskostnað vegna þessa sérstaka uppboðsréttarmáls.

II. Á árinu 1986 fékk uppboðsbeiðandi að undangengnu útboði verktaka til að leggja varanlegt slitlag á allar götur nema Austurgötu í Vogum, þ.e. þéttbýlishluta Vatnsleysustrandarhrepps. Hófust framkvæmdir á miðju sumri. Ástand gatna var þannig, að aðeins var komið slitlag á eina götu, Hafnargötu; olíumalarslitlag, sem lagt hafði verið 1979-1980 og orðið var mjög slitið. Gangstéttir voru lagðar á árinu 1987. Lokið var við útlagningu slitlags á götur 23. júní 1987, og steypuvinnu við gangstéttargerð var lokið 24. ágúst s. á. Gangstéttir voru ekki lagðar við Aragerði, sem húseign uppboðsþola stendur við. Uppboðsbeiðandi fól Verkfræðistofu Suðurnesja hf. að annast undirbúningsvinnu fyrir verkið og eftirlit með framkvæmdum.

Áður en framkvæmdir hófust, tilkynnti sveitarstjóri eigendum fasteigna í Vogum, að á þá yrði lagt B-gatnagerðargjald skv. reglugerð nr. 284/1985. Var þeim boðið að greiða gjöldin með fasteignatryggðum skuldabréfum með jöfnum afborgunum næstu fjögur árin. Um 20 fasteignaeigendur af um 170 mótmæltu álagningunni. Töldu þeir, að álagningaraðferðir væru ekki lögmætar og gjöldin ekki komin í gjalddaga. Álagningu og innheimtu gatnagerðargjalda var frestað, hvað þá aðila varðar, til júlí-ágúst 1987. Er á leið og sýnt var, að framkvæmdir yrðu ódýrari en áætlað hafði verið, var ákveðið að innheimta aðeins 80% af því B-gatnagerðargjaldi, sem uppboðsbeiðandi taldi sér heimilt samkvæmt lögum og reglugerð.

Við ítrekuðum óskum um sundurliðaðar uppýsingar um kostnað við hverja götu varð uppboðsbeiðandi ekki að neinu leyti fyrr en við rekstur máls þessa. Í reikningi á hendur uppboðsþola, dags. 15. júlí 1987, er frá því greint, að álagning B-gatnagerðargjalds í Vogum nemi kr. 27.877.477 og að áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí s.á. sé kr. 31.211.026.

III. Með heimild í lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld var gefin út reglugerð um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi, nr. 284/1985. Í I. kafla hennar er kveðið á um gatnagerðargjöld A: „Um þátttöku lóðarhafa við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum", en í II. kafla um gatnagerðargjöld B: „Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu."

Í 3. gr. nefndra laga er sveitarstjórnum heimilað að innheimta sérstakt

gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta. Heimildin er bundin því skilyrði, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags. Í 11. gr. nefndrar reglugerðar er samkvæmt heimild í 3. gr. og 5. gr. laganna mælt fyrir um ákvörðun B-gatnagerðargjalds af hverjum rúmmetra húss sem ákveðins hluta byggingarkostnaðar vísitöluhúss skv. útreikningi Hagstofu Íslands og mismunandi eftir tegund og notkun húss. (Samkvæmt 5. gr. laganna skal miðað við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga.) Í 12. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um, að gatnagerðargjöldin skuli miðast við byggingarkostnað á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram eða leyfi er veitt til byggingar húss við þegar fullgerða götu. Samkvæmt 4. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1975, má innheimta gjald skv. 3. gr. af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn, frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. „Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir."

Í 6. gr., 2. mgr., laganna segir, að gatnagerðargjald skv. 3. gr. skuli gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Í 13. gr. reglugerðarinnar segir: „Gatnagerðargjald skv. 11. gr. fellur í eindaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við viðkomandi götu eða götukafla, öðrum en við lagningu gangstétta, er lokið..."

Samkvæmt 7. gr. tilvitnaðra laga nr. 51/1974 fylgir gatnagerðargjaldi lögveð í viðkomandi fasteign, og er það áréttað í 14. gr. tilvitnaðrar reglugerðar nr. 284/1985.

IV. Uppboðsþoli telur, að ekki séu uppfyllt skilyrði laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, til að unnt sé að leggja B-gatnagerðargjald á uppboðsþola, og einnig, að skattlagningin fái ekki staðist eftir 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Uppboðsbeiðandi hafi ekki orðið við áskorunum um að upplýsa, hver sé kostnaður við hverja götu eða götukafla eða hver sé meðalkostnaður við framkvæmdirnar. Með orðunum: „Meðalkostnaði við framkvæmdir" sé átt við meðalkostnað við framkvæmdir við hverja götu eða götukafla, eins og m.a. komi fram í dómum Hæstaréttar 1984, bls. 560 og 573. Uppboðsbeiðandi hafi því ekki sýnt fram á, að hann hafi fullnægt skilyrði 4. gr. i. f. laga nr. 51/1974. Með því að beita álagningaraðferðum 11. gr. reglug. nr. 284/1985 án þess að gæta þeirra takmarka, sem nefnd lagagrein setur, gerist hann sekur um ólöglega skattheimtu, sbr. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Kröfur uppboðsbeiðanda um B-gatnagerðargjald hafi verið á reiki og innheimta þess hafist, andstætt 4. gr., sbr. 2.mgr. 6. gr., laga nr. 51/1974, áður en ljóst var, hver kostnaður yrði endanlega við framkvæmdir. Þá hafi hann ekki upplýst, hvernig hann

dreifi kostnaði niður á eigendur fasteigna við hverja götu, t.d. hvort gatnagerðargjöld elli- og örorkulífeyrisþega, sem fái niðurfellingu eða frestun, séu reiknuð með. Hið sama eigi við um óbyggðar lóðir.

Uppboðsbeiðandi reisir kröfugerð sína á 3. - 7. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 og II. kafla reglug. nr. 284/1985. Svonefnt B-gatnagerðargjald sé lögbundið, þannig að formskilyrðum 40. gr. og 77. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1944 sé fullnægt og Hæstiréttur Íslands hafi tekið af öll tvímæli um, að skattheimtan rúmist innan ákvæða 67. gr. sömu stjórnskipunarlaga. Þeim skilningi er andmælt, að einungis beri að miða við meðalkostnað við viðkomandi götu eða götukafla, enda séu þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, svo bundnar hver annarri, að ógjörningur sé með nokkurri sanngirni að „eyrnamerkja" kostnaðinn þannig. Uppboðsbeiðandi upplýsir, að aðeins einn ellilífeyrisþegi hafi óskað frestunar á álagningu B-gatnagerðargjalds á grundvelli 2. mgr. 13. gr. reglug. nr. 284/1985, og sé tillit tekið til þess við álagningu gjaldsins á aðra fasteignaeigendur.

V. Greinargerð Verkfræðistofu Suðurnesja hf. um gatnagerð í Vogum 1986 og 1987, dags. 14. mars 1988, var lögð fram í réttinum 21. s.m.

Heildarupphæð álagðra gatnagerðargjalda nam, miðað við byggingarvísitölu 1. júlí 1987, kr. 28.002.361.

Heildarkostnaður við framkvæmdir er, miðað við verðlag í júlí 1987, talinn hafa verið kr. 32.404.882 og er þannig sundurliðaður:

1.	Slitlag	kr.	17.218.403
2.	Gangstéttir	"	8.026.956
3.	Ýmislegt	"	4.309.523
4.	Ólokin verk	"	2.850.000

„Ýmis kostnaður" er þannig sundurliðaður:

1.	Grassvæði við Hafnargötu	kr.	688.864
2.	Aðkeypt efni	"	651.815
3.	Verkfræðikostnaður	"	2.108.007
4.	Umsjón hreppsins	"	860.837

Liðurinn: „Ólokin verk" er áætlaður þannig:

1.	Gangstéttir	kr.	1.350.000
2.	Grassvæði	"	500.000
3.	Hraðahindranir	"	500.000
4.	Ófyrirséð og umsjón	"	500.000

Á eigendur fasteigna við Aragerði voru lögð fasteignagjöld að fjárhæð

kr. 473.147. Kostnaður við götuna er talinn hafa numið kr. 541.954 og er þannig sundurliðaður:

1.	Gröftur og uppúrtekt	kr.	13.447
2.	Fylling	"	16.239
3.	Klapparvinna	"	131.797
4.	Jöfnun núv. yfirb.	"	35.098
5.	Jöfnunarlag	"	105.297
6.	Klæðing	"	135.364
7.	Niðurföll og lagnir	"	30.712
8.	Ýmis kostnaður	"	74.000

Í greinargerðinni eru sambærilegar upplýsingar varðandi eina götu aðra. Fasteignagjald var ekki lagt á eigendur fasteigna við Austurgötu. Kostnaður við lagningu slitlags á gamla þjóðveginn, sem engin fasteign telst til, þótt hann liggi um byggðina endilanga, var talinn með við útreikning heildarkostnaðar. Í nefndri greinargerð er tekið fram, að þær götur teljist fullgerðar, þar sem innheimt sé B-gatnagerðargjald af fasteignum.

VI. Heimild sveitarstjórnar til álagningar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. og 5. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 11. gr. og 12. gr. reglugerðar nr. 284/1985, sætir þeirri takmörkun, skv. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. framkvæmdra (sic) laga, að fjárhæð samanlagðra gjalda fari eigi fram úr kostnaði við lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974 um gjalddaga er reist á þeirri forsendu, að á því tímamarki liggi fyrir kostnaður vegna þeirrar götu, sem hlutaðeigandi fasteign stendur við, óháð framkvæmdakostnaði og verklokum við aðrar götur, sem lagðar kunna að vera slitlagi um svipað leyti.

Við sendingu lögveðsbréfs til uppboðsþola var honum eigi gerð fullnægjandi grein fyrir réttmæti álagningarinnar. — Er reyndar ekki fullvíst, að kostnaðarliðir, sem með réttu töldust til heildarkostnaðar, hafi á þeim tíma samsvarað álögðum heildargjöldum —. Enn hefur ekki verið úr bætt í þessu efni á viðhlítandi hátt. Ekki hefur verið gerð grein fyrir því, að hve miklu leyti eða eftir hverjum mælikvarða kostnaði við gamla þjóðveginn er deilt niður á einstakar götur. Ekki hefur heldur verið upplýst, í hvaða hlutföllum verkfræðikostnaði og umsjónarkostnaði uppboðsbeiðanda er jafnað niður á götur. Óvíst er að auki um réttmæti síðasttalins liðar, þar sem ekki er um að ræða endurgreiðslu sannanlega útlagðs kostnaðar. Kostnaður við lagnir er ekki talinn með í lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 að því leyti, sem hér kemur til álita, þ.e. við álagningu B-gatnagerðargjalda. Líkur benda til, að kostnaður við klapparvinnu sé meðal þeirra kostnaðarliða við gatnagerð, sem A-gatnagerðargjöldum er ætlað að standa undir, sbr. framangreind lög og reglugerð nr. 284/1985.

Samkvæmt framangreindu telst skylda uppboðsþola til greiðslu umkrafins gatnagerðargjalds ekki vera svo skýr og ótvíræð, að beitt verði heimild laga nr. 49/1951 um sölu lögveðs á nauðungaruppboði án undangengins lögtaks.

Er synjað um framgang uppboðs, og verður málskostnaður í uppboðsréttarmáli þessu lagður á uppboðsþola. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framgang uppboðs á fasteigninni Aragerði 6, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.

Uppboðsbeiðandi, Vatnsleysustrandarhreppur, greiði uppboðsþola, Helgu Árnadóttur, málskostnað, kr. 40.000, innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. mars 1990.

Nr. 265/1988. **Vatnsleysustrandarhreppur**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Vogum hf.
(Páll A. Pálsson hrl.).

Nauðungaruppboð. Lögveð. Gatnagerðargjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að heimilað verði, að fram fari nauðungaruppboð á fasteigninni Hafnargötu 6, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, þinglesinni eign stefnda, til lúkningar álögðu B-gatnagerðargjaldi, að fjárhæð 326.353 krónur, með dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1987 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir álagningu gatnagerðargjalds þess, er um ræðir í málinu, á 3. til 7. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld og II. kafla reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign samkvæmt 7. gr. laganna. Málsaðila greinir á um ýmis efnisatriði, er varða forsendur gjaldsins og álagningu þess. Veldur þessi ágreiningur óvissu um réttmæti þeirrar lögveðskröfu, sem uppboðsbeiðni áfrýjanda byggist á. Við svo búið skortir fullnægjandi lagaskilyrði til þess, að áðurnefnd fasteign stefnda verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar þessari kröfu samkvæmt 1. tl. e 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Vatnsleysustrandarhreppur, greiði stefnda, Vogum hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 7. júní 1988.

I. Með bréfi, dags. 19. október 1987, fór Jón Ólafsson hrl. þess á leit við sýslumanninn í Gullbringusýslu, að fasteignin Hafnargata 6, Vogum, samkvæmt gatnaskrá Vatnsleysustrandarhrepps, en sem ber nafnið Saltfisksverkunarhús, Vogum, lóð úr landi Vogahafnar, samkvæmt fasteignabók, þinglesin eign Voga hf., yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar álögðu gatnagerðargjaldi, kr. 326.353, auk vaxta og kostnaðar.

Uppboðsbeiðnin styðst við 1. gr. laga nr. 49/1951, um sölu lögveða án undangengins lögtaks. Með bréfi, dags. 14. ágúst 1987, krafði uppboðsbeiðandi uppboðsþola um greiðslu gatnagerðargjaldsins, er fallið hafi í gjalddaga 1. ágúst 1987, innan 30 daga, eða fyrir 14. september 1987, ella yrði framangreind fasteign seld á opinberu nauðungaruppboði til lúkningar skuldinni. Almenn áskorun um greiðslu álagðra B-gatnagerðargjalda í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, birtist í Morgunblaðinu 18. ágúst 1987.

Í þinghaldi 29. febrúar sl. var lögð fram greinargerð af hálfu uppboðsþola, sóknaraðila máls þessa, og 21. mars sl. var lögð fram greinargerð af hálfu uppboðsbeiðanda, varnaraðila málsins. Sáttaumleitun bar ekki árangur.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þess 19. maí sl.

Kröfur uppboðsþola eru þær, að synjað verði um uppboð á fasteigninni Hafnargötu 6 í Vogum og að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda.

Uppboðsbeiðandi krefst þess, að úrskurðað verði, að fram megi fara nauðungaruppboð á greindri fasteign til tryggingar álögðu B-gatnagerðargjaldi, að fjárhæð kr. 326.353, auk 3,4% mánaðarlegra dráttarvaxta frá 1. ágúst 1987 til 1. september sama ár, 3,5% frá þeim degi til 1. október

s.á., 3,6% f.þ.d. til 1. nóvember s.á., 3,8% f.þ.d. til 1. desember s.á., 4,1% f.þ.d. til 1. janúar 1988, 4,3% f.þ.d. til 1. mars s.á., 3,8% f.þ.d. til 21. mars s.á., en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags skv. 10. gr. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, auk innheimtulauna skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, kr. 1.610 fyrir ritun uppboðsbeiðni, kr. 2.000 fyrir ritun og sendingu lögveðsbréfs auk alls kostnaðar vegna hins væntanlega uppboðs, áfallins og áfallandi. Jafnframt er þess krafist, að heimilt verði að leggja dráttarvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti og mynda þar með nýjan höfuðstól, sem lagður verði til grundvallar dráttarvaxtaútreikningi, í fyrsta sinn 1. ágúst 1988, skv. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst uppboðsbeiðandi þess, að uppboðsþoli verði úrskurðaður til að greiða sér málskostnað vegna þessa sérstaklega uppboðsréttarmáls.

II. Á árinu 1986 fékk uppboðsbeiðandi að undangengnu útboði verktaka til að leggja varanlegt slitlag á allar götur nema Austurgötu í Vogum, þ.e. þéttbýlishluta Vatnsleysustrandarhrepps. Hófust framkvæmdir á miðju sumri. Ástand gatna var þannig, að aðeins var komið slitlag á eina götu, Hafnargötu; olíumalarslitlag, sem lagt hafði verið 1979-1980 og orðið var mjög slitið. Gangstéttir voru lagðar á árinu 1987. Lokið var við lagningu slitlags á götur 23. júní 1987, og steypuvinnu við gangstéttargerð var lokið 24. ágúst s.á. Lagningu gangstétta við Hafnargötu að því marki, sem þær munu hafa verið fyrirhugaðar, lauk 7. júlí 1987. Uppboðsbeiðandi fól Verkfræðistofu Suðurnesja hf. að annast undirbúningsvinnu fyrir verkið og eftirlit með framkvæmdum.

Áður en framkvæmdir hófust, tilkynnti sveitarstjóri eigendum fasteigna í Vogum, að á þá yrði lagt B-gatnagerðargjald skv. reglugerð nr. 284/1985. Var þeim boðið að greiða gjöldin með fasteignatryggðum skuldabréfum með jöfnum afborgunum næstu fjögur árin. Um 20 fasteignaeigendur af um 170 mótmæltu álagningunni. Töldu þeir, að álagningaraðferðir væru ekki lögmætar og gjöldin ekki komin í gjalddaga. Álagningu og innheimtu gatnagerðargjalda var frestað, hvað þá aðila varðaði, til júlí-ágúst 1987. Er á leið og sýnt var, að framkvæmdir yrðu ódýrari en áætlað hafði verið, var ákveðið að innheimta aðeins 80% af því B-gatnagerðargjaldi, sem uppboðsbeiðandi taldi sér heimilt samkvæmt lögum og reglugerð.

Við ítrekuðum óskum um sundurliðaðar upplýsingar um kostnað við hverja götu varð uppboðsbeiðandi ekki að neinu leyti fyrr en við rekstur máls þessa. Í reikningi á hendur uppboðsþola, dags. 6. ágúst 1987, er frá því greint, að álagning B-gatnagerðargjalds í Vogum sé kr. 27.877.447 og að áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 sé kr. 31.211.026. Hafnargata telst þjóðvegur í þéttbýli, sbr. reglug. nr. 257/1964

og nr. 368/1979, og hefur uppboðsþoli fengið framlög úr ríkissjóði árlega frá 1975 til lagningar og viðhalds vegarins.

— — —

[III. Samhljóða III. kafla í dómi í málinu: Helga Árnadóttir gegn Vatnsleysustrandarhreppi, bls. 324 - 5 að framan.]

IV. Af hálfu uppboðsþola er í aðalatriðum eftirfarandi fært fram því til stuðnings, að ekki séu uppfyllt skilyrði laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, til að unnt sé að leggja B-gatnagerðargjald á uppboðsþola, og einnig, að skattlagningin fái ekki staðist eftir 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1977: 1) Meira en 5 ár hafi liðið frá lagningu bundins slitlags á Hafnargötu, þar til uppboðsþoli var krafinn um B-gatnagerðargjald. Árið 1986 hafi einungis verið unnið að viðhaldi götunnar, en uppboðsbeiðandi hafi fengið viðhaldsfé úr vegasjóði vegna götunnar. Þá sé lagningu gangstétta ekki að fullu lokið, en innheimta gjaldsins hafi hafist, andstætt 4. gr., sbr. 2. mgr. 6. gr., laga nr. 51/1974, áður en ljóst var, hver kostnaður yrði endanlega við framkvæmdir. 2) Uppboðsbeiðandi hafi ekki orðið við áskorunum um að upplýsa, hver sé kostnaður við hverja götu eða götukafla eða hver sé meðalkostnaður við framkvæmdir. Með orðunum: „Meðalkostnaði við framkvæmdir" — sé átt við meðalkostnað við framkvæmdir við hverja götu eða götukafla, eins og m.a. komi fram í dómum Hæstaréttar 1984, bls. 560 og 573. Uppboðsbeiðandi hafi því ekki sýnt fram á, að hann hafi fullnægt skilyrði 4. gr. i.f. laga nr. 51/1974. Með því að beita álagningaraðferðum 11. gr. reglug. nr. 284/1985 án þess að gæta þeirra takmarka, sem nefnd lagagrein setur, gerist hann sekur um ólöglega skattheimtu, sbr. 40. gr. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. 3) Uppboðsbeiðandi hafi ekki upplýst, hvernig hann dreifi kostnaði niður á eigendur fasteigna við hverja götu, t.d. hvort gatnagerðargjöld elli- og örorkulífeyrisþega, sem fái niðurfellingu eða frestun, séu reiknuð með. Hið sama eigi við um óbyggðar lóðir.

Uppboðsbeiðandi reisir kröfugerð sína á 3.-7. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, og II. kafla reglugerðar nr. 284/1985. Svonefnt B-gatnagerðargjald sé lögbundið, svo að formskilyrðum 40. gr. og 77. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1944 sé fullnægt, og Hæstiréttur Íslands hafi tekið af öll tvímæli um, að skattheimtan rúmist innan ákvæða 67. gr. sömu stjórnskipunarlaga. Hann andmælir rökum uppboðsþola í meginatriðum þannig: 1) Heimild til álagningar B-gatnagerðargjalds standi óhögguð, þótt Hafnargata sé þjóðvegur í þéttbýli, sem njóti ríkisframlags til framkvæmda, vegna þess að: a) Annað myndi leiða til óréttmætrar mismununar í skattlagningu. b) Lög nr. 51/1974 undanskilji ekki eigendur fasteigna við þjóðvegi í þéttbýli frá greiðslu B-gatnagerðargjalda. c) Reglugerð nr. 257/1964 um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum banni, að framangreint

framlag ríkisins fari til greiðslu á ýmsum kostnaði, sem fylgi lagningu bundins slitlags og gangstétta. d) Framlag ríkisins nemi aðeins broti af eðlilegum framkvæmdakostnaði. Álagning gatnagerðargjaldsins sé vegna framkvæmda á árunum 1986 og 1987, þannig að 5 ára reglan í 4. gr. laga nr. 51/1974 standi henni ekki í gegn, og B-gatnagerðargjald hafi aldrei áður verið lagt á fasteignaeigendur við Hafnargötu. 2) Þeirra lagasjónarmiða hafi verið gætt við niðurjöfnun heildarkostnaðar milli fasteignaeigenda, að álagning fari ekki fram úr kostnaðinum. Miða beri við framkvæmdakostnað í heild, en ekki meðalkostnað við hverja götu eða götukafla, enda séu þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, svo bundnar hver annarri, að ógjörningur sé með nokkurri sanngirni að „eyrnamerkja" kostnaðinn þannig. 3) Uppboðsbeiðandi upplýsir, að aðeins einn ellilífeyrisþegi hafi óskað frestunar á álagningu B-gatnagerðargjalds á grundvelli 2. mgr. 13. gr. reglug. nr. 284/1985, og sé tillit tekið til þess við álagningu gjaldsins á aðra fasteignaeigendur.

— — —

[V. Samhljóða V. kafla í dómi í málinu: Helga Árnadóttir gegn Vatnsleysustrandarhreppi, bls. 326 - 7 að framan.]

VI. Heimild sveitarstjórnar til álagningar gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. og 5. gr. laga nr. 51/1974, sbr. 11. gr. og 12. gr. reglugerðar nr. 284/1985, sætir þeirri takmörkun skv. 4. gr. og 2. mgr. 6. gr. framangreindra laga, að fjárhæð samanlagðra gjalda fari eigi fram úr kostnaði við lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974 um gjalddaga er reist á þeirri forsendu, að á því tímamarki liggi fyrir kostnaður vegna þeirrar götu, sem hlutaðeigandi fasteign stendur við, óháð framkvæmdakostnaði og verklokum við aðrar götur, sem lagðar kunna að vera slitlagi um svipað leyti.

Við sendingu lögveðsbréfs til uppboðsþola var honum eigi gerð fullnægjandi grein fyrir réttmæti álagningarinnar. — Er reyndar ekki fullvíst, að kostnaðarliðir, sem með réttu töldust til heildarkostnaðar, hafi á þeim tíma samsvarað álögðum heildargjöldum. — Enn hefur ekki verið úr bætt í þessu efni á viðhlítandi hátt. Ekki hefur verið gerð grein fyrir því, að hve miklu leyti eða eftir hverjum mælikvarða kostnaði við gamla þjóðveginn er deilt niður á einstakar götur. Ekki hefur heldur verið upplýst, í hvaða hlutföllum verkfærakostnaði og umsjónarkostnaði uppboðsbeiðanda er jafnað niður á götur. Óvíst er að auki um réttmæti síðasttalins liðar, þar sem ekki er um að ræða endurgreiðslu sannanlega útlagðs kostnaðar. Kostnaður við grassvæði er ekki talinn með í lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 og kostnaður við lagnir ekki að því leyti, sem hér kemur til álita, þ.e. við álagningu B-gatnagerðargjalda.

Samkvæmt framangreindu telst skylda uppboðsþola til greiðslu umkrafins gatnagerðargjalds ekki vera það skýr og ótvíræð, að beitt verði heimild laga nr. 49/1951 um sölu lögveðs á nauðungaruppboði án undangengins lögtaks.

Er synjað um framgang uppboðs, og verður málskostnaður í uppboðsréttarmáli þessu lagður á uppboðsbeiðanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framgang uppboðs á fasteigninni Hafnargötu 6, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.

Uppboðsbeiðandi, Vatnsleysustrandarhreppur, greiði uppboðsþola, Vogum hf., málskostnað, kr. 40.000, innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. mars 1990.

Nr. 13/1989. **Hjördís Agnarsdóttir**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Flugleiðum hf.
(Þórólfur Kr. Beck hrl.).

Fjárnám. Aðild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 13. desember 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði ómerkt og úr gildi felld og synjað verði um fjárnámið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti auk 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

I.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 16. nóvember 1987 var Jósef Guðbjartsson dæmdur til að greiða stefnda 124.949 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði. Jósef greiddi ekki skuldina, og hinn 24. maí 1988 fór stefndi þess á leit við bæjarfógetann á Akureyri, að gert yrði fjárnám í eigum Jósefs til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Guðjón J. Björnsson, fulltrúi bæjarfógeta, tók beiðni þessa fyrir í fógetarétti Akureyrar 20. júlí 1988. Gerðarþoli var sjálfur viðstaddur gerðina. Síðan var bókað: „Gætt er leiðbeiningarskyldu. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt. Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu hans lýsir fógeti yfir fjárnámi í ... Gerðarþoli lýsir því yfir, að hann eigi ekkert af þessum munum...“

Áfrýjandi, sem er eiginkona gerðarþola, áfrýjaði fjárnámsgerð þessari. Krafa áfrýjanda um, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi, er byggð á því, að áfrýjandi kveðst vera réttur eigandi

hinna fjárnumdu muna, og hafi því verið óheimilt að taka þá fjárnámi til tryggingar skuldum gerðarþola. Þá bendir áfrýjandi á, að gerðarþola, sem er ólöglærður, hafi ekki verið leiðbeint um það, að hann ætti að krefjast úrskurðar fógeta um, hvort hlutir þessir væru hæfir til aðfarar. Sé fjárnámsgerðin af þessum sökum haldin (sic) slíkum annmörkum, að ómerkja beri hana.

Stefndi byggir kröfu sína um staðfestingu fjárnámsgerðarinnar aðallega á því, að löglíkur séu fyrir því, að munir þeir, sem teknir voru fjárnámi á heimili gerðarþola, séu hans eign. Gerðarþoli hafi ekki látið bóka eftir sér, að hlutirnir væru eign eiginkonunnar, og hafi engin gögn komið fram, sem sýni, að áfrýjandi sé eigandi munanna.

Jósef Guðbjartsson, eiginmaður áfrýjanda, var aðili fjárnámsins í héraði. Efnisdómur í Hæstarétti um fjárnámið myndi binda hann. Honum hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Akureyrar 20. júlí 1988.

Ár 1988, miðvikudag 20. júlí, var fógetaréttur Akureyrar settur að Ásabyggð 16 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Guðjóni J. Björnssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið fjárnámsmálið nr. 369/1988: Flugleiðir hf. gegn Jósef Guðbjartssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur, birtan 12/12 1987, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Tómas Heiðar lögfr. v/Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 124.949 með 2,25% mánaðarv. frá 15/9 1986 til 1/3 1987, 2,5% mánaðarv. frá þ.d. til 6/5 1987, 30% ársv. frá þ.d. til 1/6 1987, 33,6% ársv. frá þ.d. til 1/7 1987, 36% ársv. frá þ.d. til 1/8 1987, en 40,8% ársv. frá þ.d. til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu drv. skv. ákv. Seðlabanka Ísl. frá þ.d. til greiðsludags, kr. 1.970 fyrir ritun gerðarbeiðni, kr. 25.800 í málskostnað samkv. gjald-

skrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er sjálfur viðstaddur. Gætt er leiðbeiningarskyldu. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu hans lýsir fógeti yfir fjárnámi í Loeve-sjónvarpstæki, Hitachi-myndbandstæki, glersófaborði og gráum hornsófa, hillusamstæðu, dökkbrúnni að lit, dökkbrúnu sófaborði og brúnu sófasetti (3x2x1), dökku borðstofuborði ásamt fjórum stólum með rauðum sessum; hljómflutningstækjum: Dual c s 12-plötuspilara, Kenwood-magnara, Kenwood-útvarpsmagnara og tveimur Kenwood-hátölurum, öllu að Ásabyggð 16, Akureyri. Gerðarþoli lýsir yfir, að hann eigi ekkert af þessum munum. Fallið frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættum að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upp lesið, játað rétt bókað Gerðinni lokið.

Mánudaginn 12. mars 1990.

Nr. 448/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Skúla Friðrikssyni
(Jón Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ómerking að hluta. Heimvísun. Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi samkvæmt ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 31. október 1989 og jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar og lengingar ökuleyfissviptingar. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákæruvaldsins með vísun til dóma Hæstaréttar í málum nr. 120/1989 og nr. 240/1989, sem uppkveðnir voru 9. og 12. janúar sl., „að hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa fyrir sakadómi Kjósarsýslu, að því er varðar ákæru, útgefna 30. mars 1989, verði felld úr gildi og málinu verði að því leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar". Að því er varðar ákæru, útgefna 21. nóvember 1988, er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Verjandi ákærða tekur undir kröfur ákæruvaldsins varðandi ákæru, útgefna 30. mars 1989. Að því er varðar ákæru, útgefna 21. nóvember 1988, krefst hann þess, að refsiákvörðun verði lækkuð og sviptingartími styttur.

I.

Fulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði, en sá embættismaður er jafnframt lögreglustjóri þar. Sakarefni það, sem ákæran frá 30. mars 1989 tekur til, var rannsakað af lögreglunni í Hafnarfirði. Ekkert liggur fyrir um afskipti fulltrúans af þessum þætti málsins, á meðan hann var til meðferðar hjá lögreglu. Með

vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður engu að síður talið, að sýslumanninum í Kjósarsýslu og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa sakarefnis. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Kjósarsýslu, að því er varðar ákæruna frá 30. mars 1989, og vísa málinu að því leyti heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

II.

Ákærði neitar ekki að hafa ekið yfir löglegum hámarkshraða, þá er hann var stöðvaður af lögreglu fimmtudaginn 13. október 1988, svo sem greint er frá í ákæru frá 21. nóvember 1988. Telst fullsannað með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms að öðru leyti, að ákærði hafi gerst sekur um það brot, sem í ákærunni greinir. Þá er brot hans réttilega fært til refsiákvæða í ákærunni. Samkvæmt 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ákveðst refsing ákærða 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 8 daga varðhald í hennar stað, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, sem birt var 13. október 1988. Með hinum áfrýjaða dómi var hann sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá þeim tíma. Sviptingartíminn var þannig útrunninn 13. desember sl. Ákærði hefur ekki aflað sér ökuleyfis á ný. Rétt þykir, eins og nú er komið málum, að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis í 6 mánuði vegna þessa þáttar málsins.

Dæma ber ákærða til að greiða helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði.

Það athugast, að héraðsdómara var rétt að hlutast til um, að farþegi ákærða á bifhjólinu kæmi fyrir dóm til skýrslugjafar. Þá bar honum að inna ákærða eftir því í upphafi þinghalds 8. september sl., þá er ákærði kom fyrst fyrir dóm, hvort hann óskaði eftir verjanda.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir sakadómi Kjósarsýslu, að því er varðar ákæru 30. mars 1989, eru felld úr gildi og málinu að því leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Ákærði, Skúli Friðriksson, greiði 20.000 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa, en sæti ella 8 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 13. október 1988.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast alls 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 13. október 1989.

Árið 1989, föstudaginn 13. október, er á dómþingi Kjósarsýslu (sic), sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 2815 og 2831/1988: Ákæruvaldið gegn Skúla Friðrikssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. september sl., er höfðað með 2 ákæruskjölum ríkissaksóknara, dags. 21. nóvember 1988 og 30. mars 1989, á hendur Skúla Friðrikssyni, Byggðarholti 11, Mosfellsbæ:

I. Fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 13. október 1988 bifhjólinu G-20017 austur Vesturlandsveg í Kjósarsýslu með allt að 185 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að Blikastöðum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II. Fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 20. október 1988, sviptur ökuréttindum, bifhjólinu G-20017 frá Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar, aka því með allt að 114 kílómetra hraða suður Hafnarfjarðarveg við Arnarneslæk og sinna þar ekki stöðvunarmerkjum lögreglunnar, heldur aka á undan henni með allt að 150 kílómetra hraða miðað við klukkustund suður þann veg og inn í Hafnarfjörð, en þar tókst lögreglunni að stöðva akstur hans á Kaplahrauni við Hólshraun.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., stafliði a og b, 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 18. september 1968 í Kópavogi, hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1986 19/12 í Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 11.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 5. og 6. gr., l. nr. 65/1974, sbr. l. nr. 60/1980, og 9. gr. l. nr. 75/1982, sbr. l. nr. 13/1985, og 2., sbr. 10. gr. rg. nr. 16/1986, sbr. 77. gr. hgl.

Málavextir.

I.

Fimmtudaginn 13. október 1988 kl. 1.50 voru lögreglumennirnir Guðbrandur Hansson og Guðmundur Sigmundsson staddir í lögreglubifreiðinni R-20015 við Vesturlandsveg á vegarkafla móts við Blikastaði. Lögreglubifreiðin sneri að Reykjavík, og var ratsjá beint að umferð, sem kom frá Reykjavík í átt að Mosfellsbæ. Á framangreindum tíma veittu lögreglumenn fyrst athygli bifhjólinu G-20017, sem ekið var á mikilli ferð fram úr bifreið á sömu leið, þ.e.a.s. á leið frá Reykjavík í átt að Mosfellsbæ, talsvert langt frá mælingastað, og hraði þess síðan aukinn að mun. Samkvæmt skýrslu lögreglumannanna náðu þeir að mæla hraða bifhjólsins með ratsjánni, og sýndi ratsjáin töluna 185 km m/v klst.

Guðbrandur Hansson lögreglumaður, Birtingakvísl 20, Reykjavík, gaf skýrslu vegna málsins fimmtudaginn 13.10.1988 hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Vitnið kvaðst hafa setið undir stýri lögreglubifreiðarinnar, er áðurgreind atvik gerðust, og hafi hinn lögreglumaðurinn setið í farþegasæti við hlið hans. Hann kvaðst þá hafa verið með ratsjá tendraða, og allt í einu hafi þeir orðið varir við hjól, sem ekið hafi verið mjög hratt og ógætilega og m.a. fram úr bifreið í beygju, sem er á veginum. Hjólinu hafi greinilega verið ekið mjög hratt, og hafi það sést gleggst, er því var ekið fram úr bifreiðinni, því að þá hafi sést hraðamunur ökutækjanna. Er ratsjárgeislinn hafi náð hjólinu, hafi aðeins ein tala komið inn á skjá ratsjárinnar, og hafi hún sýnt, að hjólinu var ekið með 185 km m/v klst. Þá hafi hinn lögreglumaðurinn læst töluna fasta í skjánum.

Vitnið sagði þetta hafa borið svo hratt að, að þeir hafi ekki náð að stöðva hjólið með bendingum, þaðan sem þeir voru staddir, heldur hafi þeir orðið að elta hjólið á lögreglubifreiðinni, og hafi þeir ekki náð að stöðva ferð bifhjólsins fyrr en rétt vestan megin við Þverholt í Mosfellsbæ. Hann sagðist hafa orðið að beita lögreglubifreiðinni verulega í þessari eftirför, en hann kvaðst ekki geta sagt til um hraða þann, sem hann hafi ekið á í eftirförinni, og að í eftirförinni hafi þeir misst augnablik sjónar af bifhjólinu, en það hafi verið á móts við Lágafell. Þetta hafi verið mjög skömm stund, en þeir hafi séð það aftur, er því var ekið í hringtorginu við Langatanga.

Vitnið kvaðst vilja taka það fram, að er bifhjólinu var ekið fram hjá þeim, þar sem þeir voru í lögreglubifreiðinni utan vegar, hafi það verið

sem hendi væri veifað, svo hratt hafi það borið hjá, en annars væri vart í orðum hægt að lýsa þessum akstri.

Vitnið sagði, að er þeir hafi náð að stöðva hjólið og hafi kynnt ökumanni, sem var ákærði í máli þessu, Skúli Friðriksson, þann hraða, sem þeir mældu með ratsjánni, hafi hann strax sagt, að þetta væri rugl. Hann hafi mest ekið á um 120 km hraða m/v klst., og hafi honum fundist þessi akstur sinn vera í lagi og ekkert við hann athugavert.

Þá tók vitnið fram, að eftir að bifhjólinu hafði verið ekið fram úr bifreið þeirri, sem áður er getið og þarna var á ferð í sömu átt og hjólinu var ekið, hefði ökumaður hjólsins verulega aukið hraðann. Enn fremur áréttaði vitnið, að eina talan, sem komið hafi í ratsjána, hafi verið talan 185, og hafi henni þá verið læst um leið.

Guðmundur Stefán Sigmundsson lögreglumaður, Fljótaseli 28, Reykjavík, gaf einnig skýrslu hjá rannsóknardeildinni í Reykjavík þennan sama dag. Vitnið skýrði frá svipað og rakið var hér að framan. Vitnið sagði, að það teldi, að bifhjólinu hafi verið ekið fram úr bifreiðinni í u.þ.b. 500 metra fjarlægð frá þeim stað, þar sem lögreglubifreiðinni hafi verið lagt. Vitnið sagði, að eftir það hafi bifhjólinu sjáanlega verið gefið inn og hraði þess aukinn mjög mikið. Þessu hafi fylgt mikill hávaði frá bifhjólinu. Það hafi síðan komið inn á ratsjárgeislann á 185 km hraða um sama leyti. Vitnið sagði, að talan 185 km hafi verið læst inni á glugga ratsjárinnar. Síðan hafi verið ekið á eftir bifhjólinu og akstur þess stöðvaður skömmu síðar við Þverholt. Þar hafi ökumaður bifhjólsins skýrt frá eins og áður var greint. Þá sagði vitnið, að mældur hraði hafi ekki komið því svo á óvart, þar sem það kvaðst hafa séð, að bifhjólinu var ekið á ógnvænlegum hraða.

Ákærði var færður á lögreglustöð að handtöku lokinni, og þar var tekin af honum skýrsla.

Hann skýrði svo frá, að hann hafi verið ökumaður á bifhjólinu í umrætt sinn. Hann kvaðst hafa verið að koma úr miðbæ Reykjavíkur og hafi ætlað heim til sín í Mosfellsbæ. Er hann hafi ekið Vesturlandsveg frá Korpúlfsstöðum og út fyrir Úlfarsfellið, kvaðst hann hafa verið á um 120 km hraða m/v klst. og hafi þar farið fram úr Saab-bifreið, sem hann kvaðst álíta, að hafi ekið á um 90 km hraða m/v klst. Ekki kvaðst hann hafa veitt annarri umferð í sömu átt athygli. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli, er aksturinn átti sér stað, en hann kvaðst hafa fylgst með snúningshraðamæli og reiknað hraðann út frá því. Hann kvaðst hafa verið stöðvaður af lögreglunni skömmu síðar á Vesturlandsvegi við Þverholt og hafi honum verið sýnd talan á ratsjártækinu og hafi hún verið 185. Hann kvaðst vita, að sú tala gæti ekki staðist. Hann kvaðst vita, að hámarkshraði á umræddum vegarkafla væri 90 km á klst. Þá kvaðst hann engu frekar hafa við þetta að bæta og kvaðst álíta, að bifhjólið næði ekki 185 km á klst.

Í framhaldi af þessari skýrslutöku var ákærði samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Í frumskýrslu lögreglunnar í máli þessu kom fram, að á bifhjólinu var auk ákærða farþegi, Chandis Þór Marshall að nafni, til heimilis að Brekkutanga 40 í Mosfellsbæ.

Ákærði gaf skýrslu hér fyrir dóminum 8. september sl., er mál þetta var þingfest. Hér fyrir dóminum sagði ákærði, að það, sem í skýrslum lögreglumanna stæði um atvikið 13. október 1988, sé „algjört rugl". Þá óskaði ákærði eftir að leggja fram sem dskj. læknisvottorð, dags. 5. september sl., og var það lagt fram sem dskj. nr. 10.

Í vottorði þessu, sem er frá Borgarspítalanum, slysadeild, kemur fram, að daginn áður en umræddur akstur átti sér stað, voru gipsumbúðir teknar af vinstri hendi ákærða, en þær hafði hann verið með frá 6. september 1988 vegna slyss, er hann hafði lent í á bifhjóli.

Ákærði sagði hér fyrir dóminum, að það hefði verið óðs manns æði að aka jafnhratt á bifhjólinu eins og lögregla segi, að hann hafi gert, í því ástandi, sem hann var vegna þessa slyss. Þá sagði ákærði vegna þeirra ummæla, sem eru í lögregluskýrslu, að bifhjólið næði ekki 185 km hraða á klst., að þegar þetta gerðist, hafi verið bensínstífla í hjólinu. Þess vegna hafi hann talið, að hjólið gæti ekki náð þessum hraða á þessum tíma. Þá skýrði ákærði einnig frá því, að hann hafi þarna um nóttina beðið Árna Vigfússon, varðstjóra á lögreglustöðinni í Reykjavík, um að hjólið yrði prófað af lögreglu til að ganga úr skugga um þetta atriði. Ákærði sagði, að er hann lét síðan sækja bifhjólið á lögreglustöðina í Reykjavík skömmu eftir atvikið, hafi ekki bæst við 100 metrar á kílómetramæli hjólsins, og þess vegna kvaðst hann vefengja, að nokkur prófun hefði farið fram hjá lögreglunni. Þá hélt ákærði því fram fyrir dóminum, að hann héldi það helst, að lögreglumennirnir, sem stöðvuðu hann, hafi mælt eitthvert annað farartæki fyrr um kvöldið á 185 km hraða og geymt þá tölu inni í ratsjánni og sýnt sér hana.

Árni Vigfússon, aðalvarðstjóri í lögregluliðinu í Reykjavík, svo og lögreglumenn þeir, er að máli þessu unnu, voru yfirheyrðir sem vitni hér fyrir dóminum 20. september sl.

Árni Vigfússon aðalvarðstjóri kvaðst muna það, að ákærði í máli þessu hafi eitthvað talað um það þarna um nóttina, að bensínstífla væri í hjólinu. Ekki kvaðst vitnið hafa lofað ákærða neinu um það, að prófun færi fram á hjólinu, eins og ákærði hafi haldið fram. Þá sagði vitnið, að lögreglumenn myndu ekki prófa að aka bifhjóli á þeim hraða, sem ákærði hefði ekið á. Þá staðfesti vitnið hér fyrir dóminum nafnritanir sínar undir skýrslu, er það tók af ákærða á lögreglustöðinni svo og sem vottur undir ákvörðun um bráðabirgðasviptingu ökuleyfis.

Lögreglumennirnir Guðbrandur og Guðmundur skýrðu hér fyrir dómi frá á svipaðan hátt og þeir höfðu gert hjá rannsóknardeild lögreglunnar 13. október 1988.

Guðbrandur gat þess, að þar sem hinn meinti hraðakstur hafi átt sér stað, hafi yfirborð vegarins verið þurrt, en sagði, að yfirborð vegarins hafi verið orðið blautt, þar sem þeir stöðvuðu ákærða. Þá áréttaði vitnið, að það hafi séð með berum augum, að um ofsaakstur hafi verið að ræða, auk þess sem ratsjáin hafi sýnt 185. Þá sagði vitnið, að þeir hefðu sett viðvörunarljós og sírenur á, skömmu áður en bifhjólið var stöðvað.

Vitnið Guðmundur Stefán Sigmundsson sagði hér fyrir dómi, að vegurinn hafi verið þurr, þar sem mælingin hafi farið fram. Þá sagði vitnið, að það minnti, að á móts við Hulduhóla, hafi yfirborð vegar verið orðið blautt, og er bifhjólið hafi komið á blauta kaflann, hafi dregið verulega úr hraða þess.

Bæði vitnin staðfestu nafnritanir sínar undir skýrslur, er þeir (sic) höfðu gefið hjá lögreglu.

Það athugast, að við lögregluranns6kn í máli þessu láðist að taka skýrslu af farþeganum, sem var á bifhjólinu, er framangreindur akstur átti sér stað. En með vísan til skýrslna lögreglumanna, endurrits úr ratsjármælingadagbók, er lagt hefur verið fram í málinu, og þrátt fyrir neitun ákærða telst fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um það brot, sem honum er hér að sök gefið.

II.

Föstudaginn 21. október 1988 kl. 3.00 voru lögreglumenn staddir í lögreglubifreiðinni G-10006 á Hafnarfjarðarvegi rétt sunnan Arnarneshæðar. Lögreglumenn mældu með ratsjá hraða bifhjóls, G-20017, af gerðinni Suzuki 1100, sem ekið var suður veginn. Samkvæmt ratsjánni var hraði bifhjólsins 114 km á klst. Ákærði í máli þessu var ökumaður hjólsins, en farþegi á hjólinu var Margrét Jónasdóttir, Ægisíðu 64 í Reykjavík. Ákærða var gefið stöðvunarmerki með því að tendra blá ljós á þaki lögreglubifreiðar og einnig með því að blikka háu ljósunum. En er ákærði varð lögreglubifreiðarinnar var, jók hann hraða hjólsins og ók á ofsaferð suður Hafnarfjarðarveg. Lögreglumennirnir veittu hjólinu þegar eftirför og höfðu jafnframt samband við lögreglumenn, sem staddir voru í Hafnarfirði, og báðu um aðstoð. Lögreglumennirnir óku á eftir bifhjólinu suður Hafnarfjarðarveg og inn í Engidal, þar sem var síðan beygt til vinstri Hafnarfjarðarveg og síðan af Hafnarfjarðarvegi til vinstri norður Flatahraun, en þá voru tveir aðrir lögregluþjónar komnir á annarri lögreglubifreið þeim til aðstoðar. Þeir óku á eftir bifhjólinu norður Flatahraun til vinstri vestur Kaplahraun og tókst síðan að stöðva akstur bifhjólsins á Kaplahrauni við Hólshraun.

Í eftirförinni af Hafnarfjarðarvegi var lögreglubifreiðinni G-10006 ekið á 140 km hraða á eftir bifhjólinu, en þrátt fyrir það dró í sundur með þeim.

Ákærði viðurkenndi brot sitt fyrir lögreglu. Hann játaði að hafa gefið hjólinu inn til að reyna að komast undan lögreglunni. Ekki kvaðst hann hafa hugmynd um, hve hratt hann hefði ekið suður Hafnarfjarðarveg, en er honum var sýnd talan 114 km ratsjárinnar, kvaðst hann ekki rengja þá mælingu. Ákærði hafði, eins og fram kemur hér að framan, verið sviptur ökuleyfi í Reykjavík viku áður en þetta gerðist. Þá sögðu lögreglumenn, að skráningarnúmer bifhjólsins G-20017 hefði verið illlæsilegt sökum þess, að á það hafi verið borið tektíl.

Ákærði gaf skýrslu vegna þessa máls 21. febrúar 1989 hjá lögreglunni í Reykjavík. Þar játaði ákærði að hafa ekið eins og lýst er að framan. Hann kvaðst hafa ákveðið að gefa í, þegar hann sá blikkljósin hjá lögreglunni. Hafi hann ætlað að reyna að komast undan lögreglunni, vegna þess að hann var sviptur ökuréttindum. Þá játaði ákærði að hafa sennilega ekið á 150 km hraða eftir Hafnarfjarðarvegi. Hann sagði nokkra umferð hafa verið og hafi hann sveigt á milli bíla. Hann sagði lögregluna sennilega hafa tafist í eftirförinni vegna umferðar, sem ekki hafi háð honum mikið. Lögreglan hafi síðan náð að stöðva hann á Kaplahrauni. Þá sagði ákærði, að bifhjólið væri mjög öflugt, og væri hann enga stund að koma því upp í þann hraða, sem hann hafi nefnt áður. Þá kvaðst ákærði gera sér fyllilega ljóst, að þetta hafi verið glæfraakstur hjá sér. Ástæðan hafi ekki verið önnur en sú, að hann hafi ekki viljað lenda í lögreglunni, vegna þess að hann var sviptur ökuréttindum. Þá sagði ákærði, að honum dytti ekki í hug að rengja hraðamælingu lögreglunnar, þar sem hann hafi verið mældur með ratsjánni á 114 km hraða.

Lögreglumenn þeir, Guðmundur Andrés Jónsson og Gylfi Sigurðsson, sem voru í lögreglubifreiðinni G-10006, gáfu skýrslur hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Hafnarfirði 23. og 30. nóvember vegna þessa máls. Var framburður þeirra samhljóða og í samræmi við lýsingu hér að framan, og er ekki ástæða til að rekja það frekar.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt það brot, sem honum er hér að sök gefið.

Með játningu ákærða, skýrslum lögreglu og öðrum gögnum þykir fullsannað, að ákærði hefur framið brot það, sem honum er að sök gefið í ákærunni, sem útgefin er 30. mars 1989.

Niðurstöður.

Brot ákærða teljast rétt færð til refsiákvæða í ákæruskjölum í máli þessu. Refsing ákærða, sem ákveðst samkvæmt 100. gr. laga nr. 50/1987, telst hæfilega ákveðin kr. 50.000 sekt til ríkissjóðs, er greiðast skal innan

4 vikna frá birtingu dóms þessa, en ella skal ákærði sæta varðhaldi í 25 daga í stað sektarinnar.

Þá þykir rétt með skírskotun til 101. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi í 14 mánuði frá 13. október 1988 að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Skúli Friðriksson, greiði kr. 50.000 sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella varðhaldi í 25 daga í stað sektarinnar.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá 13. október 1988 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. mars 1990.

Nr. 193/1989
og 312/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Agnari Víði Bragasyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður. Nytjastuldur. Fjársvik. Málasamsteypa. Réttarfar. Skaðabótakröfu vísað frá dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 17. apríl 1989 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1989 í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru, gefinni út 2. febrúar 1989, á hendur ákærða og einum manni öðrum, sem unir héraðsdómi. Þá hefur ríkissaksóknari einnig að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1989 dómi sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1989 í máli, sem höfðað var samkvæmt fjórum ákærum, gefnum út 18. janúar 1988, 26. febrúar 1988, 21. mars 1988 og 14. júní 1988, á hendur ákærða og fimm öðrum, sem una héraðsdómi. Ákæran 26. febrúar 1988 tekur ekki til ákærða. Báðum þessum dómum er einnig áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu ákærða.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakfellingu ákærða verði staðfest, en refsing hans þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur, sem kveðinn var upp 26. apríl 1989, verði ómerktur og meðferð þess máls frá og með þinghaldi 28. apríl 1988, en til vara, að ákæru 21. mars 1988 verði vísað frá dómi. Að öðru leyti er þess krafist, að refsing ákærða verði dæmd svo væg sem lög framast leyfa og gæsluvarðhald ákærða látið koma að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Ákærði krefst þess, að skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði stórlega lækkuð. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á niðurstöðu sakadóms um þessa skaðabótakröfu. Þess er ekki óskað, að aðrar skaðabótakröfur, sem um var dæmt í héraði, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Koma ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og vexti að því leyti ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

I.

Héraðsdómur 15. mars 1989.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsiákvæða samkvæmt ákæru í máli þessu.

II.

Héraðsdómur 26. apríl 1989.

Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 28. apríl 1988, er haldinn var af Haraldi Henryssyni, þáverandi sakadómara. Þá var m.a. bókað:

„Ákærða er birt ákæran á dskj. nr. I [þ.e. ákæra 18. janúar 1988] og kynnt önnur gögn málsins. Jafnframt er gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði óskar eftir, að Sigurður Georgsson, hrl., verði skipaður verjandi sinn í málinu.

Ákærði vill þó tjá sig um ákæruefnið núna."

Ákærði var síðan yfirheyrður um einstök ákæruatriði og kvað það rétt, sem honum er þar gefið að sök. Hann samþykkti og skaðabótakröfur nema frá Kaupfélagi Árnesinga og kvaðst vefengja fjárhæð hennar. Síðan var bókað:

„Ákæra, dagsett 21. mars 1988.

I.

Ákærði kveður það rétt, að hann og meðákærða ..... hafi 4. janúar sl. brotist inn í Rækjustöð Meleyrar, Hvammstanga, og stolið þar 490 kg af rækju.

Ákærði óskar þess, að Sigurður Georgsson, hrl., verjandi hans, haldi uppi vörnum fyrir sig í málinu. Gefur hann honum umboð til að taka við birtingu dóms og kveða á um áfrýjun."

Í þingbók er skráð, að ákærði hafi komið í dóminn kl. 9.15 og vikið frá kl. 9.10.

Ákærði kom næst fyrir sakadóm Reykjavíkur 6. apríl 1989, er haldinn var af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara. Þá var m.a. bókað:

„Ákærða hafa áður verið birtar ákærur frá 18. janúar og 21. mars 1988, en nú er ákærða birt ákæran á dskj. nr. XX frá 14. júní 1988. ...

Ákærði kveðst ekki ætla að halda uppi vörnum í málinu og óskar eftir, að málin verði tekin til dómsálagningar og Sigurður Georgsson, hrl., leystur frá verjandastarfanum.

Dómarinn lætur þess getið, að lögmaðurinn hafi aldrei verið skipaður verjandi ákærða, Agnars."

Til stuðnings ómerkingarkröfu vísar verjandi ákærða til 185. gr. laga nr. 74/1974. Telur hann, að samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 80. gr. sömu laga hafi dómara borið að skipa ákærða verjanda, strax og ósk kom um það í þinghaldi 28. apríl 1988. Þá bendir hann á, að ekki fái staðist, að ákærði hafi komið fyrir dóm kl. 9.15 og vikið úr dómi kl. 9.10. Þá sé þess hvergi formlega getið, að dómaraskipti hafi orðið í málinu, en rétt hefði verið að gera um það bókun með skýringu. Loks bendir hann á, að ekki sé bókað um birtingu ákæru frá 21. mars 1988. Hafi hún því ekki verið birt með formlegum hætti, og beri að vísa henni frá dómi.

Rétt var að skipa ákærða verjanda, er hann óskaði þess í þinghaldi 28. apríl 1988. Þegar hins vegar til þess er litið, að ákærði játaði sakargiftum og kvaðst, næst er hann kom fyrir dóm, ekki mundu halda uppi vörnum í málinu og óskaði þess jafnframt, að verjandinn yrði leystur frá verjandastarfinu, þykir ekki næg ástæða til ómerkingar málsins af þessum sökum. Sama gildir um tímasetningu þess, er ákærði vék úr dómi. Þar eru augljós pennaglöp og valda ekki ómerkingu. Í niðurlagi forsendna hins áfrýjaða dóms kemur fram, að Guðjón St. Marteinsson sakadómari hafi tekið við rekstri málsins í febrúar 1989. Rétt hefði verið að gera um það bókun, er dómarinn tók málið fyrst fyrir 6. apríl 1989. Meðferð málsins verður ekki ómerkt, þó að svo hafi ekki verið gert.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi um sakarefni ákæru frá 21. mars 1988 og játaði þeim. Hann hreyfði ekki athugasemdum, er

bókað var í þinghaldi 6. apríl 1989, að þessi ákæra hefði áður verið birt honum. Verður að telja þessa meðferð ákærunnar hafa verið fullnægjandi birtingu hennar fyrir ákærða og ekki efni til að vísa ákærunni frá dómi, þó að bókun í þingbók sé þarna áfátt.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsiákvæða samkvæmt I. - IV. kafla ákæru 18. janúar 1988, I. kafla ákæru 21. mars 1988 og ákæru 14. júní 1988.

Fyrir sakdómi Reykjavíkur kvaðst ákærði vefengja skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga. Krafa þessi er ekki studd neinum gögnum, og verður við svo búið að vísa henni frá dómi.

III.

Ákveða ber refsingu ákærða með hliðsjón af ákvæðum 72. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 77. gr. og 78. gr. sömu laga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu sá tími, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 5. janúar 1988 til 29. febrúar 1988, frá 21. til 27. júlí 1988 og frá 3. september til 2. nóvember 1988.

Skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga er vísað frá dómi, hvað ákærða varðar.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði, en til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu sá tími, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 5. janúar 1988 til 29. febrúar 1988, frá 21. til 27. júlí 1988 og frá 3. september til 2. nóvember 1988.

Skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga er vísað frá dómi, hvað ákærða varðar.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 26. apríl, er háð dómþing sakadóms Reykjavíkur í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara og þá kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 214-219/1989: Ákæruvaldið gegn Agnari Víði Bragasyni, A, B, C, D og E, sem dómtekið var 19. þ.m.

Málið er höfðað með fjórum ákæruskjölum á hendur ofangreindum aðilum. Verða ákæruskjölin nú rakin í tímaröð.

1. Ákæruskjal, dagsett 18. janúar 1988.

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur „Agnari Víði Bragasyni, Hábergi 3, fæddum í Reykjavík 16. september 1966, A [...], B [...] og Kenneth Charles Meissner, Hagamel 14, fæddum í Bandaríkjum Norður-Ameríku 15. nóvember 1967, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, frömdum í Reykjavík, nema annar staður sé tekinn fram:

I. Ákærðu Agnari Víði og Kenneth Charles er gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 9. desember 1986 brotist inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja í Skipholti 17 A, unnið þar skemmdir og stolið um 25.000 krónum í reiðufé, 45.354 krónum í tékkum, lítilli skjalatösku og tékkhefti frá Iðnaðarbankanum (RLR, mál nr. 4003/86).

2. Aðfaranótt fimmtudagsins 11. desember 1986 brotist inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja við Laugaveg 28 og stolið þar 2.000 krónum úr peningakassa í versluninni Englabörnunum, 1.000 krónum úr peningakassa í versluninn Skinni og 5.000 krónum og 21 áfengisflösku á veitingastaðnum Shanghai (RLR, mál nr. 4010/87).

3. Brotist inn í frystihús og skrifstofur Hvaleyrar hf., Vesturgötu 11-13, Hafnarfirði, og stolið þar tékkhefti frá Útvegsbankanum í Hafnarfirði og um 20.000 krónum (RLR, mál nr. 4210/87).

II. Ákærðu Agnari Víði og B er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudagsins 27. júlí 1987 brotist inn í vöruhús Kaupfélags Árnesinga, Selfossi, og stolið þar um 213.500 krónum í tékkum og reiðufé úr 13 afgreiðslukössum og tekið síðan í heimildarleysi bifreiðina X-1075 á athafnasvæði kaupfélagsins, en ákærði B ók bifreiðinni án ökuréttinda til Reykjavíkur, að Vesturbergi 96 (RLR, mál nr. 2571/87).

Teljast ofangreindir þjófnaðir ákærðu varða við 244. gr. almennra hegn-

ingarlaga, nr. 19/1940. Heimildarlaus taka þeirra á bifreið samkvæmt síðasta ákærulið telst varða við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20/1956, og akstur ákærða B án réttinda samkvæmt sama ákærulið við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

III. Ákærðu Agnari Víði og A er báðum gefinn að sök þjófnaður með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 6. desember 1986 brotist inn í skrifstofur fyrirtækisins Nóa og Síríusar hf., Barónsstíg 2, og stolið þar 2 tékkheftum frá aðalbanka Iðnaðarbankans (RLR, mál nr. 3997/86).

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

IV. Ákærða Agnari Víði eru einum gefin að sök eftirgreind brot:

1. Að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 25. nóvember 1986 brotist inn í skrifstofur Hampiðjunnar hf., Stakkholti 4, og stolið þar tösku og tékkhefti frá Handelsbanken í Kaupmannahöfn (RLR, mál nr. 3876/86).

2. Aðfaranótt föstudagsins 11. desember 1987 brotist inn í Vinnufatabúðina, Hverfisgötu 26, ásamt Guðmundi Eyjólfs Sigurðssyni, Tunguseli 7, Reykjavík, og stolið þar mynt úr peningakassa, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi (RLR, mál nr. 4112/87).

Telst háttsemi ákærða Agnars Víðis samkvæmt ákærulið IV., 1 - 2, varða við 244. gr. hegningarlaganna.

3. Tékkafals með því að nota í viðskiptum, svo sem rakið er, eftirgreinda tékka, sem hann falsaði á tékkaeyðublöð, sem hann hafði stolið, en tékkana ritaði hann alla til handhafa, nema annað sé tekið fram.

A. Tékkar á eyðublöðum frá Laugarnesútibúi Iðnaðarbankans, allir með útgáfuárituninni Sveinn Guðmundsson og stimpli skrifstofu Sveins Guðmundssonar, Skipholti 17 A, Reykjavík, sem ákærði hafði komist yfir samkvæmt ákærulið I.1 (RLR, mál nr. 4003/87).

1) Tékki nr. 389569, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 17.12. 1986. Ákærði Agnar Víðir afhenti meðákærða A tékkann til notkunar í viðskiptum.

2) Tékki nr. 389564, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettur 15.12. 1987, framseldur af Haraldi Erlendssyni, seldur í pylsuvagni við veitingastaðinn Evrópu, Borgartúni 32.

3) Tékki nr. 389571, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 17.12 1986, framseldur af Elvari Guðmundssyni, Háaleitisbraut 43, og Sig ...., nnr. 7862-3306. Óvíst um notkun ákærða á tékkanum.

4) Tékki nr. 389562, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 14.12. 1987, með framsalsáritununum K. Björnsson, 5805-0024, Háaleitisbraut 43, og Jón Ingi, nnr. 5112-2534.

B. Tékkar á eyðublöðum úr tékkheftum frá aðalbanka Iðnaðarbank-

ans, sem ákærðu Agnar Víðir og A komust yfir samkvæmt ákærulið III (RLR, mál nr. 3997/87).

5) Tékki nr. 2369496, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 10.12. 1986, með útgefandanafninu Ásbjörn Andrason, seldur í Borgarbúðinni, Hófgerði 30, Kópavogi.

6) Tékki nr. 2369481, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettur 6.12. 1986, með útgefandanafninu Aðalbjörn Andrason og framseljandaárituninni Jón Ingi, nnr. 5112-2354, seldur í söluturninum Hlemmtorgi við Hlemmtorg.

7) Tékki nr. 2369478, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 6.12. 1986, með útgefandanafninu Aðalbjörn Andrason, seldur í veitingahúsinu Gauki á Stöng.

8) Tékki nr. 2369489, að fjárhæð kr. 2.600, dagsettur 8.12. 1986, með útgefandanafninu Ásbjörn Andrason og framsalsstimpli og áritun vegna hárgreiðslustofunnar Salon á Paris.

9) Tékki nr. 2369492, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 8.12. 1986, með síðastgreindri útgefandanafnritun, seldur í söluturninum Ritu, Nýbýlavegi 26, Kópavogi.

10) Tékki nr. 2369488, að fjárhæð kr. 1.500, dagsettur 7.12. 1986. Ákærði seldi tékkann á veitingasölu Bifreiðastöðvar Íslands við Hringbraut.

C. Tékkar á eyðublöðum úr tékkhefti frá aðalbanka Verslunarbankans, allir með útgefandanafnrituninni K. Björnsson (RLR, mál nr. 3997/87).

11) Tékki nr. 4717618, að fjárhæð kr. 2.500, dagsettur 13.12. 1986, seldur á veitingastaðnum Hótel Borg við Austurvöll.

12) Tékki nr. 4717609, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 11.12. en óársettur. Gefinn út til Bifreiðastöðvar Íslands, þar sem ákærði seldi tékkann.

Telst háttsemin í lið IV. 3 varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

3. Ákæruskjal, dagsett 21. mars 1988.

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur „Agnari Víði Bragasyni, Hábergi 3, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 16. september 1966, C [...], D [...] og E [...], fyrir eftirgreind brot:

I. Ákærðu Agnari Víði og C er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudagsins 4. janúar 1988 brotist inn í Rækjustöð Meleyrar hf., Hvammstanga, og stolið þar 490 kg af rækju.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

4. Ákæruskjal, dagsett 14. júní 1988.

Með þessu ákæruskjali er málið höfðað á hendur „Agnari Víði Bragasyni, Hábergi 3, Reykjavík, fæddum þar í borg 16. september 1966, fyrir tékkasvik með því að hafa í desember 1987 gefið út til handhafa eftirtalda 12 tékka á reikning sinn nr. 30933 í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, án þess að innistæða væri fyrir hendi á honum, og notað tékkana, sem allir nema tveir eru dagsettir 17. desember, í viðskiptum með eftirgreindum hætti í Reykjavík, nema annað sé nefnt:

1. Nr. 1621828, kr. 3.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í Shellskálanum í Hveragerði.
2. Nr. 1621832, kr. 4.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum á sama stað.
3. Nr. 1621827, kr. 6.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í verslun-inni Blómaborg, Breiðumörk 12, Hveragerði.
4. Nr. 1621829, kr. 2.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í afgreiðslu Olís í Hveragerði.
5. Nr. 1621834, kr. 4.500, dagsettur 18. desember, notaður í staðgreiðsluviðskiptum fyrir akstur í leigubíl frá Hveragerði til Reykjavíkur.
6. Nr. 1621835, kr. 3.000, dagsettur 18. desember, notaður í staðgreiðsluviðskiptum, að líkindum fyrir akstur í leigubíl.
7. Nr. 1622189, kr. 3.700, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í verslun Miklagarðs sf., Holtagörðum við Holtaveg.
8. Nr. 1622190, kr. 8.500, notaður í staðgreiðsluviðskiptum á sama stað og í 7. lið.
9. Nr. 1622193, kr. 7.000, seldur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, Laugavegi 77.
10. Nr. 1622195, kr. 1.000, notaður í staðgreiðsluviðskiptum í verslun Hlíðabakarís.
11. Nr. 1622196, kr. 6.000, seldur í Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31.
12. Nr. 1622198, kr. 7.000, seldur í Útvegsbankanum hf., Álfheimum 74.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ekki tókst að hafa uppi á Kenneth Charles Meissner vegna máls þessa, og er hann talinn búsettur erlendis, líklega í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Ríkissaksóknari heimilaði með bréfi, dagsettu 6. apríl sl., að þáttur Kenneths yrði greindur frá máli þessu og rekinn sér.

Ákærði B er sá eini hinna ákærðu, er heldur uppi vörnum í málinu, og skilaði verjandi ákærða B skriflegri vörn þann 19. þ.m., og var málið dómtekið sama dag.

Verða nú raktir málavextir varðandi ákæruskjölin í tímaröð, sbr. að framan.

1. Ákæruskjal, dagsett 18. janúar 1988.

Ákærða Agnari Víði og Kenneth Charles er gefið að sök:

Ákæruliður I, 1.

Ákærði Agnar bar um þessa háttsemi við lögregluyfirheyrslu þann 19. desember 1986. Ákærði lýsti þá, hvernig hann braust inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja í Skipholti 17 A aðfaranótt þriðjudagsins 9. desember 1986 með því að fara inn um glugga á þaki. Ákærði Agnar bar síðan um það, er stolið var á greindum stað.

Ákærði Agnar viðurkenndi hér fyrir dómi 28. apríl 1988 að hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Kenneth Charles Meissner hefur hjá lögreglu borið efnislega á sama veg og ákærði Agnar um háttsemi þá, er um getur í þessum ákærulið.

Ákæruliður I, 2.

Ákærði Agnar viðurkenndi við lögregluyfirheyrslu þann 19. desember 1986 að hafa ásamt Kenneth Meissner brotist inn í húsnæði verslana við Laugaveg 28, Reykjavík, aðfaranótt föstudagsins 11. desember 1986. Ákærði bar, að þeir félagar hefðu þar frá nokkrum fyrirtækjum stolið peningum auk þess að hafa stolið áfengi úr kínverskum veitingastað.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi þann 28. apríl sl., og viðurkenndi ákærði þá að hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Kenneth Meissner hefur hjá lögreglu borið efnislega á sama veg og ákærði Agnar.

Ákæruliður I, 3.

Ákærði Agnar bar um þessa háttsemi hjá lögreglu þann 19. desember 1986 og viðurkenndi þá að hafa ásamt Kenneth Meissner brotist inn í Hvaleyri hf., Hafnarfirði, og stolið kr. 20.000 auk þess að stela þaðan ávísanahefti.

Ákærði bar á sama veg hér fyrir dómi 28. apríl 1988.

Kenneth Meissner hefur við lögregluyfirheyrslur borið efnislega á sama veg og ákærði Agnar.

Ákæruliður II.

Ákærði B viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 4. ágúst 1987 að hafa ásamt meðákærða Agnari brotist inn í vöruhús Kaupfélags Árnesinga, Selfossi, aðfaranótt 27. júlí 1987. Ákærði lýsti nákvæmlega aðdraganda innbrotsins svo og innbrotinu sjálfu svo og því, er stolið var. Ákærði B kvað þá félaga síðan hafa stolið bifreiðinni X-1075 af athafnasvæði kaupfélagsins, og kvaðst ákærði B hafa ekið bifreiðinni til Reykjavíkur.

Ákærði Agnar var yfirheyrður hjá lögreglu 4. desember 1987, og bar hann þá efnislega á sama veg og meðákærði B varðandi háttsemi þá, er hér er ákært út af.

Ákærði Agnar viðurkenndi hér fyrir dómi þann 28. apríl sl. að hafa ásamt meðákærða framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Borin var undir ákærða bótakrafa Kaupfélags Árnesinga, að fjárhæð kr. 628.426, og kvaðst ákærði vefengja þá tölu. Bótakrafa Kaupfélags Árnesinga hefur nú verið lækkuð um kr. 35.000.

Ákærði B var yfirheyrður hér fyrir dómi 14. júlí 1988 og viðurkenndi að hafa ásamt meðákærða Agnari framið þá háttsemi, er hér er ákært út af. Ákærði kvaðst og hafa ekið bifreiðinni, er þeir félagar stálu, til Reykjavíkur, en ákærði kvaðst aldrei hafa öðlast ökuréttindi.

Borin var undir ákærða ofangreind bótakrafa Kaupfélags Árnesinga, og kvaðst ákærði samþykkja kröfugerðina utan að gera athugsemdir við liðina laun starfsfólks og viðskiptalegt tjón vegna lokunar.

Ákæruliður III.

Ákærði Agnar viðurkenndi við lögregluyfirheyrslu þann 19. desember 1986 að hafa ásamt meðákærða A brotist inn í skrifstofur fyrirtækisins Nóa og Síríusar hf. að Barónsstíg 2, Reykjavík, og stolið þaðan tveimur tékkheftum.

Ákærði Agnar bar hér fyrir dómi þann 28. apríl sl. að hafa ásamt meðákærða A þann 6. desember 1986 hrotist inn í skrifstofur Nóa og Síríusar hf. og stolið þeim verðmætum, er lýst er í þessum ákærulið.

Ákærði A hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi borið efnislega á sama veg og meðákærði Agnar.

Ákærða Agnari Víði eru einum gefin að sök eftirgreind brot:

Ákæruliður IV, 1.

Ákærði bar hjá lögreglu 19. desember 1986 að hafa þann 25. nóvember 1986 brotist inn í skrifstofur Hampiðjunnar hf., Stakkholti 4, og stolið þaðan tösku og tékkhefti frá Handelsbanken í Kaupmannahöfn.

Ákærði bar efnislega á sama veg hér fyrir dómi þann 28. apríl sl.

Ákæruliður IV, 2.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi að hafa brotist inn í Vinnufatabúðina, Hverfisgötu 26, ásamt Guðmundi Eyjólfs Sigurðssyni aðfaranótt föstudagsins 11. desember 1987. Ákærði kvaðst hafa stolið mynt úr peningakassa, en lögreglan hafi handtekið ákærða á vettvangi.

Ákæruliður IV, 3 a, 1-4.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þann 5. desember 1987, og viðurkenndi ákærði þá að hafa gefið út fjóra tékka, notað í viðskiptum og falsað nafn útgefanda, svo sem í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa tilgreint reikningsnúmer af handahófi.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi þann 28. apríl sl. og viðurkenndi þá að hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Ákærði samþykkti framkomnar bótakröfur vegna tékkanna.

Ákæruliður IV, 3 b, 5-10.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þann 5. desember 1987, og viðurkenndi ákærði þá að hafa gefið út þá 6 tékka, er hér er ákært út af (nr. 5-10), falsað nafn útgefanda tékkanna og notað tékkana í viðskiptum, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði bar hér fyrir dómi 28. apríl sl. að hafa falsað tékka á eyðublöð frá Iðnaðarbankanum, svo sem lýst er í ákæru.

Ákærði samþykkti bótakröfur vegna tékkanna, en rétt er að geta þess, að ekki er fram komin bótakrafa vegna tékka í lið 8.

Ákæruliður IV, 3 c, 11-12.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 5. desember 1987 og viðurkenndi þá að hafa falsað þá tvo tékka, er hér er ákært út af, notað tékkana í viðskiptum, svo sem greint er í ákæru.

Ákærði bar hér fyrir dómi 28. apríl sl. að hafa falsað tvo tékka á eyðublöð frá Verslunarbankanum, og kvað ákærði útfyllingu og notkun tékkanna rétt lýst í ákæru.

Ákærði samþykkti bótakröfur vegna tékkanna.

— — —

Ákæruskjal, dagsett 21. mars 1988.

Ákæruliður I.

Ákærða C var yfirheyrð hjá lögreglu þann 4. janúar 1988 og bar þá um þá háttsemi, er hér er ákært út af. Ákærða kvað meðákærða hafa komið að máli við sig og beðið sig um að útvega bíl til að halda út á land. Ákærða kvaðst hafa tekið bíl á leigu og hafa síðan ásamt meðákærða og Dagnýju Hrönn Kristinsdóttur haldið svo sem leið lá til Hvammstanga, þar sem ákærða viðurkenndi að hafa ásamt meðákærða brotist inn og stolið 490 kg af rækju. Ákærða viðurkenndi að hafa vitað um tilgang fararinnar til Hvammstanga fyrir fram og hafi meðákærði boðið sér kr. 25.000 fyrir aksturinn. Ákærða bar og um flutning rækjunnar úr Rækjustöðinni Mel-

eyri hf. á Hvammstanga og yfir í bifreið ákærðu, sem hún kvaðst síðan hafa ekið til Reykjavíkur.

Ákærði Agnar Víðir bar efnislega á sama veg og meðákærða C, svo sem rakið hefur verið.

Ákærði Agnar Víðir var yfirheyrður hér fyrir dómi þann 28. mars sl., og viðurkenndi ákærði þá að hafa ásamt meðákærðu C brotist inn og stolið 490 kg af rækju í Rækjustöð Meleyrar á Hvammstanga þann 4. janúar 1988.

Ákærða C var yfirheyrð hér fyrir dómi þann 14. apríl sl., og viðurkenndi ákærða þá að hafa ásamt meðákærða Agnari Víði brotist inn og stolið 490 kg af rækju, svo sem í ákæru greinir.

— — —

Ákæruskjal, dagsett 14. júní 1988.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu vegna þessarar meintu háttsemi, m.a. í apríl 1988. Ákærði viðurkenndi þá að hafa gefið út alla þá 12 tékka, er hér er ákært út af. Tékkana kvaðst ákærði hafa gefið út á reikning sinn, nr. 30933, við Alþýðubankann hf., Laugavegi 31, án þess að innistæða væri fyrir hendi á reikningi ákærða. Frumrit þeirra tólf tékka, er ákært er út af, voru borin undir ákærða, og kannaðist hann við þá alla og notkun.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 6. apríl sl., og þá voru undir ákærða borin frumrit allra tékkanna, er í ákæru greinir. Ákærði viðurkenndi að hafa gefið alla tékkana út og notað, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði samþykkti fram komnar bótakröfur vegna tékkanna, en ekkert hefur verið greitt af þeim kröfum.

Niðurstöður.

1. Ákæra, dagsett 18. janúar 1988.

I. ákæruliður. Liðir 1-3.

Svo sem rakið var að framan, hefur þáttur Kenneths Charles Meissners verið greindur frá máli þessu.

Sannað er með framburði ákærða, sem vel er studdur af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákæruliðum.

Ekki er í lok þess ákæruliðar vitnað til lagaákvæðis, er þessi háttsemi ákærða varðar við, en svo virðist sem tilvitnun í lok II. liðar ákærunnar í 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi einnig við þessi brot ákærða, og er við það miðað hér. Öll þrjú brot ákærða í þessum ákærulið varða þannig við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. ákæruliður.

Sannað er með framburði beggja ákærðu og öðrum gögnum málsins, að ákærðu hafa framið þá háttsemi, er þeim er gefin að sök.

Brot ákærðu varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, og heimildarlaus taka ákærðu á bifreiðinni varðar við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga. Umferðarlagabrot B varðar nú við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. áður þau ákvæði eldri umferðarlaga, er vitnað er til í ákærunni. Ákærða verður í máli þessu gerð refsing eftir hinum nýju umferðarlögum, sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kaupfélag Árnesinga, Selfossi, hefur gert skaðabótakröfu vegna þeirrar háttsemi ákærðu, er í þessum ákærulið greinir, og er bótakrafan að upphæð kr. 593.426, en ekki er gerð krafa um vexti.

Ákærðu eru dæmdir til að greiða óskipt ofangreinda bótakröfu.

III. ákæruliður.

Sannað er með framburði ákærðu, sem vel er studdur af öðrum gögnum málsins, að þeir hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af.

Brot ákærðu varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

IV. ákæruliður. Liðir 1 og 2.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um þau tvö innbrot og þjófnað, sem hér er ákært út af.

Brot ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

IV. ákæruliður. Liður 3, A, B og C, tékkar nr. 1-12.

Með framburði ákærða, sem rækilega er studdur af öðrum gögnum málsins, þykir sannað, að ákærði hafi framið þá háttsemi, er ákært er út af hér. Varðandi tékka nr. 10 hefur láðst í ákæruskjalinu að geta útgefandanafnritunar, en ákærði hefur viðurkennt að hafa ritað nafnið Ásbjörn Andrason á greindan tékka, en það er sama nafn og á tékkum nr. 8 og 9 í þessum ákærulið. Þykja þessir annmarkar ekki koma að sök, og verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa falsað þennan tékka með greindri nafnritun.

Brot ákærða í þessum ákærulið varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í ákæru.

Fram eru komnar skaðabótakröfur frá eftirtöldum aðilum vegna tékkanna nr. 1-12 í þessum lið ákærunnar:

Tékki nr. 1: Bótakrafa kr. 3.000. frá söluturninum Svarta Pétri, Skólavörðustíg 6, Reykjavík.

Tékki nr. 2: Bótakrafa kr. 1.500 frá Pylsuvagninum, Borgartúni.

Tékki nr. 3: Bótakrafa kr. 2.000 frá söluturninum: Sólvallagötu 27, Reykjavík, auk dómvaxta frá sýningardegi til greiðsludags.

Vegna tékka nr. 1-3 er í öllum tilvikum krafist dómvaxta frá sýningardegi til greiðsludags.

Tékki nr. 4: Bótakrafa kr. 2.500 frá Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, ásamt vöxtum frá innlausnardegi skv. vaxtalögum nr. 25/1987.

Tékki nr. 5: Bótakrafa kr. 2.000 frá Borgarbúðinni hf.

Tékki nr. 6: Bótakrafa kr. 1.500 frá söluturninum Hlemmtorgi.

Tékki nr. 7: Bótakrafa kr. 2.500 frá veitingahúsinu Gauki á Stöng.

Ekki hefur komið fram bótakrafa vegna tékka nr. 8.

Tékki nr. 9: Bótakrafa kr. 2.000 frá söluturninum Ritu, Nýbýlavegi 26, Kópavogi.

Tékki nr. 10: Bótakrafa kr. 1.500 frá Bifreiðastöð Íslands hf.

Tékki nr. 11: Bótakrafa kr. 2.500 frá Hótel Borg.

Tékki nr. 12: Bótakrafa kr. 1.000 frá Bifreiðastöð Íslands.

Vegna tékka nr. 5-7 og 9-12 er í öllum tilfellum gerð krafa til dómvaxta frá sýningardegi tékkans og til greiðsludags.

Ákærði, sem samþykkt hefur bótakröfurnar vegna tékkanna, er dæmdur til að greiða ofangreindum aðilum skaðabætur utan kröfu vegna tékka nr. 1, en í því tilfelli er ákærði A dæmdur til greiðslu skaðabóta, sbr. V. ákærulið. Ákærði greiði vexti, svo sem greinir í dómsorði.

— — —

Ákæruskjal, dagsett 21. mars 1988.

I. ákæruliður.

Sannað er með framburði beggja ákærðu og öðrum gögnum, að ákærðu hafa gerst sekir um háttsemi þá, er hér er ákært út af, og varðar brot ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

— — —

Ákæra, dagsett 14. júní 1988.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um tékkasvik með því að gefa út og nota, svo sem í ákæru greinir, þá 12 tékka, er ákært er út af. Brot ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greinir í ákærunni.

Vegna þeirra 12 tékka, er hér er ákært út af, hafa komið fram skaðabætur (sic) frá eftirtöldum aðilum:

Tékkar nr. 1 og 2: Bótakrafa frá Shellskálanum, Austurmörk 22, Hveragerði, alls kr. 7.807 með kostnaði, en ekki er krafist vaxta.

Tékki nr. 3: Bótakrafa frá Blómaborg sf., Breiðumörk 12, Hveragerði,

kr. 6.000 auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Tékki nr. 4: Bótakrafa frá Olíuverslun Íslands hf. auk vaxta og dráttarvaxta, svo sem greinir í næsta lið hér að ofan.

Tékki nr. 5: Bótakrafa frá Sigríði Hrólfsdóttur, Hveramörk 12, Hveragerði, kr. 4.500, en ekki er krafist vaxta.

Tékki nr. 6: Bótakrafa frá Olíuverslun Íslands hf. kr. 3.000.

Tékkar nr. 7 og 8: Bótakrafa frá Miklagarði hf. við Holtaveg, kr. 12.200.

Vegna tékka nr. 6-8 er krafist vaxta og dráttarvaxta samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Tékki nr. 9: Bótakrafa kr. 4.500 frá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta frá sýningardegi til greiðsludags.

Tékki nr. 10: Bótakrafa frá Kára Eyþórssyni, Hraunbæ 36, Reykjavík, kr. 1.000.

Tékki nr. 11: Bótakrafa frá Alþýðubankanum hf., kr. 6.000.

Vegna tékka nr. 10 og 11 er í báðum tilfellum krafist vaxta og dráttarvaxta samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Tékki nr. 12: Bótakrafa frá Ævari Guðmundssyni hdl. f.h. Útvegsbanka Íslands hf., Álfheimum 74, Reykjavík, kr. 7.000 auk vaxta samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags auk innheimtukostnaðar, bankakostnaðar og söluskatts, samtals kr. 4.050, skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Ákærði er dæmdur til að greiða ofangreindum kröfuhöfum þær skaðabætur, sem krafist er, og til að greiða vexti, svo sem greinir í dómsorði.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði Agnar Víðir Bragason hefur þrátt fyrir ungan aldur gengist undir tvær dómsáttir frá 1983 fyrir brot gegn áfl. og gegn 259. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur Agnar hlotið sex refsidóma fram til desember 1986 fyrir brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Frá desember 1986 hefur ákærði Agnar hlotið eftirtalda dóma:

1987 4/12 Sakadómur Rvík. nr. 696. Dómur: Fangelsi 8 mán., hegn.-auki, f. brot g. 1. mgr. 155. gr., 244. gr.og 248. gr. hgl.

1988 22/12 Sakadómur Rvík. nr. 715. Dómur: 12.000 kr. sekt. Sýknaður af kröfu um ökuleyfissviptingu f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. og 1. mgr. 48. gr. umfl.

1989 26/1 Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli frá 4.12. 1987: Fangelsi í 8 mán.

1989 15/3 Sakadómur Rvík. nr. 130. Dómur: Fangelsi 15 mán. f. brot g. 1. mgr. 155., 244. og 1. mgr. 259 gr. hgl.

Ákærði Agnar er í máli þessu sakfelldur fyrir 8 innbrot, oftast í samvinnu við aðra. Þýfið var m.a. 490 kg af rækju, útfylltir tékkar, tékkhefti, á fjórða hundrað þúsund krónur í reiðufé og tékkum, 21 flaska af áfengi o.fl., svo sem rakið hefur verið. Þá er ákærði Agnar sakfelldur fyrir útgáfu 24 tékka, þar sem ýmist var beitt skjalafalsi eða tékkasvikum, og hafði ákærði þannig út um kr. 80.000.

Brot ákærða Agnars eru stórfelld, og sammæltist ákærði oft við aðra um framningu brotanna, og verður það virt ákærða til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Agnars verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. hluta sakavottorðs ákærða, er tekinn er upp hér að framan, en nokkur tími er nú liðinn, síðan ákærði framdi mörg þeirra brota, er nú er ákært út af.

Að öllu ofanrituðu virtu og með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin sem fangelsi í 12 mánuði. Ákærði Agnar sætti gæsluvarðhaldi frá 5. janúar 1988 til 29. febrúar 1988 í þágu rannsóknar málsins, og er rétt með vísan til 76. gr. almennra hegingarlaga, að 55 daga gæsluvarðhald komi til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða Agnars.

Ákærði er loks dæmdur til að greiða skaðabætur, svo sem að ofan greinir.

— — —

Ákærðu greiði sakarkostnað óskipt, utan að ákærði B greiði skipuðum verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni hdl., kr. 15.000 í málsvarnarlaun.

Dómarinn tók við rekstri máls þessa í febrúar sl.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Víðir Bragason, sæti fangelsi í 12 mánuði, en til frádráttar komi 55 dagar, er hann sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði Agnar greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur með vöxtum, svo sem hér greinir:

1. Ákærði Agnar og ákærði B greiði Kaupfélagi Árnesinga, Selfossi, óskipt kr. 593.426.

2. Pylsuvagninum, Borgartúni, kr. 1.500 auk dómvaxta frá 17. desember 1986.

3. Söluturninum, Sólvallagötu 27, Reykjavík, kr. 2.000 ásamt dómvöxtum frá 18. desember 1986.

4. Búnaðarbanka Íslands kr. 2.500 ásamt dómvöxtum frá 16. desember 1986.

5. Borgarbúðinni, Hófgerði 30, Kópavogi, kr. 2.000 ásamt dómvöxtum frá 11. desember 1986.

6. Söluturninum, Hlemmtorgi, kr. 1.500 auk dómvaxta frá 8. desember 1986.

7. Veitingahúsinu Gauki á Stöng, Reykjavík, kr. 2.500 auk dómvaxta frá 18. desember 1986.

8. Söluturninum Ritu, Nýbýlavegi 26, Kópavogi, kr. 2.000 auk dómvaxta frá 9. desember 1986.

9. Bifreiðastöð Íslands hf. kr. 1.500 auk dómvaxta frá 8. desember 1986.

10. Hótel Borg, Reykjavík, kr. 2.500 auk dómvaxta frá 15. desember 1986.

11. Bifreiðastöð Íslands kr. 1.000 auk dómvaxta frá 12. desember 1986.

Í öllum tilvikum hér að ofan, er dæmdir eru dómvextir, skulu þeir gilda frá þeim degi, er tilgreindur er, og til 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags reiknist á allar kröfurnar almennir vextir skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 og til greiðsludags.

12. Shellskálanum, Austurmörk 22, Hveragerði, kr. 7.807.

13. Blómaborg, Breiðumörk 12, Hveragerði, kr. 6.000 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

14. Olíuverslun Íslands hf. kr. 2.000 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

15. Sigríði Hrólfsdóttur, Hveramörk 12, Hveragerði, kr. 4.500.

16. Olíuverslun Íslands hf. kr. 3.000 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

17. Miklagarði sf., v/Holtaveg, kr. 12.200 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

18. Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, kr. 4.600 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

19. Kára Eyþórssyni, Hraunbæ 36, Reykjavík, kr. 1.000 auk dráttarvaxta frá 18. desember 1987 til greiðsludags.

20. Alþýðubankanum hf. kr. 6.000 kr. auk dráttarvaxta frá 17. desember 1987 til greiðsludags.

21. Ævari Guðmundssyni hdl. f.h. Útvegsbanka Íslands hf., Álf-

heimum 74, Reykjavík, kr. 7.000 auk dráttarvaxta frá 17. desember 1987 til greiðsludags. Þá greiði ákærði Agnar einnig kr. 4.050 vegna söluskatts, innheimtu- og bankakostnaðar.

— — —

Ákærðu greiði óskipt þann sakarkostnað, sem ekki er tilgreindur sérstaklega í dómsorði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 15. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 130-131/1989: Ákæruvaldið gegn Agnari Víði Bragasyni og X, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. febrúar sl., á hendur ákærðu, Agnari Víði Bragasyni, Hábergi 3, fæddum 16. september 1966, og X [.....], báðum búsettum í Reykjavík og fæddum þar í borg.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík, nema annar staður sé tekinn fram, í júní og júlí 1988:

I. Ákærða Agnari Víði er einum gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 28. júlí tekið í heimildarleysi bifreiðina R-14688 við bílasöluna Bílakaup, Borgartúni 1, og ekið henni til Hellu, Rangárvallasýslu, og aftur til Reykjavíkur (RLR, mál nr. 2732/88).

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956.

2. Sömu nótt brotist inn í söluskálann Öndvegi, Hraungerðishreppi, Árnessýslu, og stolið þar um 30 vindlingalengjum, 10.000 krónum í tékkum og reiðufé og happadrættismiðum (RLR, mál nr. 3652/88).

3. Sömu nótt brotist inn í verslunarhús Kaupfélagsins Þórs, Hellu, og stolið peningaskáp, sem hafði meðal annars að geyma peninga og tékka, að fjárhæð kr. 874.073,03, og greiðslukortaseðla, að verðmæti kr. 716.156. (RLR, mál nr. 2732/88).

4. Að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 23. júní brotist inn í húsnæði G.G.S. hf., Grensásvegi 12, og stolið þar peningakassa og um 30.000 krónum (RLR, mál nr. 2285/88).

5. Aðfaranótt miðvikudagsins 6. júlí brotist inn í húsnæði Ferðaskrifstofu Reykjavíkur, Aðalstræti 16, og stolið 300 dönskum krónum (RLR, mál nr. 2459/88).

6. Að morgni fimmtudagsins 7. júlí brotist inn í skrifstofur skipadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, Lindargötu 9 E, og stolið þar peningaskáp, sem hafði að geyma um 30.000 krónur í reiðufé og víxla og tékka, að fjárhæð samtals allt að um kr. 5.000.000. Ákærði hafði reiðuféð til eigin þarfa, en fleygði öðru innihaldi skápsins (RLR, mál nr. 2458/88).

7. Hinn 9. eða 10. júlí brotist inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja í húsinu nr. 16 við Aðalstræti og stolið um 300 enskum pundum og 1.600 bandarískum dollurum (RLR, mál nr. 2486/88).

8. Aðfaranótt laugardagsins 16. júlí brotist inn í húsnæði þriggja fyrirtækja í húsinu nr. 5 við Vesturgötu og stolið gjafaöskju með litlum vínflöskum, 7.900 krónum í reiðufé og tékka, að fjárhæð kr. 20.536 (RLR, mál nr. 2576/88).

9. Aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí brotist inn í húsnæði Skiparadíós hf. og Umboðs- og heildverslunar Óskars Péturssonar, Vesturgötu 26 B, og stolið 200 dönskum krónum (RLR, mál nr. 2564/88).

10. Aðfaranótt þriðjudagsins 19. júlí brotist inn í húsnæði nokkurra fyrirtækja í húsinu nr. 2 við Brautarholt og stolið þar stuttbylgjumóttakara í versluninni Japis (RLR, mál nr. 2589/88).

11. Í framhaldi af síðastgreindu innbroti brotist inn í verslunina Nesval, Melabraut 57, Seltjarnarnesi, og stolið 37 vindlingalengjum, um 15.000 krónum í reiðufé og tékka, að fjárhæð kr. 7.756 (RLR, mál nr. 2596/88).

Telst háttsemi ákærða í lið I, 2-11, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

12. 7. og 8. júlí staðið að því í félagi við Ingunni Björgu Arnardóttur að falsa og selja tvo tékka, gefna út með ólæsilegri nafnritun f.h. Borgarhúsgagna hf. á tékkareikning nr. 191 á eyðublöð frá Útvegsbanka Íslands, Álfheimum 74, Reykjavík, en óútfylltum að öðru leyti, sem hann stal í innbrotinu samkvæmt ákærulið I, 6 að framan. Ákærði og Ingunn dagsettu tékkana þann 1.7. 1988 til Ágústu Andrésdóttur og rituðu fjárhæð þeirra, kr. 23.000. Ingunn falsaði á tékkana framseljandanafnritunina Ágústa Andrésdóttir, seldi þá í afgreiðslum Útvegsbankans í Austurstræti 19 og Laugavegi 105, og skiptu Ingunn og ákærði með sér andvirði þeirra (RLR, mál nr. 2458/88).

13. Þann 28. júní staðið að því í félagi við ofangreinda Ingunni að falsa og selja í miðbæjarútibúi Búnaðarbankans tékka, að fjárhæð 10.000 krónur, dagsettan 27.6. 1988 og útgefinn til handhafa af Reyni Harðarsyni á alreikning nr. 110064 á eyðublað nr. 142 frá Iðnaðarbankanum við

Hörgártún, Garðakaupstað, sem Ingunn falsaði með framseljandanafnrituninni Ágústa K. Andrésdóttir, 0150-3480 (RLR, mál nr. 2839/88).

Telst háttsemin í lið I, 12 og 13, varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

II. Ákærðu Agnari Víði og X er báðum gefið að sök tékkafals með því að hafa þann 15. júní staðið saman að því að falsa og selja í Reykjavík eftirgreinda tékka, alla að fjárhæð kr, 17.000, sem ákærði Agnar ritaði á stolin eyðublöð frá Alþýðubankanum hf., Suðurlandsbraut 30, dagsetti 15. júní til handhafa á reikningsnúmerið 3858 og falsaði með útgefandanafnrituninni Einar Heiðarsson, og sem ákærði X framvísaði og falsaði með framsalsárituninni Hilmar Adolfsson, nnr. 4114-1069. Ákærði X framvísaði við sölu tékkanna nafnskírteini ofangreinds Hilmars, sem ákærðu höfðu falsað með því að setja á það mynd af ákærða X. Ákærðu skiptu með sér andvirði tékkanna:

1. Tékki nr. 766787, seldur í Samvinnubankanum, aðalbanka.
2. Tékki nr. 766788, seldur í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka.
3. Tékki nr. 766790, seldur í aðalbanka Landsbanka Íslands.
4. Tékki nr. 766791, seldur í Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19.
5. Tékki nr. 766793, seldur í miðbæjarútibúi Búnaðarbankans (RLR, mál nr. 2236/88).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

I.

Háttsemi ákærða Agnars Víðis Bragasonar.

1. Ákærði Agnar Víðir Bragason hefur viðurkennt að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 28. júlí sl. spennt upp með hnífi glugga á bakhlið húsnæðis bílasölunnar Bílakaupa í Borgartúni 1 í Reykjavík. Skreið hann síðan inn um gluggann. Kveðst ákærði hafa verið einn á ferð. Inni í húsnæðinu fann ákærði lykla, sem merktir voru Toyota Tercel-skutbifreiðinni R-14688, sem var til sölumeðferðar hjá bílasölunni og stóð fyrir utan hana. Ákærði opnaði bifreiðina, ræsti hana og ók henni heimildarlaust á brott, fyrst að húsi í Reykjavík, þar sem hann tók farþega, sem hann vill ekki nafngreina, og síðan að söluskálanum Öndvegi við Suðurlandsveg við mót Skeiðavegar og þaðan austur að Hellu á Rangárvöllum. Eftir stutta viðdvöl þar var ekið áfram til Reykjavíkur með viðkomu í Kerhólum í Grímsnesi og við malarveg í nánd við Rauðavatn. Þegar til Reykjavíkur var komið, skildi ákærði bifreiðina eftir á bifreiðastæði við Rofabæ 39, þar sem hún fannst með brotna afturrúðu, en óskemmd að öðru leyti.

2. Á leið sinni austur á Hellu stansaði ákærði, eins og áður greinir, við söluskálann Öndvegi, þar sem hann og farþegi hans brutust inn. Kveðst ákærði hafa brotið upp með skrúfjárni hengilás að skúrbyggingu við söluskálann, og síðan braut hann rúðu í glugga þar inni, og gátu ákærði og farþegi hans þá komist inn í skálann. Þar inni stálu ákærði og farþegi hans 35 vindlingalengjum, 10.000 krónum í peningum og tékkum og 60 happaþrennum. Á leiðinni til Reykjavíkur földu ákærði og farþegi hans þýfið úr þessu innbroti utan við áðurgreindan malarveg við Rauðavatn, en það var í hvítum plastpoka. Ákærði og farþegi hans héldu þó eftir peningaseðlunum og eyddu þeir peningunum í sameiningu í eigin þarfir.

Þremur dögum eftir innbrotið fundu tveir gangandi vegfarendur þrjá tékka á víðavangi á Hólmsheiði og skiluðu þeim til lögreglunnar í Reykjavík, en rannsóknarlögreglumenn fóru að tilvísan fólksins og leituðu í nágrenninu, en þá var ljóst, að tékkunum hafði verið stolið í innbroti. Fundu rannsóknarlögreglumennirnir pokann, og voru í honum 35 lengjur af vindlingum, 4.000 krónur í skiptimynt og 60 happaþrennur. Var pokinn í laut, og hafði heyi verið dreift yfir hann, svo að lítið bæri á honum. Ekki er ákært fyrir þjófnað á nema 30 vindlingalengjum. Framangreindu þýfi var skilað til söluskálans.

3. Þegar ákærði og farþegi hans voru komnir austur á Hellu, brutust þeir inn hjá Kaupfélaginu Þór. Komust ákærði og farþegi hans inn í húsið með því að spenna upp kjallarahurð með felgujárni, sem ákærði fann í bifreiðinni. Fyrst leituðu þeir félagar að verðmætum á götuhæðinni, en tóku ekkert þar. Á hæðinni fyrir ofan tók ákærði eitthvað af peningum úr plastboxi og peningaskáp, sem þeir báru út í bifreiðina og settu aftast í hana. Þegar þeir skelltu aftur skotthurðinni, rakst rúðan í skápinn og brotnaði. Á ferð ákærða og félaga hans um húsið urðu nokkrar skemmdir, málningardósir hrundu niður í kjallaranum, og ein þeirra opnaðist. Fór málning á gólfið, og steig ákærði ofan í hana, svo að hún dreifðist um gólfið. Þá sparkaði ákærði upp einni hurð á efri hæðinni.

Ákærði og farþegi hans óku nú í Kerhóla í Grímsnesi, en þar fóru þeir með peningaskápinn í rauðamalargryfju og sprengdu bakhlið hans upp með öxi og meitli, sem þeir höfðu tekið í söluskálanum, en verkfærunum hentu þeir síðan. Ákærði telur, að í skápnum hafi verið um 300.000 krónur í peningum, tékkar og alls kyns pappírar. Ákærði vill ekki vefengja, að í skápnum hafi verið peningar og tékkar, að fjárhæð samtals kr. 874.073,03, og greiðslukortaseðlar, að verðmæti 716.156 krónur, en samkvæmt upplýsingum frá kaupfélaginu voru þessi verðmæti í skápnum. Ákærði segir, að farþegi hans hafi lagt eld í annað innihald skápsins en peningana.

Næsta morgun fóru ákærði og Garðar Garðarsson, Stangarholti 26 í Reykjavík, flugleiðis til Oslóar, og greiddi ákærði fyrir farið og gjaldeyri

með hluta af þýfinu, en afganginum skiptu þeir á milli sín og notuðu sameiginlega.

Laugardaginn 30. júlí sl. tilkynntu hjón, sem höfðu verið á göngu í svonefndum Kerhólum skammt sunnan við Kerið í Grímsnesi, að þau hefðu fundið peningaskáp þar. Reyndist þar um að ræða peningaskápinn frá Kaupfélaginu Þór, og lá hann á framhliðinni með bakið upp, og var búið að spenna bæði ytra og innra byrði þess upp, en það hafði verið skrúfað á skápinn. Einu verkfærin, sem fundust á staðnum, var verkfærasett úr bifreið, en þó ekki felgujárn. Reyndust verkfærin úr bifreiðinni R-14688.

Í skápnum voru tvær járnskúffur og lítill peningakassi. Þá voru í honum nokkrar sjóðbækur og ýmis skjöl. Tilraun hafði verið gerð til þess að kveikja í greiðslukortaseðlum og tékkum, sem voru í járnskúffunum, en innihaldið var þó ekki brunnið nema að hluta. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna kaupfélagsins voru í skápnum gamlar sjóðbækur með bókhaldi innlánsdeildar og stofnsjóðs kaupfélagsins og nokkur skuldabréf, einnig tryggingarvíxill, að fjárhæð 7.000.000 krónur. Reyndist þetta óskemmt. Auk greindra skjala höfðu ekki verið í skápnum fleiri verðmæt skjöl og pappírar önnur en greiðslukortaseðlar og tékkar. Við athugun á tékkunum kom í ljós, að flestir þeirra voru illa brunnir, en þó voru 19 tékkar hálfbrunnir, sem hægt var að lesa af annaðhvort reikningsnúmer og/eða tékkanúmer ásamt fjárhæð. Voru þessir tékkar að fjárhæð 427.273,03 krónur, þar af einn tékki að fjárhæð 406.073,03. Nothæfir greiðslukortaseðlar reyndust vera samtals að fjárhæð 560.000 krónur, en aðrir voru ónýtir vegna bruna.

Samkvæmt upplýsingum skrifstofustjóra kaupfélagsins vantaði í skápinn peninga, tékka og greiðslukortaseðla, að fjárhæð samtals 602.956 krónur.

4. Aðfaranótt fimmtudagsins 23. júní sl. braust ákærði inn í húsnæði G.G.S. hf. að Grensásvegi 12 í Reykjavík með því að fara inn um opnanlegan glugga á götuhlið, sem liggur inn í vinnslusal. Ákærði kveðst hafa slegið eign sinni á peninga, sem hann fann í rauðum peningakassa í vinnslusalnum. Einnig sló ákærði eign sinni á bláan peningakassa, sem hann fann inni í skrifstofu fyrirtækisins. Ákærði hafði bláa peningakassann á brott með sér, og fyrir utan húsið sprengdi hann kassann upp og tók úr honum peninga. Ákærði vefengir ekki, að í bláa kassanum hafi verið um 10.000 krónur og í rauða kassanum um 20.000 krónur, en samkvæmt upplýsingum eins eiganda fyrirtækisins voru þessar fjárhæðir í kössunum. Ákærði kveðst hafa eytt öllum peningunum í eigin þágu eða eitthvert rugl.

5. Ákærði kveðst hafa brotist aðfaranótt miðvikudagsins 6. júlí sl. inn í húsnæði Ferðaskrifstofu Reykjavíkur að Aðalstræti 16 í Reykjavík með því að brjóta upp rúðu í opnanlegum glugga á suðurhlið hússins og opna hann síðan. Þá braut ákærði stóra rúðu í hurð að skrifstofu gjaldkera á

leið sinni um húsið í leit að verðmætum. Í skrifstofu gjaldkerans sló ákærði að eigin sögn eign sinni á 300 danskar krónur og 30.000 íslenskar krónur, sem ekki er ákært fyrir stuld á, enda lét rannsóknarlögregla ríkisins undir höfuð leggjast að spyrja forráðamenn skrifstofunnar, hvort þeir söknuðu þeirrar fjárhæðar, en látið var nægja að skrá við upphaf rannsóknar málsins, að 300 dönskum krónum hefði verið stolið. Ákærði eyddi öllum peningunum í eigin þágu.

6. Ákærði kannast við að hafa snemma morguns fimmtudagsins 7. júlí sl. brotist inn í skrifstofur skipadeildar SÍS að Lindargötu 9 A í Reykjavík með því að spenna upp með hnífi opnanlegan glugga á 1. hæð og skríða inn um hann, en glugginn sneri út í port. Þegar inn var komið, sá ákærði fljótlega lítinn peningaskáp í gjaldkerastúku á 1. hæð, og sló hann eign sinni á skápinn og hafði á brott með sér. Ákærði fór með skápinn í bifreið, sem hann var með. Ók hann með hann að húsi við Skeggjagötu í Reykjavík og skreið þar inn í kjallaraíbúð kunningja síns um glugga, en kunninginn var fjarverandi. Í íbúð kunningjans opnaði ákærði skápinn með því að snúa sundur læsinguna með felgulykli. Í skápnum var mikið af alls kyns skjölum, víxlum, tékkum og skuldabréfum svo og um 30.000 krónur í reiðufé. Telja forráðamenn skipadeildarinnar, að verðmæti víxlanna, tékkanna og skuldabréfanna hafi verið yfir 5.000.000 króna. Ákærði tók peningana og notaði þá í eigin þágu, en skjölin setti hann í svartan plastpoka, sem hann henti í ruslatunnu við hús á Vatnsstíg. Þetta gerði ákærði tveimur dögum eftir innbrotið, en skápinn setti ákærði í miðstöðvarklefa í húsinu, og fannst hann þar með ónýta hurð og skemmda hlið, sem reynt hafði verið að saga upp.

Ákærði getur ekki vefengt, að víxlarnir, tékkarnir og skuldabréfin hafi verið að fjárhæð samtals allt að um 5.000.000 króna, en ákærði gerði enga tilraun til að leggja saman fjárhæð þessara gagna, áður en hann henti þeim. Þau fundust ekki.

7. Hinn 9. eða 10. júlí sl. braust ákærði inn í húsið nr. 16 við Aðalstræti í Reykjavík öðru sinni með því að brjóta rúðu í glugga á vesturhlið hússins með steini og skríða inn um hann. Ákærði fór um allt húsið í leit að peningum og braut upp nokkrar hurðir. Í húsinu stal ákærði um 300 enskum pundum og 1600 bandarískum dollurum, en þessa peninga fann ákærði í seðlaveski í skrifborði á efri hæð hússins. Peningunum eyddi ákærði í ferðalag til Lúxemborgar.

8. Aðfaranótt laugardagsins 16. júlí sl. braust ákærði inn í húsið nr. 5 við Vesturgötu í Reykjavík með því að brjóta upp glugga á vesturhlið hússins og skríða þar inn. Ákærði fór um húsið í leit að verðmætum og stal þar gjafaöskju með litlum vínflöskum, 7.900 krónum í peningum og tékka, að fjárhæð 20.536 krónur. Þá braut hann upp hurðir á ferð sinni um

húsið. Ákærði drakk vínið og eyddi peningunum og andvirði tékkans í eigin þarfir.

9. Aðfaranótt sunnudagsins 17. júlí sl. braust ákærði inn í húsið Vesturgötu 26 B í Reykjavík með því að spenna upp opnanlegan glugga og fara þar inn. Í húsinu sló ákærði eign sinni á 200 danskar krónur, sem hann notaði í eigin þágu. Peningana fann ákærði í skrifborðsskúffu.

Ákærði man ekki eftir því, að skiparadar hafi fallið í gólfið, en að sögn forráðamanna fyrirtækisins átti það sér stað. Urðu skemmdir á radarnum við fallið. Ákærði telur ekki með öllu útilokað, að radarinn hafi fallið í gólfið.

10. Aðfaranótt þriðjudagsins 19. júlí sl. braust ákærði inn í húsið Brautarholt 2 í Reykjavík með því að klifra upp rennu á suðurhlið hússins og skríða inn um opnanlegan glugga, sem var opinn. Ákærði fór um húsið í leit að verðmætum og braut þá upp einhverjar hurðir, en hið eina, sem ákærði stal í þessu húsi, var stuttbylgjumóttakari í versluninni Japis á 1. hæð hússins. Ákærði getur ekki gert grein fyrir, hvað varð um tækið.

11. Sömu nótt og að framan greinir og eftir förina inn í húsið að Brautarholti 2 braust ákærði inn í verslunina Nesval á Seltjarnarnesi með því að brjóta plötu í dyrunum og fara inn um gatið. Þarna stal ákærði 37 vindlingalengjum, um 15.000 krónum í reiðufé úr búðarkössum og í skrifstofu. Einnig stal ákærði tékka, að fjárhæð 7.756 krónur. Ákærði reykti hluta af vindlingunum, en seldi afganginn og eyddi peningunum í eigin þarfir svo og peningunum úr versluninni og andvirði tékkans. Auk framangreindra verðmæta tók ákærði þarna einhvern tékka og óútfyllt tékkaeyðublöð, sem hann henti.

12. Ákærði komst í innbrotinu skv. 6. lið hér að framan yfir tvö eyðublöð á tékkareikning frá Útvegsbanka Íslands, Álfheimum 74, Reykjavík, sem voru gefin út með ólæsilegri nafnritun og stimpli Borgarhúsgagna hf. og árituðu reikningsnúmeri 191. Ákærði kveðst hafa fyllt út bæði eyðublöðin og gert úr þeim tékka, að fjárhæð 23.000 krónur hvorn, og stílaða á Ágústu Andrésdóttur, útgáfudagur 1.7.1988. Ákærði fékk síðan Ingunni Björgu Arnardóttur, Laugavegi 33 A í Reykjavík, til að fara með tékkana og selja þá í Útvegsbankanum í Austurstræti og að Laugavegi 105, en um leið og hún seldi þá, falsaði hún á þá nafnið Ágústa Andrésdóttir. Hafði Ingunn Björg þá undir höndum ökuskírteini Ágústu, sem hún hafði komist yfir, en í það hafði hún sett mynd af sjálfri sér. Ingunn Björg fékk einhverja greiðslu fyrir sölu tékkanna, en meginhluta af andvirði þeirra fékk ákærði og notaði í eigin þarfir.

13. Ákærði kveðst hafa komist yfir ónotað tékkaeyðublað á reikning við Iðnaðarbankann í Garðakaupstað með áprentuðu nafni Reynis Harðarsonar, Holtsbúð 14 í Garðabæ, og reikningsnúmerinu 110064, en Reynir

mun hafa glatað eyðublaðinu á veitingastað í Reykjavík eða því var stolið frá honum þar. Ákærði kveðst hafa fyllt út framhlið tékkans að öllu leyti og falsað undir nafnið Reynir Harðarson. Fjárhæðin er 10.000 krónur og útgáfudagur 27. júní 1988. Síðan fékk ákærði áðurgreinda Ingunni Björgu til að fara með tékkann og selja hann í miðbæjarútibúi Búnaðarbankans, en þá um leið framseldi hún að hans sögn tékkann með nafninu Ágústa K. Andrésdóttir. Ákærða minnir, að Ingunn Björg hafi látið hann fá alla peningana, sem hann eyddi í eigin þarfir. Ingunn Björg kvaðst hjá rannsóknarlögreglu ekki muna eftir sölu tékkans, en kannaðist við að hafa falsað framsalsnafnið.

II.

Háttsemi ákærðu Agnars Víðis Bragasonar og X.

Ákærðu Agnar Víðir og X hafa viðurkennt að hafa hinn 15. júní sl. staðið að því í félagi að falsa og selja í Reykjavík þá fimm tékka, hvern að fjárhæð 17.000 krónur, sem um ræðir í þessum kafla ákærunnar og þar er um alla gerð rétt lýst. Ákærði Agnar Víðir kveðst hafa ritað framhlið tékkanna, og ákærði X segist hafa framselt tékkana með nafninu Hilmar Adolfsson, þegar þeir voru seldir, en ákærði X kveðst einn hafa séð um sölu tékkanna og fékk í sinn hlut helming af andvirði hvers þeirra. Er sölustöðum tékkanna rétt lýst í ákærunni. Eyddu ákærðu í eigin þágu því, sem þeir fengu fyrir tékkana.

Við sölu tékkanna framvísaði ákærði X nafnskírteini Hilmars Adolfssonar, Tunguseli 11 í Reykjavík, en hann skýrði rannsóknarlögreglu frá því, að hann hefði tapað veski sínu með nafnskírteini sínu og ýmsum pappírum á veitingastaðnum Abrakadabra í fyrri hluta júní. Ákærði Agnar Víðir kveðst hafa fundið skírteinið á umræddum veitingastað nokkrum vikum áður, en hann setti mynd af ákærða X í skírteinið, áður en hann lét hann hafa það til notkunar.

Niðurstöður.

Með játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í ákærunni og þar er rétt fært til refsiákvæða.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt vottorðum frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði X ekki áður sætt kærum og refsingum, en sakaferill ákærða Agnars Víðis er þessi:

[Sjá bls. 361 - 362 hér á undan.]

Refsingar.

Ákærðu verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður við ákvörðun refsingar ákærða Agnars Víðis höfð hliðsjón af sakaferli hans og því, að hann er nú sakfelldur fyrir mörg og stór brot. Þykir refsing ákærða Agnars Víðis hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, en ákærða X fangelsi í 3 mánuði. Vegna ungs aldurs ákærða X og þess, að hann hefur ekki áður sætt kærum og refsingum, svo að kunnugt sé, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar hans og niður skuli hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði X almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gæsluvarðhald.

Ákærði Agnar Víðir sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 21. júlí sl. kl. 11.12 til 27. júlí sl. kl. 17 og aftur frá 3. september sl. kl. 14.05 til 2. nóvember sl. kl. 17. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að láta framangreint gæsluvarðhald, samtals 68 daga, koma refsingu ákærða til frádráttar.

Skaðabætur.

Eftirgreindir aðilar hafa uppi bótakröfur á hendur ákærðu báðum vegna tékkafalsananna, sem um ræðir í II. kafla ákærunnar:

Búnaðarbanki Íslands, aðalbanki, Landsbanki Íslands, Austurstræti 11 í Reykjavík, Samvinnubanki Íslands hf., Bankastræti 7, og Útvegsbanki Íslands, Austurstræti 19 í Reykjavík, gera hver um sig kröfu um 17.000 krónur í bætur vegna fölsuðu tékkanna fjögurra, sem þeim voru seldir. Þá gera þessir bankar kröfu um vexti og dráttarvexti samkvæmt 7. gr. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Búnaðarbanki Íslands, miðbæjarútibú, fer fram á greiðslu höfuðstóls tékkans, sem þar var seldur, auk dráttarvaxta og áfallins kostnaðar, sem ekki er tilgreint, hver sé. Framangreind greiðslutilmæli, sem rétt þykir að líta á sem kröfugerð þrátt fyrir orðalag, eru gerð með bréfi bankans, dagsettu 30. júní sl. Ekki er gerð grein fyrir, frá hvaða tíma sé krafist vaxta.

Framangreindar kröfur, sem ákærðu hafa samþykkt hjá rannsóknarlögreglu og ekki er mótmælt við meðferð málsins, verða teknar til greina og ákærðu dæmdir til þess að greiða þær óskipt, eins og nánar greinir í dómsorði, þó svo, að ekki verður dæmt um áfallinn kostnað.

Eftirgreindir aðilar gera kröfu um bætur frá ákærða Agnari Víði einum:

Söluskálinn Öndvegi í Hraungerðishreppi í Árnessýslu gerir kröfu um 6.000 krónur í bætur vegna peninga fyrir seldar happaþrennur Háskólahappdrættisins, sem stolið var.

Af hálfu Skipadeildar SÍS er gerð krafa um andvirði peningaskápsins, 75.000 krónur, peninga úr honum, 30.000 krónur, viðgerð á glugga, 3.000 krónur, og kostnað vegna ógildingarmála, sem höfða þurfti vegna 8 víxla, 120.000 krónur, og vegna 11 tékka, 165.000 krónur, en þessi skjöl hafi ekki tekist að fá gefin út og samþykkt að nýju. Er þessi krafa að fjárhæð 393.000 krónur samtals, en ekki studd neinum gögnum.

Flutningaþjónustan hf., Vesturgötu 5 í Reykjavík, gerir kröfu um 7.000 krónur, sem teknar hafi verið úr peningakassa fyrirtækisins, andvirði tékka, að fjárhæð 20.536 krónur, sem stolið var og seldur í banka, og loks 3.000 krónur fyrir áfengi og bjór, sem ákærði hafi neytt á innbrotsstað og haft með sér á brott, samtals 30.536 krónur, auk hæstu löglegra víxilvaxta af tveimur fyrstgreindu fjárhæðunum, sem hafi verið og séu í gildi hverju sinni frá 16. júlí 1988.

Trygging hf. greiddi bætur vegna innbrotsins að Vesturgötu 26 B, að fjárhæð 44.549 kr., og hefur gert kröfu sömu fjárhæðar á hendur þeim, sem að því stóðu. Er krafan sundurliðuð vegna peningaþjófnaðarins og viðgerða á skemmdum, þ. á m. á skiparadar.

Útvegsbanki Íslands í Austurstræti 19 og að Laugavegi 105 gerir kröfu, að fjárhæð 23.000 krónur hvor afgreiðsla, vegna tékkanna í 12. lið I. kafla ákærunnar ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. gr. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, til greiðsludags.

Búnaðarbanki Íslands, miðbæjarútibú, fer fram á, að tékkinn í 13. lið I. kafla ákærunnar, að fjárhæð 10.000 krónur, innheimtist með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði. Rétt þykir þrátt fyrir framangreint orðalag að líta á þetta sem bótakröfu, að því er snertir áfallna dráttarvexti og kostnað, en ekki er upplýst af kröfuhafa, hvaða upphæðir sé hér um að ræða.

Ákærði Agnar Víðir samþykkti allar framangreindar kröfur við rannsókn málsins nema kröfuna frá Öndvegi, sem ekki var borin undir hann. Hann fól verjanda sínum þrátt fyrir það að taka afstöðu til þeirra við flutning málsins. Hefur verjandinn mótmælt kröfunum frá Skipadeild SÍS, Flutningaþjónustunni hf., Tryggingu hf. og Útvegsbanka Íslands í Austurstræti og að Laugavegi 105, þar sem þær séu órökstuddar og þeim fylgi ekki gögn. Kröfum vegna liða 2 og 13 er ekki mótmælt.

Að því er snertir kröfuna frá skipadeildinni, er það rétt, að hún er ekki studd neinum gögnum. Verður henni því vísað frá, að því er tekur til annarra liða en peningaþjófnaðarins, sem er viðurkenndur af ákærða, og skemmda á glugga, en þrátt fyrir skort á gögnum þykir þeim lið augljóslega vera í hóf stillt. Aðrar kröfur þykja nægjanlega rökstuddar að mestu leyti, en þó verða ekki dæmdar bætur fyrir áfallna dráttarvexti og kostnað, sem ekki er tilgreint, hver sé. Verður ákærði Agnar Víðir dæmdur til þess að greiða framangreindar kröfur, eins og nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Agnar Víðir greiða skipuðum verjanda sínum 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað skal ákærði Agnar Víðir greiða að 3/4 hlutum, en ákærði X að 1/4 hluta.

Dómsorð:

Ákærði Agnar Víðir Bragason sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 68 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði X sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hans, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði óskipt í bætur:

Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, Landsbanka Íslands, Austurstræti 11 í Reykjavík, Samvinnubanka Íslands hf., Bankastræti 7 í Reykjavík, og Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19 í Reykjavík, hverjum um sig 17.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá 15. júní 1988 til greiðsludags og Búnaðarbanka Íslands, miðbæjarútibúi, í Reykjavík, sömu fjárhæð ásamt sams konar vöxtum frá 30. júní 1988 til greiðsludags.

Ákærði Agnar Víðir greiði einn í bætur:

Söluskálanum Öndvegi í Hraungerðishreppi í Árnessýslu 6.000 krónur,

Skipadeild SÍS., Lindargötu 9 A í Reykjavík, 33.000 krónur,

Flutningaþjónustunni hf., Vesturgötu 5 í Reykjavík, 30.536 krónur ásamt almennum vöxtum af 27.536 krónum frá 16. júlí 1988 til greiðsludags,

Tryggingu hf., Laugavegi 178 í Reykjavík, 44.549 krónur,

Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19 og Laugavegi 105 í Reykjavík, hvorum um sig 23.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá 8. júlí 1988 til greiðsludags og

Búnaðarbanka Íslands, miðbæjarútibúi, í Reykjavík, 10.000 krónur.

Ákærði Agnar Víðir greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærði Agnar Víðir að 3/4 hlutum, en ákærði X að 1/4 hluta.

Þriðjudaginn 13. mars 1990.

Nr. 174/1988. **Hans Joachim Fischer**
gegn
Herði Jónssyni
og gagnsök.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1988 til þingfestingar 3. október 1988. Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1988 til þingfestingar 1. febrúar 1989, og hefur aðaláfrýjandi síðan fengið átta sinnum frest til ágripsgerðar.

Við fyrirtekt málsins 2. mars 1990 óskaði aðaláfrýjandi eftir fresti til apríl 1990, en af hálfu gagnáfrýjanda var synjað um frest. Aðilum var gefinn kostur á að skila greinargerð. Í greinargerð gagnáfrýjanda er gerð krafa um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti. Aðaláfrýjandi hefur ekki skilað greinargerð.

Telja verður, að aðaláfrýjandi hafi þegar haft nægan frest til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti. Að svo vöxnu þykir ekki fært að veita frekari frest í því gegn andmælum gagnáfrýjanda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti til gagnáfrýjanda, sem tíu sinnum hefur látið sækja þing í málinu, þykir hæfilega ákveðinn 20.000 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Hans Joachim Fischer, greiði gagnáfrýjanda, Herði Jónssyni, 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. mars 1990.

Nr. 91/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Ólav Ómari Kristjánssyni og

Guðmundi Þórðarsyni.

Kærumál. Ákæra. Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Kærður er úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. mars sl., þar sem hafnað var frávísunarkröfum beggja verjenda í máli þessu. Með heimild í 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og að fengnu leyfi skipaðs sækjanda f.h. ríkissaksóknara var úrskurðurinn kærður þegar við uppkvaðningu hans. Skipaðir verjendur beggja ákærðu hafa sent Hæstarétti athugasemdir samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974. Hið sama hefur sækjandi gert.

Af hálfu kærendanna er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og ákæru vísað frá sakadómi.

Skipaður sækjandi krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Krafa ákærðu er byggð á þremur ástæðum:

1. að ákæru málsins skorti lögboðinn skýrleika í framsetningu sakargifta, einkum að því er varðar I. kafla hennar,

2. að ákæran sé stórlega gölluð, þar sem þar sé skírskotað til sönnunargagna og málsatvika í svo ríkum mæli, að frekar líkist skriflegum málflutningi en ákæruskjali,

3. að ákæran sé reist á ófullnægjandi frumrannsókn, sem geti ekki talist viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 og 75. gr. sömu laga.

Mál þetta var höfðað með ákæru, útgefinni 29. desember 1989. Ákæran er í tvennu lagi. Í fyrri kafla er ákært fyrir brot á lögum um tekju- og eignarskatt, en í þeim síðari fyrir bókhaldsbrot og fleira. Í ákærunni kemur fram, að hún byggist á skattframtali fyrir Þýsk-íslenska hf. og fylgiskjölum þess, en framtalið hafi verið undirritað af ákærðu sameiginlega og móttekið af skattstjóra 2. júlí 1985. Þar hafi þeir gert skattskil fyrir fyrirtækið vegna tekjuársins

1984. Framtalinu hafi fylgt ársreikningar fyrir nefnt ár auk ýmissa annarra venjulegra fylgiskjala með skattframtölum. Álagning hafi farið fram að óbreyttum gjaldstofnum samkvæmt framtalinu. Í nóvember 1985 hafi rannsóknardeild ríkisskattstjóra hafist handa um rannsókn á skattskilum og bókhaldi hlutafélagsins, sem hafi leitt í ljós stórfelldan undandrátt á tekjum þess og eignum samkvæmt skattframtalinu 2. júlí 1985 ásamt misfellum í bókhaldi. Rannsóknin hafi síðan haldið áfram með aðstoð löggilts endurskoðanda, sem skilað hafi uppgjöri yfir tekjur og gjöld félagsins 1984 og eignir þess og skuldir við lok þess árs. Þessi reikningsskil hafi verið afhent ákærðu, þegar þau lágu fyrir. Við þessar aðstæður hafi stjórn Þýsk-íslenska hf. látið löggiltan endurskoðanda yfirfara fyrirliggjandi bókhalds- og reikningsgögn og semja nýja ársreikninga, er hún ásamt skattframtali afhenti ríkisskattstjóra 12. apríl 1986 með ósk um endurákvörðun opinberra gjalda á grundvelli þessara gagna. Hafi sú endurákvörðun leitt til hækkunar á tekjuskatti og eignarskatti félagsins um 45.606.891 krónu. Síðan er í ákærunni tíundað, hvernig þessi hækkun er fundin út.

Í síðari kafla ákærunnar er rakið í einstökum atriðum, hvaða rangfærslur og vanræksla í bókhaldi það er, sem ákærðu er gefið að sök.

Skýra hefði mátt nánar í ákærunni, hver talinn er meintur þáttur hvors ákærða um sig í sakargiftum og hvernig tengslum þeirra við Þýsk-íslenska hf. var háttað. Þar er hins vegar skýrt, hverjar eru sakargiftir, og ákæran reist á því, að ákærðu beri sameiginlega á þeim ábyrgð.

Í verknaðarlýsingu ákæru er, eins og að framan er lýst, vitnað til skattrannsókna og skattframtala. Í máli eins og því, sem hér er til meðferðar, getur verið erfitt hjá því að komast, og verður ekki að því fundið.

Ljóst er, að í ákæru eru sakargiftir byggðar á rannsókn rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins og umfang undanskots tekjuskatts og eignarskatts byggt á samanburði tveggja skattframtala Þýsk-íslenska hf. og tveggja ársreikninga vegna ársins 1984. Við þessi gögn málsins hafa verjendur ýmsar efnislegar athugasemdir.

Eins og mál þetta lá fyrir, þegar ákæra var útgefin, var ríkissak-

sóknara heimilt eftir 115. gr. laga nr. 74/1974 að gefa út ákæru í málinu. Hér er ekki til úrlausnar, hvernig haga beri málsmeðferð fyrir sakadómi, en ljóst, að við þá meðferð geta verjendur komið að öllum efnislegum athugasemdum sínum gegn rannsóknargögnum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og annars með tilliti til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta niðurstöðu sakadóms.

Ákvörðun um málsvarnarlaun bíður væntanlegs héraðsdóms.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. mars 1990.

Ár 1990, mánudaginn 5. mars, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur af Helga I. Jónssyni sakadómara, en málið var tekið til dóms eða úrskurðar 21. þ.m.

Með ákæru, dagsettri 29. desember sl., höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur ákærðu, „Ólav *Ómari* Kristjánssyni framkvæmdastjóra, Silungakvísl 25, Reykjavík, fæddum 2. september 1948 í Keflavík, og Guðmundi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, Stórahjalla 11, Kópavogi, fæddum 20. ágúst 1945 í Reykjavík, fyrir brot á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og bókhaldsbrot.

I. Brot á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Með skattframtali fyrir Þýsk-íslenska hf., undirrituðu fyrir hönd þess af ákærðu Ómari Kristjánssyni og Guðmundi Þórðarsyni, mótteknu af skattstjóra 2. júlí 1985, gerðu þeir skattskil fyrir tekjuárið 1984. Framtalinu fylgdu ársreikningar fyrir nefnt ár auk ýmissa annarra venjulegra fylgiskjala með skattframtölum. Álagning fór fram að óbreyttum gjaldstofnum samkvæmt framtalinu. Í nóvembermánuði 1985 hófst rannsóknardeild ríkisskattstjóra handa um rannsókn á skattskilum og bókhaldi hlutafélagsins, sem leiddi í ljós stórfelldan undandrátt á tekjum þess og eignum samkvæmt skattframtalinu frá 2. júlí 1985 ásamt misfellum í bókhaldi. Hélt rannsóknin síðan áfram með aðstoð löggilts endurskoðanda, er hinn 6. janúar 1986 skilaði uppgjöri yfir tekjur og gjöld félagsins 1984 og eignir þess og skuldir við lok þess árs. Sýndi það uppgjör stórkostlegan undandrátt. Voru reikningsskil þessi afhent ákærðu, þegar er þau lágu fyrir. Að svo komnu lá fyrir að ákvarða skatta að nýju. Við þær aðstæður lét stjórn Þýsk-íslenska hf. löggiltan endurskoðanda yfirfara eða endurskoða fyrir-

liggjandi bókhalds- og reikningsgögn og semja nýja ársreikninga, er hún ásamt skattframtali afhenti ríkisskattstjóra 12. apríl 1986 með ósk um, að endurákvörðun opinberra gjalda færi fram á grundvelli þessara gagna. Leiddi sú endurákvörðun á tekjuskatti og eignarskatti félagsins til hækkunar um kr. 45.606.891. Samkvæmt rekstrarreikningnum nam hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt kr. 63.569.386, en sambærileg tekjutala samkvæmt hinu fyrra framtali nam kr. 19.632.135 og mismunurinn, vantaldar tekjur, kr. 43.937.251. Auk þess kom fram á reikningunum „óskýrð eignaaukning", kr. 45.502.296, og gjaldfærður byggingarkostnaður við Lyngháls 10, kr. 2.231.917, allt eins og síðar verður rakið. Að leiðréttu aðstöðugjaldi kemur mismunurinn á rekstrarreikningunum þannig út:

A. Vantalinn söluskattur	kr.	(135.967)
Vantalin umboðslaun	—	641.118
Oftalin vörunotkun	—	47.214.556
Oftalinn launakostnaður	—	47.809
Vantalinn annar rekstrarkostnaður	—	(447.380)
Oftalið aðstöðugjald	—	611.580
Vantaldar afskriftir	—	(117.770)
Oftaldar vaxtatekjur	—	(27.191)
Oftalin vaxtagjöld, verðbætur o.fl.	—	292.070
Vantalin niðurfærsla birgða	—	(3.402.020)
Vantalin niðurfærsla krafna	—	745.394
Undandregið skv. rekstrarreikningum	kr.	43.931.411
B. Gjaldfærður byggingarkostnaður við Lyngháls 10, — vantaldar tekjur	kr.	2.231.917
C. „Óskýrð eignaaukning" kemur þannig fram skv. efnahagsreikningi hinn 31. desember 1984 með framtali 12. apríl 1986 (liður 20)		
1. Vantalin víxlaeign	kr.	8.702.404
2. Vantaldar viðskiptakröfur	—	6.910.183
3. Oftaldar skuldir samkvæmt samþykktum víxlum	—	8.239.312
4. Oftaldar áramótaskuldir vegna vörukaupa	—	23.296.139
5. Vantalin sjóðseign og eign á bankareikningum	—	1.488.070

6.	Vantalið vegna Gjaldheimtu, sparimerki o.fl.	—	117.669
7.	Vantalin hlutabréfaeign	—	105.000
		kr.	48.858.777
	Frá dregst:		
8.	Vantalið lán Veðdeildar Landsbankans	kr.	(207.000)
9.	Vantalinn mismunur skv. biðreikningi	—	(187.751)
10.	Vantalin sala 1984	—	(1.188.143)
11.	Vantalin skuld við Samvinnubanka	—	(486.449)
12.	Vantalin skuld við sama	—	(1.083.498)
13.	Vantalin skuld við Útvegsbanka	—	(166.579)
14.	Vantalin skuld við Reykjavíkurborg	—	(37.061)
	„Óskýrð eignaaukning" (leiðréttingar)	kr.	45.502.296
	Undandráttur tekna samkvæmt ofanskráðu (A-C)	kr.	91.665.624
D.	Frá dregst:		
	Söluskattur skv. úrskurði 22. apríl 1986 ásamt álagi til 31. desember 1984	kr.	(4.475.353)
	Undandregnar tekjur	kr.	87.190.271
	Hækkun tillags í varasjóð í 25%	—	(18.852.749)
	Hækkun stofns til tekjuskatts	kr.	68.337.522
	Skatthlutfall		51%
	Undandreginn tekjuskattur	kr.	34.852.137
E.	Undandreginn eignarskattur miðað við árslok 1984 1,2% af 84.958.354 kr. (87.190.271 - 2.231.917)	kr.	1.019.499
	Undandreginn tekjuskattur og eignarskattur	kr.	35.871.636

F. Frá dregst útreiknaður mismunur tekjuskatts og eignarskatts miðað við, að undandrátturinn kr. 87.190.271 skiptist á árin 1981-1984 sem næst eftir rekstrartekjum hvers árs að teknu tilliti til breytinga á verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, sbr. lög nr. 8/1984,

tillags varasjóðs, aðstöðugjalds og skattskulda við lok hvers árs	kr.	2.788.300
Undandreginn tekjuskattur og eignarskattur	kr.	33.083.336

Framangreindur undandráttur á tekjuskatti og eignarskatti þykir varða við 1. og 6. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

II. Bókhaldsbrot.

Þá eru ákærðu gefnar að sök eftirtaldar rangfærslur í blekkingarskyni í ársreikningum fyrir árið 1984 og vanræksla og óreiða á grundvallaratriðum í bókhaldi sama árs og að færsla bókhaldsins og gerð ársreikninganna almennt sé fjarri því að uppfylla kröfur um góða bókhalds- og reikningsskilavenju.

1. Að tilgreina ranglega undir liðnum „Langtímaskuldir" í ársreikningum skuld, að fjárhæð, kr. 15.000.000, við Samvinnubanka Íslands hf., enda þótt um enga skuld við bankann væri að ræða móti þessum skuldalið.

2. Að tilgreina ranglega með sama hætti og lýst er í lið 1 hér að ofan skuld við Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 22.922.100.

3. Að tilgreina ranglega eignaliðinn „Viðskiptakröfur" of lágt um allt að kr. 8.510.184 í efnahagsreikningi.

4. Að tilgreina ranglega eignaliðinn „Viðskiptavíxlar" um of lága fjárhæð allt að kr. 6.397.684 í efnahagsreikningi.

5. Að tilgreina ranglega í efnahagsreikningi undir liðnum „Ógreidd ýmis rekstrargjöld" ógreidd vörukaup kr. 7.758.961, enda þótt slíkur skuldaliður væri ekki til. Brot þessi teljast varða við 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Að hafa vanrækt að framkvæma vörutalningu við árslok 1983 og 1984 með þeim hætti, sem boðinn er í 14. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald eða varðveita skráningu vörubirgða, sem kann að hafa verið gerð í samræmi við 16. gr. sömu laga.

7. Að hafa vanrækt að láta fara fram „afstemmingar" milli viðskiptamannareiknings (a) samkvæmt hinu sérstaka kerfi yfir sölu-, lager- og viðskiptamannabókhald og tilsvarandi samdráttarreikninga í fjárhagsbókhaldi (nr. 12000 og 12100), allt frá því að bókhald með tölvu var tekið upp um áramótin 1982 og 1983 með þeim afleiðingum, að stórfelldur mismunur var á milli reikninganna, en þessi háttsemi var andstæð ákvæðum laga nr. 51/1968, 1. mgr. 4. gr., og 4. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 417/1982.

8. Að hafa vanrækt að stemma af debet- og kreditfærslur í fjárhagsbókhaldinu, þannig að samkvæmt útskrift, dagsettri 21. febrúar 1985, nam mismunur kr. 10.328.549,54 og samkvæmt útskrift, dagsettri 29. nóvember

1985, nam hann kr. 5.616.625,13, en þetta er andstætt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald.

9. Að hafa vanrækt við gerð ársuppgjörsins að leiðrétta viðeigandi bókhaldsreikninga (dagbókarreikninga) og gæta samræmis milli fjárhæða þeirra og ársreikninganna og fyrir að hafa fargað fylgiskjölum (vinnupappírum) fyrir þessum loka- og millifærslum. Voru með þessu brotin ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. og 15. og 16. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald.

10. Að hafa vanrækt að skrá seldar vörur gegn gjaldfresti í frumbækur eða á laus reikningseyðublöð, sem væru fyrir fram tölusett í samfelldri hlaupandi röð eftir ákvæðum 2. mgr. 13. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald og 7. gr. reglugerðar nr. 417/1982.

Brot þessi samkvæmt tölulið nr. 6-10 teljast varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 25. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist:

1. að báðir ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum,

2. að stjórn Þýsk-íslenska hf. verði fyrir hönd hlutafélagsins sem lögaðila með heimild í 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 dæmd solidariskt með hvorum ákærða fyrir sig til greiðslu sektar samkvæmt 1. tölulið hér á undan,

3. að ákærðu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 75/1981,

4. að ákærði Ómar Kristjánsson verði með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og Þýsk-íslenska hf. svipt rétti til að öðlast leyfi til verslunaratvinnu, sbr. og 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981,

5. að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Við þingfestingu málsins 14. þ.m. kröfðust verjendur ákærðu þess, að ákærunni yrði vísað frá dómi og þeim dæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði. Fór fram munnlegur flutningur að ósk þeirra og sækjanda málsins um kröfur þessar 21. þ.m., eftir að skilað hafði verið greinargerðum um þær.

Kröfur verjenda eru í fyrsta lagi reistar á því, að eigi hafi verið viðhlítandi grundvöllur fyrir útgáfu ákæru vegna ófullnægjandi frumrannsóknar, og er í því sambandi vísað til 1. mgr. 115. gr., 8. mgr. 40. gr., 74. gr. og 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Þá er því haldið fram, að ákæruna skorti lögboðinn skýrleika í framsetningu sakargifta, sbr. 3. tl. d-liðar 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974. Sé

framsetning sakargifta hvors ákærðu fyrir sig með þeim hætti, að það geri verjendum erfitt fyrir um varnir. Ekkert komi fram í ákærunni, með hvaða hætti hvor hinna ákærðu fyrir sig hafi bakað sér refsiábyrgð sem starfsmenn félagsins, stjórnarmenn þess eða hluthafar í því. Enn fremur sé í ákærunni skírskotað til sönnunargagna og málsatvika með þeim hætti, að andstætt hljóti að teljast við meginreglu 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu sækjanda er kröfum verjenda mótmælt og þess krafist, að þeim verði hrundið.

Hinn 2. júlí 1985 móttók skattstjórinn í Reykjavík skattframtal Þýsk-íslenska hf. fyrir tekjuárið 1984. Var framtalið undirritað af ákærðu í máli þessu. Í nóvember 1985 hófst rannsókn af hálfu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra á bókhaldi hlutafélagsins, sem þótti leiða í ljós stórfelldan undandrátt á tekjum og eignum þess, auk þess sem fram þótti koma mikil vanræksla og óreiða í bókhaldi félagsins. Í framhaldi af rannsókn var hinn 12. apríl 1986 skilað nýju skattframtali ásamt meðfylgjandi ársreikningi af hálfu félagsins og óskað eftir endurákvörðun opinberra gjalda á grundvelli þess. Var orðið við því og tekju- og eignarskattur félagsins hækkaður með úrskurði ríkisskattstjóra um kr. 45.606.891 þann 22. apríl 1986. Sá úrskurður var kærður til ríkisskattstjóra, og staðfesti settur ríkisskattstjóri hann með úrskurði 30. nóvember 1987. Úrskurður ríkisskattstjóra var kærður til ríkisskattanefndar, sem vísaði málinu frá með úrskurði 17. apríl 1989 vegna vanreifunar beggja aðila. Af hálfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík var krafist lögtaks á grundvelli fyrrnefnds úrskurðar setts ríkisskattstjóra, og með úrskurði fógeta 14. september sl. var lögtak heimilað. Þeim úrskurði hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands.

Málið var af hálfu skattrannsóknarstjóra sent rannsóknarlögreglu ríkisins til rannsóknar 30. júní 1986. Hafa þar verið teknar skýrslur af ákærðu og vitnum og gagna aflað samkvæmt fyrirsögn ríkissaksóknara.

Í greinargerðum verjenda kemur m.a. fram, að uppgjör þau, sem löggiltur endurskoðandi framkvæmdi fyrir skattrannsóknardeild ríkisskattstjóra, hafi verið byggð á takmörkuðum upplýsingum og engin afstemming eða endurskoðun átt sér stað af hans hálfu. Þá hafi uppgjör endurskoðanda Þýsk-íslenska, sem hið nýja framtal félagsins hafi verið byggt á, verið jafnóendurskoðað og óafstemmt. Hafi við skattkærumeðferð verið deilt um fjölmörg efnisatriði í hinni nýju álagningu og sá ágreiningur ekki hlotið efnismeðferð, vegna þess að ríkisskattanefnd hafi talið alla málsmeðferð hjá ríkisskattstjóra ólögmæta. Þá hafi engin eiginleg bókhaldsrannsókn farið fram.

Mál þetta hefur sætt umfangsmikilli rannsókn af hálfu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins. Er rannsóknin með þeim hætti að áliti dómsins, að telja verður, að fyrir hendi hafi verið viðhlítandi

grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Þá verður að telja, að enda þótt ríkisskattanefnd hafi vísað kæru Þýskíslenska hf. frá vegna vanreifunar málsaðila, girði það eigi fyrir, að dómurinn geti fjallað um málið, enda ber dóminum, sem skipaður er tveimur sérfróðum meðdómendum, að kanna og meta sakaratriði sjálfstætt.

Að lokum þykir ákæra í máli þessu uppfylla þau grundvallarskilyrði, sem greinir í 2. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og nægilega skýr, til þess að unnt sé að halda uppi vörnum í málinu.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfum verjenda um frávísun máls þessa frá sakadómi Reykjavíkur.

Málsvarnarlaun verða eigi dæmd á þessu stigi málsins.

Úrskurðarorð:

Kröfum um frávísun máls þessa frá sakadómi Reykjavíkur er hafnað.

Mánudaginn 19. mars 1990.

Nr. 450/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Davíð Garðarssyni
(Ólafur Gústafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. október 1989 að ósk ákærða, en jafnframt af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingar og lengingar á ökuleyfissviptingu. Krefst ákæruvaldið þess, að refsing ákærða verði, eins og í héraðsdómi, ákvörðuð í einu lagi til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum refsinga, samtals 80 dögum.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða. Eins og í héraðsdómi greinir, fékk ákærði hinn 1. nóvember 1988 reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 80 dögum. Með broti sínu hefur ákærði því rofið skilorð reynslulausnarinnar. Rétt þykir þó, eins og broti ákærða er háttað, að láta reynslulausnina halda sér samkvæmt heimild í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, samanber lög nr. 22/1955 og 20/1981.

Ákærði hefur fjórum sinnum hlotið dóm vegna umferðarlagabrota. Allir þeir dómar gengu, áður en ákærði varð 18 ára gamall. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 20.000 kr. sekt í ríkissjóð, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða frá 29. júní 1989, en rétt þykir, að hún verði í þrjá mánuði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Davíð Garðarsson, greiði 20.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í þrjá mánuði frá 29. júní 1989 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. október 1989.

Ár 1989, föstudaginn 27. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 509/1989: Ákæruvaldið gegn Davíð Garðarssyni, sem dómtekið var í gærdag.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 9. október sl., á hendur Davíð Garðarssyni, Stigahlíð 18, Reykjavík, „fyrir að aka á árinu 1989, sviptur ökuleyfi, bifreiðinni E-2423 svo sem hér er rakið:

1) aðfaranótt föstudagsins 11. ágúst um götur í Kópavogi og suður Reykjanesbraut með allt að 123 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla sunnan við Dalveg,

2) aðfaranótt sunnudagsins 13. ágúst með of marga farþega um götur í Kópavogi, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Nýbýlavegi á móts við Engihjalla.

Telst þetta varða við 2. mgr. 48. gr., lið 1, auk þess við 1. mgr. 37. gr. og lið 2 við 2. mgr. 73. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

1) Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum í gærdag að hafa ekið bifreiðinni E-2423 aðfaranótt 11. ágúst sl. eftir vegarkafla suður Reykjanesbraut með

allt að 123 km hraða miðað við klukkustund, en hámarkshraði á þeim vegi er 70 km á klukkustund.

2) Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum í gærdag að hafa framið þá háttsemi, er hér er ákært út af. Ákærði kvaðst hafa komið akandi úr Seljahverfi í Reykjavík og þannig verið nýlega kominn inn í Kópavog, er lögreglan stöðvaði aksturinn.

Ákærði bar fyrir dóminum í gærdag, að hann hafi talið ökuréttindi sín í lagi, er ákærði var stöðvaður af lögreglu í þau tvö skipti, er ákært er út af. Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða af lögreglustjóranum í Reykjavík þann 29. júní sl., þar til annað yrði ákveðið. Ákærði kvaðst hafa fengið bréf frá lögreglustjóranum í Reykjavík, að því er ákærði taldi, í júlí sl., þar sem ákærði var boðaður á lögreglustöðina í Reykjavík. Ákærði kvaðst ekki hafa sinnt boðuninni, en talið, að til stæði að afhenda sér ökuskírteinið að nýju.

Niðurstöður.

Sannað er með framburði ákærða, sem studdur er af öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er ákært er út af. Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða þann 29. júní sl., þar til öðruvísi yrði ákveðið. Ákærði var þannig án ökuréttinda, er hann framdi brot sín, og breytir framburður ákærða engu um þá niðurstöðu.

Brot ákærða varða við þau lagaákvæði, er í ákærunni greinir.

Ákærði var hinn 5. október sl. dæmdur í þriggja mánaða fangelsi og sviptur ökuréttindum í einn mánuð vegna ölvunaraksturs, en í því máli var dæmd með 80 daga reynslulausn.

Refsing ákærða verður hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með vísan til alls ofanritaðs hæfilega ákveðin kr. 10.000 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í fjóra daga í sektar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá er rétt með vísan til 101. gr. umferðarlaganna að dæma ákærða til missis ökuréttinda í einn mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Davíð Garðarsson, greiði kr. 10.000 í sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í fjóra daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í einn mánuð frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 20. mars 1990.

Nr. 347/1988. **Þórir Magnússon**
(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.)
gegn
Gísla Helgasyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.).

Vinnusamningur. Iðnnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. október 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess í aðalsök að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda. Í gagnsök gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 27.991,58 krónur með 22% ársvöxtum frá 1. desember 1985 til 1. mars 1986, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 18. desember s.á., en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. maí 1987 og með vöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum sökum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu í heild verði vísað frá Hæstarétti, en til vara þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Krafa stefnda um frávísun kom fyrst fram við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti og er á því byggð, að í áfrýjunarstefnu sé leyfis áfrýjanda til áfrýjunarinnar ekki getið, eins og fyrir sé mælt í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Um áfrýjunarleyfi er ekki getið í meginmáli stefnunnar, en hins vegar ber hún skilmerkilega áritun þess efnis, að fyrrgreint leyfi hafi verið sýnt við útgáfu hennar. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á þessa kröfu stefnda.

Eins og til háttar um iðnfræðslu, verður að telja, að áfrýjanda hefði átt að vera auðvelt að ganga úr skugga um stöðu starfsréttinda stefnda. Samkvæmt gögnum málsins var fyrsti vinnudagur stefnda hjá honum 2. september 1985 og hinn síðasti 8. nóvember s.á., en kvörtun yfir ráðningu stefnda hjá áfrýjanda er talin hafa komið fram þegar í septembermánuði. Með tilliti til þessa og annarra atvika ber að fallast á það með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi ekki fært fram nægar sönnur fyrir blekkingu um réttindin af hálfu stefnda, þannig að máli skipti um ákvörðun á launum stefnda fyrir unnin störf.

Ágreiningslaust er með aðilum, að stefndi hafi unnið verk sín, án þess að finna þyrfti að vinnubrögðum hans. Þá er og staðfest af hálfu áfrýjanda, að afsláttur hans til húseiganda að Kotárgerði 17 hafi ekki komið til vegna þess, að verkið væri illa af hendi leyst. Ekki er ágreiningur um þann fjölda vinnustunda, sem stefndi átti óuppgerðar, þegar hann lét af starfinu. Launakröfu sína vegna þeirra hefur hann reiknað með tilliti til greiðslna eftir uppmælingu, svo sem um var samið í öndverðu, en bein gögn um uppmælingu verkanna hefur hann ekki undir höndum. Virðist reikningur hans við hóf eftir gögnum málsins.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta niðurstöðu hans bæði í aðalsök og gagnsök.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að áfrýjandi greiði stefnda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórir Magnússon, greiði stefnda, Gísla Helgasyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. maí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí sl., hefur Gísli Helgason, nnr. 2672-7774, Eyrarvegi 37, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 29. september 1986, á hendur Þóri Magnússyni, nnr. 9645-0303, Stapasíðu 11 B, Akureyri.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 36.652 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1.11.1985 til 1.3.1986, en 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1.4.1986, en 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til þingfestingardags 16.10.1986, en dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þ.d. til 15.4.1987, en dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af framangreindum kröfum og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Með stefnu, útgefinni 5. desember 1986, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda. Eru kröfur gagnstefnanda í gagnsök þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 27.991,58 með 22% ársvöxtum frá 1. desember 1985 til 1. mars 1986, en 13% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., en 9% ársvöxtum frá þ.d. til 18. desember 1986, en eftir það með dómvöxtum til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að í septemberbyrjun 1985 hóf aðalstefnandi störf hjá aðalstefnda, sem er málarameistari, og vann hann þar málningarvinnu þar til í nóvemberbyrjun sama ár, að hann hætti störfum. Telur aðalstefnandi sig eiga vangoldin laun hjá aðalstefnda, sem nemi stefnufjárhæðinni, og hefur hann höfðað málið til innheimtu þeirra. Kveðst hann hafa fengið vinnu sína greidda samkvæmt uppmælingu, og hafi meðaltímakaup hans reynst vera kr. 238. Hann eigi enn óuppgerðar 154 vinnustundir, og sé höfuðstóll kröfunnar fenginn með því að margfalda þær með framangreindu meðaltímakaupi.

Aðalstefndi kveður aðalstefnanda hafa sagst vera á iðnnámssamningi hjá málarameistara í Reykjavík, er hann réð sig til vinnunnar. Þessu hafi aðalstefndi trúað og beðið aðalstefnanda að framvísa samningi sínum. Nokkur bið hafi orðið á því, og hafi hann farið undan í flæmingi. Síðar hafi komið í ljós eða á meðan aðalstefnandi vann við málun að Kotárgerði 17, Akureyri, að vafi léki á því, að hann væri á gildandi iðnnámssamningi. Hafi því lokið með því, að aðalstefnda hafi verið sagt upp störfum við verk þetta og mátt veita afslátt af verkinu, auk þess sem hann hafi orðið fyrir kostnaði vegna þrætu, sem upp kom. Að lokum hinn 8. nóvember 1985 hafi aðalstefnandi viðurkennt, að hann hefði ekki samning við iðnmeistara. Telur aðalstefndi því brostnar forsendur vera fyrir því að greiða aðalstefnanda laun samkvæmt uppmælingartöxtum, þar sem hann hafi vísvitandi blekkt hann um gildi iðnnámssamnings síns. Kveðst aðalstefndi hafa greitt aðalstefnanda í laun á tímabilinu frá 2. september 1985 til 8. nóvember

s.á. kr. 59.726,10. Kveðst aðalstefndi bjóðast til að greiða aðalstefnanda laun samkvæmt taxta Meistarasambands byggingamanna fyrir laun (sic) nema á fyrsta ári fyrir þá vinnu, er hann innti af hendi, en það geri með orlofi samtals kr. 48.764,52. Þá kveður aðalstefndi aðalstefnanda hafa tekið út efnisvörur hjá sér að sér fornspurðum fyrir kr. 2.258. Vegna deilna, sem upp hafi komið vegna blekkinga aðalstefnanda um gildi iðnnámssamnings, hafi aðalstefndi orðið að gefa afslátt af verki að Kotárgerði 17, Akureyri, sem nemi kr. 9.772, og orðið fyrir kostnaði vegna þeirrar þrætu, kr. 5.000. Samtals nemi greidd laun, vöruúttekt, afsláttur vegna Kotárgerðis 17 og innheimtukostnaður kr. 76.756,10. Frá því dragist laun aðalstefnanda, kr. 48.764,52. Telur aðalstefndi sig þannig eiga inni hjá aðalstefnanda mismuninn, kr. 27.991,58. Er sýknukrafa hans í aðalsök byggð á því, að samkvæmt framansögðu hafi aðalstefnandi að fullu fengið greidd laun fyrir vinnu sína, en jafnframt byggir hann kröfu sína í gagnsök á því, að um ofgreidd laun sé að ræða, auk þess sem gagnstefnda beri að greiða honum framangreinda vöruúttekt, afslátt og innheimtukostnað.

Gagnstefndi mótmælir því að hafa blekkt gagnstefnanda á þann hátt, er gagnstefnandi heldur fram. Geti gagnstefnandi því engar kröfur á því reist.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu gagnstefnda viðurkennd efnisúttekt hjá gagnstefnanda fyrir kr. 1.000 og höfuðstóll stefnukröfu í aðalsök lækkaður í samræmi við það.

Í málinu er fram komið, að þegar aðalstefnandi réðst til starfa hjá aðalstefnda, var úr gildi fallinn iðnnámssamningur, er hann áður hafði haft við málarameistara í Reykjavík.

Aðilar hafa komið hér fyrir dóm. Neitar aðalstefnandi því að hafa sagt aðalstefnda, að hann væri á samningi, og kveður aðalstefnda hafa verið fullljóst, að svo var ekki. Kveðst aðalstefnandi hafa ætlað að komast á samning og gert tilraunir til þess, en það hafi ekki tekist. Segir hann, að aðalstefnda hafi verið kunnugt um þetta. Aðalstefndi kveður hins vegar aðalstefnanda hafa skýrt sér frá því, að hann væri á samningi fyrir sunnan, og kveðst hafa tekið hann í vinnu, þar sem svo hagaði til, að nemi, sem hann hafði, var fjarverandi vegna meiðsla. Kveðst hann í byrjun ekki hafa gert kröfu til, að aðalstefnandi sýndi sér samninginn, en það hafi hann síðar gert, þegar fram kom klögun um, að hann væri með ólöglegan mann við vinnu í Kotárgerði 17. Í framhaldi af því hafi hann fengið staðfestingu á því, að samningur aðalstefnanda var löngu fallinn niður.

Samkvæmt framburði aðalstefnda krafði hann aðalstefnanda ekki um námssamning, áður en hann réð hann til vinnunnar. Gegn mótmælum aðalstefnanda hefur aðalstefndi ekki fært fram nægar sönnur fyrir því, að aðalstefnandi hafi beitt hann blekkingum varðandi gildi umrædds námssamn-

ings, þegar ráðning hans fór fram. Verða kröfur aðalstefnda því eigi á þessu reistar. Fullyrðing gagnstefnda um magn úttekinnar vöru aðalstefnanda umfram það, sem viðurkennt hefur verið af aðalstefnanda, er ósönnuð.

Samkvæmt framansögðu og þar sem aðalstefndi hefur eigi rökstutt kröfur sínar á annan hátt en að framan greinir, er niðurstaða dómsins sú, að í aðalsök beri að taka kröfur aðalstefnanda til greina að fullu, en í gagnsök beri að sýkna gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda. Rétt þykir að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda málskostnað sameiginlega í aðalsök og gagnsök, og telst hann hæfilegur kr. 33.500,00.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Þórir Magnússon, aðalstefnanda, Gísla Helgasyni, kr. 35.652 ásamt 3,75% mánaðarvöxtum frá 1. nóv. 1985 til 1. mars 1986, 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1. apríl s.á., 2,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 16. okt. s.á., dómvöxtum frá þ.d. til 14. apríl 1987, en vöxtum samkv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Í gagnsök er gagnstefndi, Gísli Helgason, sýkn af kröfum gagnstefnanda, Þóris Magnússonar.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 33.500 í málskostnað samtals í aðalsök og gagnsök.

Dómurinn er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Miðvikudaginn 21. mars 1990.

Nr. 112/1990. **Rósa Helgadóttir**
gegn
Ragnari Guðmundssyni.

Kærumál. Frestur í lögtaksmáli. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Helga Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp hinn kærða úrskurð í fógetarétti Reykjavíkur 12. febrúar 1990. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Krafa gerðarþola um frest er ekki tekin til greina."

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 23. febrúar sl. og vísaði um heimild til 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 12. mars sl. Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að krafa hans um frest til að koma að greinargerð í fógetamálinu D 812/1990 verði tekin til greina. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Helga Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti eftirfarandi athugasemdir samkvæmt 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988:

„Þann 12. febrúar sl. var tekið fyrir af undirritaðri í fógetarétti Reykjavíkur málið D 812/1990: Rósa Helgadóttir gegn Ragnari Guðmundssyni.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda fór fram á að gert yrði lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar kröfu sem úrskurðuð var lögtakskræf þann 7. desember 1989. Krafan er til komin vegna vangoldinna meðlagsgreiðslna frá 27. janúar 1989.

Gerðarþoli var mættur við fyrirtöku málsins og fór fram á að sér yrði veittur frestur til að skila greinargerð í málinu þar sem hann hélt því fram að krafan væri greidd. Hann óskaði eftir að leggja fram skjal því til sönnunar, þ.e. bankakvittun, sem sýndi að kr. 50.000 hefðu verið lagðar inn á reikning gerðarbeiðanda árið

1987. Krafa gerðarþola um frest var borin undir umboðsmann gerðarbeiðanda sem synjaði um frestinn og krafðist þess að gerðin næði fram að ganga.

Fulltrúi fógeta kvað upp úrskurð í réttinum þar sem kröfu gerðarþola um frest var hafnað. Í framhaldi af því var gert lögtak í eignum gerðarþola, þ.e. hlutabréfum hans í Ragnar Guðmundsson (sic) hf. Gerðarþoli skilaði ekki hlutabréfunum á skrifstofu undirritaðrar eins og gert var ráð fyrir. Kæra á frestsynjuninni barst síðan embættinu þann 23. febrúar sl.

Gerðarþoli byggir kröfu sína um frest til framlagningar greinargerðar á því að krafan eða hluti hennar sé greiddur. Það var mat fulltrúa fógeta að gerðarþoli hafi haft nægan tíma til að afla þeirra gagna sem hann óskaði eftir að koma fram með í málinu.

Þar sem af hálfu gerðarþola komu ekki fram aðrar varnir var það mat fógetaréttarins að gerðarþoli hefði ekki fært líkur að því að krafan væri greidd. Gegn mótmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda var umbeðinn frestur til gerðarþola ekki veittur."

Samkvæmt 238. gr. laga nr. 85/1936 taka ákvæði IX. kafla laganna til málsmeðferðar fyrir fógetarétti, eftir því sem við verður komið. Í 1. tl. j 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sem leystu af hólmi kæruheimildir IX. kafla laga nr. 85/1936, segir, að úrskurðir héraðsdómara um frestveitingu sæti kæru. Af því verður gagnályktað, að úrskurðir um frestsynjun sæti ekki kæru, og er þessi skilningur staðfestur með fordæmum. Ber að beita þessari reglu um lögtaksmál, þar sem um sérstaka reglu er að ræða. Gildir hún framar 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, en þar segir, að úrskurðir fógetaréttar sæti kæru, ef þeim skal ekki áfrýja eftir þessum tölulið, en um það er ekki að ræða í þessu máli.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, skortir kæruheimild í máli þessu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 21. mars 1990.

Nr. 449/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Friðrik Erlingssyni Karlssyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Máli þessu var af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1989 til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsiákvörðunar, en ákærði vildi una dóminum.

Í dagbók lögreglunnar í Reykjavík kemur fram, að mánudaginn 25. apríl 1988 voru lögreglumenn á bifreiðinni R-20012 við hraðamælingar með ratsjá á Elliðavogi við Dugguvog. Var ratsjáin prófuð fyrir mælingu kl. 20:47 (cal. 32, tónn 45) og eftir mælingu kl. 22:26 (cal. 32, tónn 45). Samkvæmt i-lið 1. mgr. 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987 má á Elliðavogi aka með 60 km hraða miðað við klukkustund. Á blaði því úr dagbókinni, sem lagt hefur verið fram ljósritað, er getið 6 bifreiða, sem frá kl. 21:32 til kl. 21:59 fóru um götuna á 81-85 km/klst. hraða. Meðal þeirra var bifreiðin Y-17311, Mazda 323, brún að lit, sem var ekið í norðurátt og kl. 21:48 er sögð mæld á 82 km/klst. Í athugasemdum er þess getið, að rökkur hafi verið, rakt og rigningarúði. Bifreiðin var stöðvuð af lögregluþjóni, sem var nokkru vestar, eða við gatnamót Elliðavogs og Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegar, og tal haft af ökumanni. Ágreiningslaust er, að þarna var ákærði á ferð. Hélt hann því fram á vettvangi, að hann hefði ekið á 65 km hraða á klukkustund. Lögreglumennirnir rituðu skýrslu um málið. Hinn 17. maí 1988 sendi lögreglustjórinn í Reykjavík ákærða sektarboð og gíróseðil. Hinn 21. júlí s.á. kemur ákærði af sjálfsdáðum á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík til að mótmæla sektarboðinu. Er þá tekin af honum skýrsla, og ítrekaði hann að hafa ekið á 65 km/klst., en ekki 82 km/klst., í greint sinn og fullyrti, að mæling lögreglunnar væri röng. Í framhaldi af þessari skýrslu

ákærða er tekin skýrsla af lögregluþjónunum, og fullyrða þeir tveir, sem í mælingabifreiðinni voru, að umrædd hraðamæling hafi verið rétt. Þessar skýrslur sínar hafa lögregluþjónarnir staðfest fyrir dómi, þótt aðeins annar þeirra hafi þá munað eftir málsatvikum, enda var þá liðið meira en ár frá atburðinum og tæpt ár frá skýrslugjöf fyrir lögreglu. Ákærði hélt fast við skýrslu sína fyrir lögreglu, þá er hann kom fyrir dóm.

Þegar gögn máls þessa eru virt, verður að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekið norður Elliðavog 25. apríl 1988 á allt að 82 km hraða á klukkustund, eins og í ákæru greinir. Hann hefur því með akstri sínum brotið gegn 23. gr. lögreglusamþykktar nr. 625/1987, sbr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og unnið til refsingar samkvæmt 100. gr. sömu laga.

Hinn 5. október 1988 gekkst ákærði undir sátt, þar sem hann samþykkti að greiða 8.000 króna sekt vegna brots á 37. gr. umferðarlaga. Refsingu í þessu máli ber því að ákveða með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu athuguðu er rétt að dæma ákærða til að greiða sekt í ríkissjóð, sem þykir hæfilega ákveðin 7.500 krónur, en vararefsing 3 daga varðhald. Enginn sakarkostnaður var í héraði, svo að ekki eru efni til að fjalla um ákvæði héraðsdóms um kostnað, en dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Erlingsson Karlsson, greiði 7.500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 6. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 317/1989: Ákæruvaldið gegn Friðriki Erlingssyni Karlssyni, sem tekið var til dóms þann 15. júní s.á.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 29. desember 1988, gegn ákærða, Friðriki Erlingssyni Karlssyni verkamanni, til heimilis að Hátúni 1 hér í borg, kt. 20.07.62-2319, „fyrir að aka mánudaginn 25. apríl 1988 bifreiðinni Y-17311 norður Elliðavog í Reykjavík með allt að 82 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla við Lystadún, Dugguvogi 8-10.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Mánudaginn 25. apríl voru lögreglumenn á lögreglubifreiðinni R-20012 við radarmælingar á Elliðavogi við Dugguvog, og var lögreglubifreiðin kyrrstæð. Beindist mæling að bifreiðum, sem ekið var norður Elliðavog. Um kl. 21:48 var bifreiðinni Y-17311 ekið framangreinda leið, og sýndi radar lögreglubifreiðarinnar þá töluna 82 km/klst. Lögreglumenn stöðvuðu akstur ökumanns bifreiðarinnar, ákærða í máli þessu, Friðriks Erlingssonar Karlssonar, og bar hann að hafa ekið bifreiðinni með 65 km/klst. á framangreindum stað og tíma.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með lögreglusektargerð og greiðslu 4.000 króna sektar, en því boði hafnaði hann.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt og greiðslu 6.000 króna sektar í sakadómi Reykjavíkur þann 22. september 1988, en því boði hafnaði hann.

Ákærði gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni Y-17311 norður Elliðavog þann 25. apríl sl., uns akstur hafi verið stöðvaður af lögreglu vegna grunar um of hraðan akstur. Ákærði bar að hafa ekið bifreiðinni á 65 km/klst., en ekki með 82 km/klst., svo sem hann væri ákærður fyrir. Ákærði gerði athugasemdir við þær aðstæður, sem merkt er við á frumskýrslu málsins, en þar kemur fram, að myrkur hafi verið úti og akbraut blaut. Ákærði bar, að akbraut hafi verið þurr og bjart hafi verið úti.

Vitnið Guðbrandur Hansson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið í lögreglubifreið, sem staðsett hafi verið á Elliðavogi við Skeiðarvog mánudaginn 25. apríl 1988, og hafi það stöðvað akstur þeirra bifreiða, sem mældar hefðu verið á of háum (sic) hraða á Elliðavogi við Lystadún. Vitnið bar að hafa stöðvað akstur ákærða, og kvaðst hann ekki muna eftir honum öðrum fremur.

Vitnið Valgeir Ólafur Guðmundsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi. Vitnið kvaðst ekkert muna eftir málinu.

Vitnið Helgi Þorkell Kristjánsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið í umferðareftirliti á Elliðavogi 25. apríl 1988 ásamt Valgeiri Guðmundssyni í lögreglubifreið, sem staðsett hafi verið við Lystadún. Vitnið bar, að ákærði hafi komið akandi á brúnni bifreið af gerðinni Mazda og radarinn þá sýnt töluna 82 km/klst. Vitnið kvað engan vafa hafa leikið á því, að mælingin hafi átt við bifreið ákærða.

Niðurstöður.

Ákærði hefur neitað að hafa ekið bifreiðinni Y-17311 á kærðum hraða. Tveir lögreglumenn unnu að hraðamælingu, og hefur einungis annar getað borið um atvik. Þriðji lögreglumaðurinn stöðvaði akstur ákærða, og mundi hann ekkert eftir málinu. Eigi þykir nægilega sannað, þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, að ákærði hafi ekið á kærðum hraða greint sinn. Ákærði er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Sakarkostnaður.

Allur sakarkostnaður greiðist af ríkissjóði samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Erlingsson Karlsson, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist af ríkissjóði.

Miðvikudaginn 21. mars 1990.

Nr. 127/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni o.fl.

Kærumál. Verjandi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Bergur Guðnason héraðsdómslögmaður, verjandi eins ákærða í ofangreindu máli, hefur með kæru 20. þ.m. samkvæmt heimild í 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, skotið til Hæstaréttar synjun sakadómaranna Sverris Einarssonar, Arngríms Ísbergs og Ingibjargar Benediktsdóttur sama dag um, að hann fái að láta fulltrúa sinn mæta fyrir sína hönd að hluta við munnlegan flutning ofangreinds máls. Krefst hann þess, að neitunin verði felld úr gildi.

Með bréfi 20. þ.m. fór Bergur Guðnason héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi Árna Árnasonar, þess á leit við sakadómara í ofangreindu máli, að þeir leyfðu fulltrúa hans, Þóreyju Aðalsteinsdóttur, cand. juris, að vera við málflutning í fjarveru hans, þar sem hann hygðist fara til útlanda þann 26. apríl og dveljast þar til 6. maí 1990. Lögmaðurinn tók jafnframt fram, að hann yrði sjálfur viðstaddur málflutning 24. og 25. apríl og síðan þann 7. maí og eftir þörfum frá þeim tíma og myndi sjálfur flytja málsvörn fyrir skjólstæðing sinn, þegar að henni kæmi. Taldi hann fullvíst vera, að engin réttarspjöll hlytust af fjarveru sinni.

Erindi verjandans var tekið fyrir á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sama dag. Kemur þar fram, að fyrirhugað sé að hefja flutning málsins þriðjudaginn 24. apríl nk.

Sakadómur synjaði ósk verjandans á þeirri forsendu, að verjendastarf sé persónubundið, að því er snertir flutning máls, og með öllu óeðlilegt, að sá, sem á að flytja vörn, hlýði ekki sjálfur á sókn sakar á hendur skjólstæðingi sínum, enda sé hún munnleg og ekki skráð. Ljóst þyki, að sá hluti ræðu sækjanda málsins, er lýtur að sókn sakar á hendur skjólstæðingi verjandans, verði fluttur á því tímabili, er verjandinn hyggst vera fjarverandi.

Með vísan til raka sakadóms ber að staðfesta hina kærðu synjun.

Dómsorð:

Hin kærða synjun sakadóms Reykjavíkur er staðfest.

Fimmtudaginn 22. mars 1990.

Nr. 345/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ásgeiri Ásgeirssyni
(Haraldur Blöndal hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1989 að ósk ákærða, en af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu.

Í héraðsdómi er rakinn sakaferill ákærða samkvæmt sakavottorði hans, dagsettu 6. desember 1988. Í samræmi við upplýsingar, sem þar koma fram, greinir frá því í héraðsdómi, að ákærði hafi fengið reynslulausn í tvö ár á 27 dögum fangelsisvistar samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur frá 22. apríl 1987. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 21. apríl 1987 var nefndur reynslutími eitt ár, svo sem og kemur fram í sakavottorði ákærða, dagsettu 14. mars sl. Þessi reynslutími var því liðinn, er brot það var framið, sem ákært er fyrir í málinu. Ákvörðun refsingar í héraðsdómi með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á því ekki við rök að styðjast.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er brot ákærða nægilega sannað og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til þessa og sakaferils ákærða þykir bera að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu hans.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað svo og um skaðabætur og vexti af þeim, sem hvorugt sætir andmælum.

Vegna þeirra hnökra á héraðsdómi, er að framan getur, þykir

rétt, að allur áfrýjunarkostnaður málsins falli á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 29. maí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómi með ákæru, útgefinni 8. desember 1988, á hendur Ásgeiri Ásgeirssyni, Háalundi 3, Akureyri, fæddum 31. maí 1951 á Akureyri, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að nota í viðskiptum í veitingastaðnum Kjallaranum, Geislagötu 14, Akureyri, laugardaginn 22. október 1988 falsaðan tékka, að fjárhæð kr. 12.000, en tékkann hafði ákærði sjálfur falsað á stolið eyðublað úr tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, Akureyrarútibúi, nr. 4100649, í eigu Hólmfríðar Jónsdóttur á reikning hennar, nr. 3793, og ritaði ákærði nafn hennar sem útgefanda undir áprentuðu nafninu. Tékkinn er til handhafa og framseldur af ákærða.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málsatvik eru þau, að hinn 27. október 1988 barst rannsóknarlögreglunni á Akureyri kæra um fölsun tékka frá Sjallanum á Akureyri ásamt tékka nr. 4100649 á eyðublaði frá Búnaðarbanka Íslands, útgefinn 22. október 1988, að fjárhæð kr. 12.000, sem notaður hafði verið við staðgreiðslu á þjónustu hjá fyrirtækinu Sjallanum. Tékkinn var útgefinn með nafninu Hólmfríður Jónsdóttir og framseldur með nafni ákærða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 1. nóvember 1988 viðurkenndi ákærði að hafa stolið tékkaeyðublaði þessu og falsað það, að upphæð kr. 12.000, og selt í Kjallaranum á Akureyri. Skýrði hann svo frá, að laugardaginn 22. október 1988 hefði hann verið heima hjá Hólmfríði Jónsdóttur að Hríseyjargötu 3, Akureyri. Kvaðst hann hafa þekkt Hólmfríði. Kvaðst hann hafa verið mjög ölvaður, en muna eftir því að hafa farið að blaða í tékkhefti þarna heima hjá Hólmfríði. Kvaðst hann hafa tekið 1 eyðublað úr heftinu og haft með sér út. Ákærði kvaðst hafa falsað þetta eyðublað, að upphæð kr. 12.000, og skrifað nafnið Hólmfríður Jónsdóttir undir, frekar óljóst. Kvaðst hann hafa farið í Kjallarann þetta kvöld, þar

hafi verið keypt mikið af áfengi, sem greitt hafi verið með umræddri ávísun, en til baka hefði hann fengið greiddar 2.700 eða 3.700 krónur. Eftir þetta hafi verið farið á dansleik í Hlíðarbæ, og þar hafi hann eytt þessum peningum.

Hér fyrir dómi hefur ákærði staðfest framangreindan framburð og viðurkennt að fullu verknaðinn, eins og honum er í ákæru lýst.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn, þykir brot hans nægjanlega sannað, og varðar það við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði níu sinnum sæst á greiðslu sektar og sætt fjórum refsidómum, síðast 6. ágúst 1988 (2 mánaða fangelsi fyrir fjársvik og þjófnað). Hinn 22. apríl 1987 var honum veitt reynslulausn í 2 ár af eftirstöðvum refsingar, 27 dögum.]

Refsing ákærða þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Fram hefur komið bótakrafa frá Sjallanum á hendur ákærða um greiðslu á kr. 12.000 ásamt hæstu leyfilegu dráttarvöxtum frá innlausnardegi til greiðsludags. Ákærði hefur viðurkennt kröfu þessa. Ber að dæma hann til greiðslu hennar ásamt vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Ásgeirsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði Sjallanum kr. 12.000 ásamt vöxtum samkv. 7. gr. l. nr. 25/1987 frá 27. okt. 1988 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. mars 1990.

Nr. 116/1990. **Jarþrúður Baldvinsdóttir**
gegn
Hafnarbergi hf.

Kærumál. Stefnubirting. Félög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, vísaði máli þessu frá aukadómþingi Árnessýslu.

Sóknaraðili hefur með kæru 6. mars sl., sem barst Hæstarétti 13. s.m., kært frávísun málsins frá aukadómþinginu, sem gerð var með áritun á áskorunarstefnu 20. febrúar sl.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísuninni verði hrundið og lagt verði fyrir fulltrúa sýslumanns að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta var þingfest 7. febrúar 1990, og var þá ekki sótt þing af hálfu stefnda. Var málið þá tekið til áritunar, og hinn 20. febrúar 1990 ritaði dómarinn svofellda áritun á stefnuna: „Stefna í máli þessu var birt á heimili stjórnarformanns félagsins fyrir eiginkonu hans. Í 3. mgr. (á að vera 4. mgr.) 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir: „...Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu eða skrásetningarskyldu firma eða félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili eða þar, sem það skyldi skrásett...“ Stefndi er skrásett félag. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að ofangreindur birtingarháttur stefnu sé í samræmi við tilvitnað ákvæði laga nr. 85/1936, sbr. og H. 1988, 254. Verður því eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.“

Samkvæmt 5. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 má birting stefnu á félag fara fram á heimili, skrifstofu eða vinnustofu formanns stjórnar félagsins. Í máli þessu var stefnu á hendur hinu stefnda

hlutafélagi beint gegn stjórnarformanni þess. Birting stefnunnar á heimili hans var því lögmæt, og ber að fella úr gildi hina kærðu frávísunaráritun.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn er úr gildi felld og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til áritunar að nýju.

Mánudaginn 26. mars 1990.

Nr. 126/1990. **Íslandsbanki hf.**

gegn

Guðmundi H. Jónssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með kæru 15. mars 1990, sem barst Hæstarétti 19. s.m., kært úrskurð þinglýsingardóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar frá 6. mars sl. Kæruheimild er í 3. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og staðfest verði færsla skjala nr. 13343-5/1986 í þinglýsingarbók Garðakaupstaðar hinn 11. desember 1986 og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila 10.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Íslandsbanki hf., greiði varnaraðila, Guðmundi H. Jónssyni, 10.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður þinglýsingardóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 6. mars 1990.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 19. febr. sl., hefur sóknaraðili, Guðmundur H. Jónsson, kt. 010823-2349, Engihjalla 9, Kópavogi, gert þær kröfur, að þinglýsingardómari afmái þinglýsingu skjala nr. 13343/1986,

13344/1986 og 13345/1986 úr þinglýsingarbókum Garðakaupstaðar. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, Íslandsbanki hf., áður Alþýðubankinn hf., hefur gert þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðila og að viðurkennt verði, að þinglýsing þriggja veðskuldabréfa, útgefinna 8. des. 1986 af Alviðru hf. til Alþýðubankans hf., hvers að fjárhæð kr. 310.000, með veði í Sjávargrund 11 B, Garðakaupstað, skuli standa óhögguð. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags. Jafnframt krefst varnaraðili þess, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða honum virðisaukaskatt af allri málflutningsþóknun.

Með kaupsamningi, dags. 7. apríl 1986, keypti sóknaraðili af Alviðru hf. íbúð, merkta 11 B á 2. hæð að Sjávargrund 1-15 í Garðabæ. Kaupsamningur þessi var afhentur til þinglýsingar 5. júní s.á. og færður í fasteignabók 27. júlí s.á. Með 3 veðskuldabréfum, útgefnum 8. desember 1986, veðsetti Alviðra hf. þessa sömu íbúð til tryggingar skuld sinni við Alþýðubankann hf. Bréf þessi eru að fjárhæð kr 310.000 hvert og bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1542. Veðbréf þessi voru afhent til þinglýsingar 10. desember s.á. og færð í fasteignabók daginn eftir.

Með bréfi, dags. 7. júlí 1989, kærði sóknaraðili þinglýsingu skuldabréfanna til Hæstaréttar og krafðist þess, að þinglýsing þeirra yrði felld úr gildi og þinglýsingardómara gert að afmá þinglýsinguna úr þinglýsingarbók. Kærumáli þessu var lokið með dómi Hæstaréttar 19. október 1989. Var málinu sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti. Í þessum dómi Hæstaréttar segir m.a. svo:

„Í 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 eru fyrirmæli um, hvernig með skuli fara, ef þinglýsingardómari verður þess áskynja, að færsla í fasteignabók sé röng eða mistök hafi orðið um þinglýsinguna ella. Ekki er fram komið, að sóknaraðili hafi neytt þeirra úrræða, sem lagagrein þessi veitir kost á. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti."

Í framhaldi af dómi Hæstaréttar setti sóknaraðili fram kröfu þá, sem hér er til úrlausnar.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því, að Alviðru hf. hafi verið óheimilt að veðsetja umrædda eign, svo sem gert var. Vísar hann í því efni til 1. mgr. 24. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Telur sóknaraðili, að þinglýsingardómara hafi borið að vísa veðskuldabréfunum frá þinglýsingu. Þar sem svo hafi eigi verið gert og að það hafi verið augljós mistök, sé þinglýsingardómara heimilt að bæta úr þeim skv. 27. gr. þinglýsingarlaga með því að afmá þessar þinglýsingar.

Varnaraðili telur, að skilyrði 39. gr. þinglýsingarlaga séu ekki fyrir hendi. Þá telur hann, að heimild 27. gr. eigi ekki við í tilviki sem þessu, heldur

sé hún einskorðuð við það, þegar skjal er ranglega fært, t.d. á blað rangrar eignar eða færsla er ekki í samræmi við efni skjals. Telur hann með vísun til 195. gr. laga nr. 85/1936, að þinglýsingardómara sé óheimilt að breyta fyrri úrlausn sinni.

Þá telur varnaraðili, að sóknaraðili hafi með tómlæti sínu viðurkennt betri rétt varnaraðila.

Veðskuldabréf varnaraðila eru gefin út af Alviðru hf. 8. desember 1986. Félagið hafði þá löngu áður selt sóknaraðila máls þessa íbúð þá, sem veðsetja skyldi með bréfunum. Var þeim kaupsamningi þinglýst 5. júní 1986. Brast Alviðru hf. því þinglýsta heimild til að veðsetja íbúðina og bar skv. 1. mgr. 24. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 að vísa veðskuldabréfunum frá þinglýsingu, þar sem samþykki sóknaraðila til veðsetningarinnar lá ekki fyrir.

Ósannað er, að sóknaraðili hafi í orði eða verki tekið á sig skyldu til að greiða kröfu varnaraðila skv. skuldabréfunum.

Telja verður, að svigrúm þinglýsingardómara til endurskoðunar úrlausna sinna sé rýmra en héraðsdómara í almennum einkamálum, sbr. 2. mgr. 195. gr. eml. og 1. mgr. 27. gr. þingl., sbr. dóm Hæstaréttar 26. febrúar sl. Samkvæmt framansögðu og skv. 1. mgr. 27. gr. þingl. verður þinglýsing umræddra veðskuldabréfa afmáð úr fasteignabók Garðakaupstaðar.

Skv. þessum úrslitum ber að úrskurða varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 45.000 krónur.

Með úrskurði, uppkveðnum 6. desember 1989, vék Már Pétursson, bæjarfógeti í Garðakaupstað, sæti í máli þessu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 2. febrúar 1990, var Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, skipaður til að fara með mál þetta sem setudómari, og kveður hann upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Aflýsa skal úr þinglýsingarbókum Garðakaupstaðar þremur veðskuldabréfum, útgefnum 8. desember 1986 af Alviðru hf. til Alþýðubankans hf., með veði í Sjávargrund 1-15, Garðabæ, eignarhluta 11 B, þingl. nr. 13343/86, 13344/86 og 13345/86.

Varnaraðili, Íslandsbanki hf. greiði sóknaraðila, Guðmundi H. Jónssyni, 45.000 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. mars 1990.

Nr. 219/1988. **Soffía Kristjánsdóttir**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Hebu Hallsdóttur vegna
þrotabús Sigurðar Helgasonar
(Hróbjartur Jónatansson hdl.).

Kaupmáli. Riftun. Gjöf. Gjaldþrot. Löghald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1988. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hún sýknuð af öllum kröfum stefndu í héraði. Til vara krefst hún þess, að endurgreiðslukrafa stefndu verði felld niður eða lækkuð mjög verulega. Í báðum tilvikum krefst hún þess, að stefnda verði dæmd til að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi 10. nóvember 1988.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, er nægjanlega í ljós leitt, að áfrýjandi og Sigurður Helgason tóku upp sambúð í ágúst 1982 og gerðu þá með sér samning 26. ágúst sín í milli um, að Sigurður afhenti henni allar eignir sínar, þar á meðal íbúð að Grenimel 14, Reykjavík.

Með skírskotun til forsendna héraðsdómara er fallist á þá niðurstöðu hans, að ráðstöfun Sigurðar Helgasonar á íbúðinni að Grenimel 14 til áfrýjanda hafi verið gjöf, sem hafi réttaráhrif gagnvart öðrum en þeim sjálfum frá skrásetningu kaupmála 13. desember 1985 og sé því riftanleg samkvæmt 1. mgr. 51. gr., sbr. 60. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Endurgreiðslukrafa stefndu, sem byggð er á 1. mgr. 62. gr. gjaldþrotalaga, miðast við greiðslu þá, er áfrýjandi fékk í peningum og öðrum verðmætum við sölu fyrrgreindrar íbúðar hinn 6. mars 1986,

en samkvæmt kaupsamningi þann dag dreifðist þessi greiðsla á tímabilið 6. mars 1986 til 2. febrúar 1987.

Samkvæmt kaupmálanum frá 13. desember 1985 og samningnum 26. ágúst 1982 tókst áfrýjandi á hendur að greiða skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er hvíldi með veði á íbúðinni að Grenimel 14. Við sölu íbúðarinnar voru eftirstöðvar þessarar skuldar 279.992 krónur. Taka ber tillit til þessarar skuldar til lækkunar, þegar metin er endurgreiðsluskylda áfrýjanda.

Ljóst er, að endurgreiðsla kaupverðs yrði miklum erfiðleikum bundin fyrir áfrýjanda, og þar sem gjöf Sigurðar á íbúðinni til áfrýjanda fór í raun fram í ágúst 1982, er rétt með vísan til 65. gr. gjaldþrotalaga að lækka endurgreiðslukröfu stefndu í heild um 600.000 krónur. Samkvæmt því verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefndu 1.175.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Við flutning málsins í Hæstarétti var bent á, að samkvæmt endurriti úr fógetabók, sem staðfest var af yfirborgarfógetanum í Reykjavík 11. júní 1987, hafi hinn 5. júní 1987 verið gert fjárnám í íbúð áfrýjanda að Hrafnhólum 2, en ekki löghald. Taldi áfrýjandi þetta eiga að leiða til þess, að ekki geti komið til staðfestingar löghalds. Í bókun fógeta kom greinilega fram, að af hálfu stefndu var krafist löghalds í eignum áfrýjanda. Var lögð fram trygging af hálfu stefndu vegna gerðarinnar. Þykir hér vera um að ræða bersýnilega skekkju, sem leiðrétta hefði mátt, sbr. 2. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Staðfestingarmáli vegna löghaldsgerðarinnar hefur verið réttilega haldið til laga, og ber því að fallast á ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghaldsgerðarinnar.

Samkvæmt ofangreindum úrslitum málsins verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur. Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmanns, 175.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghalds og riftun gjafar Sigurðar Helgasonar til áfrýjanda, Soffíu Kristjánsdóttur, á íbúð að Grenimel 14, Reykjavík, skulu óröskuð.

Áfrýjandi greiði stefndu, Hebu Hallsdóttur vegna þrotabús Sigurðar Helgasonar, 1.175.000 krónur með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma frá 10. júní 1987 til greiðsludags, og 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmanns, 175.000 krónur.

Sératkvæði
Gunnars M. Guðmundssonar setts hæstaréttardómara og Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns.

Svo sem rakið er í atkvæði meirihluta dómara, tókst áfrýjandi á hendur samkvæmt kaupmálanum frá 13. desember 1985 að greiða skuld við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er hvíldi með veði á íbúðinni að Grenimel 14. Við sölu íbúðarinnar voru eftirstöðvar þessarar skuldar 279.992 krónur. Taka ber tillit til þessarar skuldar, þegar metin er endurgreiðsluskylda áfrýjanda.

Jafnframt ber að hafa hliðsjón af því, sbr. 2. mgr. 62. gr. gjaldþrotalaga, að áfrýjandi hefur í meira en þrjú ár notið arðs af söluverði íbúðarinnar, en á þeim tíma hefur verðgildi endurgreiðslukröfunnar rýrnað til muna vegna þróunar verðlags í landinu. Þegar þetta er haft í huga og málavextir að öðru leyti, eru ekki efni til þess, að beitt sé heimild 65. gr. gjaldþrotalaga til að lækka endurgreiðslu áfrýjanda.

Við erum sammála meirihluta dómara um löghaldsþátt málsins.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, og forsendna hins áfrýjaða dóms, teljum við, að staðfesta beri hann og dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns hennar, Viðars Más Matthíassonar hæstaréttarlögmanns, 175.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 10. júní 1987.

Stefnandi er Heba Hallsdóttir, nnr. 3844-3259, Silungakvísl 21, Reykjavík, vegna þrotabús Sigurðar Helgasonar, nnr. 7867-8089, Hrafnhólum 2, Reykjavík.

Stefndi er Soffía Kristjánsdóttir, nnr. 8245-8174, Hrafnhólum 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi gjöf Sigurðar Helgasonar, nnr. 7867-8089, til þáverandi sambýliskonu hans, nú eiginkonu hans, Soffíu Kristjánsdóttur, stefndu í máli þessu, sem felst í kaupmála þeirra, dagsettum 13. desember 1985, en skráðum í kaupmálabók við embætti borgarfógetans í Reykjavík þann sama dag. Krafist er riftunar gjafarinnar að því marki, sem nauðsynlegt er til fullnustu stefnukröfum og öllum afleiddum málskostnaði.

2. Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.775.000 kr. með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 700.000 frá 6.3.1986 til 1.4.1986, en með 2,25% frá þeim degi til 2.5.1986, en af kr. 800.000 frá þeim degi til 2.7.1986, en af kr. 1.000.000 frá þeim degi til 2.9.1986, en af kr. 1.200.000 frá þeim degi til 2.12.1986, en af kr. 1.500.000 frá þeim degi til 2.2.1987, en af kr. 1.775.000 frá þeim degi til 1.3.1987, en með 2,5% frá þeim degi til 6.5.1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að ákveðið verði í dómsorði, að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2.2.1988.

4. Að stefnda verði dæmd til að afhenda og afsala þrotabúi Sigurðar Helgasonar sumarhúsi því í landi Stórafjalls í Borgarfirði, sem stefnda fékk gefins með áðurnefndum kaupmála.

5. Að staðfest verði með dómi löghaldsgerð, sem fram fór hinn 5.6.1987 í fasteign stefndu, eignarhluta hennar í fasteigninni Hrafnhólum 2, Reykjavík.

6. Að stefnda greiði málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

1. aðallega, að hún verði algjörlega sýknuð af kröfum stefnanda,

2. til vara, að endurgreiðslukrafa stefnanda í liðum 2 og 4 verði felld niður eða lækkuð mjög verulega.

3. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og með tilliti til 10% söluskatts á lögmannsþóknun.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Sigurður Helgason, eiginmaður stefndu, hafi hinn 1. júní 1985 gefið út eða ábekt 10 víxla með gjalddögum á tímabilinu frá 20. júní 1985 til 15.október s.á. Samþykkjandi á víxlum þessum hafi verið Sigurður K. G. Sigurðsson, nnr. 7999-2344, Bakkaseli 8, Reykjavík, en samanlögð fjárhæð víxlanna hafi verið kr. 750.000. Eina greiðslan inn á víxlana hafi verið kr. 100.000 inn á víxil með gjalddaga 20. júní 1985, þannig að ógreiddar séu af samanlagðri fjárhæð þeirra kr. 650.000. Samþykkjandi víxlanna, Sigurður K. G. Sigurðsson, hafi notað víxlana í viðskiptum við kaup á verslun við Réttarholtsveg af Jóni Salómon Bjarnasyni, sambýlismanni stefnanda, Hebu Hallsdóttur. Stefnandi hafi notað víxlana til greiðslu skulda í Iðnaðarbanka Íslands hf. í Hafnarfirði, en þá hafi hún orðið að rita nafn sitt aftast á víxlana sem ábekingur. Víxlarnir hafi ekki greiðst á gjalddögum, og innheimtutilraunir hjá samþykkjandanum hafi ekki borið árangur. Áskorunarmál hafi verið höfðað gegn víxilskuldurunum, þeim Sigurði K. G. Sigurðssyni, Sigurði Helgasyni, Kristmundi Hannessyni, Jóni Salómon Bjarnasyni, Valborgu Jónsdóttur og Hebu Hallsdóttur, af Iðnaðarbanka Íslands hf. í Hafnarfirði, og hafi stefnukröfurnar verið gerðar aðfararhæfar hinn 20. mars 1986.

Iðnaðarbanki Íslands hf. í Hafnarfirði hafi síðan innheimt víxlana hjá stefnanda máls þessa, og hafi stefnandi leyst kröfuna til sín með greiðslu fjárhæðar, sem numið hafi kr. 1.164.530 hinn 20. janúar 1987. Krafa Iðnaðarbanka Íslands hf. í Hafnarfirði sé nr. 2 á kröfuskrá í þrotabúi Sigurðar Helgasonar. Stefnandi sé einnig eigandi þess víxils, sem sé grundvöllur kröfu nr. 3 í kröfuskránni, sem skráð sé á nafn Kristjáns Stefánssonar, að fjárhæð kr. 263.020.

Hinn 2. maí 1986 hafi komið beiðni frá Jóni Briem hdl. um gjaldþrotaskipti á búi Sigurðar Helgasonar til skiptaréttar Reykjavíkur á grundvelli árangurslauss fjárnáms. Með úrskurði skiptaréttarins hinn 8. desember 1986 hafi búið verið tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota, og hinn 18. desember 1986 hafi Sigurður upplýst í skýrslutöku fyrir skiptarétti, að hann sé algerlega eignalaus, eða eins og bókað sé: „Mætti kveðst því algerlega eignalaus í dag, þar sem allar eignir eru séreignir konu hans."

Með kaupmála, dags. 13. desember 1985, skrásettum og innfærðum í kaupmálabók borgarfógetaembættisins í Reykjavík hinn sama dag, hafi Sigurður Helgason ráðstafað öllum eignum sínum til væntanlegrar konu sinnar, stefndu í máli þessu, þar sem eignir hans séu gerðar að séreign hennar, en það hafi verið:

„1. 3ja herbergja íbúð að Grenimel 14, Reykjavík.
2. Innanstokksmunir allir, sem við nú eigum.
3. Sumarhús í smíðum í landi Stórafjalls í Borgarfirði."

Á skiptafundi 5. maí 1987 hafi kröfuskrá þeirra aðila, sem lýstu kröfum í þrotabú Sigurðar, verið endanlega samþykkt. Þá hafi stefnanda verið heimilað að höfða riftunarmál þetta og reka málið f.h. þrotabúsins, en á sinn kostnað, skv. 114. gr. laga nr. 6/1978.

Málsástæður stefnanda séu þær, að kaupmáli Sigurðar Helgasonar og stefndu hafi öðlast réttaráhrif við skráningu hans hinn 13. desember 1985. Þá hafi Sigurður ráðstafað eignum sínum með því að gera þær að séreign stefndu án nokkurs sýnilegs endurgjalds af hennar hálfu. Hann hafi ekki, svo að vitað sé, átt aðrar eignir en þær, sem hann hafi ráðstafað með kaupmálanum, og hafi hann því eftir ráðstöfun þessa ekki átt fyrir skuldum þeim, sem á honum hafi hvílt. Eftir 1. mgr. 51. gr. gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, sé ráðstöfun þessi riftanleg, þar sem hún hafi farið fram innan 6 mánaða fyrir frestdag í þrotabúi þess, sem gjafagerninginn gerði. Þegar kaupmálinn var gerður, hafi Sigurður Helgason einn verið eigandi fasteignarinnar að Grenimel 14, en hann hafi fengið afsal fyrir fasteign þessari hinn 6. apríl 1981. En stefnda hafi selt fasteign þessa Þóru Halldórsdóttur með kaupsamningi, dagsettum 6. mars 1986, fyrir kr. 1.803.300, þar af hafi peningagreiðslur verið kr. 1.775.000, og miðist liður 2 í kröfu stefnanda við það, sbr. 62. gr. gjaldþrotalaga. Krafan í lið 4, um að stefnda skili aftur sumarhúsi því, sem hún fékk gefins með kaupmálanum, byggist á því, að hún hafi ekki ráðstafað sumarhúsi þessu til þriðja manns, sbr. 64. gr. gjaldþrotalaga.

Stefnandi leggur áherslu á það, að þegar hún hafi tekið við víxlunum, hafi þeir, sem ritað höfðu á þá, verið eignamenn. Sigurður Helgason hafi verið þinglýstur eigandi íbúðar, og þetta hafi stefnandi athugað. Síðan hafi hann ráðstafað eignum sínum með gjafagerningi, og samkvæmt hinni hlutlægu reglu 1. mgr. 51. gr. gjaldþrotalaga sé slíkur gerningur riftanlegur. Afhending gjafarinnar teljist hafa verið við þinglýsingu kaupmálans, sem hafi verið 13. desember 1985, sbr. 60. gr. laganna. Stefnandi mótmælir því, að stefnda hafi eignast þessar eignir fyrr, sbr. framlagningu hennar á skjali í máli þessu, sem kallað sé „kaupmáli" og dagsett sé 26. ágúst 1982. Sterkar líkur séu fyrir því, að skjal þetta hafi verið búið til síðar, og beri stefnda sönnunarbyrði um, að samningur sá, sem skjalið greini, hafi í raun verið gerður á þessum tíma. Sú sönnun hafi ekki tekist, en jafnvel þótt talið væri, að sönnunin hefði tekist, þá hefði samningurinn eingöngu gildi milli þeirra, sem hann gerðu, en ekkert gildi gagnvart 3ja manni.

II.

Stefnda kveður málavexti þá, að Sigurður Helgason og þáverandi eiginkona hans, Ólöf Lára Ágústsdóttir, hafi skilið að borði og sæng þann 28.

nóvember 1980. Þá hafi eignum þeirra verið skipt, m.a. með sölu á sameiginlegu íbúðarhúsnæði þeirra að Digranesvegi 14 í Kópavogi. Það, sem í hlut Sigurðar hafi komið við söluna, hafi hann notað til að kaupa íbúð að Engihjalla 1, Kópavogi, en þá íbúð hafi hann selt strax og keypt 3ja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 14 við Grenimel í Reykjavík. Á árunum 1980, 1981 og 1982 hafi Sigurður átt í umtalsverðum erfiðleikum vegna áfengisneyslu. Stefnda og Sigurður hafi kynnst á árinu 1981 og tekið upp náið samband, og hafi stefnda veitt Sigurði mikla aðstoð, m.a. fjárhagslega. Þau hafi eignast dóttur þann 19. ágúst 1982, og þá hafi þau tekið upp sambúð, og hafi stefnda flutt til heimilis Sigurðar ásamt dóttur þeirra. Stefnda hafi verið í góðu starfi sem verslunarstjóri í Skólavörubúð Námsgagnastofnunar, en vegna sambúðarinnar hafi hún þurft að hætta starfinu. Hún hafi átt nokkrar eignir, og hún hafi aðstoðað Sigurð með fjárframlögum. Í ljósi þessa hafi þau gert með sér samning um skiptingu eigna. Samningurinn sé lagður hér fram í málinu, og hann sé nefndur kaupmáli, dagsettur 26. ágúst 1982, en sé í raun samningur milli sambúðarfólks um skiptingu eigna. Í samningi þessum segi:

„Við undirrituð, Sigurður Helgason Grenimel 14 Reykjavík og Soffía Kristjánsdóttir Blómvallagötu 10 A Reykjavík gerum í dag eftirfarandi samkomulag:

1. Ég Soffía samþykki að flytja að Grenimel 14 með nýfædda dóttur okkar í sambúð með Sigurði.

2. Til tryggingar fjárhagslegri framtíð þeirra og með tilliti til þess að Soffía verður að hætta vinnu til að taka að sér heimili okkar afsala ég Sigurður öllum mínum eignum til Soffíu sem er 20% eignarhluti í Grenimel 14, bifreið og innbú.

Ég Soffía tek að mér að greiða áhvílandi skuldir af Grenimel 14, þeirra á meðal lífeyrissjóðslán á nafni Ólafar Láru Ágústsdóttur þegar eftir því verður gengið.

3. Við ákveðum að ganga í hjónaband um leið og Sigurður hefur fengið lögskilnað frá fyrri konu sinni. Munum við þá ganga formlega frá kaupmála og þinglýsa. Eignaaukning sem kann að verða fram til þess tíma telst vera eign Soffíu."

Samningur þessi hafi verið forsenda þess, að stefnda hafi samþykkt að stofna til sambúðar með Sigurði. Hún hafi verið meira en tuttugu árum yngri en hann, og hann hafi verið nýfráskilinn og átt í miklum erfiðleikum vegna áfengisneyslu. Hún hafi þurft að tryggja framtíð sína og dóttur þeirra, og Sigurður hafi eindregið viljað stofna til sambúðarinnar. Eftir stofnun sambúðar hafi stefnda keypt gamlan vigtarskúr í Sandgerði fyrir kr. 10.000, og hafi skúrinn verið fluttur á landspildu í Borgarfirði, sem Sigurður hafi haft á leigu. Hinn 4. nóvember 1984 hafi stefnda keypt svefn-

skúr, sem fluttur hafi verið á sama land og skeyttur við fyrrgreinda skúrinn, og hafi skúrarnir verið endurbættir og gerðir að sumarbústað, sem stendur á stólpum og ekki varanlega við landið tengdur. Sumarbústaðurinn sé því ekki fasteign, heldur lausafé, sem frá upphafi hafi verið í eigu stefndu. Stefnda hafi greitt upp skyndilán, sem hafi verið á vegum Sigurðar, og árið 1985 hafi hún greitt upp lífeyrissjóðslán fyrrverandi eiginkonu Sigurðar samkvæmt ákvæðum samningsins.

Svo sem tilgreint sé í samningnum frá 26. ágúst 1982, hafi ætlun Sigurðar og stefndu verið að ganga í hjónaband og þar með láta skrá „kaupmála" þennan. Verulega hafi dregist, að unnt væri að ganga frá lögskilnaði Sigurðar við fyrrverandi eiginkonu sína, og hafi þar einkum ráðið mjög alvarleg veikindi konunnar, sem þjáðst hafi af krabbameini. Sigurður og stefnda hafi eignast aðra dóttur á árinu 1984, og árið 1985 hafi loks verið gengið frá lögskilnaðinum, og þau hafi gengið í hjónaband í árslok, en látið skrá kaupmála, sama efnis og samnings þeirra frá árinu 1982, áður en þau gengu í hjúskap.

Á miðju ári 1985 hafi Sigurður án vitneskju stefndu samþykkt að árita sem útgefandi og/eða ábekingur 10 víxla, sem samþykktir hafi verið af Sigurði K. G. Sigurðssyni. Vinnufélagi Sigurðar, Kristmundur Hannesson, hafi á sama hátt gefið út og áritað suma af víxlum þessum. Víxlarnir hafi verið notaðir af Sigurði K. G. Sigurðssyni í viðskiptum, og hafi söluandvirði þeirra ekki með neinum hætti runnið til hagsbóta fyrir Sigurð Helgason. Víxlarnir hafi einungis greiðst að litlu leyti, og hafi verið gengið að víxilskuldurunum, og hafi bú Sigurðar K. G. Sigurðssonar verið tekið til gjaldþrotaskipta 8. maí 1986, bú Sigurðar Helgasonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 8. desember 1986 og bú Kristmundar Hannessonar þann 13. febrúar 1987. Víxilkröfunum hafi verið lýst í öll þrotabúin, og hafi Heba Hallsdóttir fengið heimild þrotabúa Sigurðar Helgasonar og Kristmundar Hannessonar til höfðunar tveggja dómsmála til riftunar og endurkröfu hér fyrir dómi.

Stefnda hafi selt íbúð sína að Grenimel 14 og hlut sinn í íbúð að Blómvallagötu 10 A á árinu 1986 og keypt íbúð að Hrafnhólum 2, Reykjavík, og sé íbúð þessi nú eina fasteign félagsbús þeirra hjóna.

Málsástæður og lagarök stefndu.

1. Aðalkrafa stefndu er byggð á því, að samningur hennar og Sigurðar Helgasonar frá 26. ágúst 1982 hafi verið samningur á milli sambúðarfólks um skiptingu eigna þess og sá samningur hafi haft réttaráhrif samkvæmt efni sínu. Stefnda hafi í máli þessu sannað, að samningurinn hafi í raun verið gerður á þessum tíma, þar sem vitni hafi borið um, að þeim hafi verið um samninginn kunnugt á þessum tíma, þótt vitnin hafi ekki séð

samninginn sjálfan. Framburður vitnanna, sem hafi verið móðir stefndu, systir hennar, systir Sigurðar Helgasonar og sonur hans af fyrra hjónabandi auk Sigurðar Helgasonar sjálfs, hafi verið í alla staði trúverðugur og styðji framburð stefndu um tilurð samningsins og kringumstæður á þessum tíma. Samningurinn frá 26. ágúst 1982 hafi því verið gildur og haft réttaráhrif samkvæmt efni sínu milli aðila hans, þ.e. stefndu og Sigurðar Helgasonar. Þá sé ljóst, að enginn gjafagerningur hafi farið fram milli þeirra á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag.

Stefnandi byggi mál sitt á hinni hlutlægu riftunarreglu 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga og krefjist riftunar á „gjafagerningi", sem „afhentur" hafi verið með kaupmála þeirra hjóna 13. desember 1985. Það sé eðli kaupmála hjóna, að með þeim sé unnt að gera eign annars að séreign hins, og þá megi líta svo á, að gjafagerningur fari fram. En með kaupmála sé einnig og oftar eign annars gerð að séreign hans sjálfs til þess að vernda eign hans. Gerð kaupmála sé því alls ekki í eðli sínu gjafagerningur, heldur geti gjafagerningur verið í honum, en þurfi ekki að vera þar. Þau verðmæti, sem kaupmáli stefndu og Sigurðar Helgasonar taki til, hafi verið eignir hennar fyrir hjúskapinn, og þess vegna hafi kaupmálinn ekki falið í sér „gjafagerning", sem riftanlegur sé skv. 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga. Stefnda hafi öðlast forræði og heimildir eignanna þegar með samningnum 26. ágúst 1982, og hún hafi því haft fulla vernd gegn réttargerðum, t.d. fjárnámum, sem kynnu að beinast gegn Sigurði Helgasyni. Við túlkun á 60. gr. gjaldþrotalaga, sem stefnandi byggi á, verði að athuga, að ákvæðið miði við það tímamark, er ráðstöfun er gerð með þeim hætti, að þriðji maður öðlist ekki betri rétt með réttargerð, en ekki sé miðað við, að ráðstöfun þurfi að halda gagnvart grandlausum viðsemjanda. Því beri að líta svo á, að samningurinn frá 26. ágúst 1982 hafi öðlast réttaráhrif frá dagsetningu hans, og 60. gr. laganna sé því ekki til fyrirstöðu í því, að fallist verði á sýknukröfu stefndu.

Stefnda styður sýknukröfu sína auk þessa með því, að endurgreiðslukrafa stefnanda byggist á 62. gr. gjaldþrotalaga, þ.e. þeirri fjárhæð, sem svari til auðgunar stefndu af hinni riftanlegu ráðstöfun. En stefnda hafi ekki auðgast eða hagnast af gerð kaupmálans, og séu því skilyrði 62. gr. laganna ekki uppfyllt.

2. Varakröfu sína styður stefnda þeim rökum í fyrsta lagi, að kröfur stefnanda í tl. 4 hafi ekki lagastoð, þar sem umrætt sumarhús sé lausafé, er hafi frá öndverðu verið í hennar eigu, og þeirri eignarheimild þurfi ekki að þinglýsa, þannig að 60. gr. gjaldþrotalaga geti engan veginn átt við um þessa eign. Í öðru lagi sé bent á varðandi kröfur í tl. 2, að jafnvel þótt ekki yrði fallist á, að stefnda hafi ekki auðgast við gerð kaupmálans, þá sé sýnt og upplýst, að auðgun hennar geti aldrei verið reiknuð meira en kr. 1.038.907.

Stefnda styður kröfu sína um niðurfellingu eða lækkun á kröfum stefnanda einnig með vísan til 65. gr. gjaldþrotalaga. Ákvæði þetta feli í sér þau sanngirnissjónarmið, að heimilt sé að lækka eða fella niður kröfu, ef greiðsla kröfunnar væri svo miklum erfiðleikum bundin, að ósanngjarnt megi teljast, og önnur atvik leiði til hins sama. Í máli þessu sé upplýst og óumdeilt, að stefnda hafi allt frá upphafi kynna þeirra hjóna árið 1981 lagt til með aðstoð móður sinnar og annarra aðstandenda verulegar fjárhæðir í sameiginlegt bú þeirra. Íbúðin að Hrafnhólum 2 sé eina verðmæta eign búsins, og myndi dómur, sem skyldaði hana til að greiða einhverjar umtalsverðar fjárhæðir, hafa í för með sér fjárhagslegt skipbrot fyrir fjölskylduna með tvö börn á framfæri. Þetta beri að meta á móti kröfu Hebu Hallsdóttur, sem gengið hafi frá skuldbindingum sínum með því að gefa út venjulegt skuldabréf og þar með öðlast þessa kröfu á hendur stefndu, sem sett gæti heimili hennar í rúst, án þess að þau hafi nokkru sinni haft fjárhagslegan ávinning af fjárhæðum þeim, sem lýst hafi verið í þessu máli. Fræðimenn hér og erlendis hafi fjallað um þessa sanngirnisreglu 65. gr. laganna og skýrt hana svo, að henni sé einmitt ætlað að taka til slíks tilviks.

III.

Ágreiningur málsaðila snýst í fyrsta lagi um það, hvort eignir þær, sem gerðar voru að séreign stefndu í kaupmála hennar og Sigurðar Helgasonar 13. desember 1985, hafi verið eignir hennar fyrir eða hvort um gjafir Sigurðar til hennar hafi verið að ræða, sem þá séu riftanlegar skv. 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Af hálfu stefndu er nægilega leitt í ljós, að þegar þau Sigurður hafi tekið upp sambúð í ágúst 1982, hafi þau gert með sér samning sín í milli, þar sem Sigurður afsalaði til hennar öllum eignum sínum, sem voru:

20% eignarhluti í Grenimel 14, bifreið og innbú.

Íbúðin að Grenimel 14 var þó aldrei skráð eða þinglýst á nafn stefndu, og verður því ekki talið, að stefnda hafi haft venjulegar eignarheimildir að íbúðinni á hendi, enda hefðu skuldheimtumenn Sigurðar getað gengið að íbúðinni. Með kaupmálanum var íbúð þessi gerð að séreign stefndu. Með hliðsjón af 1. og 2. mgr. 30. gr., sbr. 33. gr. laga nr. 20/1923 um fjármál hjóna verður að telja, að þessi ráðstöfun íbúðarinnar að Grenimel 14 til stefndu hafi verið gjöf, sem 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga tekur til. Með skráningu kaupmálans í kaupmálabók hinn 13. desember 1985 fór sú þinglýsing fram, sem færði eignarheimildir að íbúðinni frá Sigurði Helgasyni til stefndu, og telst hún því afhending gjafarinnar skv. 60. gr. gjaldþrotalaga. Það var innan frestsins í 1. tl. 51. gr. laganna, og er ráðstöfun þessi því riftanleg.

Stefnda seldi íbúð þessa hinn 6. mars 1986 og fékk kr. 1.775.000 í pen-

ingum fyrir, og gerir stefnandi kröfu í tl. 2 um greiðslu þessa fjár til búsins skv. 62. gr. gjaldþrotalaga.

Andmæli stefndu við fjárhæð þessarar kröfu byggjast á sérstökum fjárframlögum hennar til félagsbús hennar og Sigurðar Helgasonar á árunum 1982-1985, samtals að fjárhæð kr. 354.234,03, sem eigi að valda því, að eignir Sigurðar Helgasonar, sem taldar séu kr. 1.393.142 í skattframtölum, beri að lækka um þessa fjárhæð og verði því kr. 1.038.907 og hagnaður stefndu skv. 62. gr. laganna geti aldrei orðið hærri en nemi þessari fjárhæð.

Á þetta verður ekki fallist. Rift er gjöf til hennar, sem hún seldi, og verður henni því gert að greiða það fé, sem hún fékk við söluna á gjöfinni, hvað sem líður öðrum fjármálum þeirra hjóna, áður en þau gengu í hjónaband. Ekki verður heldur talið, að 65. gr. gjaldþrotalaga veiti hér heimild til lækkunar á endurgreiðslukröfunni. Verður stefndu því gert að greiða þrotabúinu kr. 1.775.000 ásamt vöxtum frá stefnubirtingardegi, en krafa stefnanda um dráttarvexti verður ekki tekin til greina, þar sem telja verður, að lagaheimild fyrir henni skorti. Krafa stefnanda í tl. 3 er því ekki tekin til greina.

Í tl. 4 gerir stefnandi kröfu um, að stefnda afhendi og afsali þrotabúinu sumarhúsi því í landi Stórafjalls í Borgarfirði, sem stefnda hafi fengið gefins með kaupmálanum.

Gegn andmælum stefndu og framlögðum gögnum hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að sumarhús þetta hafi verið eign Sigurðar Helgasonar og að um gjöf til stefndu hafi því verið að ræða. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Taka ber til greina kröfu stefnanda um staðfestingu löghaldsgerðar, er fram fór hinn 5. júní 1987 í fasteign stefndu að Hrafnhólum 2, Reykjavík.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Rift er gjöf Sigurðar Helgasonar til stefndu, Soffíu Kristjánsdóttur, á 3ja herbergja íbúð að Grenimel 14, Reykjavík, í kaupmála þeirra, sem dagsettur er 13. desember 1985.

Stefnda, Soffía Kristjánsdóttir, greiði stefnanda, Hebu Hallsdóttur vegna þrotabús Sigurðar Helgasonar, kr. 1.775.000 með vöxtum jafnháum hæstu innlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 10. júní 1987 til greiðsludags og kr. 150.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. mars 1990.

Nr. 436/1989
og 461/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Birgi Andréssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Nauðgun. Skírlífisbrot. Skjalafals. Málasamsteypa. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 24. október 1989 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1989 í máli, sem höfðað var með ákæru 21. febrúar 1989 á hendur ákærða og þremur öðrum, sem una héraðsdómi. Þá hefur ríkissaksóknari einnig að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1989 dómi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða 25. september 1989 í máli, sem höfðað var gegn ákærða með ákæru 29. janúar 1987. Báðum þessum dómum er einnig áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu ákærða.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

I.

Héraðsdómur 19. júní 1989.

Samkvæmt skýrslu ákærða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 9. ágúst 1988, sem hann staðfesti fyrir dómi 7. mars 1989, sá ákærði meðákærðu með óútfyllt tékkaeyðublöð. Við sama tækifæri bauð annað meðákærðu ákærða fé fyrir gamla bankabók, er ákærði átti. Samþykkti ákærði þetta. Ákærði fór síðan í bifreið með meðákærðu að bankastofnunum þeim, sem nefndar eru í ákærunni, og samkvæmt framburði hans fyrir dómi 27. apríl 1989 vissi hann, að ætlunin var að selja falsaðan tékka.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta niðurstöðu hans um, að ákærði hafi staðið að brotum þeim með ofangreindum tveimur með-

ákærðu, sem lýst er í ákæru málsins. Er atferli hans réttilega heimfært til refsiákvæða í héraðsdómi.

Kröfu Búnaðarbanka Íslands, að fjárhæð 97.000 krónur, var af hálfu bankans ekki beint að ákærða Birgi. Voru því ekki efni til, að héraðsdómari fjallaði um þessa kröfu, að því er tók til hans. Ber við svo búið að ómerkja ákvæði héraðsdóms, er að þessu lýtur, og vísa kröfu þessari, að því er ákærða Birgi varðar, frá héraðsdómi.

II.

Héraðsdómur 25. september 1989.

Ákæruliður 1.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa 19. október 1986 haft samfarir við stúlku þá, sem tilgreind er í þessum ákærulið, en hún var þá 12 ára. Ákærði vissi, að hún var ekki eldri en 13 ára. Framburður vitna um aðdraganda þess, að stúlkan fór inn í herbergi ákærða með honum, um ástand hennar, er hún kom þaðan út, og af ummælum hennar við tvær vinstúlkur styrkja frásögn hennar um, að ákærði hafi beitt hana líkamlegu ofbeldi. Vottorð Arnars Haukssonar læknis styður og framburð hennar. Með hliðsjón af framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem hann er hér saksóttur fyrir, og varðar það við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliðir 2 og 3.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms varðandi þessa ákæruliði, þ.e., að ákærði hafi tvívegis tælt stúlku þá, sem nefnd er í þessum ákæruliðum, til samræðis við sig og í eitt skipti reynt slíkt. Var ákærða ljóst, að stúlkan var ekki eldri en 15 ára.

Brot þau, sem þessir ákæruliðir fjalla um, eru réttilega heimfærð til refsiákvæða í héraðsdómi.

Ákæruliðir 4 og 5.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingu héraðsdóms fyrir brot gegn 2. mgr. 200 gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga og fallið frá kröfu í ákæru um sakfellingu samkvæmt 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa reynt að hafa kynmök við

stúlkur þær, sem nefndar eru í þessum ákæruliðum, en þær voru báðar 15 ára á þessum tíma. Báðar höfðu unnið hjá ákærða, og mátti honum vera ljós aldur þeirra. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærði hafi umrætt sinn reynt að tæla nefndar stúlkur til samræðis, þannig að varði við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Verður fyrrnefnda lagaákvæðinu beitt hér, þótt ekki sé vísað til þess í ákæru, enda hefur málið verið flutt fyrir Hæstarétti með hliðsjón af því, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákæruliður 6.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið á eftir stúlku þeirri, sem nefnd er í þessum ákærulið, inn á salerni, en vitni hefur borið um ágengni ákærða við hana áður. Stúlkan var 14 ára. Vitni heyrðu stúlkuna hrópa upp inni á salerninu, og síðan kom hún út þaðan grátandi með sprungna vör. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið utan um hana og hún síðan fallið, er hann sleppti henni. Með hliðsjón af þessu þykir sannað, að ákærði hafi ráðist þannig á stúlkuna, að varði við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Brot þau, sem ákærði hefur verið fundinn sekur um samkvæmt II. kafla hér að framan, verða að teljast stórfelld. Ákærði rak leiktækjastað, þar sem unglingar vöndu komur sínar, þar á meðal stúlkur þær, 12 til 15 ára gamlar, sem tilgreindar eru í ákæru málsins. Sumar þeirra höfðu starfað hjá ákærða. Þá liggur og fyrir, að ákærði hafi stundum veitt stúlkunum áfengi og hagnýtt sér ölvun þeirra.

Þegar framangreint er haft í huga og með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11. - 26. nóvember 1986 með fullri dagatölu.

Staðfest eru ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Meðferð máls þess, sem um er fjallað í II. kafla hér að framan, tók 2 ár og 8 mánuði eftir útgáfu ákæru. Hefur sá dráttur, sem varð á rekstri málsins, ekki verið réttlættur, og er hann vítaverður.

Dómsorð:

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá héraðsdómi, að því er ákærða, Birgi Andrésson, varðar.

Ákærði sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11. - 26. nóvember 1986.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1989.

Ár 1989, mánudaginn 19. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 279-282/1989: Ákæruvaldið gegn Birgi Andréssyni, X, Y og Z, sem tekið var til dóms 31. f.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. febrúar sl., á hendur ákærðu, Birgi Andréssyni, Gnoðarvogi 74, fæddum 23. apríl 1959 í Reykjavík, X [.....], Y [...] og Z [...], öllum til heimilis þar í borg.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir skjalafals framið í Reykjavík í júlí 1988, nema annar tími sé tekinn fram:

— — —

II. Ákærðu Birgi, Y og Z er gefið að sök að hafa staðið saman að því að falsa og nota í viðskiptum 2 tékka úr ofangreindu tékkhefti, svo sem rakið er:

1. Tékki nr. 270, að fjárhæð kr. 92.380, dagsettur 20.7. 1988, gefinn út til Y með útfgefandanafnrituninni Þórhallur Tryggvason. Ákærðu framvísuðu tékkanum í söluskyni í afgreiðslu Útvegsbanka Íslands í Suðurveri.

2. Tékki nr. 273, að fjárhæð kr. 97.000, dagsettur 20.7. 1988, gefinn

út til Harðar Karlssonar með útgefandanafnrituninni Þórhallur Tryggvason. Seldur í Háaleitisútbúi Búnaðarbankans.

— — —“

Málavextir:

I.

— — —

II.

Ákærðu Y og Z hafa viðurkennt, að sakargiftum sé rétt lýst í þessum kafla ákærunnar, að því er þau varðar, en ákærði Birgir Andrésson kveðst vera saklaus.

Ákærði Z kveðst hafa látið ákærðu Y hafa eyðublað úr áðurgreindu hefti til að falsa á tékka þann, sem um ræðir í 1. lið þessa kafla ákærunnar. Ákærði fékk ákærðu til þess að reyna að leggja tékkann inn á bankareikning í Útvegsbankanum í Suðurveri. Það tókst ekki, og komust þau á brott í bifreið, sem þau voru í ásamt ákærða Birgi, en ákærðu biðu utan dyra í bifreiðinni, á meðan ákærða Y fór inn, og vissu ákærðu báðir, hvað hún aðhafðist. Ákærði fullyrðir, að ákærða Y hafi ritað nafn útgefandans á tékkann. Þá fullyrðir ákærði, að ákærði Birgir hafi ekki verið ölvaðri en svo, að hann hafi vitað, hvað verið var að gera.

Ákærði kannast við að hafa látið ákærðu Y falsa tékkann, sem um ræðir í 2. lið þessa kafla ákærunnar. Ritaði ákærða Y alla framhlið tékkans, en ákærði framsalsnafnið á bakhlið hans, og ákærði lagði sjálfur andvirði tékkans inn á bankabók ákærða Birgis í Seljaútibúi Búnaðarbanka Íslands. Þetta gerði hann í Háaleitisútibúi bankans, en síðar sama dag fór hann í Seljaútibúið og tók út 95.000 krónur.

Ákærði segir, að ákærði Birgir hafi vitað, að nota skyldi bankabók hans við að ná út peningum með fölsuðum tékka. Ákærði segir, að báðir tékkarnir hafi verið skrifaðir heima hjá ákærða Birgi í húsi við Hverfisgötu eða Laugaveg. Ákærði telur mögulegt, að ákærði Birgir hafi ekkert fengið af andvirði 97.000 króna tékkans.

Ákærði segir, að hann hafi notað allt það, sem hann fékk fyrir tékkann, fyrir sjálfan sig og aðra í óreglu.

Ákærða Y kannast við að hafa staðið að því að nota umrædda tvo falstékka, og hafi hún falsað með eigin hendi framhlið þeirra beggja, en þó ekki ritað útgefandanafnið á hinn fyrrgreinda. Það hafi ákærði Birgir gert. Ákærða kveðst hafa ritað eigið nafn á bakhlið fyrrgreinda tékkans sem framseljandi. Ákærða kveðst sjálf hafa ritað innleggsnótu vegna fyrrgreinda tékkans, en hún hugðist leggja andvirði hans inn á bankabók í Útvegsbankanum í Suðurveri. Gjaldkerinn vildi skoða tékkann betur, og

þá flúði ákærða af vettvangi ásamt ákærðu Birgi og Z, sem biðu í bifreið fyrir utan bankann. Ákærða segir, að ákærði Birgir hafi verið í „blackouti" vegna drykkju í bifreiðinni og því tæpast vitað, hvað þau hin voru að aðhafast. Ákærða segir, að það megi segja, að ákærði Z hafi hvatt hana til að selja umræddan tékka.

Ákærða kveðst hafa verið með ákærða Z síðar sama daginn og þau fóru í bankann í Suðurveri, þegar hann fór í Háaleitisútibú Búnaðarbanka Íslands og seldi þar 97.000 króna tékkann. Lét ákærði Z andvirði hans inn á bankareikning ákærða Birgis, sem hafði lánað þeim bók sína. Enn síðar sama dag tók ákærði Z fjárhæðina út úr reikningnum og gerði það í Seljaútibúi sama banka. Ákærði Birgir fékk ekkert af andvirði tékkans, sem ákærða og ákærði Z voru að mestu búin að eyða í óreglu, þegar til þeirra náðist. Ákærði Birgir var að sögn ákærðu ekki með þeim í bifreiðinni, þegar þau voru að ná út peningunum fyrir 97.000 króna tékkann.

Ákærða kveðst standa í þeirri trú, að ákærði Birgir hafi vegna ölæðis ekki gert sér grein fyrir, hvað þau hin ákærðu ætluðust fyrir með bankabók hans.

Ákærði Birgir kveðst hafa verið mikið ölvaður á ferð umrætt sinn í bifreið með ákærðu Z og Y, sem bæði voru undir áhrifum eiturlyfja. Ók Z í þetta skipti að Útvegsbanka Íslands í Suðurveri, þar sem ákærða Y fór inn, og vissi ákærði, að hún ætlaði að selja tékka. Jafnframt vissi ákærði, að ekki væri í lagi með umræddan tékka. Ákærði segir, að ákærða hafi verið með í sínum fórum bankabók frá ákærða, sem ákærði Z hafði fengið ákærða til að láta siga hafa. Ákærði kveðst vegna ölvunar ekki hafa áttað sig á því, í hvaða skyni ákærði Z vildi fá bókina. Ákærða Y kom út úr bankanum án þess að hafa fengið peninga og var þá ekið með „hraði" á brott.

Ákærði kveðst ekki hafa fengið bókina í hendur aftur, og ekkert veit ákærði um sölu meðákærðu á 97.000 króna tékkanum né fékk ákærði hluta af andvirði þess tékka. Ákærði segir, að ákærði Z hafi boðið honum peninga fyrir afnot af bókinni, og renndi ákærði grun í, að nota ætti bókina í einhverjum ólöglegum tilgangi. Í fyrri yfirheyrslu yfir ákærða kvað hann um hafa verið að ræða 30.000 krónur, en í síðari yfirheyrslum talar ákærði um 15-20.000 krónur. Ákærði Z segist mótmæla framburði ákærða Birgis, og hafi hann vel vitað, hvað verið var að gera. Ákærði Z segir, að ákærði Birgir hafi verið úti í bifreiðinni, þegar hann lagði inn 97.000 króna tékkann, en verið horfinn, þegar ákærði kom aftur út úr bankanum. Þá var hann ekki við, þegar peningarnir voru teknir út úr bankanum.

Ákærði Birgir segir, að ákærðu hafi komið í heimsókn á Laugaveg 142 í Reykjavík, þar sem ákærði var staddur hjá húsráðanda, sem einnig var heima. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, að ákærðu væru að falsa tékka í

íbúðinni, en ákærði kveðst hafa verið ofurölvi og sofandi megnið af tímanum. Þegar ákærði vaknaði, bað ákærði Z ákærða að lána sér bankabók, og mundi hann þá útvega ákærða peninga. Ákærði var félaus og lét til leiðast. Varð honum ljóst, þegar búið var að yfirgefa íbúðina og ekið var að bankanum í Suðurveri, að ætlunin var að selja falsaðan tékka. Var ákærði þá mjög ölvaður eins og áður, en þau hin frísk, enda nýbúin að sprauta sig í íbúðinni með einhverju örvandi.

Ákærði staðfestir, að hann hafi verið í bifreiðinni með ákærðu, þegar ákærði Z lagði 97.000 króna tékkann inn í Háaleitisútibú bankans á reikninginn í Seljaútibúinu. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, að þetta hefði tekist, en næst var ekið upp í Breiðholt, og þar fór ákærði Z inn í Seljaútibú bankans. Þegar hann kom út aftur úr Háaleitisútibúinu, sagði hann, að förin hefði misheppnast, en áður en ákærði Z kæmi til baka úr Seljaútibúinu, var ákærði búinn að yfirgefa bifreiðina. Ákærði hefur ekkert hitt ákærða Z eftir þetta.

Stuttu eftir að ákærði yfirgaf bifreiðina, kveðst hann hafa hringt í Svein Björnsson, rannsóknarlögreglumann í Hafnarfirði, sem ákærði er málkunnugur, og sagði honum, hvað hin ákærðu væru að aðhafast.

Sveinn Björnsson hefur sent dóminum yfirlýsingu þess efnis, að hann muni óglöggt eftir því, að ákærði Birgir hafi tilkynnt honum um ávísanafals einhverra hjóna í júlí sl., en vill ekki útiloka, að þetta hafi gerst.

III.

— — —

Niðurstöður.

— — —

Ákærði Birgir hefur lýst yfir sakleysi sínu vegna fölsunar og notkunar tékkanna tveggja í II. kafla ákærunnar, en gerð þeirra og notkun er þar rétt lýst. Hann hefur samt viðurkennt að hafa verið með hinum ákærðu, þegar þau voru að reyna að nota tékkana, og einnig að hafa látið þau hafa bankabók sína, en ákærði Z hafi boðið honum fé fyrir afnot af bókinni, sem hann hafi rennt grun í, að ætti að nota í einhverjum ólöglegum tilgangi. Einnig hefur ákærði Birgir viðurkennt að hafa vitað, að ekki var í lagi með fyrrgreinda tékkann, þegar reynt var að nota hann, og að ákærða Y var þá með bankabókina. Þegar allt þetta er virt, þykir sannað þrátt fyrir framburð ákærða um, að hann hafi ekki áttað sig á því vegna ölvunar, í hvaða skyni ákærði Z vildi fá bókina, og framburð ákærðu Y um, að ákærði Birgir hafi ekki vitað vegna ölæðis, hvað ætlast var fyrir með bankabókina, að ákærða hafi ekki getað dulist, hvað verið var að gera,

enda fullyrðir ákærði Z, að svo hafi verið. Þykir því sannað, að ákærði Birgir hafi staðið að fölsunarbrotum þessum í félagi við ákærðu Y og Z, en þeirra hlutur að málinu er sannaður með játningum þeirra sjálfra, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið um það efni.

— — —

Sakaferill ákærðu.

Ákærði Birgir:

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði Birgir sætt alls átta refsidómum, einum fyrir líkamsárás, öðrum fyrir fjársvik og sex fyrir umferðarlagabrot (hinn síðasti uppkveðinn 29. apríl 1989). Þá hefur hann níu sinnum sæst á greiðslu sektar.]

— — —

Refsingar.

Ákærðu verður öllum ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 60. gr. sömu laga verður hin skilorðsbundna refsing ákærðu Y samkvæmt dóminum frá 5. desember 1988 felld inn í þá refsingu, sem henni verður nú ákvörðuð, en ákærða hefur ekki rofið skilorð dómsins. Þá verður við ákvörðun refsingar ákærða Birgis höfð hliðsjón af því, að hann naut einskis af því, sem ávannst með brotum þeim, sem hann er sakfelldur fyrir.

Ákærði Birgir sæti fangelsi í 1 mánuð, ákærði X sæti fangelsi í 4 mánuði, ákærða Y sæti fangelsi í 5 mánuði og ákærði Z sæti fangelsi í 4 mánuði. Þar sem ákærða Y hefur ekki rofið skilorð áðurgreinds dóms, þykir eftir atvikum mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar hennar, og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hún almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabætur.

Eftirgreindir aðilar gera bótakröfur sem hér segir:

— — —

Búnaðarbanki Íslands 97.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 20. júlí 1988.

— — —

Ákærðu önnur en ákærði Birgir hafa samþykkt þær bótakröfur, sem uppi eru hafðar á hendur þeim. Ákærðu verða dæmd til þess að greiða kröfurnar eins og nánar greinir í dómsorði.

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í 1 mánuð.

— — —

Ákærðu Birgir, Y og Z greiði óskipt í bætur Búnaðarbanka Íslands 97.000 krónur ásamt almennum vöxtum frá 20. júlí 1988 til greiðsludags.

Ákærði Z greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 30.00 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar og Garða 25. september 1989.

Ár 1989, mánudaginn 25. september, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 21/1987: Ákæruvaldið gegn Birgi Andréssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. september sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 29. janúar 1987, höfðað gegn Birgi Andréssyni, Smiðsbúð 9, Garðabæ, fyrir eftirgreind skírlífisbrot og líkamsárás á árinu 1986:

1. Sunnudaginn 19. október skömmu eftir kl. 23.00 í herbergi sínu á 2. hæð í billjarðstofunni og leiktækjasalnum að Smiðsbúð 9, Garðabæ, þröngvað stúlkunni A, [...], fæddri [...] 1973, til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Að hafa tvívegis í nefndu herbergi sínu að Smiðsbúð 9, Garðabæ, tælt stúlkuna B, [...], fædda [...] 1973, til holdlegs samræðis, í fyrra skiptið í júlí eða september og í síðara skiptið sunnudaginn 12. október skömmu eftir kvöldverðartíma.

Telst þetta varða við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Laugardagskvöldið eða nóttina 8. nóvember á sama stað reynt að tæla nefnda B gegn vilja hennar til samræðis.

Telst þetta varða við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Þriðjudaginn 21. október skömmu eftir kl. 20.00 reynt að þröngva stúlkunni C, [...], fæddri [...] 1971, til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi í herbergi sínu að Smiðsbúð 9, Garðabæ.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Aðfaranótt mánudagsins 29. september reynt að þröngva stúlkunni D, [...], fæddri [...] 1971, til holdlegs samræðis með líkamlegu ofbeldi í herbergi sínu að Smiðsbúð 9, Garðabæ.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Laugardagskvöldið 8. nóvember um miðnættið slegið stúlkuna E, [...], fædda [...] 1972, [...], í andlitið og skellt henni í gólfið á salerni í Smiðsbúð 9, Garðabæ. Bólgnaði hún á efri vör hægra megin og hlaut áverka á hægri fót við fallið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Samkvæmt framburði ákærða, vætti vitna og öðrum rannsóknargögnum eru málavextir þessir:

Hinn 15. apríl 1986 keypti ákærður Billjarðstofu Garðabæjar, þ.e. hann tók húsnæðið, sem hún var í að Smiðsbúð, Garðabæ, á leigu, en keypti tækin, sem þar voru fyrir, og önnur til viðbótar og hélt áfram rekstrinum, sem hafði verið þarna fyrir, og stofnaði félag um reksturinn, og var leyfi fyrir honum til fyrri eiganda til 1. sept. 1986. Ákærður hafði síðar tekið á leigu annan sal í sama húsi, sem var óinnréttuð (sic). Hann hafði svo innréttað þennan sal og keypt í hann leiktæki. Hann hafði sótt um leyfi til reksturs með þessi leiktæki hjá bæjarfógetanum í Garðabæ, en ekki hafði umsókn hans verið afgreidd, er hann opnaði leiktækjasalinn 20. júní 1986. Hann hafði 24. júlí 1986 sótt um til Garðabæjar að fá leyfi til reksturs billjarðstofu og spilasalar að Smiðsbúð 9, Garðabæ, en það erindi var óafgreitt, er staðnum var lokað, svo sem síðar verður vikið að, en ákærður hafði ekkert leyfi til rekstursins, eftir að leyfi til fyrri eiganda rann út 20. ágúst 1986 eða 20. sept. 1986. 20. ágúst 1986 hafði ákærður sótt til bæjarstjórnar Garðabæjar um leyfi að reka félagsmiðstöð fyrir unglinga í Garðabæ í greindu húsnæði, en var synjað, eða erindinu var vísað frá. Á tímabilinu frá 8. febrúar til 28. júlí 1986 fór lögreglan í Garðabæ fjórum sinnum í eftirlitsferð á staðinn, og virtist allt þá eðlilegt og ekki óregla eða ósæmileg hegðun á þeim ungmennum, sem þar voru, en í eitt skiptið voru teknar af þeim þrjár áfengisflöskur, en þeir höfðu ekki aldur til að hafa það (sic) undir höndum. Hins vegar hafði félagsmálastjóra Garðabæjar tekið að berast til eyrna, er leið á haustið, að unglingar væru að drekka þar innan

dyra, en staðurinn var mikið sóttur af unglingum. Fram er komið, að á þessum tíma er ákærður farinn að veita unglingum áfengi og er með klámkjaft og áreitni við þá. Hann hafði og sjálfur tekið að neyta óhóflega áfengis í október, og hafði ástandið á billjarðstofunni farið hríðversnandi, og sunnudagskvöldið 9. nóvember 1986 er lögreglan í Garðabæ svo kvödd að billjarðstofunni vegna áfloga þar, og áttust þar við ákærður og Gísli V. Bryngeirsson, Eskiholti 20, Garðabæ, en hann var ölvaður og hafði í hótunum við ákærða. Ákærður virtist hins vegar undir áhrifum einhverra vímuefna og var mjög óstyrkur á fótunum. Var framangreindum Gísla og öðrum unglingum, sem þarna voru, vísað út. Síðar um kvöldið var svo óskað eftir sjúkrabifreið að billjarðstofunni til að flytja ákærða á slysadeild Borgarspítalans vegna ofnotkunar lyfja.

Er lögreglan lokaði þarna staðnum fyrr um kvöldið, sem þá hafði, sem fyrr greinir, verið rekinn án tilskilinna leyfa frá 20. ágúst 1986, höfðu tal af henni nokkrar ungar telpur, sem héldu því fram, að ákærður hefði, eftir að hafa veitt þeim áfengi, misnotað þær kynferðislega. Þá töldu þær hann neyta vímuefna og bjóða öðrum þau til sölu og neyslu. Stúlkurnar fóru svo til rannsóknarlögreglu ríkisins til að kæra ákærða, og voru síðan teknar af þeim sjálfstæðar skýrslur, sem leiddu svo eftir frekari rannsókn til málshöfðunar þessarar, þar sem ákærður var sakaður um 5 skírlífisbrot og eina líkamsárás, eins og vikið verður nú nánar að, og fylgt sömu númeraröð og í ákæru.

1. A.

Hún hafi verið að vinna í leiktækjasalnum að Smiðsbúð 9 hjá ákærða fram til kl. 23.00 sunnudaginn 19. október 1986, en þá hafi ákærður lokað staðnum, en leyft þeim unglingum, sem þá voru þar ásamt A, að vera áfram fram til kl. 23.30 við að spila. Þá voru þarna í leiktækjasalnum auk A og ákærðu C Jón Örn Guðmundsson, Engimýri 8, Garðabæ, og Ágúst Petersen, Faxatúni 28, Garðabæ, og hafa þau öll borið um atvik að meintu broti ákærða hér fyrir dómi.

Fram er komið, að ákærður var þarna með rúmlega tveggja lítra flösku af Whisky-víni, sem hann var að drekka úr, og bauð unglingunum að drekka með sér, og neyttu sum þeirra af þessu áfengi, og varð einn þeirra, Jón Örn, töluvert mikið drukkinn, en þau voru við neysluna fram yfir miðnætti. Ákærður hafði verið drukkinn, og A hafði drukkið lítils háttar af áfengi. Þau höfðu öll verið í þeim hluta leiktækjasalarins, þar sem var „diskótek" og lengst er frá inngönginum á salnum. Það leyndi sér ekki þarna, að ákærður hafði mikinn áhuga á A og var að reyna við hana, og er hún sat þarna á stól gegnt honum og hann var að teygja sig eftir plötum, náði hann að kyssa hana einn koss, og kvaðst hún þá hafa sagt honum að hætta. Hann hafði verið að biðja hana að koma með sér í herbergi

sitt, sem var við hliðina á billjarðstofunni, og var gengið inn í það úr ganginum að billjarðstofunni. Ekki hafði hún tekið undir það að fara með honum, en hann haldið áfram að nauða í henni. Hún hafði þá viljað, að C kæmi með henni og beðið hana um það. C hafði þá verið að tala við Ágúst Petersen og færst undan því og talað um, að ákærður væri svo góður strákur, hún skyldi fara með honum. Ákærður hafði þá tekið um öxlina á henni og þau farið saman inn í herbergi hans. Hún heldur því fram, að hann hafi hálfdregið hana inn í herbergið, en hann kvað hana hafa komið fúslega með honum. Ekki er fram komið, að hún hafi streist á móti. Vitnunum C og Ágústi Petersen ber saman um, að ákærður hafi dregið eða hálfdregið A með sér í herbergi sitt. Eftir að inn í herbergið var komið, lýsir A atvikum svo, að ákærður hafi þá ætlað að læsa hurðinni og hún þá ætlað út, en hann þá hent henni niður á rúmið. Hún hafði getað staðið upp, meðan hann slökkti í vindlingi, sem hann var með, og hann þá hent henni niður á rúmið. Hann hafði svo haldið höndum hennar aftur fyrir höfuðið og byrjað að kyssa hana, en hún sagt honum að hætta þessu. Hækkað hafi verið í hljómtækjunum í leiktækjasalnum, og kvað hún ekkert hafa heyrst í henni, þó að hún hafi reynt að öskra. Með þetta tak á henni, kvað hún ákærða hafa tekist að losa eða taka beltið úr buxum hennar og taka þær svo niður um hana og svo setja kynlim sinn inn í kynfæri hennar og hafa samfarahreyfingar, en bara stutt, eða um fjórum sinnum. Hún kvað hann þá hafa gefið henni kost á að halda áfram, en hún þá öskrað á hann að hætta og hann að lokum farið eftir því. Hún kvaðst hafa verið hrein mey og fundið til við það, að hann fór inn í hana, og það hafi aðeins blætt úr kynfærum hennar eftir þetta. Hún kvaðst, meðan á þessu stóð, hafa reynt að kalla eða öskra, en ekki mikið, þar sem hljómtækin voru svo hátt stillt. Hún hafði reynt að sparka og beita fótunum, en ekki getað það að ráði, þar sem hann hefði setið ofan á þeim. Ekki minntist hún þess, að hann hefði neitt reynt að tala hana til, áður en hann hóf þessar aðfarir. Hún kvaðst svo hafa klæðst og farið fram til hinna unglinganna, sem ber saman um, að hún hafi þá verið mjög rauð í andliti og eins og hún væri að því komin að gráta. Hún hafði þá farið fram á salerni og hafði ákærður þá beðið C að fara til hennar. Hún hafði spurt hana, hvað hefði gerst, en A ekki viljað skýra frá því, fyrr en þær væru komnar út. Þær höfðu svo farið saman út, eftir að búið var að opna húsið fyrir þær, og kvað C ákærða hafa komið fram á stigapallinn, er þær fóru niður, og sagt A að kyssa sig bless, en hún ekki viljað, en ákærður þá tekið í hana og haldið henni, meðan hann kyssti hana. Hún kvað A svo, eftir að út var komið, hafa sagt henni, að ákærður hefði nauðgað sér, þ.e. tekið hana, hent í rúmið og nauðgað.

Ákærður neitaði alfarið (sic) í fyrstu að hafa haft samfarir eða reynt að

hafa samfarir við A né neina stúlkuna, sem sökuðu hann um kynferðisleg afbrot gagnvart sér, og einnig neitaði hann að hafa verið að gefa þeim eða öðrum ungmennum, sem sóttu staðinn, áfengi eða fíkniefni. Við síðari yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi hefur ákærður viðurkennt að hafa haft eða reynt að hafa samfarir við þessar stúlkur. Hann lýsir nánar atvikum að samförunum við A þannig, að framangreint kvöld hafi hann verið inni í diskóteksklefanum í leiktækjasal ásamt áðurnefndum ungmennum og þau verið að drekka whiskey (sic), sem hann hafi lagt til, og hann og A verið að gjóa augunum hvort á annað og það endað með því, að hann hafi beðið hana að koma með sér og tala við sig. Hann hafi svo labbað yfir í billjarðsafgreiðsluna og hún komið þangað á eftir honum og hann farið strax að kyssa hana þar og hún svarað kossum hans og ekki sýnt neinn mótþróa. Það hafi svo orðið úr, að þau hafi farið inn í herbergi hans og lagst upp í rúm. Þar hafi þau haldið áfram að kyssast og ákærði strokið henni. Hann kvaðst svo hafa hneppt buxnastrengnum á buxunum hennar og káfað á kynfærum hennar og fundið að þau voru blaut. Hann kvaðst þá hafa staðið upp án þess að tala nokkuð við A, sem legið hafi á bakinu í rúminu, farið að dyrunum fram á stigaganginn úr afgreiðslunni og læst þeim, en þær hefðu staðið opnar. Hann hefði svo farið inn í herbergið aftur, en ekki lokað herbergisdyrunum. Hann kvað A þá enn hafa legið uppi í rúmi og í sömu stellingum og þegar hann hafi farið út. Hann kvaðst hafa lagst aftur við hliðina á henni og haldið áfram að kyssa hana og þukla kynfæri hennar. Í miðjum þessum atlotum hefði hann spurt hana, hvort hún væri hrein mey, og hún kinkað kolli því til staðfestu. Þau hafi haldið atlotunum áfram og hann rennt að fullu niður rennilásnum á buxum hennar. Hann hafði svo beðið hana að lyfta upp rassinum, meðan hann dró buxurnar niður fyrir hann. Hún hefði ýtt fyrst í stað á buxnastrenginn með honum, en hann svo ýtt þeim (sic) niður á hæla hennar, en hún þó verið í báðum skálmunum. Hann hefði svo dregið buxurnar á sér niður á læri og rétt sest upp á meðan. Hann hafði svo lagst ofan á A, glennt sundur fætur hennar í því hafti, sem hún var í, látið liminn inn í kynfæri hennar, tekið einn til tvo samfararykki, en svo sagt henni, að nú gæti það orðið vont, og um leið rennt limnum innar í kynfæri hennar í gegnum meyjarhaftið og hún þá kippst til. Hann hafði þá tekið liminn út og svo rennt honum aftur inn og hún þá sagt þetta vera vont og hann hætt og gert sér grein fyrir, að hann væri ekki að gera rétt með því að hafa kynmök við hana. Hann hafði ekki gáð að því, hvort blæddi úr kynfærum hennar né hvort blóð var á kynlim hans. Hann kvað þau svo hafa staðið upp, haldið áfram að kyssast og svo farið í diskósalinn, þar sem þau hafi enn haldið áfram að kyssast. Hann hélt því fram, að A hefði beðið hann að segja engum frá því, sem hún hefði verið að gera, en hann engu svarað

í því sambandi. Hann kvað svo C og A hafa farið af staðnum rétt á eftir, hann farið með þeim niður og hann þá kysst A á leiðinni.

Vitnið og ákærði hafa verið samprófuð, en ekki hefur fengist samræmi í framburð þeirra; það kannaðist við, að ákærður hefði kysst það við herbergið eða eftir að inn í það var komið, en hefur ekki tekið undir, að það hafi tekið þátt í þeim kossum, eins og ákærður heldur fram.

Eftir því sem fram er komið af framburði vitna og ákærða, má ætla, að ákærður og A hafi verið 15-30 mínútur inni í herberginu, og á þeim tíma fóru C og einnig Ágúst að huga að A og fóru að herbergi ákærða, en komu þá að læstum dyrunum á stigaganginum að billjarðstofunni. Ekki er fram komið, að þau hafi þá heyrt nein hróp eða köll úr herbergi ákærða eða orðið vör við átök þar, né er fram komið, að neinn annar af unglingunum í leiktækjasalnum hafi heyrt þaðan hávaða. A kærði ekki verknaðinn í beinu framhaldi né fór þá í læknisskoðun, heldur gerðist það ekki fyrr en eftir 9. nóv. 1986, er billjarðstofunni var lokað, eins og fyrr er getið, að hún og fleiri stúlkur sammæltust um að kæra ákærða fyrir kynferðisleg brot gagnvart þeim. Hún skýrði strax vinstúlkum sínum frá því, sem hafði gerst, þ.e. að henni hefði verið nauðgað. Hún hefur haldið því fram, að hún hafi strax um kvöldið skýrt strák að nafni Þorsteinn, sem þá hafi verið í leiktækjasalnum og séð hefði á henni, að ákærði hefði farið illa með hana, og hún sagt honum, að hann hefði farið upp á hana, og hún þá spurt hann, af hverju þeir (þ.e. strákarnir þarna) hefðu ekki bankað upp á herberginu, þar sem þeir hafi vitað, að ákærður dró hana þangað, en hann borið því við, að hann hafi verið það drukkinn, að hann myndi það ekki. Ekki var áður fram komið, að unglingur með þessu nafni hafi verið í leiktækjasalnum þarna um kvöldið eftir kl. 23.00, og ekki vissi hún þau deili á honum, að unnt væri að kveðja hann fyrir dóm. Þau ungmenni, sem voru í leiktækjasalnum, er meint nauðgun átti sér stað, hafa, svo sem áður er lýst, borið, að A hafi verið eldrauð í framan og gráti næst eða grátandi, er hún kom út úr herbergi ákærða. Hins vegar kemur ekki fram, að hún hafi borið neina ytri áverka. Hún kvaðst þó, auk þess að hafa verið aum að neðanverðu, hafa verið marin á höndum eða úlnliðum eftir átökin við ákærða, og kvaðst hún hafa sýnt vinkonu sinni, ..., þessa áverka, um leið og hún hafi skýrt henni frá því, sem hafi gerst umrætt kvöld. ... hefur hér fyrir dómi staðfest framburð A um þetta efni, þ.e. að A hafi daginn eftir ætlaða nauðgun sýnt henni mar á hendi, sem hún sagðist hafa fengið í þessum átökum við ákærða, og einnig hafi hún haft áverka annars staðar á líkamanum, eftir að hafa í þetta skipti slegist utan í borð.

Eftir að kæra kom fram í máli þessu, fór A í læknisskoðun 10. nóv. 1986, og í vottorði Arnars Haukssonar segir svo um þessa skoðun:

„Aðdragandi:

Skoðun: A er að mörgu leyti opinn unglingur, en þó um margt á varðbergi. Greinilegt er að hún vill losna undan þessu vonda máli og leggur sig alla fram um að gefa sem nákvæmasta mynd. Af og til (sic) á hún þó erfitt og liggur við að hún beygi af, en harkar þó af sér. Að sjálfsögðu finnst ekkert við alm. líkamlega skoðun, þar sem svo langt er um liðið og ekki að öðru leyti lagðar á hana hendur.

Kvensjúkdómaskoðun: A er ekki full-kynþroska, enn ekki fullmyndaður hárvöxtur og barmar ekki enn tekið út fullan þroska. Ytri kyneinkenni eru sein eða a.m.k. ekki á undan aldri. Við skoðun í leggöng fer hún öll í varnarstöðu strax og nálgast er, meira en væntа má, og sýnt að hún á á öllu illu von. Reynt er að koma litlu skoðunaráhaldi upp í leggöng, en þá meiðir hún sig og fer að gráta. Ytri skoðun sýnir þröngan hring meyjarhafts, sem þó rýmir enda skoðunaráhalds, en við það kemur sprunga í rönd haftsins, án þess að blæði þó. Er því ekki reynt frekar. Í leggöngum er eðlileg útferð, ekkert blóð og þreifing gefur lítið leg, en mikla verki svo hætta verður áður en full innri þreifing tekst (hefur hún og ekki með eðli málsins að gera).

Samantekt: Af frásögn A af aðdraganda og eðli verknaðarins, svo og lýsing á eigin ástandi eftir á, verður ekki dregin önnur ályktun en sú að hún hafi verið útsett (sic) fyrir nauðgun. Öll lýsing er þessleg, hvergi vantar á og erfitt að fella svo í einn ramma svo rökrétta lýsingu.

Skoðun gefur klárt (sic) til kynna, að enginn hefði getað haft samræði við hana án þess að meiða hana og særa. Kemur sú lýsing vel heim hjá henni. Viðbrögð hennar við skoðun eru og viðbrögð þess sem á illu á von, og ekki lík viðbrögðum jafnaldra sem undirritaður hefur skoðað við eðlilegar aðstæður. Þá verður ekki annað merkt af viðtali en A hafi orðið fyrir andlegu áfalli.

Af almennri skoðun, svo og kvensjúkdómaskoðun, verður í dag ekki sagt fyrir (sic) um hvort um nauðgun hafi verið að ræða eða ekki, en af sögu A og hátterni við skoðun kemur heldur ekkert fram sem bendi til þess að hún fari með ósatt mál."

Læknirinn hefur komið hér fyrir dóm og staðfest framangreint vottorð, og kom þá ekkert fram um, að A hafi borið aðra áverka en lýst er í ákæru.

A hafði tekið að sækja billjarðstofuna, strax er hún opnaði (sic) um miðjan mars 1986, og síðar leiktækjasalinn og verið þarna nær fastur gestur og síðar unnið við afgreiðslu o.fl., fengið smálaun auk þess að vera heimilt að neyta frítt einhvers af þeim veitingum, sem þarna voru á boðstólum. Hún hafði kynnst ákærða áður, er hún ásamt Guðrúnu Halldórsdóttur bar út Morgunblaðið og þær seldu honum aukablaðið. Hún hafði þá farið með honum á bifhjóli, en hann hafði þá verið í Sniglunum. Hún hafði þrátt fyrir framangreinda ætlaða nauðgun haldið áfram að sækja að jafnaði

billjarðstofuna og leiktækjasalinn, en hafði eftir þetta beyg af ákærða og oftast verið í fylgd vinstúlkna eða pilta, er hún hafði farið. Þá er fram komið, að A hafði um viku síðar að beiðni ákærða farið ein inn í herbergi ákærða til að tala við hann og hafði beðið vinstúlku sína, ..., að koma með sér, en er hún og önnur stúlka með henni komu að herberginu, hafði því verið læst. Þær höfðu þá farið út og kíkt inn um gluggann, en ákærður þá dregið fyrir og A svo verið komin út úr herberginu, er þær komu inn aftur. A kvað ákærða hafa verið með kynferðislega áreitni við hana, viljað taka utan um hana og hent henni niður, en hún sagt honum að láta sig vera og hún þyrfti að komast heim og svo labbað út, án þess að hann hindraði för hennar.

Ákærður kvaðst hafa talið, að A væri 13 ára, en samkvæmt vitnisburði Guðrúnar Halldórsdóttur hafði vitnið rætt við ákærða um aldursmun þeirra ákærða og A, og hefði honum átt að vera ljóst, að hún var á 13. ári, er atburður þessi átti sér stað.

Ákærður var í framhaldi af því, að kærur voru lagðar fram á hendur honum fyrir kynferðislega misnotkun unglingsstúlkna, sem sóttu billjarðstofuna og leiktækjasalinn, úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi frá 11. til 26. nóvember 1986.

Lögð hafa verið fram í réttinum 10 bréf, sem A hefur viðurkennt að hafa skrifað ákærða, meðan hann var í gæsluvarðhaldinu, nema að (sic) eitt þeirra, sem vinstúlka A skrifaði fyrir hana. Þá hafði hún í einu bréfinu látið fylgja með mynd af sér. Þá er eitt bréf frá D, eitt frá Eddu Hafsteinsd. og eitt frá A og Möggu. Bréf þessi verða ekki rakin nákvæmlega hér, en bréf A eru auk þess að fjalla um sameiginleg áhugamál og einka- og fjölskyldumál hennar, mörg mjög innileg og nánast ástarbréf, þar sem hún endar t.d. með: „with love" eða „þín A" og „mun alltaf verða þín", „þín stúlkukind A", „your small girl" o.s.frv. Í bréfunum kemur fram, að dregið hefur úr kala hennar til ákærða, og í fyrsta bréfinu lýsir hún því yfir að hún hati hann ekki lengur, en þyki mjög vænt um hann.

Í bréfi D kemur fram, að henni þykir þá, 7. jan. 1987, mjög vænt um ákærða, sjái mjög eftir að hafa kært hann og að hún voni, að þau geti alltaf verið vinir, þó að hún taki fram, að samband þeirra hafi ekki getað gengið lengra og að hann hljóti að hafa áttað sig á því. A kvaðst ekki geta skýrt, hvað vakað hafi fyrir henni með þessum bréfaskriftum, og kvað þetta ekki hafa verið ástarbréf.

A kvað meinta nauðgun hafa haft þau áhrif á hana, að henni hafi liðið illa og hún verið með martröð allan sólarhringinn lengi á eftir, en svo jafnað sig á þessu. A hefur skýrt það þannig, að hún skyldi ekki kæra ákærða strax fyrir nauðgun, að hún hafi í fyrstu orðið hrædd og ekki þorað að segja foreldrum eða öðrum fullorðnum frá þessu. Hún hafi ætlað að

gleyma þessu og haldið áfram að sækja billjarðstofuna og leiktækjasalinn og vinna þar, svo að foreldrar hennar áttuðu sig ekki á því, að neitt óeðlilegt hefði gerst.

Ljóst er af því, sem rakið hefur verið í gögnum málsins, að ákærður hefur haft samræði við stúlkuna A í lagalegri merkingu þess orðs. Hann setur kynlim sinn inn í kynfæri hennar og hefur svo samfarahreyfingar, svo að hann særir hana og meiðir um (sic) meyjarhaftið, sbr. læknisvottorð. Hann taldi hana vera 13 ára og mátti vera ljóst, að hún var 12 ára, og hefur hann því með þessu gerst brotlegur við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Nokkur vafi er hins vegar um það, hvort hann hafi þvingað hana til samræðisins, svo að varði við 194. gr. almennra hegningarlaga. Ósamræmi er í framburði þeirra um þetta efni, og dráttur hennar á að kæra veldur því, að ekki eru til staðar þau gögn, sem ella væru, svo sem læknisvottorð, sem segði til um, hverja áverka hún bar strax eftir ætlaða nauðgun. Við sönnunarmat um þetta atriði verður þó að leggja áherslu á, að kærandi hefur verið stöðug (sic) í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu, hjá lækni og hér fyrir dómi um valdbeitingu ákærða og samræðið, og er framburður hennar frekar trúverðugur, þar sem hann fær stoð að nokkru leyti í vætti vitnanna, sem þarna voru, og ekkert er sérstakt fram komið, sem rýrir hann eða gefur til kynna, að hún hafi veitt samþykki til samfaranna eða gefið ákærða undir fótinn. Þannig fær það stoð í framburði vitnanna, að hún hafi tregðast við og verið ófús að fara ein með ákærða til herbergis hans og hann hálfpartinn dregið hana eða haldið um öxlina á henni, er hann fór með hana inn í herbergi sitt, sem er andstætt framburði hans um, að hún hafi komið fúslega á eftir honum. Þá er sannað, að hún er mjög miður sín, eldrauð í framan, grátandi eða gráti næst, er hún kemur úr herbergi ákærða, og eitt vitni, ..., sér mar á höndum hennar daginn eftir, sem hún kvað vera vegna átakanna við ákærða, og rennir þetta allt stoðum undir, að framburður hennar sé réttur. Ákærður hefur hins vegar verið óstöðugur (sic) í framburði sínum og reynt að fegra sinn hlut, og hefur það engan veginn fengið stoð í framburði vitnanna, að A hafi viljað þýðast hann eða hafi tekið undir blíðuatlot hans. Þegar allt þetta er virt svo og, að ákærður er árásarhneigður, eins og fram kemur í dómi sakadóms Reykjavíkur frá 12.10.1988, verður að telja lögfulla sönnun fram komna um það, að ákærður hafði samræði við A gegn vilja hennar og beitti hana nokkru valdi til þess. Aftur á móti verður að telja, að andstaða hennar hafi verið nokkuð takmörkuð, þannig öskrar eða kallar hún ekki mikið, þar eð hún telur það tilgangslaust vegna hávaða í hljómflutningstækjum, en samt á hún von á C innan tíðar (sic) og hún berst ekki heiftarlega um, því ella hefði hún borið þess meiri merki, sem ekki hefðu leynt sér, og jafnvel átt að sjá á ákærða. Þá er ljóst, að ákærður

hættir samförum að eindreginni beiðni hennar, eftir að hún kvartar mjög undan sársauka. Telja verður samt, að með framangreindri valdveitingu (sic) hafi ákærður og gerst sekur um brot á 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

2. B.

Hún hefur sakað ákærða um að hafa haft tvívegis við sig samræði, án þess að hún væri því samþykk. Í fyrra skiptið, sem hún gat ekki tímasett nákvæmlega, en taldi það hafa verið allnokkru fyrir verslunarmannahelgina 1986, kvað hún það hafa borið að með þeim hætti, að hún hafi verið í samkvæmi einhvers staðar í Reykjavík, er hún hafi hringt í ákærða til að fá peningalán hjá honum fyrir leigubifreið. Hún hafði verið að drekka þetta kvöld í bænum og var talsvert drukkin. Hún hafði ekki hringt í foreldra sína, þar eð hún vildi ekki láta þá sjá, að hún var ölvuð, enda vekti hún þau aldrei, er hún kæmi heim á nóttunni. Hún hafði hringt í ákærða um kl. 2.30 og komið að billjarðstofunni að Smiðsbúð 9 um kl. 3.00, en hún er stutt frá heimili hennar. Hún hafði farið upp til ákærða, en hurðin niðri var opin og ákærði fullklæddur. Hann hafði lánað henni það, sem upp á vantaði fyrir ökugjaldinu, og kvað hún hann jafnframt hafa boðið henni að koma upp að tala við sig. Eftir að hafa greitt ökugjaldið, hafði hún farið upp aftur til þess að skila afgangi af peningunum, sem hún hafði fengið umfram það, sem hún þurfti til að greiða ökugjaldið.

Í fyrstu skýrði hún svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að þau hafi sest í herbergi ákærða inn af leiktækjasalnum og hann hellt í glas fyrir hana, að því að (sic) hún taldi, vodka, og gefið henni að drekka. Hún vissi ekki, hvað hún hafði drukkið mörg glös, en hún hefði orðið dauðadrukkin. Hann hefði svo farið að hafa samfarir við hana og hún vitað af því og ekki viljað það, en ekkert getað gert vegna þess, hversu drukkin hún var. Hún taldi, að hún hefði svo sofnað og svo vaknað um kl. 5.00 um nóttina og þá verið með buxurnar á hælunum. Hún hafði þá klætt sig og flýtt sér út og heim. Hún kvaðst þá ekki fyrir þetta hafa verið hrein mey. B kom hér fyrir dóm rúmu ári eftir, að hún gaf skýrsluna hjá rannsóknarlögreglu, sem hún staðfesti eftir yfirlestur. Hún bar þá við, að hún myndi þetta ekki allt saman, en sérstaklega spurð kvaðst hún hafa verið mjög drukkin, er hún kom heim til ákærða, en kannaðist ekki við að hafa neytt áfengis hjá honum, eftir að hún kom til hans. Hún kvað það hafa verið í fyrsta sinn, sem hún hafi orðið mjög drukkin, og hún vitað voðalítið, hvað hún var að gera. Hún kvaðst ekki hafa reynt að komast í burtu. Hún mundi ekki, hvað þeim hafði farið á milli áður, t.d. í orðum. Hann hefði bara sest hjá henni í sófann, og svo hefði það skeð, að hann hefði lagt hana niður í sófann, klætt hana úr og haft við hana kynmök. Hún kvaðst á engan hátt hafa gefið til kynna, að hún væri mótfallin þessu, hvorki æpt né annað, og vissi

hún ekki, hvort hann hafi mátt ætla, að hún væri þessu samþykk. Hún kvað það hafa verið af hræðslu, að hún barðist ekki á móti, þ.e. hún hefði séð hann koma illa fram við fólk, sem hrotti. Hún kvaðst hafa farið nær daglega á billjarðstaðinn eftir þetta og aðspurð, hvort henni hafi ekki þótt það óvarlegt miðað við, að hún var svona hrædd við ákærða. Hún kvað vini sína hafa yfirleitt verið þarna og hún farið á daginn til að hitta þá og hún hugsað, að það væri líka hræðsla að fara ekki aftur og með því væri hún að gefa í skyn, að hún væri hrædd við hann.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við B framangreint sumar og hún komið til hans úr samkvæmi í Reykjavík, eins og hún lýsti að framan, og ber framburði þeirra að mestu saman um aðdragandann, en þó telur ákærður, að atburðurinn hafi átt sér stað síðar en hún heldur fram, og miðar hann við, að kynmökin hafi átt sér stað, eftir að hann flutti svefnaðstöðu (sic) úr kompu inn af leiktækjasalnum í herbergi hjá afgreiðslu billjarðstofunnar, en það hafi ekki gerst fyrr en í september, og taldi ákærður að B hafi þá verið 15 ára. Hann kvað B ekkert áfengi hafa drukkið hjá honum í þetta sinn og taldi hana ekki hafa verið mikið ölvaða. Hann kvað B hafa komið upp til hans, eftir að hafa greitt ökugjaldið, og hann þá háttað sig og hún farið sjálf úr fötunum og lagst hjá honum og þau haft fullkomnar og eðlilegar samfarir, án þess að nokkuð (sic) ofbeldi hafi átt sér stað, og hún á engan hátt gefið til kynna, að hún vildi ekki hafa við hann kynmök, heldur verið þeim samþykk. Hann sagði, að það, að stúlkan var ölvuð, hafi gert honum auðveldara fyrir að hafa við hana samfarir eða ekki skemmt fyrir honum í því sambandi.

b. Síðara skiptið, sem ákærður er talinn hafa haft kynmök við B, var sunnudaginn 12. október 1986. B hafði þá komið á billjarðstofuna eftir kvöldmat með vinstúlku sinni, og var mikið af ungmennum fyrir á staðnum. Ákærður hafði þar beðið hana að koma inn í herbergi til sín og tala við sig. Eftir að hún hafði farið inn í herbergið með honum, hafði hann læst herberginu, hún sest þar á sófa og hann við hliðina á henni. Hún kvað hann strax hafa farið að eiga við hana og hún beðið hann að hætta, en hann ekki sinnt því. Hún hafði verið í smekkbuxum, og hafði hann tekið hlýrana út af öxlunum, lagt hana á bakið og svo fært buxurnar og nærbuxurnar niður að hnjám. Hann hafði svo komið fram vilja sínum og haft við hana samfarir, og hafði hún fundið, að honum reis hold, en hún hafði ekki fundið, að honum yrði sáðlát, og þetta staðið í um 10 mínútur. Hún sagði fyrst, að hún hefði streist á móti og margbeðið hann að hætta, en ekki þorað að öskra eða hrópa, af því að hún var hrædd við ákærða. Síðar hér fyrir dómi kvaðst hún ekkert hafa barist á móti því, að ákærður hefði við hana kynmök, og engin átök verið á milli þeirra, heldur hún einungis beðið hann að hætta. Hún kvaðst ekkert hafa þorað að gera vegna krakkanna, sem

voru frammi; hún hafi ekki viljað láta þau vita af þessu. Hún kvaðst hafa verið mótfallin samförunum og ekki tekið þátt í þeim. Hún kvað ákærða ekki hafa fengið sig eða reynt að fá sig til samfaranna með fortölum, heldur notfært sér, að hún myndi ekkert þora að gera.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við B í framangreint sinn, en heldur því fram, að þau hafi orðið ásátt um að hafa þarna samfarir, eftir að hafa verið að grínast um fyrri samfarirnar. Hann kvað þau hafa hvort um sig klætt sig úr að neðanverðu. Hann kvað hana hafa verið ódrukkna í þetta sinn, samfarirnar hafi staðið í 10 mínútur og þau farið fram strax á eftir.

c. Laugardagskvöldið 8. nóvember 1986 hafði B verið á billjarðstofunni og hafði ákærður þá verið drukkinn, og sakaði hún hann um að hafa þá reynt við hana. Hún hafði gengið með honum inn í leiktækjasalinn og hann þá beðið hana að koma með sér inn í kompu, sem hann hafði þar inn af. Hún kvað hann hafa lokað hurðinni að kompunni án þess að læsa henni og svo byrjað að reyna við hana, en hún haft í fullu tré við hann vegna þess, hve drukkinn hann var, og losnað frá honum, án þess að nokkuð gerðist. Hún taldi ekki um neina valdbeitingu hafa verið ræða (sic) eða átök. Hann hafi beðið hana um að hafa við sig samfarir og hún neitað og verið hörð á því og komist frá honum án þess að þurfa að slíta sig lausa. Hún kvað hann ekki hafa verið máttlausan, þó að hann hafi verið drukkinn, og hún treysti sér ekki til að segja til um, hvort hann hafi verið vegna ástands síns ófær um að hafa samfarir.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa reynt að hafa samfarir við B í greint sinn, en það hafi ekki tekist vegna þess, hve ölvaður hann var. Hann kvað B hafa viljað hafa við hann samfarir og farið sjálf úr að neðanverðu, en honum hafi ekki risið hold og því ekki orðið af þeim og hún svo klætt sig og farið fram. B hefur neitað því að hafa klætt sig þarna úr og að hún hafi verið fús til samfaranna. Hún kvaðst hafa verið búin að drekka áfengi og taka inn fíkniefni, sem hún hafi fengið hjá ákærða, og verið orðin rugluð.

Vegna rannsóknar málsins var B látin fara til læknisskoðunar hjá Arnari Haukssyni lækni 10. nóv. 1986, og segir svo í niðurstöðum læknisvottorðs hans um skoðunina: „B hefur verið í hópi krakka, sem haldið hafa til á billjarðstofu. Laugardagskvöld eitt fyrir fjórum vikum (vottorðið dags. 14/11'86) kom hún þangað að slá fyrir (sic) bíl heim. Endaði þeim viðskiptum (sic) með því, að maðurinn í stofunni hafði við hana samfarir. Við skoðun nú fjórum vikum seinna finnast ekki neinir áverkar, en hins vegar merki um sýkingu í leggöngum og ríkulegt magn (sic) flatlúsar. Fékk hún meðferð við hvoru tveggja.

Ákærður var skoðaður 16. nóv. 1986 af fangalækni, og kom í ljós, að hann var með flatlús.

Ljóst er, að ákærður hefur í þau tvö skipti, sem lýst er í a- og b-liðum hér að framan, haft holdlegt samræði við B að óvilja hennar, þó að ekki hafi verið um teljandi mótspyrnu að ræða af hálfu hennar. Í fyrra skiptið hefur ölvunarástand hennar getað ráðið nokkru um og í síðara skiptið beygur sá, sem hún hafði, að aðrir unglingar kæmust að því, sem var að gerast. Þá þykir ekki ástæða til að rengja frásögn hennar um, að hún hafi óttast ákærða vegna hrottalegs atferlis hans gagnvart öðrum, sem hún hafði séð til. Mikill aldursmunur er á ákærðum og B, þar sem hann var á þessum tíma 27 ára, en hún í fyrra skiptið 14 ára, en það síðara 15 ára. Telja verður nægilega sannað með vísan til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, að ákærður misnotar sér það, að stúlkan var ölvuð í fyrra skiptið, og einnig í bæði skiptin óttann, sem hún hafði af honum, og svo yfirburði aldurs og reynslu til að tæla hana til beggja samræðanna og hefur með því gerst brotlegur við 2. mgr. 200. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Þá þykir í ljós leitt, að ákærður ætlaði að hafa samræði við B í þriðja skiptið, sem lýst er í lið c hér að framan, með því að nota ótta hennar og yfirburði sína vegna aldurs og reynslu, en tókst ekki vegna mikillar ölvunar sinnar, en stúlkan hafði þess vegna ekki sama ótta af honum og hafði í fullu tré við hann. Hann hefur með þessu athæfi gert tilraun til að tæla hana til samræðis, svo að varðar við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

3. C.

Hún hafði tekið að venja komur sínar á billjarðstofuna, eftir að leiktækjasalurinn var opnaður. Hún hafði falast eftir því að fá hjá ákærða vinnu, þ.e. að spila hljómplötur í diskóklefanum, og hafði verið um talað, að hún hæfi þetta starf þriðjudaginn 21. október 1986, en tvö kvöld á undan hafði hún verið þarna til reynslu og spilað plötur. Hún hafði komið þennan dag, 21. okt., kl. 17.00 og unnið, þar til hún fór heim í kvöldmat, og kvaðst hún ekki hafa séð ákærða á því tímabili. Eftir kvöldmatinn hafði hún komið aftur og þá séð ákærða, sem hún kvað svo hafa kallað hana inn í herbergi sitt til að ræða um þetta starf. Hún kvað hann hafa læst herberginu, eftir að hún var komin inn, og svo ráðist umsvifalaust að henni og kysst hana. Átök hafi orðið á milli þeirra og hann þá kastað henni utan í vegginn, um leið og hann hafði hent henni í rúmið. Hún hafi verið í „jogging-galla" með teygju um mittið, og kvað hún hann auðveldlega hafa getað troðið hendinni niður í þær (sic) og svo hafi hann troðið fingrinum inn í leggöng hennar. Hún kvað hann hafa gyrt (sic) niður um sig og hún séð kynfæri hans. Hún kvað hann hafa náð að halda henni niðri með því að setjast ofan á hana, og hafi hann reynt að troða typpinu inn í hana, en ekki tekist það, þar sem hún hafi barist um, m.a. hafi hún

náð að sparka í hann. Hún kvað ákærða hafa sagt við sig, að hann ætlaði að ríða henni, og hún þá sagt til að sleppa frá honum: „Nei, seinna eða á morgun“ — og hann þá látið hana lausa og hún svo getað opnað hurðina, þ.e. tekið hana úr læsingu og komist út. Hún kvaðst ekki hafa verið hrein mey á þessum tíma.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa reynt kynmök við C í greint sinn. Hann kvað hana hafa verið búna að gefa sér hýrt auga á dögunum (sic) á undan og hann því kallað á hana inn í herbergi til sín í því skyni að reyna við hana og gert sér grein fyrir, að hún væri eitthvað um sextán ára. Hann kvaðst hafa læst herberginu, eftir að C hafði sest á stól þar inni, og svo sest eða kropið hjá henni og tekið í hendina (sic) á henni og kysst hana og þau „kelað“. Hann kvað þau svo bæði hafa staðið upp og gengið að rúminu, hann sleppti hendinni á henni á meðan, og hún gengið sjálfviljug að rúminu, þar sem þau hafi lagst fyrir og haldið áfram að kyssast. Hann kvaðst hafa farið með hendina (sic) inn fyrir buxnastrenginn á „jogging“-buxum hennar og farið með einn fingur inn í kynfæri hennar án þess að klæða hana neitt úr. Hann kvaðst hins vegar hafa hneppt niður um sig og fært hendurnar á C á kynfærin á sér og hún tekið um þau, en ekkert orðið úr þessu þeirra á milli nema rétt snertingin. Hann kvaðst hafa verið að færa sig upp á skaftið, þegar C hafi sagt, að hún vildi þetta ekki í þetta skiptið, heldur frekar næsta dag á eftir. Hann kvað engin átök hafa átt sér stað þeirra á milli og neitar því að hafa farið gegn vilja C og beitt valdi, eins og hún haldi fram.

C hefur borið fyrir það (sic) að hafa sýnt ákærða neinn áhuga, hvorki gefið honum hýrt auga né reynt neina þá tilburði, sem gæfu til kynna, að hún hefði áhuga á honum. Hún kvaðst heldur ekki (sic) hafa kysst eða talað við ákærða með vilja, eins og hann haldi fram, heldur hafi hann haldið um hálsinn á henni og hún því ekki komist frá honum.

Ákærða og vitnið voru samprófuð hér fyrir dómi, auk þess sem þau hvort um sig voru spurð ýtarlegar um málsatvik, en ekki fékkst samræmi í framburð þeirra. Fram kom, að ákærður var undir áhrifum áfengis eða einhverra vímuefna. Aðspurð (sic), hvort það hafi að einhverju leyti ráðið við ákærða, kvaðst það bara hafa ýtt við honum og þá hafi hann hætt og farið að hlæja. Það kvað ekkert hafa séð á sér eftir þetta. Það hafi hvergi verið marið né hafi það bólgnað upp eða rispast. Það hafði ekki kallað á hjálp, þó að það hafi vitað af krökkunum frammi, en er það hafði komið fram eftir þetta, höfðu verið unglingar þar, sem hafi verið hlæjandi og höfðu heyrt læti, en haldið, að þetta væri eitthvað (sic) „joke“, en enginn hugsað út í, hve langt þetta gæti gengið. Það dró í land með það, að það hefði sparkað í ákærða, heldur hafi það ýtt löppinni í hann, þegar hann hélt því niðri. Ekki er vitnisburður neins í málinu, sem sá það fara inn

í herbergið til ákærða, né um ástand og útlit þess, þegar það kom þaðan. Það kvaðst hafa sagt A og strák, sem það hafi þá verið með og kallaði Ella, frá þessu, en ekki liggur fyrir vitnisburður hans, það vissi ekki föðurnafn drengsins. Það hafði haldið áfram að sækja staðinn eftir þetta, en þá verið með kærastanum sínum, nefndum Ella, en ekki talað við eða yrt á ákærða eftir þetta. Það var spurt, hvort það hafi ekki verið smeykt við að fara inn til ákærða, einkum þar eð það hafi þá vitað, hvað henti A áður. Það kvaðst á þessum tíma hafa verið á föstu með öðrum strák, sem alltaf hafi verið með því í diskóklefanum, og ákærður vitað af því, og þetta komið flatt upp á það, þar eð hann hafi einungis ætlað að tala um viðskipti. Það kvaðst hafa vitað, að hann var hrifinn af A og alltaf verið að tala um það við það og alltaf gengið að A og sagst elska hana og allt þannig, svo að það hafði ekki búist við, að hann myndi gera neitt við það, úr því að hann var hrifinn af A.

Ákærður kvað ekki hafa verið höfð nein sérstök orð þarna, meðan hann var að reyna við C. Hann hafi farið nokkuð léttilega inn fyrir „jogging-gallann" og hún látið vel að því (sic). Vitnið kvað ákærða hafa haldið, er það vildi ekki kyssa hann, að það væri að gera að gamni sínu. Það kvaðst hafa tekið um hendurnar á ákærða, sagt honum að hætta þessu og ýtt honum frá, er hann hafði reynt að taka niður um hana buxurnar og farið með fingurna inn í kynfæri hennar. Það kvaðst næstum því hafa getað ráðið við ákærða með því, sem það sagði.

Ákærður kannast ekki við að hafa beitt C valdi nema þá undir lokin, er hann hafi hætt, og vildi þó ekki kalla það valdbeitingu.

Þó að gögn málsins bendi að vissu marki til þess, að ákærður hafi ætlað að þröngva C til samræðis við sig, þykir, þegar virt er neitun ákærða, að C hefur dregið nokkuð í land um valdbeitingu, ber engin merki um hana og engin vitni eru um viðbrögð hennar, strax eftir að hún kom frá ákærða í greint sinn, ekki er fram komið, að unglingar, sem voru þarna nálægt herberginu, heyrðu hróp eða köll um aðstoð, og C hefur lýst því yfir, að hún hafi næstum getað ráðið við ákærða með því, sem hún sagði, en hann hættir ágengni sinni fyrir hennar orð, varhugavert að telja fram komna fulla sönnun um, að hann hafi ætlað að þvinga hana til samræðis, svo að varði við 194. gr., 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga. Hins vegar er ljóst, að hann ætlar að hafa samræði við stúlkuna, án þess að sannað sé, að hún hafi samþykkt, og sýnir hann henni vissa ágengni í því sambandi. Stúlkan er að sækjast (sic) eða hefja störf hjá ákærða, og notar ákærður sér það og þá yfirburði aldursmunar og reynslu til með vissri ágengni að reyna að ná fram samförum og telst þannig reyna að tæla stúlkuna, svo að varði við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga.

4. D.

Hún hefur borið á ákærða, að hann hafi reynt að nauðga henni aðfaranótt mánudagsins 29. september 1986. Hún hafði unnið hjá ákærða um vikutíma í lok ágústmánaðar og svo farið um haustið í Skógaskóla, og var þetta fyrsta fríhelgi hennar í skólanum. Hún hafði verið ásamt Ragnheiði Eddu, vinstúlku sinni, í húsi í Breiðholti í Reykjavík, þar sem þær höfðu drukkið einn erlendan (áfengan) bjór. Þær höfðu svo seint um kvöldið hringt í ákærða og beðið hann að lána þeim fyrir leigubifreið, sem hann hafi sagt vera í lagi, en þó frekar viljað, að D kæmi ein. Þær höfðu komið til hans um kl. 23.30-23.45. Hann hafði greitt fyrir þær ökugjaldið og sagðist síðan hafa gefið þeim það og svo boðið þeim inn til sín. Hann hafði boðið áfengi, spíra, að því er hún taldi, sem hún hafði þegið. Ákærður hafði ekkert drukkið og ekki verið ölvaður. Þau höfðu setið í herbergi ákærða og hún drukkið tvö til þrjú glös með áfengisblöndum fram til klukkan 2.00 til 2.30, og var D þá orðin talsvert ölvuð. Hún hafði þá þurft að fara á salerni, og er hún kom fram aftur, var vinstúlka hennar farin og ákærður sagt hana hafa viljað fara heim. Hún hafði þá ætlað að hlaupa út, en ákærður talið hana á að vera áfram með því hálfpartinn að mana hana, þ.e. höfða til þess, hvort hún væri hrædd við hann. Hún hafði því setið áfram þarna hjá honum og fengið oftar í glasið hjá honum. Þau höfðu setið þarna sitt hvorum megin við borð, og kvað hún ákærða svo hafa komið yfir til sín og farið að sleikja á henni eyrað. Þessu næst hafi hann tekið hana í fangið og haldið á henni yfir í rúmið. Hann hafi svo reynt að halda höndunum á henni, meðan hann hafi hneppt frá buxnastrengnum og dregið buxurnar niður um hana. Hún hafði þá sagt honum að hætta þessu og hálfhrópað á hann og hann þá sleppt höndunum á henni og hún dregið buxurnar upp aftur. Hún kvað hann ekkert hafa káfað á henni undir fatnaðinum, en sleikt á henni munninn og hún þá sagt honum, að hún vildi þetta ekki og hann þá hætt. Hún taldi, að hann hefði verið að reyna við hana í klukkustund, en hún hafði svo farið fótgangandi heim til sín og komið þangað kl. 4.00 til 4.30. Hún kvað ákærða hafa reynt við sig í nokkur önnur skipti, en hann þá ekki gengið svona langt, heldur verið að reyna að kyssa hana og káfa á henni.

Hún kvað það hafa komið greinilega fram hjá ákærða þarna um nóttina, að hann vildi hafa við hana samfarir og hann farið fyrst að henni með góðu. Hún kvað ekki hafa komið til handalögmála eða slagsmála á milli þeirra, og hún taldi hann ekki hafa beitt sig ofbeldi að öðru leyti en því, að hann hafi haldið henni, er hún hafi verið að reyna að komast út. Hún kvað (sic), vegna þess að hún var drukkin, ekki hafa ráðið við ákærða, ef hann hefði beitt sér til að ná fram vilja sínum, og hefði henni ekki fundist, að hann vildi ganga svo langt. Hún hafði sótt billjarðstofuna

eftir þetta, en aldrei farið aftur ein með honum eftir þetta. Hún hafði svo skrifað honum eitt bréf, meðan hann var í gæsluvarðhaldi, og eftir að hann var laus úr því, heimsótt hann ásamt fleiri unglingum, er hann dvaldi á Hótel Esju, og hafði hann boðið þeim og verið undir áhrifum vímuefna, er þau komu þangað.

Ákærður hefur viðurkennt að hafa reynt við D í greint sinn og greinir frá aðdragandanum, — og voru vinir hennar, Gunnar og Edda, hjá honum, þar til þess að Edda fór, — mjög á sama veg og D hér að framan, en neitar því hins vegar að hafa beitt hana ofbeldi og að hafa reynt að taka niður um hana buxurnar, þrátt fyrir það að hún væri því andvíg, en kvaðst í greint sinn hugsanlega hafa fiktað við smellu á buxum hennar, en þegar hún hafi neitað og færst undan, hafi hann hætt. Í önnur skipti kvaðst hann hafa kysst hana og látið vel að henni án þess að vera með aðra ágengni við hana. Hann kvað þau hafa verið með klámkjaft hvort við annað, sem endað hafi með kossaflensi, og að þau hafi lagst upp í rúm og verið að „kela" og kyssast, en D tjáð honum að hún léti það ekki í fyrsta skipti, þ.e. hún hefði ekki samfarir við neinn nema hafa kysst hann nokkuð áður. Hann kvað hvorugt þeirra hafa farið úr neinum fatnaði.

Edda hafði við skýrslutöku rannsóknarlögreglu haldið því fram, að eftir að D hafi farið inn á salernið, hafi ákærður rekið hana út. Ákærður hefur neitað þessu, og kvað hann Eddu hafa verið orðna þreytta á D og verið mikið búin (sic) að nauða í henni að koma heim og hann þá sagt Eddu, að hún skyldi bara fara, og hún gert það og flýtt sér út án þess að reyna að hafa samband við D á salerninu.

Ekki þykir sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi ætlað að þvinga D til samræðis með valdbeitingu. Hins vegar er ljóst, að hann ætlar að hafa við hana samræði og sýnir henni vissa ágengni í því sambandi og reynir, hvað hann kemst langt án andstöðu, en hættir, er hann finnur hana og hún segir honum að gera það. Stúlkan var ölvuð, og notaði ákærður sér það og yfirburði aldursmunar og reynslu til að reyna að ná að hafa samræði við hana og hefur með því gerst sekur um tilraun til tælingar, svo að varðað getur við 2. mgr. 200. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

5. E.

Laugardagskvöldið 8. nóvember 1986 hafði E sem oftar verið á Billjarðstofu Garðabæjar, þangað sem hún hafði farið með B og A. Hún hafði verið nokkuð ölvuð og m.a. haldið til ásamt fleiri ungmennum í herbergi ákærða, og er fram komið, að hann hafði sýnt henni mikinn áhuga og reynt við hana. Hún hafði svo farið á salernið þarna, og meðan hún var stödd þar, kvað hún ákærða hafa komið þangað inn og lokað að þeim, en ekki

var þó unnt að læsa hurðinni. Hún kvað ákærða þarna hafa reynt að kyssa hana og hún þá lent í átökum við hann. Hún hafði barið hann í andlitið og hann hana á móti, svo að hún hafði bólgnað á efri vör hægra megin. Hann hefði svo skellt henni niður í gólfið, og í fallinu hafði hún rekið fótinn í klósettskálina og fundið til í fætinum nokkru (sic) á eftir. Hún hafði öskrað upp, en ákærður þá sagt henni að róa sig niður (sic). Hann hefði ekki káfað á henni innan klæða, en henni hafði fundist sem hann ætlaði að hafa samfarir við hana þarna á salerninu, og farið að gráta. Strákur að nafni Jón Örn, sem áður er nefndur, hafði verið staddur þarna hjá og komið henni til hjálpar, en þá var hún á leið út af salerninu hágrátandi, og hafði hann í framhaldi af þessu ekið henni heim.

Ákærður kannaðist við, er hann var spurður hjá rannsóknarlögreglu um atvik þetta, að hafa farið í greint sinn inn á salernið, þar sem E hafi verið að snyrta sig, og hann verið að kvabba eitthvað í (sic) henni. Hann neitaði því að hafa skellt henni í gólfið og slegið hana í andlitið. Hann neitaði því, að átök hefðu átt sér stað á milli þeirra eða að hann hafi beitt hana ofbeldi, en kvað hana hafa farið að gráta og kallaði þetta stundarbrjálæði hjá henni. Frekar spurður um atvikið hér fyrir dómi kvaðst ákærður hafa tekið utan um E og látið vel að henni, en hún brugðist illa við og grenjað undan honum, en ekki minntist hann þess, að hann hefði slegið hana, en þarna hafi orðið læti og hún í þeim fallið um salernisskálina, lent á sitjandanum á gólfinu og svo lagst í það. Hann neitaði sem fyrr að hafa slegið hana, en kvað hana hafa fallið, er hann hafi sleppt henni, eftir að hafa haldið utan um hana til að róa hana niður (sic) og megi þannig segja, að hann eigi sök á fallinu.

E hélt fast við það hér fyrir dómi, að ákærður hefði slegið hana og hrint henni, svo að hún hafi fallið í gólfið. Hún var þó ekki alveg viss um, að hún hefði slegið hann, heldur hefði hún alla vega (sic) ýtt honum frá sér eða þá slegið hann í framan og þannig komist undan honum. Hún hélt því þá fram, að hann hafi dregið hana inn á salernið. Hún kvað hann hafa kysst sig tungukossi, en ekki verið með aðra tilburði eða sagt neitt um, að hann ætlaði að hafa við hana kynferðisleg mök, en hún kvað hann samt hafa gefið til kynna, að það ætlaði hann sér eða henni fundist það. Hún kvað ákærða hafa verið drukkinn, en þó ekki slagað, en hún þó ekki getað ráðið við hann. Hún kvaðst eftir barsmíðarnar hafa bólgnað um munninn, svo að þar hafi komið kúla, og einnig hefði hún meitt sig á hnénu eða undir hnénu. Hún hafi ekki farið til læknis vegna meiðsla þessara.

Áðurnefnd B hefur borið, að í greint sinn hafi hún farið inn á klósettið við hliðina á klósettinu, sem E fór inn á, og þá heyrt öskrin og ópin í E og jafnframt heyrt, að ákærður var að reyna að róa hana niður. Fram kom hjá henni, að ákærður hefði verið að reyna við E inni á klósettinu

og að hún vissi, að það hafði ekki tekist hjá honum og hún komist undan honum og sloppið lítils háttar meidd.

Vitnið Jón Örn Guðmundsson hefur borið, að það hafi þetta kvöld verið inni í herbergi ákærða ásamt fleiri krökkum, þ. á m. E, sem hafi orðið nokkuð ölvuð og ákærður sífellt verið að reyna við hana, en hún ekki viljað tala við hann, og hafi vitninu fundist, að E hafi alltaf verið hrædd við ákærða. E hefði svo síðar farið fram og það verið frammi á leið út, er hann (sic) hefði heyrt, að læti voru inni á klósettinu, og það hafði gert sér grein fyrir, að ákærður var þarna inni hjá E og var að biðja hana að kyssa sig, en hún neitað. Það hafði svo heyrt öskur í E þarna inni og hún rétt á eftir komið hágrenjandi út og hlaupið til þess og beðið það um hjálp, og kvað hann hafa komið fram hjá henni, að ákærður hafi lamið hana, af því að hún hafi ekki viljað kyssa hana (sic). Vitnið kvaðst muna, að E hafi verið meidd, er hún kom til þess, og minnti, að hún hafi verið með sprungna vör, alla vega (sic) eitthvað slösuð, en ekki mundi það, hvort að (sic) það sá á henni á fleiri stöðum. Það hafði svo ekið henni heim.

Sannað er, að ákærður réðst að E, þar sem hún er á eða við salernið, og kemur til átaka milli þeirra, og er hún með sprungna vör og meiðsli á hné eftir þau átök, og er ákærður valdur að þeim meiðslum og ekkert, sem styður þá fullyrðingu ákærða, að þetta hafi verið gáleysisverk, heldur þykir það, að E er með sprungna og bólgna vör, þó að hún hafi fallið aftur fyrir sig í átökunum, benda til þess, að hún hafi verið slegin. En vætti vitna eru um, að hún hafi verið að verjast árás eða ágengni ákærða. Hann þykir með þessu hafa gerst sekur um brot á 1. mgr. 217. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærður hefur, frá því að hann framdi framangreinda verknaði, hlotið 5 dóma, þar sem honum hefur alls verið gerð (sic) 7 mánaða og 7 daga fangelsi fyrir brot á alm. hegningarlögum, auk þriggja dómsátta, þar sem honum hafa verið gerðar sektir fyrir ýmis refsilagabrot, og hæstaréttardóms frá 14.11. 1986, þar sem honum er gert 2 mánaða fangelsi fyrir umferðarlagabrot. Í málinu ber því að dæma ákærða hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga. Við refsimat í máli þessu ber að taka tillit til þess, að hann hafði með höndum rekstur, sem opinber leyfi þurfti til, og að hann bregst ábyrgð þeirri, sem því fylgir, en hins vegar þykir hegðun kærenda eftir brotin gefa til kynna, að afleiðingar þeirra hafi ekki verið mjög alvarlegar fyrir þá. Refsing ákærða þykir samkvæmt áðurnefndum ákvæðum almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 13 mánuði.

Rétt þykir með vísun til 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11. til 26. nóvember 1986 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast krónur 60.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hrl., sem ákveðast og kr. 60.000 auk söluskatts, kr. 15.045 í réttargæsluþóknun, sem þegar hefur af hálfu embættisins verið lagt út fyrir til verjandans.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í 13 mánuði að frádreginni 15 daga gæsluvarðhaldsvist.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 60.000, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Jóns Oddssonar hrl., kr. 60.000 auk söluskatts, og réttargæsluþóknun til hans, kr. 15.045.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. mars 1990.

Nr. 171/1988. **Efnaver hf.**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík
(Kjartan Ragnars hrl.).

Söluskattur. Lögtaksréttur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1988. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá leið, að hafnað verði kröfu tollstjórans í Reykjavík um lögtak fyrir söluskattsskuld, að fjárhæð 295.947 krónur, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Rannsóknardeild ríkisskattstjóra reiknaði 16. ágúst 1983 söluskatt, sem hún taldi vangreiddan, af sölu áfrýjanda á glæru og lituðu sellófani, vír og teygjum til blómaverslana árin 1980, 1981, 1982 og hluta árs 1983.

Hinn 10. október 1983 tilkynnti ríkisskattstjóri áfrýjanda, að hann hefði í hyggju að leggja söluskatt á framangreinda vörusölu. Með bréfi 1. desember 1983 mótmælti áfrýjandi þessari skattlagningu.

Ríkisskattstjóri ákvað 1. október 1984 samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1974, álagningu viðbótarsölugjalds og viðurlaga, samtals að fjárhæð 329.009 krónur.

Ákvörðun þessa kærði áfrýjandi til ríkisskattstjóra, sem úrskurðaði 9. nóvember 1984, að sölugjaldið ásamt viðurlögum skyldi standa óbreytt.

Áfrýjandi skaut máli sínu nú til ríkisskattanefndar og krafðist þess, að álagning viðbótarsölugjaldsins yrði felld niður. Hinn 21. ágúst 1985 staðfesti ríkisskattanefnd úrskurð ríkisskattstjóra.

Hinn 7. október 1986 greiddi áfrýjandi 45.950 krónur, sem hann taldi sig eiga að standa stefnda skil á af framangreindri fjárhæð. Ítrekaði hann jafnframt, að vörnum yrði haldið uppi í væntanlegu lögtaksmáli.

Stefndi krafðist þess 3. nóvember 1986, að yfirborgarfógetinn í Reykjavík kvæði upp úrskurð um lögtak fyrir greindri sölugjaldsskuld áfrýjanda, sem þá var talin nema 341.897 krónum.

Hinn 25. nóvember 1986 var lögtaksmálið tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur. Var þá, eins og hér stóð á, lögtaksréttur fyrir kröfunni fallinn niður samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 1. gr. laga nr. 83/1947.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja umbeðins lögtaks.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 120.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað lögtaks.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Efnaveri hf., 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. maí 1988.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 5. maí 1988.

Gerðarbeiðandi er tollstjórinn í Reykjavík, nnr. 8888-0528, Tryggvagötu 19, Reykjavík.

Gerðarþoli er Efnaver hf., nnr. 1701-9724, Barmahlíð 35, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi gerir þær kröfur, að lögtak megi fara fram í eigum gerðarþola fyrir söluskattsskuld, að fjárhæð kr. 295.947. Þá gerir gerðarbeiðandi og kröfu um áfallna og áfallandi dráttarvexti frá 22. janúar 1985 til greiðsludags og hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um framgang lögtaksins og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir eru þessir samkvæmt framkomnum gögnum í málinu:

Í gerðarbeiðni, dagsettri 3. nóvember 1986, gerir gerðarbeiðandi í máli

þessu kröfu um, að gert verði lögtak í eigum gerðarþola fyrir söluskattsskuld, að fjárhæð kr. 341.897. Í greinargerð lækkaði gerðarbeiðandi kröfuna í kr. 295.947 vegna greiðslu gerðarþola á liðunum glær sellófanpappír og teygjur, sbr. dskj. nr. 12.

Gerðarþoli í máli þessu hefur um langt skeið verið innflytjandi og heildverslun með m.a. litað sellófan og vír til nota við blómaskreytingar. Aðalkaupendur á (sic) vörunni hafa verið blómaverslanir, sem selja hana áfram til viðskiptavina sinna.

Í könnun, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra gerði á söluskattsskilum gerðarþola vegna sölu á lituðu sellófani, glæru sellófani, vír og teygjum árin 1980, 1981, 1982 og fimm fyrstu mánuði ársins 1983, kom í ljós, að gerðarþoli hafði selt vörur þessar aðallega til blómaverslana án söluskatts. Gerðarþoli bar því við, að hann hefði í fyrstu innheimt söluskatt af vörunni, en blómasalarnir hefðu fljótlega gert athugasemd við þá tilhögun og sagst sjálfir innheimta hann við endursölu til viðskiptavina sinna, sbr. dskj. nr. 13. Hafi gerðarþoli í framhaldi af því hætt að selja vöruna með söluskatti, en tekið upp aftur, eftir að athugasemdir bárust frá skattyfirvöldum.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu reiknaði rannsóknardeildin út þær fjárhæðir, sem hún taldi söluskatt vera vangreiddan af. Þessa niðurstöðu kærði gerðarþoli til ríkisskattstjóra, og hinn 1. október 1984 kvað ríkisskattstjóri upp þann úrskurð, að gerðarþola væri skylt að greiða viðbótarsölugjald fyrir ofangreint tímabil og viðurlög á þær fjárhæðir, sem þar var um að ræða, samtals kr. 329.009.

Þennan úrskurð kærði gerðarþoli til ríkisskattanefndar, og með úrskurði, uppkveðnum 21. ágúst 1985, staðfesti ríkisskattanefnd úrskurð skattstjóra.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að umræddar vörur séu söluskattsskyldar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, sbr. 5. tl. 11. gr. reglugerðar nr. 486/1982. Gerðarbeiðandi bendir á, að hér sé um fullunna vöru að ræða, og mótmælir þeim skilningi gerðarþola, að vara þessi sé seld til endurseljanda, sem síðan innheimti söluskattinn við sölu til endanlegs neytanda (sic).

Gerðarþoli rökstyður kröfur sínar með því, að aðalkaupendur að vörunni, þ.e. lituðum sellófanpappír og vír, hafi verið blómaverslanir, sem selji hana áfram til viðskiptamanna sinna og innheimti söluskatt af henni við þá endursölu, og því hafi hann ekki talið sér skylt að innheimta af henni söluskatt, þar sem þá væri um tvísköttun að ræða. Gerðarþoli hafi því verið í góðri trú, þar sem um endursölu hafi verið að ræða af hálfu blómasalanna, sbr. yfirlýsingar þær, sem lagðar hafa verið fram í málinu, þar sem nokkrir helstu viðskiptamenn gerðarþola lýsa því yfir, að þeir hafi í raun innheimt söluskatt af lituðu sellófani við endursölu til neytenda (sic), sbr. dskj. nr. 14-20.

Þessu til stuðnings vísar gerðarþoli til 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 486/1982, þar sem komi skýrt fram, að af þeim vörutegundum, sem taldar eru upp í greininni, skuli innheimtur söluskattur, „...nema um sé að ræða sölu til verslunar, sem innheimtir söluskatt af smásöluverði vörunnar..." Gerðarþoli telur sig hafa sýnt fram á það, að sala hans sé í samræmi við greinina, þ.e. með sölu til verslana, og því hafi honum ekki borið að innheimta söluskattinn. Sé í raun fráleitt, að honum beri skylda til að innheimta og standa skil á söluskatti fyrir vörur, sem hann í heildsölu selji smásöluverslunum til endursölu. Telur gerðarþoli, að gerðarbeiðandi beri sönnunarbyrðina fyrir því, að þær verslanir, sem hann hafi selt umræddar vörur til á áðurgreindu tímabili, hafi ekki skilað söluskatti vegna litaðs sellófans og vírs eða innheimt. Þá vísar gerðarþoli og til 9. gr. reglugerðar nr. 486/1982.

Niðurstaða.

Eins og fram kemur hér á undan, hætti gerðarþoli málsins að selja umræddar vörur með söluskatti vegna mótmæla viðskiptamanna sinna, sem kváðust sjálfir standa skil á honum, þar sem þeir endurseldu vöruna til viðskiptavina sinna.

Í máli þessu er ekki deilt um það, hvort umræddar vörur séu söluskattsskyldar eða ekki, heldur um það, hvort gerðarþoli í máli þessu hafi haft heimild til að hætta að innheimta söluskatt áðurnefnt tímabil, þar sem söluskatturinn var sagður innheimtur af viðskiptamönnum hans.

Það er ekki á valdi fógetaréttarins að fjalla um það, hvort umræddir viðskiptamenn gerðarþola hafi í raun innheimt og staðið skil á söluskattinum fyrir umrætt tímabil eður ei. Hins vegar verður að telja, að þar sem hér er um söluskattsskylda vöru að ræða, hafi gerðarþola borið að innheimta söluskatt af henni samkvæmt 3. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 486/1982, og að hvorki áðurnefnd 3. gr. né 9. og 11. gr. reglugerðar nr. 486/1982 hafi heimilað gerðarþola að hætta að innheimta söluskatt umrætt tímabil, sbr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 10/1960. Þá er og á það að líta, að gerðarþoli greiddi söluskatt af umræddri vöru bæði fyrir og eftir tímabil það, sem deilt er um í máli þessu.

Verður samkvæmt þessu að taka kröfu gerðarbeiðanda í máli þessu til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Krafa tollstjórans í Reykjavík um, að lögtak verði gert í eigum Efnavers hf. fyrir söluskattsskuld, að fjárhæð kr. 295.947, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 29. mars 1990.

Nr. 283/1988. **Sigurður Daníelsson**
(Sveinn Sveinsson hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
iðnaðarráðherra f.h. Landssmiðjunnar
(Hjörleifur Kvaran hdl.)
og **gagnsök.**

Biðlaun. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1988. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur: „að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu biðlauna, að fjárhæð kr. 879.556, ásamt 30,6% ársvöxtum af kr. 59.693 frá 1.1.'85 til 1.2.'85, með 39% ársvöxtum frá þ.d. af kr. 119.386 til 1.3. '85, með 45% ársvöxtum af kr. 190.276 frá þ.d. til 1.4.'85, af kr. 261.166 frá þ.d. til 1.5.'85, af kr. 332.056 frá þ.d. til 1.6.'85, með 42% ársvöxtum af kr. 402.946 frá þ.d. til 1.7.'85, af kr. 477.381 frá þ.d. til 1.8.'85, af kr. 553.602 frá þ.d. til 1.9.'85, með 45% ársvöxtum af kr. 629.823 frá þ.d. til 1.10.'85, af kr. 709.474 frá þ.d. til 1.11.'85, af kr. 791.514 frá þ.d. til 1.12.'85, af stefnufjárhæðinni, kr. 879.556, frá þ.d. til 1.3.'86, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 1.4.'86, með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3.'87, með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1.7.'87, með 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1.8.'87, með 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til 1.9.'87, með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.10.'87, með 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.11.'87, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.12.'87, með 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.1.'88, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3.'88, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.5.'88, en frá þ.d. með ársvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að í dómsorði verði kveðið svo á að tildæmdir

drv. fyrir tímabilið 1. febr. 1985 til 1. febr. 1986 skuli síðastgreindan dag færðir til höfuðstóls, sem drv. reiknast af, og síðan skuli áfallandi drv. bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Enn fremur er þess krafist að aðaláfrýjanda verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti skv. mati réttarins. Við ákvörðun málskostnaðar í héraði verði tekið tillit til söluskattsskyldu aðaláfrýjanda af greiddum málskostnaði og við ákvörðun málskostnaðar fyrir Hæstarétti sé þess gætt að aðaláfrýjandi hefur ekki frádráttarrétt vegna virðisaukaskatts".

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 22. september 1988. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á fjárkröfu aðaláfrýjanda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Staðfesta ber héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Gagnáfrýjendur, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og iðnaðarráðherra f.h. Landssmiðjunnar, greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Daníelssyni, 110.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. júní sl., hefur Sigurður Daníelsson framkvæmdastjóri, nnr. 7847-8292, Háaleitisbraut 41, Reykjavík, höfðað með stefnu, framlagðri í dómi 19. maí 1987,á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og iðnaðarráðherra f.h. Landssmiðjunnar.

I.

Dómkröfur stefnanda eru endanlega þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu biðlauna, að fjárhæð kr. 879.556 ásamt 30,6% ársvöxtum af kr. 59.693 frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þ.d. af kr. 119.386 til 1. mars 1985, með 45% ársvöxtum af kr. 190.276 frá

þ.d. til 1. apríl 1985, af kr. 261.166 frá þ.d. til 1. maí 1985, af kr. 332.056 frá þ.d. til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum af kr. 402.946 frá þ.d. til 1. júlí 1985, af kr. 477.381 kr. frá þ.d. til 1. ágúst 1985, af kr. 553.602 frá þ.d. til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum af kr. 629.823 frá þ.d. til 1. október 1985, af kr. 709.474 frá þ.d. til 1. nóvember 1985, af kr. 791.514 frá þ.d. til 1. desember 1985, af stefnufjárhæðinni, kr. 879.556, frá þ.d. til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. desember 1987, með 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til dómtökudags, en með ársvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að í dómsorði verði kveðið svo á, að tildæmdir dráttarvextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skuli síðastgreindan dag færðir til höfuðstóls, sem dráttarvextir reiknast af, og síðan skuli áfallandi dráttarvextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Stefnandi krefst og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara krefjast stefndu, að stefnukrafan verði lækkuð og að málskostnaður verði þá felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hóf störf hjá ríkisfyrirtækinu Landssmiðjunni 7. apríl 1953 sem nemi í vélvirkjun. Á árinu 1957 lauk hann sveinsprófi í iðninni og starfaði við þá iðn hjá fyrirtækinu til ársins 1960, en hóf þá störf á teiknistofu Landssmiðjunnar við hönnun, tilboðsgerð og eftirlit með framkvæmdum. Stefnandi starfaði á teiknistofunni til 30. júní 1970, en frá þeim tíma og til 31. júlí 1972 starfaði hann annars staðar og var ekki ríkisstarfsmaður. Þann 1. ágúst 1972 hóf stefnandi á ný störf á teiknistofu Landssmiðjunnar við fyrri verkefni og tók síðar við störfum yfirverkstjóra. Stefnandi var ráðinn í stöðu tæknilegs framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar með ráðningarsamningi, dagsettum 24. febrúar 1981, en gögn málsins eru ekki ljós um það, hvenær stefnandi tók við því starfi. Í liðnum Starf hefst í hinu prentaða formi ráðningarsamningsins er skráð: 1. október 1980, en í gögnum um launagreiðslur til stefnanda frá launadeild fjármálaráðuneytisins, sem lögð hafa verið fram í dóminum, kemur fram,

að stefnandi hafi allt árið 1981 fengið greidd laun samkvæmt taxta Verkstjórasambands Íslands fyrir iðnlærða verkstjóra og hann hafi greitt iðgjöld í Lífeyrissjóð verslunarmanna og félagsgjöld til Verkstjórafélagsins Þórs.

Stefnanda var með bréfi iðnaðarráðuneytisins, dagsettu 25. maí 1983, falið að gegna tímabundið starfi forstjóra Landssmiðjunnar í veikindaforföllum forstjóra. Þann 31. október 1983 var stefnandi með bréfi iðnaðarráðherra skipaður forstjóri Landssmiðjunnar frá 1. nóvember 1983 að telja. Í aðilaskýrslu stefnanda fyrir dóminum kom fram, að þar til hann tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra, voru laun hans samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands eða félaga, sem stóðu utan samtaka opinberra starfsmanna. Eftir að stefnandi tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar, fékk hann greidd laun samkvæmt kjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, en frá því að hann var skipaður forstjóri, naut hann sambærilegra launa og fyrirrennari hans í starfinu, en hann hafði notið launakjara Bandalags háskólamanna. Stefnandi mun hins vegar áfram hafa verið félagsmaður í BSRB.

Með samningi, dagsettum 20. september 1984, undirrituðum af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, var ríkisfyrirtækið Landssmiðjan selt hlutafélagi, Landssmiðjunni hf., en stofnendur hlutafélagsins voru 23 starfsmenn Landssmiðjunnar. Var samningurinn gerður með fyrirvara um, að Alþingi veitti heimild til sölunnar, og með lögum nr. 125/1984 var sú heimild veitt, og tók hlutafélagið við fyrirtækinu 1. janúar 1985. Í 9. gr. kaupsamningsins var svofellt ákvæði um starfsmannamál: „Öllum núverandi starfsmönnum ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar verður sagt upp í septembermánuði miðað við 1. janúar 1985. Landssmiðjan hf. hefur fullt frelsi til að endurráða þá starfsmenn Landssmiðjunnar, sem hið nýja fyrirtæki telur nauðsynlegt að endurráða.“ Í lögum nr. 125/1984 eru engin sérákvæði um starfsmenn Landssmiðjunnar.

Stefnandi var meðal stofnenda Landssmiðjunnar hf., og nam hlutafé hans við stofnun félagsins kr. 210.000, en heildarhlutafé félagsins var kr. 4.020.000 kr. Af hálfu stefnanda kom fram, að hann ætti enn um 5% af heildarhlutafé félagsins.

Iðnaðarráðherra fól stefnanda sem forstjóra Landssmiðjunnar með bréfi, dagsettu 25. september 1984, að segja öllu starfsfólki fyrirtækisins upp störfum fyrir 1. október 1984, og skyldu uppsagnirnar taka gildi frá og með 1. janúar 1985. Með sama bréfi var stefnanda sagt upp störfum sem forstjóra Landssmiðjunnar frá og með 1. janúar 1985. Stefnandi gegndi störfum forstjóra Landssmiðjunnar til ársloka 1984, en frá og með 1. janúar 1985 var hann ráðinn af stjórn Landssmiðjunnar hf. framkvæmdastjóri félagsins.

Í framhaldi af uppsögnum starfsfólks Landssmiðjunnar ritaði stéttarfélag þess, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Landssmiðjunni bréf, dagsett 6. nóvember 1984, þar sem m.a. var vakin athygli á rétti ríkisstarfsmanna til biðlauna við niðurlagningu starfs, sbr. 14. gr. l. nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Erindi stéttarfélagsins var framsent iðnaðarráðuneytinu, og í framhaldi af því fóru fram viðræður við ráðuneytið um kröfur starfsfólks um biðlaun. Niðurstaða viðræðnanna mun hafa verið sú, að þeim starfsmönnum, sem höfðu skipunarbréf, öðrum en stefnanda, voru greidd biðlaun skv. 14. gr. l. nr. 38/1954. Við flutning málsins kom fram, að samkvæmt þessari ákvörðun fengu þrír starfsmenn greidd biðlaun, og sagði lögmaður stefndu, að þessi ákvörðun hefði byggst á því, að þeir einir skyldu fá biðlaun, sem væru skipaðir starfsmenn og ekki hluthafar í Landssmiðjunni hf. Samkvæmt þessu hefðu þeir starfsmenn, sem voru skipaðir og jafnframt hluthafar í Landssmiðjunni hf., ekki fengið greidd biðlaun og einnig þeir, sem ráðnir höfðu verið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Nú væri hins vegar sýnt, að við framkvæmd þessarar ákvörðunar hefði einn skipaður starfsmaður, sem jafnframt var hluthafi, fengið greidd biðlaun, en þetta væri undantekning, og ekki vissi hann um ástæður þessa.

Með bréfi, dagsettu 27. september 1985, var ríkissjóður krafinn um biðlaun skv. 14. gr. l. nr. 38/1954 vegna þeirra fyrrverandi ríkisstarfsmanna Landssmiðjunnar, sem ekki höfðu þegar fengið greidd biðlaun, og þar á meðal var stefnandi. Að lokinni athugun var lögmanni starfsfólksins tilkynnt, að fjármálaráðuneytið teldi sér ekki skylt að greiða frekari biðlaun. Í samráði við ríkislögmann höfðaði lögmaður starfsfólksins þá mál fyrir einn starfsmanninn, Friðrik Ágúst Helgason, og var það þingfest 30. september 1986. Mál þetta gekk þó ekki til dóms, og kom fram við flutning málsins, að ástæða þess var, að á þessum tíma voru lagðar niður nokkrar stöður hjá annarri ríkisstofnun, og var það ákvörðun þess ráðherra, sem fór með fyrirsvar þeirrar stofnunar, að þeir starfsmenn, sem gegnt höfðu umræddum stöðum, fengju greidd biðlaun. Taldi fjármálaráðuneytið því rétt með tilliti til jafnræðis í stjórnsýslunni, að þeir fyrrverandi starfsmenn Landssmiðjunnar, sem eins stóð á um, fengju greidd biðlaun. Í samkomulagi, sem Gestur Jónsson hrl. f.h. sjö fyrrverandi starfsmanna Landssmiðjunnar og ríkislögmaður f.h. iðnaðar- og fjármálaráðherra gerðu og dagsett er 24. mars 1987, féllst ríkissjóður á að greiða biðlaun til áðurnefnds Friðriks og sex annarra fyrrum starfsmanna Landssmiðjunnar, en þessir starfsmenn tóku allir laun samkvæmt kjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra og voru ráðnir með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Ekki náðist samkomulag um mál Sigurðar Daníelssonar, stefnanda þessa máls, og Hauks Baldurssonar, og segir svo orðrétt í samkomulaginu:

„Ríkissjóður hafnar kröfu Sigurðar Daníelssonar (7847-8282) og Hauks Baldurssonar (3810-6716), m.a. vegna þess að þeir eru báðir hluthafar í Landssmiðjunni hf. og starfa þar báðir. Mun Gestur höfða mál fyrir hönd annars þeirra og fallast aðilar á að úrslit þess máls skuli gilda um uppgjör hins."

Er mál þetta höfðað í framhaldi af þessu samkomulagi.

III.

Stefnandi byggir málsókn sína á því, að hann hafi sem ríkisstarfsmaður í skilningi l. nr. 38/1954 notið réttar til biðlauna samkvæmt 14. gr. sömu laga, þegar staða hans sem forstjóra ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar var lögð niður. Réttur ríkisstarfsmanns samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954 til biðlauna sé skýr og skerðist aðeins samkvæmt beinum ákvæðum greinarinnar, ef starfsmaður hafni annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Því sé ekki til að dreifa hér, enda hafi stefnanda ekki verið boðin önnur sambærileg staða hjá ríkinu við niðurlagningu stöðu hans. Biðlaun samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954 séu lögákveðnar bætur til starfsmanns, sem sagt er upp starfi, vegna þess að staða sú, sem hann hefur gegnt, er lögð niður. Þessi regla hafi í fræðiritum verið skýrð svo, að þessar bætur eigi starfsmaður að fá, þótt hann fái atvinnu og hafi atvinnutekjur á biðlaunatímanum, ef sú atvinna er hjá öðrum en ríkinu. Skilja verði afstöðu stefndu svo, að þeir virðist í sjálfu sér fallast á, að biðlaunarétturinn hafi verið fyrir hendi, en virðist telja, að hann hafi fallið niður, þegar stefnandi ákvað að taka við starfi hjá Landssmiðjunni hf., og þá skipti það einnig máli, að hann sé hluthafi í því félagi, sem keypti Landssmiðjuna af ríkissjóði. Þessum sjónarmiðum stefndu er algerlega mótmælt af hálfu stefnanda.

Stefnandi bendir á, að samkvæmt athugasemd við 14. gr. þess frumvarps, sem varð síðar að lögum nr. 38/1954, sé tilgangur greinarinnar að tryggja, að starfsmaður í stöðu, sem lögð er niður, fái laun, sem svari ríflegum uppsagnarfresti. Ekki verði því komist hjá því að mótmæla þeim skilningi á tilgangi ákvæðisins, sem fram komi í greinargerð stefndu, en þar sé því haldið fram, að tilgangurinn sé að gefa fyrrum ríkisstarfsmanni rúman umþóttunartíma til að finna sér annað starf, þegar staða hans hefur verið lögð niður. Stefnandi segir það ekki skipta máli, hvort starfsmaður, sem gegnt hefur stöðu, sem lögð er niður, verði að einhverju leyti eigandi að þeirri starfsemi, er hann starfaði áður við hjá ríkinu, og í tilviki stefnanda sé ekki til að dreifa neinum sérákvæðum í samningum eða lögum, sem skert geti rétt hans samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954.

Stefnandi telur, að í þessu máli reyni á skýringu eftirfarandi atriða í 14. gr. l. nr. 38/1954: hvenær staða sé lögð niður, hver séu föst laun, er starfanum fylgdu, og hvað felist í orðalaginu: að hafa verið í þjónustu ríkisins í tiltekinn tíma.

Varðandi fyrsta atriðið bendir stefnandi á, að skilja verði afstöðu stefndu á þann veg, að þeir byggi á því, að einhverjar þær aðstæður séu fyrir hendi, að niðurlagning stöðu hans eigi ekki að teljast niðurlagning í merkingu greinarinnar. Þessu vísar stefnandi algjörlega á bug. Áður en ríkisfyrirtækið Landssmiðjan hafi verið selt Landssmiðjunni hf., hafi stefnandi gegnt stöðu forstjóra ríkisfyrirtækisins og notið í því starfi starfskjara ríkisstarfsmanns. Þessi opinbera staða hafi verið lögð niður við sölu fyrirtækisins. Eins og áður hafi verið bent á, skipti það ekki máli, þótt stefnandi hafi af stjórn Landssmiðjunnar hf. verið ráðinn í starf framkvæmdastjóra hlutafélagsins, þegar það keypti rekstur Landssmiðjunnar, og hlutabréfaeign stefnanda í því félagi hafi þar ekki heldur áhrif. Stefnandi vísar til þess, að Hæstiréttur hafi í fjórum dómum frá árinu 1964 (Hrd. 1964, bls. 936, 942, 948 og 954) staðfest, að þegar ríkið lætur af tiltekinni starfsemi og hún er yfirtekin af öðrum aðila, sem áfram veitir fyrrverandi ríkisstarfsmönnum kost á sömu störfum, þá teljist það niðurlagning stöðu skv. 14. gr. l. nr. 38/1954.

Um þá spurningu, hvað séu föst laun, er starfanum fylgdu, í merkingu 14. gr. l. nr. 38/1954, segir stefnandi, að kröfugerð hans í þessu máli sé í samræmi við það samkomulag, sem náðst hafi þann 6. mars 1987 milli stefndu og 7 fyrrverandi starfsmanna Landssmiðjunnar, og þá útreikninga, sem launadeild fjármálaráðuneytisins hafi gert að beiðni lögmanns stefnanda vegna þess máls. Stefnandi byggir á því, að til fastra launa teljist mánaðarkaup, umsamin föst yfirvinna, orlofsfé og persónuuppbót í desember. Í útreikningum launadeildar, sbr. dskj. nr. 8 og 10, komi fram, að reiknað sé með, að stefnandi fái 30 tíma á mánuði í yfirvinnu og orlofsfé hans sé reiknað 13,04% á laun. Stefnandi vísar til skýrslu sinnar fyrir dóminum um, að ekki hafi verið gert sérstakt skriflegt samkomulag um yfirvinnugreiðslur hans, en svo hafi samist við iðnaðarráðuneytið, að hann fengi greidda 30 tíma í yfirvinnu í hverjum mánuði óháð vinnutíma, og ekki hafi verið greitt aukalega fyrir þá tíma, sem hann vann umfram þetta, en þessari greiðslu hafi hann haldið í veikindaforföllum. Stefnandi telur, að krafa um greiðslu fyrir fasta yfirvinnu sé í samræmi við ákvæði nefndrar 14. gr. og dóma, sem gengið hafi þar um.

Stefnandi byggir á því, að samkvæmt 16. gr. l. nr. 38/1954 og orlofslögum nr. 87/1971 sé orlof hluti af launum þess, sem starfar í þjónustu annars, og eigi því að falla undir föst laun í merkingu 14. gr. l. nr. 38/1954. Stefnandi bendir á, að 2. mgr. 8. gr. l. nr. 87/1971 geri ráð fyrir, að þeir starfsmenn, sem láti af störfum, fái greitt orlofsfé í stað orlofslauna, sem þeir hefðu notið, ef þeir hefðu verið áfram í starfi. Vegna kröfu um orlof á fasta yfirvinnu tekur stefnandi fram, að hann telji, að samkvæmt 1. gr. l. nr. 87/1971 beri að greiða orlof á öll laun, þ.m.t. yfirvinnu, en auk þess

sé þessi liður byggður á sérákvæði í kjarasamningum opinberra starfsmanna, og vísar stefnandi þar til liðar 4.2. í framlögðum aðalkjarasamningum fjármálaráðherra og launamálaráðs háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamanna fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 28. febrúar 1986 og fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Ákvæði þessi séu samhljóða í báðum samningunum, og þar segi, að starfsmaður skuli fá tiltekna prósentu í orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningum þessum, og telur stefnandi, að samkvæmt þessu ákvæði eigi hann að fá greitt 13,04% orlof á þá föstu yfirvinnu, sem lýst var hér að framan, enda hafi hann fengið þetta orlofsfé greitt, maðan hann starfaði hjá Landssmiðjunni.

Varðandi persónuuppbótina í desember segir stefnandi, að krafa um greiðslu hennar sé byggð á ákvæði 1.1.10. í kjaradómi frá 16. febrúar 1985 um aðalkjarasamning launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan Bandalags háskólamanna, en meðan stefnandi gegndi starfi forstjóra Landssmiðjunnar, tók hann laun skv. kjarasamningi BHM. Í þessu ákvæði sé skýrt kveðið á um rétt starfsmanns í fullu starfi til að fá greidda tiltekna persónuuppbót í desember, og ekki sé unnt að fallast á þá afstöðu stefndu, að stefnandi eigi ekki að fá uppbótina greidda, þar sem hann hafi ekki verið við vinnu í desembermánuði 1985. Líta verði svo á, að með því að fyrrverandi starfsmaður, sem nýtur biðlauna, eigi að fá föst laun, þá taki það einnig til fastra umsaminna uppbóta, sem starfsmaðurinn hefði fengið á biðlaunatímanum, ef hann hefði áfram gegnt stöðu sinni. Hins vegar tekur stefnandi fram, að þessi krafa komi því aðeins til greina, að hann teljist eiga rétt til biðlauna fyrir desember 1985.

Þriðja atriðið í 14. gr. l. nr. 38/1954, sem sérstaklega komi til skoðunar í þessu máli, sé, hversu lengi stefnandi hafi starfað í þjónustu ríkisins í merkingu greinarinnar. Í 14. greininni sé greiðslutími biðlauna mislangur eftir því, hversu lengi starfsmaður hafi verið í þjónustu ríkisins. Ef sá tími sé skemmri en 15 ár, þá skuli hann fá greidd biðlaun í 6 mánuði, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur. Af hálfu stefnanda er á því byggt, að hann hafi við niðurlagningu forstjórastöðunnar verið búinn að starfa í þjónustu ríkisins í um 31 ár og hann eigi því kröfu á biðlaunum í 12 mánuði. Stefnandi mótmælir þeirri málsástæðu stefndu, að til starfstíma í merkingu 14. gr. l. nr. 38/1954 eigi eingöngu að telja þann starfstíma, sem stefnandi naut starfskjara og launa samkvæmt kjarasamningum BSRB eða BHM, og upphaf umrædds starfstíma hafi því verið einhvern tíma á tímabilinu 1. október 1980 til ársloka 1981, þar sem hann hafi fram að þeim tíma verið á ASÍ-kjörum, þ.e. tekið laun skv. kjarasamningum félaga innan Alþýðusambands Íslands. Stefnandi segir eðlilegt að skýra orðin „í þjónustu ríkisins" eftir hljóðan sinni, þannig, að þau taki til alls

þess tíma, sem viðkomandi hafi starfað hjá ríkinu. Í tilviki stefnanda hafi þessum skilningi greinilega verið fylgt af hálfu launadeildar fjármálaráðuneytisins við framkvæmd á sama orðalagi í 16. gr. l. nr. 38/1954, en þar sé kveðið á um, að þeir starfsmenn, sem eiga að baki lengri þjónustualdur en 15 ár, eigi kost á allt að 27 virkum dögum, og stefnandi hafi verið búinn að ná 30 daga orlofsrétti. Slíkan rétt megi skv. lögum aðeins veita þeim starfsmönnum, sem hafa að baki 15 ára eða lengri starfsaldur. Þá bendir stefnandi á, að í framlögðu bréfi frá launadeild fjármálaráðuneytisins á dskj. nr. 8 sé starfsaldur tilgreindur „01.66", sem þýði, að upphaf starfsaldurs sé miðað við janúar 1966. Þetta eigi þó væntanlega að vera 1953 eða 1957, en þótt aðeins sé miðað við árið 1966, sé ljóst, að stefnandi eigi að baki lengri starfsaldur en 15 ár.

Stefnandi bendir einnig á, að samkvæmt þeirri jafnræðisreglu, sem viðhafa verði í stjórnsýslunni, þá eigi hann að njóta sömu réttinda og aðrir fyrrverandi starfsmenn Landssmiðjunnar, sem einnig voru skipaðir og þegar hafi fengið biðlaun. Þá mótmælir stefnandi þeirri skýringu stefndu, að orðið „jafnan" í 14. gr. l. nr. 38/1954 merki þar venjulega eða oftast. Þessi skýring fái ekki staðist, því að orðið merki þarna „alltaf", og eina undantekningin frá skyldu ríkisins til greiðslu biðlauna sé, þegar starfsmaður hafni annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins, sbr. lok 14. gr.

Stefnandi mótmælir því, að hann sé eins settur nú og þegar hann gegndi starfi forstjóra Landssmiðjunnar, eins og stefndu halda fram. Megi í því efni benda á fjölmörg atriði til marks um breytingar á stöðu hans, s.s. minna starfsöryggi, réttur til launa í veikindum sé annar og þrengri nú, ekki sé gefið, að stefnandi haldi áfram sambærilegum lífeyrisréttindum, starfsaldur til launa sé annar hjá hinu opinbera, og sama gildi um tryggingar vegna slysa. Þá tekur stefnandi fram, að samkvæmt stofnsamningi Landssmiðjunnar hf. hafi hann engin sérréttindi innan félagsins, og það sé stjórn félagsins, sem ráði framkvæmdastjóra. Munur á starfi framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar hf. nú og starfi forstjóra ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar áður komi m.a. fram í því, að sem forstjóri hafi stefnandi stýrt fyrirtækinu undir stjórn iðnaðarráðuneytisins, en nú starfi hann undir stjórn hlutafélagsins, og aðstaðan sé t.d. allt önnur, útvegun ábyrgða vegna lána og annarra skuldbindinga vegna rekstursins.

Stefnufjárhæðina segir stefnandi byggða á útreikningum launadeildar fjármálaráðuneytisins á því, hver biðlaun stefnanda ættu að vera, ef biðlaunaréttur hans væri fyrir hendi. Um sé að ræða föst laun í þeirri merkingu, sem stefnandi haldi fram, og til viðbótar mánaðarlaunum skv. launatöflu komi umsamin föst yfirvinna, 30 tímar á mánuði eða 30% ofan á mánaðarlaun, og orlof, sem reiknist 13,04% ofan á mánaðarlaun, að við-

bættri fastri yfirvinnu. Þá er reiknað með persónuuppbót á desemberlaunin. Nánar sundurliðast stefnukrafan þannig:

Launamánuður 1985	*Grunnlaun x 1,3 x 1.1304*	*Heildarkrafa 1. hvers mánaðar*
janúar	59.693 kr.	59.693 kr.
febrúar	59.693 —	119.396 —
mars	70.890 —	190.275 —
apríl	70.890 —	261.166 —
maí	70.890 —	332.056 —
júní	70.890 —	402.946 —
júlí	74.435 —	477.381 —
ágúst	76.221 —	553.602 —
sept.	76.211 —	629.823 —
okt.	76.651 —	709.474 —
nóv.	82.040 —	791.514 —
des. (m/persónuuppbót)	88.042 —	879.556 —

Stefnandi krefst vaxta frá þeim tíma, er launin hefðu komið til útborgunar, en hann hafi fengið laun sín greidd fyrir fram 1. hvers mánaðar.

IV.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að orðalag og tilgangur 14. gr. l. nr. 38/1954 eigi að leiða til þess, að stefnanda beri ekki að fá greidd biðlaun skv. nefndri lagagrein.

Í 14. gr. l. nr. 38/1954 segi, að sé staða ríkisstarfsmanns lögð niður, skuli starfsmaður ,,jafnan" fá föst laun, er starfinu fylgja, ýmist í 6 eða 12 mánuði. Hér reyni því á skýringu á hinu tilvitnaða orði, ,,jafnan", og ef leggja ætti túlkun stefnanda til grundvallar, væri umrætt orð tilgangslaust í greininni. Af hálfu stefndu var við munnlegan flutning málsins eingöngu byggt á því, að orðið ,,jafnan" hefði merkinguna: venjulega eða oftast, og það stutt með tilvísun í viðbæti við Orðabók Sigfúsar Blöndals, sem út kom 1963, bls. 81. Stefndu halda því fram, að biðlaun vegna niðurlagningar stöðu sé tvímælalaust aðalreglan skv. 14. gr. l. nr. 38/1954. Með orðinu ,,jafnan" sé hins vegar gerður fyrirvari, sem feli í sér, að séu sérstök rök fyrir hinu gagnstæða, skuli biðlaun ekki greidd. Það sé aftur skoðunaratriði hverju sinni, hvort einhver slík sérstök sjónarmið geti komið til, og stefndu telja, að í þessu máli séu atvik einmitt með þeim hætti, að það sé andstætt lagaákvæðinu að greiða stefnanda biðlaun.

Tilgangurinn með setningu 14. gr. l. nr. 38/1954 styðji og þá túlkun,

sem stefndu haldi fram, en hann sé að gefa fyrrum ríkisstarfsmanni rúman umþóttunartíma til að finna sér annað starf, þurfi hann að sæta því, að hið opinbera starf hans sé lagt niður. Þegar rætt sé um ríflegan uppsagnarfrest í athugasemd með greininni í frumvarpi að lögunum, sé einmitt verið að tala um slíkan umþóttunartíma. Og hjá stefnanda hafi ekki verið þörf fyrir neinn umþóttunartíma.

Að einu leyti hafi niðurlagning þeirrar opinberu stöðu, sem hér sé fjallað um, algera sérstöðu. Þarna hafi opinbert fyrirtæki verið lagt niður með þeim hætti að selja það starfsmönnum. Stefnandi þessa máls sé hluthafi í því hlutafélagi, Landssmiðjunni hf., sem keypti ýmsar eignir og rekstur Landssmiðjunnar. Hann hafi verið forstjóri Landssmiðjunnar og hafi haldið áfram sem framkvæmdastjóri Landssmiðjunnar hf. Starfsmaður sá, sem gegnt hafi þeirri opinberu stöðu, er lögð var niður, hafi sjálfur tekið við starfseminni og annist rekstur hennar í sama starfi og áður. Engar þær breytingar hafi því orðið á högum stefnanda í skilningi 14. gr. l. nr. 38/1954, að réttlætt geti greiðslu biðlauna. Hann haldi áfram óbreyttu starfi, en nú í krafti eignaraðildar. Breyting úr því að vera forstjóri í að vera nú framkvæmdastjóri sé aðeins breyting á starfsheiti, og stefnandi sæki nú fyrirmæli vegna starfs síns til stjórnar fyrirtækisins, en áður til iðnaðarráðuneytisins.

Þá sé á það að líta, að stefnandi hafi verið lífið og sálin í því að koma í kring kaupum einstaklinga á Landssmiðjunni og verið í forsvari fyrir félögum starfsmanna fyrirtækisins, sem að þessu unnu, en lögbundið var, að kaupandi fyrirtækisins yrði hlutafélagið Landssmiðjan hf. Stefndu hafi því ekki átt neinn kost á því að nýta sér rétt ríkisins samkvæmt niðurlagsorðum 14. gr. l. nr. 38/1954 og bjóða stefnanda annað sambærilegt starf á vegum ríkisins. Niðurlagning hinnar opinberu stöðu hafi hér verið í þágu stefnanda sjálfs jafnt sem ríkisins. Þess sé og að vænta, að stefnandi njóti að minnsta kosti sambærilegra launatekna eftir sem áður og einnig njóti hann væntanlega eignatekna sem hluthafi. Stefndu telja, að það renni einnig stoðum undir þá afstöðu þeirra, að ekki beri að greiða stefnanda biðlaun, hvernig leyst hafi verið úr sambærilegum málum, er nokkur ríkisfyrirtæki hafi verið lögð niður með sérstökum lögum á undanförnum misserum. Vísa stefndu hér til 52. gr. l. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 6. gr. l. nr. 107/1985 um Jarðboranir hf., 5. gr. l. nr. 7/1987 um stofnun hlutafélags um Útvegsbanka Íslands og 2. gr. l. nr. 59/1988 um breytingu á lögum um skipulag ferðamála nr. 79/1985. Með þessum lögum hafi fjögur ríkisfyrirtæki verið lögð niður eða heimilað að breyta rekstri þeirra í hlutafélög, en þau séu Grænmetisverslun landbúnaðarins, Jarðboranir ríkisins, Útvegsbanki Íslands og Ferðaskrifstofa ríkisins. Í öllum lögunum sé kveðið á um biðlaunarétt starfsfólks,

sem sæta verði niðurlagningu hinna opinberu starfa sinna. Það sé gert annaðhvort með þeim hætti, að sá aðili, sem taki við rekstri, sem ríkið hélt áður uppi, skuli gefa starfsmanni kost á sambærilegu starfi áfram, eða ákveðið er, að taki starfsmaður við starfi hjá því fyrirtæki, sem tekur við rekstrinum, skuli hann ekki eiga rétt til biðlauna skv. 14. gr. l. nr. 38/1954. Hugsunin sé augljóslega sú, að ekki séu rök fyrir greiðslu biðlauna, ef öruggt þyki um áframhald atvinnu viðkomandi starfsmanns, og löggjafinn fari þessa leið, jafnvel þótt ekki sé um „æviráðningu" að ræða hjá þeim fyrirtækjum, sem taka við hinni opinberu starfsemi, og þar eigi í hlut einkafyrirtæki. Stefndu halda því fram, að hin almennu lög, það er l. nr. 38/1954, verði að þessu leyti að skýra til samræmis við þau sérlög um einstakar ríkisstofnanir, sem áður greindi. Sambærileg tilvik eigi, eftir því sem kostur sé, að lúta sömu lagareglu, þannig að samræmi fáist.

Stefndu mótmæla sérstaklega þeim einstöku atriðum, sem stefnandi telur, að eigi að sýna fram á, að röskun hafi orðið á stöðu hans, svo sem öðrum starfsaldri til launa, tryggingum og réttindum í veikindum og breyttum lífeyrisréttindum, og vegna þess síðastnefnda benda stefndu á, að samkvæmt 2. mgr. 17. gr. l. nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins haldi stefnandi rétti til aðildar að sjóðnum, þó að staða hans sé lögð niður.

Þá mótmæla stefndu því, að samkomulag það, sem stefnandi vísar til, frá 24. mars 1987, um lausn á ágreiningi vegna biðlauna 7 starfsmanna, eigi að hafa áhrif í þessu máli, enda sé þar skýrt tekið fram, að ríkissjóður hafni kröfum stefnanda og Hauks Baldurssonar.

Verði fallist á kröfu stefnanda um biðlaun, byggja stefndu varakröfu sína um lækkun stefnukröfunnar á eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi eigi stefnandi ekki kröfu um greiðslu 12 mánaða biðlauna, því að samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954 þurfi 15 ára starfsaldur að vera fyrir hendi, er staða er lögð niður, til að starfsmaður eigi rétt til biðlauna í þann tíma. Ekki sé á því byggt, að rof á starfstíma stefnanda vegna starfa hjá öðrum í um tvö ár eigi að hafa hér áhrif, heldur byggi stefndu á því, að stefnandi hafi ekki öðlast réttarstöðu ríkisstarfsmanns í skilningi laga nr. 34/1954, fyrr en hann tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar. Það hafi væntanlega verið einhvern tíma á tímabilinu 1. október 1980 til 1. janúar 1982, en nánar skipti það tímamark ekki máli hér, því að úrslitum ráði, hvort starfstími telst lengri en 15 ár. Fram að þeim tíma hafi hann starfað hjá ríkinu á ASÍ-kjörum, en samkvæmt 1. gr. l. nr. 38/1954 taki lögin ekki til starfsmanna, sem starfa hjá ríkinu með þeim hætti. Ekki sé hægt að fallast á þá afstöðu stefnanda, að orðalagið „í þjónustu ríkisins" eigi að túlka óháð því, hver hafi verið starfskjör stefnanda, heldur verði að túlka ákvæðið þannig, að starfsmaður þurfi að hafa verið ríkisstarfsmaður í merkingu l. nr. 34/1954 í 15 ár, til þess að 12

mánaða biðlaun komi til greina. Þá mótmæla stefndu því, að starfsaldur til launa, eins og hann sé tilgreindur í framlögðu bréfi launadeildar fjármálaráðuneytisins, og ákvarðanir um orlofsrétt stefnanda eigi hér að hafa áhrif, eins og stefnandi haldi fram. Þessar ákvarðanir séu byggðar á kjarasamningum, sem heimili að taka tillit til ýmissa atriða, sem að lögum teljist ekki til starfstíma, svo sem aldurs viðkomandi og störfum í öðrum starfsgreinum. Samkvæmt þessu geti stefnandi eingöngu átt rétt til biðlauna í 6 mánuði. Í öðru lagi mótmæla stefndu því, að viðurkennt verði, að biðlaunaréttur skv. 14. gr. l. nr. 38/1954 nái til yfirvinnu, orlofs og persónuuppbótar, því að með föstum launum í greininni sé eingöngu átt við föst mánaðarlaun vegna dagvinnu, en ekki framangreindar aukagreiðslur. Ítrekuð eru mótmæli við því, að samkomulag um greiðslu biðlauna vegna 7 fyrrverandi starfsmanna Landssmiðjunnar eigi að hafa áhrif, þegar ákveðið sé í þessu máli, hvað teljist til fastra launa skv. 14. gr. l. nr. 38/1954. Stefndu taka fram, að því sé ekki mótmælt, að stefnandi hafi fengið þær greiðslur, sem hann lýsir, vegna yfirvinnu, en af hálfu stefndu er á því byggt, að stefnandi hafi haft vinnuskyldu vegna þessara greiðslna. Stefndu telja, að orlofslög, nr. 87/1971, og 16. gr. l. nr. 38/1954 eða kjarasamningar verði ekki túlkuð á þann veg, að orlof eigi að koma til viðbótar þeim föstu launum, sem greidd skuli í tiltekinn tíma samkvæmt 14. gr. l. nr. 38/1954. Um persónuuppbótina taka stefndu sérstaklega fram, að hún hafi einungis verið greidd þeim launþegum hjá ríkinu, sem voru við störf í desembermánuði 1985, og því beri að hafna kröfu stefnanda um greiðslu persónuuppbótar, þar sem hann hafi ekki verið í starfi á þessum tíma og biðlaun hans eigi auk þess ekki að ná til seinni hluta árs 1985, eins og rakið hafi verið.

Stefndu gera ekki tölulegar athugasemdir við einstaka liði í kröfugerð stefnanda, en benda á, að grunnlaun stefnanda fyrstu 6 mánuði ársins 1985 eigi að sundurliðast þannig, að mánaðarlaun í janúar og febrúar hafi verið kr. 40.621 og mánaðarlaun í mars til júní kr. 48.240, og samtals séu föst laun í þessa 6 mánuði kr. 274.202.

Vaxtakröfu stefnanda er ekki mótmælt af hálfu stefndu, telji dómurinn, að skylda til greiðslu biðlauna sé fyrir hendi, og ekki eru gerðar athugasemdir við þá gjalddaga greiðslna fyrir yfirvinnu og orlof, sem stefnandi miðar vaxtakröfu sína við.

V.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að stefnandi hafi verið ríkisstarfsmaður í skilningi laga nr. 38/1954 við starfslok hans hjá Landssmiðjunni 31. desember 1984.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954 verður að skilja svo, að í þeim

tilvikum, þar sem greinin á við, eigi starfsmaður rétt á að fá greidd föst laun, er starfanum fylgdu, eins og nánar er ákveðið í greininni, nema viðkomandi starfsmaður hafi hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Verður því ekki fallist á þá skoðun stefndu, að orðið „jafnan" í ákvæðinu eigi að leiða til frekari undantekninga frá rétti til umræddrar greiðslu en greinir í lokaorðum 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954. Eignaraðild stefnanda að því hlutafélagi, sem keypti rekstur Landssmiðjunnar, og starf hans á vegum þess félags, eftir að það tók við rekstri fyrirtækisins, leiða því ekki til þess, að niður falli réttur stefnanda samkvæmt 14. greininni. Ákvæði einstakra sérlaga, sem sett hafa verið um breytingar á eignarhaldi ríkisins á nokkrum ríkisfyrirtækjum og stofnunum og stefndu vísa til, eru öll sett, eftir að staða stefnanda var lögð niður, og taka aðeins til þeirra starfsmanna, sem þar eiga hlut að máli, og hagga ekki lögbundnum rétti stefnanda samkvæmt lögum nr. 38/1954. Stefnandi átti því rétt á að fá greiðslu skv. 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954, er staða hans sem forstjóra Landssmiðjunnar var lögð niður frá og með 1. janúar 1985.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954 skal starfsmaður sá, sem gegnir stöðu, sem lögð er niður, jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur. Í 1. gr. l. nr. 38/1954 er kveðið á um, til hvaða starfsmanna ríkisins lögin taka, og í athugasemd með greininni í frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 38/1954, kemur skýrt fram, að lögin ná ekki til allra, sem starfa í þjónustu ríkisins. Sérstaklega er tekið fram, að lögin nái ekki til þeirra, er starfa samkvæmt samningum stéttarfélaga fyrir tímakaup, dagkaup eða vikukaup, t.d. vegavinnumenn og iðnaðarmenn (Alþt. 1953, A, bls. 418). Ágreiningslaust er, að á starfstíma stefnanda hjá Landssmiðjunni voru laun hans og starfskjör miðuð við kjarasamninga stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands, allt þar til hann tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra, en frá þeim tíma fór um starfskjör hans eftir lögum nr. 38/1954.

Ákvæði laga nr. 38/1954 kveða á um sérstök réttindi og skyldur þeirra starfsmanna ríkisins, sem lögin taka til, og víkja þar í ýmsu frá því, sem almennt tíðkast í skiptum launþega og vinnuveitenda, og þar á meðal eru hinar lögákveðnu bætur samkvæmt 14. gr., þegar staða er lögð niður. Þegar virt er sú skýring, sem fram kemur í áðurgreindum athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess, sem varð að l. nr. 38/1954, og þau réttindi og skyldur þeirra starfsmanna ríkisins, sem l. nr. 38/1954 taka til, verður að skýra orðin „í þjónustu ríkisins" í 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954 á þann veg, að þar sé átt við þann starfstíma, sem ríkisstarfsmaður hefur fallið undir l. nr. 38/1954, sbr. 1. gr. laganna. Ekki verður talið, að sú framkvæmd launadeildar fjármálaráðuneytisins, sem stefnandi lýsir varðandi starfsaldur

hans til launa, þ.e. að miða upphaf hans við janúar 1966, og útreikningur sama aðila á orlofi stefnanda eigi hér að leiða til frávika frá þessari reglu. Samkvæmt framansögðu verður að miða upphaf þjónustualdurs stefnanda í merkingu 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954 við þann tíma, er hann tók við starfi tæknilegs framkvæmdastjóra Landssmiðjunnar, og eru aðilar sammála um, að það hafi í fyrsta lagi verið 1. október 1980, eins og greinir í ráðningarsamningi stefnanda, dags. 24. febrúar 1981, en ágreiningur um síðari tímamörk skiptir hér ekki máli. Þjónustualdur stefnanda í merkingu 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954 var því í mesta lagi rúm 4 ár, og samkvæmt sömu grein á hann því rétt til greiðslu fastra launa, sem starfanum fylgdu, í 6 mánuði, frá því að staða hans var lögð niður.

Stefnandi miðar fjárkröfu sína í fyrsta lagi við, að hann fái greidd föst dagvinnulaun samkvæmt sama launaflokki og hann fékk greitt eftir, meðan hann gegndi forstjórastarfinu. Aðilar eru sammála um, að föst dagvinnulaun á mánuði samkvæmt þessum launaflokki hafi mánuðina janúar og febrúar 1985 verið kr. 40.621 og mars til júní 1985 kr. 48.240. Samtals hafi því þessi laun fyrir 6 mánaði, þ.e. janúar til og með júní 1985, verið (kr. 40.621 x 2 + kr. 48.240 x 4) kr. 274.202. Í samræmi við það, sem áður greinir, er þessi hluti fjárkröfu stefnanda tekinn til greina að fullu.

Í öðru lagi gerir stefnandi kröfu um, að hann fái auk dagvinnulauna mánaðarlega greidda fasta yfirvinnu, er nemi 30 tímum á mánuði, og reiknist hver tími sem 1% af föstum mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Af hálfu stefndu er greiðslu fyrir yfirvinnu mótmælt á þeim grundvelli, að hún falli ekki undir föst laun, er starfanum fylgdu, í 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954, en málflutningur stefndu verður eigi skilinn á þann veg, að því sé mótmælt, að stefnandi hafi fengið greiðslur fyrir yfirvinnu með þeim hætti, sem stefnandi lýsir. Stefnandi var forstjóri Landssmiðjunnar, og verður að telja, að með samkomulagi hans við iðnaðarráðuneytið hafi sú fasta greiðsla, er hann fékk mánaðarlega fyrir yfirvinnu, hvort sem vinna hans reyndist meiri eða minni í tímum talið, orðið hluti af þeim föstu launum, sem starfanum fylgdu, samkvæmt 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954. Stefndu verða því dæmdir til að greiða stefnanda samkvæmt þessum lið 30 tíma í yfirvinnu á mánuði á tímabilinu janúar til loka júní 1985, samtals (kr. 12.186 x 2 + kr. 14.472 x 4) kr. 82.260.

Í þriðja lagi gerir stefnandi kröfu um, að hann fái greitt 13,04% í orlof, er reiknist af föstum dagvinnulaunum og fastri yfirvinnu, 30 tímum á mánuði, þann tíma, sem hann á rétt á greiðslu launa samkvæmt 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954. Þegar regla 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954 var sett, höfðu opinberir starfsmenn sem og aðrir launþegar átt lögbundinn rétt til orlofs frá árinu 1943, sbr. l. nr. 16/1943, og í 16. gr. l. nr. 38/1954 eru ákvæði um orlofsrétt þeirra starfsmanna, er lögin taka til. Lagareglur um orlof

hafa frá upphafi miðað að því, að þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, eigi þess kost að taka sér orlof frá starfi sínu í tiltekinn tíma á ári og fái þá greitt orlofsfé eða haldi föstum launum í orlofi. Takmarkanir eru og á því, að starfsmaður megi taka vinnu í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan hann er í orlofi, og á flutningi orlofs milli orlofsára, og bann er við framsali orlofsfjár og flutningi þess milli orlofsára, sbr. 12. og 13. gr. l. nr. 87/1971, nú l. nr. 30/1987, og 3. mgr. 16. gr. l. nr. 38/1954.

Stefnandi var fastur starfsmaður Landssmiðjunnar, þegar staða hans var lögð niður, og samkvæmt þágildandi orlofslögum, sbr. 1. mgr. 8. gr. l. nr. 87/1971, skyldi fastur starfsmaður fá laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 7. gr. sömu laga, sbr. og reglu 1. mgr. 16. gr. l. nr. 38/1954 um, að í orlofi skuli starfsmenn einskis í missa af föstum launum.

Stefnandi byggir á því, að til viðbótar orlofi á dagvinnulaun eigi hann að fá greitt 13,04% orlof á fasta yfirvinnu, og er sú krafa byggð á 1. gr. l. nr. 87/1971 og ákvæði 4.2. í þeim kjarasamningum, er stefnandi vísar til, en samkvæmt þeim bar að greiða orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur.

Engin sérákvæði eru í lögum eða hinum tilvitnuðu kjarasamningum um ráðstöfun eða meðferð þessa orlofsfjár. Á þeim tíma, sem hér skiptir máli, giltu ákvæði reglugerðar nr. 150/1972 um orlof með síðari breytingum um meðferð orlofsfjár á yfirvinnu, og skyldi það greitt til Póstgíróstofunnar. Starfsmaður, sem fengið hafði orlofsfé með þessum hætti, gat síðan fengið féð greitt út við upphaf orlofs, enda legði hann fram vottorð vinnuveitanda síns um það, hvaða daga hann yrði í orlofi, og vottorð trúnaðarmanns verkalýðsfélags síns um hið fyrirhugaða orlof, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 150/1972, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 76/1974.

Þegar virt eru áðurgreind sjónarmið um orlofsrétt fastra starfsmanna og reglur um meðferð orlofsfjár, verður ekki talið, að orlof það, sem stefnandi krefur stefndu um, falli undir föst laun í merkingu 1. mgr. 14. gr. l. nr. 38/1954, enda nyti stefnandi þá í raun launa í lengri tíma en lög ákveða. Sérregla 2. mgr. 8. gr. l. nr. 87/1971 á eigi við um það tilvik, sem hér er fjallað um, þar sem krafan lýtur ekki að þegar áunnu orlofi, er staða stefnanda var lögð niður. Verður krafa stefnanda um 13,04% orlof á föst dagvinnulaun og fasta yfirvinnu því ekki tekin til greina.

Fjórði liður í fjárkröfu stefnanda, um greiðslu persónuuppbótar í desembermánuði, kemur ekki til úrlausnar hér, þar sem því var lýst yfir af hálfu stefnanda, að sú krafa miðaðist eingöngu við, að stefnandi teldist eiga rétt til launa skv. 14. gr. l. nr. 38/1954 í desembermánuði 1985.

Niðurstaða dómsins er því samkvæmt framangreindu sú, að stefndu eru dæmdir til að greiða stefnanda samtals kr. 356.462 með vöxtum, eins og

krafist er og nánar greinir í dómsorði, en vaxtakröfu stefnanda og upphafstíma vaxta á einstökum hlutum hinnar dæmdu fjárhæðar hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefndu, þ.m.t. greiðslutíma vegna yfirvinnu.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 95.000, þ.m.t. söluskattur.

Tryggvi Gunnarsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og iðnaðarráðherra f.h. Landssmiðjunnar, greiði stefnanda, Sigurði Daníelssyni, kr. 356.462 ásamt 30,6% ársvöxtum af kr. 52.807 frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þ.d. af kr. 105.614 til 1. mars 1985, með 45% ársvöxtum af kr. 168.326 frá þ.d. til 1. apríl 1985, af kr. 231.038 frá þ.d. til 1. maí 1985, af kr. 293.750 frá þ.d. til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum af kr. 356.462 frá þ.d. til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þ.d. til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þ.d. til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1. nóvember 1987, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til þ.d. til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1. maí 1988, með 44,4% ársvöxtum frá þ.d. til 25. júní 1988, en með ársvöxtum skv. 10. gr. l. nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Tildæmdir dráttarvextir fyrir tímabilið 1. febrúar 1985 til 1. febrúar 1986 skulu 1. febrúar 1986 færðir til höfuðstóls, sem dráttarvextir reiknast af, og síðan skulu áfallandi dráttarvextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti.

Stefndu greiði stefnanda kr. 95.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur.

Föstudaginn 30. mars 1990.

Nr. 425/1988. **Bjarni Jónasson**
(sjálfur)
gegn
félagsmálaráðherra
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).

Innsetningargerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s.m. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að framkomin frávísunarkrafa stefnda verði ekki tekin til greina. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju. Loks krefst áfrýjandi þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og umbeðin innsetning nái fram að ganga. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Mörg ný skjöl eru lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Aðalkröfu stefnda um frávísun máls þessa frá Hæstarétti byggir hann í fyrsta lagi á því, að áfrýjun úrskurðarins sé ranglega beint að stefnda og að ekki hafi verið stefnt fyrir Hæstarétt þeim, er aðild áttu að málinu í héraði og hafa hagsmuna að gæta við áfrýjun málsins. Í öðru lagi byggir stefndi frávísunarkröfu sína á því, að málatilbúnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti sé með þeim hætti, að varði frávísun málsins frá Hæstarétti.

Áfrýjandi telur, að stefnda sé réttilega stefnt fyrir Hæstarétt. Verndaður vinnustaður í Vestmannaeyjum sé eign ríkissjóðs og í

forsjá félagsmálaráðuneytis að öllu leyti og sé því rétt að stefna félagsmálaráðherra fyrir Hæstarétt.

Í innsetningarbeiðni sinni fyrir fógetarétti Vestmannaeyja hafði áfrýjandi þá kröfu uppi, „..., að skýrslur sem varða einkum mig persónulega verði teknar úr umráðum Jóns Kjartanssonar, stjórnarformanns Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum, Heimaeyjar kertaverksmiðju, og afhentar mér með fógetagerð. Jafnframt verði stefnt til réttargæslu þeim Önnu Karin Júlíussen og Brynjari Eiríkssyni...". Af meðferð málsins fyrir fógetaréttinum má ráða, að þar hafi verið við það miðað, að kröfunni væri beint gegn formanninum fyrir hönd stjórnar stofnunarinnar, en óumdeilt virðist, að eintak eða eintök af skýrslum þessum hafi verið í vörslum stjórnarinnar eða formannsins á hennar vegum.

Innsetningargerð verður beint gegn vörslumanni skjals, sé réttur gerðarbeiðanda til þess glöggur og skýr. Jafnframt kann að vera nauðsynlegt að beina gerðinni einnig gegn þeim öðrum, er réttar eiga að gæta vegna skjalsins, ef á þann rétt reynir við framkvæmd þeirra vörsluskipta, sem krafist er.

Við áfrýjun málsins hefur gerðarbeiðandi ekki beint stefnu til Hæstaréttar gegn formanninum eða stjórn stofnunarinnar, heldur gegn félagsmálaráðherra, sem fer með málefni verndaðra vinnustaða á grundvelli laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra án nánari tilgreiningar á aðild hans að málinu.

Telja verður, að mál þetta snúist um vörslur stjórnar eða stjórnarformanns Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum á hinum umdeildu skýrslum. Komið gat til álita að kalla félagsmálaráðuneytið til fyrirsvars í héraði vegna forsjár þess á stofnuninni, en ekki nægir að stefna ráðherra einum við áfrýjun málsins. Fram er komið, að félagsmálaráðuneytið hefur vörslur á ljósriti þessara skýrslna, en kröfur gegn því sem vörslumanni yrði fyrst að bera fram í héraði. Af þessum sökum verður að vísa málinu frá Hæstarétti, og reynir því ekki á það hér fyrir dómi, að grundvöllur innsetningarbeiðninnar í héraði var hvorki glöggur né skýr.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 22. júní 1988.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Bjarna Jónassonar, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, eru gerðar þær réttarkröfur, að honum verði afhentar skýrslur, sem séu í vörslum Jóns Kjartanssonar sem stjórnarformanns Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, með beinni fógetagerð, innsetningargerð.

Gerðarþoli, stjórn Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum, hefur krafist þess, að umbeðin innsetningargerð nái ekki fram að ganga. Hann krefst þess og, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða hæfilegan málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór hinn 21. júní 1988.

Málavextir.

Það er upplýst í málinu, að stjórn Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum fór þess á leit við Önnu Karin Júlíussen, félagsráðgjafa hjá Vestmannaeyjabæ, og Brynjar Eiríksson, sálfræðing Vestmannaeyjabæjar, að þau ynnu skýrslur fyrir stjórnina.

Fyrir liggur, sbr. dskj. nr. 2, að uppistaða skýrslunnar er viðtöl við starfsfólk á vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum, sem samkvæmt dskj. nr. 2 voru veitt gegn loforði um ákveðinn trúnað.

Gerðarbeiðandi byggir innsetningarbeiðni sína á því, að honum séu þessar skýrslur nauðsynlegar vegna fyrirhugaðs málareksturs, svo og telur hann, að í skýrslum þessum sé hallað réttu máli og að honum hafi ekki verið gefinn kostur á því að tala sínu máli við gerð skýrslunnar, og til þess að bera sönnur á áðurnefnd atriði sé gerðarbeiðanda nauðsynlegt að fá umráð þessara skýrslna. Gerðarþoli neitaði þessari kröfu á þeim forsendum, að gerðarbeiðandi sé ekki eigandi þessara skýrslna og hafi því ekki rétt til þess að fá þær með innsetningargerð.

Í máli þessu fer gerðarbeiðandi fram á innsetningargerð, sem er bein fógetagerð. Fer hann fram á að fá afhentar skýrslur, sem eru í umráðum stjórnar Verndaðs vinnustaðar í Vestmannaeyjum.

Það er mikilvægt, svo að innsetningargerð nái fram að ganga, að réttur gerðarbeiðanda sé augljós.

Gerðarbeiðandi hefur ekki sýnt fram á nein þau skjöl eða lagafyrirmæli, sem styðji rétt hans til umræddra skýrslna. Gerðarbeiðandi byggir á því, að annars vegar sé honum nauðsynlegt að fá skýrslurnar vegna fyrirhugaðs málarekstrar, og hins vegar telur hann, að þar sé hallað réttu máli og að hann hafi ekki fengið að tala sínu máli við gerð skýrslnanna.

Þessar ástæður gerðarbeiðanda fyrir innsetningargerð þykja engan veginn uppfylla skilyrði fyrir, að innsetningargerðin nái fram að ganga,

og þykir eðlilegra, að krafa um afhendingu skýrslna þessara með áðurnefndum rökum sé höfð uppi við almenna dómstóla.

Gerðarþoli þykir því ekki þurfa að vera sviptur umráðum áðurnefndrar skýrslu.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 10.000 í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Umbeðin innsetningargerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 10.000 í málskostnað.

Mánudaginn 2. apríl 1990.

Nr. 129/1990. **Ákæruvaldið**
gegn
Sverri Þór Einarssyni og
Þuríði Björgu Birgisdóttur.

Kærumál. Dómari víkur sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ákærðu hafa með kæru 22. mars sl. skotið til Hæstaréttar með leyfi ríkissaksóknara úrskurði sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem uppkveðinn var 16. s.m. og birtur 21. s.m. Kæruheimild er til í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. mgr. 174. gr. sömu laga. Ákærðu krefjast þess, að úrskurðinum verði hrundið og að dómaranum verði gert að víkja sæti í málinu. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

I.

Í máli þessu er ákærða Sverri Þór gefið að sök að hafa „... í apríl/maí 1986 ákveðið að kaupa hass erlendis og selja það hér á landi í ágóðaskyni og verja til efniskaupanna kr. 300.000, sem ákærðu áttu sameiginlega og ákærði Sverrir Þór fékk í hendur og skipti að mestu leyti í erlendan gjaldeyri, — um mánaðamót maí/júní s.á. í Amsterdam ásamt G... lagt á ráðin um útvegun á hassi og flutning þess hingað til lands og samkvæmt þessum ráðagerðum móttekið tæp 3 kg (2.989,5 g) af hassi á Hótel Loftleiðum við Reykjavíkurflugvöll aðfaranótt 21. júní 1986 af A..., sem fenginn hafði verið til að flytja efnið, en lögreglan handtók ákærða strax eftir móttöku efnisins, og hafði hann þá til reiðu á heimili sínu framangreindan gjaldeyri, 5.061 Bandaríkjadal, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund, sem hann hugðist afhenda nefndum A...“

Ákærðu Þuríði Björgu er gefið að sök að hafa „... í félagi við meðákærða, Sverri Þór, fyrir framangreinda utanför hans lagt fram

kr. 300.000, sem ákærðu áttu sameiginlega, til kaupa á hassi erlendis með það fyrir augum að selja efnið hér á landi með hagnaði...".

Brot ákærðu eru talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Í ákæru kemur fram, eins og að framan er rakið, að ákærði Sverrir Þór var handtekinn strax eftir móttöku efnisins aðfaranótt 21. júní 1986. Í hinum kærða úrskurði kemur fram, að Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, sem gegndi störfum lögreglufulltrúa í ávana- og fíkniefnadeild á þessum tíma, stóð fyrir handtökuaðgerðum. Fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum heimilar sömu nótt og Sverrir Þór er handtekinn húsleit að dvalarstað hans og á heimili ákærðu Þuríðar Bjargar og loks gæsluvarðhald yfir Sverri Þór. Samkvæmt gögnum málsins fer síðan fram lögreglurannsókn við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík.

Verjandi ákærðu krefst þess, að sakadómarinn í ávana- og fíkniefnamálum og fulltrúar hans víki sæti í málinu. Málsástæður hans og rök fyrir kröfum hans koma fram í hinum kærða úrskurði.

II.

Fram til 1. júlí 1986, er lög nr. 29/1986 um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum tóku gildi, giltu lög nr. 52/1973 um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum með áorðnum breytingum. Þessi síðarnefndu lög voru þannig í gildi, er rannsókn máls þessa hófst. Í 8. gr. laga nr. 52/1973 segir:

„Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og undir hans stjórn skal starfa sérstök deild lögreglumanna.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um samvinnu og frekari starfsskiptingu milli lögregludeildar þessarar og almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu."

Þessi sérstaka lögregludeild mun aldrei hafa verið stofnuð, og reglugerðin um samvinnu og starfsskiptingu mun aldrei hafa verið sett. Ávana- og fíkniefnadeild mun aftur á móti vera starfrækt innan lögreglunnar í Reykjavík. Hvert samband hennar var við dómara í ávana- og fíkniefnamálum á þeim tíma, er hér um ræðir,

er óljóst. Þetta breytir því ekki, að samkvæmt lagaákvæðinu skyldi lögregludeild vinna undir stjórn dómara í ávana- og fíkniefnamálum. Ákærðu höfðu vegna lagaákvæðisins ástæðu til að ætla, að ávana- og fíkniefnadeild starfaði undir stjórn hans, og gátu ekki vitað, hvernig starfsskiptingu milli hans og lögreglunnar í Reykjavík var háttað. Hæstiréttur hefur í dómi 9. janúar sl. komist að þeirri niðurstöðu, að skýra beri 36. gr. 7. tl. laga 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 15. gr. 2. mgr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, svo, að sá, sem vinnur að lögregluranns ókn máls, geti ekki verið dómari í því máli. Dómarinn í ávana- og fíkniefnamálum hefur verið sá sami, frá því að stöðu þessari var komið á fót. Ákærðu í máli þessu höfðu, eins og að ofan er rakið, ástæðu til að ætla, að dómarinn í ávana- og fíkniefnamálum og fulltrúar hans hefðu haft yfirstjórn rannsóknar máls þeirra. Auk þess er ekkert fram komið í máli þessu, hvernig háttað var stjórn umræddrar rannsóknar og um afskipti dómarans í ávana- og fíkniefnamálum af henni. Verður því að telja með tilvísun til raka tilvitnaðs dóms, að dómaranum og fulltrúum hans hafi borið þegar af þeim ástæðum að víkja sæti í málinu.

Hinum kærða úrskurði er því hrundið og lagt fyrir dómarann í ávana- og fíknefnamálum að víkja sæti í málinu.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara í ávana- og fkniefnamálum, ber að víkja sæti í máli þessu.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 16. mars 1990.

Ár 1990, föstudaginn 16. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, og þá af Ásgeiri Friðjónssyni upp kveðinn úrskurður þessi.

— — —

Samkvæmt ofanskráðu verða afskipti þessa embættis af þessu máli talin eðlileg og nauðsynleg. Ekkert er í því sambandi, sem veldur vanhæfi dómara hér við embætti að fara með umrætt mál og dæma í því.

Ber því að hafna kröfum verjanda. Athugasemdir ákærða um meintan

of mikinn samgang þessa embættis við lögreglu hagga ekki þeirri niðurstöðu.

Úrskurðarorð:

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, víkur ekki sæti í ofangreindu máli.

Mánudaginn 2. apríl 1990.

Nr. 134/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Lee Reyni Freer.

Kærumál. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Verjandi ákærða hefur samkvæmt heimild í 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur frá 23. mars 1990, þar sem synjað var kröfu um, að ákærði gangist undir geðrannsókn. Krefst verjandinn þess, að úrskurðinum verði hrundið. Hvorki ríkissaksóknari né verjandi hafa skilað greinargerð til Hæstaréttar.

Héraðsdómarinn telur þess ekki þörf, að ákærði gangist undir geðrannsókn vegna máls þessa. Ekki hefur verið bent á neitt því til styrktar, að raska beri því mati. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. mars 1990.

Ár 1990, föstudaginn 23. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Ingibjörgu Benediktsdóttur sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í gær lagði verjandi ákærða, Lee Reynis Freer, Svala Thorlacíus hrl., fram þá kröfu fyrir hönd ákærða, að hann yrði látinn sæta geðheilbrigðisrannsókn, áður en mál þetta er tekið til dóms.

Ákærði gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn árið 1977. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar telst ákærði sakhæfur. Í niðurstöðunni segir m.a., að ákærði sé ekki vangefinn, heldur tornæmur. Hann sé ekki haldinn geðveiki, heldur miklum skapgerðar- og persónuleikagöllum, sem flokkist undir geðvillu. Persónuleiki hans einkennist fyrst og fremst af vanþroska og lélegri stjórn á tilfinningum, og hvatræn útrás verði stjórnlítil og afbrigðileg. Þá segir enn fremur, að horfur á geðlæknismeðferð með vistun

á sjúkrahúsum megi telja vonlausa, enda hafi hann gengist undir slíka meðferð tvívegis á geðsjúkrahúsum og verið til meðferðar hjá sálfræðingi án sýnilegs árangurs.

Ákærði hefur hlotið 16 refsidóma, eftir að framangreind geðrannsókn á honum fór fram, og þótti í engum þeirra tilvika ástæða til að efast um sakhæfi hans.

Að mati dómsins hefur ekkert það komið fram, sem bendir til þess, að nú sé þörf geðrannsóknar á ákærða.

Með vísan til framangreinds er kröfu verjandans hafnað.

Úrskurðarorð:

Synjað er kröfu um, að Lee Reynir Freer gangist undir geðrannsókn í máli þessu.

Mánudaginn 2. apríl 1990.

Nr. 124/1989. **Ragnar Guðmundsson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
þrotabúi Kaupfélags
Vestur-Barðstrendinga
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1989. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann að svo stöddu sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu sækir bústjóri stefnda áfrýjanda um skuld vegna vöruúttektar hjá hinu gjaldþrota félagi og vexti frá úrskurðardegi gjaldþrots 18. nóvember 1987 til áramóta 1987-1988. Skuld þessa viðurkennir áfrýjandi. Hann vill hins vegar skuldajafna gegn þessari kröfu stefnda skilyrtri kröfu, sem hann hefur lýst í gjaldþrotabúið og er þar viðurkennd sem almenn krafa, komi skilyrðið fram. Hann krefst því sýknu að svo stöddu, þar til ljóst verður, hvort skilyrðið komi fram, sbr. 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í kröfulýsingu 1. febrúar 1988 í bú stefnda gerir áfrýjandi eftirfarandi grein fyrir hinni skilyrtu kröfu:

„Krafa þessi grundvallast á innstæðu á viðskiptareikningi mínum við kaupfélagið eftir innlegg launa minna frá Brjánslækjarbúinu vegna búrekstrar 1984. Innstæðu þessari var breytt í skuldabréf í Samvinnubankanum, Patreksfirði, og var KVB undirritaður greiðandi þess. Skuldabréf þetta var aldrei greitt og lá í vanskilum í bankanum. Upphæð bréfsins var nú í nóvember 1987 orðin við framreikning kr. 799.600 ...

Skuldabréf það, sem hér um ræðir, var notað til greiðslu vegna kaupa minna á verslunarhúsi KVB við Birkimel hér í sveit. Hús þetta var boðið á frjálsum markaði, og var tilboði mínu tekið og húsið afhent mér í júlí 1986. Kaupsamningur var svo ekki frágenginn fyrr en í maí 1987 og þinglýst enn síðar. Skuldabréfið var tekið sem útborgun vegna kaupa á húsinu og þá framreiknað 9/9 1986 á 772.000 kr., sjá þinglýstan kaupsamning þar um. Nú hefur mér verið tjáð að hugsanlega verði þessum kaupsamningi rift, og geri ég því þessa forgangskröfu í þrotabúið vegna innstæðu minnar. Verði umræddum kaupsamningi aftur á móti ekki rift, sem von mín er, þá dreg ég þessa kröfu til baka."

Stefndi hefur lýst yfir riftun, en áfrýjandi mótmælir riftun og telur, að hún eigi ekki fram að ganga, og hefur henni ekki enn verið framfylgt.

Stefndi andmælir kröfu áfrýjanda í fyrsta lagi með tilvísun til 1. mgr. 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Hann heldur því fram, að áfrýjandi, sem var stjórnarmaður í hinu gjaldþrota félagi, hafi vitað eða mátt vita um bága fjárhagsstöðu félagsins, þegar skilyrta krafan varð til, sú sem hann hyggst nú nota til skuldajafnaðar, verði kaupum hans rift. Í öðru lagi vísar stefndi til ákvæða 33. gr. sömu laga og heldur því fram, að áfrýjanda sé skylt að greiða umdeilda skuld, þar sem skilyrði kröfulýsingar áfrýjanda sé ekki fram komið.

II.

Áfrýjandi rak bú á félagssvæði Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga. Eðlilegur þáttur í þeim búrekstri var að leggja inn afurðir í kaupfélagið. Þótt áfrýjandi hafi verið í stjórn kaupfélagsins 1984, þegar krafa sú varð til, er hann vill hafa uppi til skuldajafnaðar, og fram sé komið, að félagið stóð þá þegar mjög illa fjárhagslega, þykir stefndi ekki hafa sannað, að áfrýjandi hafi mátt þá þegar gera sér grein fyrir því, að félaginu yrði ekki bjargað frá gjaldþroti. Krafan verður því höfð uppi til skuldajafnaðar. Hins vegar er það skilyrði, sem áfrýjandi setti fyrir lýsingu kröfunnar í þrotabú félagsins, ekki komið fram, og fer því um hana eftir 33. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Af því leiðir, að hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað.

Það athugast, að héraðsdómur er óskýr að uppbyggingu, og er

samning hans í andstöðu við reglu h-liðar 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að niðurstöðu til.

Áfrýjandi, Ragnar Guðmundsson, greiði stefnda, þrotabúi Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 13. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 13. febrúar, er á aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem háð er að Aðalstræti 92, Patreksfirði, kveðinn upp dómur í aukadómþingsmálinu nr. 65/1988.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. febrúar 1989, hefur þrotabú Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, nnr. 5579-4545, kt. 701280-0329, höfðað fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu á hendur Ragnari Guðmundssyni, kt. 161235-3189, Brjánslæk, Barðastrandarhreppi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 120.549,11 kr., með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá 1/1 '88 til 1/3 '88, með 45,6% drv. á ári frá þ.d. til 1/5 '88, með 44,4% drv. á ári frá þ.d. til 1/7 '88, með 52,8% drv. á ári frá þ.d. til 1/8 '88, með 56,1% drv. á ári frá þ.d. til 1/9 '88, með 49,2% drv. á ári frá þ.d. til 1/10 '88, með 33,6% drv. á ári frá þ.d. til stefnubirtingardags 3/10 '88, en frá þ.d. til greiðsludags með þeim drv., sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987.

Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mán. fresti, í fyrsta sinn þann 1/1 '89, allt í samræmi við 12. gr. laga.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá er þess og krafist, að málskostnaður skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögn og til greiðsludags bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987, þ.m.t. vaxtavexti, skv. 12. gr. laganna.

Í áskorunarstefnu segir, en mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál, að stefnandi sé þrotabú og fari Viðar Már Matthíasson hrl. skiptastjóri með málið fyrir þess hönd, sbr. 91. gr. laga nr. 6/1978, sbr. og 112. gr. sömu laga.

Um málavexti og önnur atvik segir stefnandi: Bú Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, Patreksfirði, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði

skiptaráðandans í Barðastrandarsýslu þann 18. nóvember 1987. Víðar Már Matthíasson hrl. var ráðinn bústjóri til bráðabirgða þann 20. nóvember 1987 og kosinn skiptastjóri á skiptafundi í þrotabúinu þann 17. mars 1988. Við athugun á viðskiptamannabókhaldi hins gjaldþrota félags kom í ljós, að stefndi skuldaði kr. 116.677,30 vegna vöruúttekta hjá hinu gjaldþrota félagi. Sú skuld hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir; er málshöfðun þessi því nauðsynleg.

Höfuðstóll stefnukröfu er þannig fundinn, að lögð er saman heildarfjárhæð vöruúttektar stefnda hjá stefnanda ásamt vöxtum til áramóta 1987-1988. Vextir af skuldum viðskiptamanna hins gjaldþrota félags voru reiknaðir um hver áramót og þá lagðir við höfuðstól. Er það ástæða þess, að höfuðstóll stefnukröfu er miðaður við áramót. Staða skuldarinnar á úrskurðardegi, sbr. meðfylgjandi reikningsyfirlit á dómskjölum nr. 2 og 3, var kr. 116.677,30. Vextir frá úrskurðardegi til áramóta voru kr. 3.871,81. Höfuðstóll stefnukröfu er því kr. 120.549,11.

Sönnunargögn við þingfestingu málsins hinn 11. nóvember 1988: Stefnandi lagði fram áskorunarstefnu þá, sem rakin er í megindráttum hér að framan, ásamt birtingarvottorði, dómskjal nr. 1, reikningsyfirlit, dags. 20.11. 1987, vegna úttekta stefnda á vörum hjá stefnanda, dómskjal nr. 2 ásamt ljósriti af viðskiptareikningi, dags. 27.11. 1987, dómskjal nr. 3. Auk þess lagði stefnandi fram endurrit úr skiptabók Barðastrandarsýslu, dags. 18.11. 1987, vegna uppkvaðningar úrskurðar um gjaldþrotaskipti Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, dómskjal nr. 6, og skipunarbréf bústjóra, dags. 20. nóv. 1987, dómskjal nr. 7. Dómskjöl nr. 4 og 5 eru innheimtubréf stefnanda til stefnda, dags. 10. febrúar 1988 og 29. mars 1988.

Málið var þingfest 7. október 1988. Stefndi, Ragnar Guðmundsson, sótti dómþing ásamt lögfræðingi sínum,Gunnari Sæmundssyni, og óskaði eftir fresti til greinargerðar. Málinu var vikið til venjulegrar meðferðar og frestað til greinargerðar af hálfu stefnda til 11. nóvember 1988. Hinn 11. nóvember lagði stefndi fram greinargerð sína ásamt fleiri skjölum, sbr. dómskjöl nr. 8 - 14.

Dómkröfur stefnda í máli þessu eru þær, að hann verði að svo stöddu sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, sbr. greinargerð hans á dómskjali nr. 8:

Með kaupsamningi, dags. 10.5. 1987, keypti umbjóðandi minn verslunarhús á Krossholti í Barðastrandarhreppi ásamt innréttingum, áhöldum og vörubirgðum af Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga á kr. 2.460.376. Kaupin höfðu í raun gerst miklu fyrr eða á árinu 1986, og var hið selda afhent 1. júlí það ár. Útborgun við samning, kr. 772.000, var greidd með skulda-

jöfnuði við skuldabréfskröfu, sem umbjóðandi minn átti á hendur kaupfélaginu. Eftir að kaup þessi fóru fram, kom í ljós, að á hinni seldu eign hvíldi veðskuld við Stofnlánadeild samvinnufélaganna, upphaflega að fjárhæð kr. 3.000.000, sem að engu hafði verið getið við kaupin, en ljóst var af kaupsamningnum, að umbjóðanda mínum var ekki ætlað að yfirtaka. Hann hélt því að sér höndum um greiðslur af skuldabréfi við Samvinnubankann, sem hann yfirtók við kaupin, og af skuldabréfi, sem hann gaf út skv. kaupsamningnum. Með úrskurði, dags. 18.11. 1987, var bú seljanda tekið til gjaldþrotaskipta, og með bréfi, dags. 4/1 '88, tjáði stefnandi máls þessa stefnda, að hann teldi útborgunargreiðsluna skv. kaupsamningnum riftanlega, og óskaði eftir samkomulagi um, að kaupin gengju til baka. Á það vildi umbjóðandi minn ekki fallast, en þar sem stefnandi hafði lýst yfir, að þrotabúið myndi rifta greiðslunni, lýsti hann skilyrtri kröfu vegna skuldabréfsins, sem útborgunin var greidd með, í þrotabú stefnanda. Á skiptafundi þann 17.3. 1988 var sú krafa samþykkt sem almenn krafa í búið. Með bréfi, dags. 26. ágúst 1988, tilkynnti stefnandi stefnda, að hann rifti umræddum kaupsamningi vegna vanefnda, og skoraði á stefnda að rýma verslunarhúsið fyrir 15.9. 1988.

Þessari riftun mótmælti stefndi með símskeyti, sem hann hefur ekki afrit af, en skorar á stefnanda að leggja fram í máli þessu (sjá dómskjal nr. 21, innskot dómara). Með stefnu, dags. 13.9. 1988, höfðaði stefnandi síðan mál þetta til innheimtu viðskiptaskuldar, sem ekki er mótmælt af hálfu stefnda, að sé rétt. Með bréfi, dags. 20.10. 1988, skoraði stefnandi aftur á stefnda að rýma verslunarhúsnæðið fyrir 31. s.m., ella yrði krafist útburðar. Við það situr nú.

Málsástæður stefnanda eru þessar, sbr. greinargerð hans: Stefndi telur sér ekki fært né skylt að greiða stefnanda kröfu þessa, meðan óvissa ríkir um það, hver verða úrslit riftunarkröfu stefnanda, þar sem hann með greiðslu glati skuldajafnaðarrétti, sem hann á, ef riftunarkrafan nær fram að ganga. Hann er á hinn bóginn reiðubúinn að greiða hina umstefndu skuld og gjaldfallnar greiðslur af skuldabréfinu, sem hann gaf út vegna kaupanna á verslunarhúsinu á Krossholti, þegar stefnandi efnir kaupsamninginn á dskj. nr. 9 af sinni hálfu með því að aflétta veðskuldinni við Stofnlánadeild samvinnufélaganna og fellur frá riftunarhugmyndum sínum.

Stefnandi vísar til 32. gr. laga nr. 6/1978 og 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936.

Hinn 11.11. 1988 lagði stefndi fram þessi skjöl auk greinargerðar:

nr. 9, ljósrit kaupsamnings, dags. 10.5. 1987,

nr. 10, ljósrit bréfs stefnanda til stefnda, dags. 4.1. 1988.

nr. 11, ljósrit kröfulýsingar, dags. 1.2. 1988,

nr. 12, ljósrit bréfs stefnanda til stefnda, dags. 26.8. 1988,

nr. 13, ljósrit bréfs stefnanda til stefnda, dags. 20.10. 1987,
nr. 14, ljósrit skuldabréfs, dags. 14.3. 1985.

Stefnandi lagði fram greinargerð hinn 1. febrúar 1989, sbr. dómskjal nr. 15. Þar segir m.a.: „Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga komst í verulega fjárhagsörðugleika á árinu 1983. Fjárhagur félagsins versnaði enn árið 1984, og þá um sumarið var ljóst, að stjórnvöld höfðu ákveðið, að sauðfé á starfssvæði félagsins skyldi skorið niður þá um haustið. Gerði stjórn félagsins sér þá grein fyrir því, að slátrun myndi leggjast af um langan tíma, og myndi það þýða verkefnaskort fyrir sláturhús félagsins, sem var nýbyggt og hafði kostað umtalsverðar fjárhæðir. Kemur fram í ýmsum fundargerðum stjórnarfunda á árinu 1984, að fjárhagur félagsins er mjög slæmur, og er þá þegar farið að ræða um, að fjárþrot muni bíða félagsins. Í árslok 1984 er eigið fé félagsins orðið neikvætt um kr. 8.309.000. Afkoman versnaði enn á árinu 1985, og var eigið fé félagsins þá í árslok orðið neikvætt um kr. 22.577.413. Í árslok 1986 var það neikvætt um kr. 43.313.169. Hagur félagsins versnaði enn á árinu 1987, og lauk sögu þess svo, að það var tekið til gjaldþrotaskipta þann 18. nóvember sama ár.

Stefndi, sem er bóndi á Brjánslæk, Barðastrandarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, var stjórnarmaður í Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Honum var því fullkunnugt um fjárhag félagsins á hverjum tíma. Þannig var honum ljóst á árinu 1984, að félagið átti ekki lengur fyrir skuldum og gat ekki staðið í skilum við lánardrottna sína. Krafa sú, sem stefndi telur sig eiga skuldajafnaðarrétt fyrir, stofnaðist í árslok 1984. Skuldinni var breytt í mars 1985 með útgáfu skuldabréfs, sem Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga gaf út. Skuldabréf þetta fékkst ekki greitt, en á árinu 1986 var um það samið, að stefndi fengi skuldina greidda með skuldajöfnuði við útborgunargreiðslu samkv. kaupsamningi um verslunarhús á Birkimel.

Ekki var formlega frá þessu gengið fyrr en á árinu 1987. Er kaupsamningur dagsettur þann 10.5. 1987. Af hálfu þrotabúsins voru fljótlega hafðar uppi yfirlýsingar um það, að til greina gæti komið, að rift yrði kaupsamningi þeim, sem lagður er fram sem dskj. nr. 9 í málinu og er um verslunarhúsnæði á Krossholti. Var stefnda ritað bréf um þetta og frekar um það fjallað. Stefndi hefur mótmælt riftun. Óvíst er á þessu stigi, hvort sá ágreiningur mun koma til kasta dómstóla eða ekki. Stefndi lýsti af öryggisástæðum kröfu í þrotbúið vegna skuldar þeirrar, sem hann átti á grundvelli skuldabréfsins, sem áður er getið um. Kröfulýsing stefnda í þrotabúi KVB er skilyrt, eins og ótvírætt kemur fram í kröfulýsingu á dskj. nr. 11.

Af hálfu stefnanda er skuldajafnaðarkröfu stefnda mótmælt einkum af þrennum ástæðum: Í fyrsta lagi byggjast mótmælin á því, að krafan sé greidd og því komi ekki til álita að beita skuldajöfnuði. Sé því til einskis

að sýkna að svo stöddu. Í öðru lagi er því haldið fram, að þegar stefndi eignaðist kröfu sína upphaflega, hafi honum verið ljóst, að KVB átti ekki fyrir skuldum og gat ekki staðið í skilum við lánardrottna sína. Leiði það eitt til þess, að stefndi geti ekki beitt skuldajafnaðarrétti sínum, jafnvel þótt hann teldist eiga kröfu. Í þriðja lagi er á því byggt, að krafa stefnanda, ef talið yrði, að hún væri til, sé í besta lagi skilyrt, eins og kröfulýsingin á dómskjali nr. 11 ber með sér, og því leiði það af fyrirmælum gjaldþrotalaga, sbr. 33. gr. þeirra laga, að hana megi ekki nota til skuldajafnaðar.

Framangreindum sjónarmiðum til stuðnings hefur stefnandi lagt fram:

nr. 16 - 17, ársreikninga KVB vegna rekstrar 1985 og 1986,
nr. 18, ljósrit úr fundargerðum stjórnarfunda sama félags 1983 og 1984 (hluti),
nr. 19, afstaða bústjóra í þrotabúi KVB til kröfulýsingar stefnda, dags. 10/8 '88,
nr. 20, endurrit úr skiptabók Barðastrandarsýslu (ljósrit),
nr. 21, símskeyti frá stefnda til skiptastjóra í þrotabúi KVB, dags. 8. ágúst 1988 (dags. skeytis virðist röng, athugas. dómara).

Hinn 1. febrúar 1989 gaf stefndi, Ragnar Guðmundsson, skýrslu hér fyrir réttinum. Málavaxtalýsing í stefnu er lesin fyrir honum, og hann kveður hana rétta og frá sér komna. Aðspurður segir hann, að það hafi verið veturinn 1985 - 1986, sem það var ákveðið að selja verslunarhúsið á Birkimel, og í framhaldi af því var húsið boðið til sölu á almennum markaði.

Fram komu 3 fyrirspurnir eða tilboð, og eitt þeirra var frá mætta. Mætti telur, að það hafi verið búið að samþykkja kauptilboð hans endanlega, áður en honum var afhent húsið 1. júlí 1986. Aðspurður segir mætti, að kaupverð hússins, kr. 2.080.000, hafi verið samkomulag, sem náðst hafi með hliðsjón af einhverju opinberu mati eða einhverri ákveðinni prósentu. Aðspurður segir mætti, að það hafi verið slóðaskapur í framkvæmdastjóra kaupfélagsins, að eigi var gengið frá kaupsamningi fyrr en 10. maí 1987. Hann kveðst margsinnis hafa gengið eftir því við framkvæmdastjórann, að kaupsamningurinn yrði gerður. Enn fremur segir mætti, að kaupsamningurinn hafi legið inni í skáp hjá framkvæmdastjóranum óþinglýstur allt sumarið 1987, en honum var eigi þinglýst fyrr en 13/10 '87. Þegar mætti kom að sunnan, en samningurinn var gerður í Reykjavík, spurðist hann fyrir um samninginn hjá framkvæmdastjóranum, en fékk alltaf þau svör, að samningurinn væri hjá Sigurgeiri Bóassyni, endurskoðanda KVB. Mætti kveðst ekkert hafa vitað um 3.000.000 kr. veð á 2. veðrétti, fyrr en þinglýsingardómari gerði athugasemd um það 13.október 1987. Þó kveðst hann hafa heyrt einhverjar sögur um þetta veð, en hann hafi ekki lagt trúnað

á þessar sögur vegna þess, að hann hafi treyst upplýsingum þeim, sem hann hafði fengið hjá Sigurgeiri Bóassyni endurskoðanda við gerð samningsins, enda hafi Sigurgeir lesið veðbókarvottorð fyrir hann í síma, þar sem ekki var getið um framangreint 3.000.000 kr. veðskuldabréf. Og í trausti þess kveðst mætti hafa skrifað undir samninginn.

Spurður af lögmanni stefnanda kveðst stefndi hafa setið í stjórn KVB frá aðalfundi 1984, sem haldinn var rétt fyrir mitt árið, og til 1987. Kveðst hann hafa verið meðstjórnandi sem fulltrúi Barðastrandardeildar. Mætti kveðst hafa setið flesta stjórnarfundi og kveðst hafa rækt starfið af trúmennsku. Hann kveðst hafa skoðað ársreikninga kaupfélagsins. Mætta er nú sýnt dómskjal nr. 16, bls. 2. Aðspurður segir mætti, að sér hafi verið kunnugt um meginniðurstöður rekstrarreiknings, eins og þar greinir, fyrir 1984 og 1985. Mætta er sýnd bls. 4 í sama dómskjali og spurður, hvort honum hafi verið kunnugt um eigin fjárstöðu félagsins, eins og þar greinir, í meginatriðum, og svarar hann því játandi. Mætta er nú sýnt dómskjal nr. 17, sem er ársreikningur KVB 1986. Mætti er spurður um, hvort honum hafi verið kunnugt um meginniðurstöður aðalrekstrarreiknings. Mætti segir, að hann hafi vitað um mikinn halla 1985 og meiri halla 1986. Aðspurður segir mætti, að sér hafi verið kunnugt um neikvæða eiginfjárstöðu félagsins 1985 og 1986, eins og greinir í ársreikningi.

Mætta er sýnt dómskjal nr. 18, bls. 147 og áfram. Mætti kannast við undirskrift sína undir fundargerðina. Liður 2 er lesinn fyrir mætta. Mætti segir, að umræðurnar á fundinum hafi snúist um niðurskurð á sauðfé og þann vanda, sem það myndi þýða fyrir kaupfélagið og sláturhúsið. Menn voru sendir til Reykjavíkur til SÍS til að fá ráðgjöf í þessum erfiðleikum. Mætta er nú sýnd fundargerð á bls. 149. Mætti kannast við undirskrift sína. Liður 5 í fundargerðinni var nú lesinn fyrir mætta. Aðspurður segist mætti hafa gert sér grein fyrir, að viðskiptareikningi kaupfélagsins hjá SÍS hefði verið lokað vegna skulda. Mætti les lið 3, bls. 153, í fundargerð frá 18. september 1984. Aðspurður segir mætti, að stjórnarmönnum hafi verið ljóst, að kaupfélagið gæti ekki staðið í skilum við bændur, eins og vert væri, án utanaðkomandi stuðnings. Þá er vikið að lið 1 og 3 í fundargerð frá 4. des. 1984. Kveðst mætti ekki muna sérstaklega eftir fundargerðinni, enda hafi hann ekki verið á fundinum, en honum hafi verið kunnugt um bréf frá SÍS, undirritað af Kjartani D. Kjartanssyni, sem þar greinir. Dómskjal nr. 11 er lesið fyrir mætta. Mætti telur, að veðskuldabréf, dags. 14.3. 1985, hafi átt að vera skuldbreyting á innstæðu hans við KVB. Innstæða þessi hafði stofnast að verulegu leyti haustið 1984. Mætti upplýsir, að það hafi verið byrjað að slátra vegna niðurskurðar frá byrjun október 1984 og fram í janúar 1985. Mætti segir, að það hafi verið venja, að bændur fengju ákveðna prósentu af haustinnlegginu í nóvember, en uppbætur og endan-

legt uppgjör á næsta ári. Aðspurður segir mætti, að hann minntist þess ekki, að það hefði komið fram á stjórnarfundi KVB, að verslunarhúsið á Krossholti væri veðsett fyrir framangreindum kr. 3.000.000.

Vitnið Sigurgeir Magnússon gaf skýrslu hér fyrir réttinum 1. febrúar 1989. Vitninu er sýnt dómskjal nr. 9 og það spurt um, hvenær kaupin áttu sér stað. Vitnið segir, að kaupin hafi átt sér stað, þegar afhending fór fram hinn 1. júlí 1986. Aðspurt segir vitnið, að það muni ekki glöggt, hvernig kaupverðið var ákveðið, en sennilega hafi verðið verið ákveðin prósenta af brunabótamati og markaðsverð á þeim tíma. Vitnið segir aðspurt, að kaupsamningur á dómskjali nr. 9 hafi verið útbúinn af Sigurgeiri Bóassyni í kaupfélagi V.-Barð., sennilega 7. maí 1987. Vitnið telur, að samningurinn hafi verið undirritaður mjög fljótlega eftir gerð hans. Vitnið segist ekki vita til, að Ragnari Guðmundssyni hafi verið gerð grein fyrir veðskuld, að fjárhæð kr. 3.000.000, hvílandi á verslunarhúsi á Krossholti. Vitnið telur þó, að hafi legið fyrir loforð frá SÍS um að aflétta skuldinni. Vitninu er sýnt dómskjal nr. 26, veðskuldabréf, út gefið 10/5 '87, að fjárhæð kr. 258.717, og það telur, að hér sé um að ræða veðskuldabréf það, sem talað er um í kaupsamningi á dómskjali nr. 9. Vitninu er sýnt dómskjal nr. 25. Vitnið segir, að sér hafi verið kunnugt um þessa veðskuld, en það hafi talið, að SÍS myndi aflétta veðinu, þegar eignin yrði seld. Vitnið treystir sér ekki til að fullyrða, hvort veðbókarvottorð hafi legið frammi við gerð kaupsamningsins á dómskjali nr. 9.

Vitninu er sýnt dómskjal nr. 14. Vitnið staðfestir, að það hafi ritað það, sem stendur á bakhlið skjalsins, og reiknað út heildarfjárhæðina.

Málið var munnlega flutt hinn 2. febrúar 1989 og síðan dómtekið. Í munnlegum flutningi málsins gerðu aðilar sömu kröfur og í stefnu og greinargerðum, sem reifaðar eru hér að framan, og rökstuddu kröfur sínar með svipuðum hætti. Kröfur stefnanda eru viðurkenndar sem slíkar, en stefndi krefst sýknu að svo stöddu vegna skilyrtrar skuldajafnaðarkröfu. Skilyrði þessarar kröfu er ekki komið fram, þar sem riftun hefur ekki náð fram að ganga vegna mótmæla stefnda, en stefnandi hefur eigi fylgt kröfum sínum um riftun eftir. Í 33. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 6/1978 segir: „Skuldajafna má skilyrtri kröfu við kröfu, sem búið á, ef skilyrðið er uppfyllt. Ef svo er ekki og krafa búsins er greidd en skilyrðið síðar uppfyllt skal greiða kröfuna á búið eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Ef óvíst er þegar úthlutun fer fram hvort skilyrðið verður uppfyllt skal taka frá fé til greiðslu kröfunnar sbr. 124. gr." Það virðist því augljóst, að þessi lagagrein eigi við um skilyrtar kröfur eins og kröfu þá, er hér um ræðir. Framangreind lagagrein kemur því í veg fyrir, að stefndi geti krafist skuldajafnaðar eða sýknu að svo stöddu, enda eru skilyrði kröfunnar eigi uppfyllt á þessari stundu. Verður því að fallast á

kröfur stefnanda í máli þessu. Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 90.085, hér með talinn söluskattur.

Dóm þennan kvað upp Guðmundur Björnsson, fulltrúi sýslumanns.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Guðmundsson, greiði stefnanda, þrotabúi KVB, kr. 120.549,11 með 51,6% drv. á ári frá 1/1 '88 til 1/3 '88, með 45,6% drv. á ári frá þ.d. til 1/5 '88, með 44,4% drv. á ári frá þ.d. til 1/7 '88, með 52,8% drv. á ári frá þ.d. til 1/8 '88, með 56,4% drv. á ári frá þ.d. til 1/9 '88, með 49,2% drv. á ári frá þ.d. til 1/10 '88, en frá þ.d. til greiðsludags með þeim drv., sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987. Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn hinn 1/1 '89.

Stefndi greiði stefnanda kr. 90.085 í málskostnað, hér með talinn söluskattur, og beri sú fjárhæð drv. frá 15. degi eftir dómsuppsögn til greiðsludags.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.

Mánudaginn 2. apríl 1990.

Nr. 394/1989. **Orri hf.**

gegn

Byggingariðjunni hf.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Orri hf., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Byggingariðjunni hf., sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 7.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. apríl 1990.

Nr. 278/1987. **Þorgrímur Stefánsson**
(Kristján Stefánsson hdl.)
gegn
Byggingarsamvinnufélagi Kópavogs
(Arnmundur Backman hrl.).

Orlof. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða 406.018 krónur með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Er þess krafist, að áfallandi vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. júní 1987, samkvæmt ákvæði 12. gr. vaxtalaga. Þá er krafist málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, er beri vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómsstefnu er því lýst yfir, að áfrýjandi reisi kröfu sína á ákvæðum kjarasamninga og lögum um orlof nr. 87/1971.

Fyrir Hæstarétti er á því byggt af hálfu stefnda, að krafa áfrýjanda sé ósönnuð og óheimil samkvæmt lögum um orlof, svo og, að hún sé fallin niður fyrir tómlæti, eigi hún við rök að styðjast.

Áfrýjandi hefur ekki lagt fram kjarasamning stéttarfélags síns, en ákvæði laga um orlof nr. 87/1971, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli, tryggja honum ekki rétt til að neyta orlofsréttar síns með þeim hætti, sem hann krefst. Þykir þessi galli á málatilbúnaði áfrýjanda eiga að valda því, að fella ætti hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi vegna vanreifunar. Stefndi

unir héraðsdómi, sem gerði honum að greiða kröfu áfrýjanda að hluta. Verður því niðurstaða hins áfrýjaða dóms að standa óröskuð að þeim hluta, en að öðru leyti er hinn áfrýjaði dómur úr gildi felldur og kröfu áfrýjanda vísað frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur um aðra þætti í kröfugerð áfrýjanda, Þorgríms Stefánssonar, en laun í orlofi fyrir orlofsárið 1985-1986, og er kröfu hans um þá þætti vísað frá héraðsdómi.

Dómsorð hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda, Byggingarsamvinnufélagi Kópavogs, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 4. maí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 28. apríl sl., er höfðað með stefnu, útgefinni 5. febrúar 1987, af Þorgrími Stefánssyni tæknifræðingi, Hraunbraut 12, Kópavogi, nnr. 9591-6791, gegn Byggingasamvinnufélagi Kópavogs, Hamraborg 14 A, Kópavogi, nnr. 1108-8163, til greiðslu skuldar á orlofi, að fjárhæð kr. 406.018, með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, en 2,5% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði réttur hans til að leggja áfallna vexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 1. júní 1987, „og mynda þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól". Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, að dæmdur málskostnaður beri hæstu dráttarvexti „með sama áskilnaði og að framan greinir" og að dráttarvextir falli á málskostnað frá birtingardegi dóms til greiðsludags.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfum. Málskostnaðar krefst stefndi með aðal- og varakröfu.

Málavextir.

Í máli þessu hefur komið fram, að stefnandi var starfsmaður hjá hinu stefnda byggingasamvinnufélagi frá 1. apríl 1983 til 1. júní 1986. Stefndi hafði með höndum byggingaframkvæmdir, og var starfssvið stefnanda

aðallega varðandi framkvæmdir, útboð og samningsgerð. Stefnandi höfðaði mál þetta til innheimtu á orlofi, sem hann taldi stefnda skulda sér, eftir að hann var hættur störfum hjá stefnda. Hinn 2. júní 1986 tók við ný stjórn hjá hinu stefnda byggingasamvinnufélagi.

Stefnandi hefur haldið því fram í máli þessu, að hann hafi ekki getað á starfsferli sínum hjá stefnda tekið samningsbundið og/eða lögboðið orlof. Ástæður fyrir þessu hafi legið hjá hinu stefnda félagi. Það hafi verið fyrir beiðni fyrrverandi stjórnar hins stefnda félags, að stefnandi komst ekki í orlof nema að óverulegu leyti. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi einungis verið í orlofi í fjóra daga árið 1983, en í fimm daga árið 1984. Stefnandi telur sig eiga innistandandi orlof hjá stefnda, er nemi 4,8 mánaðarlaunum. Stjórn hins stefnda félags hafi samþykkt, að stefnandi lyki starfi sínu með því að taka út uppsafnað orlof, en stefnandi hugðist hætta störfum hjá stefnda þann 1. júní 1986 vegna áforma um framhaldsnám erlendis.

Stefnandi rökstyður stefnukröfur sínar með eftirfarandi hætti: Síðustu útborguðu laun fyrir maí 1986 hafi verið kr. 82.076. Laun hafi hækkað 1. júní 1986 um 3,06% og urðu þá þann 1. júní s.á. kr. 84.587 á mánuði. Orlofsréttur stefnanda hafi verið 2,25 dagar fyrir hvern mánuð eða 27 virkir dagar á ári, en opinberir frídagar teljist ekki með. Meðalmánuður teljist vera 21,67 virkir dagar. Samkvæmt ákvæðum orlofslaga eigi launþegi rétt á 25% álagi á orlof, ef hann getur ekki tekið orlofið á orlofstíma af ástæðum, er snerta atvinnurekanda. Orlof reiknar stefnandi út þannig:

1. maí 1983 - 1. maí 1984	(27-4)	x 1.25	=	28,75 dagar
1. maí 1984 - 1. maí 1985	(27-5)	x 1.25	=	27,50 "
1. maí 1985 - 1. maí 1986	(27-0)	x 1.25	=	33,75 "
1. maí 1986 - 1. júní 1986	(2.25-0)	x 1	=	2,25 "
Á orlofstíma frídagarnir 17. júní 1986 og 4. ágúst s.á.		2x1	=	2,00 "
		Samtals		94,25 dagar
	94,25 dagar/21,67 d.		=	4,35 mán.

Orlof á orlofstíma 4.35 x 2.25 = 9,79 dagar.

Heildarorlof nemi því 104,04 dögum, sem geri 4,8 mánaðarlaun.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á ákvæðum kjarasamninga svo og lögum um orlof nr. 87/1971. Þau verkefni, sem stefnandi hafi haft með höndum á starfstíma sínum hjá stefnda, hafi ekki leyft, að hann tæki orlof nema að því marki, sem hér að framan greinir. Fyrir liggi yfirlýsing fyrrverandi stjórnar stefnda, studd vætti allra stjórnarmanna. Stefnandi hafi ætlað að ljúka starfi sínu hjá stefnda með því að fara í orlof, og eigi hann því

rétt á orlofslaunum, á meðan hann er í orlofi. Ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 87/1971 eigi því ekki við, enda fjalli það ákvæði einungis um orlofsfé, en það sé ekki sama og orlofslaun.

Þá telur stefnandi það vera á ábyrgð stefnda, að stefnandi gat ekki farið í orlof á starfstímabili hans hjá stefnda. Það sé atvinnurekandans að eiga frumkvæði að því, að starfsmaður fari í orlof, en verkefnin leyfðu ekki, að stefnandi færi í orlof. Stefnandi hafi ekki enn fengið orlofið greitt, og sé það til marks um það, að stefndi hafi synjað stefnanda um orlof á orlofstímanum, og beri honum því álag, svo sem hann hefur krafist.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að stefnandi hafi fengið orlof greitt út á hverjum tíma, m.a. með óunninni yfirvinnu. Hvergi sé að finna í gögnum stefnda, að stefnanda hafi ekki verið greitt orlof, en stefndi hefur m.a. lagt fram ljósrit úr fundargerðarbókum stefnda frá árunum 1983-1986. Krafan hafi því verið greidd að fullu með þeim launum, sem stefnandi fékk hjá stefnda.

Þá styður stefndi sýknukröfu sína einnig þeim rökum, að stefnandi hafi með gerðum sínum valdið stefnda verulegu fjárhagstjóni. Hann hafi með atferli sínu brugðist starfsskyldum sínum gagnvart stefnda og brotið gegn vinnusamningi þeirra. Rangt mat stefnanda við ákveðin lóðakaup hafi leitt til a.m.k. 2ja milljón króna taps fyrir stefnda, sem hafi í raun orðið til þess, að hið stefnda byggingasamvinnufélag „er nú rúið varasjóði sínum og fasteign".

Varakröfu stefnda um lækkun á stefnukröfum rökstyður stefndi með því, að stefnandi sé ekki réttur aðili að orlofskröfum fyrir orlofsárin 1983 til 1985, en samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 87/1971 um orlof skuli allt orlof, sem ekki hafi verið tekið út innan árs frá lokum orlofsársins, renna sem aukaiðgjald til lífeyrissjóðs orlofsþega. Samkvæmt því sé stefnandi ekki lengur aðili að orlofskröfum fyrir orlofsárin 1983 til 1985. Einnig hefur stefndi bent á, að samkvæmt 4. gr. laga um orlof nr. 87/1971 skuli orlofi ávallt lokið fyrir lok orlofsársins.

Stefnandi hefur mótmælt því, að um aðildarskort geti verið að ræða, enda hafi lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands framselt stefnanda „málsforræði", sbr. dskj. nr. 8.

Þá mótmælir stefndi því, að stefnandi hafi ekki komist í orlof, enda sé sú staðhæfing stefnanda ósönnuð með öllu. Yfirlýsing á dskj. nr. 3 hafi ekki sönnunargildi í málinu, enda væri hún gefin út löngu eftir, að stjórnarsetu útgefenda skjalsins lauk hjá hinu stefnda byggingasamvinnufélagi. Í fundargerðum stjórnar stefnda finnist ekki stafkrókur um orlofsleysi stefnanda eða nokkur ósk til hans um að sleppa orlofi eða taka það á öðrum tímum, enda hafi verið samið við hann um óunna yfirvinnu og önnur hlunnindi, m.a. tryggingakaup. Stefnandi hafi engan reka gert að því, að

hann tæki orlof eða fengi orlofsfé greitt, fyrr en ljóst var, að hann myndi ekki ílengjast (sic) í starfi hjá stefnda. Einnig er því mótmælt sérstaklega, að stefnandi eigi rétt á 1/4 álagi á orlof, enda hafi stefndi ekki óskað eftir því við stefnanda, að hann frestaði orlofstöku. Þá hefur stefndi við munnlegan flutning málsins mótmælt útreikningi stefnanda á stefnukröfu, en stefnandi heldur því fram, að þau mótmæli væru of seint fram komin. Loks hefur stefndi mótmælt málskostnaðarkröfu stefnanda, enda hafi stefndi boðið stefnanda sættir í málinu.

Niðurstöður.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því byggð, að orlof stefnanda væri að fullu greitt. Með vísan til þess, sem fram hefur komið í málinu, verður að líta svo á, að stefnandi hafi átt rétt til launa í orlofi fyrir orlofsárið 1. maí 1985 til 30. apríl 1986. Fullyrðingar stefnanda varðandi samkomulag málsaðila um orlofstöku hans 1. júní 1986 eru studdar vætti Kristjáns Kristjánssonar, fyrrverandi stjórnarformanns stefnda, svo og bókun í fundargerðarbók stefnda frá 26. maí 1986.

Í öðru lagi byggir stefndi á því, að stefnandi hafi vanefnt vinnusamning og valdið stefnda fjárhagstjóni. Þessar fullyrðingar þykja órökstuddar og koma því ekki til álita við úrlausn máls þessa.

Með vísan til þessa svo og með vísan til ákvæða í 3., 4. og 8. gr. laga um orlof nr. 87/1971, sbr. lög nr. 90/1982, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda laun í orlofi fyrir orlofsárið 1985-1986, sem ákveðið var, að hann tæki út frá og með 1. júní 1986. Stefnandi hefur gert kröfu til 27 orlofsdaga fyrir árið. Hann telur 21,67 virka daga vera í meðalmánuði og að laun stefnanda hafi verið hinn 1. júní 1986 kr. 84.587 á mánuði. Þar sem stefndi hefur ekki mótmælt þessum útreikningi stefnanda á þann hátt, sem réttarfarslög gera ráð fyrir, verður að leggja útreikning þennan til grundvallar í málinu og dæma stefnda til greiðslu launa stefnanda í orlofi hans, að fjárhæð kr. 105.392,19 (þ.e. 27/21, 67 x 84,587), en orlofið er tekið út á lögbundnu orlofstímabili. Einnig ber að dæma stefnda til greiðslu vaxta af dæmdri fjárhæð, eins og krafist er. Með vísan til 4. mgr. 4. gr. i.f., 3. mgr. 7. gr., sbr. l. 109/1972, og 2. mgr. 8. gr. laga um orlof, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um frekari greiðslur á orlofi, en eins og stefnandi hefur byggt mál þetta upp, gerir hann ekki kröfu í máli þessu um greiðslu á orlofsfé.

Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000, en ekki þykja lagaskilyrði til að dæma stefnda til að greiða vanskilavexti á málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefnda, Byggingasamvinnufélag Kópavogs, greiði stefnanda, Þorgrími Stefánssyni, kr. 105.392,19 með 2,25% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 1. júní 1986 til 1. mars 1987, en með 2,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og leggjast vanskilavextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst þann 1. júní 1987. Stefndi greiði stefnanda einnig málskostnað, kr. 20.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. apríl 1990.

Nr. 12/1989. **Eggert Þór Sveinbjörnsson**
(Örn Höskuldsson hrl.)
gegn
Gunnari Inga Gunnarssyni
(Helgi V. Jónsson hrl.).

Lausafjárkaup. Greiðsla. Viðskiptabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. desember 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi er tæknifræðingur, en ekki læknir, eins og ranglega er sagt í héraðsdómi.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, keypti áfrýjandi, sem er bifreiðasali að atvinnu, vélsleða af stefnda 22. janúar 1986 hjá Bílasölunni Bliki sf. Áfrýjandi greiddi sleðann með víxlum og skuldabréfi, sem hann hafði viku áður fengið við sölu á bifreið sinni hjá þessari sömu bílasölu. Hann ritaði ekki framsal á skjölin. Samkvæmt gögnum málsins er ósannað, að stefndi hafi fengið vitneskju um nöfn skuldara þessara viðskiptabréfa fyrr en sama dag og gengið var frá sölunni. Óumdeilt er, að verð vélsleðans var ekki ákveðið hærra en ella með hliðsjón af þessum greiðsluháttum og að sleðinn var í góðu ásigkomulagi.

Fyrir Hæstarétti hélt áfrýjandi því fram, að krafa stefnda væri fallin niður vegna tómlætis. Málsástæða þessi var ekki höfð uppi í héraði, og verður að telja hana of seint fram komna gegn andmælum áfrýjanda. Þá er ósannað, að innheimtutilraunir gagnvart áfrýjanda hafi ekki hafist, strax og tilefni varð til.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdómara um, að ósannað sé, að stefndi hafi tekið við framangreindum viðskiptabréfum sem fullnað-

argreiðslu, heldur hafi hann tekið við þeim á þeirri forsendu, að þau fengjust greidd hjá samþykkjendum þeirra. Þar sem svo var ekki nema að litlu leyti þrátt fyrir innheimtutilraunir, varð hið fyrra skuldasamband milli stefnda og áfrýjanda aftur virkt. Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfur áfrýjanda. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eggert Þór Sveinbjörnsson, greiði stefnda, Gunnari Inga Gunnarssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 13. apríl 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 24. júní 1987, af Gunnari Inga Gunnarssyni lækni, nnr. 3356-2535, Hraunbæ 18, Reykjavík, gegn Eggerti Þ. Sveinbjörnssyni bifreiðasala, nnr. 1716-6425, Helgalandi 9, Mosfellsbæ.

Mál þetta var dómtekið 10. febrúar sl., en endurupptekið 8. mars sl. og kveðinn upp úrskurður um, að aðilum væri gefinn kostur á að afla frekari gagna. Þann 11. þ.m. var málið endurflutt og dómtekið á ný.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirtaldar:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 104.693 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.119 frá 1.2. 1986 til 1.3. 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.183 frá þeim degi til 1.4. 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 25.4. 1986, af kr. 104.693 frá þeim degi til 25.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 24.6. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að stefnanda sé heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 25.4. 1987.

2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 79.300 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.200 frá 23.10. 1986 til 15.12.

1986, af kr. 54.300 frá þeim degi til 20.12. 1986, af kr. 79.300 frá þeim degi til 20.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 20.6. 1987, með 2,8% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til birtingardags stefnu þessarar, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að stefnanda sé heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20.12. 1987.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 34.939 ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 24.6. 1987 til greiðsludags.

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

5. Gegn ofangreindu mun stefnandi framselja stefnda kröfur skv. árituðum áskorunarstefnum á hendur Gunnari Júlíussyni, að höfuðstól kr. 31.183, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, á hendur Guðna Gunnarssyni, að höfuðstól kr. 73.510, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, einnig fjóra víxla, samþykkta af Lúðvík Ingvarssyni, samtals að fjárhæð kr. 79.300.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi seldi stefnda vélsleða af gerðinni Polaris Indi 600, árgerð 1984, þann 22. janúar 1986. Viðskiptin fóru fram hjá bifreiðasölunni Bliki sf. í Reykjavík. Kaupverð var kr. 323.527, og greiddi stefndi það með tólf víxlum og einu skuldabréfi. Stefndi framseldi hvorki skuldabréfið né víxlana. Gjalddagar voru dreifðir yfir árið 1986, og kom í ljós á gjalddögum, að engin krafnanna fékkst greidd.

Fjórir víxlar hafa þó fengist greiddir, samtals að höfuðstól kr. 40.000. Þá hefur stefnanda tekist að gera fjárnám með árangri vegna eins víxils, að upphæð kr. 109.089. Að öðru leyti er kaupverð vélsleðans í vanskilum. Stefnandi hefur ýmist gert árangurslaust fjárnám hjá skuldurum ofangreindra viðskiptabréfa eða lagt fram gögn um, að þeir séu gjaldþrota.

Stefnandi var að flytjast búferlum úr Mýtvatnssveit til Reykjavíkur um þetta leyti. Hann ákvað þá að setja vélsleða sinn á sölu og talaði við Jón Sigurðsson bifreiðasla hjá bifreiðasölunni Bliki sf. í því skyni. Hinn 20. janúar 1986 tók stefnandi vélsleðann úr skipi og fór með hann á bifreiðasöluna næsta dag. Stefnandi kveður Jón hafa hringt í sig þann 22. s.m. og sagst hafa kaupanda. Lét hann þess jafnframt getið, að væntanlegur kaupandi hefði fleiri sleða í takinu, og því þyrfti stefnandi að bregðast skjótt við. Ekki mundi Jón eftir að hafa ýtt á eftir stefnanda í þessu sambandi.

Samningar tókust milli stefnanda og stefnda þennan dag, og var gengið frá kaupverðinu með víxlum og skuldabréfi, eins og áður sagði. Komið hefur fram í málinu, að viðskiptabréf þau, sem mál þetta snýst um, fékk stefndi sem greiðslu, er hann seldi bifreið á sömu bifreiðasölu viku áður.

Aðilar eru sammála um, að stefnandi hafi fyrst hitt stefnda við undirritun afsals. Stefnandi og Jón hafi rætt afsíðis um viðskiptin, en stefndi hafi aðeins verið kallaður til í lokin til að afhenda bréfin og undirrita samninginn. Eru aðilar sammála um, að stefndi hafi ekki við þetta tækifæri tjáð sig um viðskiptabréfin eða gefið í skyn við stefnanda, að um góða greiðslu væri að ræða.

Stefnandi kveðst hins vegar hafa lagt allt traust sitt á bifreiðasalann Jón. Hann hafi sagt stefnanda, að skuldararnir á þessum viðskiptabréfum væru góðir. Hafi hann talað um, að einhverjir væru öruggir, en aðrir greiddu ef til vill ekki á gjalddaga, en greiddu samt. Stefndi hefur einnig borið, að Jón hafi haldið hinu sama fram, þegar stefndi fékk víxlana og skuldabréfið afhent á bílasölunni viku áður. Þá hefur Stefán Gunnarsson, kunningi stefnanda, sem var með honum á bílsasölunni í umrætt sinn, borið, að er kaupin voru gerð, hafi stefnandi innt bílasalann eftir því, hvort hann gæti ekki treyst þessum viðskiptabréfum. Jón hafi svarað því til, að sumir skuldaranna væru 100%, aðrir nokkuð öruggir, en einhverjir þó, sem hann þekkti ekki til. Jón kannaðist hins vegar ekki við áðurgreind ummæli og sagðist hafa það fyrir reglu að fullyrða aldrei neitt um greiðslugetu skuldara á viðskiptabréfum þeim, sem fari í gegnum bílasöluna.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi haft samband við Jón og beðið hann að láta sig vita, ef hann fengi góðan vélsleða til sölu. Jón hafi tilkynnt honum skömmu síðar, að hann væri að fá sleða úr Mývatnssveit. Stefndi kveðst þá hafa sagt Jóni, að hann vildi greiða sleðann með þeim sömu víxlum og skuldabréfi, er hann fékk við sölu á bifreið sinni viku áður. Jón hafi tekið það til athugunar og skrifað hjá sér nöfn allra skuldara. Þetta hafi verið u.þ.b. 4 dögum áður en viðskipti stefnda og stefnanda fóru fram. Stóð stefndi í þeirri trú, að Jóni hafi ætlað að kynna stefnanda nöfn skuldaranna, svo að stefnandi gæti kannað greiðslugetu þeirra.

Ekki mundi Jón glöggt eftir, hvort stefndi hafi gefið honum upp nöfn skuldaranna, en rámaði þó í það. Þá mundi hann ekki eftir, hvort hann tilkynnti stefnanda um nöfnin, áður en kaupin voru gerð, en reiknaði síður með því.

Stefnandi hefur hins vegar borið fyrir dómi, að hann hafi ekki vitað um nöfn skuldaranna, fyrr en viðskiptin fóru fram á bílasölunni. Hafi hann því ekki getað kynnt sér greiðslugetu þeirra.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur þannig:

1. Víxlar pr. 1.2., 1.3. og 1.3. 1986, að upphæð kr. 10.119, kr. 10.627

og kr. 10.392, samþykktir af Gunnari Júlíussyni, Víkurbraut 2, Grindavík, og útgefnir af Valgerði Snorradóttur, sama stað. Gunnar var úrskurðaður gjaldþrota 28. maí 1986 hjá bæjarfógetanum í Grindavík, en skv. vottorði Hagstofu Íslands 16. febrúar 1988 fluttust Gunnar og Valgerður til Svíþjóðar 17. september 1986.

Skuldabréf, að upphæð kr. 73.510, útgefið 25. apríl 1986 af Guðna Gunnarssyni, Laxakvísl 29, Reykjavík, með sjálfskuldarábyrgð Katrínar Jónu Hafsteinsdóttur, sama stað. Bú Guðna var tekið til gjaldþrotaskipta 9. mars 1987, en árangurslaust fjárnám var gert hjá Katrínu þann 2. febrúar 1988.

Samtals nema kröfur stefnanda því skv. þessum lið kr. 104.693.

2. Víxlar með gjalddögum 20.10, 23.10., 15.12. og 20.12. 1986, að upphæð kr. 8.100, kr. 23.100, kr. 23.100 og kr. 25.000, samþykktir til greiðslu af Lúðvík Ingvarssyni, Borgarvegi 4, Njarðvík, en útgefnir af Þuríði Haraldsdóttur, sama stað. Bú Lúðvíks var tekið til gjaldþrotaskipta 4. desember 1986, og lauk skiptum 18. september 1987, án þess að nokkuð fengist greitt upp í lýstar kröfur. Árangurslaust löghald var gert hjá Þuríði þann 16. mars sl.

Samtals nema kröfur stefnanda skv. þessum lið kr. 79.300.

3. Þá gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi greiði tildæmdan málskostnað í málum gegn Gunnari Júlíussyni, kr. 8.433, og Guðna Gunnarssyni, kr. 13.800, en innheimtulaun skv. gjaldskrá LMFÍ vegna Lúðvíks Ingvarssonar, kr. 12.706.

Samtals nema ofangreindar upphæðir kr. 34.939.

4.-5. Enn fremur gerir stefnandi kröfu um málskostnað í þessu máli skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Gegn ofangreindu mun stefnandi framselja stefnda kröfur skv. árituðum áskorunarstefnum á hendur Gunnari Júlíussyni og Guðna Gunnarssyni svo og fjóra víxla, samþykkta af Lúðvík Ingvarssyni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ofangreindum víxlum og skuldabréfi á þeim forsendum, að hann fengi greiðslu hjá skuldurum þessara skjala. Þar sem sannreynt sé, að greiðsla fáist ekki, hafi krafa stefnanda til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs á hendur stefnda orðið virk á ný. Heldur stefnandi því fram, að stefndi sé því skyldur til að greiða stefnanda andvirði skjalanna ásamt kostnaði við innheimtu þeirra.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefndi hafi tekið það fram við stefnanda, að hann ábyrgist ekki greiðslur viðskiptabréfanna og því ekki framselt þau. Stefnandi hafi tekið sér nægan tíma til að athuga bréfin og kanna greiðslugetu skuldaranna, og að þeirri athugun lokinni hafi hann tekið tilboði stefnda og tekið við viðskiptabréfunum sem fullnaðargreiðslu.

II.

Fram hefur komið í málinu, að stefndi hvatti stefnanda á engan hátt til að taka við viðskiptabréfum þeim, sem mál þetta snýst um, sem greiðslu fyrir vélsleðann. Ræddu þeir reyndar ekkert um greiðslugetu skuldaranna sín á milli. Vitnið Jón Sigurðsson bifreiðasali gaf hins vegar í skyn við stefnanda, að treysta mætti viðskiptabréfum þessum, og kann það að hafa orðið til þess, að stefnandi tók ákvörðun um kaupin.

Engu að síður verður að telja, að það hafi verið forsenda af hálfu stefnanda, er hann tók við viðskiptabréfunum, að þau fengjust greidd. Þykir enn fremur ósannað, að stefnandi hafi tekið við viðskiptabréfum sem fullnaðargreiðslu. Stefnandi hefur gert tilraunir til að fá kröfur sínar greiddar, og hafa tilraunir hans að hluta reynst árangurslausar. Hefur stefndi því ekki staðið stefnanda að öllu leyti skil á andvirði vélsleðans, og verður því hið fyrra skuldasamband milli stefnanda og stefnda aftur virkt. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnukröfur þannig:

1. Kr. 104.693 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.119 frá 1.2. 1986 til 1.3. 1986 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.183 frá þeim degi til 1.4. 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 25.4. 1986, af kr. 104.693 frá þeim degi til 25.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

2. Kr. 79.300 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 31.200 frá 23.10. 1986 til 15.12. 1986, af kr. 54.300 frá þeim degi til 20.12. 1986, af kr. 79.300 frá þeim degi til 20.3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Kr. 34.939 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 24.6. 1987 til greiðsludags.

Gegn ofangreindu framselji stefnandi kröfur sínar til stefnda skv. árituðum áskorunarstefnum á hendur Gunnari Júlíussyni og Valgerði Snorradóttur, að höfuðstól kr. 31.183, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, á hendur Guðna Gunnarssyni og Katrínu Jónu Hafsteinsdóttur, að höfuðstól kr. 73.510,70, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, svo og fjóra víxla, samþykkta af Lúðvík Ingvarssyni, samtals að höfuðstól kr. 79.300.

Óþarfi er að staðfesta með dómi, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, þar sem það er lögfest með 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 40.000 í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eggert Þ. Sveinbjörnsson, Helgalandi 9, Mosfellsbæ, greiði stefnanda, Gunnari Inga Gunnarssyni, Hraunbæ 18, Reykjavík, í fyrsta lagi kr. 104.693 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 10.119 frá 1.2. 1986 til 1.3. 1986, með 2,75% drv. af kr. 31.183 frá þeim degi til 1.4. 1986, með 2,25% drv. frá þeim degi til 25.4. 1986, af kr. 104.693 frá þeim degi til 25.3. 1987, með 2,5% drv. frá þeim degi til 14.4. 1987, en skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Í öðru lagi greiði stefndi stefnanda kr. 79.300 með 2,25% dráttvarvöxtum á mánuði af kr. 31.200 frá 23.10. 1986 til 15.12. 1986, af kr. 54.300 frá þeim degi til 20.12. 1986, af kr. 79.300 frá þeim degi til 20.3. 1987, með 2,5% drv. frá þeim degi til 14.4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Í þriðja lagi greiði stefndi stefnanda kr. 34.939 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 24.6. 1987 til greiðsludags. Gegn ofangreindu framselji stefnandi kröfur sínar til stefnda skv. árituðum áskorunarstefnum á hendur Gunnari Júlíussyni og Guðna Gunnarssyni, svo og fjóra víxla, samþykkta af Lúðvík Ingvarssyni.

Stefndi greiði stefnanda kr. 40.000 í málskostnað.

Miðvikudaginn 4. apríl 1990.

Nr. 148/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Rúnari Ben Maitsland.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 31. mars sl., sem barst Hæstarétti 2. þ.m.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 30. mars 1990.

Ár 1990, föstudaginn 30. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík hefur að undanförnu unnið að rannsókn á stórfelldu fíkniefnamisferli bræðranna Rúnars Ben Maitslands, kt. 230772-3989, og Davíðs Ben Maitslands, kt. 230772-5179.

Í þágu þessa máls voru ofangreindir aðilar af embætti þessu úrskurðaðir í gæsluvarðhald frá kl. 16.00 þann 19. mars 1990 og allt til kl. 16.00 þann 30. mars 1990.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu í fyrrnefndu gæsluvarðhaldi hafa nefndir bræður viðurkennt dreifingu á mörgum kílóum hassefna til fjölmargra nafngreindra kaupenda. Lögregla hefur þegar yfirheyrt fjölmarga aðila í þessu sambandi og flestir þeirra kannast við kaup fíkniefna af nefndum bræðum, þótt víða beri enn í milli um magn.

Þá hafa nefndir bræður einnig hvor í sínu lagi nafngreint sex aðila, sem hafi og að mestu á síðasta ári afhent þeim bræðrum mörg kíló af hassefnum til endursölu og ráðstöfunar. Lögregla hefur undanfarna daga gert víðtæka leit að fjórum þessara aðila, án árangurs þó til þessa.

Annar þeirra, sem þá eru ótaldir, tjáði sig hjá lögreglu sl. nótt um talsverð viðskipti við margnefnda bræður, en þó hvergi nærri því magni, sem á hann hafði verið borið.

Síðasti aðilinn hefur í fyrstu lögregluyfirheyrslu einnig kannast við nokkur fíkniefnaviðskipti tengd ofangreindum bræðrum.

Af hálfu lögregluyfirvalda er hins vegar haldið fram og talið ljóst, að yfirheyra þurfi mun betur alla hina ætluðu sölumenn fíkniefna til bræðranna, áður en rannsókn verði talin komin af frumstigi. Einnig á lögregla eftir að yfirheyra fjölda aðila, er munu hafa keypt fíkniefni af nefndum bræðrum.

Vegna ofanritaðs var hér fyrir dómi í dag af hálfu lögreglu gerð krafa um, að framlengt verði gæsluvarðhald nefndra bræðra og allt að kl. 16.00 þriðjudaginn 10. apríl 1990.

Réttargæslumaður Rúnars hefur mótmælt fram kominni gæsluvarðhaldskröfu og til vara tímalengd.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986, nánar víðtæka og langvarandi dreifingu mikils magns fíkniefna til fjölmargra aðila.

Af þessum ástæðum hafa þegar mjög margir verið nefndir til sögu og margir yfirheyrðir, einkum þó úr hópi meintra kaupenda. Hins vegar virðist lögreglu hafa til þessa gengið mjög illa að finna og yfirheyra flesta hina meintu dreifiaðila til bræðranna.

Við þær aðstæður verður að telja rannsókn enn á frumstigi. Telja verður samprófanir samkvæmt ofansögðu ýmist ótímabærar eða óframkvæmanlegar.

Með vísan til þessa auk annars ofanritaðs verður að telja réttmæta og nægjanlega rökstudda kröfugerð lögregluyfirvalda um framlengt gæsluvarðhald margnefndra bræðra. Tímalengd virðist og í hóf stillt miðað við aðstæður og umfang máls.

Þykir því í þágu rannsóknarhagsmuna og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, enda í samræmi við fyrirliggjandi gögn og kröfugerð, rétt að framlengja allt að kl. 16.00 þriðjudaginn 10. apríl nk. gæsluvarðhald Rúnars Ben Maitslands og Davíðs Ben Maitslands.

Úrskurðarorð:

Framlengt er og allt að kl. 16.00 þriðjudaginn 10. apríl 1990 gæsluvarðhald Rúnars Ben Maitslands, kt. 230772-3989, og Davíðs Ben Maitslands, kt. 230772-5179, beggja til heimilis að Austurbrún 16 hér í borg.

Fimmtudaginn 5. apríl 1990.

Nr. 235/1988. **Jón Magnússon og**
Sigurður Sigurjónsson
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Jóni Ólafssyni og
Steingrími Eiíassyni
(Ólafur Axelsson hrl.).

Fasteignakaup. Galli. Afsláttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1988. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefndu í héraði, en stefndu gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Telja verður, eins og gert er í héraðsdómi, að við kaup aðila um lögbýlið Breiðabakka við Ytri-Rangá hafi stefndu mátt ætla, að land þess væri nálægt 50 hekturum og að vik frá því marki við nákvæma mælingu yrðu minni en í raun reyndust. Áfrýjendur ábyrgðust ekki nákvæma stærð jarðarinnar með ákvæðum í kaupsamningi eða á annan hátt, en virðast sjálfir hafa verið í góðri trú um, að þessi hugmynd um landstærðina væri nærri lagi. Verður að telja hana meðal þess, sem áhrif hafði á kaupverðið, en hinn framkomni stærðarmunur er tiltölulega mikill miðað við heildarstærð jarðarinnar.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber á það að fallast, að stefndu eigi rétt á afslætti af kaupverði jarðarinnar með tilliti til þess, sem fram kom um stærð hennar. Við ákvörðun hans er rétt að hafa hliðsjón af áliti dómkvaddra matsmanna um hektaraverð á landinu, en einnig til þess, að stefndu var ljóst, að skeikað gæti um landstærðina frá því, sem þeir höfðu í huga. Þykir afslátturinn hæfilega ákveðinn 170.000 krónur, er áfrýjendum ber

að greiða in solidum og með sömu vöxtum og mælt er um í héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefndu 115.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Jón Magnússon og Sigurður Sigurjónsson, greiði in solidum stefndu, Jóni Ólafssyni og Steingrími Elíassyni, 170.000 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 32% frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar s.á., 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á., 45% frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 1. mars 1987 og 30% frá þeim degi til 1. júní s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Ógreiddir vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1986.

Áfrýjendur greiði stefndu in solidum 115.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 29. október 1987, af Jóni Ólafssyni, nafnnr. 5173-8187, Fjarðarási 11, Reykjavík, og Steingrími Elíassyni, nafnnr. 8437-9573, Öldugötu 51, Reykjavík, gegn Jóni Magnússyni hdl., nafnnr. 5716-2658, Malarási 3, Reykjavík, og Sigurði Sigurjónssyni hdl., nafnnr. 7900-4405, Haukanesi 6, Garðakaupstað.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 243.000, með 32% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986,

með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags og með ársvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. janúar 1986. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavexti kveður stefnandi þá, að með kaupsamningi, dags. 1. janúar 1985, hafi stefnendur keypt af stefndu lögbýlið Breiðabakka í Holtahreppi í Rangárvallasýslu ásamt öllum réttindum, gögnum og gæðum, sem því fylgdu og fylgja bar. Umsamið kaupverð hafi verið kr. 950.000, sem borið hafi að greiða á tímabilinu 10. janúar 1985 til 15. september 1985, og sé kaupverðið að fullu greitt. Við kaupin hafi stærð landsins verið gefin upp af stefndu 50 hektarar.

Eftir að kaupin höfðu átt sér stað, hafi stefnendur látið mæla landið vegna fyrirhugaðrar vegalagningar, og hafi þá komið í ljós, að stærð þess var aðeins 32 hektarar. Telji stefndu því, að þeir eigi rétt á skapabótum eða afslætti vegna þessara vanefnda, en allar tilraunir í þá veru hafi reynst árangurslausar.

Með matsbeiðni, dags. 27. nóvember 1986, hafi verið beðið um mat á lögbýlinu Breiðabakka í Holtahreppi og matsmenn þar beðnir um álit á því, hvað eðlilegt væri að færa verð landsins mikið niður hlutfallslega með tilliti til þess, að stærð landsins nam ekki 50 hekturum, heldur 32 hekturum. Niðurstaða matsmanna hafi orðið sú, að sanngjarnt væri að meta þá ca. 18 hektara, sem upp á vantaði, á kr. 13.500 pr. hektara að meðaltali. Jafnframt væri tekið fram í matinu, að sú fjárhæð væri miðuð við staðgreiðslu og dagsetningu kaupsamningsins, þ.e. 1. janúar 1985. Séu stefnukröfur í samræmi við þessa niðurstöðu.

Málsástæður stefnenda eru þær, að hið selda, þ.e. lögbýlið Breiðabakki, hafi verið haldið (sic) göllum, sem fólust í því, að það hafi reynst vera 32 hektarar í stað 50 hektara, sem hafi verið uppgefin landstærð við kaupin. Telji þeir sig því eiga rétt á skaðabótum og/eða afslætti vegna þessa galla. Vísi þeir í þeim efnum til 42. gr. laga nr. 39/1922.

Málsástæður stefndu eru þær, að þeir hafi ekki selt stefnendum 50 hektara jörð. Í kaupsamningi málsaðilja sé jörðinni lýst svo: ,,Lögbýlið Breiða-

bakka í Holtahreppi ásamt öllum réttindum, gögnum og gæðum, sem fylgja og fylgja ber. Jörðin er mannvirkjalaus. Landamerki eru ágreiningslaus utan markalína að sunnanverðu, en verð og kjör í samningi þessum miðast við að kaupendur taki á sig úrslit þess máls þegar og ef (sic) á reynir. Hin selda eign er skógræktarbýli." Í kaupsamningi séu engin ákvæði þess efnis, að stefndu hafi selt stefnendum 50 hektara jörð. Einungis sé talað um lögbýlið Breiðabakka, og hafi landamerki milli málsaðilja í sjálfu sér verið óumdeild. Samkomulag hafi verið um, hvernig fara skyldi með markalínu að sunnanverðu. Stefnendur hafi nákvæmlega vitað, hvað þeir voru að kaupa. Aldrei hefði verið fullyrt, að stærð jarðarinnar væri 50 hektarar, enda, hefði svo verið, þá hefði talan verið tekin upp í kaupsamningnum.

Stærðartalan 50 hektarar sé gömul áætlunartala, sem tekin hafi verið upp í afsal til stefndu frá 26. júlí 1982. Eins megi sjá af afsalinu, að talan sé hrein áætlunartala og ekki byggð á neinum gögnum. Úr afsali þessu virðist talan rata inn í veðmálabækur. Jörðin Breiðabakki hafi aldrei verið mæld nákvæmlega, fyrr en stefnendur hafi látið gera það vegna fyrirhugaðrar vegalagningar, enda ekki furða, því að jörðin verði ekki lögbýli fyrr en 2. júlí 1984.

Stefndu hafi verið að kaupa það, sem þeir sáu við skoðun, en ekki einhverja óskilgreinda hektara. Staðhættir séu þeir á jörðinni, að hægt sé að sjá yfir alla jörðina frá hæsta punkti hennar. Stærri sé jörðin ekki að umfangi. Þá sé það ítrekað, að jörðin hafi verið orðin lögbýli og staðsetning góð fyrir stefnendur. Þessi atriði hljóti að hafa vegið þyngst við ákvarðanatöku (sic) stefnenda.

Stefndu leyfi sér að mótmæla því mati, sem lagt sé fram í málinu til stuðnings stefnukröfum. Matsgerðinni sé mótmælt að því leyti, að hún skipti ekki máli varðandi lögskipti málsaðilja. Jörðin Breiðabakki hafi verið seld ákveðnu verði, eins og hún komi fyrir, en ekki, að hver hektari væri metinn á ákveðnu verði. Að þessu leyti skipti verðmæti hvers hektara ekki máli og hafi því ekkert sjálfstætt gildi.

Niðurstaða.

Fram hefur komið í málinu, að Magnús Axelsson, fasteignasali hjá Fasteignasölunni Laufási, annaðist milligöngu um sölu á lögbýlinu Breiðabakka í Holtahreppi. Hann lýsti því fyrir dómi, að þannig hefði talast til, er stefndi Sigurður kom til hans á fasteignasöluna, að jörðin væri um það bil 50 hektarar og í sínum huga hefði önnur stærð landsins aldrei komið fram. Hafi hann veitt stefnanda Jóni upplýsingar um, að jörðin væri um það bil 50 hektarar.

Þá er og komið fram, að hjá fasteignasalanum fengu stefnendur gögn,

sem stefndu höfðu afhent honum varðandi jörðina, þ. á m. afsal til stefndu fyrir jörðinni, og er þar tilgreint, að spildan sé ca. 50 hektarar.

Bréf stefndu til Landnáms ríkisins, sem lagt hefur verið fram í málinu, gefur til kynna, að stefndu hafi sjálfir talið jörðina vera 50 hektara. Telja verður með hliðsjón af framansögðu, að stefnendur hafi samkvæmt þeim gögnum, sem þeir höfðu aðgang að, mátt ætla, að jörð sú, er þeir hugðust kaupa, væri um það bil 50 hektarar. Ósannað er, að stærð jarðarinnar hafi komið til umræðu milli málsaðilja eða að stefndu hafi gert fyrirvara varðandi stærð jarðarinnar, eins og hún er tilgreind í áðurnefndum gögnum.

Fram hefur komið, að stefnandi Jón, sem hugðist nýta jörðina til hrossaræktar og skógræktar, fór ásamt stefnda Sigurði og skoðaði jörðina. Ekki verður á það fallist, að stefnandi hafi við þá skoðun mátt gera sér grein fyrir því, að jörðin væri í hekturum talið svo miklu minni í raun en hann mátti ætla samkvæmt þeim upplýsingum, sem hann hafði með höndum um stærð landsins.

Enda þótt fyrrgreint afsal til stefndu gæfi ekki til kynna nákvæma stærð landsins, heldur ca. 50 hektara, verður að telja, að stefnendur hafi þó aldrei mátt búast við, að frávik yrðu svo veruleg sem þau reyndust við mælingu, eða 18 hektarar. Samkvæmt því og með vísan til þess, sem áður er rakið, verður því talið, að stefnendur eigi rétt á afslætti á kaupverði jarðarinnar. Sú staðreynd, að stefnendum var boðið að rifta kaupunum, sem þeir höfnuðu, þykir ekki breyta réttarstöðu þeirra varðandi kröfu þeirra um afslátt.

Af hálfu stefnenda hefur verið lögð fram matsgjörð, sem þeir grundvalla kröfugerð sína á í málinu. Niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna er sú, að hæfilegt sé að meta verðmæti hvers vantalins hektara lands á kr. 13.500, sem nemur samtals kr. 243.000, þ.e. stefnufjárhæðinni. Þar sem ekki er tölulegur ágreiningur í málinu, þykir mega taka þá kröfu stefnenda til greina að fullu ásamt vöxtum, eins og krafist er, að öðru leyti en því, að heimilt er að leggja dráttarvexti við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn þann 1. febrúar 1986, en vaxtafæti og upphafstíma vaxta hefur ekki verið andmælt.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 71.000, þar með talinn söluskattur.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir borgardómari. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Magnússon og Sigurður Sigurjónsson, greiði stefnendum, Jóni Ólafssyni og Steingrími Elíassyni, kr. 243.000 með 32% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 1. febrúar 1985, með 39% ársvöxtum

frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% árxvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1987, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1987, með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1987, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1987, með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 29. október 1987, en með ársvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. febrúar 1986. Þá greiði stefndu stefnendum kr. 71.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. apríl 1990.

Nr. 281/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðna Elíassyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Nauðgun. Reynslulausn. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1989 að ósk ákærða og af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur um sakfellingu samkvæmt ákæru og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing verði þyngd. Þá er þess krafist, að miskabætur verði hækkaðar og beri vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. apríl 1989 til greiðsludags. Að lokum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði milduð. Hann krefst þess, að bótakröfu verði vísað frá dómi, en mótmælir til vara kröfu um hækkun miskabóta, þar eð hún hafi ekki komið fram í áfrýjunarstefnu.

Mál þetta var upphaflega flutt fyrir Hæstarétti 20. október 1989. Hæstiréttur óskaði eftir frekari rannsókn. Hinn 7. desember 1989 var lakið, sem um getur í héraðsdómi, ásamt blóðsýnum úr ákærða og K, er tekin voru 29. nóvember s.á., send dr. Patrick J. Lincoln til rannsóknar, en hann starfar við The London Hospital Medical College í London. Hafði Gunnlaugur Geirsson, prófessor við Háskóla Íslands, milligöngu um þetta að ósk rannsóknarlögreglu ríkisins. Dr. Patrick J. Lincoln staðfesti í bréfi til Gunnlaugs Geirssonar prófessors, dags. 19. janúar sl., að rannsókn á bletti í lakinu hafi leitt í ljós, að um sæðisblett var að ræða, en blóðflokkagreining, er hann framkvæmdi, benti til þess, að sæðið væri ekki úr ákærða.

Þrátt fyrir niðurstöðu þessarar rannsóknar standa forsendur héraðsdóms fyrir sakfellingu ákærða óhaggaðar að öðru leyti. Ber

með skírskotun til þeirra að staðfesta bæði sakarmat héraðsdómara og færslu brots ákærða til refsiákvæða. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist, sem ákærði hefur sætt óslitið frá 9. apríl 1989. Þá þykir með vísan til forsendna héraðsdóms mega staðfesta úrlausn hans um bótakröfu K.

Vextir af bótum ákvarðast eins og í dómsorði greinir.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Elíasson, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Gæsluvarðhald ákærða frá 9. apríl 1989 komi til frádráttar dæmdri refsingu.

Ákærði greiði K 300.000 krónur með vöxtum frá 9. apríl 1989 til greiðsludags samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, sbr. og auglýsingar Seðlabanka Íslands.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1989.

Ár 1989, föstudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 306/1989: Ákæruvaldið gegn Guðna Elíassyni, sem tekið var til dóms 21. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 21. apríl sl., á hendur ákærða, „Guðna Elíassyni, Nóatúni 30, Reykjavík, kt. 300161-3919, fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 9. apríl 1989 með ofbeldi þröngvað K, fæddri [...] 1957, til holdlegs samræðis að [...] í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Kl. 5.46 að morgni hins 9. apríl sl. var óskað lögregluaðstoðar í íbúð á 1. hæð til hægri að [...] hér í borg vegna ætlaðrar nauðgunar. Á vettvangi hittu lögreglumenn fyrir K, fædda [...]. Kærði hún ákærða í máli þessu fyrir nauðgun. Ákærði var í íbúð í sama húsi á 1. hæð til vinstri, og var hann handtekinn þar og fluttur á lögreglustöðina að Hverfisgötu 113.

K var flutt á slysadeild Borgarspítalans, þar sem Dóra Lúðvíksdóttir læknir skoðaði hana. Í vottorði Stefáns Carlssonar læknis um skoðunina, dagsettu 17. apríl sl., segir, að komið hafi verið með K á slysadeildina kl. 6.16. Segir síðan í vottorðinu:

„Við skoðun á höfði er hún með eymsli dreifð um allan hársvörð, segir hann hafa togið (sic) í hár sitt. A.m.k. 2 marblettir framan á hálsi um 2 cm stórir. Eymsli í vörum, þar sjást ekki áverkamerki. Er með sár á baki, u.þ.b. 1 cm. sem virðist vera eftir neglur og þar er einnig mar um 2 x 2 cm. að stærð. Vinstri handleggur: Fjölmargir 1-2 cm. marblettir um 10 cm. fyrir ofan vinstri úlnlið. Doði og hiti á vinstri upphandlegg og þar er mar. Hægri handleggur: Nokkrir litlir marblettir á hægri framhandlegg. Hægra læri: Sár á framanverðu lærinu 1 x 1 cm. og marblettir að innanverðu lærinu virðist vera eftir fingur. Hægri fótleggur: Hrufl við hægri ökkla ca. 1 x 1 cm. og mar um 2 x 2 cm. yfir hægra hælbeini. Vinstri fótleggur: Mar 2 x 2 cm. á vinstri rist og annar marblettur 1 x 1 cm. yfir ökklaliðnum innanverðum og marblettur utanvert á vinstra læri u.þ.b. 2 x 2 cm. að stærð.

Ekki þótti ástæða til að gera neitt að þessum sárum og marblettum og fékk K að skoðun lokinni að fara heim af slysadeild.

Samantekt.

Um er að ræða 31 árs konu sem er flutt á slysadeild 09.04.89 eftir nauðgun. Við skoðun á slysadeild komu í ljós marblettir vítt og breitt (sic) um líkamann og eymsli sem koma vel heim og saman við að hafa komið eftir átök við annan aðila, bæði sárin og marblettir.“

Samkvæmt bréfi læknisins, dagsettu 7. þ.m., er um prentvillu að ræða í vottorðinu, þar sem talað er um „doða og hita í vi. upphandlegg“, og í stað orðsins doði á að vera roði.

Þá skoðaði Arnar Hauksson, dr. med., K kl. 7.30 um morguninn. Segir svo um skoðunina í vottorði læknisins, sem er sérfræðingur í kvensjúkdómalækningum:

„Almenn skoðun: Nokkrir áverkar eru þegar sýnilegir eða að koma í ljós. Innanvert á vi. framhandlegg eru tveir gómstórir (1x1 cm) marblettir strax ofan úlnliðs og 2 örlítið stærri ofan og neðan utanverðs vi. olnboga. Að auki verulegur roði og erting í húð á vi. olnboga. Á hægri framhandlegg neðan og utanvert er 1 ca. 1 cm. stór marblettur en stærra svæði ca. 5x6 cm. stórt þrútið og rautt þar neðan við. Á miðjum framanverðum hálsi hægra megin er ca. 1x1 cm. rauður blettur, mar/sog. Á vi. síðu frá hæð við vi. brjóst er ca. 15 cm. löng rispa með miklum roða í kring sem teygir sig aftur á bak. Undir vi. herðablaði (sömu megin alt so (sic)) eru tveir svipaðir áverkar, rispur eða klór. Sú efri ca. 13 cm. löng og sú neðri ca. 10 cm. löng og stefna upp á við. Talsverður roði og þroti í kring og á milli þeirra. Utanvert á hæ. hné er rispa og aftar við hnésbót byrjandi mar. Nokkur roði aftan á hæ. læri, undir rasskinn.

Kvensjúkdómaskoðun: Ytri barmar þrútnir og smárispur. Að auki er hægra megin ca. 0,7 mm sár, rifa í húðinni milli minni og stærri barma, fersk. Önnur ca. 1,2 cm. stræti (sic) vinstra megin á sambærilegum stað. Húðin er klístrug. Tíðatappi er í leggöngum. Þegar hann er fjarlægður er talsvert tíðablóð, svo erfitt er að meta þetta. Tekin eru strok frá húð og leggöngum fyrir smásjárskoðun.

Smásjárskoðun: Ekki sjást neinar sæðisfrumur, hvorki frá húð eða (sic) leggöngum, einungis ríkulegt magn rauðra blóðkorna.

Niðurstaða: K kærir mann fyrir meinta nauðgun. Hún ber allverulega ytri áverka, meira en talist getur eðlilegt. Allir ferskir, og jafnvel mætti búast við að ekki væru allir komnir fram enn. Áverkarnir eru svo staðsettir að samrýmst gæti lýsingu af átökum. Að auki finnast sár við ytra op legganga, sem ekki koma nema af ytri áverka, þ.e. ef einhver reyndi að troða sér nauðugur/eða einhverju/ inn í leggöngin. Skoðunin styrkir frásögn K um ofbeldi og nauðgun jafnvel þó ekki takist að finna sæðisfrumur. Það gæti bæði stafað af því að hinn grunaði hafi ekki haft sáðlát, og svo hinu að tíðablóð og tíðatappi skemmi möguleika (sic) að ná sýni."

Arnar Hauksson og Dóra Lúðvíksdóttir hafa bæði komið fyrir dóm sem vitni og staðfest læknisskoðun sína. Þau gátu ekki gefið skýringu á því, að vottorðunum ber ekki saman að nokkru leyti um sýnilega áverka K við skoðun.

Ákærða var tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar kl. 6.30 umræddan morgun. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist það (sic) innihalda 1,68‰ alkóhóls.

Þá var ákærði skoðaður af Þórarni Gíslasyni, fangelsislækni í Síðumúlafangelsi, kl. 14.20 sama dag. Segir í vottorði læknisins, dagsettu sama dag, að ákærði hafi verið dálítið titrandi og að daufan áfengisþef hafi lagt frá vitum hans. Samkvæmt skoðuninni voru 2 sár með roða og mari á vinstri

öxl ákærða, og vottaði fyrir tannaförum í kanti þeirra. Efra sárið var 4,5 sm x 3,5 sm og hið neðra 2,5 sm x 3,0 sm. Þá var sár um miðjan vinstri handlegg framanverðan. Var það sár með áberandi rauða kanta og öðruvísi en hin tvö. Á baki ákærða, yfir og neðan við hægra herðablað, voru 4 grunnar, nýlegar rispur, um 5 sm að lengd hver fyrir sig, og rétt aftan við vinstri holhönd voru 3 stuttar, bogadregnar rispur, sem líktust mest naglaförum.

Af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins fór þegar fram vettvangsrannsókn í framangreindri íbúð. Í þeirri rannsókn fundust sundurrifnar kvennærbuxur í baðherbergi íbúðarinnar, og í svefnherbergi fannst sloppur svo og bolur, sem var rifinn frá hálsmáli og niður úr. Þá segir í skýrslunni, að botn hjónarúms í herberginu hafi verið brotinn niður í miðju.

Samkvæmt rannsókn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar fundust tveir stórir, blóðlitaðir blettir í laki hjónarúmsins, og þar fundust einnig þrír sæðisblettir. Við rannsókn á nærbuxum ákærða fundust tveir sæðisblettir. Þá fannst blóðkám ofan við hún á innanverðri svefnherbergishurð. Að lokum fundust gleraugu ákærða á gólfi baðherbergisins.

Vitnið K kveðst hafa farið í umrædda íbúð í [...] laust eftir hádegi laugardaginn 8. apríl sl. Þar kveðst hún hafa hitt A og B, sem búi beint á móti, og hafi þau boðið vitninu í heimsókn um kvöldið. Vitnið kveðst við svo búið hafa farið og komið aftur um kl. 18.00, en farið yfir í íbúðina til A og B um kl. 21.00. Er klukkan hafi verið orðin 22.00, hafi komið í heimsókn ungur maður, ákærði í málinu, og með honum systir hans, Rósa að nafni. Kveðst vitnið ekkert hafa þekkt ákærða að öðru leyti en því, að það hafi vitað, að hann hafi verið búinn að vera í fangelsi sl. 2 ár og komið út daginn áður. Er ákærði og Rósa hafi komið í heimsókn, kveðst vitnið hafa farið yfir í íbúð sína, og hafi Rósa og A komið þangað líka rétt á eftir. Þar hafi þær setið nokkra stund, áður en ákveðið hafi verið að fara í Þórscafé, en þangað hafi þau öll farið. Vitnið kveður, að um kl. 1.00 hafi ákærði boðið því upp í dans, og hafi vitnið dansað við hann. Er klukkan hafi verið að nálgast 3.00, kveðst vitnið hafa ákveðið að fara heim og ákærði orðið því samferða út. Er út hafi verið komið, hafi enga leigubifreið verið að fá og ákærði þá sagt, að foreldrar hans byggju að Nóatúni 30, og skyldu þau ganga þangað og reyna að hringja á leigubifreið. Hafi þau gert það og komið þangað um kl. 3.15. Hafi faðir ákærða hleypt þeim inn. Þar hafi þau reynt að hringja á leigubifreið, en það ekki borið árangur. Á meðan þau hafi verið þarna, hafi Rósa komið heim. Vitnið kveðst þá hafa ákveðið að fara út og freista þess að fá bifreið, og enn hafi ákærði fylgt vitninu út. Hafi hann, er þar var komið, verið orðinn talsvert drukkinn. Vitnið kveður aldrei hafa staðið til, að þau færu saman eitt eða neitt, en ákærði hins vegar ætlað að fara til A og B í [...]. Loks hafi tveir piltar

í bifreið fallist á að aka þeim fyrir 500 krónur. Er þau hafi komið, um klukkan 4.00, í anddyrið í [...] kveðst vitnið hafa opnað dyrnar inn á stigapallinn og um leið hringt á dyrabjöllu á íbúð A og B til að þau myndu opna fyrir ákærða. Þau hafi síðan gengið upp á stigapallinn á 1. hæð, þar sem íbúð vitnisins er á hægri hönd, en íbúð A og B til þeirrar vinstri. Vitnið kveðst hafa opnað og farið inn, en ákærði þá sagt, að ekki væri opnað fyrir sér í hinni íbúðinni. Kveðst vitnið hafa farið inn til sín, en skilið eftir opið, því að vitnið hafi boðist til að hringja yfir í íbúðina til A og B fyrir ákærða, svo að opnað yrði fyrir honum. Vitnið kveðst hafa ætlað að hringja, en ákærði rofið hringinguna og beðið vitnið um að bíða, þar eð hann ætlaði að hringja dyrabjöllunni lengur. Hafi ákærði farið fram og reynt að hringja dyrabjöllunni, en vitnið farið inn í herbergi, háttað sig og farið í slopp, enda ætlað að fara að sofa. Hafi vitnið þá verið íklætt nærbuxum, stórum, síðum bol og náttsloppnum. Er vitnið hafi ætlað að hringja öðru sinni, hafi ákærði komið í veg fyrir það og skellt símanum á. Vitnið kveður ákærða hafa ráðist á sig og haldið sér. Kveðst vitnið hafa öskrað, en ákærði haldið fyrir munninn á vitninu. Síminn hafi nú hringt og vitnið lyft símtólinu, en ákærði þrifið til vitnisins og lagt á.

Vitnið kveður símann hafa hringt tvívegis í viðbót, og í bæði skiptin hafi ákærði tekið upp símtólið og slitið sambandinu.

Vitnið kveðst nú hafa reynt að forða sér inn í baðherbergi, en þangað hafi ákærði elt vitnið og rifið niður um það nærbuxurnar og einnig rifið sundur bolinn, sem vitnið var í, í einum rykk. Kveðst vitnið hafa sloppið inn í svefnherbergið og getað lokað á eftir sér. Vitnið kveðst hafa setið á rúminu og beðið eftir því, hvort ákærði færi. Kveðst vitnið hafa verið alveg lamað, bæði eftir alla áreynsluna og af hræðslu. Vegna sykursýki, sem vitnið kveðst þjást af, kveðst það hafa verið orðið mjög slappt eftir átökin. Vitnið kveðst hafa kíkt fram og vonað, að ákærði væri farinn, þar sem það hafi ekkert heyrt í honum. Er það hafi komið fram á gang, hafi það mætt honum og hann þá orðinn allsnakinn og með „tiltekið líffæri" í ákveðinni stöðu. Kveðst vitnið hafa fyllst algjörum hryllingi og þá endanlega gert sér ljóst, hvað fyrir ákærða vekti. Kveðst vitnið hafa öskrað og flúið inn í svefnherbergið. Ákærði hafi elt vitnið þangað, rifið utan af því bolinn og sloppinn og kastað vitninu í hjónarúmið. Kveðst vitnið hafa barist um á hæl og hnakka og öskrað, en ákærði í engu sinnt því. Í þessum átökum hafi botninn í rúminu brotnað niður. Ákærða hafi að lokum tekist að leggjast yfir vitnið. Hafi hann reynt að halda fyrir munn vitnisins og vitnið bitið hann og klórað. Þá kveðst vitnið hafa náð að bíta ákærða í öxlina eða upphandlegginn. Kveður vitnið, að ákærða hafi að lokum tekist að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri vitnisins og byrja samfarahreyfingar. Það hafi þó staðið stutt yfir, þar sem hann hafi orðið fyrir utanað-

komandi truflun, er fólk hafi komið inn í herbergið. Hafi hann þá eiginlega verið hættur að reyna samfarahreyfingar og alveg hætt, er fókið birtist.

Vitnið kveðst hafa verið á tíðum og verið með tíðatappa. Kveðst vitnið hafa fundið mikið til, er ákærða hafi tekist að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri vitnisins. Vitnið kveðst hafa verið með sama tíðatappann við skoðun hjá Arnari Haukssyni um morguninn.

Vitnið kveður ákærða hafa spurt sig, eftir að fólkið var komið á vettvang, hvort það ætlaði að kæra, og vitnið einungis öskrað á hann og sagt honum að fara út.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið D kveður kunningja sinn, E, hafa hringt í sig kl. 4.50 að morgni 9. apríl sl. og beðið vitnið að fara strax í íbúð sína í [...], því að þar væri eitthvað að. Hafi E sagt, að hann hafi verið að reyna að hringja þangað og símtólið verið tekið af og hann þá heyrt einhver öskur og læti, eins og verið væri að drepa einhvern. Vitnið kveðst hafa farið þangað ásamt dóttur sinni, F, og þau verið komin þangað um kl. 5.20. Hafi útidyr verið ólæstar svo og millihurð inn í stigaganginn. Vitnið kveðst hafa bankað ítrekað (sic) á dyrnar á íbúðinni, en ekki fengið svar. Er inn hafi verið komið, kveðst vitnið hafa heyrt angistarvein og gengið á hljóðið, sem hafi komið úr svefnherbergi, en dyrnar að því hafi verið lokaðar. Kveðst vitnið hafa opnað dyrnar og þá séð, hvar K, sem vitnið kveðst þekkja, lá á bakinu í rúminu, nakin að því er vitninu virtist, en með sæng yfir sér að einhverju leyti. Hafi nakinn karlmaður grúft sig skáhallt yfir hana, þannig að efri hlutinn var yfir henni. Vitnið kveður þau ekki hafa verið í samförum. Hafi K verið mjög miður sín og grátandi og talað um, að maðurinn hefði nauðgað henni. Kveðst vitnið hafa farið út, meðan maðurinn klæddi sig, og er hann hafi komið aftur, hafi hann einungis verið í nærbuxunum og verið að leita að fötunum. Kveðst vitnið hafa bent manninum á, hvar föt hans lágu snyrtilega saman brotin í öðru barnaherberginu. Vitnið kveður, að er K hafi komið út úr herberginu, hafi hún litið hörmulega út, vægast sagt. Hafi hún verið útgrátin og skolfið öll og nötrað. Hafi hún síðan sjálf hringt á lögregluna. Vitnið kveður manninum hafa verið brugðið, er vitnið hafi birst allt í einu, og hann verið fölur og illa útlítandi. Hann hafi verið kurteis og rólegur og sagt, að hann yrði í íbúðinni hinum megin við stigaganginn. Kveður vitnið hann hafa virst undrandi, er K hafi sagst ætla að kæra hann fyrir nauðgun.

Vitnið F kveðst umrædda nótt hafa farið með föður sínum, D, í [...] og þau verið komin þangað um fimmtán eða tuttugu mínútur yfir fimm. Hafi húsið verið opið og þau farið inn og bankað á dyrnar að íbúð E á 1. hæð til hægri. Enginn hafi svarað, en vitnið heyrt einhver angistarvein

eða grát. Hafi þau bankað tvisvar eða þrisvar og þá heyrt eins og kona kallaði upp. Hafi þau þá opnað og dyrnar reynst ólæstar. Þau hafi gengið á hljóðin, sem hafi komið frá svefnherberginu, opnað og kveikt ljós. Kveður vitnið, að K, sem vitnið kveðst kannast við, hafi legið í hjónarúminu, og virtist vitninu hún vera nakin. Hálfpartinn ofan á henni, en þó ekki alveg, hafi legið allsnakinn karlmaður, sem hafi farið ofan af eða frá henni, um leið og vitnið og faðir þess hafi komið inn. Hafi maðurinn verið rekinn í fötin og út og vitnið og faðir þess farið út úr herberginu. Maðurinn hafi síðan komið út úr herberginu, en aðeins í nærbuxum. Hafi hann leitað að fötunum um stund, en fundið þau inni í öðru barnaherberginu, en þar hafi þau verið tiltölulega snyrtilega saman brotin. Gleraugu mannsins hafi hins vegar legið á gólfinu í baðherberginu.

Vitnið kveður hjónarúmið hafa verið eins og það væri brotið í miðjunni, og í laki þess hafi verið blóðdropar. Þá kveðst vitnið hafa séð rifnar nærbuxur í baðherberginu. Þar hafi einnig verið appelsínugulur bolur, sem vitninu hafi sýnst vera rifinn að einhverju leyti. Vitnið kveður K hafa verið hágrátandi og skjálfandi af geðshræringu, og hafi hún margsagt manninum að fara út. Hafi hún verið algerlega máttfarin, en reynt að gefa frá sér einhver hljóð. Hún hafi jafnframt sagt vitninu og föður þess, að hún ætlaði að hringja á lögregluna og kæra manninn fyrir nauðgun. Hafi maðurinn heyrt þetta, verið brugðið og viljað tala einslega við K og þau farið aftur inn í herbergið. Að því búnu hafi maðurinn yfirgefið íbúðina og vitnið heyrt, að hann hringdi dyrabjöllunni á íbúðinni á móti.

Vitnið E kveðst hafa farið til Parísar föstudaginn 7. apríl sl. og talað við K í síma að kvöldi þess dags. Hafi þau ákveðið, að vitnið myndi hringja aftur á laugardagskvöld og K talað um að vera þá annaðhvort í íbúðinni í [...] eða sinni eigin íbúð á Kaplaskjólsvegi. Um kl. 4.00 að íslenskum tíma kveðst vitnið hafa hringt í símann í [...]. Hafi þá verið svarað, en enginn talað í símtólið. Kveðst vitnið hafa heyrt mikil læti, eins og eitthvað gengi á. Þá kveðst vitnið hafa heyrt niðurbæld óp og hróp og talið sig heyra í K. Síðan hafi verið lagt á. Eftir um 15 mínútur kveðst vitnið hafa náð sambandi á ný, og fór um það á sama hátt og áður. Vitnið kveðst hafa náð símasambandi í þriðja skiptið, en þá nánast samstundis verið skellt á aftur. Vitnið kveður símasambandið hafa varað í um 2-3 mínútur í tvö fyrri skiptin. Vitnið kveðst nú hafa hringt í kunningja sinn, D, og beðið hann að fara í íbúðina og kanna, hvað um væri að vera.

Vitnið G kveðst hafa vaknað um kl. 4.00 umrædda nótt við mikil læti í íbúð E. Kveðst vitnið hafa heyrt mikinn umgang, hurðaskelli og sífelld hróp og vein í konu. Kveðst vitnið hafa haldið, að verið væri að pína konu þarna uppi, þvílík hafi óhljóðin verið. Hafi hávaði þessi staðið yfir í klukkustund og náð hámarki klukkan 5.00 um morguninn. Vitnið kveðst

hafa talið, að um drykkjulæti væri að ræða, þar sem vitnið hafi oft orðið fyrir slíku ónæði frá þessari íbúð.

Vitnið A kveðst hafa boðið K heim til sín laugardagskvöldið 8. apríl sl., og hafi hún komið þangað um kvöldið, en farið svo yfir í sína íbúð til að fara í bað. Á meðan hafi ákærði komið og með honum Rósa, systir hans. Vitnið kveður, að fljótlega eftir, að ákærði hafi verið kominn, hafi vitnið og Rósa farið yfir í íbúð K. Þar hafi þær setið lengi og að lokum ákveðið um kl. 1.00 um nóttina að fara á dansleik. Hafi þau síðan farið öll í Þórscafé. Þar hafi ákærði og K dansað „eins og gerist". Um kl. 2.30 kveður vitnið, að ákveðið hafi verið að fara heim. Kveðst vitnið hafa farið beint heim ásamt eiginmanni sínum, B, og þau strax farið að sofa. Kveður vitnið þau hjónin hafa sofið í öðru barnaherberginu. Vitnið kveðst alls ekki hafa átt von á ákærða heim til sín um nóttina og þvert á móti bent Rósu, systur hans, á, að hún og ákærði færu beint heim.

Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að síminn hringdi hjá sér eða dyrabjöllu hafi verið hringt um nóttina. Kveðst vitnið hafa vaknað um klukkan 6.00 um morguninn við það, að hamast hafi verið á dyrabjöllunni á íbúð vitnisins. Vitnið kveðst hafa farið til dyra og ákærði þá staðið þar. Kveður vitnið ákærða hafa sagt, að hann hafi verið „hinum megin". Hafi vitnið hleypt honum inn og farið yfir í íbúð K. Hafi K sagt, að henni hefði verið nauðgað, en enginn myndi trúa henni.

Vitnið B kveðst hafa farið ásamt eiginkonu sinni, A, ákærða, Rósu, systur hans, og K í Þórscafé aðfaranótt 9. apríl sl. Hafi veitingahúsið verið yfirgefið milli klukkan 2.00 og 3.00 og þau hjónin verið komin heim um klukkan 3.00. Hafi þau farið að sofa mjög fljótlega og ekki átt von á neinum gestum til sín eftir dansleikinn. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að dyrabjöllunni hafi verið hringt um nóttina, eða símhringingar. Kveðst vitnið hafa vaknað við, að hamast hafi verið á dyrabjöllunni á íbúð vitnisins, en ekki gert sér grein fyrir, hvað klukkan hafi verið. Kveðst vitnið vita, að ákærði hafi komið inn og að eitthvað hafi komið fyrir, en ekki hvað.

Vitnið Rósa Þórey Elíasdóttir, systir ákærða, kveðst hafa farið í Þórscafé greint sinn. Kveðst vitnið hafa orðið mjög ölvað þar og týnt veskinu sínu. Kveðst vitnið ekki hafa vitað annað en ákærði hafi ætlað að gista á heimili sínu að Nóatúni 30 um nóttina. Vitnið kveðst hafa komið þangað að loknum dansleik og hafi ákærði og K þá verið þar að reyna að hringja á leigubifreið. Kveður vitnið, að ákærði hafi þá verið orðinn talsvert drukkinn, en ekkert þora að segja til um ölvunarástand K.

Vitnið Elías Arnlaugsson, faðir ákærða, kveður ákærða og konu, sem vitnið kveðst kannast við, en ekki hafa verið viss um, hver væri, hafa komið heim til vitnisins í Nóatún 30 um klukkan 3.30 aðfaranótt 9. apríl sl.,

og hafi eiginkona vitnisins opnað fyrir þeim. Hafi þau verið þar stutta stund, en komið síðan aftur að nokkurri stund liðinni, og kveðst vitnið þá hafa opnað fyrir þeim. Hafi þau bæði virst glaðleg og ánægð. Vitnið kveður, að A hafi síðan hringt í sig um klukkan 4.30 og beðið sig um að koma strax í [...], en þar hefði eitthvað gerst. Kveður vitnið, að er þangað hafi verið komið, hafi lögreglan verið komin og ákærði setið inni í eldhúsi hjá A. Hafi ákærði verið í mikilli geðshræringu og sagt eitthvað á þessa leið: „Ég veit ekkert, hvað hefur skeð." Kveðst vitnið hafa tekið utan um ákærða og reynt að róa hann, en þeir ekkert rætt saman.

Vitnið Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur kveður K hafa pantað tíma hjá sér hinn 6. apríl sl. vegna samskiptaörðugleika innan fjölskyldu, sem hefðu valdið kvíða og óöryggi (sic) um langan tíma. Hafi hún komið til sín 11. apríl sl. og sagt, að sér hefði verið nauðgað. Hún hafi síðan komið til vitnisins 4 sinnum eftir þetta. Hafi hún sýnt ýmis taugaveiklunareinkenni, sem vitnið kveðst hafa upplifað (sic), að hafi verið vegna þess, að henni hafi verið nauðgað. Hafi það mörg einkenni komið fram, sem stemmt hafi við það, að hún hefði orðið fyrir áfalli. Kveður vitnið hafa borið á mikilli spennu hjá henni, svefnerfiðleikum, litlu sjálfsöryggi og erfiðleikum við að taka ákvarðanir. Hafi hún brostið í grát og átt erfitt með meðferð sína.

Ákærði var fyrst yfirheyrður af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 9. apríl sl. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði hitt K í íbúðinni á 1. hæð til vinstri í [...] kvöldið áður. Þaðan hefði verið farið á veitingastaðinn Þórscafé og þau K yfirgefið staðinn saman og reynt að fá leigubifreið, en það ekki gengið. Þau hefðu þá farið heim til ákærða að Nóatúni 30 og reynt að hringja á leigubifreið, sem heldur hefði ekki gengið. Hefðu þau yfirgefið heimili sitt og rölt af stað í átt að [...] og verið tekin upp í einhverja bifreið á leiðinni þangað. Er þau hefðu verið komin inn í íbúðina á 1. hæð til hægri í [...], hefði upphafist rifrildi milli sín og K. Kvaðst ákærði hafa viljað fara út, en K ekki. Hefði komið til átaka milli þeirra og ákærði rifið bol á K í þeim. Hefði K viljað, að ákærði færi, en hann neitað því. Upp úr þessum átökum kvaðst ákærði hafa farið fram í eldhús, en K inn í hjónaherbergið. Kvaðst ákærði hafa farið nokkru seinna inn í herbergið og hún þá legið í rúminu með sængina breidda yfir sig. Kvaðst ákærði hafa afklæðst, áður en hann hefði lagst upp í rúmið við hliðina á henni, og síðan beðið hana um að hafa mök við sig, en hún neitað og orðið æst og slegið til sín. Hefðu orðið nokkur átök í rúminu, sem hefði lokið með því, að einhver maður, sem ákærði þekkti ekki, hefði komið að þeim allsnöktum í átökum. Kvaðst ákærði ekki vera með neina áverka eftir átökin.

Ákærði kom fyrir dóm sama dag. Kvað ákærði, að til átaka milli hans og K hefði komið vegna þess, að K hefði óskað eftir, að hann færi, en

hann ekki viljað það. Kvaðst ákærði hafa leitað eftir samförum við K, en hún ekki viljað það . Kvað ákærði ástæðuna fyrir átökunum eingöngu hafa verið þá, að hann hefði neitað að fara, en ekki, að K hefði neitað honum um samfarir.

Í yfirheyrslu næsta dag kvaðst ákærði vilja bæta því við fyrri framburð sinn, að eftir að hann hefði verið kominn upp í rúmið til K, hefði hún sagt eitthvað á þá leið, að hann ætti að vera í „steininum", þar hefði hann gott af því að vera eða þar væri hann best geymdur. Kvað ákærði það hafa verið sameiginlega ákvörðun þeirra K, en tillögu sína, að þau gengju saman frá Nóatúni og ákærði fyndi með henni bifreið og þau færu saman heim til hennar. Kvað ákærði, að sér hefði ekki fundist, að kvöldið væri búið, og kannski haldið, að B og A væru ekki farin að sofa, og hugsað sér að heimsækja þau. Er í [...] hefði verið komið, kvaðst ákærði hafa hringt dyrabjöllunni í stigaganginum við dyrnar að íbúðinni og einnig dyrabjöllunni niðri í anddyrinu, einu sinni á hvorum stað, að því er ákærði kvaðst halda. Ákærði kvað ástæðuna fyrir því, að hann yfirgaf ekki [...], er þarna var komið, hafa verið þá, að þau K hefðu verið að kyssast á leiðinni frá Nóatúni 2, og er hringingum ákærða á íbúð B og A hefði ekki verið svarað, hefði K boðið sér inn til sín. Ákærði kvaðst hafa verið í eldhúsi íbúðarinnar, er K hefði haft fataskipti. Kvaðst hann ekki kannast við, að hún hefði hringt yfir í íbúðina til A og B, eftir að hún hefði verið komin fram. Ákærði kvað átökin milli þeirra hafa hafist á gangi íbúðarinnar og með því, að K hefði slegið sig með flötum lófa utan undir á aðra kinnina. Við þessu hefði ákærði brugðist með því að slá K á móti flötum lófa á vangann með hægri hönd (sic). Kvað ákærði, að meðan á átökunum hefði staðið, hefði síminn hringt tvívegis og ákærði svarað í bæði skiptin, en ekki átt nein orðaskipti við þann, sem hefði hringt, og slitið sambandinu svo til strax vegna þess, að K hefði hrópað á sig, að hann mætti þetta ekki. Ákærði kvað stuttan tíma hafa liðið á milli hringinganna, og hefði línan ekki verið opin nema nokkrar sekúndur hvort skiptið. Ákærði kvað, að eftir að símhringingunum hefði linnt, hefði K farið inn í hjónaherbergið að sofa og ákærði spurt hana áður, hvort hann mætti sofa hjá henni, og hún sagt, að það væri í lagi, ef hann léti hana vera. Ákærði kvaðst hafa afklæðst inni í hjónaherberginu, en farið áður á salernið og lagt gleraugun þar frá sér. Ákærði kvaðst örugglega telja, að hann hefði lagt fötin frá sér í hjónaherberginu, en þó ekki muna það alveg. Ákærði kvaðst ekki muna, hvað hann hefði gert við skó sína eða mittisúlpu. Ákærði kvaðst hafa séð nærbuxur K liggja á ganginum í íbúðinni, tekið þær upp og K þá rifið þær úr höndum ákærða. Þá kvaðst ákærði hafa rifið í bol, sem K hefði verið í, er hún hefði hlaupið í átt frá ákærða inn ganginn á íbúðinni. Kvaðst ákærði hafa tekið í hálsmál bolsins yfir öxl hennar og bolurinn

rifnað talsvert mikið við það, en ákærði hefði tekið eftir því, er K hefði farið úr honum, að hún hefði rifið hann meira.

Ákærði kvað þau K hafa slegist, eftir að þau hefðu verið komin upp í rúmið, vegna þess að hún hefði sagt, að hann væri best geymdur í „steininum". Hefðu þau átök einnig borist út fyrir rúmið og ákærði dottið á það við það, að K hefði ýtt sér, og botninn á því þá fallið niður. Ákærði kvaðst hafa fengið smá-blóðnasir í átökunum, en ekki geta skýrt blóðbletti, sem fundust í laki rúmsins, að öðru leyti.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði ekki alveg muna, út af hverju þau K hefðu byrjað að rífast greint sinn. Kvaðst ákærði muna, að hann hefði, er K hefði verið að ganga inn í herbergi, tekið í bol, sem hún hefði verið í, og hann rifnað eitthvað. Hefðu þau eitthvað farið að rífast og ákærði einhvern tímann spurt hana, hvort hún vildi koma upp í rúm. Hefði það verið allt í lagi, en kynmök hefðu ekki verið á dagskrá hjá sér eða henni. Ákærði kvað þau hafa verið komin upp í rúm, er síminn hefði hringt. Hefði ákærði svarað í hann, en ekki mátt það og K verið eitthvað æst út af þessu og þau rifist. Ákærði kvað, að eftir að komið var að þeim K uppi í rúmi, hefði hann farið yfir í íbúðina til A og B. Hefðu dyrnar að íbúðinni verið opnar og ákærði gengið beint inn og A komið hlaupandi á móti sér.

Ákærði kvað þau K ekki hafa haft samfarir umrædda nótt, og þá hefði hann heldur ekki gert tilraun til þess.

Ákærði kvaðst hafa verið látinn laus til reynslu kl. 7.45 að morgni hins 8. apríl sl.

Samprófun milli ákærða og K fór fram hér fyrir dóminum. Héldu þau bæði fast við framburð sinn, og bar hún því eigi árangur.

Við meðferð málsins var K spurð af verjanda um boð, sem hún hélt að Kaplaskjólsvegi 37 föstudagskvöldið 7. apríl sl., og þá sérstaklega, hve margir karlmenn hefðu verið þar. Kvað vitnið einn karlmann hafa verið þar, B, eiginmann A. Hins vegar var upplýst, að auk B hefði fyrrverandi eiginmaður K verið staddur þarna. Var K kvödd aftur fyrir dóminn af þessu tilefni og beðin um skýringu á því, hvers vegna hún hefði ekki minnst á hann í tilefni af spurningu verjandans. Kvað vitnið, að því hefði ekki fundist þetta skipta máli, og eins hefði það ekki viljað blanda eiginmanni sínum fyrrverandi inn í þessi mál sín.

Niðurstöður.

Þegar virtur er framburður vitnisins K, læknisvottorð í málinu, bæði um sýnilega áverka á líkama K svo og inni í kynfærum hennar, áverkar á ákærða, framburður vitnanna D og F, sem komu að ákærða liggjandi allsnöktum hálfvegis yfir K, framburður vitnisins E um hinar þrjár símhringingar greinda nótt, framburður vitnisins G um hróp og vein, sem bárust

frá íbúð þeirri, sem ákærði og K voru í um nóttina, ummerki á vettvangi, svo sem rifnar nærbuxur K og bolur, sæðisblettir í laki og nærbuxum ákærða, blóðblettir í laki og niðurbrotinn rúmbotn, framburður vitna um andlegt ástand K á vettvangi og eftir atburðinn, en allt framangreint styrkir framburð K, og tekið er mið af reikulum framburði ákærða um ýmis veigamikil atriði í málinu, þykir vera sannað, að hann hafi með ofbeldi þröngvað K til holdlegs samræðis að [...] hér í borg umrædda nótt. Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, sem er sakhæfur, var ákæru á hendur honum fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár hinn 6. júní 1979. Hinn 24. janúar 1986 var ákærði dæmdur í 3 ára fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Þeim dómi áfrýjaði ákærði til Hæstaréttar, þar sem hann var hinn 4. nóvember sama ár einnig sakfelldur fyrir brot gegn nefndum lagaákvæðum og dæmdur í 2½ árs fangelsi. Hinn 24. febrúar 1986 var ákærði sakfelldur fyrir fjárdrátt, en eigi gerð sérstök refsing. Þá var ákærði dæmdur hinn 13. febrúar 1987 til greiðslu sektar, m.a. vegna brots gegn 1. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga. Að auki hefur ákærða 12 sinnum verið refsað vegna umferðarlagabrota, þar af 7 sinnum vegna ölvunaraksturs.

Hinn 8. apríl sl. var ákærða veitt reynslulausn á samtals 345 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt 4 dómum.

Refsing.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður tekið mið af því, að hann hefur áður gerst sekur um alvarlegt skírlífisbrot. Þá verður ákærða samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr., sbr. 77. gr. sömu laga, ákveðin refsing í einu lagi fyrir brot það, sem nú er dæmt um, og svo með hliðsjón af þeirri refsivist, sem ólokið er og ákærði hlaut reynslulausn á hinn 8. apríl sl. Þykir refsing ákærða með vísan til þessa hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni gæsluvarðhald það, sem ákærði hefur sætt óslitið frá 9. apríl sl.

Skaðabætur.

Af hálfu K er þess krafist, að ákærði greiði henni kr. 1.000.000 í bætur vegna þess miska, er ákærði hafi gert henni „með líkamsárás aðfaranótt 9. apríl sl.“. Þá er krafist vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. apríl 1989 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og verjandi hans jafnframt krafist þess, að henni verði vísað frá dómi sem órökstuddri.

Krafa þessi þykir nægilega skýr til þess, að um hana verði dæmt. Eftir úrslitum málsins og með hliðsjón af þeim andlegu og líkamlegu þjáningum, sem atburður sá, sem krafist er bóta út af, hefur samkvæmt gögnum málsins haft á brotaþola, þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Ber að dæma ákærða til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá brotadegi, eða 9. apríl 1989, til greiðsludags.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 120.000 krónur, og saksóknarlaun, er renni til ríkissjóðs og þykja hæfileg 80.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Elíasson, sæti fangelsi 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 9. apríl 1989.

Ákærði greiði K 300.000 krónur ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. apríl 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur, og saksóknarlaun, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Föstudaginn 6. apríl 1990.

Nr. 140/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Róbert Þór Bender.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. mars sl., sem barst Hæstarétti 30. s.m. Greinargerð frá ríkissaksóknara barst 3. þ.m. og frá varnaraðila 5. þ.m.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, en til vara styttingar á lengd farbanns. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, hóf rannsóknardeild ríkisskattstjóra í októbermánuði sl. athugun á bókhaldi, tekjuskráningu og söluskattsskilum varnaraðila og einkafyrirtækis hans, Benco, svo og hlutafélagsins Benco hf., er varnaraðili stofnaði í júnímánuði 1988. Gaf hún til kynna, að verulegum hluta af sölu fyrirtækjanna á árunum 1987-88 og fram eftir árinu 1989 hefði verið haldið utan við bókhald og röngum framtölum skilað bæði með tilliti til tekju- og eignarskatts og söluskatts. Í framhaldi af því óskaði skattrannsóknarstjóri eftir atbeina rannsóknarlögreglu ríkisins til að afla dómsúrskurðar um heimild til húsleitar og frekara halds á skjölum varðandi fyrirtækin svo og um farbann gagnvart varnaraðila. Um hið síðarnefnda var m.a. vísað til þess, að samkvæmt upplýsingum þjóðskrár hefði varnaraðili flutt lögheimili sitt frá Íslandi til Bretlands 8. október sl. og að ráðstafanir hans varðandi eigur sínar frá því um miðjan þann mánuð gæfu til kynna, að hann væri að undirbúa brottflutning frá Íslandi. Við yfirheyrslu 14. desember sl. staðfesti hann, að hann hefði í hyggju að hefja atvinnurekstur utan Íslands og væri hættur starfsemi hérlendis.

Samkvæmt kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins af þessu tilefni var

í sakadómi Reykjavíkur 19. desember sl. lagt bann við för varnaraðila frá Íslandi í þágu rannsóknar af hálfu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og hennar sjálfrar á meintum brotum gegn ákvæðum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, söluskattslögum, bókhaldslögum og almennum hegningarlögum. Hefur hann síðan verið í því farbanni, sem framlengt var með úrskurði 7. febrúar sl. eftir beiðni rannsóknarlögreglunnar. Á þeim tíma hefur rannsókn málsins af hálfu skattyfirvalda verið leidd til lykta í meginatriðum og niðurstöður hennar lagðar til grundvallar að endurákvörðun gjalda á hendur varnaraðila og Benco hf. Hefur það verið gert með úrskurðum ríkisskattstjóra 27. mars sl., sem upp voru kveðnir, eftir að varnaraðili og hlutafélagið höfðu átt kost á að leggja fram gögn og skriflegar skýringar, sem þau gerðu 19. mars sl.

Af hálfu rannsóknarlögreglu liggur fyrir að framkvæma lokaáfanga frumrannsóknar á máli varnaraðila. Ber á það að fallast, að nærvera hans sé þar nauðsynleg, eins og rannsóknarefninu er háttað. Í þinghaldi í sakadómi 28. mars sl. lýsti varnaraðili því yfir, að hann hefði horfið frá fyrirætlunum um að flytjast af landi brott og flutt lögheimili sitt samkvæmt þjóðskrá aftur til Reykjavíkur. Sú ráðstöfun þykir ekki þurfa að hamla því, eins og á stendur, að farbann verði framlengt, né heldur hitt, að varnaraðili var ekki látinn sæta yfirheyrslum á þeim tíma, er hann hafði til athugasemda við niðurstöður skattrannsóknardeildar.

Með vísan til þessa og til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Róbert Þór Bender, kt. 060245-2669, með dvalarstað að Stuðlaseli 33 hér í borg, en lögheimili í Bretlandi, verði með úrskurði gert að sæta farbanni áfram, allt til miðvikudagsins 23. maí nk.

kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn lögum nr. 75/1981, lögum nr. 10/1960, lögum nr. 32/1978, lögum nr. 51/1968, sbr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. desember sl., úrskurðaður í farbann. Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 7. febrúar sl., var farbannið framlengt til dagsins í dag kl. 16.00. Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Þann 5. október sl. hóf rannsóknardeild ríkisskattstjóra athugun á bókhaldi, tekjuskráningu og söluskattsskilum Róberts Þórs Benders, kt. 060245-2669, og fyrirtækisins Benco hf., Lágmúla 7, Reykjavík, kt. 590788-2289, árin 1987-1988 og það, sem af var ársins 1989, en Benco var einkafyrirtæki kærða fram til 25.6.1988, er Benco hf. var stofnað.

Af hálfu skattrannsóknarstjóra var farið fram á úrskurð dómara um farbann vegna umfangsmikillar rannsóknar.

RLR hefur haft bókhaldsfylgiskjöl til skoðunar frá 31. janúar sl., er málið barst RLR frá skattrannsóknarstjóra.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins hefur ríkisskattstjóri kveðið upp fjóra úrskurði um endurákvörðun á álögðum tekjuskatti, útsvari, eignarskatti og eignarskattsauka og aðstöðugjaldi Róberts gjaldárin 1988 og 1989 og sölugjaldi rekstrarárið 1987 og tímabilið janúar til og með júní 1988 og tekjuskatti, eignarskatti og eignarskattsauka og aðstöðugjaldi Benco hf. gjaldárið 1988 og sölugjaldi fyrir tímabilin júlí til og með desember 1988 og janúar til og með október 1989.

Hækkun álagningar samkvæmt endurákvörðun ríkisskattstjóra nemur samtals kr. 27.244.613 hjá Róbert Þór Bender og samtals kr. 28.842.811 hjá Benco hf. Gjaldendur hafa frest til og með 25. apríl nk. til að kæra endurálagningu tekjuskatts, útsvars og aðstöðugjalds, en til og með 10. apríl nk. til að kæra endurálagningu sölugjalds.

Rannsókn máls þessa hefur dregist vegna meðferðar málsins hjá skattyfirvöldum, m.a. vegna fresta, sem kærða hafa verið veittir til að koma að skriflegum athugasemdum.

RLR telur ekki rétt að yfirheyra grunaða, fyrr en niðurstaða liggur fyrir í meðferð málsins hjá skattyfirvöldum.

Rannsókn máls þessa beinist að ætluðum brotum kærða gegn lögum um tekju- og eignarskatt, lögum um bókhald, lögum um söluskatt og lögum um hlutafélög og gegn 262. gr. laga nr. 19/1940.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt framangreindum lögum.

Ljóst er, að hér er um að ræða umfangsmikla rannsókn á ætluðum fjár-

munabrotum kærða. Kærði bar fyrir dómi, að hann hefði flutt lögheimili sitt að Stuðlaseli 33, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands í dag er kærði enn skráður til heimilis í Bretlandi.

Nauðsynlegt þykir í þágu rannsóknar málsins með vísan til framanritaðs, að kærða verði meinuð för af landinu.

Samkvæmt framansögðu þykir því rétt að taka kröfu RLR um framlengingu farbanns til greina og með vísan til 72. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærða verði gert að halda sig innan íslenskrar lögsögu og meinuð för af Íslandi til miðvikudagsins 23. maí nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Róbert Þór Bender, kt. 060245-2669, með dvalarstað að Stuðlaseli 33 hér í borg, skal halda sig innan íslenskrar lögsögu, og er kærða meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 23. maí nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 9. apríl 1990.

Nr. 75/1989. **Jóhann Axel Geirsson**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Einari Reyni Finnbogasyni f.h.
Réttingaverkstæðisins Reynis
(Einar Reynir Finnbogason).

Verklaun. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. mars 1989. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði, en stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Viðgerð stefnda á bifreið áfrýjanda var framkvæmd með réttingu og lagfæringu án aðkeyptra varahluta, en bifreiðin var af fremur sjaldgæfri tegund og nokkurra ára gömul. Er reikningur stefnda fyrir verkið eingöngu vegna vinnu og viðgerðarefnis. Áfrýjandi vefengir ekki, að verkið hafi verið vel af hendi leyst, og hefur ekki leitt líkur að því með mati eða samanburðartilboði, að reikningur stefnda sé úr hófi.

Vinnuveitandi áfrýjanda flutti bifreiðina með honum til stefnda, og kunningi áfrýjanda ók honum til stefnda til að sækja hana að viðgerð lokinni. Hafa þeir borið um viðskiptin hvor að sínu leyti, eins og greint er í héraðsdómi. Stefndi viðurkennir að hafa áætlað viðgerðarkostnaðinn lægri en hann varð, þegar hann tók við bifreiðinni, en neitar því staðfastlega að hafa gefið áfrýjanda bindandi verktilboð, enda ekki getað komið við tæmandi skoðun á skemmdunum. Áfrýjandi hefur ekki getað lagt fram fullnaðarkvittun eða aðra skýra sönnun þess, að stefndi hafi tekið við endanlegri greiðslu frá honum. Með tilliti til ákvæða 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup og allra atvika málsins ber að fallast á kröfu stefnda um

greiðslu á eftirstöðvum reiknings hans fyrir viðgerðina, og er hinn áfrýjaði dómur staðfestur að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti mega falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Réttingaverkstæðinu Reyni, nnr. 7312-7092, Laugarnesvegi 60, Reykjavík, gegn Jóhanni Axel Geirssyni, nnr. 4967-1741, áður til heimilis að Steinum IV, Rangárvallasýslu, en nú búsettum að Blikahólum 4, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 10. mars 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 30.963,75 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða þeim hæstu dráttarvöxtum, sem gilda á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, frá 1. maí 1986 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða að mati réttarins.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 23. september sl., en endurupptekið, endurflutt og dómtekið á ný hinn 18. nóvember sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum og málsástæðum svo, að hann reki réttingaverkstæði og taki að sér að lagfæra bifreiðar, sem m.a. hafi lent í tjóni. Þannig hafi hann tekið að sér samkvæmt beiðni stefnda að lagfæra bifreið hans, L-2315, Triumph TR-7, árgerð 1977, sem hafði lent í umferðaróhappi. Bifreiðin hafi verið töluvert löskuð, og hafi drjúgur tími farið í að gera við hana. Að viðgerð lokinni hafi stefndi greitt kr. 30.000 upp í verkið og hafi fengið bifreiðina afhenta. Hinn 9. apríl 1986 hafi stefnandi útbúið reikning á hendur stefnda vegna verksins. Að frádreginni innborgun stefnda hljóði reikningurinn upp á kr. 30.963,75. Stefndi hafi ekki viljað

fallast á reikninginn og telji sig hafa greitt stefnanda að fullu fyrir verkið með innborgun sinni. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hafi stefndi ekki fengist til að greiða, og sé því gripið til málsóknar þessarar.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi að fullu fengið greitt fyrir þá vinnu og það efni, sem hann hafi látið í té, samkvæmt fyrir fram umsaminni þóknun. Ljóst sé af gögnum málsins, að sýkna beri. stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu og dæma stefnda ríflegan málskostnað vegna óþarfa-málaþrætu stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi m.a. til laga um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Aðilar málsins, Einar Reynir Finnbogason og Jóhann Axel Geirsson, hafa gefið skýrslur fyrir dómi í þessu máli svo og vitnin Bjarni Bæring Bjarnason og Björn Þór Björnsson.

III.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um reikningskröfu stefnanda vegna viðgerðar á bifreið stefnda, L-2315, svo sem fram er komið.

Stefnandi krefst þess, að stefndi greiði sér eftirstöðvar viðgerðarkostnaðar, kr. 30.963,75, en stefndi kveðst hafa fullgreitt fyrir viðgerðina með kr. 30.000, svo sem umsamið hafi verið. Ber aðilum mjög á milli um þetta atriði.

Fyrir liggur í málinu yfirlýsing frá vitninu Bjarna Bæring Bjarnasyni, dags. 11. janúar 1988, fyrrum vinnuveitanda stefnda, þar sem fram kemur, að aðilar máls þessa hafi samið um, að heildarviðgerð fyrir verkið yrði kr. 30.000.

Þá liggur fyrir í málinu yfirlýsing frá vitninu Birni Þór Björnssyni, dags. 12. janúar 1988, kunningja stefnda, þar sem fram kemur, að stefndi hafi greitt Einari Reyni Finnbogasyni kr. 30.000 sem fullnaðargreiðslu vegna viðgerðar á bifreið stefnda.

Yfirlýsingar þessar hafa greind vitni staðfest fyrir dómi.

Þar sem verulegur ágreiningur er með aðilum um málsatvik að þessu leyti og þar sem greind vitni bera ekki um staðreynd, er þau hafa samtímis skynjað, auk þess sem nokkurs innbyrðis ósamræmis gætir í framburði þeirra og stefnda, verður ekki talið með vísan til 129. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að fram sé komin full sönnun þess, að samið hafi verið um fast verð fyrir viðgerðina, svo sem stefndi heldur fram. Ber því að fallast á reikningskröfu stefnanda, sem ekki hefur verið mótmælt tölulega, og taka til greina stefnukröfu hans um ógreiddar eftirstöðvar með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum og með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Axel Geirsson, greiði stefnanda, Réttingaverkstæðinu Reyni, kr. 30.963,75 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. maí 1986 til 10. mars 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. apríl 1990.

Nr. 150/1990. **Ákæruvaldið**
gegn
Steingrími Njálssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974. Læknisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., sem barst Hæstarétti 4. þ.m. Í greinargerð af hálfu varnaraðila er þess krafist, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Einnig er krafist kærumálskostnaðar.

Í greinargerð ríkissaksóknara er þess krafist með vísan til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar héraðsdóms í máli þessu, þó eigi lengur en til 1. júlí nk. kl. 16.00, og jafnframt gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni á gæsluvarðhaldstímanum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. d-liðar 75. gr. laga nr. 74/1974.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, er ákært fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Í ákærunni er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að henni lokinni verði ákærði, með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga, dæmdur til að sæta gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga. Samkvæmt gögnum málsins var ákærði vistaður á geðdeild Västerviks-sjúkrahússins í Svíþjóð frá 18. október 1988 til 9. júní 1989, þar sem hann gekkst undir læknismeðferð. Áhrif þeirrar meðferðar virðast háð því, að ákærði haldi áfram lyfjatöku. Þá hefur ákærði verið í meðferð vegna áfengissýki á stofnunum hér á landi og í Svíþjóð á sl. 2 árum.

Eins og að framan greinir, þá er í ákæru krafist sérstakra öryggisráðstafana að refsingu lokinni. Ákærði hefur tvívegis gengist undir geðheilbrigðisrannsókn í tengslum við rannsókn skírlífisbrota, í janúar 1978 og janúar 1987. Engu að síður þykir nauðsyn bera til, að fyrir liggi ný læknisfræðileg athugun á ákærða og geðhögum

hans og hverjar líkur séu á því, að ákærði haldi áfram afbrotum. Í því sambandi þarf og að afla nánari upplýsinga um læknismeðferð þá, sem ákærði gekkst undir, og afstöðu ákærða til áframhaldandi lyfjameðferðar. Fallist er á það með héraðsdómara, að til þess að tryggja, að slík rannsókn geti farið óhindrað fram, sé nauðsynlegt, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi, og þá með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Miðað við umfang rannsóknarinnar þykir rétt, að ákærði sæti gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar héraðsdóms, þó ekki lengur en til 1. júlí 1990 kl. 16.00.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til 1. júlí nk. kl. 16.00.

Ákærði skal á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir læknisrannsókn, eins og að framan greinir.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 3. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess með vísan til 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, að ákærða, Steingrími Njálssyni, Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík, kt. 210442-3679, sem nú situr í gæsluvarðhaldi vegna grunar um skírlífisbrot, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram, meðan máli hans er ólokið fyrir dómstólum, þó ekki lengur en til sunnudagsins 1. júlí 1990. Jafnframt er þess krafist, að ákærði verði úrskurðaður til að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 17. febrúar 1990, var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 4. apríl nk. vegna grunar um skírlífisbrot gagnvart drengnum A, fæddum 1983. Hæstiréttur Íslands staðfesti úrskurð sakadóms 22. s.m. með vísan til rannsóknarnauðsynja. Málið hefur síðan verið til rannsóknar hjá RLR, og hefur ákærði staðfastlega haldið fram sakleysi sínu.

Í gær var gefin út ákæra á hendur ákærða „fyrir skírlífisbrot, með því að hafa um kl. 16.30 fimmtudaginn 15. febrúar 1990 tælt drenginn A, fæddan 1983, sem ákærði hitti skammt frá heimili sínu, til að fylgja sér inn í herbergi sitt á 2. hæð í húsinu og haft þar í frammi við drenginn lostugt og hneykslanlegt athæfi með því að klæða hann úr buxum, draga niður nærbuxur hans og láta hann krjúpa á sófa í herberginu, og kom konan S þannig að drengnum og hafði hann á brott með sér, en hún hafði veitt ákærða og drengnum eftirför af ótta við, að ákærði hygðist misnota drenginn kynferðislega. Undanfari þessa atburðar var sá, að ákærði hafði frá því um mánaðarmót (sic) janúar/febrúar 1990 gert sér far um að vingast við drenginn og hafði hann m.a. í nokkur skipti komið í herbergi ákærða".

Framangreint brot er í ákærunni talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að henni lokinni verði ákærði, með vísan til 67. gr. almennra hegningarlaga, dæmdur til að sæta gæslu samkvæmt 66. gr. sömu laga. Er sú krafa höfð uppi vegna sakaferils ákærða, sem hlotið hefur marga dóma fyrir skírlífisbrot gagnvart ungum piltum.

Refsimál þetta var þingfest hér fyrir dómi í gær. Samkvæmt 138. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 31/1988, ber að hraða meðferð málsins eftir föngum. Snar þáttur í þeirri málsmeðferð er rannsókn á andlegum og líkamlegum þroska ákærða og heilbrigðisástandi hans almennt. Ákærði hefur tvívegis áður gengist undir geðheilbrigðisrannsókn í tengslum við rannsókn skírlífisbrota, síðast í janúar 1987. Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar segir Hannes Pétursson geðlæknir m.a., að ákærði sé hvorki haldinn formlegri geðveiki né greindarskorti. Hins vegar sýni hann merki alvarlegra persónuleikatruflana, sem m.a. komi fram í áfengissýki og endurteknum afbrotum. Að auki hafi ákærði átt við að stríða truflanir í tilfinninga- og kynlífi sínu, sem m.a. lýsi sér í afbrigðilegri kynhneigð (homosexual pedophilia). Í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 24. febrúar 1988 naut ákærði læknismeðferðar í því skyni að vinna bug á framangreindu vandamáli og útskrifaðist frá sjúkrastofnun í júní 1989. Ákærði fór síðan í áfengismeðferð í desembermánuði síðastliðnum og lauk henni þann 9. janúar sl.

Í ljósi alvarleika þess máls, sem nú er risið svo skömmu eftir framangreinda læknismeðferð, og þar sem í ákæru er krafist sérstakra öryggisráðstafana að refsingu lokinni, þykir að kröfu ákæruvaldsins rétt, að ákærði gangist undir geðheilbrigðisrannsókn að nýju, með vísan til 2. tl. 2. mgr. d-liðar 75. gr. laga nr. 74/1974. Til þess að tryggja, að slík rannsókn geti farið óhindrað fram og að hún tefji ekki málsmeðferðina fyrir dómi, þykir nauðsynlegt, að ákærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, með vísan til 1. tl. 1.

mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem fyrir liggur geðheilbrigðisrannsókn á ákærða frá 1987, þykir þó rétt, að hann sæti ekki gæsluvarðhaldi lengur en til 1. júní nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til 1. júní nk. kl. 16.00.

Ákærði skal á gæsluvarðhaldstímanum gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 420/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sverri Guðlaugssyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari og Gunnlaugur Briem yfirsakadómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á upptöku afla og veiðarfæra.

Af hálfu ákærða er krafist ómerkingar hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Verði ekki fallist á þá kröfu, er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til vara er þess krafist, að refsing ákærða verði ákveðin í lágmarki og að kröfu um eignaupptöku verði vísað frá héraðsdómi nema að því, er tekur til aflahlutar ákærða.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný skjöl. Þar á meðal er bréf skipherranna Þrastar Sigtryggssonar og Ómars Arnar Karlssonar til ríkissaksóknara 27. mars 1990 varðandi lórantæki um borð í flugvélinni TF-SYN. Segir þar svo:

„C-lórantæki af gerðinni ONI-7000 voru sett í TF-SYN í september 1984. Í þeim er innbyggð tölva, er breytir sjálfkrafa lórantölum í breidd og lengd, þegar tækið er stillt á „Auto".

Þannig voru lórantækin stillt við athuganir kl. 12.38, 12.50, 13.06 og 13.45 4. júlí 1988."

Þá hafa verið lögð fram vinnubókarblöð skipherra á TF-SYN,

Ómars Arnar Karlssonar, frá 4. júlí 1988 ásamt skýringum skipherrans. Er þar m.a. getið tveggja mælinga á stað togskipsins Eyvindar vopna, NS 70, sem ekki var getið í kæruskýrslu, og voru þær mælingar gerðar kl. 12.52 og 13.00.

Framangreindir skipherrar komu báðir fyrir dóm 30. mars sl. og staðfestu þessi skjöl. Þröstur Sigtryggsson skipherra kvað umrædd lórantæki albestu tæki, sem sett hefðu verið um borð í gæsluflugvél, og mundi ekki til þess, að skekkja hefði farið yfir 0,2 sjómílur. Kvað vitnið truflana gæta á sunnan- og vestanverðu landinu, meðal annars vegna sterkrar sendistöðvar í Grindavík. Einnig sé vitað um fastar skekkjur á nokkrum stöðum á landinu, en skilyrði fyrir norðan og austan séu mjög góð. Vitnið kvað nákvæmni umræddra tækis hina sömu, hvort sem lesið væri af í lórantölum eða í lengd og breidd.

Ómar Örn Karlsson skipherra var spurður að því, hvers vegna ekki væri getið staðarákvarðana í kæru, sem kæmu fram á vinnublöðum. Kvað hann í flestum tilvikum gerðar fleiri mælingar en getið væri í skýrslum.

Ríkissaksóknari óskaði þess við Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, að hann færi yfir ofangreind gögn og athugaði, hvort þau breyttu fyrri niðurstöðum hans varðandi mál þetta, sem gerð er grein fyrir í héraðsdómi. Segir svo í bréfi skólastjórans til ríkissaksóknara 2. apríl sl.:

„Niðurstaða þessara athugana er sú, að ég tel þær styrkja fyrri ályktanir mínar, að staðarákvarðanir TF-SYN séu réttar og togskipið „Eyvindur vopni" NS 70, hafi óyggjandi verið innan skyndilokunarsvæðis Hafrannsóknastofnunar nr. 59, dags. 4. júlí 1988, þegar TF-SYN gerði staðarákvarðanir sínar kl. 12.38, 12.50 og 13.06 hinn 4. júlí 1988....

Ég hefi borið saman staðarákvarðanir í flugskýrslu ..., dagbók TF-SYN ... og aflestrartölur lórantækja gæsluflugvélarinnar (I og II, frammí og aftur í) ... sem voru ritaðar beint á vinnubókarblöð skipherrans h. 4. júlí 1988, bæði varðandi þessar 3 staðarákvarðanir kl. 12.38, 12.50 og 13.06 og enn fremur prófun lórantækja yfir Hvalbak frá kl. 13.26 til 13.54 s.d., en þar voru gerðar fjórar athuganir til samanburðar á staðarákvörðun tækjanna (I og II) í breidd og lengd og fimm á aflestri í breidd.

Munur á aflestri lórantækjanna er svo óverulegur að þeim telst bera saman og er alls ekki greinanlegur við útsetningu í sjókort. Eins og áður er tekið fram í álitsgerð h. 23. febrúar 1989 vitnar þetta um að lóraninn hefur verið stöðugur."

II.

Ómerkingar- og heimvísunarkrafa verjanda ákærða er byggð á því, að meðdómandi sá, er dæmdi mál þetta í héraði með bæjarfógetanum á Seyðisfirði, hafi tekið þátt í meðferð þess fyrir útgáfu ákæru, þ.e. við dómsrannsókn 5. júlí 1988.

Frumrannsókn máls þessa var í höndum Landhelgisgæslu Íslands, og voru kærugögn unnin af starfsmönnum hennar. Venju samkvæmt var kæra landhelgisgæslunnar tekin til rannsóknar í sakadómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, þar sem skipherra og aðrir yfirmenn á gæsluflugvélinni TF-SYN voru yfirheyrðir svo og ákærði og stýrimaður togskipsins Eyvindar vopna. Jón Pálsson skipstjóri gegndi störfum meðdómanda við þá dómsrannsókn. Ekki verður á það fallist með verjanda ákærða, að þetta valdi vanhæfi meðdómandans til að taka þátt í dómsmeðferð málsins eftir útgáfu ákæru. Er því ómerkingar- og heimvísunarkröfu verjanda hafnað.

III.

Samkvæmt niðurstöðum Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar skólastjóra sýndu allar staðarákvarðanir gæsluflugvélarinnar TF-SYN á skipi ákærða hinn 4. júlí 1988, að það hefði verið innan marka skyndilokunarsvæðis Hafrannsóknastofnunar, nr. 59, á Breiðdalsgrunni. Fyrsta mælingin fór fram kl. 12.38, og var skipið samkvæmt henni þá statt 1,2 sjómílur innan marka svæðisins. Síðasta mælingin fór fram kl. 13.06, og var skipið samkvæmt henni þá statt rétt innan við mörkin, en sé reiknað með skekkju miðað við mælingu flugvélarinnar á Hvalbak, kveður skólastjórinn skipið þá hafa verið á markalínunni. Leitt er í ljós, að staðarákvörðun flugvélarinnar kl. 13.06 var nærri því hin sama og ákærði sjálfur gaf áhöfn flugvélarinnar þá upp um stað skips síns.

Samkvæmt framburði ákærða sigldi hann á tímabilinu frá kl. 12.38 til kl. 13.06 vestlæga stefnu. Var hann að toga á þessum tíma, en kl. 13.06 var hann að hífa vörpuna inn.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað í málinu, að

ákærði hafi umrætt sinn verið að botnvörpuveiðum innan marka ofangreinds svæðis og því gerst sekur um atferli það, sem hann er ákærður fyrir. Með þessu braut ákærði gegn ákvörðun Hafrannsóknastofnunar um skyndilokun nr. 59 frá 4. júlí 1988, 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum. Vísun í ákæru og hinum áfrýjaða dómi til 2. gr. laga nr. 118/1984 á hér ekki við.

Ákveða ber ákærða refsingu samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 17. gr. og 21. gr. laga nr. 81/1976. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands jafngiltu 100 gullkrónur 3.608,09 krónum 10. þ.m., er mál þetta var dómtekið. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt í Landhelgissjóð Íslands, 280.000 krónur, og komi varðhald í 3 mánuði í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Með skírskotun til 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 verður krafa ákærða um frávísun á upptökukröfu að hluta ekki tekin til greina, og ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra togskipsins Eyvindar vopna, NS 70.

Staðfest er og ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Guðlaugsson, greiði 280.000 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 3 mánuði í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra togskipsins Eyvindar vopna, NS 70, og um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 1. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 28. ágúst sl., er höfðað með ákæruskjali, dags. 5. júlí 1988, gegn Sverri Guðlaugssyni skipstjóra, Lónabraut 36, Vopnafirði, fæddum 18. júlí 1934 í Reykjavík, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa laust eftir hádegi 4. júlí 1988 sem skipstjóri á togskipinu Eyvindi vopna, NS 70, skipaskrárnúmer 1629, sem er 178 brúttórúmlestir og 29,49 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands á skyndilokunarsvæði nr. 59 á Breiðdalsgrunni, þar sem bannaðar voru veiðar frá 4. júlí 1988 kl. 1.00 til sama tíma þann 11. júlí 1988.

Brot ákærða telst varða við auglýsingu Hafrannsóknastofnunarinnar um skyndilokun veiða á fyrrgreindu svæði frá 4. júlí 1988 og 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1984 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum.

Þær dómkröfur eru gerðar af hálfu ákæruvaldsins, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skipaður verjandi ákærða gerir þær dómkröfur, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sakarkostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun hans.

Til vara gerir hann þær dómkröfur, að refsing ákærða verði færð í lágmark og kröfum um eignaupptöku verði vísað frá dómi nema að því, er varðar aflahlut ákærða.

Ákærði, Sverrir Guðlaugsson, er fæddur 18. júlí 1934 í Reykjavík og telst sakhæfur. Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

1951 28/2 í Hafnarfirði. Sátt: 50 kr. sekt f. peningaspil.
1956 15/5 í Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt f. ölvun.
1958 4/12 í Reykjavík. Sátt: 150 kr. sekt f. ölvun.
1988 26/7 N.-Múlas., Seyðisfj. Dómur: 140.000 kr. sekt f. brot gegn 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. tl. 17. gr., laga nr. 81/1976.
1989 22/5 Dómur Hæstaréttar: Ofangreindur dómur sakadóms Seyðisfjarðar ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju.

Málavextir eru þessir:

Þann 4. júlí 1988 kl. 12.36 stóð gæsluflugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SYN, togskipið Eyvind vopna, NS 70, skipaskrárnr. 1629, að meintum ólöglegum veiðum á skyndilokuðu svæði nr. 59 suður af Hvalbak.

Í skýrslu Ómars Karlssonar, skipherra flugvélarinnar, segir:

„Hinn 4. júlí 1988 stóð gæsluflugvélin TF-SYN togskipið Eyvind vopna, NS 70 (skipaskrnr. 1629), að meintum ólöglegum togveiðum inni á skyndilokunarsvæði nr. 59 (sem tók gildi kl. 1.00 4. júlí 1988 og gildir í allt að eina viku) á Hvalbaksgrunni. Skipstjóri Sverrir Guðlaugsson, fæddur 18.7.1934, til heimilis að Lónabraut 36, Vopnafirði.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Mánudaginn 4. júlí er gæsluflugvélin TF-SYN á eftirlitsflugi úti fyrir SA-landi.

Kl. 12.38 var komið að togskipinu Eyvindi vopna, NS 70, þar sem það var að veiðum með botnvörpu. Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: 64 gráður 21'88 N og 13 gráður 22'55 V, sem gefur stað skipsins um 1,3 sjómílur innan SV-marka skyndilokunarsvæðis nr. 59, og togaði skipið þá í V-læga stefnu.

Kl. 12.50 var flogið yfir Eyvind vopna á ný og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun: 64 gráður 21'75 N og 13 gráður 25'38 V, sem gefur skipið um 0,4 sjómílur innan SV-marka áðurnefnds skyndilokunarsvæðis. Skipið hafði nú VNV-læga togstefnu. Var haft samband við skipið á VHF-rás 15 og skipstjóranum tilkynnt að hann væri á veiðum inni á skyndilokuðu svæði; kvaðst skipstjórinn telja sig vera á veiðum á línunni.

Kl. 13.06 var á ný flogið yfir Eyvind vopna og gerð staðarákvörðun: 64 gráður 21'83 N og 13 gráður 25'90 V, sem gefur stað skipsins um 0,2 sjómílur innan SV-marka skyndilokunarinnar. Var þá skipið að hífa inn togvíra sína. Við samanburð á stað þeim sem flugvélin tók og staðarákvörðun skipsins reyndist þeim bera saman.

Kl. 13.10 sást að Eyvindur vopni var búinn að hífa inn veiðarfærin.

Kl. 13.45 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir radarmerkinu á Hvalbak: 64 gráður 35'85 N og 13 gráður 15'95 V. Staður Hvalbaks samkvæmt Sjómannaalmanaki 1988 er 64 gráður 35'8 N og 13 gráður 16'6 V.

Kl. 13.55 voru skipstjóra togarans gefin fyrirmæli um að halda til Seyðisfjarðar þar sem mál hans yrði rannsakað nánar.

Staðarákvarðanir voru gerðar með tveimur LÓRAN-C-tækjum af gerðinni ONI-7000 af stýrimanni, flugstjóra og flugmanni ásamt undirrituðum.

Veður: ANA-5 léttskýjað og gott skyggni.

Meðfylgjandi er úrklippa úr sjókorti Nr. 71."

Ómar Karlsson, skipherra á TF-SYN, hefur staðfest þessa skýrslu fyrir dómi.

Samkvæmt dómskjali nr. 2, telexskeyti frá Hafrannsóknastofnun til bæjarfógetans á Seyðisfirði, var ákvörðun um skyndilokun nr. 59, bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni, tekin kl. 0.20 aðfaranótt 4.7.1988.

Ákvörðunin var tilkynnt loftskeytastöðinni í Neskaupstað samstundis. Skyndilokunin tók síðan gildi kl. 1.00 sama dag.

Mörk svæðisins eru, sbr. bréf Hafrannsóknastofnunar til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 4.7.1988:

Lóran-C-punktar:

1. 49350-64460,
2. 49280-64400,
3. 49280-64350,
4. 49350-64400.

Aðspurður um framkvæmd staðarákvörðunar Eyvindar vopna, NS 70, þegar hann var staðinn að meintum ólöglegum veiðum, segir Ómar Karlsson, skipherra á TF-SYN, að flogið hafi verið yfir skipið og lóraninn frystur og lesið af honum.

Bárður Ólafsson, stýrimaður á TF-SYN, mætir fyrir dóminn þann 5. júlí 1988. Aðspurður um framkvæmd staðarákvarðana segir mætti, að þær séu teknar með því, að flugvélinni sé flogið yfir skipið, sem verið er að mæla, og þegar flugstjórinn segi, að flugvélin sé yfir skipinu, frysti aðstoðarflugmaðurinn og stýrimaðurinn lórantölurnar á lóranskjánum og síðan séu tölurnar á báðum skjáunum bornar saman og staðarákvarðanirnar settar út á kort. Mætti segir, að flugvélin TF-SYN hafi verið í 250 feta hæð yfir Eyvindi vopna, þegar staðarákvarðanirnar voru gerðar.

Sama dag mætir Tómas Helgason flugstjóri fyrir dóminn. Mætti segist hafa talið niður að skipinu og gefið merki, þegar flugvélin var yfir Eyvindi vopna, og þá hafi aðstoðarflugmaðurinn og stýrimaðurinn fryst lórantölurnar á skjánum. Aðspurður um hraða flugvélarinnar, þegar mælingar þessar voru gerðar, segir mætti, að flugvélin hafi verið á 180 hnúta hraða pr. klukkustund. Mætti segir, að venjulega, þegar svona staðarákvarðanir séu gerðar, sé flogið yfir stefni eða skut skipsins og þannig sé annaðhvort stefni eða skutur skipsins fyrir augum flugstjórans, þegar flugvélin er beint yfir skipinu.

Seinna sama dag mætir sem vitni fyrir dóminn Sigurjón Sverrisson aðstoðarflugmaður og er spurður um ástæðu þess, að 12 mínútur líða milli 1. og 2. staðarákvörðunar á Eyvindi vopna. Mætti segist ekki geta svarað því, svo öruggt sé, en hann telji, að mælingamennirnir hafi verið að glöggva sig á mælingunum.

Þá mætir ákærði, Sverrir Guðlaugsson, skipstjóri Eyvindar vopna, NS 70, fyrir dóminn. Ákærði segir, að Eyvindur vopni sé 178 brúttórúmlestir og 29,49 metrar að mestu lengd samkvæmt mælibréfi.

Ákærði segir, að 4. júlí kl. 11.55 hafi verið kastað í Berufjarðarál á 104 faðma dýpi. Ákærði segir, að um kl. 12.50 hafi landhelgisgæsluflugvélin flogið yfir skipið. Ákærði segist þá strax hafa litið á lóran skipsins og talið

sig þá hafa verið alveg á línunni á lokunarsvæðinu. Ákærði segist því hafa haldið áfram að toga, þar til trollið festist í botni. Þegar trollið festist, hafi lóraninn sýnt 49318-64432,3.

Ákærði segir, að landhelgisgæsluflugvélin hafi flogið um 5 sinnum yfir skip hans, en segist ekki muna það alveg fyrir víst.

Ákærði segir, að togstefnan hjá Eyvindi vopna hafi verið 300 gráður rv. Ákærði segir, að flugvél Landhelgisgæslunnar hafi flogið í byrjun þvert á stefni skipsins, en í síðustu ferðinni, sem flogið hafi verið yfir skipið, hafi flugvélin verið í stefnu skipsins.

Ákærði segir, að Landhelgisgæslan hafi kallað í hann og beðið sig að gefa upp lórantölur sínar. Ákærði segist þá hafa gefið landhelgisflugvélinni upp lórantölurnar, sem voru 49322-64434,2. Þegar ákærði gaf upp þessar lórantölur, segist hann telja sig hafa verið á mörkum skyndilokunarsvæðisins.

Aðspurður segist ákærði alltaf hafa talið sig vera fyrir utan eða á mörkum skyndilokunarsvæðisins. Ákærði telur, að hann hafi fest trollið nákvæmlega í línu skyndilokunarsvæðisins. Ákærði segist því ekki viðurkenna brot sitt og benda á augljósa skekkju í 1. staðarákvörðun Landhelgisgæslunnar vegna fjarlægðar milli 1. og 2. staðsetningarpunkts landhelgisgæslunnar og bendir á, að skipið geti ekki komist 1,2 sjómílur á 12 mínútum á togi, sem líða á milli athugana.

Aðspurður segir ákærði, að þarna á veiðum á sama svæði hafi togskipið Húnaröstin, ÁR 150, verið. Ákærði segir, að Húnaröstin sé með „vídeóplotter", og þegar ákærði gefi Landhelgisgæslunni upp lórantölur sínar, hafi skipstjórinn á Húnaröstinni staðsett hann alveg á mörkum lokunarsvæðisins.

Ákærði kveðst vilja taka fram, að tímasetningar hans í framburði séu ekki nákvæmar, þar sem hann hafi ekki gáð svo á klukku.

Aðspurður segist ákærði vilja taka fram, að á meðan á þessu stóð, hafi verið norðurfall.

Ákærði vill taka fram, að þegar hann festi trollið, hafi hann verið á 82 faðma dýpi. Ákærði segist telja, að það ætti að vera um 78 faðmar, ef skipið hefði verið innan skyndilokunarsvæðisins.

Ákærði segir, að þegar trollið festist, hafi verið ákveðið að skipta um veiðisvæði og hann dregið inn trollið. Ákærði segir, að eftir að búið hafi verið að draga trollið inn, hafi stefnan verið tekin inn á skyndilokunarsvæðið og stefnan sett á mið norðan við svokallað reglugerðarhólf. Ákærði kveðst hafa heyrt í fréttum Ríkisútvarpsins, að skipstjórar á sama veiðisvæði teldu ákærða hafa verið fyrir utan skyndilokunarsvæðið. Ákærði segir, að einhver stund hafi liðið, frá því að stefnan var tekin inn á skyndilokunarsvæðið, þangað til Landhelgisgæslan sneri honum til Seyðisfjarðar.

Þá mætir sem vitni í réttinn Jóhann Björgvin Sigurgeirsson stýrimaður,

53 ára, Vallholti 13, Vopnafirði. Vitnið segist hafa komið upp í brú Eyvindar vopna, þegar hann heyrði flugvél Landhelgisgæslunnar koma yfir skipið í þriðja skiptið. Vitnið segist hins vegar hafa verið á vakt í brúnni, þegar kastað var. Vitnið er spurt að því, hvar skipið hafi verið statt, þegar trollinu var kastað. Vitnið telur, að skipið hafi verið staðsett ca. 49345-64470,70 til 75 nær reglugerðarhólfinu en skyndilokunarsvæðinu. Vitnið segir, að kastað hafi verið í norður 360 gráður. Vitnið segir dýpi hafa verið ca. 105-110 faðmar. Vitnið segir, að kastað hafi verið um kl. 11.30. Vitnið segist fljótlega hafa farið úr brúnni, eftir að búið var að kasta trollinu.

Vitnið segir, að skipið Eyvindur vopni sé með tvo lórana um borð. Vitnið segist hafa verið viðstatt, þegar skipstjórinn gaf upp lórantölur sínar til Landhelgisgæslunnar, og þá segir vitnið, að báðum lórönum skipsins hafi borið saman um stöðuna. Vitnið segir, að þá hafi lórantölurnar verið 49322-64434, að því er það telur sig muna. Vitnið segir, að samkvæmt því hafi skipið ekki verið staðsett innan skyndilokunarsvæðisins.

Vitnið segir, að auk skipstjórans hafi vélstjórinn, Gísli Gunnarsson, verið í brúnni, þegar það kom þangað, en hann hafi verið farinn út á dekk að hífa trollið, þegar staðarákvörðunin var gefin. Aðspurt segir vitnið, að flugvél Landhelgisgæslunnar hafi flogið yfir skipið 6 eða 7 sinnum, en telur sig ekki vera alveg visst um það.

Þann 6. júlí 1988 var þess farið á leit við sýslumann Árnessýslu, að tekin yrði vitnaskýrsla fyrir dómi af Hákoni Magnússyni, skipstjóra ms. Húnarastarinnar, ÁR 150.

Þann 8. júlí 1988 mætir hann fyrir dóminn. Aðspurður kveðst vitnið hafa verið að veiðum rétt suðvestan við skyndilokunarsvæðið mánudaginn 4. júlí 1988 og Eyvindur vopni, NS 70, hafi verið að veiðum á sömu slóðum.

Vitnið kveðst hafa veitt flugvél Landhelgisgæslunnar athygli, þar sem henni hafi verið flogið yfir Eyvind vopna, sem þá hafi verið ca. 1/2 sjómílu á eftir Húnaröstinni. Þegar Landhelgisgæsluflugvélinni hafi verið flogið yfir skipin, kveðst vitnið hafa hugað betur að staðsetningu skips síns, og hafi mælitæki þess sýnt, að það væri fyrir utan hið umrædda skyndilokunarsvæði. Á meðan Landhelgisgæslan hafi gert sínar mælingar, hafi Eyvindur vopni verið svo til beint fyrir aftan Húnaröstina með sömu stefnu, þ.e. norðvestlæga.

Vitnið telur útilokað, miðað við þær tölur, sem mælitæki Húnarastarinnar hafi sýnt í umrætt sinn, að Eyvindur vopni hafi verið innan skyndilokunarsvæðisins. Eyvindur vopni hafi siglt svo til beint á eftir Húnaröstinni og öllum mælitækjum Húnarastarinnar þá borið saman um það, að skipið væri utan við hið lokaða svæði.

Þann 5.7.88 voru tilnefndir tveir matsmenn til að meta til peningaverðs afla og veiðarfæri mb. Eyvindar vopna, NS 70, úr umræddri veiðiferð.

Mat á afla var að heildarverðmæti kr. 1.064.063,00 og mat á veiðarfærum, þ.m.t. dragstrengjum, var kr. 256.573,00.

Hinn 26. júlí 1988 gekk dómur í máli þessu í sakadómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, þar sem ákærði var sakfelldur. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar hinn 22. maí 1989 var málsmeðferðin ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Í Hæstarétti og við málsmeðferðina hafa verið lögð fram ný gögn. Hinn 23. febrúar 1989 gaf Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, álitsgerð í máli þessu, þar sem segir:

„Efni: *Hæstaréttarmálið nr. 331/1988:*

Ákæruvaldið gegn Sverri Guðlaugssyni.

Fylgiskjöl: 1. Sjókort nr. 71, lórankort, mælikvarði 1:300.000, útg. 1980 (A og B).

2. Útreikningar Commodore-tölvu Sjómælinga Íslands á lórantölum Eyvindar vopna, NS 70.

Tilvísun: Dómskjöl A-D.

Að beiðni yðar, hr. vararíkissaksóknari, hefi ég farið yfir staðsetningar í nefndu máli og sett sérstaklega út í sjókort nr. 71 eftirfarandi:

1. Skyndilokun Hafrannsóknastofnunar nr. 59 dags. 4. júlí 1988, sbr. dómskjal nr. III.
2. Staðarákvarðanir gæsluflugvélarinnar TF-SYN hinn 4. júlí 1988, sem fengnar voru upp með breidd og lengd:
   I. Kl. 12.38,
   II. — 12.50,
   III. — 13.06.
3. Lórantölur togskipsins Eyvindar vopna, NS 70:
   a. Þegar TF-SYN kallaði í skipstjórann og bað hann að gefa upp lórantölur. Skv. dómskjali nr. V var þetta kl. 13.06 eftir vitnisburði skipherrans á TF-SYN í sakadómi Seyðisfjarðarkaupstaðar hinn 5. júlí 1988.
   b. Lórantölur Eyvindar vopna NS 70, þegar varpan festist í botni, bæði skv. framburði skipstjórans við yfirheyrslu í Sakadómi Seyðisfjarðarkaupstaðar 5. júlí 1988 og stýrimannsins, hvort tveggja skv. dómskjali nr. V bls. 10 og 12.

Eftirfarandi eru niðurstöður athugana minna:

1. Skyndilokun nr. 59 er rétt sett út í sjókort nr. 71, en ég setti hólfið út skv. upplýsingum um breidd og lengd hornapunkta, sem ég tel réttari viðmiðun en lórantölur á dómskjali nr. III. Réttast væri að gefa upp hvort tveggja og þar eð ekki er tekið fram í hvaða lórankeðju tölurnar eru, er þetta ónákvæmt. Upplýsingar um breidd og lengd á hornapunktum hólfsins fengust á Sjómælingum Íslands og eru eftirfarandi:

1. 64 gráður 19'40'' N-brd. 13 gráður 21'36'' V-lgd.
2. 64 gráður 24'18'' N-brd. 13 gráður 31'32'' V-lgd.
3. 64 gráður 30'43'' N-brd. 13 gráður 25'37'' V-lgd.
4. 64 gráður 27'13'' N-brd. 13 gráður 14'20'' V-lgd.

2. Staðarákvarðanir TF-SYN hinn 4. júlí 1988 eru rétt settar út í sjókortið og eru allar innan marka hins lokaða hólfs. Staður I kl. 12.38 er 1,2 sjómílur innan marka hólfsins.
3. Lórantölur sem togskipið Eyvindur vopni, NS 70, gefur upp, reyndust við útsetningu í sjókort nr. 71 vera innan hólfs skyndilokunar nr. 59, eða á stað 64 gráður 21'9 N-brd. og 13 gráður 25'7 V-lgd. og 64 gráður 21,6 N-brd. og 13 gráður 25,3 V-lgd. Sömu lórantölum var með Commodore-tölvu Sjómælinga Íslands breytt í breidd og lengd og reyndist sá staður hinn sami og við útsetningu í lórankortið. Ef reiknað er með 6/10 úr lengdarmínútu skekkju á lórantæki TF-SYN, en með samanburði á aflestri yfir ratsjármerki á Hvalbak kl. 13.45 gaf tækið upp lengd 0,65 austar en staður merkisins er skv. Sjómannaalmanaki, er staður togskipsins kl. 13.06 nákvæmlega á línu lokunarsvæðis nr. 59.

   Staðir togskipsins eru nærri því hinir sömu og TF-SYN gaf upp kl. 1306, enda bar mælingum skipsins og flugvélarinnar saman skv. framburði skipherrans, sbr. dómskjal nr. V bls. 8. Eyvindur vopni er þá að hífa vörpuna eftir að hafa togað á vestlægri stefnu út úr hólfinu, móti vesturmörkum þess.

Skv. útsetningum milli staðar I kl. 1238 og staðar II kl. 1250 er réttvísandi stefna Eyvindar vopna 264 gráður, en skipstjóri segir togstefnuna hafa verið 300 gráður rv. við yfirheyrslu skv. dómskjali nr. 5, bls. 10. Hvort tveggja eru vestlægar stefnur.

Frá stað I kl. 1238 að stað II og III kl. 1250 og 1306 eru 1,1 til 1,2 sjómílur, og eru þeir staðir eins og áður segir innan hólfsins, en þétt við suðvesturmörk þess og síðari staðurinn á markalínu, ef reiknað er með 6/10 úr skekkju á lengdartölum lóransins.

Toghraði er skv. þessum staðsetningum 5-6 sjómílur/klst.

Skipstjóri mótmælir þessu, sbr. dómskjal nr. V, bls. 10.

Þrátt fyrir athugasemdir skipstjóra og hugsanlegar skekkjur á lóranútsetningum tel ég óyggjandi að togskipið Eyvindur vopni, NS 70, hafi við fyrstu staðarákvörðun TF-SYN kl. 1238 hinn 4. júlí 1988 verið innan lokunarsvæðis nr. 59. Enginn ágreiningur er um, að skipið var þá að veiðum með vörpuna í botni á vestlægri togstefnu, en 28 mínútum síðar kl. 1306, er skipið við vesturmörk hólfsins, þétt við markalínu.

Ekki er ágreiningur um þær lórantölur, sem skipstjórinn gaf sjálfur upp. Stýrimaður staðfestir þær tölur og enn fremur, að báðum lórönum skipsins

bar saman (dómskj. nr. V, bls. 11). Lóraninn hefur því verið stöðugur, og TF-SYN sannreyndi að hann gaf sömu staðarákvörðun með samanburði við Hvalbak, ekki aðeins í eitt skipti kl. 1345, skv. skýrslu skipherrans, heldur þrisvar til fjórum sinnum skv. vitnisburði hans hinn 5. júlí í Sakadómi Seyðisfjarðarkaupstaðar."

Hinn 28. ágúst sl. kom Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, fyrir sakadóm Seyðisfjarðar, staðfesti skýrslu sína og bar vitni.

Niðurstaða.

Samkvæmt þeim útsetningum á sjókortum sem liggja fyrir réttinum og gerðar eru eftir staðsetningu, sem ákærði gefur upp til landhelgisgæsluflugvélarinnar og tilgreinir bæði í dagbók skipsins og fyrir dómi þann 5. júlí 1988, er í ljós leitt, að staðsetning skipsins hefur þá verið 64 gráður 21'80 N og 13 gráður 25'25 V. Þessi staðsetning, sem einnig kemur fram í framburði Jóhanns Björgvins Sigurgeirssonar, stýrimanns á Eyvindi vopna, er um það bil 0,25 sjómílur innan marka skyndilokunarsvæðisins. Ekki er deilt um, að togskipið var að botnvörpuveiðum, þegar þetta gerðist.

Það er niðurstaða dómsins, að fyrsta staðsetning, sem TF-SYN gerði á togskipinu Eyvindi vopna, þar sem staður skipsins innan svæðisins er talinn vera 64 gráður 21'88 N og 13 gráður 22'55 V, geti varla staðist miðað við vegalengd milli lóranmælingapunkta nr. I og nr. II.

Að þessari niðurstöðu var komist, þar sem fram kemur í skýrslu skipherra á gæsluflugvélinni TF-SYN, að það líða 12 mínútur milli fyrstu og annarrar staðarákvörðunar Eyvindar vopna. Milli þessara tveggja staða, sem skipið mælist á, eru um 1,2 sjómílur. Dómurinn telur, að ekki hafi verið sýnt fram á, hvernig skip af þessari stærð og gerð, geti komist þessa vegalengd með troll úti á þessum stutta tíma. Til þess að komast þessa vegalengd á þessum tíma yrði skipið að draga 6 mílur á klukkustund, sem dómendur telja hæpið við þessar aðstæður, en þó geti ýmis atvik valdið því, að þetta sé mögulegt.

Með hliðsjón af staðarákvörðunum landhelgisgæsluflugvélarinnar TF-SYN á Eyvindi vopna, NS 70, sem gerð var 4. júlí 1988 kl. 12.50 og gaf staðsetninguna 64 gráður 21'75 N og 13 gráður 25'38 V, og kl. 13.06, sem gaf stað skipsins 64 gráður 21'83 N og 13 gráður 25'90 V, öðrum gögnum málsins, þá sérstaklega þeirri staðarákvörðun, sem ákærði gefur sjálfur upp fyrir dómi og ber saman við staðarákvörðun Landhelgisgæslu kl. 12.50 og dagbók skipsins greinir og er 64 gráður 21'80 N og 13 gráður 25'25 V og gefur stað skipsins 0,25 sjómílur innan SV-marka skyndilokunarsvæðis nr. 59, og með hliðsjón af togstefnu skipsins verður að telja sannað, að ákærði gerðist sekur um fiskveiðibrot með því að hafa laust eftir hádegi

4. júlí 1988 sem skipstjóri á togskipinu Eyvindi vopna, NS 70, verið að botnvörpuveiðum á skipinu í fiskveiðilandhelgi Íslands á umræddu skyndilokunarsvæði.

Brot ákærða þykja rétt tilgreind í ákæru.

Togskipið Eyvindur vopni, NS 70, er 177,58 brúttórúmlestir og 29,49 lengdarmetrar.

Samkvæmt símskeyti Seðlabanka Íslands 28. ágúst 1989 er gullgengi íslensku krónunnar þannig, að 100 gullkrónur jafngilda kr. 3.452,31 — þrjú þúsund fjögur hundruð fimmtíu og tveimur 31/100.

Þykir refsing ákærða samkvæmt 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 1. tölul., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 8. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1984 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 299/1975, lög nr. 22/1948 og lög nr. 45/1974 um breyting á þeim lögum, allt sbr. auglýsingu Hafrannsóknastofnunar um skyndilokun veiða, nr. 59, á Breiðdalsgrunni frá 4. júlí 1988, hæfilega ákveðin kr. 176.600 í sekt til landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði og 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt skýrum ákvæðum 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81 frá 1976 skulu afli og veiðarfæri ásamt dragstrengjum mb. Eyvindar vopna, NS 70, gerð upptæk, og renni andvirðið í landhelgissjóð Íslands.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hrl., kr. 50.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sverrir Guðlaugsson, greiði kr. 176.000 í sekt í landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði og 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri ásamt dragstrengjum mb. Eyvindar vopna, NS 70, skulu gerð upptæk, og rennur andvirði í landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hrl., kr. 50.000, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000.

Dómsorðið var lesið upp í réttinum að dómþola fjarstöddum.

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 152/1989, 254/1989 og 86/1990.

Ákæruvaldið
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Þorláki Gesti Hálfdánarsyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Líkamsárás. Tékkalagabrot. Reynslulausn. Náðun. Nafnritun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 12. apríl 1989 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 16. mars 1989 í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru, gefinni út 29. apríl 1988, á hendur ákærða og konu, er unir héraðsdómi. Þá hefur ríkissaksóknari einnig að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1989 dómi sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1989 í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru, gefinni út 20. febrúar 1989, á hendur ákærða einum. Loks hefur ríkissaksóknari með stefnu 22. febrúar 1990 að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1990 í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru, gefinni út 14. nóvember 1989, gegn ákærða og þremur öðrum, sem öll una héraðsdómi. Öllum þessum dómum er einnig áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar refsingu ákærða.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Þess er ekki óskað, að skaðabótakröfur þær, sem um var dæmt í héraði, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Koma ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og vexti því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands 3. apríl 1990, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, fékk ákærði 1. desember 1981 leyfi til breyttrar nafnritunar í þjóðskrá, og er nafn hans skráð síðan Gestur Hálfdánarson, en var áður skráð Þorlákur Gestur Jensen. Tekið er fram, að breyting á nafnritun í þjóðskrá feli ekki í sér

breytingu á skírnarnafni ákærða, það sé eftir sem áður Þorlákur Gestur.

I.

Héraðsdómur 16. mars 1989.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsiákvæða í máli þessu.

II.

Héraðsdómur 28. apríl 1989.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsiákvæða í máli þessu.

III.

Héraðsdómur 9. febrúar 1990.

Ákærði var sýknaður af nokkrum ákæruatriðum máls þessa, svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi. Í V. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Héraðsdómari taldi atferli ákærða varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933. Ákæruvald unir þessum niðurstöðum. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsiákvæða í máli þessu.

IV.

Samkvæmt þessu verður ákærða gerð refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og 73. gr. tékkalaga.

Hinn 27. október 1986 var ákærða veitt reynslulausn skilorðsbundið í tvö ár á 220 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt fjórum dómum sakadóms Reykjavíkur. Enn fremur var honum hinn 17. september 1987 veitt náðun skilorðsbundið í eitt ár á tveggja mánaða fangelsisrefsingu samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1987. Brot þau, sem um ræðir í dómum sakadóms Reykjavíkur 16. mars og 28. apríl 1989, voru framin í nóvember 1986, um mánaðamótin september/október 1987 og 16. janúar 1988. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að eftir að síðast talda málið kom upp, hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið sett ákærða

21. janúar 1988 viðbótarskilyrði fyrir reynslulausninni, en hann sætti þá vararefsingu ógoldinna sektardóma. Hinn 28. janúar 1988 var ákærði yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna skuldabréfa þeirra, er um ræðir í dómi frá 16. mars 1989. Daginn eftir gekkst ákærði hjá skilorðseftirliti ríkisins undir viðbótarskilorð reynslulausnar sinnar. Sama dag tilkynnti rannsóknarlögregla ríkisins skilorðseftirlitinu, að ákærði hefði gengist við skjalafalsi. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sakadóms Reykjavíkur 11. maí 1988, sem rakið er í dómi 16. mars 1989, er þessarar afgreiðslu og viðbótarskilorðs að engu getið.

Með þessu hefur ákærði notið ívilnandi stjórnvaldsákvörðunar samkvæmt 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976. Ekki er fram komið, að ákærði hafi á skilorðstímanum framið ný brot eftir 29. janúar 1988. Verður 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, ekki beitt, þegar svo stendur á sem í máli þessu.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af ákvæðum 72. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í átján mánuði. Til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu sá tími, sem ákærði sat í gæsluvarðhaldi frá 5. til 12. apríl 1989.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málanna, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Þorlákur Gestur Hálfdánarson, sæti fangelsi átján mánuði. Til frádráttar refsingu hans komi sá tími, sem hann sat í gæsluvarðhaldi frá 5. til 12. apríl 1989.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera óröskuð, hvað ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málanna, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. mars 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 16. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 132-133/1989: Ákæruvaldið gegn Gesti Hálfdánarsyni og X, sem tekið var til dóms 10. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 29. apríl 1988, á hendur ákærðu, „X [...], og Gesti Hálfdánarsyni, fæddum í Reykjavík 27. apríl 1958, til heimilis að Yrsufelli 5, Reykjavík, fyrir skjalafals með því að standa saman að því að falsa og nota í viðskiptum skuldabréf svo sem rakið er:

1. Fyrir að framvísa í Landsbanka Íslands í nóvember 1987 vegna lántöku þar skuldabréfi, að fjárhæð kr. 50.000, sem ákærða X gaf út þann 4. nóvember 1986 og falsaði með því að rita nöfn þeirra Lárusar F. Jakobssonar, nnr. 6017-4784, og Rögnu Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, heimildarlaust í reiti bréfsins fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðaraðila á láninu og nafn Jóhönnu Benediktsdóttur, nnr. 5008-7026, í reit fyrir áritun vitundarvotts að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði útgefanda.

2. Fyrir að greiða um mánaðamótin september/október 1987 Hallgrími Markússyni, Hlíðarhvammi 2, Kópavogi, vegna kaupa ákærðu á bifreið með skuldabréfi, að fjárhæð kr. 120.000, sem ákærði Gestur gaf út, dagsetti þann 30. september 1987 og falsaði með því að rita nöfn þeirra Lárusar Fjeldsteds Jakobssonar, Þangstöðum, Hofsósi, nnr. 6017-4784, og Rögnu H. Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, heimildarlaust í reiti bréfsins fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðaraðila.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Í þinghaldi hinn 15. febrúar sl. krafðist verjandi ákærða Gests þess, að ákæru í málinu yrði vísað frá dómi vegna rangrar verknaðarlýsingar í báðum ákæruliðum, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði þann 1. mars sl.

Málavextir.

1. Ákærðu hafa við rannsókn og meðferð málsins játað að hafa staðið saman að því að framvísa í nóvember 1986, en ekki 1987, eins og í ákæru greinir, í Landsbanka Íslands skuldabréfi, að fjárhæð kr. 50.000, sem ákærða X gaf út þann 4. nóvember 1986. Hefur ákærða játað að hafa falsað nafn Rögnu Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, í reit bréfsins fyrir sjálfskuldarábyrgðaraðila á láninu og nafn Jóhönnu Benediktsdóttur, nnr. 5008-7026, í reit fyrir áritun vitundarvotts að réttri dag-

setningu, undirskrift og fjárræði. Ákærðu er jafnframt gefið að sök að hafa falsað á bréfið nafn Lárusar F. Jakobssonar, nnr 6017-4784, sem sjálfskuldarábyrgðaraðila. Því hefur hún neitað frá upphafi og borið, að það hafi ákærði Gestur gert. Hefur ákærði Gestur játað að hafa ritað nafn ofangreinds Lárusar á bréfið samkvæmt leyfi hins síðarnefnda.

Vitnið Lárus Fjeldsted Jakobsson hefur á hinn bóginn harðneitað bæði við rannsókn og meðferð málsins að hafa gefið leyfi sitt til ritunar nafns síns á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðaraðila.

Ákærðu fengu lán út á skuldabréfið í Landsbankanum og notuðu andvirði þess til heimilisþarfa.

Samkvæmt framansögðu er sannað með játningum ákærðu og öðrum gögnum málsins, að þau hafa gerst sek um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru, að því undanskildu, að ákærða X er sýknuð af ákæru um, að hún hafi ritað nafn Lárusar F. Jakobssonar sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á skuldabréfið.

Þykir brot ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Röng verknaðarlýsing í ákæru, að því er varðar ártal framvísunar skuldabréfsins, sem leiðrétt var við meðferð málsins, og ritun nafns Lárusar F. Jakobssonar sem sjálfskuldarábyrgðaraðila þykir eigi vera slíkum annmörkum háð, að frávísun varði, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

2. Þá hafa ákærðu skýlaust játað að hafa um mánaðamótin september/ október 1987 greitt Hallgrími Markússyni, Hlíðarhvammi 2, Kópavogi, vegna kaupa ákærðu á bifreið af Hallgrími kaupverð bifreiðarinnar með skuldabréfi, að fjárhæð kr. 120.000, sem ákærði Gestur gaf út og dagsetti 30. september 1987 og falsaði á nafn Rögnu H. Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, í reit bréfsins fyrir samþykki sjálfskuldarábyrgðaraðila. Ákærða Gesti er einnig gefið að sök að hafa falsað nafn Lárusar Fjeldsteds Jakobssonar, Þangstöðum, Hofsósi, nnr. 6017-4784, sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á bréfið. Hann hefur hins vegar ýmist neitað því eða játað. Ákærða X játaði strax í upphafi rannsóknar málsins og síðan fyrir dómi að hafa ritað nafn umræddS Lárusar sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á bréfið, og taldi ákærða það gert samkvæmt heimild Lárusar. Í þinghaldi hinn 22. nóvember sl. kvað ákærði Gestur það rétt vera hjá ákærðu X, að hún hefði ritað nafn Lárusar á bréfið með samþykki Lárusar.

Vitnið Lárus Fjeldsted Jakobsson hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins eindregið neitað að hafa gefið samþykki sitt til ritunar nafns síns sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á bréfið.

Framangreind kaup gengu til baka, og fékk seljandinn bifreiðina aftur í sínar hendur.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er sannað með játningum ákærðu og öðrum gögnum málsins, að þau hafa gerst sek um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru, að öðru leyti en því, að ákærði Gestur er sýknaður af því að hafa ritað í heimildarleysi nafn Lárusar Fjeldsteds Jakobssonar á skuldabréfið í reit þess fyrir sjálfskuldarábyrgðaraðila.

Varðar brot ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Röng verknaðarlýsing í ákæru, að því er varðar ritun nafns Lárusar Fjeldsteds Jakobssonar á skuldabréfið, þykir eigi varða frávísun, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði Gestur lýsti því yfir við meðferð málsins, að hann notaði jöfnum höndum nafnið Gestur Hálfdánarson og Þorlákur Gestur Jensen.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Gests var ákæru á hendur honum frestað skilorðsbundið 2 ár frá 11. nóvember 1976 vegna þjófnaðar. Hinn 2. desember 1977 var ákærði dæmdur til greiðslu 160.000 króna sektar og 45 daga fangelsisvistar skilorðsbundið 2 ár fyrir skjalafals. Þann 1. ágúst 1979 var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið tvö ár fyrir skjalafals og þjófnað. Þá hefur ákærði frá 9. desember 1980 verið dæmdur í samtals 22 mánaða fangelsi vegna ýmissa hegningarlagabrota, aðallega skjalafals- og auðgunarbrota, síðast 2. apríl 1987, er hann var dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik.

Að auki hefur ákærði 8 sinnum verið dæmdur til sektargreiðslu eða sæst á slíkt fyrir dómi vegna umferðarlaga- og fíkniefnabrota. Hinn 23. nóvember 1984 var ákærði dæmdur í 30 daga varðhald vegna ölvunaraksturs og réttindaleysis við akstur.

Þá var ákærða hinn 27. október 1986 veitt reynslulausn skilorðsbundið 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 220 dögum.

Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 11. maí 1988, hlaut ákærði hinn 17. september 1987 náðun skilorðsbundið 1 ár á 2 mánaða fangelsisrefsingu samkvæmt dóminum frá 2. apríl 1987.

— — —

Refsingar.

Ákveða ber refsingu ákærða Gests með hliðsjón af 71. gr., 72. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga svo og með tilliti til 78. gr. sömu laga vegna dómsins frá 2. apríl 1987, að því er varðar brotið í 1. lið ákærunnar. Ákærði hefur með háttsemi sinni í báðum liðum ákærunnar rofið skilyrði reynslulausnarinnar frá 27. október 1986 og að því er fyrra brotið varðar, rétt eftir að hann hlaut hana. Ber því nú samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu ákærða í einu lagi fyrir brot

þau, sem nú er dæmt um, svo og með hliðsjón af þeirri refsivist, sem ólokið var, er honum var veitt reynslulausn. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða Gest til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfileg 40.000 krónur, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Gestur Hálfdánarson sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Gestur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1989.

Ár 1989, föstudaginn 28. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 224/1989: Ákæruvaldið gegn Þorláki Gesti Hálfdánarsyni Jensen, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. febrúar sl., á hendur ákærða, „Þorláki Gesti Hálfdánarsyni Jensen, Írabakka 4, Reykjavík, kt. 270458-5809, fyrir líkamsárás með því að hafa 16. janúar 1988 að Yrsufelli 5 í Reykjavík ráðist á fyrrverandi sambýliskonu sína, Sigurbjörgu Laufeyju Þorsteinsdóttur, slegið hana hnefahögg í andlitið, svo að hún féll aftur fyrir sig á gólfið, sparkað í hana og misþyrmt henni á annan hátt með þeim afleiðingum, að hún rifbrotnaði og marðist á hálsvöðvum og á báðum handleggjum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 29/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Laugardaginn 16. janúar 1988 kl. 18.10 óskaði Sigurbjörg Laufey Þorsteinsdóttir lögregluaðstoðar að Yrsufelli 5 hér í borg. Kvað hún ákærða vera á leiðinni þangað undir áhrifum áfengis og lyfja og væri hann illvígur. Fóru tveir lögreglumenn á vettvang. Lauk ákærði upp dyrum fyrir þeim, en lokaði þeim strax aftur, er hann sá, hverjir voru þar á ferð. Óskuðu lögreglumennirnir þá eftir frekari aðstoð, og komu tveir lögreglumenn þeim til aðstoðar. Heyrðu lögreglumennirnir, að Sigurbjörg Laufey „hljóðaði á hjálp", eftir að ákærði hafði opnað dyrnar og kallað: „Þið komið ekki hingað inn" — og skellt hurðinni í lás. Ákváðu lögreglumennirnir þá að ryðjast inn og spörkuðu hurðinni upp, enda Sigurbjörg Laufey „með hljóðum inni í íbúðinni". Var ákærði handtekinn þar inni og færður á lögreglustöðina að Hverfisgötu 113. Virtist hann ekki vera mikið drukkinn, „en greinilega í annarlegu ástandi". Sigurbjörg Laufey lá á grúfu í íbúðinni og kvartaði um verk „í rifjahylki hægra megin". Kvað hún ákærða hafa sparkað ítrekað (sic) í sig. Auðséð var af innanstokksmunum, að átök höfðu átt sér stað. Var Sigurbjörg Laufey flutt á slysadeild Borgarspítalans, þar sem læknar kváðu upp þann úrskurð, að tvö rifbein væru brotin í henni.

Sigurbjörg Laufey hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi farið að heiman frá sér að kvöldi 15. janúar 1988, en þau hafi verið gift og búið saman. Hafi hann verið undir áhrifum áfengis og ef til vill einhvers fleira. Hafi hann verið búinn að vera „í rugli" að minnsta kosti alla vikuna áður. Ákærði hafi komið heim kl. 8.00 um morguninn og spurt vitnið, hvort það ætlaði ekki að fara í vinnuna, og vitnið svarað því neitandi, þar sem það treysti honum ekki fyrir barni þeirra í því ástandi, sem hann var. Jafnframt kveðst vitnið hafa tjáð ákærða það, að nú væri öllu lokið milli þeirra og að hann skyldi koma sér burt. Hafi ákærði farið við svo búið. Um kl. 18.00 hafi ákærði svo hringt og verið mjög æstur, þar sem hann hafi haldið, að bifreið sinni hefði verið stolið um morguninn, en vitnið hafði látið kunningja hans hafa lykla að henni. Ákærði hafi boðað komu sína og vitnið hringt strax í lögregluna, þar sem vitnið hafi ekki viljað fá hann inn á heimilið og eins af ótta við hann. Vitnið kveðst hafa sett öryggiskeðju á dyrnar, en ákærði hafi verið með lykil. Hafi hann opnað með honum og ruðst inn. Engum togum hafi skipt, að ákærði, sem hafi verið mjög æstur og í annarlegu ástandi, hafi slegið vitnið með krepptum hnefa í andlitið með þeim afleiðingum, að vitnið féll aftur fyrir sig á stól, sem datt og vitnið með honum, og rakst þá vinstri augabrún þess í borðrönd. Ákærði hafi þá spurt, hvar barn þeirra væri, og vitnið upplýst, að það hefði komið því fyrir á vistheimili hér í borg. Ákærði hafi þá alveg tryllst og sparkað mörgum sinnum í brjósthol vitnisins og bak, gjörsamlega

brjálaður, en áður hafi hann verið búinn að taka það hálstaki. Kveðst vitnið hafa veitt mótspyrnu eftir megni, en hún hafi verið lítil. Vitnið kveðst hafa orðið vart við, að lögreglan var komin, eftir að ákærði hafði ráðist á það. Kveðst vitnið hafa hrópað á hjálp, og hafi lögreglan brotið upp hurðina og handtekið ákærða.

Vitnið kveður, að ákærði og það hafi fengið lögskilnað í lok mars 1988.

Ákærði kveðst hafa hringt í Sigurbjörgu Laufeyju um kl. 19.00 greint sinn og tilkynnt, að hann væri á leiðinni heim, þar sem hann hefði frétt, að hún hefði látið ákveðinn mann hafa lykla að bifreið ákærða þá um morguninn. Er ákærði hafi komið heim, hafi hann fljótlega tekið eftir, að sonur þeirra var ekki heima. Hafi Sigurbjörg Laufey skýrt sér aðspurð frá því, að hún hefði komið honum fyrir á vistheimili. Ákærði kveðst þá hafa orðið „mjög vondur og sár". Hafi hann slegið Sigurbjörgu Laufeyju með flötum lófa í andlitið og hún dottið við það á stól og síðan í gólfið. Ákærði kveðst hafa lyft henni upp, en hún þá sparkað í kynfæri ákærða. Við það hafi ákærði æst enn meira og slegið hana aftur í andlitið og hún hent sér í gólfið. Við rannsókn málsins kvaðst ákærði hafa sparkað í magann á Sigurbjörgu Laufeyju, þar sem hún hefði legið á gólfinu, en neitaði því fyrir dómi og kvaðst hafa verið illa fyrirkallaður við skýrslutökuna hjá lögreglu. Ákærði kveður, að bankað hafi verið á dyrnar og ákærði farið til dyra. Hafi hann þá séð, að lögreglan var komin, og skellt hurðinni aftur og haldið hurðarhúninum með vinstri hendi. Hafi lögreglumennirnir brotið hurðina upp og ákærði henst við það inn í hjónaherbergi og lent með höfuðið á fótagafli hjónarúmsins. Þar hafi ákærði verið rifinn upp, kýldur í magann, handjárnaður og dreginn á hárinu út í lögreglubifreið.

Vitnið Guðjón Steinar Garðarsson lögreglumaður kveðst hafa farið á vettvang við annan mann að Yrsufelli 5 greint sinn að beiðni Sigurbjargar Laufeyjar. Hafi lögreglumennirnir farið strax upp og bankað á dyrnar. Ákærði hafi opnað, en skellt strax í lás, er hann hafi séð, hverjir voru á ferð, og sagt, að hann hefði ekkert við lögregluna að tala. Hafi ákærði verið í miklum ham og ofsafenginn. Lögreglumennirnir hafi af þeim sökum beðið um aðstoð, sem hafi komið mjög fljótt. Er hún hafði borist, kveðst vitnið hafa heyrt öskur frá konu og lögreglumennirnir þá ruðst inn. Ákærði hafi haldið í hurðarhúninn og fallið aftur á bak og inn í herbergi á móti útidyrahurðinni. Þar hafi ákærði, sem veitt hafi mótspyrnu, verið handjárnaður og færður út í lögreglubifreið. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði verið dreginn þangað á hárinu eða hann verið kýldur í magann, áður en hann var handjárnaður. Vitnið kveður Sigurbjörgu Laufeyju hafa kvartað undan verkjum í brjóstholi, en mundi ekki til þess, að hún kvartaði undan öðrum áverkum.

Vitnið Einar Ásbjörnsson lögreglumaður kveðst hafa ásamt starfsfélaga

sínum komið tveimur lögreglumönnum til aðstoðar að Yrsufelli 5 umrætt sinn. Er þangað kom, kveðst vitnið hafa heyrt óp gegnum dyrnar, sem hafi verið þannig, að lögreglumennirnir hafi talið óhjákvæmilegt að fara þar inn. Hafi þeir brotið upp dyrnar, en ákærði haldið við húninn, og við þetta hafi hann henst aftur á bak inn í íbúðina og verið handjárnaður í svefnherbergi beint á móti útidyrunum. Ákærði hafi veitt mótspyrnu við handtökuna, en bráð hafi af honum, eftir að hann hafði verið færður í handjárn. Hafi hann svo verið leiddur út í lögreglubifreið, enda orðinn rólegur. Vitnið kveðst ekki hafa slegið ákærða í magann greint sinn eða séð hina lögreglumennina gera það. Kveður vitnið, að Sigurbjörg Laufey hafi kvartað undan eymslum við rif og sagt, að ákærði hefði sparkað í brjósthol sér.

Vitnið Óskar Bjartmarz lögregluflokksstjóri kveður, að lögreglumenn hafi verið komnir að Yrsufelli 5, er vitnið hafi farið þangað við annan mann. Er þangað hafi verið komið, kveðst vitnið hafa heyrt öskur og óhljóð í konu fyrir innan dyrnar. Hafi lögreglumennirnir þá brotið hurðina upp og farið inn í íbúðina. Við það hafi ákærði fallið á gólfið við dyrnar að herbergi á móti útidyrunum. Minnti vitnið, að ákærði hefði verið handjárnaður, en mundi ekki til þess, að hann hefði veitt mótspyrnu. Vitnið kannaðist ekki við, að ákærði hefði verið kýldur í magann eða dreginn á hárinu út í lögreglubifreið. Þá mundi vitnið ekki heldur til þess að hafa rætt við Sigurbjörgu Laufeyju á vettvangi.

Svo sem fyrr greinir, var Sigurbjörg Laufey flutt á slysavarðstofu Borgarspítalans greint sinn. Segir í vottorði Leifs Jónssonar læknis, dagsettu 19. janúar 1988, að hún hafi komið þangað kl. 18.49. Við skoðun hafi verið eymsli bæði „direct og indirect" um VII. og VIII. rif hægra megin, en lungnahlustun verið eðlileg og ekki neitt mar að sjá. Eymsli hafi verið á vinstri augabrún, en enginn skurður. Varir hafi verið blóðhlaupnar og bólgnar, en ekkert sár að sjá. „Diffus"-eymsli hafi verið við þreifingu um höfuð. Ekki hafi verið um brotaeinkenni að ræða nema frá rifbeinum.

Í vottorði sama læknis, dagsettu 11. febrúar sama ár, segir um eftirfarandi læknismeðferð Sigurbjargar Laufeyjar, að áverkar á henni samsvari allir grófum misþyrmingum og „cliniskt séð" sé hún brotin bæði um hægri rifjaboga svo og á fleiri rifjum vinstra megin á „costa- og chondralmótum". Slík brot séu ekki „diagnostizeruð" með röntgenmyndum, enda margsannað mál, að fólk geti verið margrifbrotið, án þess að neitt slíkt komi fram í röntgenmyndum. Segir í niðurlagi vottorðsins, að engin áverkamerki hafi sést á lungum, og „skuli staðhæft enn einu sinni, að sjúkl. er cliniskt með fleiri rifbrot".

Niðurstöður.

Sannað er með framburði vitnisins Sigurbjargar Laufeyjar Þorsteinsdóttur, læknisvottorðum, stoð í framburði lögreglumanna og ákærða sjálfs,

að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar háttsemi ákærða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Í ákæru er Sigurbjörg Laufey sögð fyrrverandi sambýliskona ákærða, en upplýst er í málinu, að þau voru í hjónabandi og Sigurbjörg Laufey því fyrrverandi eiginkona ákærða.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum refsidómum:

— — —

[Sbr. bls. 556 að framan.]

Refsing.

Refsing ákærða verður metin annars vegar með tilliti til þess, að brot ákærða er hegningarauki við dóminn frá 16. mars sl., en hins vegar með hliðsjón af sakaferli ákærða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Þorlákur Gestur Hálfdánarson Jensen, sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 9. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 76-79/1990: Ákæruvaldið gegn A, Þorláki Gesti Hálfdánarsyni Jensen, B og C, sem tekið var til dóms 29. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 14. nóvember sl., á hendur ákærðu, ,,A, Þorláki Gesti Hálfdánarsyni Jensen, Írabakka 4,

Reykjavík, kennitala 270458-5809, B og C, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

I.

— — —

II. Ákærðu er öllum gefið að sök tékkafals með því að hafa í mars og apríl (sic) staðið saman að því að falsa og nota í viðskiptum eftirgreinda tékka, sem ákærðu öll nema ákærði A skiptust á að rita til handhafa með útgefandanafnrituninni Hjalti Björnsson á tékkareikningsnúmerið 2002 hjá Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19, Reykjavík. Ákærðu deildu með sér andvirði tékkanna:

1) Tékki nr. 3956748, að fjárhæð kr. 30.000, dagsettur 5.3.1989. Seldur í Landsbankanum á Akranesi.

2) Tékki nr. 4070226, að fjárhæð kr. 20.000, dagsettur 5.3.1989. Seldur í Fíabúð í Njarðvík.

3) Tékki nr. 4070227, að fjárhæð kr. 3.000, dagsettur 31.1.1989. Seldur í verslun Aðalstöðvarinnar hf., Keflavík.

4) Tékki nr. 4070228, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 23.3.1989. Seldur í bensínafgreiðslu Skeljungs hf., Fitjum, Njarðvík.

5) Tékki nr. 4070229, að fjárhæð kr. 4.000, dagsettur 24.3.1989. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

6) Tékki nr. 4070231, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 1.4.1989. Seldur í Blómastofu Guðrúnar, Keflavík.

7) Tékki nr. 4070232, að fjárhæð kr. 30.000, dagsettur 25.3.1989. Seldur í versluninni Rítu, Reykjavík.

8) Tékki nr. 4070235, að fjárhæð kr. 25.000, dagsettur 31.3.1989. Seldur í versluninni Optik, Hafnarstræti 20, Reykjavík.

9) Tékki nr. 4070236, að fjárhæð kr. 25.000, dagsettur 26.3.1989. Seldur á Flughóteli, Hafnargötu 57, Keflavík.

10) Tékki nr. 4070237, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 5.3.1989. Seldur í Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105, Reykjavík.

11) Tékki nr. 4070238, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 23.3.1989. Seldur í versluninni Básnum sf., Keflavík.

12) Tékki nr. 4070239, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 23.3.1989. Seldur í verslun Aðalstöðvarinnar hf., Keflavík.

13) Tékki nr. 4070240, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 5.3.1989. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

14) Tékki nr. 4070241, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 5.3.1989. Seldur í Verslunarbanka Íslands, Bankastræti 5, Reykjavík.

15) Tékki nr. 4070242, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 6.5.1989. Seldur í Útvegsbanka Íslands, Hafnarfirði.

16) Tékki nr. 4070243, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 26.3.1989. Seldur á Hótel Esju, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

17) Tékki nr. 4070244, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 28.3.1989. Framseldur af ákærða Þorláki Gesti. Óvíst um notkun.

18) Tékki nr. 4070246, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 25.3.1989. Seldur á Gistiheimilinu Bergi, Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.

III. Ákærðu Gesti og C er gefið að sök að hafa 22. apríl 1989 notað í viðskiptum eftirgreinda tékka, út gefna til handhafa af Sigurði Karlssyni á tékkareikning hans nr. 64314 hjá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, dagsetta 22.4.1989, eftir að ákærðu höfðu breytt fjárhæð tékkanna úr kr. 2.000 í kr. 12.000:

1) Tékki nr. 2226344. Seldur í versluninni Brekkuvali, Hjallabrekku 2, Kópavogi, þar sem ákærða C falsaði á tékkann framsalsáritunina Sigurbjörg Bragadóttir, nnr. 7770-7065.

2) Tékki nr. 2226346. Seldur í Matvörubúðinni, Hraunbæ 4, Reykjavík.

3) Tékki nr. 2226349. Seldur í versluninni Von hf., Fljótaseli 36, Reykjavík.

IV.

— — —

Telst ofangreind háttsemi ákærðu samkvæmt liðum I-IV varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V. Ákærða Þorláki Gesti er gefið að sök að hafa í lok desember 1988 notað í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, hvorn að fjárhæð kr. 2.000, sem hann gaf út til handhafa á reikning nr. 31038 hjá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, án þess að eiga innstæðu í bankanum:

1) Tékki nr. 2118582, dagsettur 29.12.1988. Seldur í Matvörubúðinni, Hraunbergi 4.

2) Tékki nr. 2118582, dagsettur 30.12.1988. Seldur í söluturninum Candís, Eddufelli 4.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I.

— — —

II.

Í mars og apríl á sl. ári voru ákærðu öll saman við áfengisdrykkju og á ferðalagi á suðvesturhorni landsins. Hafa ákærðu B og C játað að hafa

í mars 1989 staðið saman að því að falsa og nota í viðskiptum þá 18 tékka, sem í ákæru greinir, og skipst á að rita þá til handhafa ásamt ákærða Þorláki Gesti Hálfdánarsyni Jensen. Ákærði Þorlákur Gestur Hálfdánarson Jensen hefur einnig játað framangreinda háttsemi að því undanskildu, að hann kveðst ekkert geta borið um tékkana í liðum 5, 11, 12, 13 og 18. Skiptust framangreind ákærðu á að rita tékkana í liðum 1-4, 6-10 og 14-17 til handhafa með útgefandanafnrituninni Hjalti Björnsson á tékkareikningsnúmerið 2002 hjá Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19, Reykjavík. Varðandi tékkana í liðum 5, 11, 12, 13 og 18 kveður ákærði B, að tékkann í lið 5 hafi ákærða C afhent sér til útfylltan og hann og ákærði A notað tékkann til greiðslu á ökugjaldi. Ákærði kveðst ekkert vita um tékkana í liðum 12 og 13, en tékkann í lið 18 kveðst ákærði hafa fyllt út að hluta til, en C að hluta. Kveðst ákærði hafa notað hann til greiðslu á Gistiheimilinu Bergi í Hafnarfirði fyrir sig og aðra konu. Ákærða C hefur kannast við að hafa ritað tékkann í lið 5, en kveðst ekkert vita, til hvers hann hafi verið notaður. Að því er varðar tékkana í liðum 11, 12 og 13, kveðst ákærða sjálf hafa ritað þá og notað í viðskiptum, og varðandi tékkann í lið 18, kveðst ákærða hafa ritað efni hans að hluta til og jafnframt framselt hann, en ekkert vita, til hvers hann hafi verið notaður.

Ákærði A bar við rannsókn málsins, að ákærðu hafi öll verið saman á fylliríi, og myndi hann ekki eftir því að hafa orðið vitni að því, að tékkar væru falsaðir. Þá hafi hann ekki komið nálægt slíku. Kvaðst ákærði þó hafa haft „um það vitneskju", að hin ákærðu hafi verið að falsa tékka, en forðast að blanda sér inn í það. Kvaðst ákærði einungis hafa notið góðs af því, sem fyrir tékkana hefði fengist. Við dómsmeðferð málsins hefur ákærði á hinn bóginn borið, að hann hafi ekki vitað um tékkafals það, sem í ákærukafla þessum greinir, fyrr en hann hafi verið handtekinn. Hafi ákærði verið í slagtogi með ákærðu á þessum tíma og verið mikið undir áhrifum áfengis og lyfja og ekkert muna eftir ferðalagi sínu með ákærðu. Kveður ákærði framburð sinn um vitneskju um tékkafalsið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vera ónákvæman að þessu leyti, og sé dómsframburður sinn réttur.

Ákærði B hefur borið, að ákærði A hafi haft fulla vitneskju um nefndar tékkafalsanir. Ákærða C bar við rannsókn málsins, að A hafi vitað, hvað ákærðu voru að gera, og notið góðs af því, sem fyrir tékkana hefði fengist. Við meðferð málsins bar ákærða á hinn bóginn, að A hefði verið svo dauðadrukkinn greint sinn, að hann hefði enga grein gert sér fyrir því, hvað fram fór varðandi fjármögnun annarra ákærðu með útgáfu tékkanna og notkun þeirra í viðskiptum, og hefði hann einungis notið góðs af fölsununum. Ákærði Þorlákur Gestur hefur frá upphafi borið, að ákærði A hafi ekkert vitað um, hvað fram fór varðandi tékka þá, sem í ákærukaflanum greinir, og einungis notið góðs af viðskiptum með þá.

Tékkunum og notkun þeirra er að öllu leyti rétt lýst í ákæru að öðru leyti en hér segir: Númer tékkans í lið 1 hefur misritast og á að vera 3956478, en ekki 3956748. Útgáfudagur tékkans í lið 2 á að vera 6. mars 1989, en ekki 5. mars sama ár. Þá á útgáfudagur tékkans í lið 3 að vera 31. mars 1989, en ekki 31. janúar sama ár. Að lokum hefur láðst í upphafi ákærulýsingar að geta, hvaða ár tékkarnir voru falsaðir. Úr öllu framangreindu var bætt við meðferð málsins, og komu fram fullkomnar varnir af hálfu verjenda ákærðu af því tilefni, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Sannað er með framburði ákærðu B, C og Þorláks Gests, að ákærðu hafa gerst sek um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæru, að öðru leyti en því, að ákærði Þorlákur Gestur er sýknaður af aðild að falsi í liðum 5, 11, 12, 13 og 18. Varðar háttsemi ákærðu B og C í öllum liðum og ákærða Þorláks Gests í liðum 1-4, 6-10 og 14-17 við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hins vegar verður eigi talið, að fram sé komin fyllilega lögfull sönnun um það, að ákærði A hafi átt aðild að fölsunum þeim, sem í ákæru getur, eða haft vitneskju um hana, gegn neitun hans fyrir dómi og með hliðsjón af dómsframburði meðákærðu C og Þorláks Gests. Ber því að sýkna ákærða A af sakargiftum í máli þessu.

Í málinu hafa verið lagðar fram eftirtaldar bótakröfur vegna fölsunar tékka þeirra, sem í ákærukafla þessum greinir:

1. Landsbanki Íslands á Akranesi krefst bóta vegna tékkans í lið 1, að fjárhæð kr. 30.000, ásamt dráttarvöxtum. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu fjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. mars 1989 til greiðsludags.

2. Fíabúð í Njarðvík krefst bóta vegna tékkans í 2. lið, að fjárhæð kr. 20.000, auk dráttarvaxta. Ber að dæma ákærðu C, sem falsaði nafn útgefanda tékkans, til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, þar eð bótakröfu er eingöngu beint að útgefandanum.

3. Aðalstöðin hf. í Keflavík krefst bóta vegna tékkans í 3. lið, að fjárhæð kr. 3.000, auk dráttarvaxta. Dæma ber ákærðu C, sem falsaði nafnritun útgefanda tékkans, til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, en bótakröfu er einungis beint að útgefandanum.

4. Shellstöðin, Fitjum, krefst bóta vegna tékkans í 4. lið, að fjárhæð kr. 15.000, auk vaxta. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu fjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. mars 1989 til greiðsludags.

5. Maður að nafni Auðunn Guðmundsson leigubifreiðarstjóri krefst

bóta vegna tékkans í lið 5, að fjárhæð kr. 4.000, auk dráttarvaxta. Engar frekari upplýsingar eru í málinu varðandi bótakrefjanda. Þykir því eigi unnt að dæma um bótakröfuna í þessu máli, og ber að vísa henni frá sakadóminum.

6. Blómastofa Guðrúnar, Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 6. lið, að fjárhæð kr. 5.000, auk dráttarvaxta. Ber að dæma ákærðu C, en hún falsaði nafn útgefanda á tékkann, til greiðslu fjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, þar eð bótakrafan beinist eingöngu að útgefandanum.

7. Gleraugnaverslunin Optik sf., Hafnarstræti 20, Reykjavík, krefst bóta vegna tékkans í 8. lið, að fjárhæð kr. 8.000, ásamt vöxtum. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu fjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 31. mars 1989 til greiðsludags.

8. Flughótel, Hafnargötu 57, Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 9. lið, að fjárhæð kr. 25.000, auk dráttarvaxta. Þá liggja einnig frammi í málinu ógreiddir reikningar frá nefndum aðila, að fjárhæð kr. 69.342, og þess einnig krafist, að sú fjárhæð verði greidd. Þar sem ákæra málsins snýst ekki um þennan þátt, er eigi unnt að fjalla um kröfu þessa, og þykir verða að vísa henni frá sakadóminum. Samkvæmt þessu ber að dæma ákærðu C, sem falsaði nafn útgefanda á tékkann, til að greiða kröfuhafa kr. 25.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, en bótakröfu er einungis beint að útgefanda.

9. Útvegsbanki Íslands hf., Laugavegi 105, Reykjavík, krefst bóta vegna tékkans í lið 10, að fjárhæð kr. 5.000, auk dráttarvaxta. Ber að dæma ákærðu B, C og Þorlák Gest óskipt til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

10. Básinn sf., Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 11. lið, að fjárhæð kr. 5.000, auk dráttarvaxta. Verður ákærða C dæmd til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, þar eð ákærða falsaði nafnritun útgefanda á tékkann og bótakröfu er eingöngu beint að útgefanda hans.

11. Aðalstöðin hf., Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 12. lið, að fjárhæð kr. 5.000, auk dráttarvaxta. Verður ákærða C, sem falsaði nafn útgefanda á tékkann, dæmd til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, en bótakröfunni er aðeins beint að útgefandanum.

12. Magnús Þorsteinsson, Háaleiti 5, Keflavík, krefst bóta vegna tékkans í 13. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk dráttarvaxta. Verður ákærða C dæmd til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt

7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, þar sem ákærða ritaði nafn útgefanda á tékkann og bótakrafan beinist eingöngu að útgefandanum.

13. Verslunarbanki Íslands, Bankastræti 5, Reykjavík, krefst bóta vegna tékkans í 14. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk dráttarvaxta. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu nefndrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

14. Útvegsbanki Íslands hf., Hafnarfirði, krefst bóta vegna tékkans í 15. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk vaxta. Verða ákærðu B, C og Þorlákur Gestur dæmd óskipt til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

15. Hótel Esja, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, krefst bóta vegna tékkans í 16. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk vaxta. Ber að dæma ákærðu B, C og Þorlák Gest óskipt til greiðslu kröfufjárhæðarinnar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

16. Einar Bollason, Bræðratungu 23, Kópavogi, krefst bóta vegna tékkans í 18. lið, að fjárhæð kr. 10.000, auk vaxta. Verða ákærðu B og C dæmd óskipt til að greiða þá fjárhæð ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags.

III.

Ákærði Þorlákur Gestur hefur játað við rannsókn og meðferð málsins að hafa hinn 22. apríl 1989 notað í viðskiptum þá 3 tékka, sem í ákærukafla þessum greinir, út gefna til handhafa af Sigurði Karlssyni á tékkareikning hans nr. 64314 hjá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, dagsetta 22. apríl 1989, eftir að ákærði hafði breytt fjárhæð tékkanna úr kr. 2.000 í kr. 12.000. Þá hefur ákærða C játað að hafa falsað nafnið Sigurbjörg Bragadóttir, nnr. 7770-7065, og notað tékkann í viðskiptum með Þorláki Gesti, en neitað að vita nokkuð um tékkana í liðum 2-3. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæru nema sem hér segir: Á tékkann í lið 1 ritaði Sigurður Karlsson reikningsnúmerið 68314, en ekki 64314, eins og í ákæru greinir. Þá var tékkinn í ákærulið 2 seldur í Matvöruversluninni, Hraunbergi 4, Reykjavík, en ekki Hraunbæ 4, og að lokum var tékkinn í ákærulið 3 seldur í versluninni Nesvali, Melabraut 57, Seltjarnarnesi, en ekki í versluninni Von, Fljótaseli 36, Reykjavík. Var framangreint leiðrétt við meðferð málsins og varnir fluttar af verjendum í samræmi við það, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt framansögðu er sannað með játningu ákærða Þorláks Gests, að hann hefur gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og varðar það við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Þá er

og sannað með játningu ákærðu C, að hún hefur falsað umrædda framsalsáritun á tékkann í lið 1 og þannig orðið brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en gegn neitun hennar verður að telja ósannað, að hún hafi átt aðild að falsi og notkun tékkanna í 2. og 3. lið ákærukafla þessa.

Verslunin Brekkuval sf., Hjallabrekku 2, Kópavogi, krefst bóta vegna tékkans í lið 1, að fjárhæð kr. 12.000, ásamt vöxtum. Verða ákærðu dæmd óskipt til greiðslu kröfufjárhæðarinnar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. apríl 1989 til greiðsludags.

Af hálfu Matvöruverslunarinnar, Hraunbergi 4, Reykjavík, er krafist bóta vegna tékkans í lið 2, að fjárhæð kr. 12.000, auk vaxta. Verður ákærði Þorlákur Gestur dæmdur til greiðslu kröfunnar ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. apríl 1989 til greiðsludags.

Þá er af hálfu fyrirtækisins Vonar hf., Fljótaseli 36, Reykjavík, krafist bóta vegna tékkans í lið 3, að fjárhæð kr. 12.000, auk vaxta. Ber að dæma ákærða Þorlák Gest til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. apríl 1989 til greiðsludags.

IV.

— — —

V.

Í lok desember 1988 notaði ákærði Þorlákur Gestur þá 2 tékka, hvorn að fjárhæð kr. 2.000, sem í ákærukafla þessum getur, í staðgreiðsluviðskiptum. Gaf ákærði tékkana út til handhafa á reikning sinn nr. 31038 hjá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, án þess að innstæða væri næg fyrir þeim. Ákærði fylgdist ekki með stöðu reikningsins, en taldi innstæðu vera fyrir tékkunum, er hann gaf þá út. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæru að öðru leyti en því, að númer tékkans í lið 2 á að vera 2118583, en ekki 2118582, eins og í ákæru greinir. Var þetta leiðrétt við meðferð málsins og vörn flutt með hliðsjón af því, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Eigi verður talið fyllilega sannað, að ákærði hafi með útgáfu tékkanna orðið brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga, og ber að sýkna hann af því. Á hinn bóginn hefur ákærði með háttsemi sinni brotið gegn 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, enda var verjanda hans gefinn kostur á að flytja vörn með tilliti til þess, að brotið gæti varðað við það ákvæði, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrirtækið Magnar hf., Hraunbergi 4, Reykjavík, hefur krafist bóta vegna tékkans í lið 1, að fjárhæð kr. 2.000, auk vaxta. Verður ákærði

dæmdur til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. ágúst 1988 til greiðsludags.

Þá hefur Verslunin Candís-söluturn, Eddufelli 4, Reykjavík, krafist bóta vegna tékkans í 2. lið, að fjárhæð kr. 2.000, auk vaxta. Ber að dæma ákærða til greiðslu kröfufjárhæðar ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. ágúst 1988 til greiðsludags.

Sakaferill ákærðu.

— — —

Ákærði Þorlákur Gestur hefur samkvæmt sakavottorði sínu sætt eftirtöldum refsidómum vegna brota gegn almennum hegningarlögum:

[Sbr. bls. 556 að framan]

Refsingar.

— — —

Refsingu ákærða Þorláks Gests ber að ákveða með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, og telst hún hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 5. til 12. apríl 1989, samtals 8 dagar.

— — —

Skaðabætur.

Ákærðu verða dæmd til greiðslu skaðabóta, eins og að framan greinir.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu C til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfileg kr. 40.000, og ákærða Þorlák Gest til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja einnig hæfileg kr. 40.000. Þá ber með skírskotun til úrslita málsins að dæma ríkissjóð til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða A, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði A skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.
Ákærði B sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærða C sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Þorlákur Gestur Hálfdánarson Jensen sæti fangelsi 6 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 5. til 12. apríl 1989.

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu B og C, og skulu þær niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvort um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu B, C og Þorlákur Gestur greiði óskipt:

1. Landsbanka Íslands, Akranesi, kr. 30.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. mars 1989 til greiðsludags, 2. Shellstöðinni, Fitjum, kr. 15.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. mars 1989 til greiðsludags, 3. Gleraugnaversluninni Optik, Hafnarstræti 20, Reykjavík, kr. 8.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 31. mars 1989 til greiðsludags, 4. Útvegsbanka Íslands hf., Laugavegi 105, Reykjavík, kr. 5.000 ásamt almennum vöxtum frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, 5. Verslunarbanka Íslands, Bankastræti 5, Reykjavík, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 4. apríl 1989 til greiðsludags, 6. Útvegsbanka Íslands hf., Hafnarfirði, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. apríl 1989 til greiðsludags, 7. Hótel Esju, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum frá 4. apríl 1989 til greiðsludags.

— — —

Ákærði Þorlákur Gestur greiði:

1. Matvöruversluninni, Hraunbergi 4, Reykjavík, kr. 12.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. apríl 1989 til greiðsludags, 2. Von hf., Fljótaseli 36, Reykjavík, kr. 12.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 24. apríl 1989 til greiðsludags, 3. Magnar hf., Hraunbergi 4, Reykjavík, kr. 2.000 ásamt almennum vöxtum frá 23. ágúst 1988 til greiðsludags, 4. Versluninni Candís-söluturni, Eddufelli 4, Reykjavík, kr. 2.000 ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. ágúst 1988 til greiðsludags.

Ákærða C greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000, og ákærði Þorlákur Gestur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða A, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000, greiðist úr ríkissjóði. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 459/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Bjarna Leifi Péturssyni
(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik. Þjófnaður. Frávísun að hluta. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1989 að ósk ákærða og af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu ákærða, sem er fæddur 15. júní 1958, er aðallega krafist ómerkingar hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, en til vara, að dæmd verði vægasta refsing, sem lög leyfa.

Ómerkingarkrafan er á því reist, að eigi hafi verið gætt við meðferð málsins í héraði meginreglu opinbers réttarfars um millilíðalausa málsmeðferð, þar sem ákærði hafi eigi komið fyrir dómarann, sem dæmdi málið í héraði, heldur hafi annar dómari birt honum ákæru, kynnt honum gögn málsins og tekið af honum skýrslu. Ákærði hafi því ekki notið réttlátrar málsmeðferðar að þessu leyti, svo sem honum hafi borið réttur til.

Nokkur óvissa virðist hafa verið um það, hvar ákærði átti heimili, meðan á rekstri málsins stóð í héraði, og vandkvæði verið á boðun hans fyrir sakadóm Akureyrar. Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 1. september 1988 að beiðni bæjarfógetans á Akureyri. Þar var honum birt ákæra, kynnt gögn málsins og skýrsla tekin af honum. Í þessari dómskýrslu tjáði ákærði sig um öll ákæruatriði og gekkst við þeim í einu og öllu. Jafnframt voru honum kynntar framkomnar skaðabótakröfur, og samþykkti hann þær athugasemdalaust. Dómsrannsókn þessi er nægilega ýtarleg og engum ágöllum haldin (sic). Málið er einfalt í sniðum og álitaefni þess

rækilega leidd í ljós, þegar undan er skilinn 500 króna tékki, sem fjallað verður um hér á eftir. Þegar til alls þessa er litið, eru ekki, eins og hér stendur á, næg skilyrði til þess að taka ómerkingarkröfuna til greina.

Í IV. kafla ákærunnar er fjallað um innistæðulausan tékka, að fjárhæð 500 krónur, er ákærði gaf út á ávísanareikning sinn í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri í desember 1985. Er hann ákærður fyrir að hafa notað tékka þennan í staðgreiðsluviðskiptum. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði hafa gefið tékkann út í þeirri trú, að næg innistæða væri á reikningnum. Eigi nýtur í málinu fullnægjandi gagna frá nefndu bankaútibúi um stöðu ávísanareiknings ákærða á þessu tímabili, þ.e. hvort einhver inneign var þá á reikningnum og hversu há, ef hún var til staðar. Við svo búið brast skilyrði til að fjalla efnislega um þetta ákæruatriði. Ber því að fella úr gildi úrlausn héraðsdómara um það og vísa IV. kafla ákærunnar frá héraðsdómi. Af því leiðir samkvæmt 2. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að einnig ber að vísa frá héraðsdómi bótakröfu vegna tékka þessa, að fjárhæð 500 krónur, auk vaxta.

Að öðru leyti ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu brota ákærða til refsiákvæða, en refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Þess er hvorki óskað af hálfu ákæruvalds né ákærða, að skaðabótakröfur, sem um er fjallað í héraðsdómi, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Stendur því óhögguð úrlausn héraðsdómara um skaðabætur og vexti af þeim, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974, að frá talinni áðurnefndri 500 króna bótakröfu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Ákæra í málinu er dagsett 17. mars 1987. Héraðsdómur var kveðinn upp rúmlega 28 mánuðum síðar. Ber að átelja þennan óhæfilega drátt á meðferð málsins.

Meðan á rekstri máls þessa stóð, sætti ákærði nokkrum sinnum ákærum fyrir ýmis hegningarlagabrot, aðallega skjalafals og auðgunarbrot. Þau mál voru öll höfðuð fyrir sakadómi Reykjavík-

ur, áður en héraðsdómur gekk í þessu máli. Við svo búið var óeðlilegt að reka þetta mál eitt fyrir sakadómi Akureyrar. Rétt hefði verið að sameina það einu eða fleiri þeirra mála, sem samtímis því voru rekin fyrir sakadómi Reykjavíkur. Þessi háttur á málarekstri gegn ákærða var andstæður hagsmunum hans og er aðfinnsluverður.

Dómsorð:

IV. kafla ákæru er vísað frá héraðsdómi svo og framangreindri bótakröfu.

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 26. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 21. þ.m., var höfðað hér fyrir dómi með ákæruskjali saksóknara ríkisins, út gefnu 17. mars 1987, á hendur Bjarna Leifi Péturssyni, Keilusíðu 5, Akureyri, fyrir eftirtalin brot:

„I. Notað í september 1986 í Reykjavík eftirtalda tékka, sem ákærði hafði falsað á undirskriftina Jón Sigurðsson og gefið út til handhafa og notað tékkanúmerið 168, nema annað sé nefnt:

A. Tékka á eyðublaði nr. 960499 frá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, að fjárhæð kr. 9.000,00, út gefinn 20.9.86. Ákærði fékk stúlku til að framvísa tékkanum fyrir sig í veitingahúsinu Hrafninum við Skipholt í Reykjavík, en þar voru þau handtekin.

B. Tékka á eyðublað frá Samvinnubanka Íslands hf., útibúinu Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, en þessa tékka fékk ákærði félaga sinn til að framselja fyrir sig:

1. Nr. 6994870, kr. 9.000, út gefinn 20.9.86. Ákærði notaði tékkann til greiðslu á farmiða hjá Flugleiðum.

2. Nr. 6294872, kr. 7.000, út gefinn 20.9.86. Ákærði lét greiða með tékkanum fyrir sig á einni af bensínstöðvum Shell.

3. Nr. 6294873, kr. 8.500, út gefinn 20.9.86. Ákærði notaði þennan tékka eins.

4. Nr. 6294875, kr. 8.000, út gefinn 20.9.86. Ákærði lét greiða með tékkanum fyrir sig á einni af bensínstöðvum Olís.

Teljast framangreindir verknaðir ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Aðfaranótt laugardagsins 15. nóvember 1986 stolið veski af konu á veitingastaðnum H-100 á Akureyri, en í veskinu voru ýmsir munir auk skilríkja, vísa-korts og tékkhefta.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Laugardaginn 15. nóvember 1986 notað í viðskiptum í versluninni Hagkaupum á Akureyri tékka, að fjárhæð kr. 11.000, og svikið sér þannig út fé. Tékkinn er á eyðublaði nr. 519698 frá Sparisjóði Svarfdæla, Dalvík, en tékkann fyllti ákærði heimildarlaust út nema undirskrift útgefanda, Helgu Bjarkar, nafnnúmer 3896-2906, en með þeirri undirskrift var tékkinn, er hann komst í hendur ákærða við framangreindan þjófnað. Auk fjárhæðar fyllti ákærði út reikningsnúmerið 186 útgáfudaginn 15.11.86 til handhafa.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Notað í desember 1985 innistæðulausan tékka, að fjárhæð kr. 500, á reikning sinn, nr. 12479, í Landsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri. Tékkinn er á eyðublaði nr. 2539918, gefinn út 18. desember 1985 til handhafa, og notaði ákærði tékkann sama dag í staðgreiðsluviðskiptum í versluninni Hagkaupum á Akureyri.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði hefur 10 sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir ýmis brot og sætt 23 refsidómum, þar af þremur á árinu 1987 (4 mán. fangelsi fyrir skjalafals o.fl., 30 daga fangelsi fyrir skjalafals og 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað), einum á árinu 1988 (6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik) og einum á árinu 1989 (40.000 króna sekt fyrir ölvun við akstur)].

Málavextir.

I. kafli ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, rannsóknarlögreglu Akureyrar og fyrir dómi að hafa í september 1986 notað tékka, sem ákærði hafði falsað á undirskriftina Jón Sigurðsson og gefið út til handhafa og notað tékkanúmer 168, nema annað sé tekið fram.

A. Tékka á eyðublaði nr. 960499 frá Alþýðubankanum, Laugavegi 31, Reykjavík, að fjárhæð kr. 9.000, út gefinn 20.9.1986, en ákærði fékk stúlku til að framvísa tékkanum fyrir sig í veitingahúsinu Hrafninum við Skipholt í Reykjavík, en þar voru þau handtekin.

B. Tékka á eyðublað frá Samvinnubanka Íslands, útibúinu Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, en þessa tékka fékk ákærði félaga sinn til að framselja fyrir sig:

1) Tékka nr. 6994870, að fjárhæð kr. 9.000, út gefinn 20.9.1986, en ákærði notaði tékkann til greiðslu á farmiða hjá Flugleiðum.

2) Tékka nr. 6294872, að fjárhæð kr. 7.000, út gefinn 20.9.1986, en ákærði lét greiða fyrir sig með tékkanum á einni af bensínstöðvum Shell.

3) Tékka nr. 6294873, að fjárhæð kr. 8.500, út gefinn 20.9.1986. Ákærði notaði þennan tékka á sama hátt og í 2. lið greinir.

4) Tékka nr. 6294875, að fjárhæð kr. 8.000, út gefinn 20.9.1986, en ákærði lét greiða fyrir sig á einni af bensínstöðvum Olís.

Með viðurkenningu ákærða og stoð í sakargögnum teljast þessir verknaðir hans sannaðir, og varða þeir við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur samþykkt eftirtaldar bótakröfur og verður dæmdur til að greiða skv. því:

Flugleiðum hf. kr. 9.000 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en síðan með almennum vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þ.d. til greiðsludags.

Skeljungi hf. kr. 15.500 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en síðan með almennum vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, frá þ.d. til greiðsludags.

Olíuverslun Íslands hf. kr. 8.000 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en síðan með almennum vöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

II. kafli ákæru.

Ákærði hefur hjá rannsóknarlögreglu Akureyrar og fyrir dómi viðurkennt að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. nóvember 1986 stolið veski af konu á veitingastaðnum H-100 á Akureyri, en í veskinu voru ýmsir munir auk skilríkja, vísa-korts og tékkhefta.

Veskið ásamt innihaldi hefur ekki komið fram, og kveðst ákærði hafa hent veskinu ásamt öllu innihaldi í einhverja ruslafötu í miðbæ Akureyrar. Ákærði viðurkennir að hafa rifið einn tékkann úr með það fyrir augum að nota hann til að svíkja út peninga, eins og nánar kemur fram í III. kafla ákæru.

Með viðurkenningu ákærða og stoð í sakargögnum telst þessi verknaður hans sannaður, og varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skaðabótakröfu, sem uppi var höfð vegna þjófnaðar þessa, hefur ákærði þegar greitt.

III. kafli ákæru.

Ákærði hefur hjá rannsóknarlögreglu Akureyrar og fyrir dómi viðurkennt að hafa laugardaginn 15. nóvember 1986 notað í viðskiptum í verslununinni Hagkaupum á Akureyri tékka, að upphæð kr. 11.000, og svikið þannig út fé.

Tékkinn er á eyðublaði nr. 519698 frá Sparisjóði Svarfdæla á Dalvík, en tékkann fyllti ákærði heimildarlaust út nema undirskrift útgefanda, Helgu Bjarkar, nnr. 3896-2906, en með þeirri undirskrift var tékkinn, er hann komst í hendur ákærða, við þjófnað þann, er greinir í II. kafla ákæru. Auk fjárhæðar fyllti ákærði út reikningsnúmer 186 útgáfudaginn 15.11.1986 til handhafa. Þar sem um rétta undirskrift á tékkanum var að ræða, fengu Hagkaup andvirði hans dregið út af reikningi Helgu Bjarkar hjá sparisjóðnum.

Þessi verknaður ákærða telst sannaður með stoð í viðurkenningu hans og öðrum sakargögnum og varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga. Skaðabótakröfu frá Helgu Björk Eiríksdóttur hefur ákærði samþykkt og þegar greitt.

IV. kafli ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu Akureyrar og fyrir dómi að hafa í desember 1985 notað innistæðulausan tékka, að fjárhæð kr. 500, á reikning sinn, nr. 12479, gefinn út 18. desember 1985 til handhafa á eyðublaði nr. 2539918, og að hafa þann sama dag notað tékkann í staðgreiðsluviðskiptum í versluninni Hagkaupum á Akureyri.

Með viðurkenningu ákærða og stoð í sakargögnum telst þessi verknaður hans sannaður, og varðar hann við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hefur samþykkt eftirtalda bótakröfu og verður dæmdur til að greiða samkvæmt því Hagkaupum hf. kr. 500 ásamt dómvöxtum frá 19.12.1985 til 14.4.1986, en síðan með almennum vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags.

Viðurlög.

Þar sem ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, hefur, eftir að brot þau voru framin, sem hér er fjallað um, hlotið samtals 14 mánaða óskilorðsbundið fangelsi, ber að dæma honum hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur í máli þessu gert sig sekan um brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Um skaðabótakröfur hefur verið fjallað hér að framan.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar skv. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði skaðabætur til eftirtalinna:

Flugleiðum hf. kr. 9.000 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en með almennum vöxtum frá þ.d. til greiðsludags,

Skeljungi hf. samtals kr. 15.500 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en með almennum vöxtum frá þ.d. til greiðsludags,

Olíuverslun Íslands hf. kr. 8.000 ásamt dómvöxtum frá 20.9.1986 til 14.4.1987, en með almennum vöxtum frá þ.d. til greiðsludags,

Hagkaupum, Akureyri, kr. 500 ásamt dómvöxtum frá 19.12.1985 til 14.4.1987, en síðan með almennum vöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 155/1990. **Ákæruvaldið**
gegn
Óskari Guðna Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m., sem barst Hæstarétti 10. þ.m.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Verið er að rannsaka ætluð brot varnaraðila og fleiri á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986. Rannsókn þessari er ekki lokið, en hún er mjög umfangsmikil, og ráðgert er að yfirheyra fjölmarga vegna ætlaðs þáttar varnaraðila og samprófa við hann. Nærvera hans er því nauðsynleg. Með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 8. apríl 1990.

Ár 1990, sunnudaginn 8. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.-

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík hefur undanfarnar vikur rannsakað ætlað stórfellt fíkniefnamisferli tvíburabræðranna Rúnars Ben Maitslands, kt. 230772-3989, og Davíðs Ben Maitslands, kt. 230772-5179, og margra fleiri aðila í tengslum við þá. Nefndir bræður hafa þegar í lögregluyfirheyrslum kannast

við meðhöndlun og sölu á mörgum kg af hassi og nokkrum tugum g af amfetamíni frá byrjun síðasta árs og fram í febrúar-mars á þessu ári. Þá hafa þeir nafngreint fjölda aðila sem kaupendur þessara fíkniefna, en auk þess nokkra, sem selt hafi þeim bræðrum ofangreind efni. Meðal slíkra seljenda hefur áðurnefndur Rúnar Ben nafngreint Ólaf Svan Ingimundarson, kt. 030865-5459, og talið þá bræður í fjölmörgum afhendingum samtals hafa ofangreint tímabil af Ólafi þessum keypt vægt reiknað 1 kg af hassefnum. Nefndur Rúnar kvaðst vita, að öll þessi efni væru komin frá Óskari Guðna Gunnarssyni ofangreindum, enda Ólafur Svanur marglýst því yfir. Þess utan kvaðst Rúnar Ben hafa orðið vitni að afhendingum Óskars Guðna til Ólafs Svans. Nefndi hann þar tilvik á heimili Ólafs Svans í Kópavogi seint í janúar sl., er Óskar Guðni hafi þar afhent Ólafi Svan 8 g af amfetamíni, en sá síðarnefndi þegar afhent Rúnari 7 g þar af. Einnig annað tilvik um svipað leyti, er Rúnar hafi gist um nótt á heimili Ólafs, vegna þess að þangað seinkaði komu Óskars Guðna með hassefni, sem þó hafi orðið daginn eftir.

Nefndur Rúnar hefur og borið að hafa frá Óskari Guðna móttekið að Davíð Ben viðstöddum þau 10 g af amfetamíni, sem lögregla fann og haldlagði í vistarverum þeirra bræðra þann 29. janúar sl. Þá hefur Rúnar Ben Maitsland nokkrum sinnum talið sig hafa farið í fylgd annarra að heimili Óskars Guðna að Frakkastíg 14 og þar verið keypt hassefni. Nefndur Rúnar hefur sérstaklega lýst tveimur tilvikum og í öðru hafa verið með sér í för þrjá nafngreinda aðila, en tvo í hinu.

Loks hefur Rúnar þessi hjá lögreglu borið um að hafa um síðustu verslunarmannahelgi verið við Kleifarvatn í útilegu ásamt bróður sínum og hópi kunningja að auki og þá og þar séð í fórum Óskars Guðna væna hassplötu, eða 150-160 g, og af keypt 25 g. Einnig verið almælt í sama hópi, að margir fleiri hafi sömu helgi og á þessum stað bæði keypt hassefni og amfetamín af Óskari Guðna.

Áðurnefndur Davíð Ben Maitsland kvaðst í fyrstu lögregluyfirheyrslu áætla, að þeir bræður hefðu í sameiningu og frá byrjun árs 1989 af Ólafi Svani keypt 700-1200 g af hassi, en auk þess 10-20 g af amfetamíni. Síðar bar Davíð þessi, að hassmagnið frá Ólafi Svani til þeirra bræðra hefði ekki verið undir 1500 g, og taldi sig með vissu vita, að allt ofangreint magn hefði verið frá Óskari Guðna komið, einnig, að þeir bræður hafi í nokkrum afhendingum og á heimili sínu sl. sumar keypt millilíðalaust af Óskari Guðna 20-30 g af hassi og 20-25 g af amfetamíni.

Þá lýsti Davíð þessi efnislega á sama veg og haft var eftir Rúnari Ben hér að ofan vörslum Óskars Guðna á stórri hassplötu við Kleifarvatn um sl. verslunarmannahelgi og Óskar þarna verið að selja af nefndri plötu.

Þá kvaðst Davíð þessi margoft hafa farið að heimili Óskars Guðna hér

í borg ásamt nafngreindum aðila úr Sandgerði, sem þá hafi verið að sækja hassefni til Óskars Guðna.

Áðurnefndur Ólafur Svanur Ingimundarson hefur í lögregluyfirheyrslu kannast við að hafa tímabilið 20. desember - 15. janúar sl. samtals í mörgum afhendingum af Óskari Guðna Gunnarssyni keypt 300-400 g af hassefnum og jafnan afhent Rúnari Ben Maitsland til endursölu, en aldrei þó meira en 25 g í senn, einnig í byrjun janúr sl. að heimili sínu við Álfhólsveg í Kópavogi frá Óskari Guðna móttekið 6 g af amfetamíni og að beiðni Óskars fengið það Rúnari Ben Maitsland til endursölu, enda Óskari Guðna um það kunnugt, að tvíburabræðurnir Rúnar og Davíð höfðu tekið við og selt hassefni frá Óskari Guðna.

Af hálfu lögregluyfirvalda í Reykjavík hefur með vísan til ofanritaðs verið lögð fram rökstudd krafa um, að Óskar Guðni Gunnarsson verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að 17. þessa mánaðar kl. 15.00.

Óskar Guðni Gunnarsson var vegna þessa og fyrr í dag yfirheyrður hér fyrir dómi. Taldi hann sig þá hafa skýrt efnislega rétt frá í lögregluyfirheyrslum 28. og 29. fyrra mánaðar svo og 7. þessa mánaðar með þeim leiðréttingum, sem þar komi fram, og auk þess, að hann hafi í þremur tilvikum, en ekki tveimur, mjög nærri áramótum sl. fyrir þrábeiðni Ólafs Svans Ingimundarsonar útvegað honum liðlega 10 g af hassi hverju sinni og þannig samtals mjög nærri 40 g, þess utan og við sömu tækifæri samtals 6 g af amfetamíni. Óskar Guðni kvaðst ekki hafa móttekið greiðslur í þessu sambandi, en litið svo á, að þessi viðskipti kæmu til lækkunar á 400.000 kr. peningaláni frá Ólafi Svani í júní-júlí sl.

Af hálfu réttargæslumanns Óskars Guðna er mótmælt fram kominni gæsluvarðhaldskröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík, enda ekki af gögnum málsins talið verða ráðið, að slík vistun þjóni rannsóknarhagsmunum.

Niðurstöður.

Samkvæmt ofanskráðu er verið að rannsaka ætlað stórfellt fíkniefnamisferli margra aðila. Telja verður rannsókn vel á veg komna, en jafnframt, að mikið beri í milli framburðar nokkurra aðila um veigamikil atriði. Ekki verður þó fullyrt, að samprófanir það varðandi séu að svo komnu tímabærar.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluyfirvalda í Reykjavík og ákvarða, að Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, skuli sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 þriðjudaginn 17. þessa mánaðar, en frá kl. 11.55 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, til heimilis að Vallargötu 8, Sandgerði, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 11.55 að telja þann 8. apríl 1990 og allt að kl. 15.00 þriðjudaginn 17. apríl 1990.

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 157/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Helgu Björk Einarsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 7. þ.m., sem barst Hæstarétti 10. þ.m. Krefst hún þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og henni dæmdur kærumálskostnaður.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til 5. og 6. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir verða að fallast á þá kröfu, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi, meðan mál hennar sætir frekari meðferð. Að svo komnu þykja þó ekki efni til að ákveða lengri varðhaldsvistartíma en til mánudagsins 30. apríl nk. kl. 16.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Varnaraðili, Helga Björk Einarsdóttir, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 30. apríl nk. kl. 16.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. apríl 1990.

Ár 1990, föstudaginn 6. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að kærðu, Helgu Björk Einarsdóttur verkakonu, Krummahólum 4, Reykjavík, kt. 160465-4179, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16.

maí nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Miðvikudaginn 4. apríl sl. kl. 19.06 var lögreglan í Reykjavík kvödd að Krummahólum 4, Reykjavík. Tilkynnt var um árás kærðu með hnífi. Var kærða handtekin þar og flutt í fangageymslu.

Kærandi, Kristín Árna Zóphóníasdóttir, móðir kærðu, bar í skýrslu hjá RLR, að kærða hefði eftir misklíð nokkra og stimpingar þeirra á milli náð í hníf úr eldhússkápi, reitt hann á loft og lagt hann í átt til kæranda um kl. 19.00 þann 4. apríl sl. Hafi sambýlismaður kæranda, Eyjólfur Engilbertsson, í þann mund gripið eldhússtól og náð að skýla kæranda fyrir hnífslaginu. Hann hafi síðan sagt kæranda að fara út. Kvaðst kærandi hafa séð, áður en hún fór út úr íbúðinni, að Eyjólfur náði taki á hendi kærðu.

Kærandi bar jafnframt, að kærða hefði margoft hótað henni og sambýlismanni hennar líflláti á hinn óhugnanlegasta hátt. Kvaðst hún viss um, að um alvarlegan geðsjúkdóm væri að ræða hjá kærðu.

Eyjólfur Engilbertsson bar fyrir RLR, að kærða hefði í umrætt skipti hótað honum og sambýliskonu hans líflláti á hinn versta máta. Kærða hefði seilst inn í eldhússkáp og tekið fram hníf, sem hún beindi síðan að móður sinni, er sat við eldhúsborðið. Hafði kærða jafnframt í hótunum. Kveðst Eyjólfur hafa gripið stól, og hafi kærða, eftir að Kristín var farin, ráðist að honum með hnífinn, en hann hafi náð taki á úlnlið hennar og tekist að afvopna hana. Minnstu hafi þó munað, að hnífurinn færi í læri hans.

Við yfirheyrslu hjá RLR og fyrir dómi bar kærða, að spenna hefði safnast innra með henni undanfarið. Hefði hún neytt svefnlyfja og róandi lyfja aðfaranótt miðvikudagsins sl. og fram að kvöldi þess dags.

Um kvöldið þann dag hafi komið til illinda milli hennar og móður hennar. Við yfirheyrslu hjá RLR kvaðst kærða hafa séð hnífinn og tekið hann, er hún skellti skáphurðum í eldhúsinu. Kvaðst kærða vera viss um, að ef hún héldi á hnífnum, mundi hún fá símann afhentan. Kærða neitaði að hafa beint hnífnum að móður sinni. Kvaðst kærða fyrst hafa reitt hnífinn á loft og beint honum að Eyjólfi, er hann hafi gripið eldhússtól og beint honum að sér.

Kærða hefur við meðferð málsins játað að hafa sagt, að hún mundi beita hnífnum, „ef hún fengi ekki símann". Kvaðst hún jafnframt hafa átt þess kost að stinga Eyjólf, ef hún hefði ætlað. Bar kærða, að hún hefði sjálf sleppt hnífnum.

Samkvæmt sakavottorði kærðu var hún þann 23.6.1989 dæmd í 8 mánaða fangelsi skilorðsbundið til 3 ára fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr.,

217. gr., 1. mgr. 218. gr., 233. gr. og 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Til meðferðar hjá embætti ríkissaksóknara er 1 mál á hendur kærðu, er varðar ætluð brot hennar gegn XXIII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga.

Kærðu hefur fjórum sinnum verið gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsókna kærna á hendur henni um brot gegn XII., XXIII., XV. og XXVII. kafla almennra hegningarlaga. Kærendur í málum þessum hafa allir haft afskipti af málefnum kærðu.

Tvívegis hefur kærða gengist undir rannsókn á geðheilbrigði, í febrúar 1988 og í júlí 1989. Niðurstöður beggja rannsókna eru á þann veg, að ekkert komi fram, er gefi til kynna, að kærða sé ekki fyllilega ábyrg gerða sinna. Ber athugunum saman um, að kærða sé ekki geðveik, en haldin persónuleikatruflunum. Hún sé því sakhæf.

Í síðari rannsókninni er á það bent, að kærða sé háskaleg umhverfi sínu, og að því vikið, að ekki sé líklegt, að kærða láti af ógnunum.

Brot þau, sem kærða er grunuð um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 5. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR til greina og gera kærðu að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. maí nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærða, Helga Björk Einarsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. maí nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 18. apríl 1990.

Nr. 414/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Kjartani Guðjónssyni
(Eiríkur Tómasson hrl.).

Nauðgun. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur Hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1989 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

I.

Með bréfi til ríkissaksóknara 11. janúar 1990 fór verjandi ákærða fram á, að leitað yrði umsagnar læknaráðs um álitsgerð Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis. Kvað verjandinn ástæðu fyrir beiðninni einkum vera þá, að hann teldi álitsgerð læknisins hlutdræga og vilhalla. Tilgreinir verjandinn ummæli í niðurstöðu álitsgerðarinnar, þar sem segir, „að ekki sé neitt tilefni til þess að draga í efa framburð X hvernig áverkarnir hafi tilkomið". Einnig vekur verjandinn athygli á framburði læknisins fyrir dómi um upprifinn húðflipa, sem fannst fremst í leggangaopi konunnar, þar sem hann sagði, „að slíkur áverki geti ekki verið eftir samfarir með eðlilegum aðdraganda".

Ríkissaksóknari óskaði þess af þessu tilefni, að læknirinn léti í té álit og veitti svör við athugasemdum verjandans.

Í bréfi til ríkissaksóknara 19. febrúar 1990 segir læknirinn m.a.: „Nauðgun er ekki sjúkdómsgreining, heldur úrskurður dómstóls. Undirrituðum var falið að gefa hlutlægt vottorð sem notast mætti sem sönnunargagn í hugsanlegu dómsmáli, að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins. Þetta felur í sér lýsingu á andlegu ástandi konunnar, almennu útliti konunnar þar með hvers konar augljósum áverkum, en þó einkum merki um sköddun á kynfærum og gefa

um það skýrslu. ... Niðurstaða mín er sú að í skoðun finni ég ekkert sem stangist á við frásögn aðila. Í niðurstöðu minni er hins vegar ekkert eigið mat lagt á það hvort frásögn aðila sé rétt eða röng né um það hvernig áverkarnir hafi til orðið í reynd. Rétt er að ítreka það að undirritaður hefur einungis annan aðilann að ræða við og skoða og hefur enga hugmynd um hinn aðilann/aðilana og hefur þar af leiðandi ekkert tilefni né ástæðu til þess að vera hlutdrægur.“

Eftir að ofangreint bréf lá fyrir, varð samkomulag milli sækjanda og verjanda um að flytja málið fyrir Hæstarétti, án þess að leitað yrði umsagnar læknaráðs.

II.

Aðfaranótt 16. apríl 1988 fóru ákærði og X saman af veitingastað í miðborg Reykjavíkur og að H, þar sem ákærði hafði herbergi á leigu. Bar ákærði fyrir dómi, að fyrir sér hefði vakað að komast yfir stúlkuna. Þeim ber saman um, að þau hafi, eftir að komið var heim til ákærða, látið vel hvort að öðru. Ljóst er og af frásögn beggja, að til þess dró, að átök urðu með þeim. Mikið ber hins vegar á milli í skýrslum þeirra um það, hvenær átök hófust. Stúlkan segir, að ákærði hafi beitt hana ofbeldi til að komast yfir hana, eftir að hún tjáði honum, að hún vildi ekki eiga við hann samfarir. Ákærði segir hins vegar, að þau hafi byrjað samfarir með fullum vilja stúlkunnar, en hún hafi síðan viljað hætta eftir skamma stund. Hafi hann látið að vilja hennar, en verið mjög misboðið, og þá hafist orðasenna og síðan átök í framhaldi af því. Bæði hafa verið stöðug í framburði sínum allt frá upphafi.

Í frumskýrslu lögreglumannsins Haralds Ólasonar, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, segir m.a. svo: „X var illa á sig komin þegar við hittum hana fyrst í miklu sjokki og gat vart talað fyrir ekka, föt hennar aflaga og sokkabuxur hennar rifnar á hnjám og kenndi hana (sic) til á ýmsum stöðum um líkamann.“ Kærði stúlkan ákærða þá þegar fyrir nauðgun. Rannsóknarlögreglumaðurinn Guðmundur Gígja, sem yfirheyrði stúlkuna kl. 5.20 umræddan morgun, gerði sérstaka upplýsingaskýrslu um ástand hennar. Efni skýrslunnar er rakið í héraðsdómi. Segir þar m.a., að andlegt ástand stúlkunnar hafi verið mjög slæmt, og sé „þá haft til viðmiðunar ástand kærenda í samskonar málum“. Hér hefur þó einkum þýðingu vottorð kvensjúkdómalæknis þess, er skoðaði stúlkuna þegar

sama morgun. Greinir hann þar m.a. svo frá, að fremst í leggangaopi hafi verið upprifinn húðflipi, sennilega 0,5 cm langur, sem blæddi frá við snertingu. Þá hafi verið verulegur roði í inngangi legganga (introitus). Í niðurstöðu sinni segir læknirinn, að við kvensjúkdómaskoðun hafi sést áverkar, „sem ekki samrýmast neinu nema kynferðislegri misbeitingu, jafnvel nauðgun...“. Þegar læknirinn kom fyrir dóm og staðfesti vottorð sitt, var hann spurður um fyrrgreindan áverka, þ.e. upprifinn húðflipa í kynfærum konunnar. Kvað hann slíkan áverka ekki geta verið eftir samfarir með eðlilegum aðdraganda.

Hér ber einnig að líta til annarra áverka á stúlkunni og þeirra áverka, sem ákærði bar sjálfur eftir þessa atburði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að leggja frásögn stúlkunnar til grundvallar og telja sannað í málinu, að ákærði hafi með líkamlegu ofbeldi þröngvað henni til holdlegs samræðis greint sinn og þannig gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Rétt þykir að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð miskabóta til X. Vaxtaákvæði héraðsdóms er ekki í samræmi við kröfugerð tjónþola. Fyrir Hæstarétti var vaxtaákvæði héraðsdóms ekki mótmælt. Eftir atvikum ákvarðast vextir eins og í dómsorði greinir.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, og einnig verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Guðjónsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði X 300.000 krónur í miskabætur með almennum sparisjóðsvöxtum frá 16. apríl 1988 til 14. júní 1989, sbr. auglýsingar Seðlabanka Íslands, en með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun

til skipaðs verjanda síns, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. september 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 7. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 406/1989: Ákæruvaldið gegn Kjartani Guðjónssyni, sem dómtekið var 1. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. apríl 1989, á hendur ákærða, Kjartani Guðjónssyni, Sigtúni 21 í Reykjavík, fæddum 2. febrúar 1965, með kennitölu 020265-5079, „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. apríl 1988 með ofbeldi þröngvað stúlkunni X, fæddri [...] 1964, til holdlegs samræðis að þáverandi dvalarstað sínum að Túngötu 8 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Um kl. hálffimm laugardagsmorguninn 16. apríl 1988 sáu lögreglumenn, sem óku niður Túngötu, til manns og konu á götunni. Þegar þeir nálguðust fólkið, hljóp maðurinn inn í húsagarðinn nr. 8 við Túngötu, en konan, X, fædd [...] 1964, gaf sig fram við lögregluna og sagði, að maðurinn hefði nauðgað sér í kjallaraherbergi hússins nr. 8. Var stúlkan mjög miður sín og grátandi og föt hennar aflöguð. Lögreglumennirnir kölluðu á liðsauka, og var maðurinn handtekinn á Öldugötu og færður á lögreglustöðina. Reyndist það vera ákærði í máli þessu.

X gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins strax kl. 5.20 þennan morgun. Að sögn Guðmundar Gígju rannsóknarlögreglumanns, sem annaðist skýrslutökuna, var stúlkan „í mjög slæmu andlegu ástandi, og er þá haft til viðmiðunar ástand kærenda í sams konar málum. Ekki voru merkjanleg nein áfengisáhrif á kærandanum en sýnilegt að hann hafði orðið fyrir áfalli, sem erfitt var að komast yfir. Það lýsti sér í grátköstum, blönduðum reiði og þunglyndi. Þetta gerði það að verkum að erfitt var að skrá skýra kæru, sem væri í föstu samhengi, og útilokað reyndist að fara út í nákvæm smáatriði."

Vitnið X skýrði frá því, að hún hefði kynnst ákærða í veitingastaðnum Lækjartungli. Kvað hún vinkonur sínar hafa kynnt þau. Að dansleik þar loknum hefði verið talað um að fara í samkvæmi upp í Grafarvog. Fyrst hefði talast til með vitninu og ákærða að fara heim til hans í Túngötu

til að sækja áfengi. Á leiðinni þangað hefðu þau spjallað saman. Eftir að inn var komið, hefði hún farið úr kápunni, en ákærði úr jakkanum. Hefðu þau eitthvað spjallað saman og síðan sest á rúm ákærða og farið að kyssast, þar sem þau sátu saman á rúminu. Vitnið kvaðst ekki hafa viljað láta þetta ganga lengra og telur, að hún hafi ekki leyft honum að fara höndum um sig innan klæða. Þegar ákærði fór að gerast ágengur, hefði vitnið sagt honum, að hún vildi ekki hafa við hann mök, þar sem hún hefði gengist undir móðurlífsskurð 6 vikum áður. Ákærði hefði þá tryllst og ráðist á hana og kallað hana öllum illum nöfnum, „hóru" og „dræsu", og slegið hana í andlitið og haldið henni fastri. Hann hefði dregið niður um hana sokkabuxur og nærbuxurnar að einhverju leyti. Vitnið kvaðst hafa brotist um og veitt mótspyrnu eftir megni. Einnig hefði hún hljóðað og kallað á hjálp. Ákærði hefði klætt hana úr jakka og brjóstahöldum, en pilsið hefði verið uppi um hana. Kvað vitnið þetta allt hafa farið fram í rúmi ákærða. Vitnið kveðst muna eftir því, að ákærði hefði farið úr að ofan, en man ekki a.ö.l., hvort eða hvernig hann fækkaði fötum. Ákærði hefði síðan komið lim sínum inn í leggöng hennar, og kveðst vitnið hafa fundið til í móðurlífinu, á meðan á samræðinu stóð, vegna skurðaðgerðarinnar. Vitnið kvað ákærða hafa viðhaft samræðishreyfingar stutta stund. Hann hefði svo hætt, í og með að því að vitnið taldi, vegna mótspyrnu hennar, en einnig megi vera, að hann hefði séð að sér, enda hefði virst brá af honum annað slagið, meðan á átökum stóð. Kvað vitnið hann hafa virst vera eins og trylltur, meðan á þessu gekk. Þegar ákærði var hættur, kvaðst vitnið hafa sagt honum, að hún myndi kæra hann. Hann hefði þá tekið fyrir kverkar henni og kallað hana druslu og sagt, að hún kæmist aldrei upp með það, því að hann myndi drepa hana og enginn kæmist að þessu. Hefði hann margsinnis löðrungað hana og slegið hana með einhverju, sem líktist svipu. Ákærði virtist loks sefast, og kvaðst konan þá hafa getað klætt sig. Hefði hann leyft henni að fara út með því skilyrði, að hún segði engum frá þessu. Eftir að þau voru komin út, kvaðst vitnið hafa sagt eitthvað við ákærða, sem hefði reiðst við það og hrint henni utan í steinsteyputröppur, sem eru á húsinu. Vitnið kvaðst svo hafa séð bifreið, sem kom niður Túngötuna, og hafi hún hrópað upp, að þarna væri lögregla, en ákærði hefði þá tekið til fótanna og horfið í aðra átt.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði verið að skemmta sér í veitingahúsinu Lækjartungli við Lækjargötu og hitt þar X, sem var þar með vinkonu sinni. Ákærði kvaðst hafa hitt stúlkuna aftur fyrir utan skemmtistaðinn eftir dansleikinn, og kvaðst hann hafa verið orðinn talsvert ölvaður. Hann hefði boðið stúlkunni heim til sín upp í Túngötu. Ekki kvaðst hann geta sagt, hvort stúlkan hefði verið ölvuð, en eitthvað hefði hún þó verið búin að drekka. Eftir að þau voru komin heim til ákærða, um kl. 3.20 til 3.30,

hefðu þau strax farið að kyssast, og kvaðst ákærði hafa byrjað að klæða hana úr fötunum. Stúlkan hefði eitthvað virst treg í fyrstu, en hún hefði þó farið úr jakkanum og pilsinu, og e.t.v. hefði hann sjálfur hjálpað henni úr sokkabuxunum. Ákærði kvaðst sjálfur hafa tekið af henni brjóstahaldarann. Ákærði kvaðst hafa byrjað að klæða hana úr nærbuxunum og hún lokið við það. Ákærði kvaðst hafa klætt sig úr sjálfur, á meðan á þessu gekk, og hefðu þau látið vel hvort að öðru á meðan. Hefði hann farið höndum um stúlkuna og strokið á henni kynfærin. Stúlkan hefði ekkert minnst á leghálsaðgerð við sig. Á meðan á þessu stóð, hefðu þau legið út af í rúmi hans. Síðan hefðu þau hafið samfarir, og hefði það verið mótþróalaust af hálfu stúlkunnar. Hefði limur hans runnið auðveldlega inn, enda hafi sköp stúlkunnar verið orðin „blaut". Þegar samfarirnar höfðu staðið stutta stund, hefði stúlkan sagt: „Ekki, Kjartan," og viljað hætta samförunum. Ákærði kvaðst hafa reynt að telja um fyrir stúlkunni og haldið samförunum áfram í örfáar sekúndur, en stúlkan hefði þá ýtt honum ofan af sér. Ákærði segir, að sér hefði verið misboðið með þessu, og hefði hann klætt sig í buxurnar og farið að kalla stúlkuna öllum illum nöfnum, þar á meðal hóru, og sagt henni að koma sér út. Hefði hann snúið í hana baki um stund, og hefði stúlkan þá ráðist á hann og klórað hann á bakinu. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann löðrungaði stúlkuna þá eða hvenær hann gerði það, en telur, að hann hafi e.t.v. löðrungað stúlkuna fjórum sinnum. Stúlkan hefði strax klætt sig í brjóstahaldara og nærbuxur, en eitthvað hefði dregist, að hún klæddi sig í annað, e.t.v. vegna þess, að hún hafi ekki fundið fötin. Stúlkan hefði þó farið í föt sín, og taldi ákærði, að á meðan á þessu stóð, hefðu orðið einhver handalögmál milli þeirra. Kvaðst hann hafa snúið upp á handleggina á stúlkunni, en stúlkan hefði m.a. slegið til hans, og hefði hann þá snúið hana niður og lagt hana á rúm sitt og sagt henni að vera góð og koma sér út. Stúlkan hefði eitthvað róast og sagt við ákærða að vera ekki svona brjálaður. Þau hefðu svo bæði farið út, enda kvaðst ákærði sjálfur hafa ætlað niður í bæ. Ákærði kvað það hugsanlegt, að hann hefði eitthvað ýtt henni út. Eftir að út var komið, hefðu orðið einhverjar stimpingar með þeim, en einnig hefði það komið til tals með þeim að finna leigubíl handa stúlkunni. Ákærði kvaðst hafa farið út á miðja Túngötuna til að veifa þar leigubíl. Kvaðst ákærði vera viss um, að engin handalögmál voru með þeim, eftir að út úr garðinum var komið. Bifreið hefði borið þarna að og hafi það reynst vera lögreglubifreið. Hefði stúlkan staðið að baki sér og verið að hrópa á hjálp. Ákærði kvaðst almennt vera hræddur við lögregluna, og hefði hann því flýtt sér inn í garðinn aftur og farið yfir garðsvegginn hinum megin, en verið handtekinn nokkru seinna á Öldugötu, að hann taldi. Ákærði kvaðst ekki hafa slegið stúlkuna með svipu, en kannast við að hafa tekið belti af slá

og slegið með því í rúmið. Ákærði kannaðist ekki við að hafa hótað stúlkunni neinu nema þá í mesta lagi í því skyni að reka hana út.

Ákærði kvaðst ekki geta skýrt áverka, sem fundust á kynfærum stúlkunnar, sbr. hér á eftir, og sagði aðra áverka á henni hljóta að hafa orðið í átökunum, eftir að samförunum lauk.

X kom til Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis kl. 8 að morgni 16. apríl. Í vottorði læknisins segir svo:

„X er þroskaþjálfanemi, býr hjá móður sinni, er í hálfföstu sambandi við pilt, sem er í 4 mánaða skátaferðalagi erlendis. Hún hefur aldrei orðið ófrísk og er nú ekki á neinum getnaðarvörnum. Þar til viðbótar eru rétt 6 vikur liðnar frá því að hún kom af sjúkrahúsi vegna leghálsaðgerðar vegna forstigsbreytinga krabbameins. Hún hefur því margar ástæður fyrir því að á engan hátt hafa ætlað (sic) eða langað til samfara, fyrir utan það að hún hafði engan hug til slíks.

Viðtalið fer fram kl. 8.00 þann 16. apríl. X er í fyrstu alveg skelfingu lostin, hún brestur hvað eftir annað í grát og á mjög erfitt uppdráttar. Hún róast er á viðtalið líður. Hún gefur mjög greinargóð svör, og með tilliti til atburðarins sitja atvik óvenjuvel skýr fyrir hjá henni. Það er vínlykt af X, enda haft áfengi um hönd, en hún er ekki drukkin, hvorki í athöfnum né orði.

Aðspurð segist hún vera aum og illt víða í skrokknum. Hana sviði í leggöngin og það blæði af sér (sic). Þar að auki illt í báðum fótum, olnbogum, enda hafi maðurinn verið í því (sic) að henda sér til og gefið sér ótrúlega oft utan undir, og ef hún streittist of kröftuglega á móti löðrungaði hann hana með svipunni og danglaði í hana alla.

Skoðun: X er alsett smámarblettum og skrámum. Allt þó léttir yfirborðsáverkar nema djúpur marblettur innanvert á vinstri upphandlegg líkt og eftir fast tak e.t.v. með gómi þumalfingurs. 2 x 4 cm fleiður yfir hægra viðbeini, 4 x 4 cm afrifa og hrúðruð fleiðurskráma á hægra hné (gerst utan dyra). Þá er hún bólgin á báðum kjálkaberðum og húðhrufl á vinstra. Bólga að koma í ljós á hægra kinnbeini. Yfir vinstra herðablaði er 4 x 2 cm upphleypt bólga, önnur á vinstri rasskinn og enn önnur 4 x 4 aftan á vinstri hnésbót. Allveruleg bólga og mar innanvert og ofan vinstra ökkla (ofan malleolus med dext) svo og ofan vinstra olnboga og innanvert á hægri olnboga. 2x2 cm mar aftan á hálsi ofarlega. Auk ofannefnds eru (sic) fjöldi smá bólgubletta og skrámna einkum á framhandleggjum, báðum, þó meira á hægri. Bólgumar ofan hægra brjósts og innanvert við nára á hægra læri.

Föt: Nærbuxur X eru rifnar í klofið og blóðugar, og sokkarbuxur rifnar og tættar á hægra fæti, svarandi til áverka á hné.

Kvensjúkdómaskoðun: Fremst í leggangaopi er upprifinn húðflipi, sennilega 0,5 cm langur og blæðir frá við snertingu. Að auki er verulegur roði

í inngangi legganga (introitus). Við skoðun í leggöng, sést eðlilegur legháls með tilliti til eftirtíma frá aðgerð. Það er svolítið blóðlitað slím (að öllum líkindum komið frá leghálsi við verknaðinn) í leggöngum, en líkist ekki sæðisblönduðu slími. Vert er að geta þess að vika er í það að X eigi að hafa á klæðum. Tekið var sýni fyrir sæðisfrumuleit, en engar (sic) fundust.

Niðurstaða.

X hélt eftir dansleik heim með geðugum ungum manni að því hún hélt til að ná í eitthvað áður en þau færu í partý. Þar umturnast maðurinn er hún vill ekki þýðast hann. Kallar hana illum nöfnum, og valdbeitir (sic) hana, bæði andlega og líkamlega. Löðrungar hana trekk í trekk (sic), hrindir og pústrar og jafnvel dregur fram svipu, sem hann slær hana með ef honum finnst hún berjist of á móti. X er vitstola af skelfingu og verst sem hún þorir, en hann hefur í fullu tré við hana og tekst að nauðga henni, en hefur þó ekki haft sáðlát.

X ber öll ytri merki þess að hún segi satt, og við kvensjúkdómaskoðun sjást áverkar sem ekki samrýmast neinu nema kynferðislegri misbeitingu, jafnvel nauðgun, eins og X heldur fram og vill kæra. Eins og hún segir: „til þess að hjálpa manninum og forða öðrum frá að lenda í honum". Niðurstaða skoðunar er sú að ekki sé neitt tilefni til þess að draga í efa framburð X hvernig áverkarnir hafi tilkomið."

Læknirinn hefur hér fyrir dómi skýrt frá því, að greinileg hafi verið ummerki eftir leghálsaðgerð hjá X. Sárið hafi ekki verið að fullu gróið, en slík sár séu um 6 vikur að gróa að fullu. Um upprifinn húðflipa á kynfærum konunnar sagði læknirinn, að slíkur áverki gæti ekki verið eftir samfarir með eðlilegum aðdraganda. Þá sagði hann, að leghálsaðgerðin kæmi ekki í veg fyrir samfarir út af fyrir sig og ylli ekki sársauka nema við djúpan „coitus". Aftur á móti fylgi slíkri aðgerð mikil útferð blóðs og slíms, og konur veigri sér af þeim sökum oft við samförum eftir slíkar aðgerðir. Taldi vitnið þó, að blóðið í leggöngum X hefði frekar borið vitni um komandi tíðablæðingar, en ekki væri hægt að fullyrða, hvort blóðið væri tíðablóð eða komið úr skurðsárinu á leghálsinum sjálfum. Væri því ofsagt um það atriði í vottorðinu. Vitnið taldi líklegt, að blóðið í klofbótinni á nærbuxunum væri komið úr húðflipanum, enda hafði blætt úr honum við snertingu. Vitnið kvaðst ekki geta borið um, hvort stúlkan hefði verið í buxunum ranghverfum eða ekki.

Vitnið kvað leghálsaðgerðir af þessu tagi vera gerðar með leysigeisla, sem brenni í sundur taugar og valdi tilfinningaleysi í allt að 6 mánuði. Sé konum ráðlagt að hafa ekki samfarir í einn mánuð eftir slíkar leghálsaðgerðir. Vitnið kvað áverka á konunni hafa alla verið nýlega, í hæsta lagi tveggja sólarhringa, en líklegast innan við sólarhringsgamla. Áverkinn í legganga-

opi hafi verið mjög nýlegur og hljóti að hafa valdið stúlkunni miklum sársauka.

Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður skoðaði fatnað X. Samkvæmt lýsingu hans hafði mittisteygja í nærbuxum losnað frá flíkinni á nokkrum stöðum. Teygja um vinstra læri hafði einnig losnað frá og var auk þess slitin sundur við mjöðm og þar rifið upp í flíkina. Klofbót var að mestu rifin úr buxunum. Taldi rannsóknarlögreglumaðurinn þessi ummerki dæmigerð fyrir það, þegar flíkur séu teygðar af afli, þar til þær slitni. Blóð hefði verið í klofi að utanverðu, sem benti til þess, að stúlkan hafi gengið í buxunum ranghverfum, meðan henni blæddi. Á sokkabuxum hennar var 5 x 5 cm gat á vinstra hné og lykkjuföll upp frá því. Taldi lögreglumaðurinn það geta stafað af því, að stúlkan hefði dottið á hnéð.

Ákærði hefur skýrt ummerkin á nærbuxunum á þann veg, að hann hafi rifið í þær, eftir að X var komin í þær, og sagt: „Viltu, að ég rífi nærbuxurnar þínar?" Ekki hefði þetta verið gert í neinum kynferðislegum tilgangi, heldur bara til þess að herða á því, að hún færi.

Ljósmyndir voru teknar af áverkum á X og ákærða og af fötum hennar. Á ljósmyndum af stúlkunni má sjá marbletti á vinstra læri og hægri kálfa stúlkunnar. Á myndum af ákærða sjást rispur á baki, bringu, kvið og handlegg, sem gætu verið eftir neglur. Þá voru teknar myndir af herbergi ákærða 16. apríl 1988, í kjallaranum að öðru leyti og húsinu og húsagarði. Í málinu eru auk þess grunnteikning rannsóknarlögreglu af kjallaranum og riss Stefáns Benediktssonar, þjóðgarðsvarðar og arkítekts, sem býr í næsta herbergi við ákærða ásamt konu sinni, Birnu Björgu Berndsen. Af teikningunum og frásögn þeirra hjóna kemur fram, að þykkur steinveggur sé á milli herbergjanna, sem bæði snúa út að Túngötu. Að sögn þeirra hjóna verði að hrópa fullum hálsi, til þess að heyrist á milli herbergjanna. Mikill umferðargnýr berist inn af götunni. Stigi er niður í kjallarann við miðbik hússins, og eru dyr inn til ákærða. Að herbergi Stefáns og Birnu verður að fara um geymslugang og tvennar dyr. Kveður Stefán vera erfitt að loka dyrunum, og munu þær af þeim sökum hafa verið í hálfa gátt um nóttina. Að sögn þeirra hjóna komu þau heim um kl. 3 þessa nótt eftir nokkra áfengisneyslu. Hefðu þau sofið fast fram á morguninn og einskis orðið vör.

Ásta Kristín Kristjánsdóttir, móðir Birnu Bjargar, var vakandi í svefnherbergi sínu á efri hæð hússins. Kvaðst hún hafa orðið vör við, þegar þau Stefán komu heim. Hefði hún heyrt kjökur og talið, að það væri í Birnu Björgu. Eins taldi hún, að hún hefði heyrt ákærða segja halló. Sagðist vitnið þó ekki treysta sér til þess að fullyrða, að hana hafi ekki dreymt þetta hvort tveggja, en annað hefði hún ekki heyrt. Vitnið kvað tvö timburgólf vera á milli herbergis síns og kjallarans. Hljóðbært sé í húsinu og hún sofi laust.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins var fengin til þess að mæla annars vegar hljóðburð á milli herbergis ákærða og herbergis þeirra Stefáns Benediktssonar og Birnu Bjargar Berndsen og hins vegar milli herbergis ákærða og risherbergis Ástu Kristínar Kristjánsdóttur. Í stuttu máli sagt var niðurstaða mælinganna sú, að hróp ættu að heyrast á milli kjallaraherbergjanna, en ekki upp í risið. Þessi niðurstaða væri þó ekki einhlít, því að styrkur hrópsins og tíðnisamsetning þess skiptu máli svo og styrkur annars hávaða, sem gæti yfirgnæft hrópið.

Gerð var leit í íbúðarherbergi ákærða 2. júní 1988, og fannst þá engin svipan. Aftur á móti má sjá á ljósmyndum, sem áður er getið, að tvær mittisólar með sylgjum hanga við herbergisdyr ákærða.

Niðurstaða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft samræði við X, en algerlega neitað að hafa þröngvað henni til þess. Frásögn hans er um margt ótrúverðug og rekst á frásögn X um veigamikil atriði. Frásögn X hefur aftur á móti í öllum aðalatriðum verið sjálfri sér samkvæm og hefur stuðning af vitnisburði annarra, áverkum á henni sjálfri og á ákærða og ummerkjum á fatnaði. Þá gerir það frásögn vitnisins trúlega, að hún hafði nýlega gengist undir móðurlífsskurð. Verður með þessu að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi þröngvað X til holdlegs samræðis í íbúðarherbergi sínu í Túngötu 8 laugardagsnóttina 16. apríl 1988 og þannig gerst brotlegur við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu X hefur þess verið krafist með skírskotun til 264. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði greiði henni 300.000 krónur í miskabætur ásamt almennum sparisjóðsvöxtum frá 16. apríl 1988 til greiðsludags. Þegar höfð eru í huga öll atvik og sérstaklega nýlegur móðurlífsskurður stúlkunnar, þykir mega taka kröfuna að fullu til greina og dæma ákærða til þess að greiða henni þessa fjárhæð ásamt almennum vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Ákærða hefur ekki verið refsað áður, en árið 1980 var ákæru frestað skilorðsbundið á hendur honum fyrir eignaspjöll. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða fébætur eins og að framan greinir.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 65.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 65.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Guðjónsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði X 300.000 krónur í miskabætur ásamt almennum

vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 16. apríl 1988 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 65.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 65.000 krónur.

Föstudaginn 20. apríl 1990.

Nr. 165/1990. **Ákæruvaldið**
gegn
Davíð Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 15. þ.m., sem barst Hæstarétti 18. þ.m.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1990.

Ár 1990, sunnudaginn 15. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Davíð Garðarssyni, kt. 160869-5399, til lögheimilis að Stigahlíð 18, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 26. apríl nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. og 155. og/eða 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kl. 14.40 í gærdag handtók RLR kærða í flugstöð Leifs Eiríkssonar, er hann kom úr 9 daga keppnisferð frá Amsterdam. Tilefni handtökunnar var rannsókn RLR á innbroti í Stúdíó Jónínu og Ágústu, Skeifunni 7, Reykjavík, aðfaranótt 3. apríl sl., en þar var stolið peningum, tékkum og greiðslukortanótum, að fjárhæð rúmlega 80.000 krónur, auk myndbandstækis og fleira. Meðal þeirra tékka, sem hurfu í innbrotinu, er tékki nr. 011326 á reikning nr. 9558 frá útibúi Landsbanka Íslands í Mjódd, að fjárhæð kr. 17.680. Kærði hefur viðurkennt að hafa reynt að framselja tékka þennan

síðar sama dag í ofangreindu útibúi og kveðst hafa fundið tékkann á göngustíg í Mjóddinni. Kærði kveður Ólaf Má Jóhannesson geta staðfest þennan framburð, en við skýrslutöku nú í morgun kvaðst Ólafur ekki geta borið um það, hvort kærði hafi fundið tékkann, svo sem hann hefur greint frá, en staðfesti, að hann hafi verið með kærða í Mjóddinni umræddan dag.

Kærði hefur einnig borið, að kærasta hans, Magnea Kristín Ómarsdóttir, og fjölskylda hennar geti staðfest, að hann hafi verið heima hjá þeim að Ferjubakka 2 aðfaranótt 3. apríl sl. og hafi því ekki getað framið innbrotið.

Í gæsluvarðhaldskröfu RLR er auk framangreinds máls vísað í fjögur önnur mál kröfunni til stuðnings, en kærði hefur margneitað aðild sinni að þeim málum, sem varða þjófnað úr bifreiðum og skjalafals, en áður hefur verið krafist gæsluvarðhalds á hendur kærða fyrir aðild að þessum brotum, en kröfunni synjað hinn 21. febrúar sl. með vísan til þess, að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 væru ekki fyrir hendi. Af gögnum málsins verður ekki séð, að mál þessi hafi sætt frekari rannsókn, þannig að veitt hafi nýjar vísbendingar um sök kærða, og hefur t.d. ekki verið aflað rithandarsýnishorna frá kærða, þrátt fyrir það að grunur leiki á því, að hann hafi framselt allmarga tékka, sem liggja frammi í málinu. Verður því ekki fallist á það, að kærði verði nú úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar umræddra fjögurra mála, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að hann geti nú torveldað rannsókn þeirra. Hins vegar þykir nauðsynlegt, að kærði verði hafður í haldi, meðan frumrannsókn stendur yfir í RLR-máli nr. 1358/90, þar sem rökstuddur grunur leikur á aðild kærða að því innbroti og á meðal annars eftir að taka skýrslur af því fólki, sem kærði kveður geta gefið sér fjarvistarsönnun. Samkvæmt þessu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 er krafa RLR tekin til greina, og þykja ekki efni til að marka gæsluvarðhaldinu styttri tíma en krafist er.

Úrskurðarorð:

Kærði, Davíð Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 26. apríl nk. kl. 16.00.

Fimmtudaginn 26. apríl 1990.

Nr. 197/1988. **Hf. Eimskipafélag Íslands**
(Ásgeir Thoroddsen hdl.)
og
A.P. Möller A/S D/S Svendborg &
D/S 1912 A/S
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Taisho Marine & Fire Insurance Company Ltd.
(Guðmundur Jónsson hdl.).

Farmflutningur. Farmskírteini. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari, Sigurður Líndal prófessor og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandinn Hf. Eimskipafélag Íslands skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1988. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn A.P. Möller A/S D/S Svendborg & D/S 1912 A/S skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1988. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að mál þetta skuli dæmt eftir íslenskum lögum. Samkvæmt 1. mgr. 118. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er eigi heimilt með samningi að víkja frá ákvæðum 68.-73. gr. laganna til tjóns fyrir vörusendanda, farmsamningshafa eða viðtakanda, þegar beita skal íslenskum rétti samkvæmt 119. gr. laganna.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Misritast hefur dagsetning á skoðun vörusendingar þeirrar, sem mál þetta snýst um. Hún fór fram í Tókýó 21. nóvember 1985.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Hf. Eimskipafélag Íslands og A.P. Möller A/S D/S Svendborg & D/S 1912 A/S, greiði óskipt stefnda, Taisho Marine & Fire Insurance Company Ltd., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Hákoni Árnasyni hrl. f.h. Taisho Marine & Fire Insurance Company Ltd., Tókýó, Japan, gegn Eimskipafélagi Íslands hf., Pósthússtræti 2, Reykjavík, og A.P. Möller A/S D/S Svendborg og D/S 1912 A/S, Esplanaden 50, 1098 Kaupmannahöfn, Danmörku, með stefnu, þingfestri 10. febrúar 1987.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði að óskiptu dæmdir til að greiða honum japönsk jen 2.377.053, með 12% ársvöxtum frá 8. janúar 1986 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Eimskipafélags Íslands hf. eru þær aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, ef rétturinn kemst að þeirri niðurstöðu, að um bótaskyldu sé að ræða, verði hin stefndu félög dæmd pro rata miðað við vegalengd eða tíma, sbr. 171. gr. laga 34/1985. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. taxta LMFÍ.

Dómkröfur stefnda A.P. Möllers eru þær aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, ef rétturinn kemst að þeirri niðurstöðu, að um bótaskyldu sé að ræða, verði stærsti hluti sakar felldur á meðstefnda, Eimskipafélag Íslands hf. Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ í báðum tilvikum.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að haustið 1985 hafi stefndi Eimskipafélag Íslands hf. tekið að sér flutninga á 1234 kössum (cartons) af hráfrystri

rækju frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í Reykjavík til firmans Schooner & Co. Ltd. í Tókýó. Hafi rækjan verið ætluð sem hráfæði í matrétt Japana, SHASHIMI. Flutningstryggði Schooner & Co. Ltd. rækjuna hjá stefnanda, Taisho Marine & Fire Insurance Company Ltd., fyrir jen 25.933.000. Eimskipafélag Íslands hf. hafi gefið þann 2. október 1985 út farmskírteini fyrir flutningi rækjunnar alla leið til Tókýó, en rækjan hafi verið flutt frá Reykjavík til Hamborgar með skipi Eimskipafélagsins, ms. Álafossi, og þaðan til Tókýó með skipinu Anders Maersk, en útgerðaraðili þess og eigandi sé A.P. Möller A/S D/S Svendborg og D/S 1912 A/S, Kaupmannahöfn. P. & I-trygging vegna beggja skipanna sé hjá West of England. Rækjan hafi verið flutt í kæligámi nr. MAEU-501 006-1. Hafi Eimskipafélag Íslands hf. lagt gáminn til flutningsins og hafi annast hleðslu hans. Anders Maersk hafi komið til Tókýó 13. nóvember 1985. Gáminum hafi verið skipað upp samdægurs og fluttur í kæligeymslu hjá fyrirtækinu Toyomi Tohichi Reizo k.k. Er gámurinn hafi verið opnaður 20. nóvember, hafi komið í ljós, að skemmdir hafi orðið á rækjunni. Hafi rækjan verið skoðuð samdægurs af hinu löggilta skoðunarfirma, Shin Nikon Kentei Kyokoai, að beiðni móttakanda. Hafi rækjan reynst vera uppþornuð, samklesst og aflituð og hafði rýrnað verulega að gæðum. Rækjan hafi verið metin til lakari gæðaflokks, og hafi matsmenn talið tjónið svara 8,94% af heildarverðmæti rækjunnar, eða jena 2.314.653, auk skoðunarkostnaðar jena 62.400. Hafi niðurstaða skoðunarmanna verið sú, að tjónið hefði orsakast af „lækkun" hitastigs og af hitastigssveiflum í gáminum frá ÷4°F (20°C) til +10°F (12,2°C), svo sem síriti gámsins hafi sýnt, en það hafi bersýnilega stafað af því, að kælibúnaður gámsins hafi starfað óeðlilega. Hafi stefnandi sem vátryggjandi rækjunnar bætt tjónið ásamt skoðunarkostnaði, og nemi bæturnar stefnufjárhæðinni. Hafi stefndu ekki fengist til að endurgreiða tjónið, og því sé nauðsynlegt að fá dóm um bótaábyrgð þeirra.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndu beri óskipta bótaábyrgð á tjóninu sem farmflytjendur skv. 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og skv. Haag-reglunum og Haag- Visby-reglunum, sbr. 1. gr. farmskírteinisins. Stefndu hafi sönnunarbyrði um, að þeir beri ekki ábyrgð á tjóninu, en það sé ósannað, og ekki verði með vissu ráðið, að tjónið hafi frekar orðið á einum hluta leiðarinnar en öðrum. Hins vegar sýni síriti gámsins, að kælingu hans hafi verið ábótavant á leiðinni og að búnaðurinn starfaði óeðlilega, er bendi til ólags á kælibúnaðinum eða leka í kælikerfinu. Hafi stefndu vanrækt við upphaf ferðar og meðan á ferð stóð að sjá til þess, að kælibúnaður gámsins starfaði eðlilega og hitastig héldist rétt, en umbúðir rækjunnar í gáminum hafi verið fullnægjandi og ekkert, sem bendi til þess, að tjónið megi rekja til eðliseiginleika rækjunnar sjálfrar eða annarra

atvika, er farmflytjandi beri ekki ábyrgð á. Fyrir liggi, að nægilegt frost hafi verið á rækjunni fyrir og eftir flutning og kæling fullnægjandi áður og eftir flutning hennar með skipum stefndu. Samkvæmt lögum og farmskírteini beri stefndi Eimskipafélag Íslands hf. ábyrgð á rækjunni í flutningi hennar alla leiðina frá Reykjavík til Tókýó, en stefndi A.P. Möller A/S D/S Svendborg D/S 1912 A/S ásamt Eimskip frá Hamborg til Tókýó. Eigi bótaundanþágur laga svo og undanþáguákvæði í farmskírteini að því leyti, sem þau séu ekki ógild, ekki hér við, og óljóst sé, á hvaða hluta leiðarinnar öðrum fremur tjónið hafi orðið. Beri því að fella óskipta bótaábyrgð á stefndu, en stefnandi hafi öðlast bótarétt skv. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, og skv. framsali frá Schooner Co. Ltd. Samið hafi verið sérstaklega um varnarþing á bæjarþingi Reykjavíkur og um framlengingu fyrningarfrests krafna til og með 12. febrúar 1987. Þá hafi Jónas A. Aðalsteinsson hrl. fengið umboð til að taka við stefnubirtingu og gæta hagsmuna A.P. Möller A/S D/S Svendborg D/S 1912 A/S í málinu.

Stefndi Eimskipafélag Íslands hf. hefur mótmælt málsástæðum stefnanda um bótaábyrgð stefndu og byggir dómkröfur sínar á eftirfarandi rökum:

1. Varan hafi verið í fyrsta flokks ástandi, þegar hún hafi verið tekin til flutnings úr frystigeymslu félagsins, svo sem fram sé komið, og að fullar sönnur hafi verið færðar á það, að varan hafi verið óskemmd, þegar henni var skipað upp rösklega viku síðar, þann 10. eða 11. október 1985.

2. Ósannað sé, að varan hafi verið skemmd, þegar henni var skipað upp í Tókýó. Á farmskírteini (framhlið) séu ekki gefin nein fyrirmæli um ákveðið lágmarksfrost í gámum, og fullyrt sé, að hiti í gáminum hafi alla leiðina aldrei farið upp fyrir hættumörk.

Engar sannanir hafi verið leiddar að því, að vörusendingunni hafi verið haldið í 30° frosti í frystigeymslu í Japan frá uppskipun til skoðunardags. Skoðun og mat hafi farið fram 21. nóvember 1985, þ.e. 7 dögum eftir uppskipun. Stefnandi hafi ekki öðlast meiri rétt en sjálfur tjónþolinn, og þótt vátryggingin taki til allra skemmda, sem á vörunni verða, þá sé ekki þar með sagt, að farmflytjendur beri ábyrgðina. Varan sé viðkvæm og geti skemmst á styttri tíma en 8 dögum, sé henni ekki haldið í nægilegu frosti. Samkvæmt 71. gr. siglingalaganna nr. 34/1985 beri viðtakanda að tilkynna farmflytjanda skriflega um, að tjón hafi orðið á vöru eða hún skemmst, innan þriggja daga eftir afhendingu. Að öðrum kosti beri að líta svo á, að varan hafi verið afhent í því ástandi, sem lýst sé í farmskírteini. Farmflytjanda hafi ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við matið og skoðunina. Sönnun fyrir því, að varan hafi ekki skemmst, eftir að henni var skipað upp í Tókýó, hvíli þannig á stefnanda. Framkvæmd matsins sé þannig gallað, bæði hvað snerti vanrækslu á tilkynningarskyldu

svo og töku allt of fárra sýnishorna til að reikna út heildartjón.

Þessar athugasemdir leiði til sýknu hinna beggja stefndu, sbr. 72. gr. siglingalaganna.

3. Eftirfarandi málsástæður nái aðeins til stefnda Eimskipafélagsins:

Samkvæmt 73. gr. siglingalaganna ber farmflytjandi ábyrgð alla leiðina, þegar annar aðili en hann flytur vöruna hluta leiðarinnar, en við flutning, sem fram fer með skipi annars en farmflytjanda, er sá, sem annast flutninginn, ábyrgur fyrir sínum hluta flutningsins skv. sömu ákvæðum og farmflytjandi. 71. gr. svarar til meginefnis í gr. III-6 í Haag-Visby. Hins vegar svarar 73. gr. til 104. gr. í siglingalögunum nr. 66/1963, og eins og segir í greinargerðinni með lögunum frá 1985:

„Breytingarnar eiga sér ekki beina fyrirmynd í Haag-Visby-reglunum, heldur eiga þær sér fyrirmynd sína í samsvarandi ákvæði í hinum norrænu siglingalögum. Með ákvæðum greinarinnar í heild er leitast við að gefa skýrari leiðbeiningar um atriði sem verið hafa óljós og sem hafa valdið ágreiningi meðal fræðimanna og dómenda á Norðurlöndum."

Samkvæmt 117. gr. siglingalaganna er með gangfæru farmskírteini átt við farmskírteini, þar sem greint er frá því, að annar en farmflytjandi eigi að annast flutning vörunnar einhvern hluta leiðarinnar.

3. mgr. 118. gr. siglingalaga hljóði svo:

„Hafi verið samið um eða leiði af aðstæðum, að annar en farmflytjandi eigi að annast flutning vöru að nokkru eða öllu leyti, getur farmflytjandi undanþegið sig ábyrgð á tjóni eða skemmdum sem verða á vörunni meðan hún er í vörslu hins farmflytjandans" (104. gr. gömlu siglingalaganna).

Það liggi ljóst fyrir, að stefndi Eimskipafélag Íslands hf. hafi undanþegið sig ábyrgð á skemmdunum, sem á vörunni kynnu að verða á þeim hluta leiðarinnar, sem skip meðstefnda flytti vörurnar.

Líti maður fyrst á það atriði, hvort stefndi Eimskipafélag Íslands hf. hafi samið um, að annar farmflytjandi skyldi annast flutning vörunnar, og jafnframt, að hann hafi undanþegið sig ábyrgð á þeim hluta leiðarinnar, sem annar flutti vöruna, þá sé rétt að vísa til eftirfarandi ákvæða í farmskírteini:

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. farmskírteinisins beri stefndi enga ábyrgð á vörunni, eftir að henni var skipað upp í Hamborg.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. farmskírteinisins takmarkast ábyrgð stefnda á skemmdum eða tjóni við þann hluta ferðarinnar, sem varan er í hans eigin skipi, og það jafnt þótt hann hafi innheimt farmgjald fyrir allan flutninginn.

Sérstök athygli sé vakin á orðalagi 6. gr. farmskírteinisins, þar sem segi, að þegar móttökustaður og afhendingarstaður séu tilgreindir á forsíðu, starfi farmflytjandi aðeins sem umboðsmaður sendanda við að annast

flutning vörunnar frá móttökustað til lestunarhafnar. Þar fari fram lestun í úthafsskipið, sem nánar sé fjallað um í 19. greininni. Á framhlið farmskírteinisins sé móttökustaður skráður Reykjavík og lestunarhöfn Hamborg, en uppskipunarhöfn Tókýó, sem falli saman við afhendingarstað og sé því óþarft að útfylla.

Loks skuli á það bent, að skv. 19. gr. farmskírteinisins sé samningurinn, sem um sé fjallað í farmskírteininu, gerður milli sendanda (S.H.) og eigenda úthafsskips þess, sem getið sé í skírteininu, þ.e. ms. Anders Maersk, sem er greinilega skráð „ocean vessel" á farmskírteininu. Farmskírteinið sjálft beri það með sér, að um gagnfært farmskírteini sé að ræða, svo að ekki verði um deilt. Íslensku siglingalögin séu sniðin eftir norrænu siglingalögunum, svo sem fyrr greini. Sama regla um undanþágu ábyrgðar komi fram í norsku siglingalögunum, sbr. 122. og 123. gr., og í dönsku siglingalögunum, sbr. 123. og 168. gr.

Íslenskir, norskir og danskir fræðimenn séu á einu máli um það, að þar sem svo standi á, að umsamið sé eða liggi ljóst fyrir af kringumstæðunum, að allur flutningurinn eða hluti af honum skuli framkvæmast af öðrum en frumfarmflytjendunum, þá geti hann undanskilið sig ábyrgðinni á tjóni, sem verði, meðan varningurinn er í vörslu framhaldsflytjandans. Líta beri svo á, að í þessu tilfelli hafi frumfarmflytjandinn, Eimskipafélagið, undanskilið sig á lögmætan hátt allri ábyrgð á skemmdum á umræddri vörusendingu, eftir að henni hafi verið skipað upp í Hamborg.

Það atriði, að annað skip eða skipafélag taki að sér flutninginn að einhverju leyti, sé ekki bundið ákveðnu formi. Nægilegt sé talið, að farmsendanda sé ljóst, að farmflytjandi undanskilji sig ábyrgð, þannig að upplýsa þurfi, hvað hann vissi eða mátti vita um ábyrgðarleysi farmflytjanda, þegar skírteinið var gefið út. Áður hafi verið bent á fyrirvarann í 5. gr. farmskírteinisins, og tilgangslaust sé fyrir farmsendandann, S.H., að bera það fyrir sig, að hann hafi ekki vitað eða mátt vita, að Eimskip annaðist aðeins flutning vörunnar til Hamborgar. Honum sem stærsta útflytjanda landsins sé fyllilega ljóst, að Eimskipafélagið haldi ekki uppi rútuferðum til Tókýó, og auk þess sé beinum orðum tekið fram á farmskírteininu, að um gagnfært farmskírteini sé að ræða, sbr. áletrunina á framhlið farmskírteinisins: „Frumflutt með ms. Álafossi/móttökustaður: Reykjavík. Úthafsskip: Anders Maersk/lestunarhöfn: Hamborg/losunarhöfn: Tókýó."

Áréttað er af hálfu stefnda, að Haag-reglurnar standi ekki í vegi fyrir því að undanskilja sig ábyrgð, sbr. 1. gr. farmskírteinisins.

Stefndi telur, að það fari ekki á milli mála, að í þessu tilfelli hafi farmflytjandinn, Eimskipafélag Íslands, undanskilið sig á lögmætan hátt allri ábyrgð á skemmdum á umræddri vörusendingu, eftir að henni hafi verið skipað upp í Hamborg hinn 10. október 1985.

Þessu til stuðnings er bent á tvo íslenska dóma, H: 1967: 743 og H: 1986: 916, og réttarsátt, gerða í bæjarþingi Reykjavíkur 18. desember 1986, í málinu nr. 15026/1986, sem staðfesti þessa skoðun um undanþágu ábyrgðarinnar. Eimskipafélaginu beri að sanna, að varan hafi ekki skemmst á leiðinni frá Reykjavík til Hamborgar. Það liggi fyrir, að frostið í gáminum hafi á þeirri leið aldrei verið undir 18° C og sé þannig aðeins í tvo daga, þ.e. 7. og 8. október, en dagana 2.-5. sé frostið 20 og 21° C, þann 6. 19°, en verði svo aftur dagana 9. og 10. október 21 og 22°.

Dómskjöl 20 til 25 í málinu færi fullar sönnur á það, að varan hafi komið óskemmd til Hamborgar og menn frá kaupanda vörunnar hafi vottað, að hún hafi verið í fyrsta flokks ástandi, þegar henni var skipað út í Reykjavík um borð í ms. Álafoss.

Varakrafan um pro rata skiptingu, ef talið verði, að um sameiginlega ábyrgð sé að ræða, sé sett fram með vísun til 2. mgr. 171. gr. siglingalaganna. Bæði skipafélögin séu með tryggingu hjá sama félagi, þ.e. West of England. Loks er tekið fram, að Eimskipafélagið áskilur sér allan rétt til að bera fyrir sig þær takmarkanir á ábyrgð, sem Haag-reglurnar setja, sbr. 1. gr. farmskírteinisins og sbr. einnig 70. gr. siglingalaganna, ef svo ólíklega fari, að bótaábyrgð verði lögð á félagið.

Af hálfu stefnda A.P. Möllers er tekið fram, að málsatvik horfi þannig við honum, að hann hafi tekið að sér flutning á umræddum gámi með skipi sínu, Anders Maersk, frá Hamborg til Tókýó. Svo sem staðið hafi verið að flutningi þessum, bæði samningsréttarlega og á annan hátt, hafi skoðunarskylda hvílt á meðstefnda, Hf. Eimskipafélagi Íslands, á því, hvort umræddur farmur væri í fullkomnu ástandi, þegar hann hafi verið afhentur í frystigeymslur Hf. Eimskipafélags Íslands. Sömuleiðis hafi eftirlitsskylda hvílt á meðstefnda, á meðan farmurinn hafi verið í vöruhúsum meðstefnda. Þá hafi það verið starfsmenn meðstefnda, sem hafi hlaðið vörunni í umræddan gám og skipað honum út í skip meðstefnda, ms. Álafoss, en þann dag, 2. október 1985, hafi Eimskipafélagið gefið út farmskírteini fyrir flutningi farmsins alla leið til Tókýó. Á leið ms. Álafoss til Hamborgar frá Reykjavík hafi áhöfn skipsins lent í vandræðum með gáminn.

Af fyrirliggjandi gögnum sé ljóst, að eftir móttöku stefnda á gáminum og til afhendingar farmsins í Tókýó hinn 13. nóvember 1985 hafi umönnun hans verið óaðfinnanleg og útilokað sé, að varan hafi skemmst á því tímabili á þeirri leið. Stefndi hafi afhent farminn í Tókýó hinn 13. nóvember 1985 og ekki vitað annað en hann hefði verið í óaðfinnanlegu ástandi fyrr en löngu seinna og hafi ekki meðtekið tilkynningar um hið gagnstæða innan frestmarka þeirra, sem 71. gr. laga 34/1985 segir fyrir um.

Ekki liggi fyrir, að stefndi hafi fengið neinar sérstakar fyrirskipanir eða áminningar um meðferð farmsins. Ekki liggi heldur fyrir, að stefndi hafi

fengið neinar ábendingar um það, að gámurinn væri ekki í fullkomnu lagi, að gámurinn hefði orðið fyrir hnjaski í ferðinni frá Reykjavík til Hamborgar, eða yfirleitt, að nokkur ástæða væri til sérstakra aðgerða í því sambandi.

Stefndi A.P. Möller byggir dómkröfur sínar á eftirfarandi rökum:

1. Að varan hafi ekki skemmst, á meðan hún var í hans vörslum eða um borð í skipi hans.

2. Teljist sannað, að varan hafi orðið fyrir skemmdum, frá því að hún var móttekin af Hf. Eimskipafélagi Íslands til þess tíma, að hún var afhent í Tókýó, hafi skemmdirnar orðið, a) á meðan varan var í vörslum starfsmanna Hf. Eimskipafélags Íslands, en áður en hún var sett um borð í skip þeirra, og/eða b) á leið ms. Álafoss frá Reykjavík til Hamborgar.

3. Hugsanlegt sé einnig, að varan hafi skemmst í vörslum kaupanda, móttakanda í Tókýó, frá afhendingu hinn 13. nóvember 1985 til skoðunargerðar hinn 25. nóvember 1985, en í öllu falli sé ljóst, að líta beri svo á, að varan hafi verið afhent í fullkomnu ástandi, þar sem lögákveðnir frestir hafi ekki verið virtir, svo sem að framan sé rakið.

4. Því sé sérstaklega mótmælt, að stefndi beri ábyrgð á hugsanlegu tjóni stefnanda á þeim grundvelli, sem greint sé frá í greinargerð meðstefnda.

5. Hf. Eimskipafélag Íslands beri ábyrgð á því sem leigusali umræddds gáms, ef hugsanlegt tjón stefnda megi rekja til bilunar á gáminum.

6. Þá hafi stefndi ekki fengið neinar sérstakar fyrirskipanir eða áminningar um meðferð farmsins, svo sem fyrr sé rakið.

Varðandi lagarök sérstaklega er vitnað til viðeigandi greina í kaflanum um ábyrgð farmflytjanda á farmi í lögum nr. 34/1985 og kaflanum um gagnfær farmskírteini í sömu lögum.

Komi til þess, að stefndi verði dæmdur ábyrgur fyrir greiðslu tjónbóta af lagatæknilegum ástæðum, áskilur hann sér endurkröfurétt á hendur þeim, sem ábyrgð bera á tjóninu gagnvart honum.

Stefndi áskilur sér allan rétt til að krefjast takmörkunar á fjárhæð bóta, ef til komi, á grundvelli samningsbundinnar og/eða lögákveðinnar takmörkunar, allt eftir því hvað takmarkaði hugsanlegar bætur meir.

Þess var ekki óskað, að fram færu yfirheyrslur fyrir dómi í máli þessu.

III.

Stefndi Eimskipafélag Íslands hf. tók að sér flutning á hráfrystri rækju fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í Reykjavík til firmans Schooner Co. Ltd. í Tókýó, Japan, og gaf út gagnfært farmskírteini um þann flutning 2. október 1985, svo sem fram er komið. Stefndi Eimskipafélag Íslands hf. var frumflytjandi vörunnar frá Reykjavík til Hamborgar, en stefndi A.P. Möller A/S D/S Svendborg & D/S 1912 A/S var framhaldsflytjandi

vörunnar frá Hamborg til Tókýó. Rækjan var flutt í kæligámi nr. MAEU-501 006-1, sem stefndi Eimskipafélag Íslands hf. hafði lagt til og annast hleðslu á.

Ekki liggur fyrir, að gilt hafi um rækjuflutning þennan aðrir skilmálar en felast í fyrrgreindu farmskírteini, og verður við það miðað við úrlausn máls þessa.

Samkvæmt 2. gr. farmskírteinis þessa heyrir deilumál þetta undir íslenska lögsögu og fer að íslenskum lögum.

Fyrir liggur í málinu skoðunar- og matsgerð japanska skoðunarfirmans Shin Nihon Kentei Kyokai, dags. 8. janúar 1986, um skoðun á rækjufarminum hinn 20. nóvember 1985. Samkvæmt þeirri skoðunargerð hafði rækjan orðið fyrir skemmdum vegna hækkaðs hitastigs og hitastigssveiflna í kæligáminum, sem rakið var til þess, að kælibúnaður gámsins hefði starfað óeðlilega.

Af hálfu stefndu hefur skoðunargerð þessari verið andmælt, þar sem uppskipun og afhending farmsins hafi átt sér stað 13. nóvember 1985. Ekki hafi verið gætt ákvæða 71. gr. laga nr. 34/1985 um tilkynningu tjóns, og farmflytjanda hafi ekki verið gefinn kostur þess að gæta hagsmuna sinna við skoðunargerð.

Á þessar málsástæður stefndu verður ekki fallist.

Í málinu liggur ekkert fyrir um það, að kaupandi vörunnar hafi veitt henni viðtöku 13. nóvember 1985, er henni var skipað upp. Gögn málsins benda fremur til þess, að móttakandi hafi fengið vöruna í hendur 20. nóvember 1985, þann dag, sem skoðun fór fram. Líta ber því svo á, að varan hafi verið í vörslum eða í ábyrgð farmflytjanda til þess tíma, og við það tímamark ber að miða frest til tilkynningar samkvæmt 71. gr. laga nr. 34/1985. Tjónstilkynning vörumóttakanda er dags. 22. nóvember 1985, og þar sem stefndu hafa hvorki sýnt fram á, að framkvæmd skoðunargerðar hafi verið ábótavant, né hnekkt henni efnislega, ber að leggja hana til grundvallar í máli þessu, bæði hvað varðar orsakir tjóns og fjárhæð þess.

Samkvæmt fyrirliggjandi síritaspjöldum og hitastigsmælingum frystigáms þess, sem hér um ræðir, svo og skoðunargerð í Hamborg 10.-11. október 1985, var upphafleg hitastilling hans ÷24° C, en á ferð ms. Álafoss frá Reykjavík til Hamborgar var hitastig gámsins breytilegt, ÷18°/÷21° C. Hitastig gámsins var síðan um ÷20° C á leið ms. Anders Maersk frá Hamborg til Tókýó.

Fyrir liggur í málinu álitsgerð Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um geymsluþol á heilli rækju, dags. 6. febrúar 1987. Þar segir svo m.a.:

„Í þessu tilviki er erfitt að meta hvað rækjan hefur skemmst mikið við þessa flutninga. Okkur vantar margar forsendur fyrir okkar mati eins og

t.d. hvað var rækjan íshúðuð mikið (glazing), hitastig eftir frystingu og hitastig í frystigeymslu fyrir og eftir flutninga.

Flutningur á rækjunni frá Reykjavík til Hamborgar tók 8 daga 2.-10.10. og samkvæmt hitastigsaflestri um borð í Álafossi hefur hitastigið sveiflast mikið. Hitastigssveiflur eru mjög slæmar fyrir geymsluþol rækjunnar og sérstaklega yfir ÷20° C. Við hitastigssveiflur verður þyngdartap og tapið er aðallega íshúðin á rækunni, en íshúðin myndar varnarhúð gegn súrefnisupptöku. Súrefni spillir lit og bragði rækjunnar.

Tíminn sem rækjan var í frystigámnum (sic) var stuttur og trúlega hafa gæði rækjunnar ekki minnkað á þessum stutta tíma. Hitastigssveiflurnar hafa líklega minnkað geymsluþol rækjunnar þannig að hún hefur þolað ver flutninga og geymslu eftir flutninginn Rvík-Hamborg.

Kjörhitastig ópillaðrar rækju er ÷24° C + ÷1° C og geymsluþol hennar er um 6 mánuðir."

Óumdeilt er, að varan hafi verið í fyrsta flokks ástandi, er hún var tekin til flutnings af stefnda Eimskipafélagi Íslands hf., og hitastilling frystigámsins í upphafi ferðar var í samræmi við ofangreint kjörhitastig, ÷24°. Rækjufarmurinn var ekki skoðaður við umskipun í Hamborg, og skemmdirnar komu ekki í ljós fyrr en við afhendingu og matsskoðun í Japan, svo sem áður er rakið.

Samkvæmt greindri álitsgerð Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins svo og skoðunargerð hins japanska firma verður að telja, að rækjan hafi skemmst vegna þess, að hitastig í gáminum hafi ekki verið nægilega lágt, svo og vegna hitastigssveiflna, sem áttu sér stað, enda hafa stefndu ekki sýnt fram á aðrar orsakir skemmdanna með málatilbúnaði sínum.

Af framangreindu verður ráðið, að rækjan hafi skemmst, meðan hún var í vörslum farmflytjanda, en ekki er unnt að staðhæfa samkvæmt gögnum málsins, hvar eða hvenær á því tímabili skemmdirnar urðu.

Þar sem íslensk lög gilda um réttarágreining aðila í máli þessu, fer um ábyrgð farmflytjanda eftir ákvæðum 68.-73. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sem þá eru ófrávíkjanlega til tjóns fyrir vörusendanda, farmsamningshafa eða viðtakanda samkvæmt 1. mgr. 118. gr. laganna. Stefndu geta því ekki borið fyrir sig ákvæði í farmskírteininu, sem ganga lengra en íslensk lög í því að undanskilja farmflytjanda ábyrgð vegna tjóns á farmi.

Þar sem skemmdir á greindum rækjufarmi hafa verið raktar til þess samkvæmt framansögðu, að kælibúnaður frystigáms þess, sem stefndi Eimskipafélag Íslands hf. lagði til, var í ólagi, þá ber stefndi Eimskipafélag Íslands hf. sem farmflytjandi bótaábyrgð samkvæmt meginreglunni í 68. gr. laga nr. 34/1985, en tilgreind undanþáguákvæði 2. mgr. 68. gr. laganna eiga ekki við.

Þar sem ekki liggur fyrir, hvenær farmurinn skemmdist, meðan á flutn-

ingi stóð, verður að telja, með tilvísan til 68. gr., 2. og 3. mgr. 73. gr. laga nr. 34/1985, að stefndi, A.P. Möller A/S D/S Svendborg & D/S 1912 A/S, sem flutti gáminn með skipi sínu, ms. Anders Maersk, frá Hamborg til Tókýó, beri sem farmflytjandi óskipta bótaábyrgð með stefnda Eimskipafélagi Íslands hf.

Stefnandi máls þessa hefur öðlast bótarétt á hendur stefndu með framsali frá Schooner Co. Ltd. og á grundvelli 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Óumdeilt er, að samið hafi verið um framlengingu fyrningarfrests bótakröfu til og með 12. febrúar 1987, en mál þetta var þingfest hinn 10. febrúar 1987. Samkvæmt 118. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er heimilt að víkja frá ákvæðum 215. gr. laganna um ársfyrningu, þar sem samningur þess efnis er ekki til tjóns fyrir vörusendanda, farmsamningshafa eða viðtakanda.

Fallast ber á kröfu stefnanda um tjónsbætur á grundvelli matsfjárhæðar japanska skoðunarfirmans ásamt matskostnaði, enda er bótafjárhæðin innan við takmörkunarfjárhæðir 70. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og engin efni þykja vera til lækkunar bótafjárhæðarinnar.

Engin efni þykja vera til að taka til greina varakröfu stefndu um hlutfallslega skiptingu bótaábyrgðar þeirra á milli, sem varðar innbyrðis réttarsamband þeirra.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að dæma ber stefndu til að greiða stefnanda óskipt japönsk jen 2.377.053 með 12% ársvöxtum, svo sem krafist er, frá 8. janúar 1986 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 160.000, þ.m.t. söluskattur.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Ingvar Sveinbjörnsson hdl., deildarstjóri hjá Brunabótafélagi Íslands hf.

Dómsorð:

Stefndu, Eimskipafélag Íslands hf. og A.P. Möller A/S D/S Svendborg & D/S 1912 A/S, greiði óskipt stefnanda, Hákoni Árnasyni hrl. f.h. Taisho Marine & Fire Insurance Company Ltd., Tókýó, Japan, japönsk jen 2.377.053 með 12% ársvöxtum frá 8. janúar 1986 til greiðsludags og kr. 160.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. apríl 1990.

Nr. 7/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Geir Guðjónssyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar til þyngingar refsingar og jafnframt að ósk ákærða með stefnu 28. desember 1989. Í málflutningi fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar héraðsdóms, en ákærði krafðist sýknu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Geir Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 8. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 604/1989: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Geir Guðjónssyni, sem tekið var til dóms hinn 23. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. apríl 1989, á hendur ákærða, Jóhanni Geir Guðjónssyni verslunarmanni, Úthlíð 11, Reykjavík, kt. 240248-2209, „fyrir að aka, föstudaginn 16. desember

1988, bifreiðinni R-61955 (sic) austur Bústaðaveg í Reykjavík með allt að 97 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á Bústaðabrú.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Föstudaginn 16. desember 1988 kl. 8.22 ók ákærði austur Bústaðaveg í Reykjavík. Á sama tíma óku lögreglumennirnir Jónas Sigurður Magnússon og Ólafur Ágúst Gíslason í gagnstæða átt og mældu hraða bifreiðar ákærða með ratsjá, er hún var stödd á Bústaðabrú. Lögreglumennirnir lásu töluna 97 á skjá ratsjárinnar, en náðu síðan að festa töluna 92 á skjánum, og var hún sýnd ákærða, eftir að akstur hans var stöðvaður á Háaleitisbraut. Ákærði kvað niðurstöðuna vera fráleita og áleit hraða bifreiðarinnar hafa verið eðlilegan, eða u.þ.b. 50-60 km/klst.

Í lögregluannsóknargögnum málsins kemur fram, að myrkur og töluverð umferð hafi verið á mælingarstundu, og var akvegur blautur. Ratsjána hafi lögreglumennirnir prófað fyrir og eftir mælinguna, og reyndist hún vera í lagi.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 17. janúar sl., og mótmælti hann ratsjármælingunni á þeirri forsendu, að miklar truflanir væru í farsímum á mælingarstað, og því áliti hann, að truflanir gætu einnig orðið í ratsjám lögreglunnar. Ákærði kvað hraða bifreiðarinnar ekki hafa verið meiri en 50-60 km/klst.

Ákærði var ekki reiðubúinn að ljúka máli þessu með dómsátt, svo sem honum var boðið á dómþingi hinn 23. febrúar sl. Við það tækifæri ítrekaði ákærði mótmæli sín við kæru lögreglunnar.

Við síðari meðferð málsins fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að hann hafi greint sinn ekið bifreið sinni austur Bústaðaveg og numið staðar við umferðarljósin hjá Suðurhlíð. Er hann ók af stað, hafi hann gætt þess að fylgja hraða þeirra 10-12 bifreiða, sem ekið var austur Bústaðaveg á vinstri og hægri akrein og ók ekki fram úr neinni þeirra. Hluti bifreiðanna hafi síðan ekið inn á aðrein að Kringlumýrarbraut. Ákærði viðurkenndi að hafa ekki fylgst nákvæmlega með hraðamæli bifreiðar sinnar, en kvaðst þekkja vel til hraða hennar og fullyrti því, að hraðinn hafi ekki verið meiri en 50-60 km/klst. frá fyrrnefndum gatnamótum og þar til lögreglan stöðvaði akstur hans. Áleit ákærði því, að um einhver „tæknileg mistök" hljóti að hafa verið að ræða, sem valdið hafi skekkju í niðurstöðu ratsjármælingarinnar.

Lögreglumennirnir gáfu skýrslu vegna málsins 17. janúar og 15. febrúar

sl., og var framburður þeirra efnislega samhljóða í öllum meginatriðum. Vitnin kváðust hafa mætt bifreið ákærða á Bústaðabrú og mældu þar hraða hennar allt að 97 km/klst., en læstu síðan töluna 92 á skjá ratsjárinnar. Jónas Sigurður kvað mælinguna ekki hafa getað átt við neina aðra bifreið, og væri hún því „óumdeilanleg". Ólafur Ágúst tók í sama streng og kvað ekki hafa verið um neina aðra bifreið að ræða, sem mælingin gæti átt við.

Framangreind vitni komu fyrir dóm hinn 19. október sl. Vitnið Jónas Sigurður Magnússon skýrði frá málavöxtum á þá leið, að það hafi verið á leið vestur Bústaðaveg, er það veitti bifreið ákærða athygli, þar sem henni var ekið með miklum hraða í gagnstæða átt eftir vinstri akrein. Töluverð umferð hafi verið í austurátt, og því hafi lögreglumennirnir beðið eftir því, að ákærði æki fram hjá aðrein Kringlumýrarbrautar, þ.e. þar til bifreiðin hafi verið ein á ferð, en þá hafi Ólafur sleppt út ratsjárgeislanum, sem sýndi töluna 97. Dró síðan úr hraða bifreiðarinnar, og læsti Ólafur töluna 92 á skjá ratsjárinnar. Vitnið kvað mælinguna hafa verið gerða, er bifreið ákærða var á móts við vestari enda brúarinnar, en lögreglubifreiðin var þá nýlega komin inn á brúna. Í sömu andrá og bifreiðarnar mættust hafi vitnið snúið við, og hófst því næst eftirför, er lauk á Háaleitisbraut.

Aðspurt kvaðst vitnið hafa verið búið að ljúka námskeiði í meðferð ratsjártækja á þeim tíma, er mælingin var gerð, og hafi það verið stjórnandi á vettvangi. Vitnið kvað það vera öruggt, að ekki hafi getað verið um neina aðra bifreið að ræða, sem mælingin gæti átt við, enda veitti vitnið bifreiðartegundinni athygli og fullyrti, að það hafi aldrei misst sjónar á henni, ef undan er skilin smástund, er vitnið sneri lögreglubifreiðinni við. Vitnið kvað aðstæður til hraðamælinga hafa verið ágætar umræddan morgun.

Vitnið Ólafur Ágúst Gíslason skýrði frá því, að það hafi ekið vestur Bústaðaveg, er það veitti bifreið ákærða athygli á Bústaðabrú. Þar sem bifreiðinni virtist vera ekið greitt, hafi vitnið sleppt út ratsjárgeisla, sem mældi hraðann 97 km/klst. Vitnið náði síðan að læsa töluna 92 á skjá ratsjárinnar. Vitnið minnti, að fremur lítil umferð hafi verið á mælingarstað, og kvað mælinguna ekki geta átt við neina aðra bifreið. Aðspurt kvað vitnið skilyrði til ratsjármælinga hafa verið góð umræddan morgun. Ekki mundi vitnið nákvæmlega, hvar lögreglubifreiðinni var snúið við, en áleit það hafa verið, áður en komið var að brúnni. Vitnið fullyrti, að það hafi aldrei misst sjónar á bifreið ákærða, frá því að mælingin var gerð og þar til bifreið hans var stöðvuð á Háaleitisbraut, og tók vitnið sérstaklega fram, að það hafi veitt tegund og lit bifreiðarinnar athygli, er bifreiðarnar mættust á Bústaðavegi.

Sérstaklega aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa verið búið að sækja námskeið í meðferð ratsjártækja á þeim tíma, er það framkvæmdi umræddra hraða-

mælingu. Vitnið kannaðist við það, að „kvörðun" væri ætíð gerð í upphafi og lok ratsjármælinga. Hins vegar beitti vitnið almennt ekki þeirri reglu að framkvæma kvörðun með klukkustundar- eða skemmra millibili og kvaðst ekki fylgja neinni fastri reglu í þeim efnum.

Niðurstöður.

Svo sem að framan er rakið, gætir verulegs ósamræmis milli framburðar ákærða annars vegar og framburðar lögreglumannanna tveggja hins vegar um það, hver hraði bifreiðar ákærða hafi verið greint sinn, er lögreglan mældi hann með ratsjá á vegarkafla á Bústaðabrú. Hefur ákærði eindregið haldið því fram, að hann hafi ekki ekið hraðar en 50-60 km/klst., og kveður einhver „tæknileg mistök" hljóta að hafa átt sér stað varðandi mælinguna. Lögreglumennirnir hafa á hinn bóginn báðir borið fyrir dómi, að það hafi örugglega verið bifreið ákærða, sem þeir mældu á 97 km/klst.

Í ákæruskjali er ranglega farið með skráningarnúmer bifreiðar ákærða, en það á réttilega að vera R-61995. Ákærði hefur staðfest þetta fyrir dómi og leiðrétt ákæruna að þessu leyti. Þykir þetta misræmi því eigi koma í veg fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að ranglega hafi verið staðið að framangreindri hraðamælingu. Ratsjáin var prófuð samkvæmt fyrirmælum framleiðanda, og reyndist hún vera í lagi. Lögreglumennirnir veittu tegund bifreiðar ákærða athygli, er þeir mættu henni á brúnni, og sneru þegar lögreglubifreiðinni við. Eftirför þeirra var því órofin, allt þar til bifreið ákærða var stöðvuð. Það er því mat dómsins, að leggja beri niðurstöðu ratsjármælingarinnar til grundvallar og telja sannað með vísan til hennar og framburðar lögreglumannanna, að ákærði hafi greint sinn ekið bifreið sinni með allt að 97 km/klst. eftir vegarkafla þeim, er greinir í ákæru. Hefur ákærði þannig gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1967 13/3 Sakadómur Rvíkur. Nr. 2454. Sátt: 500 kr. sekt f. brot g. 45. og 46. gr. umfl.

1969 9/5 Sakadómur Rvíkur. Nr. 2124. Sátt: 400 kr. sekt f. brot g. 45. gr. umfl.

1973 18/7 Sakadómur Rvíkur. Nr. 2699. Sátt: 1.100 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

1976 27/9 Sakadómur Rvíkur. Nr. 2491. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 4 daga.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 til þess að geiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hrl., 20.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Geir Guðjónsson, greiði 10.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 4 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hrl., 20.000 krónur.

Miðvikudaginn 2. maí 1990.

Nr. 171/1990. **Búnaðarbanki Íslands**

gegn

Bjarna Bæring Bjarnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 2. maí 1990.

Nr. 151/1990. **Kolbeinsstaðahreppur**

gegn

Helgu M. Thors,
Jónu Írisi Thors,
Richard R. Thors,
Unni Thors Briem,
Þórði Thors,
Páli G. Jónssyni
og
Óttari Yngvasyni.

Kærumál. Jarðalög. Forkaupsréttur. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1990, sem barst Hæstarétti 9. apríl sl.

Kærður er frávísunardómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 19. mars 1990. Dóminn kvað upp Jón Magnússon sýslumaður.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Eins og lýst er í hinum kærða dómi, telur sóknaraðili, að stefnda Helga M. Thors hafi með afsali frá 14. september 1987 ráðstafað fasteignaréttindum, sem liggja í Kolbeinsstaðahreppi, andstætt fyrirmælum 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, og krefst ógildingar á þeirri ráðstöfun á grundvelli 33. gr. sömu laga. Þá krefst sóknaraðili þess, að viðurkenndur verði forkaupsréttur hans að framangreindum fasteignum. Varnaraðilar hafa fallist á kröfu sóknaraðila um ógildingu á sölunni samkvæmt afsalinu 14. september 1987, en kveða sóknaraðila engan forkaupsrétt hafa átt.

Telja verður, að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið, hvort hann hafi átt forkaupsrétt samkvæmt IV. kafla jarðalaga við afsalsgerðina 14. september 1987 og hvort ógilda hafi átt söluna samkvæmt 33. gr. jarðalaga með tilliti til þess réttar. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi, að því er varðar tvær fyrstu dómkröfur sóknaraðila í héraði.

Að því er varðar þriðju dómkröfu sóknaraðila, um skyldu stefndu Helgu M. Thors til að afsala honum þeim fasteignum í Kolbeinsstaðahreppi, sem í afsalinu greinir, þá hafa varnaraðilar krafist frávísunar þeirrar kröfu, þar sem engin grein sé gerð fyrir því í dómkröfunni, hvaða fjárhæð sóknaraðili telji sig eiga að greiða til að fá hið umkrafða afsal. Ekki verður talið, að þessi kröfugerð fullnægi c-lið 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Verði forkaupsréttur sóknaraðila viðurkenndur, bæri varnaraðilum samkvæmt 32. gr. jarðalaga að bjóða hann fram skriflega og tilgreina söluverð og aðra skilmála á tæmandi hátt. Meðan slík tilgreining hefur ekki verið gerð með þeim eða öðrum hætti, verður dómi ekki lokið á kröfu þessa, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur, að því er varðar þriðja kröfulið sóknaraðila, Kolbeinsstaðahrepps, en felldur úr gildi að öðru leyti og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 19. mars 1990.

Stefnandi er Kolbeinsstaðahreppur, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kt. 710177-0239.

Stefndu eru Helga M. Thors, kt. 180224-2629, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, Jóna Íris Thors, kt. 111229-2369, Snöflingegatan 7, 43139, Mölndal, Svíþjóð, Richard R. Thors, 1224 Hohlfelder Road, Glencoe, Illinois,

Bandaríkjunum, Unnur Thors Briem, 210316-4859, Bergstaðastræti 84, Reykjavík, Þórður Thors, kt. 050128-2539, Páll G. Jónsson framkvæmdastjóri, kt. 290533-4739, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður, kt. 050339-4329, Birkigrund 23, Kópavogi.

Stefna í málinu var gefin út 11. apríl 1988, birt lögmanni stefndu sama dag, og féll hann frá stefnufresti. Málið var þingfest 29. apríl 1988 og dómtekið 2. febrúar 1990 að loknum aðalflutningi. Málið dæmir Jón Magnússon sýslumaður.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að ógilt verði sala stefndu Helgu M. Thors með afsali, dagsettu 14. september 1987, til stefndu Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors á þeim fasteignum, sem afsalið tekur til og liggja í Kolbeinsstaðahreppi í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Nánar til tekið er hér um að ræða jörðina Ölviskross í Kolbeinsstaðahreppi og fjórða hluta, — 25 hundruðustu —, þess hluta fasteignarinnar Haffjarðarár, sem liggur í Kolbeinsstaðahreppi, svo og fjórða hluta, — 25 hundruðustu —, þess hluta Oddastaðavatns, sem liggur í Kolbeinsstaðahreppi, ásamt hólmum, allt ásamt sama eignarhluta í mannvirkjum og öðrum gögnum og gæðum, sem fasteignum þessum fylgir og fylgja ber að engu undanskildu.

Fasteignin Haffjarðará er talin liggja að hálfu í Eyjahreppi og að hálfu í Kolbeinsstaðahreppi.

2. Að viðurkenndur verði forkaupsréttur stefnanda, Kolbeinsstaðahrepps, að framangreindum fasteignum og fasteignaréttindum að því leyti, sem þær liggja í Kolbeinsstaðahreppi, með þeim kjörum og skilmálum, sem greinir í afsali Helgu M. Thors til Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors, dagsettu 14. september 1987.

3. Að stefndu Helgu M. Thors verði dæmt skylt að afsala stefnanda, Kolbeinsstaðahreppi, framangreindum fasteignum og fasteignaréttindum gegn greiðslu andvirðis þeirra og með þeim kjörum og skilmálum, sem greinir í afsali Helgu M. Thors til Jónu Írisar Thors og Richards R. Thors, dagsettu 14. september 1987.

4. Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt taxta lögmanna úr hendi stefndu in solidum.

Stefndu taka eftirfarandi afstöðu til dómkrafna stefnanda:

1. Stefndu fallast á kröfur stefnanda, sem getið er í lið 1 hér að ofan.

2. Um dómkröfu í lið 2 að ofan: Aðallega krefjast stefndu sýknu, en til vara, ef viðurkenning verður veitt fyrir forkaupsrétti til handa stefnanda, að hann njóti þess réttar aðeins gegn greiðslu á kaupverði afsalsins frá 14. september 1987 með viðbótum, sem hér segir: aðallega álagi til jafns við lánskjaravísitölu frá 14. september 1987 (1778 stig) til þess dags, er hann

greiðir kaupverðið, auk 6% ársvaxta sama tímabil, sem bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. september 1988, til vara með vöxtum, jafnháum almennum sparisjóðsvöxtum Landsbanka Íslands, frá 14. september 1987 til þess dags, er hann greiðir kaupverðið, og bætist þessir vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. september 1988.

3. Um dómkröfu í lið 3 að ofan: aðallega, að henni verði vísað frá dómi, en til vara, að stefnda Helga M. Thors verði sýknuð af henni, til þrautavara, að stefndu Helgu verði aðeins dæmt skylt að afsala hinum tilgreindu fasteignum gegn greiðslu á kaupverði afsalsins frá 14. september 1987 með sams konar viðbótum og vöxtum, aðallega og til vara, sem greinir í kröfunni í 2. tl. að ofan.

4. Um dómkröfu samkvæmt lið 4 að ofan: Stefndu krefjast sýknu af henni.

5. Stefndu krefjast óskipt málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá lögmanna.

— — —

Kröfu um frávísun dómkröfu í 3. lið í kröfugerð stefnanda byggja stefndu á því, að engin grein sé gerð fyrir því, hvaða fjárhæð stefnandi telji sig eiga að greiða til þess að fá forkaupsréttarafsal. Eignir þær, sem hann krefjist afsals fyrir, séu aðeins hluti þeirra eigna, sem afsalið taki til. Stefndu telja, að dómur samkvæmt þessari kröfu yrði ekki aðfararhæfur, nema fógeti tæki sér fyrir hendur að dæma um, hvert endurgjald eignanna ætti að vera. Stefndu telja kröfugerðina ekki fullnægja ákvæðum c-liðar 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og ákvæði í 193. gr. s. l., einkum 5. tl. Með ofangreindum rökum er þess krafist, að þessari kröfu verði vísað frá dómi.

— — —

Álit dómsins.

Fyrsta dómkrafa stefnanda lýtur að því að ógilda afsalið frá 14. september 1987. Stefndu hafa fallist á þessa kröfu, þannig að ágreiningslaust er, að löggerningurinn er ógildur. Ógildur löggerningur hefur engin réttaráhrif, þannig að ekki verður á honum byggður réttur né lögð á skylda. Aðrar kröfur máls þessa lúta að því að byggja rétt og leggja á skyldur samkvæmt hinu ógilda afsali. Af þessu er ljóst, að kröfugerð máls þessa er svo áfátt, að ekki er unnt að leggja dóm á málið, og ber því að vísa því frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 100.000, er greiðist innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Kolbeinsstaðahreppur, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kt. 710177-0239, greiði stefndu, Helgu M. Thors, kt. 180224-2629, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, Jónu Írisi Thors, kt. 111229-2369, Snöflingegatan 7, 43139, Mölndal, Svíþjóð, Richard R. Thors, 1224 Hohlfelder Road, Glencoe, Illinois, Bandaríkjunum, Unni Thors Briem, 210316-4859, Bergstaðastræti 84, Reykjavík, Þórði Thors, kt. 050128-2539, Páli G. Jónssyni framkvæmdastjóra, kt. 290533-4739, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttari Yngvasyni hæstaréttarlögmanni, kt. 050339-4329, Birkigrund 23, Kópavogi, óskipt kr. 100.000 í málskostnað, sem greiðist innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför.

Miðvikudaginn 2. maí 1990.

Nr. 152/1990. **Eyjahreppur**
gegn
Helgu M. Thors,
Jónu Írisi Thors,
Richard R. Thors,
Unni Thors Briem,
Þórði Thors,
Páli G. Jónssyni
og
Óttari Yngvasyni.

Kærumál. Jarðalög. Forkaupsréttur. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1990, sem barst Hæstarétti 9. apríl sl.

Kærður er frávísunardómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 19. mars 1990. Dóminn kvað upp Jón Magnússon sýslumaður.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Eins og lýst er í hinum kærða dómi, telur sóknaraðili, að stefnda Helga M. Thors hafi með afsali frá 14. september 1987 ráðstafað fasteignaréttindum, sem liggja í Eyjahreppi, andstætt fyrirmælum 30. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, og krefst ógildingar á þeirri ráðstöfun á grundvelli 33. gr. sömu laga. Þá krefst sóknaraðili þess, að viðurkenndur verði forkaupsréttur hans að framangreindum fasteignum. Varnaraðilar hafa fallist á kröfu sóknaraðila um ógildingu á sölunni samkvæmt afsalinu 14. september 1987, en kveða sóknaraðila engan forkaupsrétt hafa átt. Telja

verður, að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið, hvort hann hafi átt forkaupsrétt samkvæmt IV. kafla jarðalaga við afsalsgerðina 14. september 1987 og hvort ógilda hafi átt söluna samkvæmt 33. gr. jarðalaga með tilliti til þess réttar. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi, að því er varðar tvær fyrstu dómkröfur sóknaraðila í héraði.

Að því er varðar þriðju dómkröfu sóknaraðila, um skyldu stefndu Helgu M. Thors til að afsala honum þeim fasteignum í Eyjahreppi, sem í afsalinu greinir, þá hafa varnaraðilar krafist frávísunar þeirrar kröfu, þar sem engin grein sé gerð fyrir því í dómkröfunni, hvaða fjárhæð sóknaraðili telji sig eiga að greiða til að fá hið umkrafða afsal. Ekki verður talið, að þessi kröfugerð fullnægi c-lið 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Verði forkaupsréttur sóknaraðila viðurkenndur, bæri varnaraðilum samkvæmt 32. gr. jarðalaga að bjóða hann fram skriflega og tilgreina söluverð og aðra skilmála á tæmandi hátt. Meðan slík tilgreining hefur ekki verið gerð með þeim eða öðrum hætti, verður dómi ekki lokið á kröfu þessa, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er staðfestur, að því er varðar þriðja kröfulið sóknaraðila, Eyjahrepps, en felldur úr gildi að öðru leyti og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 19. mars 1990.

Stefnandi er Eyjahreppur, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kt. 510169-0509.

Stefndu eru Helga M. Thors, kt. 180224-2629, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, Jóna Íris Thors, kt. 111229-2369, Snöflingegatan 7, 43139, Mölndal, Svíþjóð, Richard R. Thors, 1224 Hohlfelder Road, Glencoe, Illinois,

Bandaríkjunum, Unnur Thors Briem, 210316-4859, Bergstaðastræti 84, Reykjavík, Þórður Thors, kt. 050128-2539, Páll G. Jónsson framkvæmdastjóri, kt. 290533-4739, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður, kt. 050339-4329, Birkigrund 23, Kópavogi.

Stefna í málinu var gefin út 11. apríl 1988, birt lögmanni stefndu sama dag, og féll hann frá stefnufresti. Málið var þingfest 29. apríl 1988 og dómtekið 2. febrúar 1990 að loknum aðalflutningi. Málið dæmir Jón Magnússon sýslumaður.

[Dómkröfur stefnanda á hendur stefndu í máli þessu svo og kröfur stefndu eru hliðstæðar dómkröfum í málinu: Eyjahreppur gegn Helgu M. Thors o.fl. Sjá bls. 617 hér að framan.]

— — —

Kröfu um frávísun dómkröfu í 3. lið í kröfugerð stefnanda byggja stefndu á því, að engin grein sé gerð fyrir því, hvaða fjárhæð stefnandi telji sig eiga að greiða til þess að fá forkaupsréttarafsal. Eignir þær, sem hann krefjist afsals fyrir, séu aðeins hluti þeirra eigna, sem afsalið taki til. Stefndu telja, að dómur samkvæmt þessari kröfu yrði ekki aðfararhæfur, nema fógeti tæki sér fyrir hendur að dæma um, hvert endurgjald eignanna ætti að vera. Stefndu telja kröfugerðina ekki fullnægja ákvæðum c-liðar 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og ákvæði í 193. gr. s.l., einkum 5. tl. Með ofangreindum rökum er þess krafist, að þessari kröfu verði vísað frá dómi.

— — —

Álit dómsins.

Fyrsta dómkrafa stefnanda lýtur að því að ógilda afsalið frá 14. september 1987. Stefndu hafa fallist á þessa kröfu, þannig að ágreiningslaust er, að löggerningurinn er ógildur. Ógildur löggerningur hefur engin réttaráhrif, þannig að ekki verður á honum byggður réttur né lögð á skylda. Aðrar kröfur máls þessa lúta að því að byggja rétt og leggja á skyldur samkvæmt hinu ógilda afsali. Af þessu er ljóst, að kröfugerð máls þessa er svo áfátt, að ekki er unnt að leggja dóm á málið, og ber því að vísa því frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 100.000, er greiðist innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Eyjahreppur, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, kt. 510169-0509, greiði stefndu, Helgu M. Thors, kt. 180224-2629, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, Jónu Írisi Thors, kt.

111229-2369, Snöflingegatan 7, 43139, Mölndal, Svíþjóð, Richard R. Thors, 1224 Hohlfelder Road, Glencoe, Illinois, Bandaríkjunum, Unni Thors Briem, 210316-4859, Bergstaðastræti 84, Reykjavík, Þórði Thors, kt. 050128-2539, Páli G. Jónssyni framkvæmdastjóra, kt. 290533-4739, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttari Yngvasyni hæstaréttarlögmanni, kt. 050339-4329, Birkigrund 23, Kópavogi, óskipt kr. 100.000 í málskostnað, sem greiðist innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför.

Fimmtudaginn 3. maí 1990.

Nr. 176/1990. **Þrotabú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf.**

gegn

Sónum hf.,
Verslunarbanka Íslands hf.,
Ríkisútvarpinu,
Verkstjórafélagi Suðurnesja,
ríkissjóði,
Húsnæðisstofnun ríkisins,
Lífeyrissjóði málm- og skipasmiða,
Verkalýðsfélagi Grindavíkur,
Lífeyrissjóði verkafólks í Grindavík,
Heklu hf.,
Lind hf.,
Gjaldheimtu Suðurnesja,
Lífeyrissjóði verslunarmanna,
Kaupfélagi Suðurnesja,
Hífi hf. og
Netagerð Jóns Holbergssonar.

Kærumál. Uppboð. Frávísunarúrskurður staðfestur. Úthlutun uppboðsandvirðis.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Með kæru 19. mars sl. hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar frávísunarúrskurði uppboðsréttar Grindavíkur, sem kveðinn var upp 7. s.m. Málið barst Hæstarétti 25. apríl sl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir uppboðshaldara að leggja efnisúrskurð á málið. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með bréfi 22. mars sl. sendi uppboðshaldari varnaraðilum endurrit framkominnar kæru ásamt fylgiskjölum og benti þeim á að senda greinargerð til Hæstaréttar. Enginn þeirra hefur sent Hæstarétti greinargerð.

Varnaraðilar fengu fjárnám og lögtök lögð á eftirstöðvar uppboðsandvirðis. Uppboðshaldari tók kröfur þeirra upp í frumvarp

að úthlutunargerð uppboðsandvirðis mb. Más, GK 55, sem var eign Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., en annað og síðasta uppboð á bátnum fór fram 14. september 1989. Frumvarpið er frá 28. nóvember 1989 og var sent öllum uppboðsaðilum svo og þeim, sem gert höfðu lögtök og fjárnám í uppboðsandvirðinu, og frestur gefinn til athugasemda til 8. desember s.á. Sóknaraðili lagði mótmæli sín fram þann dag. Hraðfrystihús Grindavíkur hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 5. desember s.á. Uppboðshaldari hafði greitt varnaraðilum andvirði krafna þeirra í samræmi við frumvarpið, áður en settur frestur til andmæla var liðinn og þannig áður en sóknaraðili lagði fram andmæli sín.

Sóknaraðili heldur því fram, að gjaldþrotaúrskurður skiptaráðanda 5. desember 1989 hafi bundið enda á rétt varnaraðila til úthlutunar og/eða greiðslu af uppboðsandvirðinu. Þar sem varnaraðilum hafa þegar verið greiddar kröfur þeirra, þykir það, eins og hér stendur á, eiga undir hið reglulega bæjarþing, vilji sóknaraðili rifta umdeildri úthlutun uppboðshaldara.

Úrskurður uppboðshaldara er því staðfestur að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Úrskurður uppboðsréttar Grindavíkur 7. mars 1990.

Mál þetta var tekið til úrskurðar af sjálfsdáðum 21. febrúar sl. Sóknaraðili er þrotabú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., en varnaraðilar Sónar hf., Verslunarbanki Íslands hf., Ríkisútvarpið, Verkstjórafélag Suðurnesja, ríkissjóður, Húsnæðisstofnun ríkisins, Lífeyrissjóður málm- og skipasmiða, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík, Hekla hf., Lind hf., Gjaldheimta Suðurnesja, Kaupfélag Suðurnesja, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Hífir hf. og Netagerð Jóns Holbergssonar.

Mb. Már, GK-55, þingl. eign Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., var seldur á nauðungaruppboði 14. september 1989. Frumvarp að úthlutun uppboðsandvirðis var lagt fram 28. nóvember 1989. Jafnframt var settur frestur til að mótmæla frumvarpinu til kl. 13.30 föstudaginn 8. desember 1989. Sóknaraðili lagði fram mótmæli sín þann dag, en bú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 5. desember 1989.

Mótmæli sóknaraðila beinast að úthlutun eða greiðslu upp í kröfur varnaraðila, sem byggjast á fjárnámum og lögtökum, gerðum í eftirstöðvum uppboðsverðsins. Uppboðshaldari hafði greitt öllum varnaraðilum kröfur þeirra í samræmi við frumvarpið, áður en mótmæli sóknaraðila komu fram. Krefst sóknaraðili þess, að felld verði niður úthlutun til allra varnaraðila.

Í frumvarpi uppboðshaldara segir m.a. svo:

„Eftirtaldir aðilar hafa gert fjárnám eða lögtök í eftirstöðvum uppboðsandvirðisins og eiga að fá greitt af uppboðsandvirðinu á eftirfarandi hátt:...“

Samanlögð fjárhæð krafna varnaraðila er kr. 10.061.578.

Þeir varnaraðilar, sem mætt hafa í málinu, hafa mótmælt kröfum sóknaraðila. Við síðustu fyrirtöku málsins var ekki mætt af hálfu varnaraðilanna ríkissjóðs, Húsnæðisstofnunar ríkisins, Heklu hf., Hífis hf. og Netagerðar Jóns Holbergssonar.

Allar aðfarargerðir varnaraðila fóru fram, eftir að sala á Má, GK, fór fram á öðru og síðasta nauðungaruppboði. Sóknaraðili hefur eigi mótmælt úthlutun til veðhafa, er áttu veð í Má, GK, er hann var seldur á nauðungaruppboði. Verður að líta svo á, að varnaraðilar hafi leitað fullnustu krafna sinna í kröfu þinglýsts eiganda til úthlutunar uppboðsandvirðis. Hafa þeir því eigi gerst aðilar að uppboði á Má, GK-55. Ágreiningur um fullnustu krafna varnaraðila heyrir ekki undir uppboðshaldara þann, sem úthlutar uppboðsandvirði Más, GK, heldur undir fógeta þann, er aðför gerir kröfu til eftirstöðva uppboðsandvirðis (sic). Þá eru fjármunir þeir, er um er deilt, eigi lengur í vörslu uppboðshaldara. Skv. framansögðu verður að vísa máli þessu frá uppboðsrétti. Varnaraðilar hafa eigi haft uppi kröfur um málskostnað.

Með úrskurði, uppkveðnum 30. janúar 1990, vék hinn reglulegi uppboðshaldari í Grindavík, Jón Eysteinsson bæjarfógeti, sæti í máli þessu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 7. febr. 1990, var Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, skipaður til að fara með mál þetta sem setuuppboðshaldari, og kveður hann upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá uppboðsrétti Grindavíkur.

Mánudaginn 7. maí 1990.

Nr. 180/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Helgu Björk Einarsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. apríl sl., sem barst Hæstarétti 3. maí sl.

Kærandi krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldsvist hennar verði stytt verulega.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1990.

Ár 1990, mánudaginn 30. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Síðumúlafangelsinu af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að ákærðu, Helgu Björk Einarsdóttur, kt. 160465-4179, til lögheimilis að Krummahólum 4, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum fyrra gæsluvarðhalds, kl. 16.00 í dag, til uppkvaðningar dóms í máli þessu, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 27. júní nk. kl. 16.00. Ákærða mótmælir kröfunni.

Með ákæruskjali, útgefnu í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað opinbert mál á hendur ákærðu fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I.

Laugardaginn 1. júlí 1989 ekið fólksbifreiðinni Ö-2459 yfir gangstétt og bifreiðastæði og inn í garð hússins nr. 3 við Blikanes í Garðakaupstað í því skyni að aka á Örn Clausen hæstaréttarlögmann, sem þar var að störfum í garði sínum, er rétt náði að kasta sér frá bifreiðinni, sem hafnaði í trjárunna. Er þetta talið varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Miðvikudaginn 4. apríl 1990 á heimili sínu margsinnis haft í frammi líflátshótanir við móður sína, Kristínu Zóphóníasdóttur, og sambýlismann hennar, Eyjólf Engilbertsson, gengið um íbúðina sem sturluð væri, tekið hníf með 20 sm löngu blaði í eldhúsi íbúðarinnar og með hnífinn á lofti veist ógnandi, fyrst að móður sinni og síðan að Eyjólfi, þegar hann gekk á milli til varnar móður ákærðu, en honum tókst að ná taki á ákærðu og afvopna hana. Er þetta talið varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 11. apríl sl., var ákærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til kl. 16.00 í dag. Var það vegna sakarefnis í síðari kafla ákæru.

Af því, sem fyrir liggur um feril og hagi ákærðu, verður ekki hjá því komist að álíta hana vera hættulega umhverfi sínu. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu ákæruvaldsins til greina, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Ákærða, Helga Björk Einarsdóttir, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum fyrra gæsluvarðhalds, sem rann út kl. 16.00 í dag, meðan mál þetta er til dómsmeðferðar, og til dómsuppsögu, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 27. júní nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 7. maí 1990.

Nr. 184/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

Guðmundi Helga Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. maí sl., en hinn kærði úrskurður er kveðinn upp sama dag og barst Hæstarétti 4. s.m. Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldið verði verulega stytt.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 2. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Síðumúlafangelsi af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Guðmundi Helga Svavarssyni, atvinnulausum, kt. 140162-4349, til lögheimilis að Árbraut 19, Blönduósi, en með dvalarstað að Smiðjustíg 10, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 1. júní 1990 kl. 16.00 vegna grunar um brot kærða á 211. gr., 244. gr. og 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir.

Miðvikudaginn 25. apríl sl. kl. 7.39 var lögreglan kvödd að bensínstöð ESSO við Stórageröi í Reykjavík vegna innbrots. Við komu á staðinn fannst þar látinn Þorsteinn Guðnason, starfsmaður á bensínstöðinni, kt. 190642-3139, til heimilis að Skaftahlíð 26, Reykjavík. Við könnun á vettvangi var þegar ljóst, að honum hafði verið ráðinn bani. Miklir áverkar voru á líkinu, gapandi sár á miðju og ofanverðu höfði, kúpubein mölbrotin og níu stunguför á brjóstholi.

Í innbrotinu hurfu fjármunir, að verðmæti 542.891 kr., skv. rannsóknargögnum.

Við rannsókn máls þessa hefur beinst grunur um aðild kærða og Snorra Snorrasonar, kt. 190356-5589, Sesselju Engilráðar Barðdal, kt. 271070-4979, og Jóns Helga Hjartarsonar, kt. 200860-4629, að innbrotinu og kærða og Snorra Snorrasonar að framangreindum verknaði.

Mánudaginn 30. apríl sl. var kærði handtekinn vegna grunar um innbrotsþjófnað í Iðunnarapótek 23. apríl sl. Jafnframt fór fram húsleit að Smiðjustíg 10, Þórufelli 18 og Mávahlíð 1 hér í borg vegna grunar um þátttöku kærða í því broti.

Við húsleit fundust gögn, er þykja benda til aðildar kærða að innbroti þessu. Einnig var lagt hald á gögn, er m.a. geta bent til aðildar kærða að innbrotinu í bensínstöðina og atlögunni að Þorsteini Guðnasyni, er leiddi til dauða hans.

Rannsóknargögn, merkt M/1, S/1, Þ/1 og SUB/1, bera bletti, er gáfu svörun við blóðprófi. Nánar er hér um að ræða:

1. mittisbelti með fimm vösum, merkt M/1, er hald var lagt á við leit í Mávahlíð 1, Reykjavík,
2. eldhúshníf, merktan S/1, er lagt var hald á við leit að Smiðjustíg 10, Reykjavík,
3. svartan plastpoka, sem hefur m.a. að geyma buxur, merktar Þ/1, sem hald var lagt á við leit í Þórufelli 18, Reykjavík,
4. gallajakka, merktan SUB/1, er fannst við leit í bifreiðinni G-14872.

Samkvæmt framburði kærða og annarra yfirheyrðra munu gallajakkinn og beltið vera í eigu kærða. Páll Guðfinnur Gústavsson bar fyrir lögreglu, að framangreindar buxur tilheyrðu sér, en ekki kærða.

Kærði hefur við rannsókn málsins fyrir lögreglu og fyrir dómi neitað sakargiftum. Bar hann fyrir lögreglu, að jakki hans hafi orðið alblóðugur, er ráðist var á hann laugardagskvöldið 28. apríl sl.

Við yfirheyrslur í málinu hefur komið fram ósamræmi milli framburðar kærða og meðákærðu Sesselju Engilráðar og Jóns Helga varðandi atburði þriðjudagsins 24. apríl sl. Þá ber kærða og kærðu Sesselju ekki saman um,

hvernig staðið var að greiðslu á leigu fyrir húsnæði á Smiðjustíg 10 og hvernig peninganna var aflað, en þau eru bæði atvinnulaus.

Eftir er að rannsaka betur framburð Jóns Helga um smámynt, að fjárhæð kr. 10.000, og hvernig kærði hefur komist yfir hana. Þá er eftir að rannsaka nánar samskipti kærða við kunningja sína og þá, er hugsanlega kunna að tengjast máli þessu.

Enn fremur er eftir að framkvæma nákvæmari rannsóknir á blettum þeim, er gáfu svörun við blóðprófi.

Rökstuddur grunur þykir vera á því, að kærði sé viðriðinn brot þau, sem að framan greinir, en þau geta varðað fangelsisrefsingu skv. 211. gr., 244. gr. og 155 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, og þess, að rannsókn málsins er á frumstigi, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald á kærða, Guðmundi Helga Svavarssyni, til greina á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó þannig, að gæsluvarðhald verði til miðvikudagsins 23. maí nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Guðmundur Helgi Svavarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. maí nk. kl. 16.00.

Mánudaginn 7. maí 1990.

Nr. 498/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Halldóri Einarssyni
(Örn Clausen hrl.).

Þjófnaður. Skilorð. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1989 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins, en ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 2. mars sl. Ákæruvaldið krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu samkvæmt ákæru og greiðslu sakarkostnaðar svo og ákvörðun refsingar ásamt óafplánuðum eftirstöðvum refsivistar samkvæmt eldra dómi, en einnig þess, að refsing verði þyngd og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst þess aðallega, að refsing hans verði milduð og refsivist höfð skilorðsbundin, ef dæmd verði. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði hefur viðurkennt verknað þann, sem honum er gefinn að sök og er í héraðsdómi réttilega talinn varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir galli á verknaðarlýsingu í ákæru ekki skipta máli, eins og játningu ákærða er háttað.

Samkvæmt rannsóknargögnum voru munir þeir, er ákærði hugðist slá eign sinni á, ýmist lítils eða einskis virði og varðveittir í geymslum í kjallara húss í miðborg Reykjavíkur, sem ákærði komst að inn um ólæstar dyr. Virðist tilviljun hafa ráðið nokkru um, að hann leiddist til verknaðarins. Taka ber tillit til þessa við ákvörðun refsingar, en hana hefði mátt ákveða með vísan til 256. gr. almennra hegningarlaga, ef ákærði hefði ekki áður gerst sekur um auðgunarbrot. Ekki er kunnugt um aðrar sakir á hendur honum, eftir að hann fékk reynslulausn frá refsivist 27. desember 1988.

Eins og í héraðsdómi segir, ber samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr.

almennra hegningarlaga að ákveða refsingu fyrir brot ákærða í einu lagi með ólokinni refsingu samkvæmt dómi Mölndals tingsrätt í Svíþjóð 30. september 1987, er var 240 daga fangelsi, og með hliðsjón af henni. Telst refsingin hæfilega ákveðin, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, 9 mánaða fangelsi, eins og tiltekið var í héraðsdómi. Með vísan til þess, er fyrr greinir um verknað ákærða og hagi hans, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Dæma ber og ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og laun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. maí 1989.

Ár 1989, föstudaginn 12. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 237/1989: Ákæruvaldið gegn Halldóri Einarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 19. apríl sl., á hendur „Halldóri Einarssyni, Sólvallagötu 25, Reykjavík, kennitala 210460-3579, fyrir þjófnað með því að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 15. febrúar 1989, stolið sjónvarpstæki, plötuspilara og 4 kössum af ýmsu dóti, meðal annars bókum og styttum, í kjallara hússins nr. 10 við Ingólfsstræti í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði heldur ekki uppi vörnum í málinu og hefur viðurkennt ákæruna rétta.

Sakaferill ákærða er sem hér segir samkvæmt sakavottorði hans:

1978: Ákærufrestun í 2 ár fyrir þjófnað.
1983: Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár fyrir þjófnað.
1983: 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir þjófnað.
1984: 2 mánaða fangelsi fyrir fíknilagabrot. Dómur Hæstaréttar í sama máli 4 mánaða fangelsi.
1984: 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.
1985: 45 daga fangelsi fyrir fíknilagabrot.
1985: Sakfelldur fyrir hlutdeild í þjófnaði, ekki gerð refsing.
1987: Mölndals tingsrätt í Svíþjóð, 2 ára fangelsi fyrir fíknilagabrot.

27/12 1988 var ákærða veitt reynslulausn úr fangelsi í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 240 dögum. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar hefur hann ekki afplánað eftirstöðvarnar.

Þá hefur ákærði samtals 5 sinnum sæst á sektargreiðslur vegna umferðar- og fíknilagabrota.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt miðvikudagsins 15. febrúar sl. var lögreglan kvödd að Þingholtsstræti 12. Þar var verið að bera varning út í leigubifreið og talið, að um þýfi væri að ræða. Lögreglan kom á staðinn og lagði þar hald á hljómflutningstæki, styttur og gamlar bækur. Tveir menn voru við leigubifreiðina, en tóku báðir til fótanna, er lögreglan kom. Hún handtók þá báða skömmu síðar. Ákærði var annar, en hinn reyndist ekki við málið riðinn.

Athugun lögreglu leiddi í ljós, að í kjallara hússins nr. 10 við Ingólfsstræti var opin hurð, en ekki merki um innbrot. Þar voru sams konar hlutir og teknir höfðu verið í leigubifreiðinni. Við leit heima hjá ákærða afhenti hann lögreglu sjónvarpstæki, plötuspilara og óáteknar snældur, er hann kvaðst hafa stolið úr þessum sama kjallara nokkrum dögum áður. Engar bótakröfur eru gerðar, enda mun allt hafa komist til skila.

Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa farið inn í kjallara húss við Ingólfsstræti í febrúar sl. og stolið þaðan þeim hlutum, sem upp eru taldir í ákærunni. Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um verknað þann, sem honum er gefinn að sök í ákæruskjali og er þar rétt færður til refsiákvæðis.

Með þessum dómi ber samkvæmt 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga að taka upp og dæma með reynslulausnina, er ákærði fékk þann 27. desember sl. Refsing ákærða, ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, er hæfileg 9 mánaða fangelsi.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Einarsson, sæti fangelsi í 9 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maí 1990.

nr. 95/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Þorvaldi Ragnarssyni
(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 2. mars sl. og jafnframt af hálfu ákæruvalds. Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Af hálfu varnaraðila er aðallega krafist frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, og fari refsing fram úr sekt, er þess krafist, að hún verði skilorðsbundin.

Ákærði játaði sekt sína og vefengdi hvorki radarmælingu lögreglu fyrir rannsóknarlögreglu né fyrir dómi. Fyrir dómi kynnti hann sér öll fram lögð gögn málsins og gerði ekki athugasemdir við þau. Eins og hér háttar til, verður því að telja, að kröfur 1. mgr. 75. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976, séu uppfyllltar. Verður því frávísunarkrafa varnaraðila ekki tekin til greina. Rétt hefði þó verið, að frumgögn um radarmælinguna og aðstæður við hana væru lögð fram.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða. Við refsiákvörðun ber að líta til sakaferils ákærða, eins og honum er lýst í héraðsdómi, sbr. 70. gr., 1. mgr. 5. tl. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er refsingin réttilega ákveðin í héraðsdómi.

Brot ákærða var framið 16. júní 1988, og var lögregluskýrsla gerð þann dag. Ákærði gaf skýrslu fyrir lögreglu 17. ágúst s.á. hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, sem 16. september s.á. sendi málið til yfirsakadómarans í Reykjavík. Fulltrúi yfirsakadómara sendi síðan málið til ríkissaksóknara 13. nóvember 1989, án þess að málið hefði hlotið nokkra meðferð í sakadómi. Átelja verður þennan

óhæfilega drátt málsins í sakadómi Reykjavíkur. Þar sem mál þetta hefur verið svo slælega rekið, þykir mega skilorðsbinda refsingu ákærða.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Ragnarsson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. desember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 8. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 608/1989: Ákæruvaldið gegn Þorvaldi Ragnarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. f.m., á hendur ákærða, Þorvaldi Ragnarssyni, áður að Laugavegi 86, nú að Ystaseli 30 í Reykjavík, kennitala 081161-3569.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka, að kvöldi fimmtudagsins 16. júní 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-35722 frá veitingahúsinu Royal, Nýbýlavegi 22, Kópavogi, áleiðis að Ásbraut og fyrir að aka vestur Kársnesbraut með allt að 87 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla austan við hús nr. 9.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærði, Þorvaldur Ragnarsson, hefur viðurkennt að hafa fimmtudagskvöldið 16. júní 1988 ekið fólksbifreiðinni R-35722, sviptur ökuleyfi ævilangt, frá veitingahúsinu Royal, Nýbýlavegi 22 í Kópavogi, áleiðis að húsi við Ásbraut þar í bænum, en akstri lauk klukkan 20.25 fyrir afskipti tveggja lögreglumanna, er mældu með ratsjá hraða bifreiðarinnar á leið vestur Kársnesbraut, og reyndist hún á 87 km hraða, en leyfður hámarkshraði á götunni er 50 km. Hefur ákærði ekki vefengt hraðamælinguna.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða um fyrra ákæruatriðið og hraðamælingum tveggja lögreglumanna, sem ákærði hefur ekki vefengt, er sannað, að hann hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákærunni og þar er rétt fært til refsiákvæða.

Sakaferill ákærða.

1979 23/1 Akranes. Sátt: 100.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 23.1.1979.

1981 26/10 Akranes. Sátt: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá 26.10.1981.

1983 25/8 Akranes. Dómur: 12.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 2.12.1983.

1986 22/3 Akranes. Dómur: Varðhald 30 daga fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 22.3.1986. Veitt heimild til ökuleyfis á ný 22.6. 1989.

1987 26/10 Suður-Múlasýsla, Eskifjörður. Sátt: 16.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af fyrri brotum hans á umferðarlögum og 77. gr. almennra hegningarlaga varðhald í 30 daga.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Ragnarsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 8. maí 1990.

Nr. 249/1988. **Rafmagnsveitur ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Eyjólfi Erni Jóhannssyni
(Jóhann Salberg Guðmundsson hrl.).

Verklaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Að fengnu áfrýjunarleyfi 15. ágúst 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hafa áfrýjendur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. ágúst 1988. Áfrýjendur krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að „tildæmdar fjárhæðir verði verulega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður".

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ósannað er, að samið hafi verið um tiltekna þóknun fyrir verk það, er stefndi vann í þágu Rafmagnsveitna ríkisins og málið fjallar um. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, taldi þá þóknun, sem stefndi áskildi sér fyrir verkið, eigi ósanngjarna eftir atvikum. Þessu mati héraðsdóms hefur eigi verið hnekkt. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans að öðru leyti en því, að vextir reiknast eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda óskipt 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að áfrýjendur, Rafmagnsveitur ríkisins og fjármálaráð-

herra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Eyjólfi Erni Jóhannssyni, óskipt 3,75% dráttarvexti á mánuði af 50.675 krónum frá 1. október 1985 til 1. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þó skulu dráttarvextir aldrei vera hærri á þessu tímabili en 45% ársvextir.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. apríl sl., er höfðað af Eyjólfi Erni Jóhannssyni, nnr. 1774-1209, Fálkagötu 3, Reykjavík, með stefnu, birtri 4. mars 1986, á hendur Rafmagnsveitum ríkisins, nnr. 7126-4186, Laugavegi 118, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 53.675, með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði frá 1. júní 1985 til 1. september s.á., með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl s.á., með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6. maí s.á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist skuldabréfavaxta skv. reglum Landsbanka Íslands frá 1. júní 1985 til greiðsludags, en til þrautavara annarra lægri vaxta að mati dómsins. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavextir og málsástæður stefnanda.

Skuldina kveður stefnandi vera ógreidd laun fyrir verk, sem stefnandi innti af hendi fyrir stefnda Rafmagnsveitur ríkisins á árinu 1985, og tilheyr-

andi kostnað. Verkið hafi verið fólgið í hönnun hugbúnaðar vegna mælaskráningarkerfis Rafmagnsveitna ríkisins. Um sé að ræða samtals 117 stundir, sem verkið tók, og séu reiknaðar kr. 775 fyrir hverja stund. Verkið hafi verið unnið í apríl 1985 nema 2 stundir, sem unnar hafi verið í september s.á. Bifreiðakostnaður vegna verksins sé reiknaður alls kr. 3.000,00. Samtals nemi þessir liðir kr. 93.675. Í maímánuði 1985 hafi stefndi Rafmagnsveitur ríkisins greitt upp í kröfuna kr. 40.000, og sé mismunurinn kr. 53.675 stefnukrafan í máli þessu. Vextir séu reiknaðir af þeirri fjárhæð. Stefndi Rafmagnsveitur ríkisins hafi eigi fengist til þess að greiða kröfuna þrátt fyrir áskoranir.

Stefnandi vísar til almennra reglna um skyldu verkkaupanda til þess að greiða laun þeim, sem verk innir af hendi fyrir kaupanda, og sé hér um að ræða grundvallarreglu laga.

Stefnandi hafi tekið að sér umrætt verk að ósk Þórarins K. Ólafssonar, deildarstjóra rafmagnsdeildar Rafmagnsveitna ríkisins. Þeim Þórarni hafi orðið rætt um greiðslu til stefnanda fyrir verkið, og hafi þá verið nefndir taxtar fyrir tilsvarandi verk. Því telji stefnandi sig hafa réttmæta ástæðu til að ætla, að reikna mætti laun fyrir umrætt verk eftir því, sem tíðkist um útselda vinnu frá kerfisfræðistofum, enda vart um annað að ræða til að miða við og fara eftir, og séu framlagðir reikningar gerðir samkvæmt þessu.

Málsástæður stefnda.

Svo sem fram komi í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins á dskj. nr. 12, hafi stefnanda verið falið að útbúa einfalt innsláttarkerfi vegna mælaskráningar við Rafmagnsveitur ríkisins. Það kerfi skyldi byggjast á gögnum, sem þegar höfðu verið útbúin á vegum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitur ríkisins höfðu fengið afhent þaðan. Þetta kerfi skyldi aðlaga aðstæðum hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Hafi verið samið við Þorleif Finnsson tæknifræðing, þáverandi deildarstjóra mæladeildar Rafmagnsveitu Reykjavíkur, um aðstoð við framkvæmd verksins hjá Rarik. Þessi aðdragandi málsins muni hafa gerst á árinu 1984.

Stefnandi, sem þá var starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins, hafi hafið starf sitt í byrjun ársins 1985. Áður en vinna hans hófst við þetta verkefni, hafi Þorleifur Finnsson átt fundi með honum og farið nákvæmlega yfir verkefnið. Stefnandi hafi hins vegar ekki náð að ljúka þessu verkefni, þar sem hann hætti störfum fyrir Rafmagnsveitur ríkisins í lok janúar 1985.

Í framhaldi af þessu hafi verið gerður samningur milli stefnanda og Rafmagnsveitna ríkisins þess efnis, að stefnandi skyldi ljúka verkinu sem verktaki. Fyrir hönd rafmagnsveitnanna hafi Þórarinn K. Ólafsson, yfirverkfræðingur rafmagnsdeildar, annast samningsgerð. Þessari samningsgerð hafi hann lýst á bls. 2-3 á dskj. nr. 12. Samkvæmt því sé ljóst, að stefnanda

hafi verið boðnar sem næst kr. 400 á tímann fyrir verkið. Hafi þá verið haft í huga, að greiddur yrði sem næst helmingur af tímakaupi skv. gjaldskrá, sem fram komi á dskj. nr. 7 og 8. Sú gjaldskrá eigi við um verkfræðinga og aðra háskólamenntaða menn. Stefnandi hafi ekki próf í tölvunarfræðum. Fyrir því muni vera nokkur fordæmi hjá Rafmagnsveitum ríkisins, að samið sé við fyrrum starfsmenn um, að þeir ljúki hálfloknum verkum með þeim kjörum, að þeir fái sem næst helming þess tímakaups, sem gjaldskrár geri ráð fyrir. Þetta hafi stefnanda verið fullkunnugt um, þegar samið var um verkið við hann. Ljóst sé, að hann hafi fallist á þessa skilmála.

Í annan stað hafi verið gengið út frá því og um það rætt í samningsgerð, að verkið fæli í sér sem næst einnar viku vinnu. Hafi þar verið byggt á upplýsingum Eyjólfs sjálfs. Í því felist, að tímafjöldi yrði nálægt 40 klst. Af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins hafi því verið litið svo á, að samningur aðilja um kaup og tímafjölda væri svo ljós, að ekki þyrfti að valda deilum.

Á því sé einnig vakin athygli, að stefnandi vann verk sitt hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Í raun hafi hann því notið allrar sömu aðstöðu og hann áður hafði haft sem starfsmaður fyrirtækisins. Einnig þetta atriði hafi legið til grundvallar því, hvaða tímakaup rafmagnsveiturnar voru reiðubúnar að greiða stefnanda fyrir verk hans.

Áður en verkinu lauk, hafi stefnandi framvísað reikningi á dskj. nr. 2. Er hann var lagður fram, hafi stefnandi lýst því yfir, að hann vildi ekki sætta sig við annað tímakaup en það, sem gilti samkvæmt taxta á dskj. nr. 7 og 8. Þetta hafi verið þvert á samning, sem áður hafði verið gerður. Þessu hafi tafarlaust verið hafnað af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins. Hins vegar hafi honum verið greiddar kr. 40.000. Því sé haldið fram, að með þessari greiðslu hafi verið fullgreitt og ríflega það fyrir verkið allt á grundvelli þess samnings, sem áður hafði verið gerður. Í því breyti engu, þótt hluti verksins hafi enn verið óunninn, þegar greiðslan fyrir verkið var innt af hendi.

Þegar dskj. nr. 13 var lagt fram, hafi stefnda Rafmagnsveitum ríkisins fyrst orðið ljóst, að stefnandi var að búa til mun meira en það einfalda innsláttarkerfi, sem honum hafði verið falið að hanna. Um þetta aukna umfang verksins hafi aldrei verið beðið. Tekið skuli fram, að ekki hafi verið setið yfir stefnanda, meðan hann vann verk sitt, og hafi því ekki orðið ljóst, fyrr en hann upplýsti sjálfur, hvaða afbrigði þarna höfðu átt sér stað. Á þessu beri hann sjálfur ábyrgð, en ekki stefndu. Einhliða ákvörðun stefnanda um aukningu verksins langt út fyrir samning aðilja geti engu breytt um samningsskyldur stefndu.

Hluti af kröfu stefnanda sé greiðsla fyrir bílkostnað. Aldrei hafi verið samþykktur kostnaður af því tagi. Ekki verði heldur séð nauðsyn þess, að slíkur kostnaður þyrfti að koma til.

Lögmaður stefndu mótmælti því, að varakrafa og þrautavarakrafa stefnanda, sem gerðar voru um vexti við munnlegan málflutning, komist að í málinu án framhaldsstefnu, með vísan til 113. gr. l. nr. 85/1936.

Við munnlegan málflutning byggði lögmaður stefndu sýknukröfu stefndu m.a. á lögjöfnun frá 5. gr. l. nr. 39/1922, fallist dómur ekki á að telja sannað, að samið hafi verið um ákveðið gjald fyrir verk stefnanda. Þá mótmælti lögmaðurinn enn fremur kröfu stefnanda um 3,75% vaxtafót tímabilið 1. september 1985 til 1. mars 1986, auk þess sem hann mótmælti upphafstíma vaxtakröfu með vísan til 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

III.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt, að gerður var samningur við stefnanda um, að hann tæki að sér að ljúka hönnun á forriti, sem hann hafði hafið, er hann var starfsmaður hjá stefnda Rarik. Samningurinn var munnlegur, og er deilt um, hverjar greiðslur stefnandi skyldi fá fyrir verkið og hvert umfang verksins skyldi vera. Starfskjör hans skyldu annars vera þau, að honum var lögð til vinnuaðstaða á skrifstofu Rarik.

Ósannað er, að samið hafi verið við stefnanda um, að hann fengi greiddar kr. 400 á tímann, eins og stefndu halda fram. Þar sem krafa stefnanda um kr. 775 pr/klst. telst ekki ósanngjörn fyrir þá vinnu, sem hann innti af hendi, skv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu um taxta fyrir sambærilega útselda vinnu á þessum tíma, þá ber að taka hana til greina með vísan til meginreglu 5. gr. l. nr. 39/1922. Ósannað er, að sú vinnuaðstaða, sem stefnanda var lögð til, hafi átt að koma til lækkunar á greiðslum til hans, en af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram og færð að því rök, að það hafi verið hagræði fyrir stefnda, að stefnandi ynni verkið á starfsstofu Rarik. Hefur því ekki verið andmælt. Hins vegar er ósannað, að samið hafi verið um greiðslur vegna bílkostnaðar, og hefur stefnandi ekki fært rök að því, að honum hafi borið slíkar greiðslur.

Varðandi umfang verksins þá liggur fyrir, að af hálfu stefndu var fylgst með starfi stefnanda, og komu m.a. fram óskir um frekari útfærslu á verkinu af hálfu þess starfsmanns, sem einkum átti að nota innsláttarkerfi það, sem stefnandi var að hanna. Er upplýst, að aldrei voru gerðar athugasemdir við verk hans, fyrr en hann fór að krefja um greiðslu fyrir það. Höfðu stefndu þó alla möguleika á því að fylgjast með framgangi þess. Þá liggur ekki fyrir annað en að stefndi hafi notað kerfi stefnanda, og er ósannað, að stefnandi hafi farið út fyrir verkssvið sitt við hönnun þess.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því, að umkrafinn bílkostnaður dæmist ekki. Vextir dæmast, eins og greinir í dómsorði, frá 1. október 1985.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 37.979, þ.m.t. söluskattur, kr. 3.979.

Dóminn kváðu upp Sigríður Ólafsdóttir borgardómari, Oddur Benediktsson prófessor og Jóhann Malmquist prófessor.

Dómsorð:

Stefndu, Rafmagnsveitur ríkisins, Laugavegi 118, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Eyjólfi Erni Jóhannssyni, Fálkagötu 3, Reykjavík, kr. 50.675 ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. október 1985 til 1. mars 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 6. maí s.á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á. og með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 37.979 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. maí 1990.

Nr. 334/1989. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Fríðu Ingibjörgu Magnúsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Misneyting. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1989 að ósk ákærðu og einnig af ákæruvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærðu, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, heitir hún fullu nafni Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir og er fædd í Mýrasýslu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann með þeirri breytingu, að refsing ákærðu ákveðst varðhald í fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærða, Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir, sæti varðhaldi fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 2. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 352/1989: Ákæruvaldið gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur, sem tekið var til dóms 12. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 28. júlí 1988, á hendur ákærðu, Ingibjörgu Magnúsdóttur, Krummahólum 6, Reykjavík, fæddri 1. júlí 1929 í Borgarfjarðarsýslu, „fyrir fjársvik og misneytingu gagnvart Ágústi Jónssyni, Drekavogi 18, Reykjavík, fæddum 27. júlí 1905, með því að hafa með sviksamlegum hætti notfært sér skert andlegt ástand Ágústs vegna heilabilunar hans til þess að hafa af honum fé og afla sér og öðrum hagsmuna þannig að bersýnilegur munur var á hagsmunum þessum og endurgjaldi því sem fyrir þá kom og einnig hagsmuna sem veittir voru án endurgjalds, svo sem hér greinir:

I.

1. Fengið Ágúst Jónsson til þess að selja sér íbúð í kjallara hússins nr. 18 við Drekavog í Reykjavík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum með kaupsamningi 5. júní 1986 fyrir kr. 1.100.000 og greiðslukjörum, sem eru þannig, að eignin var seld á verði langt undir eðlilegu markaðsverði.

2. Með kaupsamningi sama dag fengið Ágúst til þess að selja barnabarni sínu, Ingibjörgu Ingimarsdóttur, Krummahólum 6, Reykjavík, íbúð á hæð sama húss auk bifreiðargeymslu og tilheyrandi lóðarréttinda fyrir kr. 1.900.000 og með greiðslukjörum sem eru þannig að eignin var seld á verði langt undir eðlilegu markaðsverði.

II.

1. Fengið Ágúst til þess að stofna kjörbók nr. 61933 við Landsbanka Íslands í nafni ákærðu hinn 26. maí 1986 og leggja inn á hana samdægurs kr. 394.104,62 sem var sú upphæð sem lá inni á kjörbók Ágústs nr. 60116 við sama banka.

2. Fengið Ágúst til þess að leggja hinn 30. maí 1986 inn á sömu kjörbók nr. 61933 kr. 489.719,42 sem var sú upphæð sem lá inni á kjörbók Viktoríu Guðmundsson, mágkonu Ágústs, sem búsett var í Bandaríkjunum, nr. 60115, við Landsbanka Íslands.

8. ágúst 1986 tók ákærða alla innstæðu út úr nefndri kjörbók nr. 61933 við Landsbanka Íslands, Langholtsútibú.

3. Þann 26. maí 1986 farið með Ágúst í Samvinnubankann, aðalbanka, þar sem Ágúst að undirlagi ákærðu millifærði kr. 36.973,89 úr reikningi sínum nr. 218514 inn á sparisjóðsbók ákærðu nr. 34948 við sama banka.

III.

Þann 2. júní 1986 farið með Ágúst á skrifstofu borgarfógetaembættisins, Skógarhlíð 6, Reykjavík, þar sem Ágúst að fyrirlagi ákærðu undirritaði nýja erfðaskrá, en samkvæmt henni skal ákærða taka í arf eftir Ágúst 1/3 allra eigna hans. Jafnframt voru erfðaskrár Ágústs, dags. 12. júlí 1960 og 9. júlí 1976, felldar úr gildi.

Háttsemi ákærðu telst varða við 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

Málavextir.

Með bréfi, dagsettu 6. október 1986, kærði Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður ákærðu í máli þessu fyrir „meint misferli" við „kaup á húseigninni Drekavogi 18, Reykjavík, af Ágústi Jónssyni..." Jafnframt óskaði lögmaðurinn rannsóknar á úttektum af bankareikningi Ágústs um mánaðamót maí og júní 1986 og gerð erfðaskrár 2. júní sama ár. Kvað hann Ágúst hafa verið haldinn ellisljóleika, þegar umræddir gerningar áttu sér stað, og ákærða notfært sér það með saknæmum og ólögmætum hætti með því að koma á tveimur kaupsamningum um efri og neðri hæð ofangreindrar húseignar, láta Ágúst gefa sér samtals 1.023.862 krónur af sparifé sínu og fá hann til að breyta erfðaskrá sinni og arfleiða ákærðu að 1/3 allra eigna sinna.

Lögmaðurinn höfðaði enn fremur mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, annars vegar á hendur ákærðu í máli þessu og hins vegar dótturdóttur hennar, Ingibjörgu Ingimarsdóttur, til riftunar og ógildingar á ofangreindum löggerningum. Féllu dómar í málunum 11. nóvember 1988, og voru kaupsamningarnir og erfðaskráin ógilt og ákærða dæmd til að endurgreiða Ágústi Jónssyni 920.795,93 krónur ásamt vöxtum frá 9. október 1986 til greiðsludags.

Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 20. maí 1987, var Ágúst sviptur fjárræði að eigin ósk.

Ofangreindur Ágúst Jónsson er samkvæmt gögnum málsins fæddur 27. júlí 1905. Hann eignaðist hinn 13. nóvember 1930 dóttur utan hjónabands, Önnu Dóru að nafni, en hún ólst upp hjá móður sinni. Hann kvæntist þann 16. maí 1933 Huldu Long Ingibergsdóttur, móður ákærðu í máli þessu, en þau skildu 5. desember 1947. Hinn 19. febrúar 1949

kvæntist Ágúst Svövu Halldóru Sigurðardóttur, sem lést þann 17. apríl 1976.

Vitnið Ágúst Jónsson gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 25. nóvember 1986 og hér fyrir dómi 12. ágúst 1988, en við þá skýrslugjöf mundi hann lítið sem ekkert til málsatvika. Vitnið skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að eftir að þau Hulda Ingibergsdóttir hefðu skilið árið 1947, hefði dóttir hennar, ákærða í málinu, farið af heimilinu og allt samband milli vitnisins og ákærðu slitnað. Vitnið minnti, að það hefði hitt ákærðu árið 1986 af tilviljun, en ekki mundi vitnið, hvar það hefði verið. Þá hefði ákærða boðist til að „gera allt" fyrir vitnið og gæta þess eins og barns. Efndir á þessu hefðu engar orðið. Hefði hún, nokkru eftir að þau hefðu hist fyrst, farið að heimsækja vitnið annað slagið og látið vel að því og sagt, að vitnið hefði alið sig upp, og klappað því. Hefði ákærða tvívegis boðið vitninu heim til sín. Fannst vitninu, eftir á að sjá (sic), að ákærða hefði náð einhverju valdi yfir því og vitninu virst allt rétt, sem hún hefði sagt og gert. Hefði ákærða aldrei veitt vitninu neina þjónustu og það aldrei keypt neitt af henni.

Ákærða kveðst hafa komist í kynni við Ágúst, er hún hafi verið tveggja ára, en þá hafi móðir sín og Ágúst gifst. Kveðst ákærða hafa alist upp á heimili hans og móður sinnar til 18 ára aldurs, en þá hafi Ágúst og móðir sín skilið. Hafi Ágúst gifst einu eða tveimur árum eftir skilnaðinn og konan, sem hann hafi gifst, ekkert samband viljað hafa við ákærðu og móður hennar. Ákærða kveðst hafa flust til Grindavíkur árið 1949 og búið þar til ársins 1962. Hafi Ágúst komið að minnsta kosti þrisvar á heimili ákærðu þar, en hann hafi verið bílstjóri hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Árið 1962 kveðst ákærða hafa flust í Kópavog og ekkert samband haft við Ágúst, en þau stöku sinnum hist á förnum vegi. Árið 1984 kveðst ákærða hafa hitt Ástu, systur Ágústs, og hún sagt, að hann væri mjög einmana, og hvatt ákærðu til að heimsækja hann. Kveðst ákærða hafa boðið Ágústi heim til sín á gamlaárskvöld árið 1984. Hann hafi ekki komið, en þakkað ákærðu mikið fyrir. Hafi ákærða þá sagt, að hún myndi líta til hans í kaffi, en það dregist og Ágúst þá hringt í ákærðu og „rukkað" hana um heimsóknina. Eftir það kveður ákærða, að þau Ágúst hafi farið að hafa reglulega samband og hann orðið mjög óþolinmóður, ef hún kom ekki til hans á tveggja til þriggja daga fresti. Segir ákærða, að Ágúst hafi komið sér þannig fyrir sjónir, að hann hafi verið mjög glaður og hress í bragði, hlýr, opinn og gjafmildur. Hafi hann alltaf viljað vera að gefa ákærðu eitthvað, þegar hún kom í heimsókn. Ákærða kveður aldrei hafa staðið til, að Ágúst yrði á framfæri hennar, og engin verðmæti hafa gengið frá sér til hans. Þá kveðst ákærða aldrei hafa veitt Ágústi neina þjónustu.

Ákærða kveður Ágúst að sínu mati alls ekki hafa verið hruman eða

sljóan á þessum tíma eða síðar, heldur hafi hann þvert á móti verið ern og hress og haft mjög skýra hugsun og vitað nákvæmlega, hvað hann var að gera.

Verður nú vikið að einstökum þáttum ákærunnar.

I.

1. Með kaupsamningi, dagsettum 5. júní 1986, seldi Ágúst Jónsson ákærðu í máli þessu kjallaraíbúð ásamt tilheyrandi lóðarréttindum í húsinu nr. 18 við Drekavog hér í borg. Var kaupverðið ákveðið 1.100.000 krónur. Skyldi greiða 500.000 krónur við undirritun kaupsamnings og eftirstöðvarnar, 600.000 krónur, með útgáfu skuldabréfs 1. júlí 1986. Ekki er getið um, til hve langs tíma bréfið sé gefið út, en sagt, að greiða skuli fyrst af því 1. júlí 1987. Ástand eignarinnar er sagt lélegt og að það þurfi að skipta um þakklæðningu og járn og auk þess leki eignin. Í samningnum er og ákvæði um, að Ágúst skuli hafa afnot af hinni seldu eign svo lengi sem hann sjálfur kjósi. Samning þennan undirrituðu ákærða og Ágúst, og vottar á honum eru Ragnar Kristinsson, sonur ákærðu, og Ægir K. Bjarnason, kunningi Ragnars. Samningurinn var við undirskrift dagsettur 4. júní 1984 vegna mistaka.

2. Þá var sama dag og að framan greinir undirritaður kaupsamningur milli umræddS Ágústs og Ingibjargar Ingimarsdóttur, dótturdóttur ákærðu, sem þá var ófjárráða fyrir aldurs sakir, þar sem Ágúst selur Ingibjörgu íbúð á efri hæð sama húss auk bifreiðargeymslu og tilheyrandi lóðarréttinda fyrir 1.900.000 krónur. Skyldu 500.000 kr. greiðast við undirskrift samningsins, en eftirstöðvarnar, 1.400.000 krónur, með væntanlegu láni Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem kaupandi muni sækja um og seljandi skuldbindi sig til að bíða eftir. Þá segir, að fái kaupandi ekki lánið eða lán að lægri fjárhæð, skuli hann gefa út skuldabréf, tryggt með veði í hinni seldu eign, fyrir mismuninum. Skuli skuldabréfið tryggt með lánskjaravísitölu og greiðast á 10 árum, vaxtalaust. Ástand eignarinnar er sagt lélegt, t.d. þurfi að skipta um þakklæðningu og járn á þaki, og eins leki eignin, og sé kaupanda þetta ljóst. Undir samning þennan rita Ágúst Jónsson sem seljandi og Ingibjörg Ingimarsdóttir sem kaupandi og enn fremur ákærða sem fjárhaldsmaður dótturdóttur sinnar. Vottar eru þeir sömu og á hinum samningnum.

Vitnið Ágúst Jónsson kannaðist við undirskrift sína á samningum þessum. Kveðst vitnið ekki hafa lesið samningana, og þá hafi þeir ekki verið lesnir fyrir sig og vitnið ekki áttað sig á, hvað það hafi verið að gera, fyrr en löngu síðar. Þá hafi vitnið ekki vitað, hver hafi annast um samningsgerðina. Kveðst vitnið hafa selt húseignina að undirlagi ákærðu. Hafi vitnið verið orðið einstæðingur. Bróðir þess, Eiríkur, hafi verið nýlátinn og vitnið

ekki haft til neins að leita varðandi ráðleggingu um söluna. Vitnið kveðst enga greiðslu hafa fengið í hendur vegna salna þessara.

Vitnið Sverrir Sædal Kristjánsson kveður ákærðu og Ágúst Jónsson hafa komið á fasteignasölu sína hér í borg og erindi ákærðu verið að fá aðstoð vitnisins til að gera samning um fasteign Ágústs, þar sem hann seldi dótturdóttur ákærðu hluta húss, er Ágúst átti. Kveðst vitnið hafa beðið ákærðu um þau gögn, er þyrfti: veðbókarvottorð, leyfi til setu í óskiptu búi og önnur drög að samningnum, og hafi ákærða haft allt frumkvæði í þessu. Eftir tvo daga hafi ákærða komið með gögnin og vitnið lagt málið fyrir Hafstein Baldvinsson hæstaréttarlögmann, sem hafi séð um alla samningagerð fyrir fasteignasöluna. Hafi Hafsteinn boðað ákærðu og Ágúst til viðræðna um samningagerð, en svo mikið hafi legið á, að hann hafi vísað málinu frá sér vegna tímaskorts. Vitnið kveður Ágúst hafa verið mjög aðgerðalítinn í þessari umræðu. Hafi ákærða sagt, að Ágúst væri að gefa sér efri hæð hússins, og hafi vitnið litið svo á, að Ágúst ætlaði að selja dótturdóttur hennar hæðina og láta andvirðið ganga til ákærðu. Kveður vitnið Ágúst hafa komið sér fyrir sjónir sem þægilegur, eldri maður, og hafi vitninu virst hann alveg vera með á nótunum, um hvað hafi verið að fjalla.

Í yfirheyrslu í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 7. apríl 1988 kemur fram hjá Hafsteini Baldvinssyni hæstaréttarlögmanni, sem nú er látinn, að er hann hafi rætt við ákærðu og Ágúst á skrifstofu sinni og spurt um ástæður þess, að verið væri að afsala eigninni og hvort það væru ekki einhverjir aðrir aðilar eða erfingjar eftir Ágúst, sem kynnu að hafa af þessu hagsmuni, og viljað fá að ræða einslega við Ágúst, hafi ákærða alltaf orðið fyrri til að svara, þannig að hann hafi aldrei fengið nein svör frá Ágústi. Hafi hann þá beðið þau um að doka við og ætlað að hugsa sinn gang í málinu. Hann hafi beðið þau að ganga út fyrir og ákærða þá sagt, að þau myndu bara koma aftur. Kvaðst Hafsteinn ekki hafa viljað koma nærri málinu, þar sem hann hefði fengið lítil svör frá Ágústi, og afskiptum hans af málinu lokið við svo búið.

Vitnið Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður kveður ákærðu hafa leitað til sín fyrri hluta júnímánaðar árið 1986 og beðið vitnið að útbúa tvo kaupsamninga um fasteignina að Drekavogi 18. Hafi kaupsamningar þessir verið innan fjölskyldu, þar sem „pabbi" ákærðu hafi verið seljandinn að sögn hennar. Verð og greiðslufyrirkomulag hafi verið búið að ákveða áður, enda hafi fasteignasali haft afskipti af málinu. Hafi þó nokkuð legið á að ganga frá samningunum, þar sem ákærða hafi verið á leið til Bandaríkjanna, og hafi hún nefnt, að „pabbi" sinn legði mikla áherslu á að ganga frá þessum málum, áður en hún héldi þangað. Vitnið kveðst ekki hafa skoðað eignina og einungis aflað sér upplýsinga um

fasteigna- og brunabótamat hennar. Kveðst vitnið aldrei hafa hitt eða rætt við Ágúst. Hafi báðir samningarnir verið gerðir á skrifstofu vitnisins sama dag og sóttir síðar. Hafi ákærða ekki kynnt vitninu, að Ágúst væri að gefa húseignina.

Vitnið Ragnar Heiðar Kristinsson, sonur ákærðu, kveðst hafa kynnst Ágústi Jónssyni um jólin 1984, og hafi hann komið vitninu fyrir sjónir sem venjulegur eldri maður og verið andlega og líkamlega hress að mati vitnisins. Segir vitnið nokkrum sinnum hafa borist í tal, að Ágúst vildi gefa ákærðu kjallaraíbúðina að Drekavogi 18, en selja Ingibjörgu Ingimarsdóttur hæðina. Hafi hann um áramótin 1985-1986 rætt það í sinni viðurvist, að hann vildi, að móðir sín fengi nefnda húseign. Um miðjan maí árið 1986 hafi þetta síðan verið fastmælum bundið milli þeirra. Minnti vitnið, að það hefði fengið skilaboð frá ákærðu um að koma í Drekavog 18 til að líta á húsið og vitnið farið þangað ásamt Ægi K. Bjarnasyni. Þar kveðst vitnið fyrst hafa séð kaupsamningana tvo, sem vitnið og Ægir hafi verið beðnir um að votta. Kveðst vitnið hafa horft á Ágúst og ákærðu undirrita samningana, en áður hafi ákærða lesið þá upp í grófum dráttum. Vitnið kveðst ekki hafa getað merkt annað en Ágúst gerði sér fulla grein fyrir, hvað hann var að gera, er hann undirritaði samningana.

Vitnið Ægir Kári Bjarnason kveðst hafa verið í útréttingum með Ragnari Heiðari og þeir komið við í Drekavogi 18. Þar hafi þeir hitt fyrir ákærðu og fósturföður hennar, að því er vitnið taldi. Þarna hafi verið að ganga (sic) frá undirritun tveggja kaupsamninga. Hafi vitnið horft á ákærðu og Ágúst rita nöfn sín á samningana og vitnið ritað nafn sitt sem vottur á þá. Minnti vitnið, að ákærða hefði lesið samningana upphátt, áður en þeir voru undirritaðir. Vitnið kveðst aðeins hafa séð Ágúst í þetta eina skipti og ekki getað merkt annað en hann vissi fullkomlega, hvað hann væri að gera með undirritun samninganna.

Vitnið Ingibjörg Ingimarsdóttir, dótturdóttir ákærðu, kveðst fyrst hafa séð Ágúst Jónsson í apríl eða maí 1986, er vitnið hafi farið með ákærðu heim til hans. Hafi Ágúst komið sér fyrir sjónir sem venjulegur eldri maður. Það hafi svo verið í maí sama ár, að ákærða hafi sagt vitninu, að Ágúst vildi gefa sér kjallaraíbúðina að Drekavogi 18. Nokkru seinna hafi hún sagt, að Ágúst vildi selja hæðina í húsinu, og spurt vitnið, hvort það vildi kaupa, og vitnið svarað því játandi. Vitnið segir ákærðu hafa algerlega átt að sjá um greiðslur af íbúðinni og hún ætlað að fá lífeyrissjóðslán fyrir hönd vitnisins. Vitnið kveðst þó ekki hafa vitað, hvort það hafði áunnið sér einhver lífeyrissjóðsréttindi, en það hafi starfað sem afgreiðslumaður í bakaríi á þessum tíma. Kveðst vitnið hafa fengið einhvern arf eftir föður sinn, en ákærða hafi haft umráð yfir honum. Vitnið kveðst ekki hafa vitað annað en ákærða hafi átt að greiða Ágústi fyrir íbúðina og annað ekki

komið til tals þeirra á milli. Næst hafi það gerst, að vitnið og sambýlismaður þess hafi flust inn í íbúðina og Ágúst í kjallaraíbúðina. Nokkru eftir að vitnið og sambýlismaður þess hafi verið flutt þangað, hafi ákærða komið með kaupsamning, sem vitnið hafi lesið og skrifað síðan undir, en þá hafi enginn verið búinn að skrifa á samninginn. Vitnið kveðst ekki hafa vitað annað en það hefði átt að verða eigandi íbúðarinnar. Kveðst það hafa greitt 150.000 krónur í íbúðinni til ákærðu, og hafi hún átt að sjá um að koma greiðslunni til Ágústs.

Vitnið Þórólfur Halldórsson, lögfræðingur og fasteignasali, verðmat umrædda fasteign að beiðni Vilhjálms Þórhallssonar hrl., kæranda í máli þessu, í september árið 1986. Mat vitnið söluverð eignarinnar í einu lagi á 4.600.000 krónur, en ef hún yrði seld í tvennu lagi, mat vitnið kjallaraíbúðina á 1.600.000 krónur og hæðina og bílskúrinn á 2.900.000 krónur.

Vitnið kom hér fyrir dóminn út af matsgerð þessari. Varðandi kaupsamninginn um kjallaraíbúðina kvað vitnið verðið lágt miðað við mat vitnisins og þá einnig útborgun á árinu. Þá kvað vitnið mjög óalgengt, að eftirstöðvar kaupverðs væru á veðskuldabréfi til 10 ára. Vitnið kvað vanta inn í kaupsamninginn grunnvísitölu skuldabréfsins og það, hver hefði samið skjalið. Enn fremur vanti í samninginn ákvæði um útgáfu afsals, og hefði verið eðlilegt í þessu tilviki, að afsal og veðskuldabréf hefðu verið gefin út strax við kaupsamningsgerð. Vitnið kannaðist ekki við það, að slíkir málamyndakaupsamningar væru gerðir um fasteignir, ef gefa ætti þær. Kvað vitnið sérákvæðið á bakhlið samningsins um afnot seljanda af hinu selda mjög óvanalegt, en endurgjaldslaus afnot hefðu, almennt séð, áhrif á verð til lækkunar. Þá kvað vitnið, að þegar um sölu fasteigna milli skyldmenna væri að ræða, yrði að telja, að kaupverð væri stundum undir markaðsverði.

Varðandi kaupsamninginn um hæðina og bílskúrinn kvað vitnið söluverð þeirrar eignar einni milljón lægra en verðmat sitt. Þá væri útborgunarhlutfall mjög lágt. Samkvæmt kaupsamningnum væri ekki ljóst, hvort kaupandinn ætti lánsrétt hjá Húsnæðisstofnun, og ef svo hefði verið, væri ekki ljóst, fyrir hvaða tímamörk lánið ætti að afgreiðast. Varðandi hið valkvæða ákvæði um útgáfu veðskuldabréfs fyrir eftirstöðvum kaupverðs, ef lán fengist ekki hjá Húsnæðisstofnun, kvað vitnið, að alveg vantaði, hvenær slíkt bréf skyldi gefið út, gjalddagar væru ekki tilgreindir og heldur ekki grunnvísitala bréfsins. Þá væri mjög óvenjulegt, að skuldabréf bæri ekki vexti, og ekki kæmi fram í samningnum, hvenær afhending eignarinnar hefði farið fram. Að lokum komi ekki fram á samningnum, hver hefði samið hann.

Vitnið Atli Vagnsson, lögfræðingur og fasteignasali, framkvæmdi sams konar matsgerð og framangreint vitni í september 1986. Mat vitnið verð

allrar eignarinnar ca. 4.800.000 krónur, en ef hún yrði seld í tvennu lagi, mat vitnið verð kjallaraíbúðarinnar ca. 1.600.000 krónur og efri hæðarinnar og bílskúrsins ca. 2.800.000 krónur.

Fyrir dómi kvað vitnið greiðslufyrirkomulagið varðandi kjallaraíbúðina, þ.e. útborgunarhlutfall á eftirstöðvum kaupverðs, mjög óvenjulegt. Væri útborgunarhlutfallið lágt og mjög óvenjulegt, að eftirstöðvar kaupverðs væru lánaðar til svo langs tíma. Þá væri einnig óvenjulegt, að veðskuldabréf bæru ekki vexti. Vitnið kvað ákvæðið um afnot seljanda af eigninni óvenjulegt, og væri t.d. ekki tekið fram, hvort þau væru endurgjaldslaus. Kvaðst vitnið skilja afnotaákvæðið þannig, að það væri til lækkunar á kaupverði. Þá kvað vitnið vanta í samninginn ákvæði um útgáfu afsals.

Vitnið kvað síðari greiðsluliðinn í kaupsamningnum um hæðina og bílskúrinn algerlega óljósan, þ.e. alls ekki væri ljóst, hvenær greiðsla þessi ætti að eiga sér stað. Þá vantaði í samninginn ákvæði um útgáfu afsals og vexti til þess tíma, að lán fengist. Varðandi kaupverðið vísaði vitnið til matsgerðar sinnar. Vitnið kvaðst stundum verða vart við það, þegar fasteignir ganga á milli skyldmenna, að kjör væru betri og verð verulega lægra en markaðsverð.

Ákærða kveðst hafa í mars eða apríl árið 1986 nefnt við Ágúst, að hann leigði sér kjallaraíbúðina að Drekavogi 18 fyrir saumastofu. Er ákærða hafi heimsótt Ágúst næst, hafi hann sagt henni, að Eiríkur, bróðir sinn, hefði ráðlagt sér að selja hæðina og flytja í kjallarann. Ákærða kveðst þá hafa boðist til að kaupa hæðina fyrir dótturdóttur sína, en hún hefði erft fé frá fósturföður sínum og ákærða fyrirhugað, að það gengi til kaupa á íbúðinni. Þá hafi Ágúst sagt: „Þú átt að eiga húsið og þú ræður því þá, góða mín." Í framhaldi af þessu hafi þau Ágúst farið til Sverris fasteignasala, þar sem þau hafi sagt alla söguna, þ.e., að Ágúst ætlaði að gefa ákærðu húsið. Ákærða kveðst hafa viljað, að þessi gjöf kæmi fram með þeim hætti, að Ágúst væri að selja dótturdóttur hennar hæðina og bílskúrinn við húsið, en í raun hafi ákærða átt að verða eigandi íbúðarinnar og umrædd dótturdóttir ákærðu að greiða ákærðu andvirði hennar. Kveðst ákærða ekki hafa haft efni á að taka við húsinu sem gjöf og því viljað hafa þetta form á. Hafi Sverrir gert uppkast að kaupsamningi og vísað þeim Ágústi til lögmanns síns, sem hafi haft svo mikið að gera, að hann hafi ekki getað sinnt samningsgerðinni á þeim tíma, sem ákærða þurfti, en hún hafi fyrirhugað að fara í ferð til Bandaríkjanna til vinkonu sinnar. Ákærða kveðst nú hafa snúið sér til Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns og kynnt honum alla málavöxtu, þ.e., að Ágúst væri að gefa ákærðu húsið, og hvaða form ákærða vildi hafa á gjöfinni. Hafi Kristján útbúið kaupsamning, sem ákærða átti að sækja daginn eftir. Er ákærða hafi sagt Ágústi frá þessum samningi, hafi hann sagt: „Hvað þá um kjallar-

ann? Ég vil ganga frá kjallaranum líka.“ Hafi ákærða verið send af Ágústi aftur til Kristjáns og hann útbúið annan kaupsamning vegna sölu á kjallaranum. Ákærða kveðst hafa sótt kaupsamningana næsta dag og farið með þá til Ágústs. Þá hafi hist svo á, að sonur ákærðu, Ragnar, og Ægir, kunningi Ragnars, hafi komið til að skoða sprungur í húsinu. Hafi Ágúst skrifað undir báða kaupsamningana og Ragnar og Ægir horft á það. Þá hafi ákærða einnig ritað nafn sitt undir þá, en dótturdóttir ákærðu um kvöldið, er hún hafi komið heim úr vinnunni. Hafi Ágúst verið ánægður með, að ákærða hafði sett í kaupsamninginn, að hann gæti búið í kjallaranum svo lengi sem hann lifði. Ákærða kvað umrædda dótturdóttur sína hafa greitt sér 500.000 krónur sem útborgun í íbúðarhæðinni, 150.000 krónur í reiðufé og 350.000 krónur, sem ákærða hafi fengið að láni í Iðnaðarbankanum í Breiðholti fyrir hennar hönd, en ákærða hafi í raun verið eigandi hússins, eftir að Ágúst hefði verið búinn að gefa sér það.

II.

1. Samkvæmt gögnum málsins stofnaði Ágúst Jónsson hinn 26. maí 1986 kjörbók nr. 61933 við Landsbanka Íslands í nafni ákærðu. Sama dag voru teknar 394.102,62 krónur út úr kjörbók hans nr. 60116 við sama banka og lagðar inn á ofangreinda bók ákærðu.

Vitnið Ágúst Jónsson kannaðist ekki við stofnun bókarinnar, en kvað undirskriftina með nafni sínu. Vitnið minntist þess að hafa farið með ákærðu í Langholtsútibú Landsbankans, en mundi ekki sérstaklega eftir ofangreindri úttekt. Sá vitnið enga ástæðu fyrir úttektinni og minntist þess ekki að hafa fengið peningana í sínar hendur.

Ákærða kveður Ágúst hafa um vorið 1986 togað sig inn í herbergi sitt og sagt: „Komdu, ég vil sýna þér efnahaginn minn.“ Kveðst ákærða hafa svarað: „Mér kemur hann ekkert við, pabbi minn,“ — og hann svarað: „Eg held nú það, því þú átt að fá þetta allt eftir mig.“ Kveður ákærða Ágúst hafa sýnt sér tvær bankabækur, en þar sem ákærða hafi verið gleraugnalaus, hafi hún ekki séð, hvað stóð í þeim. Nokkrum dögum seinna hafi Ágúst beðið um nafnnúmer ákærðu og ákærða spurt til hvers. Hafi Ágúst þá sagst vera búinn að fara út í banka og ætlað að flytja peninga yfir á bók til ákærðu, en sá flutningur strandað á því, að hann hafi ekki haft nafnnúmer hennar. Ágúst hafi fengið nafnnúmerið, stofnað bók á nafni ákærðu og lagt tæpar 400.000 krónur inn á bókina. Ákærða kveðst hafa notað hluta af fénu til að greiða ferð til Bandaríkjanna.

2. Hinn 30. maí 1986 voru teknar 489.719,42 krónur út úr kjörbók nr. 60115 við Landsbanka Íslands í eigu Viktoríu Guðmundsson, mágkonu Ágústs, sem búsett er í Bandaríkjunum, en í vörslu Ágústs Jónssonar. Var fjárhæðin lögð inn á nefnda kjörbók ákærðu, nr. 61933, við sama banka.

Hinn 8. ágúst sama ár tók ákærða alla innstæðuna, ásamt vöxtum, samtals 901.905,88 krónur út úr bókinni.

Vitnið Ágúst Jónsson mundi ekkert eftir úttekt þeirri, er að ofan greinir, og minntist þess ekki að hafa farið með Viktoríu í bankann eða að hafa sjálfur tekið við peningunum. Þá minntist vitnið þess ekki að hafa látið ákærðu hafa peningana.

Ákærða kveðst engin afskipti hafa haft af ofangreindri millifærslu, en kveður Ágúst hafa sagt sér, að hann hefði millifært fé inn á bók ákærðu.

3. Þann 26. maí 1986 voru millifærðar 36.973,89 krónur af reikningi Ágústs, nr. 218514 við Samvinnubankann, aðalbanka, hér í borg, inn á sparisjóðsbók ákærðu, nr. 34948, við sama banka.

Vitnið Ágúst Jónsson kveðst ekkert muna eftir þessari úttekt. Minntist það þess ekki að hafa tekið þessa peninga út sjálfur eða hafa ritað nafn sitt á úttektarseðilinn, en trúlega hafa ritað á seðilinn rithandarsýnishorn.

Ákærða kveðst muna að hafa farið með Ágústi í bankann, og hafi hann þá millifært þessa fjárhæð inn á bók ákærðu. Kveðst ákærða hafa staðið til hliðar og engin afskipti haft af þessu.

Ákærða kveður, að Ágúst hafi gert ofangreindar ráðstafanir án vitundar ákærðu. Hafi ákærðu ekki fundist neitt óeðlilegt við það, að hann gæfi ákærðu þessa peninga, og litið þannig á, að hún hefði „dottið í lukkupottinn".

III.

Hinn 2. júní 1986 fóru Ágúst Jónsson og ákærða á skrifstofu borgarfógetaembættisins við Skógarhlíð 6 hér í borg. Undirritaði Ágúst þar nýja erfðaskrá, en samkvæmt henni skyldi ákærða taka í arf eftir hann 1/3 allra eigna hans. Jafnframt voru með erfðaskrá þessari felldar úr gildi erfðaskrár Ágústs, dagsettar 12. júlí 1960 og 9. júlí 1976.

Vitnið Ágúst Jónsson kveður ákærðu hafa drifið sig til borgarfógeta, og þar hafi vitnið skrifað undir án þess að hafa vitað, hvað það var að gera.

Ákærða kveður Ágúst hafa átt allt frumkvæði að þessum gerningi. Hafi Ágúst sýnt ákærðu tvær erfðaskrár. Hafi Ágúst viljað breyta þessum erfðaskrám og viljað, að dætur hans tækju arf eftir hann, og þá átt við ákærðu og dóttur sína. Til að uppfylla þessa ósk Ágústs kveðst ákærða hafa ekið honum til borgarfógeta og farið þar inn með honum. Þar hafi Ágúst talað sjálfur við borgarfógeta og ný erfðaskrá verið gerð og eldri erfðaskrárnar felldar úr gildi.

Með bréfi, dagsettu 9. desember 1986, fór kærandi máls þessa fram á það við Hannes Pétursson geðlækni, að hann rannsakaði hæfi Ágústs Jónssonar til þess að framkvæma og gera sér grein fyrir þeim fjármálagerningum, sem mál þetta fjallar um. Hófst rannsóknin 20. desember 1986, og er matsgerð læknisins dagsett 22. febrúar 1987.

Í matsgerðinni kemur fram, að Ágúst hafi átt í miklum erfiðleikum með nærminni, þ.e. að geta tileinkað sér nýjar upplýsingar, svo sem ef hann var beðinn að endurtaka nafn og heimilisfang eftir fimm mínútna hlé. Sömuleiðis hafi hann gefist fljótlega upp við einföld reikningsdæmi. Þá hafi hann verið mikið í gamla tímanum. Einnig kemur fram, að seinni eiginkona Ágústs, Svava Sigurðardóttir, sem hann kvæntist árið 1949, hafi stjórnað heimili þeirra og byggt það upp. Er hún hafi andast árið 1976, hafi Ágúst orðið algerlega hjálparlaus, þó að hann væri þá líkamlega hress. Enn fremur segir Ágúst frá því í matsgerð læknisins, að hann hafi fyrir tveimur árum fundið mikla breytingu á sér og allt „klikkað" í höfðinu á sér, hugsunin hafi orðið hægari og minnið haldið áfram að versna.

Í ályktun læknisins segir, að rannsóknin hafi leitt í ljós greinilega skerðingu á andlegri starfsemi Ágústs vegna heilabilunar, sem að líkindum hafi átt sér nokkurra ára aðdraganda. Telur læknirinn Ágúst hafa verið með greinilega skerta andlega starfsemi vegna heilabilunar á þeim tíma, sem nefndir fjármálagerningar voru framkvæmdir. Hafi heilabilunin m.a. lýst sér í skerðingu á starfsemi minnis og skertri greind, þótt ekki verði fullyrt um, hver eðlislæg greind Ágústs hafi verið, áður en heilabilunin kom til. Líklegt verði að teljast, að þessar breytingar, samfara skerðingu á öðrum þáttum í andlegri starfsemi Ágústs, hafi leitt til skertrar dómgreindar. Í þessu sambandi væri einnig vert að hafa í huga félagslega einangrun hans samfara áhyggjum af líkamlegri heilsu sinni auk kvíða og depurðar (sic). Að auki kunni skapgerð og persónuleiki Ágústs að hafa ráðið nokkru um það, hversu leiðitamur eða áhrifagjarn hann hafi verið á þessum tíma. Í ljósi þessa er það mat læknisins, að Ágúst hafi ekki verið fær um að gera sér nægilega ljósa þýðingu, efnisinnihald og afleiðingar umræddra fjármálagerninga.

Við meðferð málsins staðfesti læknirinn matsgerð sína. Kvað vitnið minnisskerðingu aldraðs manns með elliglöp geta verið orðna mun meiri en venjulegum manni væri ljóst. Taldi vitnið sjúkdómsbreytingu Ágústs hafa getað leynst hverjum venjulegum manni vorið 1986, en þó varla í endurteknum viðtölum.

Samfara rannsókn læknisins lagði Sigurgísli Skúlason sálfræðingur nokkur sálfræðipróf fyrir Ágúst. Kveður sálfræðingurinn tiltölulega vel hafa gengið að ræða við Ágúst um löngu liðna atburði, en nokkrum erfiðleikum háð að ræða við hann um nýliðna atburði. Hafi honum gengið þolanlega að leysa verkefni, sem reyna aðallega á langtímaminni (t.d. almenna þekkingu og orðaforða), en hins vegar mjög erfiðlega að leysa verkefni, sem reyna á skammtímaminni. Þá hafi honum einnig gengið mjög illa að leysa verkefni, sem reyna aðallega á samhæfingu skynjunar og hreyfinga, og sömuleiðis þau, sem reyndu á hæfileikann til að læra nýja hluti.

Á greindarprófi Wechslers mældist greindarvísitala munnlega hlutans 83, sem bendir til þess, að Ágúst sé treggefinn eða tornæmur, en árangurinn á verklega prófinu var nálægt 0.

Árangur Raven-greindarprófs, sem er greindarpróf án orða og reynir aðallega á hæfileikann til að læra nýja hluti (námsgetu), varð 0, þ.e. Ágúst leysti ekkert verkefni rétt á prófinu. Bendir niðurstaða þess til organískrar (vefrænnar) skerðingar (dementia). Til hins sama benda niðurstöður úr svonefndu Kendrick-prófi, sem reynir á minni, hæfileikann til að læra nýja hluti (námsgetu), einbeitingu, viðbragðshraða og samhæfingu hreyfinga og skynjunar.

Vitnið staðfesti þessa skýrslu hér fyrir dómi og kvaðst hafa gert hana í febrúar 1987. Kvað vitnið það mat sitt, að vitsmunaleg, andleg skerðing Ágústs hafi verið það mikil, er vitnið gerði sálfræðiprófin á honum, að hún hefði ekki átt að dyljast neinum venjulegum manni. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um, í hvaða ástandi Ágúst var í janúar-júní 1986, en taldi ekki ólíklegt, að það hefði verið svipað og er vitnið hafði kynni af honum.

Í málinu liggur frammi vottorð Þorgeirs Gestssonar læknis, dagsett 10. október 1986. Segir m.a. í vottorðinu, að borið hafi á vaxandi gleymsku og depurð (sic) hjá Ágústi Jónssyni (dementia senilis), síðan hann missti konu sína í apríl 1976. Á síðastliðnu ári hafi mikið borið á kvíða og vanlíðan, enda hafi hann þá verið með líkamlegar kvartanir og sjúkdómseinkenni, sem nú hafi verið ráðin bót á. Sé andleg líðan hans mun betri nú.

Við meðferð málsins kvaðst vitnið hafa orðið heimilislæknir Ágústs, líklega árið 1966, og verið það upp frá því. Minnti vitnið, að það hefði ritað ofangreint vottorð fyrir tilstilli einhverra ættingja eða venslamanna Ágústs. Kvað vitnið, að strax við lát eiginkonu Ágústs, en það hefði verið mjög sterk kona, hefði það merkt breytingu á honum í átt til ístöðuleysis, en hann hefði verið mjög háður konu sinni. Kvaðst vitnið hafa merkt það á honum, að hann sljóvgaðist enn meir, eftir því sem lengra leið frá láti hennar, og hefði hann orðið sífellt kvíðnari og virst eiga æ erfiðara með að takast á við vandamál daglegs lífs. Kvað vitnið Ágúst ekkert hafa rætt við sig um þá gerninga, sem um ræðir í máli þessu, áður en þeir áttu sér stað. Hefði hann komið til vitnisins einhvern tíma eftir umrædda gerninga, áður en vitnið ritaði framanskráð vottorð, og sagt sér, að hann hefði í einfeldni sinni talið, að hann hefði verið búinn að leysa öll sín vandamál með þeim.

Undir rekstri framangreindra bæjarþingsmála varð að samkomulagi með aðilum að leita álits enn eins sérfræðings um gerhæfi Ágústs í maí-júní 1986, og var Högni Óskarsson geðlæknir fenginn til verksins. Í niðurstöðu álitsgerðar hans, dagsettrar 12. júní 1988, sem liggur frammi í málinu og hann hefur staðfest við meðferð málsins, segir svo:

„Ágúst er haldinn elliglöpum á háu stigi vegna heilarýrnunar (dementia senilis vegna athrophia cerebri). Niðurstöður tölvusneiðmyndar benda til að heilarýrnun sé af þeirri gerð sem vex hægfara á mörgum árum og sem veldur truflunum á vitsmunalegri getu og tilfinningalífi viðkomandi.

Samkvæmt upplýsingum heimilislæknis virðist hér um að ræða a.m.k. allmargra ára aðdraganda. Ættingjar Ágústs telja sig hafa séð merki um elliglöp strax árið 1977. Hnignandi félagsleg geta Ágústs í allmörg ár bendir til hins sama. Afleiðingar þess hafa verið vaxandi minnisleysi, sérstaklega á nýliðna atburði, minnkandi áttun (sic) í daglegu lífi, vaxandi félagslegt ósjálfstæði ásamt truflunum á dómgreind og stundum á tilfinningum.

Ágúst virðist hafa verið með þunglyndiseinkenni og kvíðaeinkenni árið 1985.

Persónuleiki Ágústs er þannig að hann hefur mikið reitt sig á aðra vegna ósjálfstæðis við ákvarðanatöku (sic), og má búast við að þannig (sic) persónuleikaeinkenni vaxi samfara vaxandi elliglöpum. Margt í framburði vitna bendir einmitt til þess.

Það er mat undirritaðs að vandlega athuguðu máli að það séu yfirgnæfandi líkur á því að Ágúst hafi verið ófær um að ráðstafa eignum sínum í maí og júní 1986, eins og lýst er í dómskjölunum, þannig að skynsamlegt mætti telja."

Fyrir dóminum kvað vitnið það álit sitt, að flestum þeim, sem hefðu umgengist Ágúst að einhverju marki í maí-júní 1986, hefði ekki getað dulist, að hann væri haldinn elliglöpum á háu stigi. Vitnið tók þó fram, að það hefði ekki séð Ágúst á þessu tímabili og gæti því ekki beinlínis fullyrt um þetta atriði, en taldi yfirgnæfandi líkur á þessu.

Vitnið Kristján Jónsson, bróðir Ágústs, kveður Ágústi hafa farið að hraka mjög eftir lát Svövu, eiginkonu sinnar, og hafi það komið fram í sljóleika og minnisleysi. Kveður vitnið Eirík, bróður sinn, hafa sagt vitninu skömmu eftir áramótin 1985-1986, að ákærða væri farin að venja komur sínar á heimili Ágústs og hún jafnframt farin að sinna ýmsum störfum fyrir hann, svo sem að baka. Hafi Eiríkur látist 4. maí árið 1986 og vitnið séð ákærðu við jarðarför hans í fyrsta og eina skiptið. Vitnið fullyrti, að ekkert samband hefði verið milli Ágústs og ákærðu, er Ágúst hélt upp á 80 ára afmæli sitt 27. júlí 1985, en þá hefði hann boðið nokkrum konum. Vitnið kveður, að Viktoría, systir Svövu, eiginkonu Ágústs, sem búsett er í Bandaríkjunum, hafi komið til landsins í byrjun ágúst 1986 og að venju ætlað að dvelja hjá Ágústi, en þá hafi hann verið fluttur í kjallarann að Drekavogi 18 og hún ekki talið pláss fyrir sig þar. Hafi Viktoría farið að kanna fjárreiður Ágústs og þá komið fram, að nær allar eigur hans höfðu gengið til ákærðu. Minnti vitnið, að Viktoría hefði farið af landi brott 17. ágúst sama ár, og nokkrum dögum seinna hefði Ágúst haft símasamband við vitnið og

sagst hafa gert mikla vitleysu, hann hefði ráðstafað eigum sínum til ákærðu, án þess að hann hefði vitað, hvað hann væri að gera. Jafnframt hefði hann beðið vitnið um að hafa samband við dóttur sína, Önnu Dóru, sem búsett væri í Keflavík, og biðja hana að hafa samband við sig. Vitnið kveður Ágúst hafa sagt sér oftar en einu sinni, að hann hefði skrifað undir pappíra án þess að lesa þá yfir, og hefði þessi eignaflutningur til ákærðu átt að vera leyndarmál.

Niðurstöður.

Samkvæmt áliti þeirra sérfræðinga, sem að framan getur, þykir vera sannað, að talsverðs ellihrumleika hafi verið farið að gæta hjá Ágústi Jónssyni á tímabilinu maí-júní 1986. Kemur og fram í málinu, að honum hafi farið að hnigna verulega strax upp frá andláti eiginkonu sinnar, Svövu Halldóru Sigurðardóttur, sem lést í apríl 1976. Virðist Ágúst upp frá því hafa aðallega reitt sig á Eirík, bróður sinn, sem lést hinn 4. maí 1986. Í vottorði heimilislæknis Ágústs greinir m.a. frá því, að borið hafi á kvíða og vanlíðan hjá Ágústi árið 1985.

Ágúst kvæntist móður ákærðu árið 1933, en þau skildu árið 1947. Hefur ákærða því dvalist hjá þeim í a.m.k. 14 ár. Eftir skilnaðinn rofnaði samband ákærðu við Ágúst í nær 40 ár. Ekki er alveg ljóst, hvenær kynni þeirra endurnýjast, en helst er að ætla, að það hafi verið um áramótin 1985-1986. Ákærða kveðst hafa haft töluverð samskipti við Ágúst upp frá því, að þau endurnýjuðu kynni sín. Með hliðsjón af þeim framburði hennar og áliti framangreindra sérfræðinga um andlegt ástand Ágústs er það mat dómsins, að henni hafi ekki átt að geta dulist, að Ágúst hafi verið haldinn elliglöpum á þeim tíma, sem löggerningar þeir, sem mál þetta snýst um, voru gerðir.

Ljóst þykir af gögnum málsins, að ákærða hafi átt allt frumkvæði að gerð kaupsamninganna um fasteignina að Drekavogi 18, sem hún kveður Ágúst í raun hafa gefið sér. Ýmislegt í framburði ákærðu um tilurð samninganna er í ósamræmi við framburð vitnanna Sverris Sædals Kristjánssonar, Kristjáns Stefánssonar, Hafsteins Baldvinssonar og Ingibjargar Ingimarsdóttur. Eru samningar þessir mjög hroðvirknislega unnir og virðast hafa verið gerðir í miklum flýti. Ekkert endurgjald til Ágústs var innt af hendi af hálfu ákærðu og Ingibjargar Ingimarsdóttur.

Millifærslur af sparisjóðsbókum Ágústs og mágkonu hans yfir til ákærðu, samtals 920.795,93 krónur, fara fram á fimm dögum. Samkvæmt úttektarseðlum hefur Ágúst ekki fyllt þá sjálfur út, enda fráleitt verið fær um það samkvæmt gögnum málsins. Ekkert það er fram komið í málinu, sem réttlætt þykir geta slíkt örlæti af hálfu Ágústs í garð ákærðu. Eins og andlegum högum Ágústs var komið og ákærðu hlutu að vera ljósir, þykir ákærða hafa þegið fé þetta gegn betri vitund.

Í erfðaskrá þeirri, sem ákært er út af, er ákærða sögð vera fósturdóttir Ágústs. Þrátt fyrir það að samband þeirra í millum hafi ekki verið í nærfellt 40 ár, þykir þetta orðalag ekki lýsa réttarsambandi Ágústs og ákærðu í raun. Af gögnum málsins verður að álíta, að Ágúst hafi alls ekki verið fær um að gera erfðaskrá án utanaðkomandi aðstoðar.

Ekki þykir nægjanlega sannað gegn neitun ákærðu, að hún hafi með háttsemi sinni framið fjársvik og gerst brotleg gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna hana af ákæru fyrir brot gegn þeirri lagagrein.

Þegar á hinn bóginn er virt, að Ágúst Jónsson verður nánast eignalaus á 10 dögum skömmu eftir lát Eiríks, bróður síns, sem hann virðist hafa treyst mjög á, litið er til efnislega samhljóða framburðar sérfræðinga þeirra, sem borið hafa um andlegt atgervi Ágústs á þessum tíma, og höfð er hliðsjón af öðrum gögnum málsins, þykir vera sannað, að ákærða hafi notað sér ellisljóleika, einmanaleika og ósjálfstæði Ágústs til að afla aðallega sjálfri sér svo og dótturdóttur sinni, Ingibjörgu Ingimarsdóttur, að því er varðar íbúðarhæðina og bílskúrinn að Drekavogi 18 hér í borg, hagsmuna þeirra, sem mál þetta snýst um, þannig að varði við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sakaferill.

Ákærða er sakhæf og hefur samkvæmt sakavottorði sínu eigi sætt refsingu, svo að vitað sé.

Refsing.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 253. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði, en með hliðsjón af hreinu sakavottorði hennar þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 80.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Ingibjörg Magnúsdóttir, sæti fangelsi 5 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá

uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Fimmtudaginn 10. maí 1990.

Nr. 185/1990. **Ákæruvaldið**
gegn
Kristjáni Ármannssyni og
Elíasi Bjarnasyni.

Kærumál. Dómari víkur ekki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var af hálfu ákæruvaldsins skotið til Hæstaréttar með kæru 3. maí sl., sem barst Hæstarétti daginn eftir. Kærður er úrskurður Freys Ófeigssonar héraðsdómara við bæjarfógetaembættið á Akureyri frá 10. apríl sl. um að víkja sæti í málinu, en endurrit þess úrskurðar barst ríkissaksóknara 30. s.m. Af hálfu ákæruvaldsins er um kæruheimild vísað til 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og dómaranum gert skylt að fara með málið.

Dómarinn hefur kynnt varnaraðilum hinn kærða úrskurð, en af þeirra hálfu var ekki hreyft athugasemdum.

Samkvæmt gögnum málsins fór rannsóknarlögreglan á Akureyri með rannsókn þess undir yfirstjórn lögreglustjórans á Akureyri. Lögreglustjórinn er jafnframt forstöðumaður bæjarfógetaembættisins á Akureyri og skiptir verkum með héraðsdómurum við embættið. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. starfar sérhver héraðsdómari sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar hefur forstöðumaðurinn ekki umsjón með dómstörfum héraðsdómara. Héraðsdómarinn er þannig ekki undirmaður forstöðumannsins, að því er dómsmál varðar. Þótt heimilt sé að fela héraðsdómara meðferð stjórnvaldsmálefna samkvæmt sömu málsgrein, er upplýst, að hann hefur ekki komið nálægt stjórn rannsóknarlögreglu, að því er þetta mál varðar. Ákærðu höfðu þannig enga ástæðu til að draga óhlutdrægni dómarans í efa. Ber

af þessum sökum að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að fara með mál þetta.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 10. apríl 1990.

Mál þetta, sem þingfest var 21. ágúst 1989, er höfðað fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru ríkissaksóknara, dags. 10. ágúst 1989, á hendur Kristjáni Ármannssyni, Akurgerði 5 d, Akureyri, f. 17. maí 1944, fæðingarnúmer 374, og Elíasi Bjarnasyni, Kjalarsíðu 14f, Akureyri, f. 25. júlí 1962, fæðingarnúmer 399, fyrir fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu frá janúar til september 1988 sem framkvæmdastjórar hlutafélagsins Sæbliks á Kópaskeri haldið eftir af launum nánar tilgreindra starfsmanna félagsins skyldusparnaðarfé, samtals kr. 162.415, ákærði Kristján sem framkvæmdastjóri í janúar til júní 134.540 krónum og ákærði Elías sem framkvæmdastjóri í júlí til september 27.875 krónum, en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands sem innheimtustofnunar skyldusparnaðarfjár fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, Laugavegi 77, Reykjavík, heldur dregið félaginu, sem þá var í fjárhagsvandræðum, þetta fé. Eru brot ákærðu talin varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Mál þetta ber með sér, að rannsóknarlögreglan á Akureyri hafði með rannsókn þess að gera í júnímánuði 1989 undir yfirstjórn lögreglustjórans á Akureyri eða á hans ábyrgð. Á þessum tíma var lögreglustjórinn á Akureyri yfirmaður dómara máls þessa, Freys Ófeigssonar héraðsdómara, og er svo enn, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 74/1972, sbr. þó einkum 2. mgr. 9. gr. laganna.

Dómari máls þessa telur sig ekki hafa haft afskipti af lögreglurannsókn þess. Þrátt fyrir það telur dómari, að honum beri að víkja sæti í málinu af sjálfsdáðum, með vísan til raka hæstaréttardóms frá 2. apríl 1990 í málinu nr. 129/1990 svo og þar tilvitnaðs dóms Hæstaréttar frá 9. janúar 1990.

Ályktarorð:

Dómarinn, Freyr Ófeigsson héraðsdómari, víkur sæti í máli þessu.

Fimmtudaginn 10. maí 1990.

Nr. 177/1990. **Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf.**
gegn
Rammamiðstöðinni sf.,
Sigurði I. Tómassyni,
Guðlaugi Jóhannessyni og
Trésmiðjunni Smið hf.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Réttarfar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða dómi til Hæstaréttar með kæru 20. apríl sl., er barst Hæstarétti 27. s.m. Krefst hann þess, að dóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Frá varnaraðilum hafa ekki borist kröfur eða greinargerðir.

Áfrýjandi er hlutafélag, sem stofnað var í gildistíð laga nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun til að vera verðbréfasjóður, en með verðbréfasjóðum var í þeim lögum átt við lögaðila, er gæfu út verðbréf, sem boðin væru almenningi til kaups og hefðu að markmiði að annast kaup eða sölu verðbréfa í eigin nafni, sbr. 3. gr. laganna. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess var eins og greint er í hinum kærða dómi, en framkvæmd hans, að því er varðar þátttöku almennings, fólst í útgáfu hlutdeildarskuldabréfa (svonefndra ávöxtunarbréfa), er kveðið var á um í samþykktunum. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 27/1986 var það skilyrði fyrir stofnun og starfrækslu verðbréfasjóða, að dagleg stjórn þeirra væri í höndum forstöðumanns, er hefði leyfi viðskiptaráðherra samkvæmt 4. gr. laganna til að stunda verðbréfamiðlun, en að öðru leyti höfðu lögin ekki að geyma beinar reglur um starfsemi sjóðanna. Hjá áfrýjanda var umræddu skilyrði fullnægt með því að fela sameignarfélaginu Ávöxtun framkvæmdastjórn sjóðsins, en annar eigandi þess hafði leyfi til verðbréfamiðlunar.

Á hluthafafundi í félagi áfrýjanda 7. september 1988 var ákveðið að slíta félaginu án gjaldþrotaskipta, sbr. 114. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 (nú 117. gr., sbr. lög nr. 69/1989 um breyting á þeim lögum). Var félaginu kosin skilanefnd á fundinum og henni veitt löggilding ráðherra til starfans með bréfi sama dag frá hlutafélagaskrá. Auglýsing um félagsslitin og innköllun þeirra vegna var gefin út 14. s.m. Eftir því, sem fram er komið í málinu, hefur síðan verið unnið að framkvæmd félagsslitanna undir forræði skilanefndarinnar með því að koma eignum félagsins í verð og skipta þeim upp milli kröfuhafa. Í þeim hópi eru eigendur ávöxtunarbréfa, er gert var með innkölluninni að lýsa sjóðsinneignum sínum samkvæmt bréfunum sem kröfum á hendur félaginu.

Skilanefnd í félagi áfrýjanda tók við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra, sbr. 116. gr. (nú 118. gr.) hlutafélagalaga, og hafði þar með alla stjórn á málefnum félagsins. Hún hafði m.a. ein ákvörðunarvald um höfðun þessa máls og forræði í því af hálfu félagsins. Þessi skipan mála ásamt lögmæltum skorðum við aðild verðbréfasjóða að dómsmálum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði leiddi til þess, að óhjákvæmilegt var, að skilanefndin höfðaði mál þetta í sínu nafni og væri fyrirsvarsaðili í því vegna verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. Þetta fórst fyrir, og er skilanefndar að engu getið í héraðsstefnu. Er hér um slíkan galla á málatilbúnaði að ræða, að af honum leiddi sjálfkrafa, að vísa bar málinu frá héraðsdómi.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Eins og fram kemur í atkvæði meiri hluta dómenda, höfðu slit verið ákveðin á félagi áfrýjanda, áður en lög nr. 20/1989 gengu í gildi 4. apríl þ.á. og leystu af hólmi fyrri lög um starfssvið þess.

Í 6. mgr. 1. gr. þessara nýju laga er hugtakinu verðbréfasjóði lýst með nokkuð öðrum og þrengri hætti en eftir fyrri lögunum, þannig, að það eigi nú við „sjóð, er saman stendur af skuldabréfum, hlutabréfum eða öðrum auðseljanlegum verðbréfum samkvæmt fyrir fram ákveðinni og kunngerðri fjárfestingarstefnu að því er varðar áhættudreifingu, þar sem almenningi eða þrengri hópi manna er gefinn kostur á að eignast hlutdeild í sjóðnum samkvæmt útgefnum skírteinum er að kröfu eiganda þeirra fást innleyst hjá sjóðnum í reiðufé samkvæmt nánari ákvæðum í reglum sjóðsins".

Um þessa verðbréfasjóði og starfsemi þeirra eru allýtarleg ákvæði í IV. kafla laganna. Í 4. mgr. 1. gr. laganna er jafnframt sett fram skilgreining á hugtakinu verðbréfafyrirtæki, sem rakin er í hinum kærða dómi og var ekki í fyrri lögum. Eru reglur um þau fyrirtæki og starfsemi þeirra í III. kafla laganna. Má telja, að þessi tvenn hugtök ásamt hugtakinu verðbréfamiðlun, sem skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. nýju laganna, komi í stað hugtakanna verðbréfasjóður og verðbréfamiðlun eftir lögum nr. 27/1986.

Reglur IV. kafla laga nr. 20/1989 gera ráð fyrir, að verðbréfasjóðir starfi sem lögaðilar í formi hlutafélags eða annars konar félags með eigin samþykktum og sérstakri stjórn. Hins vegar sé það skilyrði fyrir stofnun og starfrækslu sjóðanna, að rekstur þeirra sé falinn verðbréfafyrirtæki, er hafi leyfi ráðherra til starfsemi sinnar með sérstökum samningi um það efni. Skuli verðbréfafyrirtækið annast löggerninga fyrir sjóðinn og koma fram fyrir hans hönd í eigin nafni og taka ákvarðanir varðandi starfsemi hans í samræmi við rekstrarsamninginn. Jafnframt er í niðurlagi 1. mgr. 18. gr. laganna það nýja og sérstaka ákvæði, sem á reynir í máli þessu, að verðbréfasjóður geti ekki verið aðili að dómsmáli, nema það fjalli um samskipti sjóðsins og þess verðbréfafyrirtækis, er sér um rekstur hans.

Ljóst er, eins og segir í hinum kærða dómi, að lögum nr. 20/1989 er ætlað að taka til þeirra verðbréfasjóða, sem starfandi voru við gildistöku þeirra. Með bráðabirgðaákvæði við lögin voru þessum sjóðum efnislega settir þeir tvennir kostir að laga starfsemi sína og samþykktir að ákvæðum nýju laganna innan tiltekins frests eða að leggja niður starfsemi.

Eins og tilgangi og starfsemi áfrýjanda var háttað, er það vafa-

laust, að félagið hefði þurft að laga sig að kröfum hinna nýju laga til að halda áfram starfsemi sem verðbréfasjóður og þá einkum með því að koma á samstarfi við fullgilt verðbréfafyrirtæki. Með fyrrgreindri ákvörðun um fálagsslit hafði félagið hins vegar þegar valið þann síðari kost, sem um var að ræða við gildistöku laganna, þ.e. að leggja niður starfsemi. Meðan þeirri ákvörðun er ekki breytt með nýrri ákvörðun hluthafafundar samkvæmt 125. gr. (nú 124. gr.) hlutafélagalaga eða henni raskað í verki, verður að meta lögskipti félagsins eftir þeirri stöðu, sem af henni leiðir.

Við löggildingu skilanefndar í félagi áfrýjanda tók hún við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra. Ber henni að hafa fyrirsvar í dómsmálum, sem höfðuð eru vegna félagsins. Stefna til héraðsdóms í máli þessu var gefin út í nafni félagsins, án þess að fram væri tekið beinum orðum, að skilanefnd hefði fyrirsvar þess með höndum, en staðfesting á því var gefin í greinargerð og dómskjölum við þingfestingu málsins. Þykir þessi frágangur stefnunnar ekki koma að sök, eins og hér stendur á.

Meðan bú áfrýjanda er undir félagsslitum og starfsemin beinist að þeim einum, er félaginu ekki þörf á því að fullnægja starfsskilyrðum laga nr. 20/1989. Með tilliti til þess verður að telja, að niðurlagsákvæði 1. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1989 takmarki ekki rétt skilanefndar til að höfða innheimtumál sem þetta, þar sem tilgangur þessa ákvæðis nái ekki til þess að hindra með þeim hætti eðlilega framvindu á félagsslitum, sem hafin voru fyrir gildistöku laganna. Ekki skiptir heldur máli í þessu tilliti, þótt starfsheimildir áfrýjanda samkvæmt lögum nr. 27/1986 megi teljast niður fallnar, þar sem á þær reynir ekki við félagsslitin.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu til héraðsdóms til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 27. mars 1990, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þann 6. og 14. mars 1990, af Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf., kt. 581286-2289, Höfðabakka 9, Reykjavík, á hendur Sigurði I. Tómassyni, kt. 010345-2789, Kárastíg 12, Reykjavík, og Guðlaugi Jóhannessyni, kt. 020246-6429, Fannafold 93, Reykjavík, báðum persónulega og sem einkaeigendum Rammamiðstöðvarinnar, kt. 560682-0189, Sigtúni 10, Reykjavík, vegna hennar, og Þórarni Jónssyni, kt. 190447-7669, Ljárskógum 6, Reykjavík, stjórnarformanni Trésmiðjunnar Smiðs hf. (nú Smiðshúss hf.), kt. 671083-0329, Viðarhöfða 4, Reykjavík, f.h. félagsins, in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 343.401,70, með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, af kr. 87.303,90 frá 1.2.89 til 1.3.89, af kr. 214.491,80 frá þ.d. til 1.4.89, en af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæðin beri drv. skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun auk bankakostnaðar, að fjárhæð kr. 2.400.

Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstólinn og tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti skv. heimild í 12. gr. vaxtalaga, fyrsta sinn við eftirstöðvar afborgunar 1.2.'89 þann 17. maí 1990, fyrsta sinn við afborgun 1.3.'89 á sama degi 1990, fyrsta sinn við afborgun 1.4.'89 á sama degi 1990, en í fyrsta sinn við málskostnaðinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

— — —

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Af gögnum máls kemur fram, að þann 7. september 1988 var ákveðið að slíta hlutafélaginu Verðbréfasjóði Ávöxtunar. Mál þetta er hins vegar hvorki höfðað í nafni skilanefndar Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. né af þrotabúi Ávöxtunar sf., heldur af Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf.

Þar sem stefnandi máls þessa er verðbréfasjóður, kemur hér til skoðunar ákvæði 4. ml. 1. mgr. 18. gr. laga 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, en það er svohljóðandi: „Verðbréfasjóður getur eigi verið aðili að dómsmáli, nema málið fjalli um samskipti sjóðsins og verðbréfafyrirtækis, sem sér um rekstur hans."

Lög 20/1989 tóku við af lögum 27/1986. Af greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpi því, er varð að lögum 20/1989, kemur fram, að lögum 20/1989 er ætlað að taka til allra verðbréfasjóða, sem störfuðu skv. l. 27/1986, enda

fella lög 20/1989 eldri lögin úr gildi. Þykja því lög 20/1989 taka ótvírætt til allra verðbréfasjóða, sem reknir voru samkvæmt l. 27/1986, hvort sem þeir uppfylla hin nýju skilyrði laga 20/1989 eða ekki.

Sérregla sú, sem fram kemur í 4. ml. 1. mgr. 18. gr. l. 20/1989, er undantekning frá þeirri meginreglu íslensks réttar, að allir lögaðilar geti verið aðilar að dómsmálum. Sérregla þessi hefur aðeins eina undantekningu, en það er, þegar dómsmál fjallar um samskipti verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis, sem sér um rekstur hans. Ekki er að finna neitt í lögskýringargögnum, sem heimili frekari undanþágur frá þessu skýra og afdráttarlausa ákvæði. Þykir því ekki verða hjá því komist að skýra það svo, að verðbréfasjóðir geti ekki verið aðilar að dómsmálum að öðru leyti, hvernig svo sem ástatt er fyrir þeim.

Þar sem mál þetta er höfðað eftir gildistöku laga 20/1989, sbr. 40. gr. laganna, þykja lögin taka til fyrirliggjandi máls. Á grundvelli 18. gr. l. 20/1989 þykir því bera að vísa því frá dómi ex officio, þar sem stefnandi málsins hefur ekki aðildarhæfi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Páll Hreinsson, ftr. yfirborgardómara.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Mánudaginn 14. maí 1990.

Nr. 62/1989. **Jón Bjarnason**
(sjálfur)
gegn
Óttari Proppé
(Haraldur Blöndal hrl.)
og gagnsök.

Lögmannsþóknun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Með áfrýjunarstefnu 27. febrúar 1989 skaut aðaláfrýjandi til Hæstaréttar dómi bæjarþings Hafnarfjarðar í máli þessu. Jafnframt hefur hann að fengnu áfrýjunarleyfi 31. mars 1989 skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1989 úrskurði í málinu um sameiningu bæjarþingsmála nr. 39/1986 og 40/1986.

Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þessar: ,,aðallega, að málsmeðferð héraðsdóms verði frá og með 9. febrúar 1987 ómerkt, að úrskurði héraðsdómara um sameiningu bæjarþingsmálanna nr. 39 og 40 frá árinu 1986 verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að ljúka dómi á hvort mál um sig, til vara, að aðalstefnda verði gert að greiða aðalstefnanda annars vegar kr. 118.860 kr., en hins vegar kr. 98.940, samtals kr. 217.800, með 40% ársvöxtum af kr. 118.860 frá 1. nóvember 1982 til 1. janúar 1983, af kr. 217.800 frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. s.m., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, 26% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst 1985, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27%

ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi aðalstefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi...“

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 25. ágúst 1989. Hann krefst lækkunar á fjárkröfu aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Aðalkrafa aðaláfrýjanda lýtur að því, að brostið hafi lagaskilyrði til þess að sameina gegn mótmælum hans bæjarþingsmálin nr. 39/1986 og 40/1986, svo sem gert var með úrskurði bæjarþings Hafnarfjarðar, uppkveðnum 9. febrúar 1987. Kærumáli út af þessum úrskurði var vísað frá Hæstarétti með dómi 6. maí s.á., þar sem kæruheimild skorti (dómasafn, bls. 647). Áfrýjun úrskurðarins með aðalmálinu er heimil samkvæmt 17. gr. laga nr. 75/1973.

Kröfur aðaláfrýjanda í nefndum málum beindust að einum og sama aðila og eru sprottnar af lögfræðiþjónustu, er aðaláfrýjandi lét gagnáfrýjanda í té í þágu samþættra hagsmuna hins síðarnefnda, sem áttu að öllu leyti rætur að rekja til ágreinings, er varðaði sameignarfélag um atvinnurekstur, sem hann var eignaraðili að. Skilyrði voru því til að sameina málin samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Var ákvörðun héraðsdómara um það eðlileg og réttmæt. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

II.

Málsatvik eru ýtarlega rakin í héraðsdómi. Þar er gerð grein fyrir störfum aðaláfrýjanda í þágu gagnáfrýjanda og rakin þau gögn, er aðaláfrýjandi hefur lagt fram og byggir á kröfur sínar í málinu. Störf aðaláfrýjanda virðast hafa hafist haustið 1981 og verið að fullu lokið haustið 1982. Meðal gagna málsins eru tveir reikningar aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda fyrir störf hans. Þeir eru báðir ódagsettir og lagðir fram við þingfestingu 14. janúar 1986. Hinn 4. september 1982 greiddi gagnáfrýjandi upp í þóknun og útlagðan

kostnað 10.000 krónur. Er það eina greiðslan, sem aðaláfrýjandi hefur fengið fyrir umrædd störf sín.

Í málinu hefur verið lagður fram gíróseðill, sem aðaláfrýjandi sendi gagnáfrýjanda. Hann er að fjárhæð 98.500 krónur. Gíróseðillinn ber ekki með sér dagsetningu. Aðaláfrýjandi heldur því fram, að hann hafi verið sendur 28. apríl 1983, en gagnáfrýjandi fullyrðir í aðilaskýrslu, að hann hafi borist sér um eða eftir mitt það ár. Neðanmáls á gíróseðlinum er svofelldur texti:

„Þóknun fyrir lögfræðistörf á árunum 1981 og 1982 og útlagður kostnaður að frádreginni innborgun á árinu 1982."

Hvorki virðist reikningsgerð hafa fylgt þessum gíróseðli né nokkrar skýringar á því, hvernig fjárhæð hans var hugsuð.

Gagnáfrýjandi viðurkennir skuld við aðaláfrýjanda vegna umræddra starfa hans, en mótmælir fjárhæð dómkröfu hans sem allt of hárri og órökstuddri.

Álitaefni málsins er þannig háttað, að mat á þóknun til aðaláfrýjanda fyrir störf hans í þágu gagnáfrýjanda er miklum vandkvæðum háð. Er nefndur gíróseðill var sendur, var störfum aðaláfrýjanda lokið, og er nærtækast að álykta, að hann hafi með gíróseðlinum verið að koma á framfæri endanlegri kröfu um greiðslu á kostnaði og þóknun fyrir störf sín. Verður og að líta svo á, að gagnáfrýjandi hafi mátt ætla, að svo væri.

Þegar framanskráð er virt, eru ekki efni til að taka fjárkröfu aðaláfrýjanda til greina í meira mæli en nemur fjárhæð gíróseðilsins.

Samkvæmt þessu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 98.500 krónur. Rétt þykir að dæma vexti eins og krafist er, en frá stefnubirtingardegi í héraði til greiðsludags.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreindur úrskurður er staðfestur.

Gagnáfrýjandi, Óttarr Proppé, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Bjarnasyni, 98.500 krónur með 36% ársvöxtum frá 7. janúar 1986 til 1. mars s.á., 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% árs-

vöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er að öllu leyti samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda, að því er tekur til úrskurðar bæjarþings Hafnarfjarðar frá 9. febrúar 1987 um sameiningu bæjarþingsmálanna nr. 39/1986 og 40/1986.

Enda þótt héraðsdómur sé vel grundaður, er ég samþykkur því áliti meirihluta dómenda, að rétt sé eftir öllum atvikum að miða ógreidda þóknun aðaláfrýjanda fyrir störf hans við fjárhæð gíróseðils þess, er hann sendi gagnáfrýjanda á árinu 1983. Getur sú fjárhæð vart talist úr hófi miðað við þann tíma, er til starfanna fór hjá aðaláfrýjanda, og þá hagsmuni gagnáfrýjanda, sem um var að fjalla. Virðist aðaláfrýjandi hafa þar tekið nokkurt tillit til þess, að tíma við störfin var að hluta varið til bollalegginga fremur en markvissra aðgerða. Fjárhæðin var sett fram án nánari skýringa, en sú vinna, er henni lá að baki, hafði verið sýnileg gagnáfrýjanda að mestu leyti. Gagnáfrýjandi virðist hafa tekið þessari kröfu aðaláfrýjanda af miklu skilningsleysi, og er ekki ástæða til, að hann njóti þess, að aðaláfrýjandi hófst ekki handa um málsókn vegna kröfunnar þegar á sama ári.

Með vísan til þessa tel ég aðaláfrýjanda eiga að fá kröfu sína greidda með vöxtum frá 1. júlí 1983 og þá með almennum innlánsvöxtum til stefnubirtingardags, 7. janúar 1986, og dráttarvöxtum frá þeim degi, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað.

Dómsorð:

Framangreindur úrskurður er staðfestur.

Gagnáfrýjandi, Óttarr Proppé, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Bjarnasyni, 98.500 krónur með 21,5% ársvöxtum frá 1. júlí

1983 til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 7. janúar 1986, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1987 og 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með 2 stefnum, birtum 7. janúar 1986, á hendur Óttari Proppé, Sunnuvegi 12, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að frádreginni áður greiddri fjárhæð kr. 118.860, eins og getur í stefnu málsins með þessu númeri, 39, við málshöfðunina, en að honum verði einnig gert að greiða kr. 98.940 fyrir vinnu og útlagðan kostnað vegna sameignarfélagsins Proppé sf., hvort tveggja ásamt vöxtum sem hér segir:

39% ársvöxtum af kr. 118.860 frá 14. september 1982 til 1. nóvember s.á., 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. sama mánaðar, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25. sama mánaðar, 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. ágúst s.á. og með 36% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 47% ársvöxtum af kr. 98.940 frá 1. janúar 1983 til 21. september s.á. og síðan alveg sama vaxtafæti sömu tímabil og að framan greinir af þessari fjárhæð einnig.

Þá er og krafist málskostnaðar í samræmi við framanritað skv. gjaldskrá LMFÍ eða að mati dómarans.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að kröfur stefnanda verði aðeins að litlum hluta teknar til greina, en stefnda dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati bæjarþingsins.

Málið var upphaflega flutt 20/10 1987, endurflutt 7/6 1988 og aftur í dag.

II.

Stefnandi sótti dómkröfur sínar í upphafi í 2 málum, sem þingfest voru sama dag, 14. janúar 1986. Af hálfu stefnda var þess upphaflega krafist, að málin yrðu sameinuð, en fallið var frá þeirri kröfu fyrir aðalflutning. Við aðalflutning setti umboðsmaður stefnda aftur fram kröfu um sameiningu málanna, og var sú krafa tekin til úrskurðar. Þann 9. febrúar sl. féll úrskurður á þann veg, að málin skyldu sameinast, með vísan til 1. mgr. 117. gr. l. 85/1936. Stefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar. Meirihluti Hæstaréttar vísaði málinu frá Hæstarétti þann 6.5.1987, þar sem kæruheimild skorti. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Sameining á málum leiðir ekki til þess að málið falli niður, heldur einungis til þess að málin verða dæmd í einu lagi."

Sáttatilraunir báru eigi árangur.

III.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að

a) stefndi hafi falið sér haustið 1981 að reyna að ná samkomulagi um ýmis mál varðandi sameignarfélagið P. Árnason og Proppé, sem stefndi hafi átt að hálfu á móti Pétri Árnasyni. Félag þetta hafi fengist við pökkun og flutninga á húsmunum varnarliðsstarfsmanna, og hafi þeir félagar unnið báðir hjá félaginu í fjölda ára. Stefnandi kvaðst hafa átt viðræður við Pétur Árnason og tvo lögfræðinga hans, og hafi vinna sín verið bæði umfangsmikil og tímafrek. Ágreiningsefni eigendanna hafi verið mörg. Sum hafi tekist að leysa fyrir hans atbeina, en önnur hafi verið miklu torveldari viðfangs. Þá hafi lögfræðingaskipti Péturs Árnasonar haft í för með sér aukna vinnu. Þá hafi það og komið til, að Pétur Árnason hafi stofnað annað sameignarfélag, sem fengið hafi starfsleyfi á Keflavíkurflugvelli, og hafi vart verið annað að sjá en að þær aðgerðir Péturs beindust að beinni samkeppni við félag þeirra stefnda og væri gert í þeim tilgangi að rýra verðmæti P. Árnasonar og Proppé sf.

Stefnandi kvað stefnda í upphafi hafa óskað eftir náinni samvinnu um gang mála og haft sér til fulltingis tvo syni sína. Stefnandi kvað félagið hafa skilað miklum arði og átt miklar eignir. Stefnandi kvaðst hafa unnið

að þessum verkefnum til ársloka 1982, og hafi verið um fjölþætt verkefni að ræða. Hann kvað stefnda hafa greitt upp í reikning sinn kr. 10.000 14.9.1982, en síðan ekki meira, og hafi hann enga skýringu fengið á því, hvers vegna eftirstöðvar voru ekki greiddar.

b) Stefnandi kvað stefnda hafa falið sér í apríl 1982 að stofna sameignarfélag, sem yrði eign hans og sonar hans, Óttars. Þá hafði Pétur Árnason stofnað sameignarfélag með syni sínum, sem talið var, að stofnað væri til höfuðs sameignarfélagi stefnda og Péturs Árnasonar. Félagið hlaut nafnið Proppé sf., og var það skráð í firmaskrá Reykjavíkur. Síðan hafi verið gengið í það að afla félaginu starfsréttinda, og hafi það ekki gengið átakalaust, en hafst að lokum.

Stefnandi kvað Pétur Árnason ekki hafa tekið þessari félagsstofnun vel, og hafi hann haft uppi mikil andmæli, mótmælt starfsleyfum og krafist þess af stefnda, að félagið yrði afmáð úr firmaskrá.

Stefnandi kvað það hafa komið í sinn hlut að svara kröfum Péturs.

Stefnandi kvað hið nýja félag síðan hafa fengið lóð á Keflavíkurflugvelli, og kvað hann hættu þeirri, sem stafaði af sameignarfélagi Péturs og sonar hans, hafa verið bægt frá með þessum aðgerðum. Hann kvað rætt hafa verið um það á nokkrum fundum, á hvern hátt væri unnt að standa að byggingu á athafnasvæði Proppé sf., hvaða efni skyldu notuð og hvort taka ætti aðra inn í félagið. Hann kvaðst hafa reiknað sér í þóknun kr. 98.940 fyrir þessi störf, en ekki fengið neina greiðslu þrátt fyrir kröfu á hendur stefnda.

Hann kvað félagið hafa verið afskráð 10. mars 1983. Hann kvaðst því beina kröfum sínum að stefnda og áskilja sér rétt til að beina kröfum sínum að syni stefnda, Ólafi, ef svo kynni að fara, að greiðsla fengist ekki úr hendi stefnda.

IV.

Í greinargerð stefnda er málavöxtum svo lýst, að stefndi hafi leitað aðstoðar stefnanda um lausn ágreinings við meðeiganda sinn, Pétur Árnason, í sameignarfélagi þeirra, P. Árnasyni og Proppé. Störf stefnanda hafi hins vegar ekki nægt til lausnar ágreiningnum. Stefndi og synir hans hafi komið nokkrum sinnum á fund með stefnanda, auk þess sem hann hafi skrifað nokkur bréf. Að því hafi svo komið, að stefndi hafi talið hagsmunum sínum betur borgið með því að skipta um lögmann, og hafi stefnandi þá fallist á að skipta um lögmann. Eftir það hafi tekist að finna lausn málsins, sem báðir aðilar hafi sætt sig við, með því að Pétur Árnason o.fl. keyptu hlut stefnda í sameignarfélaginu. Stefndi kveður stefnanda ekki hafa gert sér reikning fyrir störf sín í þágu stefnda, en fengið kr. 10.000 greiddar upp í útlagðan kostnað og þóknun. Síðan hafi langur tími liðið, þangað til

stefnandi sendi stefnda gíróseðilinn, dskj. 7, en samkvæmt honum hafi stefnandi talið störf sín og útlagðan kostnað að fullu greidd með kr. 98.500 auk fyrrgreindrar greiðslu á kr. 10.000. Þessa kröfu hafi stefndi talið óhæfilega háa og því ekki sinnt henni. Stefndi kvaðst einhverju sinni hafa hitt stefnanda á förnum vegi, og hafi stefnandi þá ámálgað kröfu sína um greiðslu. Stefndi kvaðst hafa tekið lítt undir það, en vísað stefnanda til lögmanns síns, en stefnandi hafi síðan aldrei haft samband við lögmanninn. Síðan hafi ekkert gerst, fyrr en stefnandi höfðaði mál þau, er til úrlausnar eru, og reikning hafi stefnandi ekki gert stefnda fyrr en þá, sem hér hafa verið lagðir fram.

Af stefnda hálfu er viðurkennt, að hugsanlega skuldi hann stefnanda nokkurt fé vegna starfa hans. Þá fjárhæð treysti stefndi sér hins vegar ekki til að ákveða, en hann haldi því á hinn bóginn fram, að þóknun beri að reikna á verðlagi þess tíma, sem verkið var unnið, og að miða verði við þann tíma, sem til verksins fór, en ekki komi til greina að líta til hagsmuna, einkum þar sem árangur af störfum stefnanda varð lítill sem enginn.

V.

a) Í aðilaskýrslum sínum lýsir stefnandi störfum sínum í þágu stefnda. Hann kvað stefnda fyrst hafa óskað eftir viðtali við sig, er hann hringdi þann 28. september 1981. Síðan hafi hann komið á sinn fund þann 30. s.m. ásamt syni sínum, Óttari, og hafi erindi þeirra verið að fá skýringar á sameignarsamningi hans og Péturs Árnasonar um fyrirtækið P. Árnason og Proppé sf.

Stefnandi kveður stefnda síðan hafa haft samband við sig öðru hverju, það sem lifði af því ári, vegna þessa félags. Stefndi hafi ávallt hringt fyrst og greint frá því vandamáli, sem við var að etja hverju sinni, og beðið stefnanda að hugsa ráð, og hafi þá verið ákveðinn fundur 1-2 dögum seinna, þar sem ræddar hafi verið þær tillögur eða úrlausnir, sem stefnandi hafði upp á að bjóða.

Stefnandi nefnir ýmis ágreiningsefni, sem rædd voru á þessum fundum, og tillögur sínar, sem leitt hafi til þess, að ákveðið var að taka upp viðræður við Pétur Árnason um breytingar á sameignarsamningnum. Stefnandi kveðst hafa viljað, að unnið yrði að þessum breytingum af lögmönnum þeirra félaga, en illu heilli hafi þeir félagar sjálfir sest að samningaborði undir forystu endurskoðanda félagsins.

Stefnandi kvað stefnda hafa komið til sín, meðan á þessum fundum stóð, og leitað tillagna um breytingar og ráðleggingar vegna tillagna Péturs Árnasonar. Stefnandi kvaðst hafa viljað ganga mun skemmra í tillögum til breytinga en synir stefnda, sem oft hafi sótt fundi þeirra stefnda. Hann kvað þetta viðhorf sitt hafa byggst í ljósi (sic) þeirrar reynslu, er hann hafði áður

jafnað ágreining þeirra félaga. Hann kvað um hafa verið að ræða blómlegt fyrirtæki, sem skilaði góðum hagnaði, og ekkert vit í því að stefna í tvísýnu áframhaldandi samstarfi vegna atvika, er litlu máli skiptu.

Stefnandi kvaðst ekki hafa sótt þessa samningafundi, og hafi hann því ekki vitað, hvað þar fór raunverulega fram, annað en það, að stefndi hefði tjáð honum, að nokkuð hefði áunnist honum til hagsbóta, er augljóslega hafi mátt rekja til tillagna stefnanda. En því miður hafi heildarsamkomulag ekki náðst. Stefnandi kveður sér ekki verða um það kennt, að samningaviðræður þessar, sem hann tók ekki þátt í, báru ekki þann árangur, sem stefndi kann að hafa viljað. Stefnandi kvað stefnda hafa tekið sér frí frá störfum vegna lasleika í árslok 1981. Hafi þá verið útbúið umboð til handa Óttari Proppé yngra þess efnis, að hann sæi um hlut stefnda í sameignarfélaginu. Stefnandi kvaðst hafa lagst gegn þessu, þar sem slíkt hefði ekki tíðkast í áratugasamstarfi stefnda og Péturs. Hann kvað blekið varla hafa verið þornað á umboðinu, er til mikils árekstrar kom milli Péturs og umboðsmannsins. Stefnandi kvað Óttar yngra hafa átt fimm viðtöl við sig í janúar 1982 vegna þessa umboðs auk nokkurra símtala.

Stefnandi kveður fundi þeirra stefnda hafa hafist að nýju í febrúar 1982, og hafi þá verið kannað, hvað hægt væri að gera, þar sem samningar höfðu ekki tekist. Stefnandi kveður stefnda hafa falið sér um miðjan mars 1982 að ræða við Pétur Árnason um efni þessi. Stefnandi kvað ekki einleikið, hve illa gekk að koma á fundi við Pétur eða lögmann hans. Stefnandi kvaðst þá hafa spurt stefnda, hvort verið væri að tefja tímann til að koma einhverju í framkvæmd, sem kæmi stefnda illa. Stefndi hafi þá svarað því til, að slíkt væri útilokað, enda yrðu engin starfsleyfi veitt fyrir ný félög, og einnig hefði hann einn með að gera þau erlendu félög, er skiptu við sameignarfélagið, og á því yrði engin breyting án hans samþykkis. Stefnandi kveður þetta hafa reynst rangt hjá stefnda, því að staðreyndin hafi reynst sú, að einmitt um sama leyti hafi Pétur Árnason fengið starfsleyfi fyrir félagið Propac, sem hann stofnaði með syni sínum hinn 20.11.1981, en þá megi ætla, að Pétri hafi verið ljóst, að ekki gengi saman í viðræðum þeirra stefnda.

Stefnandi kveður þetta hafa verið mikið áfall fyrir stefnda, og hafi því verið ákveðið að gera sérstakar ráðstafanir vegna þessara breyttu aðstæðna.

Stefnandi kveður stefnda aldrei hafa ljáð máls á því að selja hlut sinn í fyrirtækinu. Hins vegar hafi fljótlega komið í ljós í viðræðum við Pétur Árnason og lögmann hans, að Pétur vildi kaupa hlut stefnda. Stefnandi kveður stefnda hafa fylgst náið með störfum sínum, oft komið til funda. Stefnandi kveður stefnda oft hafa rætt um þessi kauptilboð Péturs við sig í áheyrn sona sinna, og hafi þá komið fram sú afstaða hans að vilja ekki láta hlut sinn í félaginu. Hitt hafi sér ekki dulist, að sala hefði verið sonum

stefnda mjög að skapi. Stefnandi kvaðst hins vegar hafa verið að vinna fyrir stefnda og því stutt hann í hans afstöðu og því ekki leitað eftir heimild eða umboði stefnda til að semja um sölu á hans hlut. Stefnandi kvað það því ekki hafa komið sér á óvart um áramótin 1982-3, er Óttar Proppé yngri hringdi í hann og tjáði honum, að stefndi óskaði ekki eftir frekari störfum af hans hálfu. Sig hafi þá grunað, að stefndi hefði orðið undir og að skammt yrði í sölu á hlut hans í sameignarfélaginu. Það hafi og komið á daginn, því að nokkru eftir áramótin hafi hann hitt Pétur Árnason á förnum vegi, og hafi hann sagt sér í óspurðum fréttum, að hann væri búinn að kaupa hlut stefnda, og hafi hann verið kátur mjög.

Stefnandi kveður það misskilning hjá stefnda, að hann sé nú að gera honum 2 reikninga fyrir störf, sem hann hafi áður krafist í einu lagi. Gíróseðillinn, sem hann hafi sent stefnda 28. apríl 1983, hafi verið fyrir vinnu sína í sambandi við sameignarfélag stefnda og Péturs Árnasonar, og sé krafa hans vegna Proppé sf. þeim algerlega óviðkomandi.

Stefnandi kveður ástæðu þess, að stefnukrafan sé nú kr. 118.860, en ekki kr. 98.500 eins og á gíróseðlinum, þá, að fjárhæð gíróseðilsins hafi hann ákveðið samkvæmt dagvinnu, en í raun hafi stefndi yfirleitt komið til fundar við sig um það leyti, sem vinnutíma var að ljúka, og hafi fundur oftast staðið yfir til kl. 20.00 og oft lengur. En þar sem stefndi hafi ekki einu sinni haft fyrir því að ræða við sig um þessi mál, hvað þá að bjóða fram greiðslu, þannig að hann þurfi að innheimta þóknun sína með málsókn, þá telji hann sig ekki bundinn af dagvinnutíma, og telji hann sér því bera álag vegna eftirvinnu sinnar.

b) Stefnandi kveður stefnda hafa komið til fundar við sig í apríllok 1982. Þá hafi hann skýrt sér frá því, að félaginu Propac sf., er Pétur Árnason hafði stofnað ásamt syni sínum í árslok 1981, hafi verið veitt starfsleyfi á Keflavíkurflugvelli. Stefnandi kvaðst strax hafa séð, að félagi þessu var ætlað að keppa um verkefni við P. Árnason og Proppé sf. á Keflavíkurflugvelli, og þótt augljóst mál, að í þessum efnum stóð stefndi nú höllum fæti. Stefnandi kvað þetta mál hafa verið rætt fram og aftur; hafi sú ráðlegging hans orðið ofan á, að stefndi fetaði algerlega í fótspor meðeiganda síns og stofnaði sameignarfélag og freistaði þess að fá starfsleyfi fyrir það á Keflavíkurflugvelli. Sér hafi síðan verið falið að ganga frá félagsstofnuninni og látið skrá félagið í firmaskrá Reykjavíkur hinn 11. maí 1982. Meðeigandi stefnda að hinu nýja félagi hafi verið Ólafur Jóhann Proppé, sonur stefnda.

Stefnandi kvaðst hafa hvatt stefnda til að sækja um starfsleyfi fyrir félagið á Keflavíkurflugvelli, en undirtektir ráðuneytis hafi hins vegar verið dræmar. Þá hafi það gerst sama dag og félagið var stofnað, að stefnda barst bréf frá Pétri Árnasyni. Svo hafi virst sem stefndi gerði sér ekki grein

fyrir mikilvægi þess, en stefnandi taldi bréfið hins vegar skrýtinn hvalreka fyrir stefnda. Einungis þyrfti að leggja út af bréfinu á réttan hátt og senda til ráðuneytisins, og yrði því þá ekki stætt á því að neita Proppé sf. um starfsleyfi. Stefnandi kvaðst þá hafa útbúið greinargerð fyrir stefnda, og hafi hún ásamt bréfi Péturs Árnasonar verið send ráðuneytinu. Síðan hafi farið, eins og hann hafi sagt fyrir, að félaginu var veitt starfsleyfi á Keflavíkurflugvelli með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 8.6.1982. Stefnandi kveður síðan hafa verið sótt um lóð fyrir hið nýja félag með bréfi, dagsettu 18.6.1982, og með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 6.8.1982, hafi félaginu verið úthlutað lóð undir 1000 m^2 vöruskemmu fyrir starfsemi þess.

Stefnandi kvað það svo hafa komið yfir sig eins og þrumu úr heiðskíru lofti, er stefndi tjáði honum, að hann hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að ráðast í byggingu á lóðinni. Stefndi hafi hins vegar beðið hann að athuga, hvað væri til ráða. Stefnandi kvaðst þá hafa lagt til, að teknar yrðu upp viðræður um P. Árnason sf. Þær viðræður hafi svo farið fram í júlímánuði, en ekki leitt til árangurs, þar sem Pétur Árnason vildi þá einungis kaupa hlut stefnda, en stefndi vildi ekki selja. Jafnhliða þessu kveðst stefnandi hafa reynt að finna úrræði og kannað möguleika í sambandi við væntanlega byggingu, bæði varðandi byggingarkostnað og fjármögnun.

Stefnandi kvaðst því ekki sjá annað en að verkefni þau, er honum voru falin, hafi tekist vel. Honum verði hins vegar ekki um það kennt, þótt stefndi hafi leynt hann því svo lengi sem hann hafði tök á, að hann treysti sér ekki til að hefja rekstur hins nýstofnaða félags, annaðhvort vegna kjarkleysis, fjárskorts eða af öðrum ástæðum. Það sé því helbert þvaður, að hann hafi lítt sinnt þeim verkefnum, sem honum hafi verið falin, og því ekki orðið af störfum hans sá árangur, sem til hafi verið ætlast.

VI.

Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi lýsir stefndi viðskiptum sínum við stefnanda. Hann kvað tímafjölda þann, sem stefnandi haldi fram, að farið hafi í fundi, grunsamlega mikinn, en hins vegar geti hann ekki vefengt hann, þar sem hann hafi ekki haldið dagbók. Aðspurður, á hverju það álit hans byggist, að stefnandi hafi lítið sinnt málefnum hans, svaraði stefndi því til, að hann hafi oft verið á fundum með stefnanda og rætt við hann í síma, en sér hafi virst sem stefnandi væri alltaf að bíða eftir „boltanum" frá hinum. T.d. hafi stefnandi oftar en einu sinni verið beðinn um að tala við utanríkisráðherra og varnarmáladeild, en það hafi hann ekki viljað, og hafi það endað með því, að stefndi og sonur hans hafi margrætt við utanríkisráðherra.

Aðspurður taldi stefndi, að hann hafi ekki falið stefnanda að semja um

sölu á eignarhluta sínum í P. Árnasyni og Proppé sf., þar sem stefnandi hafi alltaf talið úr sér að selja, en viljað halda því til streitu, að hann byggði suður á Keflavíkurflugvelli, en til þess hafi hann ekki haft bolmagn.

Aðspurður kveðst stefndi hafa tekið fram á mörgum viðræðufundum hans og stefnanda, er hann var spurður, hvaða lausn hann aðhylltist, að hann vildi gjarnan starfa við þetta í nokkur ár, eða þangað til hann hætti að vinna, ef sambúð hans og Péturs Árnasonar hefði getað orðið þokkaleg eða ef stefnandi gæti miðlað málum milli sín og Péturs.

Stefndi mótmælti þeirri staðhæfingu stefnanda, að Proppé sf. hafi fengið starfsleyfið á Keflavíkurflugvelli vegna bréfs Péturs Árnasonar. Leyfið kvaðst hann hafa fengið vegna viðtala við utanríkisráðherra. Aðspurður kvað stefndi fundartíma með stefnanda hafa verið frá kl. 17.00 síðdegis, og hafi fundirnir staðið yfir í 1 til 1½ klst., í hæsta lagi 2 klst. Hann kvað samkomulag hafa verið um fundartíma. Hann kvað þá aldrei hafa rætt um greiðslu fyrir störf stefnanda, er þessir fundir áttu sér stað.

Stefndi kvað stofnun sameignarfélagsins Proppé sf. hafa tengst deilum sínum við Pétur Árnason, enda hafi stofnun þess verið hugsuð sem mótleikur við stofnun Péturs Árnasonar á eigin sameignarfélagi. Hann kvað stefnanda aldrei hafa rætt um það, að hann óskaði sérstaklega eftir greiðslu fyrir stofnun sameignarfélagsins. Hann hafi hins vegar einhvern tíma nefnt það, að stefndi skuldaði honum 1.200 eða 1.300 krónur vegna skráningar félagsins.

VII.

Óttarr Proppé yngri gaf skýrslu fyrir dómi.

Hann kvaðst hafa talið það tímaeyðslu að hafa mikið samband við stefnanda á þessum tíma. Hann kvaðst þó hafa talað við stefnanda að ráði föður síns, sem þá var veikur, í sambandi við umboð sitt o.fl.

Hann kvað sameignarfélag stefnda og Péturs Árnasonar hafa verið rekið á óheilbrigðum grundvelli. Pétur Árnason hafi sjálfur rekið svipað fyrirtæki og notað starfsfólk og umbúðir sameignarfélagsins í eigin þágu og hagnast á því. Hann kvaðst hafa farið í atvinnuhúsnæði Péturs Árnasonar og séð þetta með eigin augum. Hann kveðst hafa rætt um þetta við stefnanda. Hann kvað rætt hafa verið við stefnanda um öll þessi mál, en hann hafi séð, að ekki gekk að leysa málin, nema skipt yrði um lögmann, og hafi hann því lagt hart að stefnda að skipta um lögmann. Hann kannaðist ekki við, að stefnandi hafi veitt honum sérstakar ráðleggingar um ferðir hans til Keflavíkurflugvallar o.fl., eins og stefnandi haldi fram á dskj. nr. 7 A.

Hann kvað það hafa valdið miklu fjaðrafoki, er hann fór í starfsstöð sameignarfélagsins á Keflavíkurflugvelli og ræddi við starfsfólk þar, suma

hverja, sem hann þekkti, frá því að hann starfaði hjá fyrirtækinu á námsárum sínum. Hann kvað Pétur Árnason þá hafa hengt upp veggauglýsingu um það, að hann hafi farið út fyrir umboð sitt. Hann kvað nauðsynlegt hafa verið, að þeir feðgar vissu, hvernig „hlutirnir gengju fyrir sig" á vellinum.

Hann kvað annaðhvort hafa þurft að koma fyrirtækinu á heilbrigðan grundvöll eða slíta því.

Hann kvað lausn málsins hafa verið rædda við stefnanda, en það hafi ekki verið grundvöllur djúphugsaðra ráðagerða.

Því hafi allar umræður um þetta verið gagnslausar og tímasóun.

Hann kvað hugsanlega sölu hafa verið rædda við stefnanda, en ekki kannaðist hann við, að stefnanda hafi verið falið að selja hlut stefnda. Hins vegar hafi verið talað um, að stefnandi ræddi þessi mál við Pál S. Pálsson hrl., lögmann Péturs Árnasonar.

Hann kvað fundi hafa verið haldna með stefnanda vegna stofnunar sameignarfélagsins Proppé sf. Hugmyndin að stofnun þess félags hafi hins vegar ekki komið frá stefnanda. Hann kvað það ekki hafa verið ætlunina, að það félag hæfi rekstur, heldur hafi því verið beint gegn Pétri Árnasyni til þess að sýna honum fram á það, að grundvöllur gæti verið fyrir slíku félagi og að það gæti fengið rekstrarleyfi. Hann kvað stefnda hafa viljað láta stefnanda sjá um stofnun félagsins. Hann kvað það fjarstæðu, að það hafi tekið 51 klst. að ræða þessi mál. Á þessum fundum hafi margt fleira en sameignarfélagið Proppé sf. borið á góma.

Annars hafi verið rætt um heima og geima almennt á fundum með stefnanda. Ekkert hafi gerst. Fundirnir hafi frekar líkst sálgæslurabbi. Hins vegar hafi stefndi vonað, að stefnandi gæti gert eitthvað í málunum, t.d. fengið Pétur Árnason til hugsanlegra samninga, t.d. með því að benda á einhverjar lagalegar leiðir. En ekkert hafi gerst. Hann kvað þann möguleika hafa verið nefndan við stefnanda, að byggt yrði á Keflavíkurflugvelli, en ekki hafi verið leitað eftir ráðleggingum hans í þeim efnum, sem frekar hefði átt að gera hjá tæknimenntuðum aðilum.

Eiginkona stefnanda, Kristín Haraldsdóttir, gaf skýrslu fyrir dómi. Hún kvað aðila hafa átt þá viðræðufundi, sem fram kæmu á yfirliti stefnanda. Hún kvaðst taka á móti fólki og annast símavörslu fyrir stefnanda. Hún kvað fundi aðila hafa hafist eftir kl. 16.00 á daginn, og hafi þeir oft staðið yfir til kl. 20.00 eða að ganga 21.00 á kvöldin. Hún kvað þessi fundahöld hafa staðið yfir á annað ár. Hún kvaðst hafa skráð fundartíma. Þá kvaðst hún hafa skráð öll símtöl, sem annar eins tími hafi farið í og fundina.

VIII.

Kröfugerð stefnanda er samkvæmt 2 reikningum, sem hann lagði fram

við þingfestingu málsins 14. janúar 1986. Óumdeilt er, að stefndi fékk ofangreinda reikninga þá fyrst í hendur.

Reikningarnir eru svohljóðandi:

REIKNINGUR.

Hr. Óttarr Proppé, Sunnuvegi 12, Hafnarfirði.

Þóknun fyrir störf að samningum o.fl. vegna ágreinings um rekstur sameignarfélagsins P. Árnasonar & Proppé á tímabilinu september 1981 til ársloka 1982.

Útbúið umboð, átt viðræður við Pétur Árnason, endurskoðanda sameignarfélagsins og lögmenn Péturs Árnasonar.

Enn fremur veittar ráðleggingar vegna ágreinings um uppsagnir sameignarsamnings, ýmislegt varðandi rekstur félagsins, svo sem mannaráðningar, kaupgreiðslur, birgðaeftirlit o.fl.

Þóknun og útlagður kostnaður	kr.	128.860
Innborgað hinn 14. september 1982	—	10.000
Eftirstöðvar	kr.	118.860

Jón Bjarnason
(sign.)

REIKNINGUR.

Hr. Óttarr Proppé, Sunnuvegi 12, Hafnarfirði.

Vinna við stofnun sameignarfélagsins P r o p p é sf., Reykjavík, í apríl og maí 1982, tilkynningu um stofnun þess til firmaskrár Reykjavíkur og skráningu.

Aðstoð við útvegun rekstrarleyfis fyrir félagið á Keflavíkurflugvelli og lóðar á flugvallarsvæðinu fyrir byggingu og athafnasvæði sameignarfélagsins.

Athuganir vegna byggingarmöguleika, efnisvals og samvinnu eða sameignar við aðra aðila um væntanlegar byggingarframkvæmdir.

Þóknun og útlagður kostnaður kr. 98.940.

Jón Bjarnason
(sign.)

Í þinghaldi 19. sept. 1986 lagði stefnandi fram lista yfir þorra þeirra verkefna, er stefndi hefði falið honum að vinna að á árunum 1981 og 1982, en samkvæmt honum væru þau:

1. Skýringar á sameignarsamningi við Pétur Árnason.
2. Ráðleggingar v/fjársveltis sameignarfélagsins.
3. Ráðleggingar vegna samninga um móttöku og meðferð pósts.
4. Ráðleggingar vegna tilhögunar á móttöku fjár og greiðslum.

5. Ráðleggingar vegna breytinga á sameignarsamningi.
6. Útbúið umboð til handa Óttari Proppé yngra.
7. Leiðbeiningar til handa Óttari Proppé v/umboðs.
8. Ráðleggingar til handa Óttari Proppé v/mótmæla P.Á.
9. Ráðleggingar vegna meintrar birgðarýrnunar.
10. Ráðleggingar vegna meintrar misnotk. P.Á. á starfsfólki fél.
11. Ráðleggingar vegna tölvuvæðingar og breytinga skrifstofu.
12. Ráðleggingar vegna vitneskju um framtöl.
13. Ráðleggingar vegna athugunar á húsnæði að Ártúnshöfða.
14. Samningatilraunir við P. Árnason og lögmenn hans.
15. Ráðleggingar v/ferða Ó.P. yngra á Keflavíkurflugvöll.
16. Ráðleggingar v/skipulagningar vinnuflokka á Keflavíkurvelli.
17. Ráðl. og ath. v/kauptilboða og hugsanl. kaupa Ó.P.
18. Ráðl. vegna stofnunar félagsins PROPAC sf.
19. Ráðl. vegna stofnunar félagsins ÍSIS sf.
20. Ráðl. vegna starfs og kaupgreiðslna sonar P.Á á Keflavflugv.
21. Ráðl. vegna launagreiðslna til Óttars Proppé yngra.

Í sama þinghaldi lagði stefnandi fram lista yfir fundartíma með Óttari Proppé, Óttari Proppé yngra, Ragnari Aðalsteinssyni hrl., Sveini Jónssyni endurskoðanda, Páli S. Pálssyni hrl. og Pétri Árnasyni á árunum 1981 og 1982, samtals 68 klst.

Við aðalflutning málsins þann 20. október 1987 lagði stefnandi svo fram sundurliðun vegna áðurgreindra 2 reikninga, og er hún svohljóðandi:

Sundurliðun samkvæmt vinnulista:

Liður	nr.	1.	Vinnustundir	4	klukkutímar	kr.	1.700
—	—	2.	—	29	—	—	12.325
—	—	3-4.	—	13	—	—	5.525
—	—	5.	—	39	—	—	16.575
—	—	6.	—	innifalið í þóknun		—	360
—	—	7-8.	—	15	klukkutímar	—	6.375
—	—	9.	—	8	—	—	3.400
—	—	10.	—	5	—	—	2.125
—	—	11.	—	7	—	—	2.975
—	—	12.	—	9	—	—	3.825
—	—	13.	—	6	—	—	2.550
—	—	14.	—	35	—	—	14.875
—	—	15-16.	—	12	—	—	5.100
—	—	17.	—	8	—	—	3.400
—	—	18-19.	—	14	—	—	5.950

Liður	nr. 20.	Vinnustundir	10 klukkutímar	kr.	4.250
—	— 21.	—	7 —	—	2.975
		Samtals	221 —	kr.	94.285
Símtöl alls 33 klukkustundir				—	14.025
Útlagður kostn., frímerki o.fl.				—	550
				kr.	108.860
Álag vegna eftirvinnu				—	20.000
			Samtals	kr.	128.860

Sundurliðun:

Vinna við ráðleggingar vegna starfsleyfis PROPAC sf., Keflavíkurflugvelli	14 klt.	kr.	6.300
Stofnun sameignarfél. PROPPÉ sf. skv. taxta		—	24.140
Skráning hjá firmaskrá Reykjavíkur		—	1.040
Vinna við að svara bréfum frá Páli S. Pálssyni hrl. og Pétri Árnasyni og viðtöl	26 klt.	—	11.700
Vinna við að afla starfsleyfis á Keflavíkurflugvelli fyrir PROPPÉ sf.	16 klt.	—	7.200
Unnið við að afla úthlutunar á lóð á Keflavíkurflugvelli fyrir starfsemi sameignarfélagsins PROPPÉ	30 klt.	—	13.500
Unnið við byggingaráætlanir, athugað með tilbúnar skemmur, verð og greiðsluskilmála svo og fjármögnun og fleiri meðeigendur að sameignarfélaginu	41 klt.	—	18.450
Samtals	127 klt.	kr.	82.330
Samtöl alls 14 klukkustundir		—	6.300
Útlagður kostnaður		—	310
Álag vegna eftirvinnu		—	10.000
	Samtals	kr.	98.940

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi skuldi honum framangreindar stefnukröfur samkvæmt framlögðum reikningum vegna vinnu stefnanda fyrir stefnda vegna félagsins P. Árnasonar og Proppé sf. annars vegar og Proppé sf. hins vegar. Stefnandi kveðst margoft hafa krafið stefnda um greiðslu, en þrátt fyrir ítrekuð loforð í því efni hafi engin

greiðsla borist sér. Stefnandi telur sig ekki bundinn af þeirri fjárhæð, sem fram komi á gíróseðli þeim, er hann sendi stefnda á sínum tíma.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að reikningar stefnanda séu of háir, rangir og órökstuddir og að ekki sé gerð grein fyrir útlögðum kostnaði. Hann viðurkennir hins vegar, að hann skuldi stefnanda nokkurt fé vegna starfa hans, en þá fjárhæð eigi að rukka á verðlagi þess tíma, sem verkið var unnið, og miða við þann tíma, er til verksins fór, en ekki komi til greina að líta til hagsmuna, einkum þar sem árangur af störfum stefnanda hafi orðið lítill sem enginn. Þá telur stefndi stefnanda bundinn af gíróseðli þeim, sem hann sendi stefnda, og geti hann því ekki hækkað kröfugerð sína frá því, sem á honum komi fram. Þá telur stefndi stefnanda reikna sér allt of hátt tímakaup og ætla sér allt of marga tíma, en vinna sú, er stefnandi telji sig hafa innt að hendi, samsvari 2 mánaða vinnu miðað við 8 stunda vinnu. Þá beri stefnanda ekki vextir fyrr en frá þingfestingardegi.

Niðurstaða dómsins.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi vann að þeim verkefnum í þágu stefnda, sem getið er um í sóknarskjölum stefnanda. Stefndi vefengir á hinn bóginn, að allan þann tíma hafi þurft til þessara starfa, sem haldið sé fram af stefnanda, eða að hann hafi fundað með stefnanda jafnlengi og stefnandi haldi fram. Þá reikni stefnandi sér of hátt tímakaup, og eins hafi árangur af störfum stefnanda orðið lítill sem enginn.

Dómurinn telur þá staðhæfingu ósannaða, að enginn árangur hafi orðið af störfum stefnanda, þótt ekki hafi tekist að leysa endanlega þau ágreiningsmál, er starf hans vörðuðu, meðan hann var enn í þjónustu stefnda.

Dómurinn telur stefnanda hafa starfað í þágu stefnda persónulega, og hafi stefnanda mátt vera það ljóst, að stefndi taldi störf hans öll vera lið í því að leysa ágreiningsmál stefnda og Péturs Árnasonar, en ekki þannig, að hann væri að vinna sérstaklega fyrir sameignarfyrirtækið Proppé sf., en stofnun þess o.fl. verður að líta á sem þátt í lausn framangreinds ágreinings. Engu að síður verður að telja ósannað, að endanleg kröfugerð af hálfu stefnanda fælist í gíróseðli þeim, er hann sendi stefnda og ekki var greiddur.

Þótt stefndi hafi ekki getað hnekkt með gögnum þeim vinnustundafjölda, sem stefnandi reisir kröfugerð sína á, telur dómurinn engu að síður, að gögn málsins, rökstuðningur stefnanda og þær upplýsingar, sem komið hafa fram undir rekstri málsins, leiði til þess, að telja verði þann tíma, sem stefnandi telur hafa farið til verksins, og þóknun, er stefnandi áskilur sér, hærri en eðlilegt geti talist og með sanngirni megi ætla stefnda að hlíta.

Í þessu tilliti ber að líta til þess, að af hálfu stefnanda hefur ekki verið

sýnt fram á, af hvaða ástæðum svo mikinn tíma hafi þurft til ýmissa þeirra liða, sem fram koma í kröfugerð hans og að framan er rakið. Þá telur rétturinn það tímagjald, sem stefnandi reiknar, hærra en ráða megi af gjaldskrá LMFÍ á viðkomandi tíma.

Dómurinn telur því, að eftir atvikum og þegar öll gögn eru virt og það annað, sem fram hefur komið undir rekstri málsins, sé hæfileg þóknun stefnanda fyrir öll störf hans í þágu stefnda kr. 120.000.

Þar sem stefndi fékk reikninga stefnanda fyrst í hendur við þingfestingu málsins og mjög langur tími leið, frá því að stefnandi hætti störfum í þágu stefnda og þar til hann höfðaði mál þetta, þykir ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um dráttarvexti fram að stefnubirtingardegi. Dráttarvextir af tildæmdri fjárhæð ákvarðast því frá stefnubirtingardegi, eins og í dómsorði er rakið.

Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 50.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur af málflutningsbókunum.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Óttar Proppé, greiði stefnanda, Jóni Bjarnasyni, kr. 120.000 með 36% ársvöxtum frá 7.1.1986 til 1.3.1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.4.1986, með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.3.1987, með 2,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 6.5.1987, en með ársvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur af málflutningsþóknun.

Þriðjudaginn 15. maí 1990.

Nr. 63/1989. **Sigurður Magnússon**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Búnaðarbanka Íslands vegna
Stofnlánadeildar landbúnaðarins
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.),
Stefáni Sigurðssyni
(sjálfur)
og Gunnari Þór Árnasyni.

Veðleyfi. Skaðabætur. Fasteignakaup. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1989. Hann krefst þess, að stefndu greiði honum in solidum 227.375,90 krónur með 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af 27.309,19 krónum frá 30. desember 1983 til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 31. desember s.á. og sömu vöxtum af 58.401,67 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 30. desember s.á. og sömu vöxtum af 103.907,94 krónum frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 5. janúar 1987 og sömu vöxtum af 160.456,69 krónum frá þeim degi til 1. mars s.á., 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. september s.á., 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 7.

s.m. og af 227.375,90 krónum frá þeim degi til 14. janúar 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst þess, að dráttarvextir leggist við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti og beri síðan sömu vexti og hann, í fyrsta sinn 30. desember 1984.

Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndu in solidum láti afmá úr veðmálabókum sýslumannsembættis Borgarfjarðar- og Mýrasýslu veðband á jörðinni Fellsenda, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, vegna láns, að fjárhæð 200.000 krónur, er stefndi Gunnar Þór Árnason fékk hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins hinn 22. júní 1982 og þinglýst var 22. júlí s.á. á nefnda jörð, er þá hafi verið eign áfrýjanda, allt að viðlögðum þrjú þúsund króna dagsektum, er renni til áfrýjanda.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins er krafist sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Stefán Sigurðsson krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Gunnars Þórs Árnasonar er ekki sótt þing.

Í forsendum og dómsorði hins áfrýjaða dóms hefur misritast, að lán það, sem hvílir sem veð á jörðinni Fellsenda, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, og áfrýjandi krefst, að verði afmáð úr veðmálabókum, sé að fjárhæð 120.000 krónur, en það er að fjárhæð 200.000 krónur, eins og segir réttilega í kröfugerð áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með ofangreindri athugasemd.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu skortir nokkuð á, að aflað hafi verið allra gagna, sem verið gætu fallin til að varpa ljósi á atvik þess. Meðal þeirra

má telja lánsumsókn stefnda Gunnars til Stofnlánadeildar landbúnaðarins svo og gögn um könnun veðbanda og útborgun lánsins af hálfu deildarinnar. Fyrir liggur, að oddviti Skilmannahrepps staðfesti með símskeyti til deildarinnar, að hreppsnefnd hefði samþykkt að afsala sér forkaupsrétti að jörðinni Fellsenda, en óupplýst er, hvernig leitað var eftir því samþykki. Óupplýst er og með öllu, hvort samþykkis jarðanefndar Borgarfjarðarsýslu var leitað til kaupanna, en samkvæmt 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976 var aðilum skylt að afla þess.

Stofnlánadeild landbúnaðarins starfar á grundvelli laga nr. 45/1971, og er það hlutverk hennar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973) að efla framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Samkvæmt staðfestum lánareglum deildarinnar, sbr. 6. gr. laganna, var það skilyrði fyrir veitingu lána til jarðakaupa, að kaupandi legði stund á landbúnað. Um framkvæmd reglnanna að þessu leyti má ráða af gögnum málsins, að kaupendum sé að jafnaði gert að leggja fram vottorð hreppstjóra eða oddvita í héraðinu um ábúð eða búsetu þeirra á jörðinni auk þess að leggja fram kaupsamning. Er sá áskilnaður væntanlega tengdur þeirri skyldu sveitarstjórna og jarðanefnda samkvæmt 5. gr. jarðalaga og ákvæðum ábúðarlaga að fylgjast með búsetu á jörðum. Í skýrslu þáverandi forstöðumanns Stofnlánadeildar fyrir dómi kom þó fram, að venjulegar tilkynningar til manntalsyfirvalda um aðsetursskipti væru einnig teknar gildar í sama skyni.

Í þessu tilviki var látið nægja að taka við staðfestingu af síðara taginu, þ.e. kvittun frá manntalsskrifstofu í Hafnarfirði um, að stefndi Gunnar hefði tilkynnt þangað flutning á heimilisfangi að Fellsenda. Af gögnum málsins er það og helst að ráða, að stefnda Gunnari hafi ekki verið gert að leggja fram samþykki jarðanefndar við kaupunum, en áfrýjandi hefur ekki gagngert byggt á því sem málsástæðu.

Hið umdeilda lán var afgreitt til stefnda Gunnars, án þess að veðskuldabréfi hans til Stofnlánadeildar frá 22. júní 1982 hefði áður verið þinglýst, en af því leiddi, að bréfið fékk ekki sjálfkrafa þá stöðu á 1. veðrétti á jörðinni, sem því var áskilin samkvæmt ákvæðum þess og markmiðum 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1971.

Ástæðan var sú, að áfrýjandi hafði 21. júní s.á. sjálfur gefið út veðskuldabréf til sveitarsjóðs Skilmannahrepps með 2. veðrétti og uppfærsluréttti, sem fært var í þinglýsingarbók 24. s.m., og vissi hvorugur veðhafinn af hinum.

Um atbeina Stofnlánadeildar fór á þann veg, að lánið var veitt á sama tíma og áfrýjandi var að hverfa frá sölu jarðarinnar vegna vanefnda stefnda Gunnars á kaupsamningi þeirra. Varð áfrýjanda ekki ljóst, hvað gerst hafði, fyrr en of seint var að ná til lánsfjárins. Eftir framkomnum upplýsingum verður að telja, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi ekki gætt allrar varkárni við lánveitinguna, sem eðlileg var miðað við tilgang þessara lána og almenna áhættu í viðskiptum af þessu tagi, og hefði frekara aðhald getað orðið til að breyta rás atburðanna. Á hinn bóginn hafði áfrýjandi ekki gert viðvart um það eftir veitingu veðleyfis síns til stefnda Gunnars, að útborgun á láninu gæti verið andstæð hagsmunum hans, og var hún eflaust framkvæmd í þeirri trú, að með henni væri verið að greiða fyrir jarðakaupunum. Með tilliti til þess og annarra atvika er ekki unnt að álykta, að Stofnlánadeildin hafi bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart áfrýjanda með afgreiðslu lánsins.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er ég samþykkur þeirri niðurstöðu, sem lýst er í atkvæði meirihluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. desember 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurði Magnússyni, nnr. 7885-3328, Vesturgötu 96, Akranesi, gegn Búnaðarbanka Íslands og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins v/deildarinnar svo og Gunnari Þór Árnasyni, nnr. 3336-9336, Völvufelli 20, Reykjavík, og Stefáni Sigurðssyni hdl., nnr. 8361-8485, Vesturgötu 28, Akranesi, með stefnu, þingfestri 14. janúar 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að endurgreiða honum kr. 227.375,90 með 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 27.309,19 frá 30. desember 1983 til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 31. desember s.á. og sömu vöxtum af kr. 58.401,67 frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní

s.á., 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 30. desember s.á. og sömu vöxtum af kr. 103.907,94 frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 5. janúar 1987 og sömu vöxtum af kr. 160.456,69 frá þeim degi til 1. mars s.á., 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, 2,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 3% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 3,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., 3,6% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 3,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1987, 4,1% dráttarvöxtum frá þeim degi til 7. desember 1987, en af kr. 227.375,90 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir reiknist þannig, að á 12 mánaða fresti bætist þeir við höfuðstól hverju sinni og beri einnig vexti.

Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndu verði in solidum dæmt skylt að láta afmá úr veðmálabókum (fasteignabók sýslumannsembættisins í Borgarnesi) veðband á jörðinni Fellsenda, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, vegna láns, að fjárhæð kr. 200.000, er stefndi Gunnar Þór Árnason fékk hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins 22. júní 1982 og þinglýst var hinn 22. júlí s.á. á nefnda jörð, er þá var eign stefnanda, allt að viðlögðum 3000 króna dagsektum, er renni til stefnanda.

Loks gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndu verði in solidum gert að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað skv. síðar framlögðum reikningi eða að mati dómara, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda hafi verið með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 30. júlí 1986, veitt gjafsókn í máli þessu í undirrétti.

Af hálfu stefnda Gunnars Þórs Árnasonar hefur ekki verið sótt þing í máli þessu.

Dómkröfur stefnda Stefáns Sigurðssonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum hæfilegan málskostnað skv. fram lögðum reikningi eða að mati dómara.

Dómkröfur stefnda Búnaðarbanka Íslands v/Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru þær, að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda að því leyti, sem þær snerta Stofnlánadeild landbúnaðarins, en til vara, að veðband Stofnlánadeildar landbúnaðarins frá 22. júní 1982 fái að standa óhreyft á jörðinni Fellsenda, auk þess sem krafist er málskostnaðar að mati réttarins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 22. maí 1982, seldi stefnandi stefnda Gunnari Þór Árnasyni jörðina Fellsenda í Skilmanna-

hreppi, Borgarfjarðarsýslu, ásamt byggingarefni og bústofni. Umsamið kaupverð var kr. 1.000.000. Samkvæmt kaupsamningi þessum skyldi kaupandi greiða 1. greiðslu kaupverðsins, kr. 120.000, við afhendingu jarðarinnar hinn 3. júní 1982. Í 5. gr. kaupsamningsins segir, að seljanda beri að veita kaupanda veðleyfi til lántöku hjá jarðakaupasjóði og/eða öðrum sjóðum og lánastofnunum, enda renni þau til greiðslu útborgana á jörðinni, þó aldrei meira en 70% þess, sem greitt hefur verið.

Stefndi Stefán Sigurðsson, sem hafði milligöngu um jarðarsölu þessa fyrir stefnanda, samdi og útbjó greindan kaupsamning, sem undirritaður var í skrifstofu lögmannsins greindan dag. Sömuleiðis undirritaði stefnandi veðleyfi, sem lögmaðurinn hafði útbúið vegna væntanlegrar lántöku, sbr. ákvæði kaupsamningsins.

Með veðskuldabréfi, dags. 22. júní 1982, veðsetti stefndi Gunnar Þór Árnason Stofnlánadeild landbúnaðarins með 1. veðrétti jörðina Fellsenda, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, til tryggingar jarðarkaupaláni, að fjárhæð kr. 200.000. Lánveiting þessi fór fram á grundvelli fyrrnefnds kaupsamnings og veðleyfis samkvæmt honum. Ekki kom til þess, að stefndi Gunnar Þór Árnason stæði við greiðsluskyldur sínar samkvæmt kaupsamningi, og ekkert varð af kaupunum milli aðila. Engu að síður hagnýtti stefndi Gunnar Þór Árnason sér andvirði lánsins og hefur ekki þrátt fyrir ítrekaðar kröfur stefnanda látið afmá veðbandið af jörðinni og í engu sinnt láninu. Hafi stefnandi til þessa orðið að greiða afborganir og vexti af því, kr. 27.309,19 hinn 30. desember 1983, kr. 31.092,48 hinn 31. desember 1984, kr. 45.506,27 hinn 30. desember 1985, kr. 56.548,75 hinn 5. janúar 1987 og kr. 66.919,21 hinn 7. desember 1987.

Með kaupsamningi, dags. 7. nóvember 1982, og afsali, dags. 28. nóvember 1983, seldi stefnandi Þorkeli Kjartanssyni greinda jörð, og er tekið fram í afsalinu, að 1. veðréttarskuld, kr. 200.000, til Stofnlánadeildar landbúnaðarins samkvæmt veðbréfi, útgefnu 22. júní 1982, sé kaupanda óviðkomandi með öllu.

Af hálfu ákæruvaldsins var höfðað mál á hendur stefnda Gunnari Þór Árnasyni hinn 10. október 1983 fyrir heimildarlausa og sviksamlega veðsetningu á jörðinni Fellsenda, og með dómi sakadóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn hinn 3. desember 1984, var stefndi Gunnar Þór Árnason dæmdur til að sæta fangelsi í 3 mánuði vegna þessa.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað sem skaðabótamál á hendur stefndu.

III.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar í stefnu og greinargerð.

Hann byggir á því, að stefndi Gunnar Þór Árnason hafi verið fundinn sekur um sviksamlegt athæfi og honum verið dæmd refsing vegna þess.

Beri honum að sjálfsögðu að greiða stefnanda allt það tjón, er hann hafi orðið og verði fyrir vegna athæfisins, bæði til að endurgreiða þær fjárhæðir, er stefnandi hafi orðið að inna af hendi vegna lánsins, og koma í veg fyrir frekari útgjöld stefnanda með því að láta afmá veðbandið.

Stefndi Stefán Sigurðsson hafi annast sölu á jörðinni fyrir stefnanda og samið og útbúið nefndan kaupsamning, er stefnandi hafi undirritað í skrifstofu lögmannsins greindan dag. Samtímis hafi stefnandi að ósk lögmannsins undirritað veðleyfi, er lögmaðurinn hafi samið og útbúið vegna væntanlegrar lántöku, sbr. ákvæði kaupsamningsins. Að undirritun lokinni hafi stefnandi skilið skjöl þessi, kaupsamninginn og veðleyfið, eftir í vörslu lögmannsins. Stefndi Stefán Sigurðsson lögmaður hafi án heimildar stefnanda afhent stefnda Gunnari Þór Árnasyni framangreint veðleyfi, þótt engin greiðsla hefði þá fram farið og án þess að tryggja, að lánsfé það, sem út á veðleyfið fengist, rynni til stefnanda upp í kaupverðið, en þetta hafi einnig verið í beinni mótsögn við ákvæði kaupsamningsins um jörðina, sem lögmaðurinn hafi sjálfur samið og útbúið. Hafi lögmanninum orðið á slíkt stórfellt gáleysi, að honum beri að bæta tjón stefnanda með því að endurgreiða nefndar fjárhæðir og koma í veg fyrir frekara tjón með því að láta afmá veðbandið.

Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi veitt stefnda Gunnari Þór Árnasyni lán út á jörðina án þess að kynna sér, hvort hann hefði þá hafið þar búsetu eða búskap, en engin yfirlýsing hafi legið fyrir um það, hvorki frá hreppstjóra Skilmannahrepps né öðrum, sem um gátu vottað, og hafi því ekki verið gætt venjulegra reglna við lánveitinguna. Auk þessa hafi starfsfólki deildarinnar verið ljóst af efni kaupsamningsins, að stefndi Gunnar Þór Árnason hafði þá ekkert greitt upp í kaupverð jarðarinnar, enda hafi lánsfjárhæðin verið innt af hendi með tveimur tékkum, öðrum að fjárhæð kr. 120.000, til greiðslu á a-lið 2. gr. kaupsamningsins, en hinum að fjárhæð kr. 80.000. Hafi starfsfólki Stofnlánadeildar landbúnaðarins því hlotið að vera ljóst, miðað við ákvæði 3. og 5. gr. kaupsamningsins, að ekki væri allt með felldu. Hafi því verið stórfellt gáleysi að afgreiða lánið án frekari öflunar gagna og upplýsinga, ekki síst þegar þess sé gætt, að ekki hafi einu sinni legið fyrir, hvort hreppsnefnd Skilmannahrepps neytti forkaupsréttar að jörðinni.

Stefndi Gunnar Þór Árnason hefur ekki haldið uppi vörnum í máli þessu.

Stefndi Stefán Sigurðsson byggir á því, að hann hafi að beiðni stefnanda gert umræddan kaupsamning og ritað veðleyfið að ósk stefnanda. Hann kveðst hafa varað stefnanda við því, að það yrði út gefið, sökum þess að það væri óvenjulegt og færi í bága við efni kaupsamningsins. Hafi veðleyfi þetta verið gefið að kröfu stefnanda og gegn ráðum sínum, en stefnanda hafi verið mikið í mun að fá greiðslu sem fyrst, því að hann hafi á þessum

tíma verið að festa kaup á húsinu nr. 96 við Vesturgötu á Akranesi. Það sé því með öllu ósatt, sem fram komi í stefnu, að hann hafi óskað þess, að greint veðleyfi yrði gefið út, það hafi verið ritað af sér að kröfu stefnanda og móti vilja sínum og ráðleggingu.

Af hálfu stefnda Búnaðarbanka Íslands v/Stofnlánadeildar landbúnaðarins er á því byggt, að veðleyfið til stofnlánadeildarinnar sé fullkomlega gilt. Um þá deild gildi ýmsar sérstakar reglur, en hún sé óumdeilanlega hluti af Búnaðarbankanum. Veðleyfi til bankans séu með ýmsum hætti, stundum stíluð á einstakar deildir, en stundum á bankann sem heild. Mörg veðleyfi stofnlánadeildarinnar komi í prentuðu formi, sem sé miðað við bankann sem heild. Þinglýsingardómarar hafi ævinlega tekið þau veðleyfi gild og þinglýst bréfunum án athugasemda. Þá sé veðleyfi þetta algjörlega óskilyrt, hvað sem kaupsamningi líði. Gunnar Þór Árnason hafi tilkynnt aðsetursskipti til Fellsenda í Skilmannahreppi 16.6.1982, og oddviti Skilmannahrepps hafi tilkynnt með skeyti sama dag, að hreppsnefndin hafi fallið frá forkaupsrétti að jörðinni Fellsenda. Ef lánið hafi átt að ganga upp í útborgun, þá hafi það verið seljanda og kaupanda að ganga frá greiðsluávísun, sem stofnlánadeildin geymdi, en það hafi ekki verið gert. Veðleyfið sé að sjálfsögðu gefið út af þinglesnum eiganda. Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi því ekki sýnt neitt saknæmt gáleysi í þessu máli.

Gerð sé varakrafa um veðbandið, þar sem sérstök ákvæði séu um meðferð þinglýsingarmála.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu stefnandi Sigurður Magnússon, stefndi Stefán Sigurðsson svo og vitnið Stefán Pálsson, bankastjóri Búnaðarbanka Íslands.

IV.

Fyrir liggur, að stefnandi hefur orðið fyrir fjárútlátum vegna veðsetningar stefnda Gunnars Þórs Árnasonar á jörðinni Fellsenda í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Telur hann alla stefndu bera óskipta bótaábyrgð á því fjártjóni sínu, svo sem fram er komið í máli þessu.

Stefndi Gunnar Þór Árnason hefur ekki sótt þing í máli þessu, og verður málið því dæmt á grundvelli 2. mgr. 118. gr. laga 85/1936, að því er hann varðar.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins, að stefndi Gunnar fékk hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins jarðakaupalán, að fjárhæð kr. 200.000, vegna kaupa sinna á jörðinni Fellsenda, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Til tryggingar láninu veðsetti hann greinda jörð með 1. veðrétti, en andvirði þess notaði hann til að kaupa bifreið og til innborgunar á aðra jörð. Hann hefur hvorki staðið skil á afborgunum lánsins né aflétt því af jörðinni Fellsenda. Fyrir þessa háttsemi sína hlaut stefndi Gunnar refsidóm

með sakadómi Reykjavíkur (sic), uppkveðnum 3. desember 1984, sem fyrr getur. Ber því að fallast á, að stefndi Gunnar Þór Árnason beri fulla ábyrgð gagnvart stefnanda vegna fjárhagstjóns hans af þessum sökum.

Fyrir liggur, að stefndi Stefán Sigurðsson gekk frá kaupsamningi og veðleyfi vegna kaupa stefnda Gunnars Þórs Árnasonar á greindri jörð. Skjöl þessi eru útgefin á Akranesi hinn 22. maí 1982, og er óumdeilt, að greint veðleyfi sé útgefið af stefnanda. Ekki ber stefnda Stefáni og stefnanda saman um það, hvað umtalað var í sambandi við veðleyfi þetta eða ráðstöfun þess, en samkvæmt gögnum málsins virðist liggja fyrir, að stefndi Gunnar hafi fengið það í hendur þegar við kaupsamningsgerð. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til, að við samningsgerð hafi mátt ætla, að stefndi Gunnar gæti ekki eða myndi ekki standa við kaupsamninginn, og samkvæmt 5. gr. samningsins bar seljanda að veita kaupanda veðleyfi til lántöku hjá jarðakaupasjóði og/eða öðrum sjóðum og lánastofnunum með þeim fyrirvara, sem nánar greinir í samningsákvæði þessu. Þegar þetta er virt, en einnig það, að ósannað er gegn andmælum stefnda Stefáns, að hann hafi afhent stefnda Gunnari greint veðleyfi án heimildar stefnanda, verður ekki talið, eins og hér hagar til, að hann hafi með milligöngu sinni sýnt af sér slíkt gáleysi, að bótaskylt sé gagnvart stefnanda. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, að því er hann varðar.

Samkvæmt framburði Stefáns Pálssonar, bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og fyrrum framkvæmdastjóra Stofnlánadeildar landbúnaðarins, eru gerðar þær kröfur í sambandi við jarðakaupalán, að fyrir liggi kaupsamningur, veðleyfi, vottorð um, að umsækjandi hafi flutt heimilisfang sitt á viðkomandi jörð, svo og, að sveitarfélagið hafi fallið frá forkaupsrétti sínum á jörðinni. Öll þessi skilyrði hafi verið uppfyllt, að því er varðar þá lánveitingu, sem hér um ræðir, sem gengið hafi verið frá með eðlilegum hætti.

Í málinu liggja fyrir gögn um það, að uppfyllt hafi verið framangreind skilyrði stofnlánadeildarinnar til lánveitingar. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til málsástæðna stefnda Búnaðarbanka Íslands í máli þessu verður ekki talið, að um sé að ræða bótaábyrgð bankans vegna fyrrgreindrar lánveitingar til stefnda Gunnars Þórs Árnasonar. Ber því að sýkna stefnda Búnaðarbanka Íslands v/Stofnlánadeildar landbúnaðarins af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður fellur niður.

Þar sem stefnandi hefur lagt fram í málinu greiðslukvittanir í samræmi við kröfugerð sína, ber að dæma stefnda Gunnar Þór Árnason til að greiða honum kr. 227.375,90 og dráttarvexti, eins og krafist er, til 14. apríl 1987, en frá þeim degi ber að dæma dráttarvexti sem ársvexti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dráttarvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 14. apríl 1987 að telja.

Þá ber í samræmi við kröfugerð stefnanda að dæma stefnda Gunnari Þór Árnasyni skylt að láta afmá úr veðmálabókum sýslumannsembættisins í Borgarnesi veðband af jörðinni Fellsenda, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, vegna láns, að fjárhæð kr. 120.000, er hann fékk hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins hinn 22. júní 1982 og þinglýst var hinn 22. júlí s.á. á nefnda jörð, er þá var eign stefnanda, að viðlögðum 3000 króna dagsektum frá lögbirtingu dóms þessa að telja, er renni til stefnanda.

Loks ber að dæma stefnda Gunnar Þór Árnason til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 70.000, þ.m.t. söluskattur, er renni í ríkissjóð.

Stefnandi fékk gjafsókn fyrir undirrétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 30. júlí 1986. Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóns Bjarnasonar hrl., alls kr. 70.000 með söluskatti.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu Stefán Sigurðsson og Búnaðarbanki Íslands v/Stofnlánadeildar landbúnaðarins skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Sigurðar Magnússonar, í máli þessu, en málskostnaður fellur niður, að því er þá varðar.

Stefndi Gunnar Þór Árnason greiði stefnanda, Sigurði Magnússyni, kr. 227.375,90 með 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 27.309,19 frá 30. desember 1983 til 21. janúar 1984, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 31. desember s.á., af kr. 58.401,67 frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 30. desember s.á., af kr. 103.907,94 frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til 5. janúar 1987, af kr. 160.456,69 frá þeim degi til 1. mars s.á., 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, 30% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s.á., 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvöxtum

frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 7. desember 1987, en af kr. 227.375,90 frá þeim degi til 14. janúar 1988, en með dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður, samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 14. apríl 1987 að telja.

Stefnda Gunnari Þór Árnasyni er skylt að láta afmá úr veðmálabókum sýslumannsembættisins í Borgarnesi veðband af jörðinni Fellsenda, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, vegna láns, að fjárhæð kr. 120.000, er hann fékk hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins hinn 22. júní 1982 og þinglýst var 22. júlí s.á. á nefnda jörð, er þá var eign stefnanda, að viðlögðum 3000 króna dagsektum frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi Gunnar Þór Árnason greiði stefnanda, Sigurði Magnússyni, kr. 70.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskattur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Jóns Bjarnasonar hrl., alls kr. 70.000 með söluskatti.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. maí 1990.

Nr. 111/1988. **Þrotabú Þorsteins Más Aðalsteinssonar**
(Reinhold Kristjánsson hdl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Guðmundur Pétursson hdl.)
og gagnsök.

Vátryggingarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Þór Vilhjálmsson, Sigurður Líndal prófessor og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður.

Þorsteinn Már Aðalsteinsson skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 30. mars s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krafðist þess aðallega, að gagnáfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér 5.056.009,71 krónur með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., 11% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 12. maí 1987, en vöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krafðist áfrýjandi þess, að gagnáfrýjandi yrði dæmdur til að greiða 3.745.008,50 krónur ásamt sömu vöxtum og krafist var í aðalkröfu. Þá krafðist hann þess, að áfallnir vextir legðust við höfuðstól stefnukröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. maí 1987. Loks krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samvinnutryggingar g.t. skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1988. Félagið krafðist aðallega sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krafðist það þess, að stefnufjárhæð yrði stórlega lækkuð og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn þess efnis, að bú Þorsteins Más Aðalsteinssonar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Dalvíkur 24. maí 1989, og hefur þrotabú hans tekið við rekstri málsins. Þá hefur Vátryggingafélag Íslands hf.

yfirtekið vátryggingastofn Samvinnutrygginga g.t. að undanskildum brunatryggingum fasteigna, og hefur Vátryggingafélag Íslands hf. því tekið við aðild Samvinnutrygginga g.t. að málinu. Hefur heiti málsins verið breytt í samræmi við framanritað.

I.

Eftir að mál þetta var fyrst flutt fyrir Hæstarétti hinn 6. október 1989, var aðilum gefinn kostur á að afla mats dómkvaddra matsmanna um tjón aðaláfrýjanda. Samkvæmt beiðni aðaláfrýjanda voru dómkvaddir tveir matsmenn „til þess að meta fjártjón er varð vegna hvolpadauða á loðdýrabúinu að Böggvisstöðum, Dalvík, frá síðari hluta aprílmánaðar til loka nóvember árið 1985". Var þess óskað, að matsmennirnir létu í té rökstutt álit um það, hverjar væru hæfilegar bætur fyrir hvern minkahvolp og hvern yrðling og hverjar væru hæfilegar heildarfébætur vegna þeirra dýra, sem drápust. Matsmenn skiluðu matsgerð sinni 17. janúar sl. Þar er tekið fram, að það hafi komið skýrt fram í viðræðum við lögmenn aðila, „að einungis væri um að ræða mat á bótum fyrir hvolpana en ekki að gerð yrði tilraun til að meta tapaðan hvolpafjölda". Matsmenn segja, að samkvæmt gögnum málsins hafi meðalverð búsins fyrir hvern minkahvolp verið 187 danskar krónur. Síðan segir í matsgerðinni: „Mat okkar er að rétt sé að meta hvern dauðan hvolp á d. kr. 196 að frádregnum þeim breytilega kostnaði sem sparast vegna þess að ekki þarf að fóðra hvolpana og ekki þarf að verka af þeim skinnin. — Rökin fyrir hærra skinnaverði eru þau að hlutfallslega fleiri dýr eru sett á vegna stækkunar búsins en eðlilegt telst á búi í jöfnum rekstri. Ásetningsdýrin eru að jafnaði verðmeiri en dýrin sem fargað er og eins eru hlutfallslega fleiri eftirpelsuð skinn af fullorðnum dýrum en ef ekki hefði verið um stækkun að ræða og ef allir þeir hvolpar sem töpuðust hefðu komið á uppboð. — Sá breytilegi kostnaður sem frá dregst er helmingur af kostnaði við skinnaverkun og helmingur fóðurkostnaðar á hvern hvolp frá fráfærum til feldunar. Ekki verður annað ráðið af gögnum sem fram eru lögð en að hvolpadauðinn hafi dreifst yfir allan vaxtartíma hvolpanna. Sá kostnaður sem frá dregst er að okkar mati hæfilegur d. kr. 37. — Samkvæmt framansögðu eru bætur fyrir hvern minkahvolp metnar d. kr. 159."

Þá segja matsmenn, að fram komi af gögnum málsins, að meðal-

verð búsins fyrir hvert refaskinn hafi verið 270 danskar krónur. Um refaskinn segir svo í matsgerðinni: „Mat okkar er að rétt sé að meta hvern dauðan refayrðling á d. kr. 285 að frádregnum þeim breytilega kostnaði sem sparast af því að ekki þarf að fóðra yrðlingana né verka af þeim skinnin. — Á sama hátt og rakið er hér að framan varðandi mat á minkahvolpunum var verið að stækka refabúið á þessu ári og því gilda sömu rök um mat á refayrðlingunum og rakin eru varðandi minkahvolpana. — Sá breytilegi kostnaður sem frá dregst er helmingur af kostnaði við skinnaverkun og allur fóðurkostnaður frá fráfærum til feldunar. Fram kemur af fylgiskjali nr. 4 að refayrðlingarnir virðast hafa drepist á tímabilinu frá goti til fráfærna. Sá kostnaður sem frá dregst er að okkar mati hæfilegur d. kr. 136 og eru því hæfilegar bætur fyrir hvern refayrðling d. kr. 149 ..... Í samræmi við ofangreindar bætur fyrir hvern minkahvolp og refayrðling er heildartjónið metið eftirfarandi:

Minkahvolpar:	1959 á d. kr. 159	= 311.481
Refayrðlingar:	1527 á d. kr. 149	= 227.523.“

Þegar málið var flutt að nýju fyrir Hæstarétti 15. maí sl., breytti aðaláfrýjandi dómkröfu sinni til samræmis við framangreinda matsgerð. Krefst hann þess nú, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.577.084,58 krónur með vöxtum og málskostnaði, eins og fyrr greinir. Miðað er við sölugengi danskrar krónu hinn 30. maí 1986, 4,874 krónur, að frádreginni 50.000 króna sjálfsáhættu.

Kröfugerð gagnáfrýjanda er óbreytt.

II.

Fallist er á það með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að aðaláfrýjandi hafi gert það, sem búast mátti við af honum, til að koma í veg fyrir tjón. Þegar bera fór á óeðlilegum hvolpadauða vorið 1985, hafði hann samband við dýralækni og Tilraunastöð háskólans í meinafræði og sendi fyrst sýni úr dýrunum til rannsóknar hinn 20. maí 1985. Þá hafði hann samband við fulltrúa Samvinnutrygginga g.t. á Akureyri, án þess að það leiddi til viðbragða af hálfu félagsins fyrr en síðar. Einnig er á það fallist með héraðsdómi, að Fóðurstöðin á Dalvík beri sjálfstæða ábyrgð á fóðurframleiðslunni. Samkvæmt gögnum málsins hafði aðaláfrýjandi engin áhrif á efnasamsetningu fóðursins, og skiptir ekki máli, þótt hann hafi setið í stjórn fyrirtækisins. Samkvæmt framansögðu

er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjanda sé skylt að bæta aðaláfrýjanda tjón hans.

III.

Byggja verður á því í málinu, að 1959 minkahvolpar og 1527 yrðlingar hafi drepist árið 1985 á búi aðaláfrýjanda, og er gerð krafa um bætur samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna. Eins og að framan greinir, hafa matsmenn ekki tekið tillit til eðlilegra affalla við mat sitt. Ekki liggja fyrir í málinu gögn um eðlileg afföll á loðdýrabúum árið 1985. Hins vegar liggja fyrir gögn frá Búnaðarfélagi Íslands um meðalafföll loðdýrabúa árið 1988. Samkvæmt þeim gögnum voru meðalafföll yrðlinga um 20% og minkahvolpa um 10%. Rétt þykir að nota þá viðmiðun við úrlausn þessa máls. Samkvæmt því er útreikningur á tjóni aðaláfrýjanda eftirfarandi:

Minkahvolpar:	1763 á d. kr. 159 = 280.317 =	1.366.265 kr.
Yrðlingar:	1222 á d. kr. 149 = 182.078 =	887.448 —
		2.253.713 kr.
	Eigin áhætta	50.000 —
		2.203.713 kr.

Ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 500.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði aðaláfrýjanda, þrotabúi Þorsteins Más Aðalsteinssonar, 2.203.713 krónur með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s.á., með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 12. maí s.á. og með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 15/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi föstudaginn 27. nóvember sl., hefur Þorsteinn Már Aðalsteinsson, nnr. 9725-3412, Mímisvegi 17, Dalvík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 12. maí 1987, á hendur Samvinnutryggingum g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík.

1.0

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur aðallega til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 5.056.009,71, með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en vöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er gerð krafa um, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.745.008,50 ásamt sömu vöxtum og krafist er í aðalkröfu. Gerð er krafa um vaxtavexti, þ.e., að áfallnir vextir leggist við höfuðstól stefnukröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 30. maí 1987. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 6. nóvember sl., en endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 27. nóvember sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0

Stefnandi lýsir málsatvikum svo, að hann hafi rekið loðdýrabú að Böggvisstöðum á Dalvík frá árinu 1971, í fyrstu aðeins með mink, en hin síðari ár einnig með ref. Árið 1985, á gottíma, þ.e. frá síðari hluta aprílmánaðar til loka júnímánaðar, hafi orðið verulega mikill hvolpadauði á búi stefnanda. Hafi hvolpar drepist í óeðlilega miklum mæli allt til loka nóvembermánaðar. Í byrjun júní hafi farið að bera á hvítull á hvolpum, og einnig hafi þroski þeirra hvolpa, sem hafi lifað, engan veginn verið eðlilegur. Stefnandi hafi keypt allt fóður til búsins frá Fóðurstöðinni SVF á Dalvík sem og aðrir loðdýrabændur við Eyjafjörð, en veruleg vanhöld hafi orðið á öllum loðdýrabúum við Eyjafjörð. Stefnanda hafi ekki verið ljóst, hvað olli þessum vanhöldum á búinu og hafi því sent nokkur dýr til rannsóknar í lok maí til Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði. Þá hafi stefnandi einnig kallað til dýralækni, og hafi blóðsýni verið tekin úr dýrunum til rannsóknar í byrjun júní.

Stefnandi segir, að hinn 10. júní 1985 hafi blóðaukandi efnum verið bætt í fóðrið, sem framleitt hafi verið hjá Fóðurstöðinni SVF á Dalvík. Blóði hafi verið bætt í fóðrið 11. júní, og 15. júní hafi lifur verið bætt í fóðrið

til þess að reyna að auka blóð í dýrunum. Þessi breyting á fóðrun dýranna hafi verulega bætt ástand þeirra hvolpa, sem þá hafi verið lifandi, en hafi þó ekki komið í veg fyrir, að hvolpar hafi haldið áfram að drepast.

Stefnandi segir, að það fóður, sem framleitt hafi verið hjá Fóðurstöðinni SVF á Dalvík, hafi verið framleitt samkvæmt fyrirmælum fóðurfræðings. Efnasamsetning fóðursins hafi verið rannsökuð reglulega á meðgöngu- og gottímanum, og hafi, að því er virðist, ekkert óeðlilegt komið fram, sem skýrt gæti óeðlilegan hvolpadauða á búi stefnanda. Þó virðist mega ráða af bréfi Jóns Árnasonar, fóðurfræðings Búnaðarfélags Íslands, dagsettu 26. ágúst 1985, að samsetning fóðursins hafi valdið blóðskorti í dýrunum, sem virðist hafa leitt til óeðlilegs hvolpadauða á búi hans. Eggert Gunnarsson, dýralæknir hjá Tilraunastöð háskólans í meinafræði, hafi í bréfi til stefnanda, dagsettu 5. september 1985, virst komast að þeirri niðurstöðu, að dýrin á búi stefnanda séu mjög blóðlaus og sennilegasta skýringin á því muni vera sú, að fóðrun hafi verið of einhliða með fiski og fiskúrgangi.

Af framansögðu virðist ljóst, að orsakir hvolpadauðans á búi stefnanda hafi eingöngu verið þær, að fóðrið, sem hann hafi keypt af Fóðurstöðinni SVF á Dalvík, hafi verið ranglega samsett. Stefnandi hafi misst vegna þess 1959 minkahvolpa og 1527 refahvolpa. Stefnandi hafi keypt tryggingu á loðdýrum sínum hjá Samvinnutryggingum g.t., en félagið hafi vísað bótakröfu hans á bug. Málsókn hafi því verið óhjákvæmileg til heimtu bóta vegna tjónsins.

3.0

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur hinu stefnda félagi einkum á 1. tölulið vátryggingarskilmála þeirra, sem hann segir, að hafi gilt um tryggingu þá, sem hann hafi keypt hjá stefnda á loðdýrum á búi sínu.

Málsástæður stefnanda eru m.a. þær, að í ljós hafi verið leitt, að röng efnasamsetning fóðurs frá Fóðurstöðinni SVF á Dalvík hafi valdið blóðleysi í dýrum á búi hans, sem hafi haft í för með sér mikinn hvolpadauða. Fóðurstöðin SVF á Dalvík sé eini söluaðili loðdýrafóðurs við Eyjafjörð. Stefnandi hafi keypt allt sitt fóður af Fóðurstöðinni SVF á Dalvík, og hafi hvorki hann né starfsmenn hans haft nokkur áhrif á það, hvernig fóðrið var blandað. Fóðrið hafi verið blandað samkvæmt leiðbeiningum sérfræðings í fóðrun loðdýra. Hafi stefnandi því mátt treysta því, að efnainnihald fóðurs væri rétt. Virðist því augljóst, að stefnda hafi borið að bæta stefnanda tjón hans í samræmi við vátryggingarskilmálana.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á lögum um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 og lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Stefnandi segir aðalkröfu sína á því byggða, að krafist sé bóta miðað

við meðalverð, sem hafi gilt á danska uppboðsmarkaðnum 1986, en á honum hafi íslenskir loðdýrabændur selt alla sína framleiðslu. Stefnandi segir, að meðalverð á danska uppboðsmarkaðnum á refaskinnum hafi verið danskar krónur 416. Meðalverð á minkaskinnum hafi verið danskar krónur 231 á högnaskinnum og danskar krónur 190 á læðuskinnum. Stefnandi segir kröfu sína á því byggða, að kynskipting þeirra minkahvolpa, sem hafi drepist, hafi verið jöfn og meðalverð hafi því verið danskar krónur 210,50. Stefnandi upplýsir, að miðað sé við sölugengi á danskri krónu 30. maí 1986, en þann dag hafi það verið kr. 4.874. Þessi gengisviðmiðun sé valin vegna þess, að stefnandi myndi þá undir eðlilegum kringumstæðum hafa fengið greitt fyrir verulegan hluta framleiðslu sinnar. Af sömu ástæðu sé gerð krafa um vexti frá þeim tíma.

Stefnandi segir varakröfu sína á því byggða, að til grundvallar sé lagt það meðalverð, sem stefnandi hafi fengið fyrir þau skinn, sem hann hafi selt á danska uppboðsmarkaðnum 1986. Að öðru leyti vísar stefnandi til þess, sem að framan er rakið varðandi aðalkröfu hans.

Stefnandi upplýsir, að samkvæmt 6. tölulið vátryggingarskilmálanna eigi hann sjálfur að bera að hámarki kr. 50.000 í tjóni. Hafi verið tekið fullt tillit til þess ákvæðis við kröfugerð.

4.0

Stefndi telur málavexti vera þá, að með vátryggingarbeiðni 11. apríl 1983 hafi stefnandi falast eftir vátryggingu vegna loðdýra á loðdýrabúi sínu á Böggvisstöðum. Á grundvelli beiðninnar hafi verið gefið út vátryggingarskírteini nr. 39-00707. Vátryggingarupphæð samkvæmt skírteininu hafi verið kr. 3.600.000.

Umrædd vátrygging hafi tekið til tjóns af völdum eldsvoða, vatns og óveðurs svo og til tjóns, sem orsakast af sjúkdómum eða slysum. Vátryggingarsviðið og skilmála vátryggingarinnar sé að finna á sérstöku skjali, sem lagt hefur verið fram í málinu. Hinn 26. júní 1985 hafi stefnandi tilkynnt umboðsskrifstofu félagsins á Akureyri afföll á refa- og minkahvolpum á nýafstöðnu gottímabili. Í tilkynningunni segi um orsakir þessa: „Í ljós kom að orsökin fyrir hvolpadauða var legbólga í refalæðum sem stafaði af rangri fóðursamsetningu. Vöntun á járni... Sama vandamál kom upp í mink."

Þar sem tilkynning þessi hafi ekki borist félaginu fyrr en í lok gottímabilsins, hafi félagið ekki átt þess kost að láta málið til sín taka með hefðbundinni tjónsskoðun eða á annan hátt.

Með bréfi, dagsettu 23. október 1985, hafi stefnandi gert formlega fjárkröfu á hendur félaginu. Kröfunni hafi verið synjað með svarbréfi, dagsettu 20. nóvember s.á., og hafi verið skírskotað til vátryggingarskilmála.

Hinn 26. júní 1986 hafi stefnandi ráðgert að þingfesta dómsmál gegn félaginu hliðstætt því, sem nú hafi verið höfðað, en með mun hærri kröfufjárhæð. Það hafi hins vegar ekki orðið af því, að málið yrði þingfest.

5.0

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að orsakir að tjóni stefnanda hafi verið þess eðlis, að um bótaábyrgð félagsins sé ekki að ræða samkvæmt vátryggingarskilmálunum.

Stefndi segir, að orsakir tjónsins hafi afdráttarlaust komið fram í gögnum málsins. Þær hafi verið tilgreindar í tjónstilkynningu stefnanda og í stefnu, en þar segi, að orsakir hvolpadauða á búi stefnanda hafi eingöngu verið þær, að fóður til eldis dýranna hafi verið ranglega samsett. Fóðrið virðist eingöngu hafa verið fiskúrgangur og því allt of einhæft, en af því hafi leitt blóðleysi og hættulegan skort á nauðsynlegum næringarefnum, svo sem járni.

Í bráðabirgðaálitsgerð um lága (sic) frjósemi blárefs í Eyjafirði frá Jóni Árnasyni, fóðurfræðingi Búnaðarfélags Íslands, dagsettri 26. ágúst 1985, segi, að þekkt sé, að járnskortur geti valdið minnkandi frjósemi, fósturláti og því, að hvolpar verði líflitlir. Í álitsgerð þessari sé vitnað til álits norsks sérfræðings, er gefið hafi til kynna, að líkleg orsök járnskorts í umræddu tilviki hafi verið, að þorskúrgangur, sem notaður hafi verið til fóðrunar, hafi hindrað „járnupptöku". Hafi þessi sérfræðingur bent á, að minni hætta væri á slíku, ef sláturmatur væri notaður í fóðrið, svo að um munaði.

Í bréfi Eggerts Gunnarssonar, dýralæknis hjá Tilraunastöð háskólans í meinafræði, dagsettu 5. september 1985, sé greint frá því, að niðurstöður rannsóknar á hvolpum frá búi stefnanda, er fram fór í tilraunastöðinni í júní 1985, hafi bent til blóðleysis. Athuganir á blóðsýnum hafi bent til þess, að um gæti verið að ræða almennt blóðleysi á búinu. Í niðurlagi bréfs þessa segi, að langsennilegasta skýringin á þessu blóðleysi hafi verið einhliða fóðrun með fiski og fiskúrgangi. Slík fóðrun hafi gert miklar kröfur til járnbætiefna í fóðrinu.

Stefndi telur, að það hljóti að vera grundvallaratriði, að samsetning fóðurs sé með þeim hætti á loðdýrabúi, að dýrin fái stöðugt fullnægjandi næringarefni úr fóðri, þannig að þau geti þrifist með eðlilegum hætti. Leitt sé í ljós, að mjög hafi brostið á, að svo hafi verið á búi stefnanda, raunar svo, að með ólíkindum sé. Þessi stórkostlegi misbrestur á fóðrun dýranna hafi að sjálfsögðu verið fallinn til að hafa slæm áhrif á heilbrigði þeirra og stuðla að afföllum og tjóni stefnanda samfara þeim.

Stefndi segir það vera alkunnu, að rekstur loðdýrabúa útheimti sérþekkingu, nákvæmni og natni, að því er varðar umönnun, fóðrun og eftirlit.

Minkar og refir séu viðkvæm dýr í ræktun, og megi lítið út af bera, eigi viðunandi árangur að fást. Rétt fóðrun og nákvæmni í því efni hljóti að vera grundvallaratriði til velfarnaðar í slíkum rekstri. Stefndi vísar til laga nr. 53/1981 um loðdýrarækt svo og reglugerðar nr. 444/1982, einkum 18. gr. hennar um skyldur eigenda og umsjónarmanna loðdýrabúa.

Hann segir það hljóta að vera nauðsynlegan þátt við eftirlit og umhirðu loðdýra, að tekin séu reglulega úr þeim blóðsýni til að kanna heilbrigði þeirra. Svo hafi virst sem það hafi ekki verið gert nema að mjög takmörkuðu leyti og ekki fyrr en í óefni hafi verið komið. Blóðleysi og hættulegur skortur næringarefna, sem hrjáð hafi dýrin, myndi örugglega hafa greinst við venjulega blóðrannsókn. Því hefði stefnanda verið í lófa lagið með eðlilegri fyrirhyggju að koma í veg fyrir umrætt ástand á loðdýrabúi sínu. Blóðsýnataka úr loðdýrum muni vera bæði einföld og marktæk aðferð til að fylgjast með eldi loðdýra og heilbrigði. Jafnframt megi ætla, að hæfir loðdýrahirðar eigi að geta gert sér grein fyrir sjúklegu ástandi dýra, löngu áður en það sé komið á hættulegt stig.

Reglulegt eftirlit dýralæknis hljóti að vera einn af grundvallarþáttum í rekstri loðdýrabús. Slíkt eftirlit hljóti að vera mikið öryggi til tryggingar heilbrigði dýranna. Augljóst virðist, að þessa mikilsverða öryggisþáttar hafi lítt eða ekki verið gætt á búi stefnanda.

Samkvæmt því, sem að framan getur, telur stefndi einsætt, að alvarlegur misbrestur í rekstri loðdýrabús stefnanda hafi gagngert valdið því ástandi á búinu, sem lýst sé í sóknargögnum, og að afföll þau, sem á búinu hafi orðið, og tjónið, sem hann telji sig hafa orðið fyrir, séu eingöngu til þeirra orsaka að rekja og engra annarra.

Samkvæmt 2. tölulið í skilmálum vátryggingar þeirrar, sem hér reyni á, sé það tjón undanþegið bótaábyrgð, sem rekja megi til skorts á umhirðu og eldi hinna vátryggðu dýra. Samkvæmt 3. tölulið skilmálanna beri stefnanda að reka loðdýrabú sitt undir umsjón dýralæknis og var skylt að fara eftir öllum fyrirmælum hans um meðferð dýranna svo og öðrum reglum, sem gilda um rekstur loðdýrabúa. Þegar borið sé saman það, sem aflaga fór um rekstur loðdýrabús stefnanda samkvæmt framansögðu, og tilvitnuð ákvæði vátryggingarskilmálanna, telur stefndi einsætt, að tjón stefnanda, sem mál þetta snýst um, sé algerlega utan bótaábyrgðar stefnda og honum allsendis óviðkomandi.

Þá mótmælir stefndi bótakröfu sem allt of hárri og órökstuddri og tjóni stefnanda sem ósönnuðu. Stefnandi verði eins og aðrir tjónþolar, sem ætli að gera aðra ábyrga fyrir tjóni sínu, að sanna, að tjón hafi orðið, og umfang tjónsins. Þessari brýnu skyldu hafi stefnandi ekki sinnt. Ekkert liggi fyrir í málinu um tjón stefnanda utan kröfugerð. Það sé því allt ósannað í þessu efni nema það eitt, að stefnandi hafi orðið fyrir einhverju tjóni.

Stefnandi hafi heldur ekki hirt um að láta stefnda vita, þegar ljóst hafi verið, að í óefni hafi stefnt á búi hans. Það hafi ekki verið fyrr en undir lok júní 1985, þegar gottími hafi verið á enda, að stefnandi hafi látið frá sér heyra. Hafi stefnda því ekki gefist kostur þess að fylgjast með málinu og láta það til sín taka fyrr en um seinan, og af hefðbundinni tjónsskoðun hafi því ekki getað orðið.

Það sé athyglisvert, að í öll þrjú skiptin, sem stefnandi hafi komið kröfum á framfæri við stefnda, gæti verulegs ósamræmis í kröfugerðinni. Á það bæði við um fjárhæðir og forsendur fyrir útreikningi tjónsins. Fjöldi refa og minka, sem krafist sé bóta fyrir, hafi verið á reiki. Slíkt ósamræmi, sem verið hafi með ólíkindum, geri eitt út af fyrir sig kröfugerð stefnanda næsta tortryggilega.

Í kröfugerð stefnanda í þessu máli sé ekki tekið tillit til ýmissa frádráttarliða, svo sem fóðursparnaðar, skinnaverkunar og vinnusparnaðar, sem skipta verulegum fjárhæðum, þótt hann hafi gert það í fyrri kröfugerð. Kröfugerð stefnanda sé því allt í senn, órökstudd, óljós og tortryggileg og því vart dómtæk.

Stefndi vekur athygli á ákvæðum 4. og 5. töluliðar vátryggingarskilmálanna og krefst þess, að fyllsta tillit sé tekið til ákvæða þeirra, ef á reyni bótaábyrgð í málinu.

Stefndi mótmælir kröfu um vaxtavexti.

6.0

Eins og áður segir, hefur verið lagt fram í máli þessu sérstakt skjal, sem hefur að geyma vátryggingarsviðið og skilmála vátryggingarinnar. Nauðsynlegt er að rekja efni þessa skjals, en í skjali þessu segir svo orðrétt:

„Trygging þessi tekur til tjóns af völdum eldsvoða, vatns og óveðurs samkvæmt almennum skilmálum Samvinnutrygginga, sem fylgja viðfestir.

Fyrir tryggingu þessa gildir einnig eftirfarandi skildagi:

1. Greiddar eru bætur fyrir dýr, sem sýkjast eða slasast svo alvarlega, að leiði til dauða þeirra eða að aflífa verði þau að fyrirmælum dýralæknis. Skal vottorð dýralæknis um dánarorsök fylgja tjónkröfu.

2. Ekki er bætt tjón, sem rekja má til skorts á umhirðu eða eldi hinna tryggðu dýra, hvort heldur orsök tjónsins má rekja til starfa eiganda eða starfsmanns við búið.

3. Sérhvert loðdýrabú skal rekið undir umsjón dýralæknis, og er eiganda skylt að fara eftir öllum fyrirmælum hans um meðferð dýranna svo og öðrum reglum, sem í gildi eru hverju sinni varðandi rekstur loðdýrabúa.

4. Bætur úr tryggingu þessari skulu aldrei vera hærri en svarar raunverulegu tjóni eigandans miðað við verð afurða og markaðsverð lífdýra. Til

frádráttar bótagreiðslum skal reikna það verð, sem kann að fást fyrir nýtanlegar afurðir.

5. Tryggingin greiðir ekki bætur fyrir óbeint tjón, t.d. minnkun á afurðaverði dýra af völdum sjúkdóma, eldsvoða eða slysa né ófrjósemi stofndýra. Þá er undanskilið tjón vegna hvolpaláts af hvers konar orsökum, og undanskilið er tjón af völdum stöðvunar á rekstri búsins.

6. Af hverju tjóni ber vátryggði eigin áhættu 10%, þó eigi lægri upphæð en kr. 10.000, en hámark kr. 50.000. Ekki er eigin áhætta á brunatjóni og vatnstjóni.

7. Að öðru leyti vísast til skilmála Samvinnutrygginga fyrir brunatryggingar, eftir því sem við á."

Eftirgreindir komu fyrir dóm og gáfu skýrslu: Þorsteinn Már Aðalsteinsson, nnr. 9725-3412, framkvæmdastjóri, Mímisvegi 17, Dalvík, Ottó Gunnarsson, nnr. 6959-0365, bústjóri, Svarfaðarbraut 12, Dalvík, Jón Árnason, nnr. 5106-7606, gæðastjóri, Hrafnagilsstræti 27, Akureyri, og Magnús Steinarsson, nnr. 6784-7891, útibússtjóri Samvinnutrygginga g.t. í Hafnarfirði, Háabarði 12, Hafnarfirði.

7.0 *Forsendur og niðurstaða.*

Samkvæmt gögnum málsins benda allar líkur til, að hinn óeðlilegi hvolpadauði á búi stefnanda hafi stafað af rangri samsetningu fóðurs, sem virðist hafa reynst of einhæft, þannig að af því leiddi blóðleysi dýranna og hættulegan skort á nauðsynlegum næringarefnum. Orsaka óeðlilega mikils hvolpadauða, bæði hjá mink og ref á búinu, sé að leita í fóðrinu. Telja verður því, að fóðri því, sem dýrin fengu, hafi verið ábótavant.

Samkvæmt 1. tölulið áðurgreindra vátryggingarskilmála eru greiddar bætur fyrir dýr, sem sýkjast eða slasast svo alvarlega, að leiði til dauða þeirra eða aflífa verði þau að fyrirmælum dýralæknis. Telja verður, að hörgulsjúkdómur sá, er dýrin voru haldin, falli undir skilgreiningu þessa töluliðar.

Samkvæmt 2. tölulið vátryggingarskilmálanna er ekki bætt tjón, sem rekja má til skorts á umhirðu eða eldi hinna tryggðu dýra, hvort heldur orsök tjónsins má rekja til starfa eiganda eða starfsmanns við búið.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að blóðsýni hafi ekki verið tekið reglulega úr dýrunum, fyrr en eftir að í óefni var komið, en talið sé, að blóðleysi og hættulegur skortur næringarefna greinist við venjulega blóðrannsókn. Slík fyrirhyggja hefði getað komið í veg fyrir tjón.

Það er mat dómsins, að erfitt geti verið fyrir starfsmenn loðdýrabúa að gera sér grein fyrir duldum blóðskorti hjá fullorðnum dýrum, þegar fóðurlisti virðist fullgildur og yfirbragð dýranna eðlilegt. Hér á landi tíðkaðist

það ekki almennt á þessum tíma að kanna blóðmynd fullorðinna dýra til að fyrirbyggja blóðskort fyrir got.

Þá er því einnig haldið fram, að eftirliti dýralæknis hafi verið ábótavant á búi stefnanda. Í 3. tölulið vátryggingarskilmálanna bar stefnanda að reka loðdýrabú sitt undir umsjón dýralæknis og var skylt að fara eftir öllum fyrirmælum hans um meðferð dýranna svo og öðrum reglum, sem í gildi eru hverju sinni varðandi rekstur loðdýrabúa.

Í bréfi héraðsdýralæknis, dagsettu 4. nóvember 1987, kemur fram, að hann hafi fylgst með ástandi loðdýrabúsins með ýmsum hætti, og telur hann, að um gott eftirlit af sinni hálfu hafi verið að ræða. Hann tekur fram, að hinar reglulegu blóðsýnatökur á minkabúum vegna könnunar á plasmacytosis í mink segi ekkert til um blóðmagn dýranna. Það hafi fyrst verið á árinu 1986, sem hann hafi hafið reglulegar mælingar á blóðstöðu dýranna í samráði við loðdýrabændur, m.a. vegna þess áfalls, sem um er deilt í máli þessu.

Allt bendir því til, að til að koma í veg fyrir t.d. blóð- eða efnaskort, sem rekja má til hráefnisins, hafi orðið að gera sérstakar athuganir á sjálfu hráefninu hverju sinni til að koma í veg fyrir áföll. Ekki er víst, að jafnvel slík athugun hefði dugað til. Dómurinn álítur, að til of mikils sé ætlast, að stefnandi á þessum tíma framkvæmdi slíkar aðgerðir, og hafi hann í þessu efni eftir atvikum gert það, sem eðlilegt mátti teljast og búast mátti við af honum.

Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi hafa átt aðild að Fóðurstöðinni SVF, sem er samvinnufélag, og setið í stjórn hennar. Þrátt fyrir það verður ekki talið, að samband loðdýrabúsins og fóðurframleiðanda hafi verið slíkt, að fóðurframleiðandinn verði talinn bera sjálfstæða ábyrgð á fóðurframleiðslunni. Ákvæði 2. töluliðar vátryggingarskilmálanna verður ekki skýrt rúmri lögskýringu.

Ekki verður því talið, að ákvæði 2. eða 3. töluliðar vátryggingarskilmálanna skerði bótarétt stefnanda. Þegar framangreint er virt og eins og atvikum máls þessa er háttað, verður að fallast á það með stefnanda, að stefnda beri að bæta umrætt tjón.

Málatilbúnaði stefnanda, að því er tekur til rökstuðnings kröfufjárhæðar, er ábótavant, þó ekki svo, að efni þyki til að vísa málinu frá dómi án kröfu. Dóminum virðist svo sem hvorugur málsaðila hafi gætt hagsmuna sinna sem skyldi, og hafa dómendur eftir föngum reynt að meta tjónið eftir tiltækum gögnum. Hafa þeir áætlað fjölda dýra og tekið með í reikninginn eðlileg afföll minka og refa á búinu. Þá hafa þeir lagt til grundvallar skinnaverð, er stefnandi fékk á dönskum markaði. Þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarliða vegna fóðursparnaðar, skinnaverkunar og annars vinnu- og kostnaðarsparnaðar, telur dómurinn, að bætur fyrir það tjón,

sem stefnandi hefur orðið fyrir, séu hæfilega metnar á kr. 400.000, og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð.

Þá ber að dæma vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp Jón L. Arnalds borgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Bragi Líndal Ólafsson fóðurfræðingur og Brynjólfur Sandholt héraðsdýralæknir.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g.t., greiði stefnanda, Þorsteini Má Aðalsteinssyni, kr. 400.000 með 9% ársvöxtum frá 30. maí 1986 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 12. maí 1987 og með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25 27. mars 1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Áfallnir vextir skulu lagðir við höfuðstól skuldar og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð, þegar vanskil hafa staðið lengur en 12 mánuði, í fyrsta sinn 30. maí 1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 17. maí 1990.

Nr. 299/1989. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Halli Magnússyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Ærumeiðing. Opinberir starfsmenn. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. júlí 1989, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt öllum liðum ákæru og dæmdur til refsingar, sem verði þyngd frá því, sem ákveðið er í héraðsdómi.

Þá er þess krafist, að þau ummæli, sem í ákæru greinir og óviðurkvæmileg teljast samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verði dæmd ómerk.

Einnig er þess krafist, að ákærði verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga að kröfu séra Þóris Stephensens dæmdur til að greiða honum miskabætur, að fjárhæð 250.000 krónur.

Að lokum er þess krafist, að ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar verði staðfest og ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins.

Ákærði krefst þess, „að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og bótakröfum Þóris Stephensens staðarhaldara". Þá er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða.

Ekki er fram komið, að starf staðarhaldara í Viðey sé þess eðlis, að Þórir Stephensen verði í því starfi talinn opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er í máli þessu ákærður fyrir ummæli „bæði út af starfi

séra Þóris sem dómkirkjuprests og út af tímabundnu starfi hans á vegum Reykjavíkurborgar sem staðarhaldara í Viðey". Í ákæru er ekki greint á milli ummæla, sem beinast að séra Þóri í hvoru starfi fyrir sig.

Af hálfu ákæruvalds var ekki sótt þing í héraði. Hafði þó komið fram hjá verjanda ákærða fyrir héraðsdómi, að hann teldi ákæruatriði svo óglögg, að ekki væri unnt að koma að vörnum með skynsamlegum hætti.

Mál þetta varðar rétt manna til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti samkvæmt ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar og ábyrgð, sem því fylgir. Er hér um að ræða svo þýðingarmikið úrlausnarefni og slík vafaatriði eru í málinu, að ríkissaksóknara hefði verið rétt að sækja þing í héraði.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir málatilbúnaði ákæruvalds vera svo áfátt, að fella beri hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 130.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eru felld úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 130.000 krónur.

Sératkvæði
Haralds Henryssonar hæstaréttardómara og Gunnars M. Guðmundssonar setts hæstaréttardómara.

I.

Við teljum enga þá ágalla vera á ákæru í málinu eða málatilbúnaði ákæruvalds, að valda eigi að lögum ómerkingu héraðsdóms.

II.

Samkvæmt bréfi borgarstjórans í Reykjavík 11. janúar 1989, sem rakið er í héraðsdómi, er starf séra Þóris Stephensens í Viðey fólgið í því að hafa umsjón og eftirlit með eignum og væntanlegri starfsemi Reykjavíkurborgar þar. Undanfarin ár hefur staðið yfir í Viðey, hinum forna sögustað, endurreisnarstarf á vegum borgaryfirvalda. Er eyjunni ætlað að skipa í framtíðinni veglegan sess í borgarlífi höfuðstaðarins. Þegar þetta er virt, verður að líta svo á, að starf umsjármanns þar í umboði borgaryfirvalda sé þannig vaxið, að hann teljist opinber starfsmaður samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Séra Þórir Stephensen var í tímabundnu leyfi frá störfum dómkirkjuprests í Reykjavík á þeim tíma, er hér skiptir máli. Naut hann ótvírætt í því embætti verndar téðs lagaákvæðis.

III.

Í héraðsdómi eru rakin atvik, er lágu til þess, að ákæröi ritaði blaðagrein þá, sem varð tilefni ákæru í málinu. Leitt er í ljós, að framkvæmdir við kirkjugarðinn í Viðey, sem fjallað er um í grein ákærða, voru unnar að frumkvæði Viðeyjarnefndar og á vegum skipulagsnefndar kirkjugarða, sbr. lög nr. 21/1963 um kirkjugarða. Átti séra Þórir Stephensen engan hluta að ákvörðunum um framkvæmdirnar og sá ekki um þær að neinu leyti. Gagnrýni ákærða á framkvæmdir þessar var því ranglega að honum beint.

IV.

Víkur þá að ummælum þeim, sem ákært er fyrir.

A. Inngangsorð.

Ummælin: „...skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey ...“ eru röng og óviðeigandi, en verða ekki talin ærumeiðandi.

Ummælin: „Ekki er athæfi hans kristilegt ...“ fela í sér refsiverða móðgun.

Ummælin: „...hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik ...“ beinast að séra Þóri sem presti, og er hann með þeim vændur um annarlegar hvatir. Ummæli þessi fela í sér refsiverða aðdróttun.

B. Ummæli í meginmáli greinarinnar.

Um 1. Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um þennan ákærulið.

Um 2. Ummælin: „...sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey ..." eru óviðeigandi, en verða ekki talin refsiverð ærumeiðing.

Um 3. Ummælin: „...sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey ..." og „...borgarráð bjargaði honum fyrir horn ..." eru óviðeigandi, en verða ekki talin ærumeiðandi.

Um 4. Með skírskotun til röksemda héraðsdómara þykja ummæli í þessum ákærulið virt í samhengi fela í sér refsiverða móðgun.

Um 5. Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um þennan ákærulið.

C.

Með ummælunum: „...ófyrirgefanlegu skemmdarverki ..." er séra Þórir Stephensen bendlaður við verknað, sem honum var óviðkomandi. Fela ummælin í sér refsiverða aðdróttun.

Með ummælunum „...skinheilagur maður ..." er dylgjað um, að séra Þórir sé hræsnari. Eru þetta svæsin ummæli um prest og fela í sér refsiverða aðdróttun.

V.

Þegar metin er refsing fyrir framangreind ummæli, ber að hafa í huga, að þeim var ranglega beint að manni, sem enga ábyrgð bar á þeim framkvæmdum í kirkjugarðinum í Viðey, er voru tilefni þess, að ummælin voru höfð uppi. Jafnframt ber að líta til þess, að hvergi kemur fram í gögnum málsins, að ákærði hafi átt nokkurra persónulegra hagsmuna að gæta í tengslum við framkvæmdir þessar, þannig að virða mætti honum til einhverrar vorkunnar hin ósæmilegu gífuryrði, sem hann lét frá sér fara í umræddri blaðagrein. Í ljósi þessa verður ekki ályktað á annan veg en illfýsi í garð séra Þóris Stephensens hafi búið að baki skrifum ákærða.

VI.

Með framangreindum ærumeiðandi ummælum hefur ákærði gerst brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga.

Fallast má á ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, miskabætur og sakarkostnað.

Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma hin refsiverðu ummæli dauð og ómerk.

Með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. júní 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 20. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 283/1989: Ákæruvaldið gegn Halli Magnússyni, sem tekið var til dóms 14. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. janúar sl., á hendur Halli Magnússyni blaðamanni, Hraunbæ 126 í Reykjavík, fæddum þar í borg 8. apríl 1962.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir ærumeiðandi ummæli um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, dómkirkjuprest í Reykjavík, og aðdróttanir í hans garð í grein er ákærði ritaði undir fullu nafni og birtist í dagblaðinu Tímanum, 158. tölublaði 72. árgangs, þann 14. júlí 1988, bæði út af starfi séra Þóris sem dómkirkjuprests og út af tímabundnu starfi hans á vegum Reykjavíkurborgar sem staðarhaldara í Viðey.

Í grein ákærða felast ærumeiðandi aðdróttanir í garð séra Þóris og meiðyrði, og greinin er í heild ósvífin, móðgandi og sett fram og birt á ótilhlýðilegan hátt og af illfýsi.

Einstök ummæli, sem ákært er fyrir, eru þessi:

A. Inngangsorð:

Séra Þórir Stephensen, sem skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey, er nú farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar. Ekki er athæfi hans kristilegt, enda hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik, sem þessi dómkirkjuprestur í raun og sanni ætti að hafa að leiðarljósi.

B. Í meginmáli greinar:

1. Það hvarflaði ekki að séra Þóri að hafa samband við ættingja þeirra, er síðast voru jarðaðir í kirkjugarðinum í Viðey. Ónei, þeir hefðu kannske verið mótfallnir vilja séra Þóris. Slíkt líðst ekki.

2. Hvað ætli verði næsta stórvirki séra Þóris, sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey? Að malbika göngubraut í kringum eyna? Byggja sumarbústað fyrir sig og fjölskyldu sína í hlaði Viðeyjarstofu? Mála kirkjuna í Viðey heiðblåa, lit íhaldsins?

3. Séra Þóri var á sínum tíma hlíft við þeirri skömm, að almenningur fengi að vita, að hann hefði sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey og að borgarráð bjargaði honum fyrir horn með því að ráða hann staðarhaldara Viðey, eftir að dómkirkjupresturinn hafði komið sér í fjölmiðla og skýrt frá hinni nýju nafnbót.

4. Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja.

5. Undirritaður veit, að greinarkorn þetta verður honum ekki til framdráttar, allra síst þegar ljóst er, að það kemur við kaunin á háttsettum frímúrara.

C. Í meginmáli greinar og áréttað innan tilvitnunar undir mynd af greinarhöfundi:

Greinarkornið er ritað í heilagri reiði, reiði yfir ófyrirgefanlegu skemmdarverki á heilögum stað, sem skinheilagur maður ber ábyrgð á.

Öll framangreind ummæli þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist:

1. Að ákærði verði dæmdur til refsingar.

2. Að framangreind ummæli verði samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga dæmd dauð og ómerk.

3. Að ákærði verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. sömu laga dæmdur til greiðslu miskabóta.

4. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Hallur Magnússon, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ummæli þau í grein ákærða í 158. tbl. 72. árgangs dagblaðsins Tímans, sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu, skulu vera dauð og ómerk.

Ákærði greiði séra Þóri Stephensen 150.000 krónur í miskabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Fimmtudaginn 17. maí 1990.

Nr. 400/1989. **Jón Á. Steinsson**
gegn
Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta og
Jóni Egilssyni héraðsdómslögmanni.

Fjárnmámsgerð felld úr gildi. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1989. Málinu var áður áfrýjað með stefnu 17. júlí 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní sama ár. Útivistardómur gekk í málinu 2. október 1989. Áfrýjað er fjárnámsgerð, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 10. febrúar 1989, í eign áfrýjanda að kröfu Jóns Egilssonar héraðsdómslögmanns f. h. Kökuvals hf. hér í borg samkvæmt áskorunarstefnu, sem árituð var um aðfararhæfi á bæjarþingi Reykjavíkur 2. maí 1986.

Áfrýjandi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði ómerkt og felld úr gildi, og verði stefndi Jón Egilsson héraðsdómslögmaður dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Á hendur Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta eru engar kröfur gerðar.

Kröfu sína um, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði ómerkt og felld úr gildi, reisir áfrýjandi á því, að hún hafi verið gerð í nafni fyrirtækis, sem ekki hafi þá verið til. Einnig er krafa áfrýjanda reist á því, að fjárnámsgerðin hafi beinst að aðila, sem ekki hafi verið dómþoli bæjarþingsdómsins. Þá sé kröfum beint að Jóni Egilssyni héraðsdómslögmanni, þar sem hann hafi mætt fyrir fógetaréttinum við fjárnámsgerðina af hálfu gerðarbeiðanda og því óhjákvæmilegt að beina kröfum að honum, þar sem Kökuval hf. hafi ekki verið til.

Af hálfu stefndu hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Lögð hafa verið fyrir Hæstarétt gögn, þar sem fram kemur, að bú Kökuvals hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 23. mars 1988 og að skiptameðferð lauk 21. desember 1988, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Er

ekki fram komið, með hvaða hætti hin áfrýjaða fjárnámsgerð mátti ná fram að ganga í nafni Kökuvals hf.

Á bæjarþingi Reykjavíkur var ekki sótt þing af hálfu stefndu í áskorunarmáli því, sem fjárnámsgerðin byggðist á.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að fella úr gildi hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 10. febrúar 1989.

Ár 1989, föstudaginn 10. febrúar, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skógarhlíð 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Júlíusi Guðmundssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A 587/1989: Kökuval hf. gegn Jóni Á. Steinssyni. Mál þetta var síðast tekið fyrir 2. febrúar sl. Skjöl málsins liggja frammi svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Egilsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 32.000 með 75% mánaðarv. af kr. 12.000 frá 1.10. '85 til 1.11. '85, af kr. 32.000 frá þ. d. til 1.3. '86, en 2,75% frá þ. d. til greiðsludags, kr. 9.300,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 2.025 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts gerir fógeti fjárnám í kröfu gerðarþola í skuldafrágöngubú, nr. 11/86, Kristins Björgvins Steinþórssonar Árdals. Krafan er að fjárhæð kr. 2.582.011 og hefur verið samþykkt. Fjárnám er gert að svo miklu leyti sem nægir til greiðslu dómskröfunnar. Gerðarþoli kveðst ekki eiga aðrar eignir til að benda á. Fógeti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 18. maí 1990.

Nr. 122/1989. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

A

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.).

Skírlífisbrot. Endurupptaka máls. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Hinn 11. september 1986 rituðu Magnús Ásmundsson, yfirlæknir lyflæknisdeildar Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, og Guðrún Sigurðardóttir, formaður félagsmálaráðs kaupstaðarins, bréf til bæjarfógeta, þar sem þau drógu í efa, að réttar upplýsingar hefðu legið fyrir héraðsdómara, þegar hann fjallaði um mál þetta. Í bréfi yfirlæknisins 29. sama mánaðar til ríkissaksóknara segir síðan meðal annars, að ákærði sé heyrnarskertur, en vitnið X þroskaheftur. Hinn 17. desember 1987 óskaði ákærði eftir endurupptöku málsins með bréfi til Hæstaréttar, sem réttinum barst 29. febrúar 1988. Forseti réttarins óskaði eftir því við bæjarfógetann í Neskaupstað, að frekari rannsókn færi fram. Voru skýrslur teknar á dómþingi sakadóms í júlí. Hæstiréttur samþykkti síðan 4. október 1988 að heimila endurupptöku samkvæmt 193. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 192. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Áfrýjunarstefna var gefin út af ríkissaksóknara 21. febrúar 1989 og málið flutt munnlega 17. nóvember sama ár. Að frumkvæði Hæstaréttar var tekin skýrsla af Sigurjóni Jónssyn lögregluvarðstjóra í sakadómi Neskaupstaðar 28. mars 1990, og bæjarfógeti aflaði nokkurra nýrra gagna. Málið var flutt á ný munnlega hér fyrir dómi í gær.

Ákærði neitaði sakargiftum, þegar hann kom fyrir dóm 20. júlí 1988. Hann sagðist hafa hitt X við Hafnarbraut 2 eftir dansleik aðfaranótt 8. apríl 1985, en þar hefði verið hópur fólks, og „ekkert hafa gerst þarna á milli sín og X annað en það að þeir töluðu eitthvað saman". Vildi ákærði skýra fyrri frásögn sína með því, að

hann hefði verið ofurölvi og að hann hefði ekki skilið fyllilega, hvað fram fór við skýrslutökur, vegna heyrnarskerðingar.

Fram hafa verið lagðar tvær yfirlýsingar frá 10. september 1986 og 16. desember 1987, sem undirritaðar eru með nafni vitnisins X og byggja verður á, að hann hafi sjálfur skrifað undir. Segir þar, að ákærði hafi ekki beitt hann ofbeldi, þvingunum eða hótunum og ekki gert tilraun til að nauðga honum. Þegar vitnið kom fyrir sakadóm 20. júlí 1988, var m.a. bókað: „Þá kveður X ákærða, A, hafa komið að sér, X staðið upp og spurt ákærða hvað hann vildi sér, ákærði hafi þá tvívegis fært X úr utanyfirbuxunum, án þess að beita ofbeldi, og í þriðja sinn er ákærði færði X úr buxunum hafi hann reynt að setja getnaðarlim sinn inn í endaþarm X. X kveður ákærða ekki hafa beitt sig neinu ofbeldi og ekki kveðst X hafa steist á móti, hann kveðst hafa reynt að forða sér, en síðan hafi ákærði hætt tilraunum sínum og farið burt. Ekki kveðst X telja að ákærði hafi komið getnaðarlim sínum í endaþarm sinn, ákærði hafi einungis reynt það". Síðar við sömu skýrslutöku ítrekaði X, eftir að hann hafði verið beðinn að skýra fyrrgreind vottorð sín, að það sé ekki rétt, sem þar segir, að ákærði hafi ekki gert tilraun til nauðgunar.

Hinn 22. júlí 1988 kom Sigfús Sigfússon verkstjóri fyrir sakadóm, en hann hafði verið dyravörður á dansleik þeim, sem ákærði og X sóttu margumrædda nótt. Eftir dansleikinn kvaðst Sigfús tvívegis hafa séð þá báða við Hafnarbraut 2 eina manna. Í fyrra skiptið hefði ákærði staðið fyrir framan X með buxurnar niður um sig og verið að hysja þær upp um sig. Hafi þeir staðið augliti til auglitis. Ekki kvaðst Sigfús hafa séð nein átök eða ofbeldi. Í síðara sinnið hafi X verið að ganga í burtu frá Hafnarbraut.

Sama dag kom Borgþór Jónsson vélvirki fyrir sakadóm, en hann var við dyravörslu í Egilsbúð með Sigfúsi Sigfússyni. Var skýrsla Borgþórs í samræmi við skýrslu Sigfúsar.

Þegar Sigurjón Jónsson lögregluvarðstjóri gaf skýrslu 28. mars sl., var m.a. eftir honum bókað:

„Vitnið skýrir frá því að aðfaranótt mánudagsins 8. apríl 1985 hafi X komið á lögreglustöðina í Neskaupstað og tjáð vitninu að sér hafi þá skömmu áður verið nauðgað af A. Vitnið kveður X hafa verið ölvaðan og æstan í skapi og að auki óðamála. Því kveðst

vitnið hafa reynt að róa X niður með samræðum við hann til þess að fá gleggri mynd af því sem gerst hafði. Á meðan vitnið var að ræða við X kveðst það hafa sent tvo lögregluþjóna út til þess að leita að A. Þegar komið var með A á lögreglustöðina var hann ölvaður. Vitnið kveðst telja að þegar A var kominn á lögreglustöðina hafi það sent lögregluþjónana á sjúkrahúsið með X. Vitnið kveðst hafa skýrt A frá kæru X en A hafi ekki tjáð sig um kæruna heldur talað um það að hann og X hafi eitthvað verið að fíflast. Vitnið kveðst minnast þess að A hafi þarna um nóttina sagt, að hann hefði bara áhuga á kvenfólki og þá kvaðst vitnið hafa séð að A skildi um hvað kæra X snerist. Vegna ölvunarástands A kveðst vitnið hafa sent hann heim og ákveðið að taka fyllri skýrslu af honum næsta dag.

Eftir að X kom af sjúkrahúsinu að lokinni læknisrannsókn, kveðst vitnið hafa yfirheyrt X nánar um málsatvik. X hafi þá haldið fast við þá kæru sína að A hafi nauðgað sér fyrr um nóttina. Um nánari atvik kveðst vitnið vísa til skýrslu þeirrar er það gerði 8. apríl 1985.

Daginn eftir, 9. apríl 1985, kveðst vitnið hafa boðað X og A til skýrslutöku. Áður en skýrslutaka hófst kveðst vitnið hafa rætt saman við þá X og A til þess að glöggva sig á málsatvikum. Ekki kveður vitnið ágreining hafa verið á milli þeirra X og A um málsatvik þ.e. að A hafi þrívegis gyrt niður (sic) um X og í eitt skiptið er X laut fram til að hysja upp buxur sínar hafi A sett getnaðarlim sinn inn í endaþarm X. Þetta kveður vitnið vera skýringu þess að það spurði að því síðar hvort honum hafi orðið sáðfall.

Þegar þessum sameiginlegu samræðum var lokið kveðst vitnið hafa yfirheyrt A einslega og vísar vitnið um það til skýrslu sinnar frá 9. apríl 1985. Að því loknu kveðst vitnið hafa kallað X einslega fyrir og hafi X þá staðfest skýrslu sína frá 8. apríl 1985.

Vitnið skýrir frá því að sér hafi verið kunnugt um andlegt atgervi X og A og heyrnarskerðingu þess síðarnefnda. Það kveður vitnið vera ástæðu þess að það ræddi sameiginlega við þá X og A 9. apríl 1985, vitnið kveðst hafa viljað fullvissa sig um það að atburðurinn hefði raunverulega gerst eða hvort hér væri á ferðinni fyllirísrugl. Einnig kveðst vitnið hafa verið með það í huga að fenginni reynslu að oft komi fyrir að menn komi að nóttu til ölvaðir og æstir á

lögreglustöð og vilji kæra einhvern atburð en þegar frá liði féllu menn frá kærunni.

Varðandi heyrn A skýrir vitnið svo frá að sér hafi verið kunnugt um heyrnarskerðingu A enda hafi hann þurft að einfalda orðafar sitt mjög við yfirheyrsluna og endurtaka margar spurninganna. En enginn vafi hafi leikið á því að A hafi skilið spurningar sínar og það um hvað yfirheyrslan snerist."

Framburður ákærða 20. júlí 1988, sem áður er getið, er ekki trúverðugur, þegar fyrri framburður hans er hafður í huga svo og skýrslur X og skýrslur þeirra tveggja manna, sem voru dyraverðir á dansleiknum, sem ákærði og X sóttu og fyrr er að vikið. Dyraverðirnir bera ekki um atvik, sem eru þáttur í refsiverðum verknaði, en segja með trúverðugum hætti frá samskiptum ákærða og X, sem þeir sáu, og verður frásögn þeirra ekki samræmd skýrslu ákærða 20. júlí 1988.

Framburður X er á reiki. Verður ekki hjá því komist að meta hann í ljósi þess, að gögn málsins bera með sér, að við hann var rætt eftir dómsuppsögu um málsatvik af fólki, sem virðist hafa trúað því, að ákærði hefði verið dæmdur saklaus. Þó að síðari dómskýrsla X sé þess efnis, að ekki verði samrýmt fyrri framburði fyrir dómi, verður og að hafa í huga, að hún er einnig í ósamræmi við þau vottorð, sem byggja verður á, að X hafi skrifað undir. Er varhugavert að leggja síðari skýrslu vitnisins fyrir dómi til grundvallar.

Þegar framanskráð er virt, ber að staðfesta héraðsdóm, þó þannig, að refsing verður öll skilorðsbundin.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, A, sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu þessa dóms, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 23. júní 1986.

Ár 1986, mánudaginn 23. júní, er á dómþingi sakadóms Neskaupstaðar, sem háð er í skrifstofu bæjarfógeta að Miðstræti 18 af Sverri Einarssyni, settum bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 3/1986: Ákæruvaldið gegn A, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir sakadómi Neskaupstaðar með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. júlí sl., á hendur ákærða, A, ... í Neskaupstað, fæddum 21. maí 1948 þar í bæ.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa, mánudagsmorguninn 8. apríl 1985, ráðist á X, fæddan 5. febrúar 1957, sem var ofurölvi, og þröngvað honum til kynferðismaka með því að gyrða niður um (sic) hann og setja getnaðarlim sinn inn í endaþarm honum í tröppum við húsið nr. 2 við Hafnarbraut á Neskaupstað.

Telst þetta varða við 1. mgr. 203. gr., sbr. 1. mgr. 194. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Mánudagsmorguninn 8. apríl 1985 kl. 5.30 kom X, ... á Neskaupstað, á lögreglustöðina þar til þess að kæra ákærða, A, fyrir að hafa þröngvað sér til kynferðismaka þá rétt áður við húsið Hafnarbraut 2. Tekin var skýrsla af X og hann síðan færður á sjúkrahúsið til skoðunar hjá lækni. Skömmu síðar var ákærði handtekinn á Egilsbraut og færður á lögreglustöðina. Var hann allmikið ölvaður. Reynt var að yfirheyra ákærða þegar um nóttina, en án árangurs.

X skýrði lögreglunni svo frá í skýrslu þegar um nóttina, að hann hefði verið á dansleik í Egilsbúð, sem lokið hefði um klukkan 4 um nóttina. Kvaðst hann þá hafa verið orðinn mikið ölvaður og hefði átt í einhverjum erjum utan við Egilsbúð, sem hann myndi ekki að nefna.

X kvaðst um klukkan 5 hafa verið ofurölvi í tröppum á mótum Egilsbrautar og Hafnarbrautar við húsið nr. 2 við Hafnarbraut. Varð X þá var við það, að ákærði réðst að utanyfirbuxum hans (sic) og dró þær niður á læri.

Gerðist þetta þrívegis, og þegar X var í þriðja skiptið að bogra við að koma buxunum í samt lag og laut fram, vissi hann ekki fyrr en ákærði rak getnaðarlim sinn inn í endaþarm hans. Kenndi X verulegs sársauka í endaþarminum og blæddi úr honum. Tókst X þó að koma buxunum í samt lag og fór á lögreglustöðina.

Sigurjón Jónsson tók framangreinda skýrslu af X. Að því búnu skoðaði hann buxur X, bæði hinar ytri og innri. Segir í skýrslu Sigurjóns, að blóð hafi verið við vinstri vasa og við buxnastreng við buxnaklauf. Þá var blóð við vinstra læri. Ekki var sjáanlegt blóð annars staðar né á nærbuxum.

Ákærði var yfirheyrður þriðjudaginn 9. apríl og skýrði þá svo frá, að hann hefði verið á dansleik í Egilsbúð umrædda nótt, og þegar dansleik lauk, hefði hann verið orðinn mikið ölvaður, en rólfær. Kvaðst ákærði hafa verið að rangla um við Egilsbúð í nokkra stund, eftir að dansleiknum lauk.

Ákærði kvaðst hafa verið um klukkan 5 staddur ásamt X í tröppunum við suðausturhorn Hafnarbrautar 2, og voru þeir einir. Kvaðst ákærði hafa tekið utan um X og farið að láta vel að honum. Þá kvaðst ákærði hafa dregið niður um X utanyfirbuxur hans ásamt nærbuxum í ein þrjú skipti. Hefði X streist eitthvað á móti og dregið buxurnar upp um sig jafnóðum. Sagði ákærði, að þegar hann hefði dregið buxurnar niður um X í þriðja skiptið, hefðu þær farið niður á kálfa hans. Þá hefði hann lotið fram til að toga upp um sig buxurnar og sneri afturendanum að ákærða. Kvaðst ákærði þá hafa tekið getnaðarlim sinn og rekið hann inn í endaþarm X, mjög stutt. Síðan hefði X farið í burtu.

Kvaðst ákærði ekki geta skýrt nánar frá atburði þessum, því að hann hefði verið ofurölvi og því ekki muna betur eftir þessu. Kvaðst ákærði enga aðra skýringu geta gefið á þessu en þá, að hann hefði verið ofurölvi og því ekki geta gert sér grein fyrir því, hvað hann hefði verið að gera. Kvaðst ákærði vilja taka fram, að hann hefði aðeins áhuga á kvenfólki til samfara og því alls ekki hafa áhuga á samförum við karlmenn. Kvaðst ákærði ekki hafa fengið sáðlát.

X var yfrheyrður á ný 9. apríl af lögreglunni og staðfesti þá áður gefna skýrslu. Hann kvaðst hafa reynt að komast frá ákærða, þegar hann gerði sér ljóst, hver ætlunin væri hjá honum með því að reyna að færa sig úr buxunum. Hefði honum gengið illa að komast frá ákærða, því að hann hefði neytt aflsmunar og haldið sér föstum.

Við meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að ákæran sé rétt, og skýrt frá málsatvikum á sama veg og hjá lögreglu og staðfest þær skýrslur, er hann gaf hjá henni. Ekki man ákærði, hve lengi þetta stóð eða hvort hann hafði samfarahreyfingar við X.

Þá hefur vitnið X komið fyrir dóminn og borið á sama veg og hjá lögreglu og staðfest þá skýrslu sem rétta.

Vitninu X fannst ákærði reka lim sinn langt inn, og hefði hann viðhaft samfarahreyfingar stutta stund, en ekki hefði honum orðið sáðlát.

Vitnið X var fært á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað til skoðunar klukkan 7.30 að morgni 8. apríl, og segir svo í vottorði Eggerts Brekkans yfirlæknis, dagsettu sama dag, um skoðunina:

„Komið er með sjúkling kl. 7.30 um morgun en sjúklingur hefur að sögn leitað til lögreglunnar þar sem hann telur að sér hafi verið nauðgað, átt við hann analcoitus.

Ekki er að sjá á sjúklingi neina áverka sem hægt er að setja í samband við áflog. Sj. er með afrifu framanvert á hæ. hné. Er hún fersk og hefur blætt smávegis og hafa gallabuxur sem sjúklingur er í blóðgast frá hnénu. Enginn blóðblettur er í nærbuxum. Við inspection á genitalia er ekkert sérstakt athugavert. Við inspection á anus er anus alveg eðlilegur, enginn roði, afrifur eða nein merki um analnauðgun. Sérstaklega ekkert slím eða semenlíkur vökvi á svæðinu. Tekið hefur verið strok frá húðinni innan úr rectum neðanverðum og skoðað á smásjá í saltvatnsupplausn. Engar sæðisfrumur eru sýnilegar.

Niðurstaða: Engin ytri merki finnast um homosexuala nauðgun.

Ofanritað vottast hér með."

Magnús Ásmundsson, læknir við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, hefur rannsakað ákærða með tilliti til þess, hvort vafi geti leikið á um sakhæfi hans. Segir svo um þessa rannsókn í vottorði læknisins, dagsettu 26. maí sl.:

„A er mikið heyrnarskertur frá fæðingu. Hefur það haft veruleg áhrif á persónuleika hans. Hann hefur einangrast nokkuð og honum hefur verið strítt. Hann er mjög þrjóskur og einþykkur. Hann hefur ekki fengist til að nota heyrnartæki. A hætti í 7. bekk barnaskólans, segir að það hafi verið einkum vegna þess hve mikið honum hafi verið strítt. Seinni árin hefur hann unnið fulla vinnu við saltfisksverkun og fær þar gott orð.

Varðandi atburð þann sem á dagskrá er segir hann að hann hafi engar homosexual tilhneigingar. Hann hafi verið nýkominn út af dansleik og verið dauðadrukkinn og muni ekkert eftir neinu. Við samtal í dag er hann hraustlegur og eðlil. þroskaður, kemur þokkalega fyrir og talar óhindrað um ofannefndan atburð. Hann heyrir illa, en les nokkuð vel af vörum, og næst allgott samband við hann. Ekkert kemur fram við samtalið sem bendir til þess að hann sé vangefinn eða haldinn geðsjúkdómi.

Niðurstaða mín er sú að hér sé um að ræða félagslega einangraðan mann, sem hefur átt á ýmsan hátt erfitt líf vegna alvarlegrar fötlunar, en enginn vafi liggi á sakhæfi hans."

Niðurstöður.

Með eigin játningu ákærða, sem studd er framburði vitnisins X, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærunni og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en með hliðsjón af því, að ákærði hefur aldrei áður gerst sekur um lögbrot, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu 2 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, A, sæti fangelsi 3 mánuði, en fresta skal fullnustu 2 mánaða af refsingunni, og niður skal sá hluti hennar falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 21. maí 1990.

Nr. 146/1989. **Saga-film hf.**
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf.
(Gestur Jónsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1989. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi er þrotabú hlutafélags, er ber nafnið Nesco-framleiðslufélag hf. og starfaði að sölu og framleiðslu á hljómflutnings- og útvarpstækjum og öðrum rafeindatækjum hér á landi og erlendis. Á miðju ári 1987 var rekstri félagsins skipt upp á milli þriggja nýrra hlutafélaga, er einnig notuðu auðkennið Nesco, og var gerður um það samningur við hvert um sig. Voru þetta Nesco-Xenon hf., er tók við starfsemi erlendis, Nesco-Kringlan hf., er tók við verslunaraðstöðu í húsi Kringlunnar í Reykjavík, og Nesco-Laugavegur hf., er tók við annarri starfsemi innanlandsdeildar félagsins að meðtalinni verslun við Laugaveg í Reykjavík. Var samningur félagsins við Nesco-Laugaveg hf. gerður 24. júlí 1987 og kvað meðal annars á um kaup hins síðarnefnda á öllum vörubirgðum innanlandsdeildar Nesco-framleiðslufélags hf., eins og þær yrðu samkvæmt vörutalningu 1. ágúst s.á.

Í máli þessu er deilt um uppgjör á skuld, er stofnað var til við áfrýjanda síðla árs 1986, en áfrýjandi hafði þá sem oftar tekið að sér gerð auglýsingakvikmyndar á vegum Nesco til sýningar í sjónvarpi fyrir jólin. Engar beinar upplýsingar liggja frammi um heildarfjárhæð skuldarinnar eða upphaflegan frágang þessara við-

skipta, en óumdeilt er, að þau voru gerð við Nesco-framleiðslufélag hf. Fram er og komið, að félagið innti af höndum tvær greiðslur til áfrýjanda upp í skuld á fyrri hluta árs 1987, aðra 14. apríl með afhendingu á Orion-myndbandstæki, að verðmæti 43.900 krónur, og hina 22. júní með afhendingu á Xenon-myndbandstæki og Akai-myndbandstæki, að verðmæti samanlagt 84.800 krónur.

Haustið 1987 var þess aftur farið á leit við áfrýjanda, að gerð yrði auglýsingakvikmynd fyrir Nesco. Tiltók framkvæmdastjóri áfrýjanda fyrir dómi, að þetta hefði verið í októbermánuði, og kvað verkbeiðnina hafa komið frá auglýsingastofu, er þá vann fyrir Nesco-Kringluna hf. Hann kvaðst hafa gert það að skilyrði, að gengið yrði frá nefndri skuld ársins 1986, áður en verkinu yrði lokið.

Um viðskiptin er það síðan upplýst, að áfrýjanda voru afhent þrjú tæki frá Nesco, að verðmæti samtals 147.700 krónur, í desembermánuði 1987. Er þetta staðfest með handrituðum móttökukvittunum, dagsettum 14., 21. og 23. desember, og bera þær með sér, að starfsmaður Nesco-framleiðslufélags hf. hafi staðið að afhendingunni eða fylgt því fram, að hún ætti sér stað. Viðurkennt er, að tækin hafi gengið til greiðslu upp í fyrrnefnda skuld við áfrýjanda með þessu verðmæti, og er þetta hin umdeilda greiðsla, sem stefndi krefst riftunar á.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, voru kaup Nesco-Laugavegar hf. á vörubirgðum Nesco-framleiðslufélags hf. samkvæmt samningnum frá 24. júlí 1987 gerð upp með þeim hætti í desember s.á., að fyrrnefnda félagið lagði til varning sem svaraði kaupverðinu, og var hann afhentur ýmsum kröfuhöfum hins síðarnefnda til greiðslu á skuldum þess. Ljóst er af gögnum málsins, að hin umdeilda greiðsla til áfrýjanda var af þessum varningi. Ósannað er, að tæki áfrýjanda hafi verið úr upphaflegum birgðum Nesco-Laugavegar hf., en hins vegar er ljóst, að andvirði þeirra var fært til greiðslu á jafnhárri fjárhæð af umsömdu kaupverði þeirra birgða. Að auki gefa gögnin til kynna, að sjálf greiðslan til áfrýjanda hafi farið um hendur Nesco-framleiðslufélags hf. Ber að fallast á það með héraðsdómara, að þáttur Nesco-Laugavegar hf. í afhendingunni skipti ekki máli gagnvart áfrýjanda.

Varningur sá, er áfrýjanda var afhentur í desember 1987, er ekki

venjulegur greiðslueyrir í viðskiptum eins og þeim, sem hér var um að ræða, og hefur áfrýjanda ekki tekist að sanna, að svo hafi verið í þessu tilviki. Meðal annars hefur hann ekki tilfært önnur dæmi um þennan greiðsluhátt milli aðilanna en þær greiðslur frá sama ári, sem fyrr var getið.

Samkvæmt þessu á krafa stefnda um riftun hinnar umdeildu greiðslu á grundvelli 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að ná fram að ganga, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Ber að staðfesta dóminn með vísan til þeirra atvika, sem að framan voru rakin.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 50.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Saga-film hf., greiði stefnda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1989.

1.0

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi fimmtudaginn 30. mars sl., hefur þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf., kt. 480481-0469, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. september 1988, á hendur Saga-film hf., kt. 590578-0109, Vatnagörðum 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við stefnda, að fjárhæð kr. 147.700, sem fram fór 21. desember 1987 með afhendingu á 1 stk. Grundig-T55-340 og 2 stk. Orion-4015.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 147.700 með 22% ársvöxtum frá 21. desember 1987 til 11. febrúar 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1988, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim

degi til greiðsludags. Áföllnum vöxtum sé heimilt að bæta við höfuðstól samkvæmt 12. gr. laga nr. 25/1987.

3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættu söluskattsálagi og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að viðbættu söluskattsálagi og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að með úrskurði, uppkveðnum 6. janúar 1988 í skiptarétti Reykjavíkur, hafi bú Nesco-framleiðslufélags hf., nnr. 6612-0376, verið tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til kröfuhafa hafi verið birt í Lögbirtingablaði 29. janúar 1988, og hafi kröfulýsingarfresti lokið 29. mars 1988. Fyrsti skiptafundur í þrotabúinu hafi verið haldinn 29. apríl 1988. Á þeim fundi hafi Gestur Jónsson hrl. verið kosinn skiptastjóri þrotabúsins. Á fundinum hafi verið samþykkt heimild til skiptastjórans til að höfða mál til riftunar á greiðslum skulda Nesco-framleiðslufélags hf., teldi hann grundvöll riftunar samkvæmt VIII. kafla gjaldþrotalaga vera fyrir hendi.

Í lok júní 1988 hafi skiptastjóri fengið í hendur gögn frá fyrrum forsvarsmanni hins gjaldþrota félags, sem sýni, að hið gjaldþrota félag hafi í desember 1987 greitt hluta skulda sinna með vörum. Alls hafi verið um að ræða vörur að verðmæti kr. 2.553.709 miðað við útsöluverð, og muni alls 16 aðilar hafa fengið vörur sem greiðslu á kröfum sínum.

Með bréfi, dagsettu 4. júlí 1988, hafi skiptastjóri þrotabúsins tilkynnt um riftun á þessum greiðslum. Hafi jafnframt verið gerð krafa um skil á andvirði hinna seldu muna, eins og það hafi verið á greiðsludegi, ásamt dráttarvöxtum til endurgreiðsludags. Þann 29. ágúst 1988 hafi skiptastjóri breytt kröfugerð sinni á þann veg, að fallist hafi verið á að taka við endurgreiðslunni sem höfuðstól auk innlánsvaxta Landsbanka Íslands frá frestdegi til greiðsludags. Áskilinn hafi verið réttur til þess að krefja um dráttarvexti og kostnað, yrði ekki orðið við kröfunni innan viku frá dagsetningu bréfsins. Þegar hafi verið gengið frá máli 7 aðila, en hinir 9 hafi ekki fallist á riftunina með því að endurgreiða samkvæmt kröfu búsins.

Stefndi sé meðal þeirra, er ekki hafi orðið við kröfu stefnanda. Hann

hafi hinn 21. desember 1987 tekið við vörum, að útsöluverði kr. 147.700, en það hafi verið 1 stk. Grundig-T55-340 á kr. 55.900 og 2 stk. Orion-4015 (1 stk. á kr. 45.900) á kr. 91.800. Tækin hafi verið notuð til greiðslu skuldar, sem talin hafi verið jafngilda stefnufjárhæð málsins.

3.0

Stefnandi segir málsástæður vera þær, að á þeim tíma, sem greiðslan hafi farið fram, muni hið síðar gjaldþrota félag hafa selt allan rekstur og nánast allar eignir sínar og verið hætt starfsemi. Félagið hafi skuldað hundruð milljóna króna, og hafi vitneskja um það verið almenn, m.a. vegna frétta í fjölmiðlum. Forsvarsmönnum hins gjaldþrota félags og stefnanda hljóti að hafa verið kunnugt um eða hafa mátt vera kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot félagsins.

Það sé mat stefnanda, að greiðsla skuldarinnar hafi farið fram með óvenjulegum greiðslueyri og að greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Þetta hafi stefnda verið ljóst eða mátt vera ljóst. Stefnukrafan nemi útsöluverði hinna afhentu tækja á afhendingardegi.

Ef stefndi krefjist þess, muni stefnandi viðurkenna sem almenna kröfu á kröfuskrá þrotabúsins fjárhæð jafna höfuðstól endurgreiðslunnar með vöxtum til 6. janúar 1988.

Vaxtakrafan sé um almenna innlánsvexti Landsbanka Íslands frá greiðsludegi til 1. ágúst 1988, en um dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags. Gjalddagi endurgreiðslunnar hafi ekki verið síðar en við móttöku riftunarbréfs skiptastjóra frá 4. júlí 1988 og réttur til dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. laga nr. 25/1987 fyrir hendi frá þeim degi. Umboð skiptastjóra til málshöfðunar sé byggt á 1. tl. 91. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 112. gr. sömu laga, og á skiptafundi í þrotabúinu þann 29. apríl 1988 hafi jafnframt verið samþykkt heimild til skiptastjóra til málshöfðunarinnar.

Krafan um riftun á greiðslu skuldarinnar sé reist á 1. mgr. 54. gr. og 61. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr. sömu laga. Málskostnaðarkrafan styðjist við 177. gr. laga nr. 85/1936 og 21. gr. laga nr. 54/1988.

4.0

Stefndi segir málavexti vera þá, að fyrrum forsvarsmenn stefnanda hafi átt margvísleg viðskipti við stefnda um langt árabil. Stefndi hafi framleitt ýmsar gerðir auglýsinga fyrir Nesco, án þess að fram kæmi, að viðsemjandinn væri fleiri en eitt fyrirtæki. Iðulega hafi verið greitt fyrir þessa þjónustu með skuldajöfnuði vegna úttekta stefnda hjá Nesco á vörum og búnaði, sem stefndi hafi notað við framleiðslu sína.

Í desember 1987 hafi forsvarsmaður Nesco komið til stefnda og beðið

um, að unnin yrði auglýsingakvikmynd fyrir fyrirtækið. Forsvarsmenn stefnda hafi tekið verkið að sér með því skilyrði, að eldri skuld yrði greidd. Verkbeiðandi hafi þá sagt, að erfitt kynni að verða með greiðslu, þar sem allt fjármagn fyrirtækisins hefði að venju verið notað til þess að leysa inn vörur fyrir jólin. Hafi verkbeiðandi spurt stefnda að því, hvort fyrirtækið vantaði ekki einhver tæki, og hafi orðið úr, að ákveðin hafi verið kaup á þeim tækjum, sem um ræði í máli þessu.

5.0

Málsástæður þær, sem stefndi ber fram til stuðnings dómkröfum sínum, eru fyrst og fremst þessar:

1. Það er helsta málsástæða stefnda, að stefndi sé ekki réttur aðili að þessu máli. Svo sem fram komi á framlögðu skjali, hafi verið gerður samningur við Nesco-Laugaveg hf. um kaup á þessum tækjum, enda hafi það fyrirtæki verið í viðskiptum við stefnda. Úttekt úr búi Nesco-framleiðslufélags hf., sem mál þetta fjalli um, hafi þannig ranglega verið skrifuð á stefnda í stað Nesco-Laugavegar hf., sem hafi tekið að sér að gera upp kröfu stefnda, til þess að framhald gæti orðið á viðskiptum.

2. Tengsl Nesco-framleiðslufélags hf. og Nesco-Laugavegar hf. hafi verið slík, að stefndi hafi á engan hátt getað gert greinarmun á þessum fyrirtækjum. Á afriti kaupsamnings aðila um tækin komi fram nöfnin Nesco hf., Nesco-Laugavegur hf. og Nesco Manufacturing hf. Verslunarstjóri Nesco á Laugavegi, sem væntanlega hafi þá verið starfsmaður Nesco-Laugavegar hf., hafi annast þessi viðskipti fyrir Nesco, og hafi forsvarsmenn stefnda verið í góðri trú.

3. Verði ekki fallist á fyrrgreinda málsástæðu um aðilaskort, er því haldið fram, að á þeim tíma, sem viðskiptin hafi verið gerð, hafi þau að öllu leyti verið eðlilegur þáttur í viðskiptum fyrirtækjanna. Þau hafi verið gerð með hagsmuni beggja fyrirtækjanna fyrir augum. Því hafi hér virst um venjulega greiðslu að ræða eftir atvikum.

4. Gerð auglýsingarinnar í desember hafi verið nauðsynleg fyrir Nesco. Hún hafi verið forsenda þess, að fyrirtækið gæti aflað tekna með eðlilegum hætti í jólasölunni. Starf stefnda fyrir fyrirtækið hafi þannig miðað að því að bæta hag búsins með því að stuðla að sölu á þeim vörum, sem fyrirtækið hafi flutt inn.

5. Stefnda hafi ekki verið kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot félagsins. Blaðaskrif um vonda stöðu Nesco hafi á þessum tíma engin nýlunda verið. Slík blaðaskrif hafi komið upp öðru hverju allt frá síðari hluta síðasta áratugar. Vitneskja um það, að félagið skuldaði verulegar fjárhæðir, hafi alls ekki verið almenn.

6. Greiðslan hafi verið innt af hendi með vöruskiptum, sem ekki hafi

getað talist óeðlilegt eða óvenjulegt í viðskiptum þessara aðila og þá ekki ótilhlýðilegt. Svo sem fram komi í málskjölum, séu fordæmi fyrir því, að nákvæmlega eins hafi áður verið gengið frá greiðslum.

Auk áður tilvitnaðra lagagreina ber stefndi fyrir sig 45. og 178. gr. laga nr. 85/1936.

6.0

Svo sem fram kemur af samkomulagi, dagsettu 24. júlí 1987, gerðu Nesco-framleiðslufélag hf. og Nesco-Laugavegur hf. með sér samkomulag um kaup á vörubirgðum innanlandsdeildar Nesco-framleiðslufélags hf., eins og þær munu hafa verið samkvæmt vörutalningu 1. ágúst 1987. Skyldu þær seljast á kostnaðarverði, og skyldi nánara samkomulag um kaupverð og aðra skilmála vörubirgðanna gert eftir vörutalninguna. Uppgjör á vörubirgðum þessum fór svo fram 3. desember 1987. Umsamið kaupverð vörubirgðanna var ákveðið að smásöluverðmæti kr. 2.500.000 Skyldi Nesco-Laugavegur hf. greiða kaupverð vörubirgðanna með varningi, að smásöluverðmæti kr. 2.500.000, sem stefnandi fengi afhentan á tímabilinu 1. til 23. desember 1987. Í uppgjöri þessu er einnig að finna önnur ákvæði, er ekki þykir ástæða til að fjalla um í máli þessu.

Af skjölum málsins má einnig ráða, að af hálfu Nesco-Laugavegar hf. var í desember 1987 afgreiddur varningur til hinna ýmsu kröfuhafa stefnanda. Var heildarfjárhæð reikninga, gerðra vegna þessara afhendinga, kr. 2.553.709, en með veittum afslætti urðu eftirstöðvarnar kr. 2.229.179. Krafa sú, er mál þetta snýst um, var ein þessara afhendinga á varningi.

Ekki fer á milli mála, að markmið greinds uppgjörs á keyptum vörubirgðum var það, að þær yrðu greiddar með varningi, sem afhendast skyldi kröfuhöfum stefnanda. Í þessu sambandi ber að líta til þess, að kaupsamningur sá, er gerður var vegna varningsins, var bæði í nafni Nesco Manufacturing hf. og Nesco-Laugavegar hf. Liggur því ljóst fyrir, að ætlun aðila hafi verið þessi. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki fram hjá því horft, að greindar vörubirgðir í eigu Nesco-framleiðslufélags hf. hurfu úr búinu til Nesco-Laugavegar hf. og andvirði þeirra lenti með óbeinum hætti til kröfuhafa búsins.

Verður því næst að líta til þess, hvort greiðslur þessar hafi verið riftanlegar á grundvelli 1. mgr. 54. gr. og 61. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr. sömu laga, svo sem stefnandi heldur fram, en í stefnu segir hann svo orðrétt: „Það er mat stefnanda að greiðsla skuldarinnar hafi farið fram með óvenjulegum greiðslueyri og að greiðslan hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Um þetta hafi stefnda verið ljóst eða mátt vera ljóst..."

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er heimiluð riftun á greiðslu skuldar á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, m.a., ef greitt er með óvenjulegum greiðslueyri, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Er regla þessi hlutlæg riftunarregla. Ljóst er, að málið snýst um greiðslu skuldar, sem ekki er sem slík umdeild milli málsaðila og til komin, áður en afhending umræddrs varnings átti sér stað. Þegar svara skal því, hvort greiðslueyririnn hafi verið óvenjulegur í þessu sambandi, verður að gæta að því, hvort aðilar hafi í upphafi lagt til grundvallar, að notaður yrði umræddur varningur til greiðslu skuldarinnar.

Stefndi fullyrðir, að á þeim tíma, sem viðskiptin hafi verið gerð, hafi þau að öllu leyti verið eðlilegur þáttur í viðskiptum fyrirtækjanna. Þau hafi verið gerð með hagsmuni beggja fyrirtækjanna fyrir augum, og því hafi virst um venjulega greiðslu að ræða eftir atvikum. Að greiðslan hafi verið innt af hendi með vöruskiptum, hafi ekki getað talist óeðlilegt eða óvenjulegt í viðskiptum þessara aðila og þá ekki ótilhlýðilegt. Hefur stefndi lagt fram skjöl, er hann telur, að sýni fordæmi fyrir því, að nákvæmlega eins hafi áður verið gengið frá greiðslum.

Samkvæmt framlögðum skjölum kemur fram, að um var að ræða skuld, sem Nesco-framleiðslufélag hf. skuldaði stefnda, væntanlega vegna auglýsingagerðar hans fyrir félagið. Afhending varnings til greiðslu peningaskuldar verður að öllu jöfnu ekki talinn venjulegur greiðslueyrir í þessu sambandi. Fram kom við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi, að skuldir Nesco-framleiðslufélags hf. við stefnda hafi a.m.k. stundum verið greiddar með tækjum, en ekki alltaf. Hefur það væntanlega verið samkomulag aðila, að greiða mætti skuldir með tækjum og það skyldi gert að svo miklu leyti sem aðilar hefðu áhuga á og treystu sér til. Greinarmun verður að gera á því annars vegar, hvort ákveðið sé milli verslunaraðila, að stefnt skuli að sem mestum vöru- og þjónustuskiptum milli þeirra, eða að greidd skuli skuld með ótilgreindum vörum, eftir því sem henta þyki, og hins vegar því, að samið sé um greiðslu ákveðinnar skuldar með ákveðnum og nánar tilgreindum vörum. Skuld sú, sem um ræðir í máli þessu, mun hafa verið frá árinu 1986, en forsvarsmaður stefnda, Jón Þór Hannesson framkvæmdastjóri, sem gaf munnlega skýrslu fyrir dómi, taldi, að um það hafi verið samið í október 1987, að greitt yrði með tækjum.

Þótt ekki sé dregið í efa, að umrædd tæki hafi komið stefnda að notum, hefur stefnda ekki tekist að sýna fram á, að þessi greiðslumáti hafi verið rík venja innan þessarar starfsgreinar eða í viðskiptum aðila. Þar sem fyrir liggur í málinu, að um óvenjulegan greiðslueyri var að ræða, hvílir sönnunarbyrðin hjá stefnda fyrir því, að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Gegn andmælum stefnanda verður ekki talið, að stefnda hafi tekist að sanna þá staðhæfingu sína. Greiðsla á skuldinni með öðrum greiðslu-

eyri en krafan samkvæmt efni sínu hljóðaði upp á verður því að teljast óvenjulegur greiðslueyrir í þessu sambandi.

Með tilvísun til þessa verður þegar af þeim ástæðum, sem greindar hafa verið, að fallast á heimild stefnanda til riftunar. Aðild Nesco-Laugavegar hf. að þessum lögskiptum þykir, eins og áður er greint frá, ekki hafa áhrif á riftunarheimildina, þar sem tilgangurinn var að greiða skuld stefnanda. Skal því næst vikið að endurgreiðslukröfu stefnanda.

7.0

Stefnandi byggir endurgreiðslukröfu sína m.a. á 62. gr. gjaldþrotalaga. Samkvæmt 1. málslið þess ákvæðis ber þeim, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, að greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en tjóni búsins nemur. Markmið ákvæðisins er að gera riftunarþola eins settan og hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram. Því verður að telja rétt, að stefndi greiði búinu fé, sem svari til verðmætis greiðslu á riftunardegi. Telja verður tjón búsins verðmæti greiðslu á þeim degi, er ráðstöfun var gerð, auk vaxta, og virðast báðir málsaðilar vera þeirrar skoðunar, að miða eigi við þá fjárhæð, þ.e. útsöluverð tækjanna auk vaxta frá ráðstöfunardegi. Enn fremur ber að fallast á vaxtahæð samkvæmt kröfu stefnanda, en þó beri krafan ekki dráttarvexti fyrr en 4. ágúst 1988, þ.e. mánuði frá dagsetningu riftunarbréfs, sbr. 9. og 15. gr. laga nr. 25/1987.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 45.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Lögmaður stefnanda var Gestur Jónsson hrl., og lögmaður stefnda var Gísli Baldur Garðarsson hrl.

Dóminn kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari.

Dómsorð:

Greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við stefnda, Saga-film hf., að fjárhæð kr. 147.700, sem fram fór 21. desember 1987 með afhendingu á 1 stykki Grundig-T55-340 og 2 stykkjum Orion-4015, er rift.

Stefndi, Saga-film hf., greiði stefnanda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., kr. 147.700 með 22% ársvöxtum frá 21. desember 1987 til 11. febrúar 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1988, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júní 1988, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 4. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,2% árs-

vöxtum frá þeim degi til 20. september 1988 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, þ.m.t. söluskatt.

Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknist samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa.

Áfallnir vextir bætist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. laga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. maí 1990.

Nr. 73/1988. **Jón Laxdal**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka h/f
(Þórður Gunnarsson hrl.).

Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1988 áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1988 fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Þingeyjarsýslu 7. ágúst 1987. Þá hefur áfrýjandi ennfremur og að fengnu áfrýjunarleyfi 23. júní 1988 samkvæmt heimild í 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1988 áritun á áskorunarstefnu, sem gerð var á bæjarþingi Akureyrar 25. júní 1987. Fyrir Hæstarétti hafa mál þessi verið sameinuð.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 50. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, sbr. lög nr. 120/1989, hefur Íslandsbanki h/f tekið við aðild máls þessa af Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. auglýsingu í 8. tbl. Lögbirtingablaðs 1990.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hin áfrýjaða áritun verði úr gildi felld og málinu vísað frá dómi. Jafnframt krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti að meðtöldum virðisaukaskatti og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar sem í aðalkröfu. Til þrautavara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði „verulega og stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þá felldur niður". Loks krefst áfrýjandi þess, að hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð verði hrundið og hún úr gildi felld og stefnda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti að skaðlausu á sama hátt og í aðalkröfu.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest með

þeirri breytingu á kröfu samkvæmt áskorunarstefnu, að 3,75% mánaðarvextir af 39.460,60 krónum reiknist frá ,,10.09.1985 til 10.10.1985 en ekki frá 10.09.1985 til 10.01. s.á. eins og misritast hefur í stefnunni". Hann krefst staðfestingar fjárnámsgerðarinnar með sömu breytingu. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Hinn 1. júní 1987 gaf Árni Pálsson héraðsdómslögmaður út áskorunarstefnu og gerði kunnugt, að hann þyrfti fyrir hönd Iðnaðarbanka Íslands h/f að höfða mál fyrir bæjarþingi Akureyrar á hendur Halldóri Kristinssyni ,,skiptaráðanda f.h. Kaupfélags Svalbarðseyrar", Tryggva Stefánssyni áfrýjanda og Inga Þ. Ingimarssyni til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð 2.339.832,90 krónur og vöxtum sem hér segir: ,,3.75% mán.v. af kr. 39.460.60 frá 10.09.1985 til 10.01. s.á., af kr. 79.642.90 frá þ.d. til 10.11. s.á., af kr. 120.794.- frá þ.d. til 10.01.1986, af kr. 205.783.90 frá þ.d. til 10.02. s.á., af kr. 249.482.90 frá þ.d. til 01.03. s.á., 2.75% mán.v. frá þ.d. til 10.03. s.á., af kr. 294.027.80 frá þ.d. til 01.04. s.á., 2.25% mán.v. frá þ.d. til 10.04. s.á., af kr. 338.324.40 frá þ.d. til 10.05. s.á., af kr. 382.683 frá þ.d. til 10.06. s.á., af kr. 427.379.60 frá þ.d. til 10.07. s.á., af kr. 472.380 frá þ.d. til 10.08. s.á., af kr. 517.497.10 frá þ.d. til 10.09. s.á., af kr. 562.881.70 frá þ.d. til 10.10. s.á., af kr. 608.804.40 frá þ.d. til 10.11. s.á., af kr. 654.805.60 frá þ.d. til 10.12. s.á., af kr. 701.855.20 frá þ.d. til 10.01.87, af kr. 750.480.60 frá þ.d. til 10.02. s.á., af kr. 799.871.10 frá þ.d. til 01.03. s.á., 2.5% mán.v. frá þ.d. til 10.03. s.á., af kr. 850.262.70 frá þ.d. til 10.04. s.á., af kr. 901.510.30 frá þ.d. til 10.05. s.á. og af kr. 2.339.832.90 frá þ.d. til greiðsludags." Ennfremur var gerð krafa um 532 krónur í bankakostnað og málskostnað samkvæmt reikningi. Tekið var fram, að í vaxtakröfu fælist krafa um vaxtavexti þannig, að vextir legðust við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. september 1986, og reiknuðust af ,,þannig hækkandi höfuðstól til greiðsludags".

Málsatvikum og málsástæðum er þannig lýst í stefnu:

,,Hin umstefnda skuld er samkv. skuldabréfi að fjárh. upphafl. kr. 1.500.000 útg. 19.12.1984 af Kaupfélagi Svalbarðseyrar. Skuldina átti að endurgreiða með 60 afb. á 1 mán. fresti í fyrsta skipti

10.02.1985. 7 afborganir voru greiddar. Stefndu Tryggvi, Jón og Ingi tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu. Skuldin sundurliðast þannig:

10.09.85	25.000	grv.	7.132.80	vt.	7.299.30	k.	28.50
10.10.85	25.000	"	7.150.70	"	8.003.10	"	28.50
10.11.85	25.000	"	7.207.10	"	8.915.50	"	28.50
10.12.85	25.000	"	7.261.30	"	9.854.00	"	28.50
10.01.86	25.000	"	7.259.70	"	10.557.90	"	28.50
10.02.86	25.000	"	7.278.40	"	11.392.10	"	28.50
10.03.86	25.000	"	7.290.10	"	12.226.30	"	28.50
10.04.86	25.000	"	7.120.00	"	12.148.10	"	28.50
10.05.86	25.000	"	6.999.50	"	12.330.60	"	28.50
10.06.86	25.000	"	6.920.40	"	12.747.70	"	28.50
10.07.86	25.000	"	6.833.20	"	13.138.70	"	28.50
10.08.86	25.000	"	6.715.30	"	13.373.30	"	28.50
10.09.86	25.000	"	6.617.80	"	13.738.30	"	28.50
10.10.86	25.000	"	6.556.30	"	14.337.90	"	28.50
10.11.86	25.000	"	6.426.30	"	14.546.40	"	28.50
10.12.86	25.000	"	6.823.00	"	15.198.10	"	28.50
10.01.87	25.000	"	7.799.20	"	15.797.70	"	28.50
10.02.87	25.000	"	7.803.80	"	16.553.70	"	33.00
10.03.87	25.000	"	8.283.50	"	17.075.10	"	33.00
10.04.87	25.000	"	8.383.50	"	17.831.10	"	33.00
10.05.87	25.000	"	8.519.00	"	18.326.40	"	33.00

Eftirstöðvar skuldabréfsins kr. 1.386.444.20 eru gjaldfelldar í samræmi við ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Stefnufjárhæðin er því alls kr. 2.339.832.90.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli og er stefnandi því knúinn til að innheimta hana með dómi. Með úrskurði uppkveðnum 28.08.1986 var Kaupfélag Svalbarðseyrar lýst gjaldþrota og er því Halldóri Kristinssyni skiptaráðanda stefnt."

Í áskorunarstefnunni segir ennfremur:

„LAGARÖK: Stefnandi byggir kröfur sínar á: Mál þetta er rekið sem áskorunarmál samkv. l. nr. 49/1968, sbr. l. nr. 97/1978.

SÖNNUNARGÖGN: Til sönnunar kröfum sínum mun stefnandi leggja fram: Skuldabréf.“

Loks segir í stefnunni, að málið verði „þingfest á bæjarþingi Akureyrar Hafnarstr. 107 Aey. 25.06.1987 kl. 13.30.“

Áskorunarmálið var þingfest á bæjarþingi Akureyrar 25. júní 1987, sem haldið var af Ásgeiri Pétri Ásgeirssyni héraðsdómara, með svofelldri bókun:

„Fyrir var tekið:
Mál nr. 499/1987:
Iðnaðarbanki Íslands h.f.
gegn
Kaupfélagi Svalbarðseyrar.

Fyrir stefnanda sækir þing Árni Pálsson hdl. og leggur fram:
Nr. 1, áskorunarstefnu.
Nr. 2, skuldabréf, útg. 19.12.1984.
Nr. 3, málskostnaðarreikning.
Svohljóðandi:
Hann krefst áritunar um aðfararhæfi.
Af hálfu stefnda er ekki sótt þing.
Málið er tekið til áritunar.“

Málinu lauk sama dag með því að héraðsdómarinn áritaði stefnuna á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 201.838 í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar á hendur stefndu öðrum en þb. Kf. Svalbarðseyrar.“

II.

Áskorunarstefna í máli þessu var ekki birt skiptaráðanda f.h. þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar og málið því hvorki höfðað gegn kaupfélaginu né þrotabúi þess. Bókun við þingfestingu málsins gefur hins vegar til kynna, að það hafi verið þingfest á hendur „Kaupfélagi Svalbarðseyrar“ einu. Samkvæmt yfirlýsingu héraðsdómarans, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, var hins vegar „fallið frá kröfum á hendur þrotabúinu“ við þingfestingu málsins og athugasemd þess efnis rituð á möppu þá, sem skjöl málsins eru í, án þess að skráð væri í þingbók.

Framangreint skuldabréf var lagt fram á bæjarþinginu. Sam-

kvæmt áritunum á bakhlið þess var síðast greitt af því 5. september 1985. Voru þá greiddir vextir til 10. ágúst 1985. Eftirstöðvar skuldabréfsins eru tilgreindar 1.663.503,70 krónur.

Samkvæmt áskorunarstefnu er stefnufjárhæð máls þessa 2.339.832,90 krónur. Af stefnunni verður ekki ráðið, hvernig sú fjárhæð er ákvörðuð. Engin skýring kemur fram á ósamræmi milli þeirrar fjárhæðar, sem rituð hefur verið á skuldabréfið um eftirstöðvar þess, og þeirrar fjárhæðar, sem tilgreind er í áskorunarstefnu sem eftirstöðvar skuldabréfsins. Engar skýringar eru á skammstöfunum í áskorunarstefnu. Fyrir Hæstarétti kom fram, að „grv." stæði fyrir grunnvexti, „vt." fyrir vísitöluhækkun og „k." fyrir bankakostnað. Vaxtafótar og vísitölu er ekki getið. Skýring bankakostnaðar kemur ekki fram.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst, var málatilbúnaði Iðnaðarbanka Íslands h/f í héraði svo áfátt, að efnisdómi mátti ekki á málið ljúka. Samkvæmt 12. gr. laga um áskorunarmál nr. 97/1978, sem í gildi voru, er málið var höfðað, bar héraðsdómara því að vísa málinu frá dómi. Þar við bætist, að meðferð málsins á bæjarþinginu var aðfinnsluverð. Verður því að fella hina áfrýjuðu áritun úr gildi, að því er varðar áfrýjanda og vísa máli þessu að því leyti frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir atvikum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði. Þeirri fullyrðingu áfrýjanda, að aðild hans að máli þessu tengist ekki búrekstri hans, hefur ekki verið andmælt, og er því við ákvörðun málskostnaðar litið til virðisaukaskatts, sem lögmanni hans ber að krefja hann um. Dráttarvextir á málskostnað verða ekki dæmdir.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun er úr gildi felld, að því er varðar áfrýjanda, Jón Laxdal, og máli þessu að því leyti vísað frá bæjarþingi Akureyrar.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Íslandsbanki h/f, greiði áfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. maí 1990.

Nr. 74/1988. **Jón Laxdal**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Íslandsbanka h/f
(Þórður Gunnarsson hrl.).

Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 2. mars 1988 áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 8. mars 1988 fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Þingeyjarsýslu 7. ágúst 1987. Þá hefur áfrýjandi ennfremur og að fengnu áfrýjunarleyfi 23. júní 1988 samkvæmt heimild í 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1988 áritun á áskorunarstefnu, sem gerð var á bæjarþingi Akureyrar 25. júní 1987. Fyrir Hæstarétti hafa mál þessi verið sameinuð.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 50. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, sbr. lög nr. 120/1989, hefur Íslandsbanki h/f tekið við aðild máls þessa af Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. auglýsingu í 8. tbl. Lögbirtingablaðs 1990.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hin áfrýjaða áritun verði úr gildi felld og málinu vísað frá dómi. Jafnframt krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti að meðtöldum virðisaukaskatti og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar sem í aðalkröfu. Til þrautavara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði „verulega og stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þá felldur niður". Loks krefst áfrýjandi þess, að hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð verði hrundið og hún úr gildi felld og stefnda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti að skaðlausu á sama hátt og í aðalkröfu.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða áritun verði staðfest. Hann

krefst og staðfestingar fjárnámsgerðarinnar. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Hinn 1. júní 1987 gaf Árni Pálsson héraðsdómslögmaður út svohljóðandi áskorunarstefnu:

„Árni Pálsson hdl. n.nr. 0531-4585 GJÖRIR KUNNUGT: Að hann þurfi fyrir hönd Iðnaðarb. Ísl. h.f.nr. 4500-7804 Akureyri að höfða mál fyrir bæjarþingi Akureyrar á hendur Halldóri Kristinss. nnr. 3591-2460 Túni Húsavík skiptaráðanda f.h. þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar n.nr. 5579-4405 Tryggva Stefánss. nnr. 8953-5905 Hallgilsstöðum Hálsahr. Jóni Laxdal nnr. 5164-4301 Nesi Grýtubakkahr. og Inga Þ. Ingimarss. nnr. 4565-5237 Neðri-Dálkastöðum (sic) Svalbarðsstrandarhr. til inn-heimtu neðangreindrar skuldakröfu, vaxta og málskostnaðar.

DÓMKRÖFUR: dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 1.762.520.80 með 3.5% dv. af kr. 159.244.20 frá 05.06.85 til 05.07. sá. af kr. 322.691.60 frá þd. til 05.08. s.á. af kr. 489.210.- fráþd. til 01.09. sá. 3.75% dv. frá þd. til 05.09. sá. af kr. 660.012.- frá þd. til 05.10. sá af kr. 833.967.- frá þd. til 05.11. sá. af kr. 1.012.146.30 frá þd. til 05.12. sá. af kr. 1.194.655.- frá þd. til 05.01.86 af kr. 1.380.236.30 frá þd. til 05.02. s.á. af kr. 1.569.515.50 frá þd. til 01.03. sá. 2.75% dv. frá þd. til 05.03. sá. og af kr. 1.762.520.80 frá þd. til 01.04. sá. 2.25% dv. frá þd. til 01.03.87 og 2.5% dv. frá þ.d. til greiðsludags og kr. 532.- í bankak. og til greiðslu málskostnaðar skv. framlögðum reikningi.

Í vaxtakröfu stefnanda fellst krafa um vaxtavexti þannig að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 05.06.1986 og reiknist af þannig hækkandi höfuðstól til greiðsludags.

MÁLSATVIK OG MÁLSÁSTÆÐUR. Hin umstefnda skuld er samkv. skuldabr. að fjárh. upphafl. kr. 1.550.000.- útg. 19.12.84 af Kaupf. Svalbarðseyrar. Skuldina átti að endurgr. með 12 afb. á 1 mán. fresti í fyrsta skipti 05.04.85. 2 afb. voru greiddar. Stefndu Tryggvi, Jón og Ingi tókust á hendur sjálfskuldaráb. á láninu. Skuldin sundurliðast þannig:

05.06.85	129.166.66	grv. 5.136.20	vt. 24.917.44.	k. 24.-
05.07.85	129.166.66	" 4.759.90	" 29.496.84.	" 24.-

05.08.85	129.166.66	" 4.324.40	" 32.998.84.	" 28.50
05.09.85	129.166.66	" 3.893.90	" 37.712.94.	" 28.50
05.10.85	129.166.66	" 3.410.30	" 41.349.54.	" 28.50
05.11.85	129.166.66	" 2.920.50	" 46.063.64.	" 28.50
05.12.85	129.166.66	" 2.401.10	" 50.912.44.	" 28.50
05.01.86	129.166.66	" 1.837.20	" 54.548.94.	" 28.50
05.02.86	129.166.66	" 1.253.50	" 58.859.04.	" 28.50
05.03.86	129.166.66	" 641.10	" 63.169.04.	" 28.50

eða samtals kr. 1.762.520.80 sem er stefnufjárhæðin.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli og er stefnandi því knúinn til að innheimta hana með dómi. Með úrskurði uppkveðnum þann 28.08.1986 var Kaupfélag Svalbarðseyrar lýst gjaldþrota og er því Halldóri Kristinssyni skiptaráðanda stefnt.

LAGARÖK:

Stefnandi byggir kröfur sínar á: Mál þetta er rekið sem áskorunarmál samkv. l. nr. 49/1968, sbr. l. nr. 97/1978.

SÖNNUNARGÖGN:

Til sönnunar kröfum sínum mun stefnandi leggja fram: Skuldabréf

ÁSKORUN:

Hér með er skorað á yður að greiða ofangreindar stefnukröfur til skrifstofunnar innan tveggja sólarhringa frá birtingu stefnu þessarar eða í síðasta lagi við þingfestingu málsins, en að öðrum kosti, ef þér hafið lögvarnir fram að færa, er skorað á yður að mæta, þegar málið verður þingfest á bæjarþingi Akureyrar Hafnarstr. 107 Aey. 25.06.1987 kl. 13.30 þar eð þér annars megið búast við því, að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart yður.

STEFNUFRESTUR er 7 sólarhringar."

Áskorunarmálið var þingfest á bæjarþingi Akureyrar 25. júní 1987, sem haldið var af Ásgeiri Pétri Ásgeirssyni héraðsdómara, með svofelldri bókun:

„Fyrir var tekið:
Mál nr. 500/1987:
Iðnaðarbanki Íslands h.f.
gegn
Kaupfélagi Svalbarðseyrar.

Fyrir stefnanda sækir þing Árni Pálsson, hdl., og leggur fram:
Nr. 1, áskorunarstefnu.
" 2, skuldabréf, útg. 19.12.1984.
" 3, málskostnaðarreikning.
Svohljóðandi:
Hann krefst áritunar um aðfararhæfi.
Af hálfu stefnda er ekki sótt þing.
Málið er tekið til áritunar."

Málinu lauk sama dag með því að héraðsdómarinn áritaði stefnuna á þessa leið:

„Stefnukröfur máls þessa og kr. 207.109- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar á hendur öðrum stefndu en þb. Kf. Svalbarðseyrar."

II.

Áskorunarstefna í máli þessu var ekki birt skiptaráðanda f.h. þrotabús Kaupfélags Svalbarðseyrar og málið því ekki höfðað gegn þrotabúinu. Bókun við þingfestingu málsins gefur hins vegar til kynna, að það hafi verið þingfest á hendur „Kaupfélagi Svalbarðseyrar" einu. Samkvæmt yfirlýsingu héraðsdómarans, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, var hins vegar „fallið frá kröfum á hendur þrotabúinu" við þingfestingu málsins og athugasemd þess efnis rituð á möppu þá, sem skjöl málsins eru í, án þess að skráð væri í þingbók.

Framangreint skuldabréf var lagt fram á bæjarþinginu. Samkvæmt áritunum á bakhlið þess var síðast greitt af því 23. júlí 1985. Voru þá greiddir vextir til 5. maí 1985. Eftirstöðvar skuldabréfsins eru tilgreindar 1.507.168,90 krónur.

Samkvæmt áskorunarstefnu er stefnufjárhæð máls þessa 1.762.520,80 krónur. Engin skýring kemur fram á ósamræmi milli hennar og þeirrar fjárhæðar, sem rituð hefur verið á skuldabréfið um eftirstöðvar þess. Engar skýringar eru á skammstöfunum í áskorunarstefnu. Vaxtafótar og vísitölu er ekki getið. Skýring bankakostnaðar kemur ekki fram.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst, var málatilbúnaði Iðnaðarbanka Íslands h/f í héraði svo áfátt, að efnisdómi mátti ekki á málið ljúka. Samkvæmt 12. gr. laga um áskorunarmál nr. 97/1978, sem í gildi voru, er málið var höfðað, bar héraðsdómara

því að vísa málinu frá dómi. Þar við bætist, að meðferð málsins á bæjarþinginu var aðfinnsluverð. Verður því að fella hina áfrýjuðu áritun úr gildi, að því er varðar áfrýjanda, og vísa máli þessu að því leyti frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir atvikum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði. Þeirri fullyrðingu áfrýjanda, að aðild hans að máli þessu tengist ekki búrekstri hans, hefur ekki verið andmælt, og er því við ákvörðun málskostnaðar litið til þess virðisaukaskatts, sem lögmanni hans ber að krefja hann um. Dráttarvextir á málskostnað verða ekki dæmdir.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða áritun er úr gildi felld, að því er varðar áfrýjanda, Jón Laxdal, og máli þessu að því leyti vísað frá bæjarþingi Akureyrar.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Íslandsbanki h/f, greiði áfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. maí 1990.

Nr. 417/1988. **Sparisjóður Súðavíkur**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
þrotabúi Þórólfs Ingólfssonar
(Sigurmar K. Albertsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Málshöfðunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Með áfrýjunarstefnu 21. desember 1988 skaut áfrýjandi til Hæstaréttar tveimur úrskurðum skiptaréttar Ísafjarðarsýslu, sem upp voru kveðnir 24. maí og 7. október 1988. Hann krefst þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði „ómerktir" og málinu vísað frá skiptarétti. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði staðfestir og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi krafðist frávísunar málsins í héraði. Úrskurði skiptaréttar, sem hafnaði frávísunarkröfunni, var heimilt að áfrýja til Hæstaréttar með aðalmálinu samkvæmt 17. gr. laga nr. 75/1973.

Kröfur sínar fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi á þeirri málsástæðu einni, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið liðinn, er mál þetta var höfðað fyrir skiptarétti Ísafjarðarsýslu. Hafi því borið að vísa málinu frá dómi. Hann vefengir aftur á móti hvorki forsendur né niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar frá 7. október 1988 um efnisatriði málsins, standi synjun um frávísun þess óhögguð.

Bú Þórólfs Ingólfssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 15. júlí 1987. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út 16. s.m. og fyrst birt 31. s.m. Kröfulýsingarfresti lauk 30. september s.á. Hinn reglulegi skiptaráðandi vék sæti í málinu með úrskurði 14. október s.á. Hinn 24. sama mánaðar var sérstakur skiptaráðandi skipaður til að fara með málið. Honum barst skipunarbréfið 24. nóvember s.á. Samdægurs var bústjóri ráðinn að þrotabúinu til

bráðabirgða. Í febrúar 1988 voru skiptaráðanda og bústjóra afhent gögn frá rannsóknarlögreglu ríkisins um rannsókn, sem fram fór í byrjun september 1987, út af kæru um ætluð umboðssvik og tékkamisferli í skiptum þrotamanns við áfrýjanda. Skiptafundur í þrotabúinu var haldinn 3. mars 1988. Á þeim fundi var skiptastjóri kosinn. Á skiptafundi í búinu 17. s.m., þar sem m.a. var mættur lögmaður áfrýjanda, var ákveðin höfðun þessa máls og þingfestingardagur þess 7. apríl s.á. Bókað var, að málsaðilar væru sammála um þessa ákvörðun skiptaráðanda, og engin andmæli komu þá fram eða fyrirvari af hálfu lögmanns áfrýjanda um fyrningu réttar til málshöfðunar. Á það reyndi ekki, fyrr en höfð var uppi frávísunarkrafa í greinargerð hans, sem lögð var fram 10. maí s.á.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, verður eigi talið, eins og hér stóð á, að sex mánaða frestur samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaga hafi verið liðinn, er mál þetta var höfðað.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu úrskurði og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinir áfrýjuðu úrskurðir eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjandi, Sparisjóður Súðavíkur, greiði stefnda, þrotabúi Þórólfs Ingólfssonar, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 24. maí 1988.

Mál þetta var tekið til úrskurðar um fram komna frávísunarkröfu varnaraðilja hinn 17. maí 1988 að loknum munnlegum málflutningi.

Í þessum þætti málsins krefst varnaraðili, Sparisjóður Súðavíkur, þess, að málinu verði vísað frá dómi.

Sóknaraðili, þrotabú Þórólfs Ingólfssonar, krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að varnaraðilja verði gert að greiða sóknaraðilja málskostnað í þessum þætti málsins.

Tildrög málsins eru þau, að með úrskurði skiptaréttarins, uppkveðnum hinn 15. júlí 1987, var bú Þórólfs Ingólfssonar, nafnnr. 9717-6566, Stórholti 11, Ísafirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Hinn reglulegi skiptaráðandi á Ísafirði vék sæti við skiptameðferð búsins með úrskurði, uppkveðnum hinn

14. október 1987. Með bréfi, dagsettu 24. sama mánaðar, var Ragnar Halldór Hall borgarfógeti skipaður til að fara með skipti á búinu, en bréf þetta barst honum hinn 24. nóvember 1987.

Hinn reglulegi skiptaráðandi á Ísafirði gaf út innköllun til skuldheimtumanna búsins þegar hinn 15. júlí 1987, og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom hinn 31. sama mánaðar. Var þar jafnframt boðað til skiptafundar í búinu hinn 15. október 1987. Þeim fundi var síðan frestað um óákveðinn tíma, þar sem skiptaráðandi hafði þá vikið sæti við meðferð búsins og ekki verið skipaður annar í hans stað.

Hinn 24. nóvember 1987 var Sigurmar K. Albertsson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu, og á fyrsta skiptafundi þess, sem haldinn var á Ísafirði hinn 3. mars 1988, var hann kosinn skiptastjóri þess.

Við skiptameðferð búsins hefur komið upp ágreiningur milli aðilja máls þessa um kröfur, sem skiptastjóri búsins gerði á hendur varnaraðilja um riftun tiltekinna ráðstafana þrotamanns, og er mál þetta sprottið af þeim ágreiningi. Á skiptafundi í þrotabúinu hinn 17. mars 1988 varð samkomulag með aðiljum að reka fyrir skiptaréttinum mál til úrlausnar um riftunarkröfur þrotabúsins á hendur varnaraðilja. Var þá bókað, að málið skyldi þingfest með framlagningu sóknargagna fimmtudaginn 7. apríl 1988 og að þrotabúið yrði sóknaraðili þess, en Sparisjóður Súðavíkur varnaraðili. Málið var síðan þingfest hinn 7. apríl 1988 með framlagningu sóknargagna. Gerði sóknaraðili þá eftirfarandi dómkröfur:

„1) Að rift verði þeirri ráðstöfun af hálfu umboðsmanna Þórólfs Ingólfssonar að afhenda þann 10.6.1987 varnaraðila máls þessa skuldabréf að fjárhæð kr. 2.700.000 þar sem Steinþór Friðriksson nnr. 8503-2488 samþ. að greiða Sparisjóði Súðavíkur þá fjárhæð, en bréfið er tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni Aðalstræti 37, Ísafirði, og víxil að fjárhæð kr. 216.666,66 með gjalddaga 7.12.1987 og er sá víxill samþ. af Steinþóri Friðrikssyni.

2) Að varnaraðila verði gert að skila til þrotabúsins áðurgreindu skuldabréfi, víxli og þeim fjárhæðum, sem kunna að hafa greiðst vegna þessara viðskiptabréfa, ásamt dráttarvöxtum eins og þeir voru og verða frá viðtökudögum greiðslna til þess dags, er greitt verður til þrotabúsins.

3) Þá er krafist málskostnaðar skv. taxta LMFÍ."

Af hálfu varnaraðilja kom fram greinargerð í þinghaldi hinn 10. maí 1988, og þar eru kröfur hans í málinu settar fram þannig:

„1) Aðalkrafa varnaraðila er sú, að máli þessu verði vísað frá skiptarétti.

2) Varakrafa varnaraðila er sú, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

3) Þrautavarakrafa varnaraðila er sú, að aðeins verði fallist á endurgreiðslu á auðgun sparisjóðsins vegna viðskiptanna við þrotamann, með

tilliti til tjóns þrotabúsins. Þ.e. að beitt verði svokallaðri auðgunarreglu gjaldþrotalaganna. Í öllum tilvikum er gerð krafa um málskostnað úr hendi sóknaraðila skv. gjaldskrá LMFÍ.

4) Þrauta- þrautavarakrafa varnaraðila er sú að verði ekki fallist á neina af framangreindum kröfum þá verði viðurkennd krafa hans í þrotabúið, er nemi fjárhæð þeirri, er honum kynni að verða gert skylt að standa skil á gagnvart þrotabúinu, og málskostnaður látinn niður falla."

Í þessum úrskurði er aðeins til úrlausnar krafa varnaraðilja um frávísun málsins.

Frávísunarkröfuna styður varnaraðili þeim rökum, að riftunarkrafa sóknaraðilja sé of seint fram komin. Úrskurður um töku búsins til gjaldþrotaskipta hafi verið kveðinn upp hinn 15. júlí 1987 samkvæmt beiðni þrotamanns sjálfs. Hafi þrotabúið átt að höfða mál til að koma fram riftunarkröfum sínum á hendur varnaraðilja innan 6 mánaða, frá því sá, sem með búið fór, átti þess kost að gera riftunarkröfuna. Þetta mál teljist væntanlega höfðað með framlagningu greinargerðar sóknaraðilja í skiptarétti hinn 7. apríl 1988, en þá hafi verið liðnir tæpir níu mánuðir frá uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðarins og meira en sex mánuðir liðnir frá lokum kröfulýsingarfrests í búið.

Varnaraðili heldur því fram, að allt frá því skiptin hófust, hafi fyrirsvarsmönnum búsins verið ljós tilvist þeirrar kröfu, sem um sé fjallað í máli þessu. Skiptaráðanda hafi verið í lófa lagið þegar við upphaf gjaldþrotaskipta að efna til skiptafundar til þess að taka ákvörðun um höfðun riftunarmáls. Þrátt fyrir það hafi aldrei fyrir þingfestingu máls þessa verið skrifað svo sem eitt bréf til varnaraðilja og engin krafa verið gerð um afhendingu þeirra verðmæta, sem gerð sé krafa um í máli þessu. Um frest til málsóknar gildi reglur 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þær reglur séu settar með hagsmuni viðsemjenda þrotamanns í huga. Viðsemjandi þrotamanns eigi að geta treyst því, að riftunarkrafa verði ekki sett fram að loknum sex mánuðum frá upphafi skipta eða í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok kröfulýsingarfrests. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til Hrd. 1959, bls. 559, og Hrd. 1984, bls. 1117.

Í annan stað styður varnaraðili frávísunarkröfu sína því, að sóknaraðilja skorti málsóknarheimild. Ákvörðun um málsóknina hafi ekki verið borin undir skiptafund, ekki hafi verið auglýst, að til greina komi að höfða riftunarmál, hvað þá, að uppástunga um slíkt hafi komið fram á skiptafundi. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til Hrd. 1968, bls. 1186, og til greinargerðar með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 6/1978, athugasemda við 95.-100. gr. laganna.

Loks er frávísunarkrafa varnaraðilja á því reist, að kröfugerð sóknaraðilja sé svo óljós, að henni beri að vísa frá dómi. Sé þetta raunar viður-

kennt í greinargerð sóknaraðilja, bls. 4. Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðili hafi haft miklu meira en nægan tíma til þess að afla þeirra gagna, sem honum var þörf á, til að ganga sómasamlega frá kröfugerð sinni. Þá heldur varnaraðili því fram, að kröfugerð sóknaraðilja sé í ósamræmi við ákvæði 62. og 63. gr. gjaldþrotalaga og beri að vísa málinu frá af þeirri ástæðu einnig.

Af hálfu sóknaraðilja er öllum málsástæðum og lagarökum varnaraðilja varðandi frávísunarkröfuna mótmælt.

Sóknaraðili telur, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 byrji ekki að líða, fyrr en sex mánuðir séu liðnir frá kosningu skiptastjóra. Skiptastjóri hafi ekki verið kosinn fyrr en 3. mars 1988, og sé augljóst, að ekki séu liðnir sex mánuðir frá þeim tíma. Verði ekki á það fallist, að frestur skuli miðast við þetta tímamark, sé alveg ljóst, að hann hafi ekki byrjað að líða fyrr en við lok kröfulýsingarfrests í búið, sem var 30. september 1987. Ákvörðun um rekstur máls þessa á skiptafundi hinn 17. mars sl. verði að teljast jafngilda málshöfðun í almennu einkamáli samkvæmt 103. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 113/1987, sem upp var kveðinn hinn 22. apríl 1988, þar sem því sé slegið föstu, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaga byrji undir engum kringumstæðum að líða fyrr en við lok kröfulýsingarfrests í viðkomandi þrotabú.

Sóknaraðili heldur því fram, að skiptastjóri þrotabús hafi nægа heimild samkvæmt 91. gr. gjaldþrotalaga til að höfða þau mál til riftunar ráðstafana þrotamanns, sem hann telji ástæðu til, og þurfi hann hvorki samþykki skiptafundar í búinu né skiptaráðanda til slíkrar málsóknar.

Sóknaraðili mótmælir þeirri staðhæfingu varnaraðilja, að kröfugerð sinni sé svo áfátt, að henni beri að vísa frá dómi. Telur sóknaraðili kröfur sínar að öllu leyti samrýmast áskilnaði laga nr. 85/1936 um skýran og glöggan málatilbúnað.

Niðurstaða réttarins.

Málsaðiljar hafa orðið ásáttir um að reka mál þetta fyrir skiptaréttinum, en án slíks samkomulags hefði átt að fara með slíkt mál fyrir hinum almenna dómstóli í héraði. Slíkt samkomulag er heimilt samkvæmt 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Nær skipun setuskiptaráðanda í þrotabú Þórólfs Ingólfssonar til að fara með mál þetta fyrir skiptaréttinum.

Samkomulag aðilja um rekstur málsins og ákvörðun um fyrirtöku þess hinn 7. apríl 1988 var hvort tveggja gert á dómþingi hinn 17. mars 1988, þar sem lögmenn beggja málsaðilja voru viðstaddir. Voru þá ekki liðnir 6 mánuðir frá lokum kröfulýsingarfrests í þrotabú Þórólfs Ingólfssonar,

sem rann út 30. september 1987. Ekki verður talið, að málshöfðunarfrestur byrji að líða fyrr en á þessu tímamarki, en hvort sem miða ber við þennan dag eða aðra dagsetningu síðar, er ljóst, að málið hefur verið höfðað nægilega snemma samkvæmt 68. gr. gjaldþrotalaga, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Verður þessi frávísunarástæða varnaraðilja því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 91. gr. gjaldþrotalaga gætir skiptastjóri þrotabús hagsmuna búsins og er umboðsmaður þess gagnvart öðrum og fyrir dómstólum og skal gera svo fljótt sem verða má ráðstafanir varðandi meðferð þess. Hann á einnig að innheimta kröfur búsins á hendur öðrum. Ekki er í gjaldþrotalögum ráðgert, að skiptastjóri leiti heimildar skiptafunda til málshöfðana fyrir hönd bús. Þannig segir í 112. gr. laganna, að sá, sem með búið fer, skuli höfða dómsmál fyrir þess hönd, og mælir sú grein ekki fyrir um nein sérstök skilyrði í því sambandi. Verður málinu því ekki vísað frá dómi af þessari ástæðu.

Kröfur sóknaraðilja í málinu lúta að riftun tiltekinna greiðslna, sem umboðsmenn þrotamanns hafi hinn 10. júní 1987 greitt fyrir hann til varnaraðilja. Greiðslur þessar hafi falist í afhendingu tiltekins skuldabréfs og tiltekins víxils. Jafnframt er krafist afhendingar þessara viðskiptabréfa og þess fjár, sem kunni að hafa verið innheimt samkvæmt þeim. Verður ekki betur séð en að kröfugerð þessi sé í fullu samræmi við ákvæði 64. gr. gjaldþrotalaga, sem kveður á um, að greiðslum skuli skilað í þeim mæli, sem þær séu enn til, ef annar hvor aðili krefst þess, en jafna skuli greiðslur með peningagreiðslu, eftir því sem þarf. Engin haldbær rök hafa komið fram af hálfu varnaraðilja, sem leiði til þess, að vísa beri þessum kröfum frá dómi, vegna þess að þær séu ekki nægilega skýrar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er kröfu varnaraðilja um frávísun málsins hafnað.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs úrskurðar í málinu.

Ragnar Halldór Hall setuskiptaráðandi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu varnaraðilja í máli þessu er hafnað.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 7. október 1988.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. september 1988.

Sóknaraðili, þrotabú Þórólfs Ingólfssonar, nafnnr. 9717-6566, Ísafirði, gerir eftirtaldar dómkröfur:

„1. Að rift verði þeirri ráðstöfun af hálfu umboðsmanna Þórólfs Ingólfssonar að afhenda þann 10.6.1987 varnaraðila máls þessa skuldabréf að fjárhæð kr. 2.700.000 þar sem Steinþór Friðriksson nnr. 8503-2488 samþ. að greiða Sparisjóði Súðavíkur þá fjárhæð, en bréfið er tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni Aðalstræti 37, Ísafirði, og víxil að fjárhæð kr. 220.000 með gjalddaga 7.12.1987 og er sá víxill samþ. af Steinþóri Friðrikssyni.

2. Að varnaraðila verði gert að greiða til þrotabúsins andvirði áðurgreinds víxils kr. 220.000 auk 21,5% ársvaxta frá 9.12. 1987 til 11.12. s.á., en 22% ársvöxtum frá þ.d. til 21.2.1988, en 19% ársvöxtum frá þ.d. til 11.4. s.á., en 18% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., en 20% ársvöxtum frá þ.d. til 21.6. s.á., en 26% ársvöxtum til 11.7. s.á., en 15% ársvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., en 11% ársvöxtum til þess dags er úrskurður verður kveðinn upp í skiptaréttarmáli þessu, en frá þ.d. til greiðsludags dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Þá verði varnaraðilja gert að skila til þrotabúsins áðurnefndu skuldabréfi og greiða til búsins innistæðu á biðreikningi nr. 505 kr. 799.211,50 auk 15% ársvaxta frá 2.8.1988 til 1.9. s.á., en 11% ársvaxta frá þ.d. til þess dags er kveðinn verður upp úrskurður í skiptaréttarmáli þessu, en frá þ.d. til greiðsludags dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga."

3. Ennfremur krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, auk 12% sölugjalds.

Endanlegar dómkröfur varnaraðilja, Sparisjóðs Súðavíkur, Súðavík, eru þessar:

1. Aðallega að öllum kröfum sóknaraðilja verði hafnað og að honum verði gert að greiða varnaraðilja málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

2. Til vara er þess krafist að aðeins verði fallist á endurgreiðslu á auðgun sparisjóðsins vegna viðskiptanna við þrotamann með tilliti til tjóns þrotabúsins, þ.e. að beitt verði svokallaðri auðgunarreglu gjaldþrotalaganna, og að sóknaraðilja verði gert að greiða varnaraðilja málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

3. Til þrautavara er þess krafist, að verði ekki fallist á framangreindar kröfur varnaraðilja, þá verði viðurkennd krafa hans í þrotabúið, er nemi

fjárhæð þeirri, er honum kynni að verða gert að standa skil á gagnvart þrotabúinu, og málskostnaður látinn niður falla.

4. Við munnlegan málflutning gerði lögmaður varnaraðilja þá ítrustu þrautavarakröfu, að verði ekki á aðrar kröfur varnaraðilja fallist, neyti dómurinn heimildar 65. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og felli niður eða lækki verulega þær fjárhæðir, sem varnaraðilja verði gert að greiða búinu, og málskostnaður verði felldur niður.

Tildrög málsins eru þau, að með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Ísafjarðar hinn 15. júlí 1987, var bú Þórólfs Ingólfssonar, nafnnr. 9717-6566, þá til heimilis að Stórholti 11, Ísafirði, tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni hans sjálfs. Hinn reglulegi skiptaráðandi á Ísafirði vék sæti við búsmeðferðina með úrskurði, uppkveðnum 14. október 1987. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 24. sama mánaðar, var Ragnar Halldór Hall borgarfógeti skipaður til þess að fara sem setuskiptaráðandi með skipti á búinu. Barst setuskiptaráðanda skipunarbréfið hinn 24. nóvember 1987, og kveður hann upp úrskurð þennan.

Innköllun til skuldheimtumanna þrotabúsins birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom hinn 31. júlí 1988. Var þar jafnframt boðað til skiptafundar í búinu hinn 15. október 1987. Þeim fundi var síðan frestað um óákveðinn tíma, þar sem skiptaráðandi hafði þá vikið sæti við meðferð búsins og setuskiptaráðandi ekki enn tekið við meðferð þess.

Hinn 24. nóvember 1987 var Sigurmar K. Albertsson hæstaréttarlögmaður ráðinn bústjóri til bráðabirgða að búinu, og á fyrsta skiptafundi þess, sem haldinn var á Ísafirði hinn 3. mars 1988, var hann kosinn skiptastjóri þess.

Við skiptameðferð búsins hefur komið upp ágreiningur milli aðilja máls þessa um kröfur, sem skiptastjóri búsins gerði á hendur varnaraðilja um riftun tiltekinna ráðstafana þrotamanns, og er mál þetta sprottið af þeim ágreiningi. Á skiptafundi í þrotabúinu hinn 17. mars 1988 varð samkomulag með aðiljum að reka fyrir skiptaréttinum mál til úrlausnar um riftunarkröfur þrotabúsins á hendur varnaraðilja. Var þá einnig bókað, að málið skyldi þingfest með framlagningu sóknargagna fimmtudaginn 7. apríl 1988 og að þrotabúið yrði sóknaraðili þess, en Sparisjóður Súðavíkur varnaraðili. Málið var síðan þingfest umræddan dag.

Dómarinn hefur leitað sátta í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

Upphaflega gerði varnaraðili kröfu um, að málinu yrði vísað frá dómi. Var þeirri kröfu hrundið með úrskurði réttarins, uppkveðnum 24. maí 1988.

II.

Þórólfur Ingólfsson hóf vorið 1986 rekstur tískuvöruverslunar á Ísafirði, sem hann rak með ótakmarkaðri ábyrgð. Verslun þessi var rekin undir

nafninu Tískuhúsið, en firma með því nafni eða öðru um þennan rekstur var ekki skráð í firmaskrá. Snemma árs 1987 hóf hann einnig rekstur veitingahúss á Ísafirði með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Djúpið, en ekkert firma var heldur skráð í firmaskrá um þann rekstur. Á þessum tíma bjó Þórólfur í óvígðri sambúð, og starfaði sambýliskona hans, Guðríður Þórðardóttir, við þennan atvinnurekstur, en þau virðast hafa litið svo á, að hún ætti ekki eignarhlutdeild í þeim rekstri og bæri ekki ábyrgð á skuldbindingum vegna hans.

Reksturinn virðist hafa gengið fremur illa, og haustið 1986 var svo komið, að bankaviðskiptum þeim, sem Þórólfur hafði haft við Landsbanka Íslands, bæði við útibúið á Ísafirði og við útibúið við Langholtsveg í Reykjavík, var sagt upp af hálfu bankans og reikningum hans þar lokað vegna yfirdráttarskulda.

Eftir þetta virðist reksturinn hafa gengið í nokkra mánuði án bankareikninga, en í mars 1987 átti Þórólfur Ingólfsson viðræður við sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Súðavíkur, sem leiddu til þess, að sparisjóðurinn féllst á að veita honum fyrirgreiðslu með þeim hætti, að opnaður yrði hlaupareikningur á nafni sambýliskonu Þórólfs, Guðríðar Þórðardóttur, sem nota mætti í þágu fyrirtækja Þórólfs. Reikningurinn var síðan stofnaður hinn 16. mars 1987, og var veitt yfirdráttarheimild að fjárhæð kr. 200.000,00, en til tryggingar yfirdráttarskuld var settur víxill, samþykktur af Guðríði, en útgefinn af Daníel Ingólfssyni, bróður Þórólfs. Reikningurinn varð nr. 300 við Sparisjóð Súðavíkur.

Þegar eftir opnun reikningsins fór að bera á því, að hann væri misnotaður með útgáfu tékka langt umfram innistæðu og heimild til yfirdráttar. Er reikningnum var lokað hinn 24. apríl 1987, var yfirdráttarskuldin orðin meira en tvær milljónir króna.

Á því tímabili, sem reikningurinn var við lýði, átti Þórólfur Ingólfsson önnur viðskipti við Sparisjóð Súðavíkur. Keypti sparisjóðurinn af honum víxil að fjárhæð kr. 760.000,00, eftir að bæjarfógetinn á Ísafirði hafði látið innsigla fyrirtæki Þórólfs á Ísafirði vegna vanskila á söluskatti. Vegna þessarar fyrirgreiðslu tókst Þórólfi að semja þannig um uppgjör söluskattsskuldarinnar, að bæjarfógetinn féllst á, að starfsemin yrði hafin að nýju.

Skömmu eftir að Sparisjóður Súðavíkur hafði lokað tékkareikningnum nr. 300, fór Þórólfur Ingólfsson frá Ísafirði. Veitti hann Daníel Ingólfssyni, bróður sínum, „allsherjarumboð" til að annast fjármál sín og annast sölu veitingastaðarins Djúpsins, og náði umboð Daníels til þess að ráðstafa söluandvirði hans.

Með ódagsettum kaupsamningi, sem Daníel Ingólfsson gerði fyrir hönd Þórólfs Ingólfssonar, seldi hann Steinþóri Friðrikssyni, Hlíðarvegi 5, Ísa-

firði, veitingahúsið Djúpið fyrir kr. 4.500.000,00. Ákvæði samningsins um greiðslu kaupverðs er svohljóðandi:

„1. Við undirritun samnings þessa	kr. 500.000
2. Með útgáfu kaupanda á veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 2.700.000. Skuldin er bundin lánskjaravísitölu (sic) stig og beri hæstu meðalvexti (sic.) skv. útreikningi Seðlabanka Íslands frá 28.07.1987. Af skuldinni greiðist mánaðarlega, fyrst 28.12.1987 og síðast 28.12.1990. Skuldabréfið verði tryggt með veði í fasteign sem seljandi samþykkir	kr. 2.700.000
3. Með samþykki kaupanda á 6 víxlum með gjalddaga á mánaðarfresti fyrst 07.07.87 1987 (sic.) Hver víxill verður að fjárhæð kr. 216.666,66. Víxlarnir verða útgefnir og ábektir af 3 aðilum, sem seljandi samþykkir	kr. 1.300.000
	Kr. 4.500.000“

Samkvæmt kaupsamningnum skyldu kaupin miðast við 7. maí 1987, en þann dag hafi aðiljar gert bráðabirgðasamning um kaupin.

Kaupandinn gaf hinn 29. maí 1987 út skuldabréf, sem ekki er um deilt, að var til efnda á 2. tölulið kaupsamningsins. Fjárhæð þess er kr. 2.700.000,00, en kröfuhafi þess er Sparisjóður Súðavíkur. Var Sparisjóði Súðavíkur afhent bréfið, eftir að því hafði verið þinglýst, og átti andvirði þess að ganga upp í skuldir Þórólfs Ingólfssonar við sparisjóðinn. Skjalið hlaut við þinglýsingu Litra nr. 890/1987 í þinglýsingarbókum Ísafjarðarkaupstaðar og var móttekið til þinglýsingar 2. júní 1987 og innfært í þinglýsingarbók hinn 5. sama mánaðar.

Ennfremur var Sparisjóði Súðavíkur afhentur einn víxill, sem kaupandinn hafði afhent samkvæmt 3. tölulið kaupsamningsins, að fjárhæð kr. 220.000,00, með gjalddaga 7. desember 1987, sem einnig átti að ganga upp í skuldir Þórólfs Ingólfssonar við sparisjóðinn. Gögn málsins bera ekki með sér, hvers vegna fjárhæð víxilsins var ekki í samræmi við ákvæði 3. töluliðar kaupsamningsins, en óumdeilt er í málinu, að víxillinn hafi verið að fjárhæð kr. 220.000,00, með gjalddaga 7. desember 1987, samþykktur af Steinþóri Friðrikssyni, útgefinn 1. júní 1987 og framseldur eyðuframsali af Helga Má Friðrikssyni og ábektur af Bjarndísi Friðriksdóttur. Greiðslustaður víxilsins var í Útvegsbanka Íslands, Ísafirði.

Upplýst er í greinargerð varnaraðilja, að skuld Þórólfs við Sparisjóð Súðavíkur nam samtals kr. 2.820.253,50, þegar reikningi nr. 300 hafði verið lokað.

Í gögnum frá varnaraðilja, sem liggja frammi í málinu, kemur fram, að víxill sá, sem í málinu greinir og var í gjalddaga 7. desember 1987, kr. 220.000,00, var greiddur hinn 9. desember 1987 til Sparisjóðs Súðavíkur. Jafnframt liggur fyrir, að umrætt skuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 2.700.000,00, er enn í vörslum Sparisjóðs Súðavíkur, sem hefur innheimt af því afborganir, vexti og verðbætur, eftir því sem gjaldfallið hefur, og fært innheimt fé inn á sérstakan biðreikning í sparisjóðnum, en slíkir reikningar bera sömu vexti og almennar sparisjóðsbækur við þessa lánastofnun.

III

Sóknaraðili vísar um kröfur sínar til ákvæða 54. gr. og 61. gr. laga nr. 6/1978. Hann heldur því fram, að afhending skuldabréfsins, sem um er deilt í málinu, sé greiðsla með óvenjulegum greiðslueyri, m.a. með tilliti til þess, að bréfið er stílað til varnaraðilja beint, en ekki til „eðlilegs kröfuhafa", og ljóst sé, að greiðslan hafi verið nánast eina eign þrotamanns og ráðið úrslitum um gjaldhæfni hans. Þá sé ljóst, að afhending þessara verðmæta til varnaraðilja hafi verið honum mjög til hagsbóta umfram aðra kröfuhafa, og ljóst, að þegar afhendingin fór fram, hafi þrotamaður þegar verið orðinn ógjaldfær.

Sóknaraðili heldur því fram, að varnaraðili hafi vitað um ógjaldfærni þrotamanns, og er vísað til aðstæðna við stofnun reiknings nr. 300, vitneskju um restrarerfiðleika vegna innheimtuaðgerða bæjarfógetans á Ísafirði og aðstæður allar, er voru við aðskilnað þrotamanns við rekstur sinn, og kringumstæður allar og aðferðir við kaup og sölu veitingastaðarins.

Sóknaraðili heldur því og fram, að verði þær ráðstafanir, sem hér um ræðir, látnar standa óhaggaðar, sé jafnræði kröfuhafa þrotabúsins fyrir borð borið, en slíkt sé andstætt meginreglum laga nr. 6/1978.

Sóknaraðili bendir á, að formlegur skuldari og ábyrgðarmaður gagnvart skuld á reikningi nr. 300 við Sparisjóð Súðavíkur hafi verið Guðríður Þórðardóttir, en bú hennar hafi ekki verið tekið til skipta sem gjaldþrota, svo að kunnugt sé, eða á gjaldfærni hennar reynt. Guðríður Þórðardóttir hafi verið réttur skuldari vegna yfirdráttarins, þó svo þrotamanni, reikningshafa og forsvarsmanni varnaraðilja beri saman um, að reikninginn skyldi nota vegna rekstrar þrotamanns. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til 4. gr. og 12. gr. laga nr. 94/1933.

Sóknaraðili lýsti yfir því við munnlegan málflutning, að af hálfu sóknaraðilja yrði samþykkt að hleypa kröfu varnaraðilja að við skipti á þrotabúi

Þórólfs Ingólfssonar að því marki, sem riftunarkröfur hans í máli þessu næðu fram að ganga.

Sóknaraðili lýsti yfir því við munnlegan málflutning, að í kröfu hans um skil á umræddu skuldabréfi fælist að sjálfsögðu, að bréfið yrði afhent áritað um framsal til sóknaraðilja.

IV.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því, að afhending skuldabréfsins og víxilsins, sem um er fjallað í máli þessu, hafi, eins og á stóð, verið eðlilegar ráðstafanir. Það sé sjálfsagður hluti bankaviðskipta að taka við ýmiss konar skuldabréfum og viðskiptabréfum sem greiðslu eða til tryggingar fyrir skuldbindingum. Beri því að hafna þeirri málsástæðu sóknaraðilja, að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða.

Varnaraðili bendir á, að uppgjör við sparisjóðinn hafi verið forsenda fyrir áframhaldandi rekstri kaupanda veitingahússins og þar með sölu þess. Hefðu þau verðmæti, sem fengust við sölu þess, aldrei orðið til, ef átt hefði að ráðstafa þeim með öðrum hætti en gert var, hvað sem gjaldfærni þrotamanns að öðru leyti leið. Það sé því jafnljóst, að afhending skuldabréfsins og uppgjör til sparisjóðsins var hagur allra annarra lánardrottna, þar sem aðrar eignir þrotamanns komu þar með til skipta milli þeirra. Af þessari ástæðu mótmælir varnaraðili sérstaklega þeirri málsástæðu sóknaraðilja, að greiðslan hafi ráðið úrslitum um gjaldhæfi þrotamanns.

Varnaraðili heldur því fram, að ekki sé hægt að kalla samskipti varnaraðilja við þrotamann „viðskipti" í þeirri merkingu, sem í daglegu tali sé lögð í það hugtak, heldur hafi þrotamaður beitt varnaraðilja fjársvikum. Hann hafi ólöglega tekið sér verðmæti með sviksamlegum hætti og þar með lengt líf fyrirtækja sinna og aukið verðmæti þeirra. Hagnaður hafi ekki hlotist af þessu fyrir varnaraðilja, heldur aðeins tap, og auðgunarregla gjaldþrotalaganna eigi því ekki við hér né heldur venjuleg riftunarsjónarmið, sem 54. gr. gjaldþrotalaga sé reist á.

Varnaraðili mótmælir því, að riftun geti átt sér stað á grundvelli 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Samkvæmt þeirri grein sé það skilyrði riftunar, að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg. Eins og á stóð hér, hafi ekkert verið ótilhlýðilegt við afhendingu og móttöku skuldabréfsins né heldur víxilsins. Sparisjóður Súðavíkur hafi verið algjörlega grandlaus um fjárhagsstöðu þrotamanns að öðru leyti og enga ástæðu haft til að ætla, að gjaldþrot myndi fylgja í kjölfarið. Þvert á móti hafi Daníel Ingólfsson, bróðir þrotamanns, fullvissað sparisjóðinn og aðra um það, að hann og faðir hans myndu greiða allar þær skuldbindingar hans, sem ekki greiddust við sölu á veitingastaðnum. Reyndin hafi hins vegar orðið allt önnur, og hafi Daníel Ingólfsson viðurkennt síðar, að enginn hafi í raun

haft hugmynd um það á þessum tíma, hve staða Þórólfs hafi í raun verið slæm.

Varnaraðili heldur því fram, að sönnunarbyrðin um grandsemi (sic) varnaraðilja hvíli á sóknaraðilja, en sú sönnun hafi ekki tekist.

Varnaraðili tekur fram, að tilgangslaust hafi verið fyrir varnaraðilja að leita fullnustu hjá Guðríði Þórðardóttur vegna yfirdráttarskuldar þeirrar, sem um ræðir í máli þessu. Bendir hann á, að hún sé eignalaus og að gerð hafi verið hjá henni árangurslaus aðför. Þá telur varnaraðili, að sú staðreynd, að ávísanareikningur nr. 300 var notaður í þágu fyrirtækja þrotamanns, hafi fullkomlega veitt varnaraðilja heimild til að ganga til uppgjörs um skuldirnar með þeim hætti, sem gert var. Heldur varnaraðili því fram í þessu sambandi, að ekkert liggi fyrir annað í málinu en að umrædd fyrirtæki hafi verið sameign Guðríðar Þórðardóttur og þrotamanns.

Varakröfu sína rökstyður varnaraðili þannig, að krafa sóknaraðija geti aðeins miðast við þá auðgun, sem varnaraðili hafi haft af ráðstöfunum þeim, sem í málinu greinir. Um þetta segir í greinargerð hans:

„...reyndar sé ljóst að varnaraðili muni alltaf tapa á viðskiptum sínum við þrotabúið, en ef um auðgun væri að ræða þá geti aðeins verið um að ræða það sem innheimst hefur, þ.e. þær afborganir sem af skuldabréfinu hafa verið greiddar og greiðsla sú er komið hefði inn fyrir víxil per 7.12.1987 að fjárhæð kr. 220.000. Þá er á það að líta hvert tjón þrotabúsins hafi verið; ljóst er að það kann að vera andvirði framangreindra greiðslna og hugsanlega markaðsverð, eftirstöðva skuldabréfsins. Ljóst er að brunabótamat viðkomandi veðhluta er miklu lægra en skuldabréfið, þá virðist jafnvel skuldabréfið vera vaxtalaust og ekki er heldur ljóst hvort bréfið er verðtryggt. Allt hnígur þetta að þeim brunni að skuldabréfið sé því sem næst verðlaust og tjón þrotabúsins því sáralítið, sbr. 62. gr. gjaldaþrotalaganna. Því er enn fremur haldið fram að grandleysi varnaraðilja útiloki beitingu ákvæða 63. gr. gjaldþrotalaganna, en þó svo væri, þá væri aðeins um bætur skv. alm. reglum þ.e. aðeins sannanlegt tjón, þ.e. sama alm. viðhorfið, þar sem miðað yrði við gangverð skuldabréfsins..."

Þrautavarakrafa varnaraðilja er á því reist, að dómvenja sé fyrir því í riftunarmálum sem þessum, að ef riftun nái fram að ganga, þá myndist krafa í þrotabúið frá þeim, sem riftun verði að þola, sem sé jafnhá tjóni því, sem hann verði fyrir vegna riftunarinnar. Ekki verði þó um stöðu þeirrar kröfu í skuldaröð fjallað í þessu máli.

Ítrasta þrautavarakrafa varnaraðilja var skýrð þannig við munnlegan málflutning, að ákvæði 65. gr. gjaldþrotalaga heimili við aðstæður, eins og hér séu fyrir hendi, að fella niður eða lækka verulega greiðsluskyldu varnaraðilja, enda þótt fallist yrði á riftunarkröfur sóknaraðilja.

Varnaraðili mótmælir sérstaklega vaxtakröfu sóknaraðilja. Hann mótmælir því, að varnaraðilja sé skylt að greiða vexti af þeim fjárhæðum, sem honum kunni að verða gert að skila. Mótmælir varnaraðili því, að peningakröfur beri vexti, fyrr en að gjalddaga kemur, og geti gjalddagi kröfu þeirrar, sem hér um ræðir, ekki verið, fyrr en málið hefur verið þingfest fyrir dómi. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til 4. og 9. gr. laga nr. 25/1987 um vexti.

V.

Svo sem rakið var í kafla I hér að framan, hafa aðiljar orðið sammála um rekstur máls þessa fyrir skiptarétti Ísafjarðar, en án slíks samkomulags hefði úrlausn þess átt undir almennan dómstól. Slíkt samkomulag er heimilað í 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Nær skipun setuskiptaráðanda í þrotabú Þórólfs Ingólfssonar til þess, að hann fari með málið sem dómari fyrir skiptaréttinum.

Við meðferð máls þessa hafa gefið munnlegar skýrslur fyrir dóminum Hálfdán Kristjánsson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Súðavíkur, og Daníel Ingólfsson, bróðir Þórólfs Ingólfssonar. Ennfremur liggja frammi í málinu endurrit skýrslna, sem teknar voru af Þórólfi Ingólfssyni og Daníel Ingólfssyni fyrir skiptaréttinum um málefni búsins, áður en til reksturs þessa ágreiningsmáls kom, svo og ljósrit gagna um lögreglurannsókn, sem fram fór vegna ætlaðrar misnotkunar á tékkareikningi nr. 300 við Sparisjóð Súðavíkur sumarið 1987.

Þó svo að tékkareikningur nr. 300 við lánastofnun varnaraðilja hafi verið opnaður til að þjóna atvinnurekstri þrotamanns á Ísafirði, var þrotamaður ekki reikningshafi, heldur þáverandi sambýliskona hans, Guðríður Þórðardóttir. Hún var því skuldari þeirra tékka, sem ekki reyndist næg innistæða fyrir við innlausn þeirra hjá varnaraðilja. Varnaraðili hafði fyrir stofnun reikningsins fengið sérstaka tryggingu fyrir vanskilum, víxil samþykktan af reikningshafa og útgefinn af Daníel Ingólfssyni, en Þórólfur Ingólfsson hafði ekki tekið á sig neina slíka ábyrgð. Það er á hinn bóginn upplýst í gögnum málsins, að marga þeirra tékka, sem gefnir voru út á umræddan reikning, fyllti Þórólfur að öllu leyti út, nema hvað þeir voru undirritaðir af reikningshafa. Þannig mun reikningshafi hafa undirritað öll eyðublöð í tékkhefti, sem hún síðan afhenti Þórólfi til notkunar.

Þegar umboðsmaður þrotamanns hafði milligöngu um það fyrir hans hönd, að varnaraðilja voru afhentir þeir fjármunir, sem í máli þessu greinir, átti varnaraðili kröfur á hendur Guðríði Þórðardóttur vegna yfirdráttarskuldar að fjárhæð kr. 2.060.353,50 auk vaxta og kostnaðar. Að auki átti varnaraðili þá kröfu á hendur þrotamanni að fjárhæð kr. 760.000 samkvæmt víxli, sem féll í gjalddaga 30. apríl 1987. Þrotamaður hafði þá marg-

sinnis lofað að bæta úr og gera þessar skuldir upp og þannig í raun viðurkennt ábyrgð sína á þeim, þ.e. bæði víxilskuldinni og yfirdráttarskuldinni, sem hann var ekki formlegur skuldari að.

Með sölu veitingastaðarins Djúpsins var nánast öllum eignum þrotamanns, Þórólfs Ingólfssonar, ráðstafað, en eignir tískuvöruverslunar hans, sem þá var hætt starfsemi, voru sáralitlar. Varnaraðili átti engin slík tryggingarréttindi í þeirri eign, sem þar var seld, að slíkt réttlætti þá framkvæmd, að kaupandi gæfi út skuldabréf samkvæmt 2. tölulið samningsins beint til varnaraðilja. Með því að hafa þennan hátt á lét umboðsmaður þrotamanns varnaraðilja fá verðmæti til greiðslu á kröfum, sem hann, þ.e. umboðsmaðurinn, var að hluta til persónulega ábyrgur fyrir sjálfur.

Telja verður, að greiðsla yfirdráttarskuldar á tékkareikningi með skuldabréfi og víxli, sem hvort tveggja stafar frá og á að greiðast af þriðja aðilja, sé ekki venjulegur greiðslueyrir í slíkum viðskiptum. Liggur ekki annað fyrir í málinu, hvað þetta varðar, en að út frá því hafi verið gengið, að reikningshafi héldi stöðunni á reikningi nr. 300 innan umsaminna marka með því að leggja peninga inn á reikninginn eftir því, sem tékkar yrðu gefnir út á hann. Verður enda ráðið af gögnum málsins, að varnaraðili hafi ekki enn afráðið, með hvaða hætti viðskiptabréf þessi skuli afreiknuð upp í kröfur hans á hendur Þórólfi Ingólfssyni. Þá kemur ennfremur fram í gögnum málsins, að fyrirsvarsmaður varnaraðilja taldi skuldabréfið ekki nægilega vel veðtryggt, er hann fékk það í hendur, og leitaði eftir úrbótum í þeim efnum eftir móttöku þess. Þegar bú Þórólfs Ingólfssonar var tekið til gjaldþrotaskipta, hafði varnaraðili ekki formlega gefið út kvittun fyrir móttöku þessara viðskiptabréfa upp í kröfur sínar á hendur Þórólfi. Í ljósi þessa verður því með engu móti talið, að þessi „greiðsla" hafi verið eðlileg, eins og á stóð. Ekki er heldur hægt að fallast á þá málsástæðu varnaraðilja, að það hafi verið til hagsbóta fyrir aðra kröfuhafa í bú þrotamanns, að veitingastaðurinn var seldur og andvirðið að stærstum hluta látið ganga til varnaraðilja, svo sem gert var. Verður því með vísan til 54. gr. laga nr. 6/1978 að fallast á það með sóknaraðilja, að rétt sé að rifta umræddum ráðstöfunum, án þess að frekar komi til skoðunar, hvort skilyrði riftunar samkvæmt 61. gr. þeirra laga séu fyrir hendi.

Sóknaraðili hefur krafist þess, að varnaraðili skili aftur því skuldabréfi, sem mál þetta snýst um, svo og því fé, sem af því hefur verið greitt og greint var frá hér að framan. Óumdeilt er, að skuldabréfið er í vörslu varnaraðilja, en víxill sá, sem í málinu greinir, hefur verið greiddur. Allt, sem innheimt hefur verið í þessu sambandi, er varðveitt á sérstökum biðreikningi í lánastofnun varnaraðilja. Verður því ekki á það fallist með varnaraðilja, að lagarök standi til að lækka eða fella niður gagnvart honum kröfu vegna riftunarinnar á grundvelli sérákvæðis 65. gr. gjaldþrotalaga.

Vaxtakrafa sóknaraðilja vegna innheimtra fjármuna, sem riftunin tekur til, þykir hófleg í ljósi þess, með hvaða hætti varnaraðili hefur haldið fjármunum þessum sérgreindum í bókhaldi sínu. Þó verður varnaraðilja ekki gert að greiða dráttarvexti af þeim fjárhæðum, sem honum verður gert að skila, fyrr en frá og með birtingardegi úrskurðarins. Vaxtakrafan nær aðeins til innheimtra fjármuna og miðast við þann tíma, er greiðslur bárust varnaraðilja, og verður að telja slíka vaxtakröfu vera í fullu samræmi við ákvæði 64. gr. gjaldþrotalaga, sbr. 4. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og með vísan til 64. gr. gjaldþrotalaga verður varnaraðilja gert að skila umræddu skuldabréfi, árituðu um framsal, til þrotabús Þórólfs Ingólfssonar, svo og innheimtum fjármunum sem hér segir:

1. Skuldabréf útgefið af Steinþóri Friðrikssyni hinn 29. maí 1987, upphaflega að fjárhæð kr. 2.700.000, tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni nr. 37 við Aðalstræti á Ísafirði. Bréfið hefur við þinglýsingu hlotið Litra nr. 890/1987 í þinglýsingabók Ísafjarðar.

2. Andvirði innheimtra afborgana af skuldabréfinu ásamt vöxtum og/eða verðbótum, sem varðveitt hefur verið á biðreikningi nr. 505 hjá varnaraðilja, kr. 799.211,50, með þeim vöxtum, sem greinir í úrskurðarorði.

3. Andvirði víxils samþykkts af Steinþóri Friðrikssyni, sem greiddur var til varnaraðilja 9. desember 1987, kr. 220.000, með þeim vöxtum, sem greinir í úrskurðarorði.

Svo sem rakið var, hefur sóknaraðili lýst því yfir, að varnaraðili fái að koma að við skipti á þrotabúi Þórólfs Ingólfssonar kröfum, sem svara til þess, sem honum verður gert að greiða með úrskurði þessum. Er greiðsluskylda varnaraðilja samkvæmt úrskurðinum bundin þessu skilyrði.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936 verður varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 168.000, og er söluskattur innifalinn í þeirri fjárhæð.

Úrskurðarorð:

Riftað er afhendingu Þórólfs Ingólfssonar til varnaraðilja, Sparisjóðs Súðavíkur, sem átti sér stað hinn 10. júní 1987, á skuldabréfi, sem Steinþór Friðriksson, nafnnr. 8503-2488, gaf út til Sparisjóðs Súðavíkur hinn 29. maí 1987, að fjárhæð kr. 2.700.000, en skjalið hlaut við þinglýsingu Litra nr. 890/1987 í þinglýsingabókum Ísafjarðarkaupstaðar. Ber varnaraðilja að skila sóknaraðilja, þrotabúi Þórólfs Ingólfssonar, skuldabréfinu, árituðu um framsal til þrotabúsins.

Riftað er afhendingu Þórólfs Ingólfssonar til varnaraðilja, sem fram fór hinn 10. júní 1987, á víxli að fjárhæð kr. 220.000, með gjalddaga 7. desember 1987, samþykktum af Steinþóri Friðrikssyni, útgefnum

1. júní 1987 og framseldum eyðuframsali af Helga Má Friðrikssyni og ábektum af Bjarndísi Friðriksdóttur. Greiðslustaður víxilsins var í Útvegsbanka Íslands, Ísafirði.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja, þrotabúi Þórólfs Ingólfssonar, kr. 220.000 með 21,5% ársvöxtum frá 9. desember 1987 til 11. sama mánaðar, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1988, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11. apríl sama ár, með 18% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 11. júlí sama ár, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags úrskurðar þessa og með þeim dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá birtingardegi úrskurðarins til greiðsludags.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja ennfremur kr. 799.211,50 með 15% ársvöxtum frá 2. ágúst 1988 til 1. september 1988, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags úrskurðar þessa og með þeim dráttarvöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá birtingardegi úrskurðarins til greiðsludags.

Greiðsluskylda varnaraðilja er bundin því skilyrði, að hann fái að koma að við skipti á þrotabúi Þórólfs Ingólfssonar kröfum, sem svara til greiðslu hans samkvæmt úrskurði þessum.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 168.000 í málskostnað.

Greiðslur samkvæmt úrskurði þessum ber að inna af hendi innan 15 daga frá birtingu úrskurðarins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. maí 1990.

Nr. 209/1990. **Ákæruvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. þ.m., en hinn kærði úrskurður er kveðinn upp sama dag og barst Hæstarétti 23. þ.m. Telja verður, að kæran sé til þess ætluð að fá úrskurðinn felldan úr gildi, en frá varnaraðila hafa ekki borist kröfur né greinargerð.

Af hálfu ákæruvaldsins er krafist staðfestingar á úrskurðinum.

Rétt þykir að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Skagafjarðarsýslu 20. maí 1990.

Ár 1990, sunnudaginn 20. maí, er á dómþingi sakadóms Skagafjarðarsýslu, sem háð er í lögreglustöðinni á Sauðárkróki af Ólafi Ólafssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi:

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefur krafist þess, að X, [f. 1963], Hofsósi, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt að tíu dagar vegna rannsóknar á kæru á hendur honum fyrir kynferðislega misnotkun á 4 ára gamalli dóttur.

Málavextir.

Fimmtudaginn 10. maí 1990 tók kærði, X, við umráðum yfir dóttur sinni, A, fjögurra ára gamalli, fæddri [...]1985, úr hendi móðurforeldra hennar, þar sem hún var gestkomandi. Dvaldist stúlkan á heimili hans að-

faranótt 11. maí sl. Er stúlkan var böðuð að kveldi þess dags af móðurömmu, veitti hún því athygli, að stúlkan var rauð og þrútin í klofinu.

Í lögregluskýrslu hefir móðuramma stúlkunnar lýst samræðum þeirra sunnudagskvöldið 13. maí um athafnir kærða aðfaranótt 11. maí sl. Kom þar fram, að kærði hafi viðhaft kynferðislegar athafnir gagnvart stúlkunni, jafnframt, að stúlkan hafi ýjað að því, að kærði hafi áður viðhaft slíkar athafnir gagnvart henni.

Stúlkan A var færð til læknisskoðunar á Sauðárkróki þann 16. maí, en sú skoðun tókst eigi vegna óróleika hennar. Stúlkan fór öðru sinni til læknisskoðunar ásamt móður hinn 18. maí. Samkvæmt álitsgerð læknis, sem nú liggur fyrir, sbr. dskj. nr. 3, hefir stúlkan orðið fyrir kynferðislegri misnotkun.

Kærði, X, var handtekinn föstudaginn 18. maí sl., og hefir hann verið í haldi síðan.

Kærði hefir við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi neitað sakargiftum.

Brot það, sem kærði er grunaður um að hafa framið, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn þessa máls er á frumstigi. Eftir er að taka formlega skýrslu af stúlkunni A og afla nánari læknisvottorða um ástand hennar svo og að taka ítarlegri skýrslu af vitnum, þ. á m. aðstandendum hennar.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og með vísan til alvarleika þeirrar háttsemi, sem kærði er undir rökstuddum grun að hafa framið, þykir rétt að taka kröfu sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt til mánudagsins 28. maí nk. kl. 17.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, X, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 28. maí nk. kl. 17.00.

Föstudaginn 25. maí 1990.

Nr. 254/1988. **Dansk-íslenska verslunarfélagið hf.**
(Valgarður Sigurðsson hdl.)
gegn
Jóni Ástvaldssyni og
Bernharði Gunnarssyni
(Kristján Stefánsson hdl.).

Ómerking. Heimvísun. Gagnaöflun. Meðdómendur. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. ágúst 1988 samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefndu 350.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði hins áfrýjaða dóms, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður. Þá gerir hann kröfu um, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld niður fyrir fjárhæðum umfram dæmdar fjárhæðir í Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða aðfarargerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að áfrýjandi yfirtók rekstur og eignir söluturns stefndu að Starmýri 2 í Reykjavík hinn 23. apríl 1986.

Forsvarsmaður áfrýjanda sagði fyrir dómi, að yfirtaka hans hefði byggst á samkomulagi um, að stefndu „færu nokkurn veginn skaðlausir út úr þessu og að ég borgaði þennan kostnað sem þeir væru búnir að leggja í þetta fyrirtæki".

Stefndi Bernharð Gunnarsson bar fyrir dómi, að stefndu hefðu ekki farið „fram á annað, en að við fengjum borgað það sem við vorum búnir að leggja í þetta".

Eftir að þessar yfirlýsingar lágu fyrir 11. nóvember 1987, var héraðsdómara rétt að beina því til málsaðila, að þeir legðu fram gögn um kostnað þeirra vegna söluturnsins, sbr. 114. gr. laga nr.

85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þetta var ekki gert, og verður að telja, að gagnaöflun hafi verið svo áfátt, að ekki hafi mátt við svo búið leggja efnisdóm á málið. Héraðsdómara var þá og rétt að kveðja til sérfróða meðdómendur. Þykir samkvæmt þessu verða að ómerkja héraðsdóm og meðferð málsins, frá því yfirheyrslum lauk í þinghaldi 11. nóvember 1987, og vísa málinu heim í hérað til meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Samkvæmt þessu ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju samkvæmt framansögðu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar sl., er höfðað af Jóni Ástvaldssyni, Hraunbæ 142, Reykjavík, nnr. 5109-5421, og Bernharði Gunnarssyni, Háaleitisbraut 30, Reykjavík, nnr. 1088-6511, gegn Arnari Sigurðssyni, Háaleitisbraut 25, Reykjavík, nnr. 0453-2341, f.h. Dansk-íslenska verslunarfélagsins hf., Háaleitisbraut 25, Reykjavík, nnr. 1577-1216.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim aðallega skuld, að fjárhæð kr. 2.657.709,60, ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 23.04. 1986, 2,25% við útgáfu stefnu til greiðsludags og málskostnað skv. taxta LMFÍ, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum kr. 1.900.000 auk sömu vaxta og málskostnaðar og krafist er í aðalkröfu. Stefnendur lýsa sig samþykka því, að til frádráttar aðalkröfu eða varakröfu eftir atvikum komi kr. 120.000 vegna húsaleigu í apríl 1986.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Mál þetta varðar deilu aðila um það, hvort stefndi hafi keypt af stefnendum söluturn að Starmýri 2, Reykjavík, sem rekinn var af stefnendum í hús-

næði stefnda, eða yfirtekið reksturinn á öðrum forsendum og hvert endurgjald skyldi koma fyrir. Aðilar gerðu með sér húsaleigusamning, sem dagsettur er 1. janúar 1986, um leigu á atvinnuhúsnæði að Starmýri 2, Reykjavík, þar sem stefndi leigði stefnendum atvinnuhúsnæði. Var um að ræða ca. 100 m², en samkvæmt framburði stefnenda voru 40-50 m² nýtanlegir, þar sem afgangurinn var kjallari, fullur af dóti. Var ætlunin að reka söluturn í húsnæðinu. Húsnæðið hafði áður verið í eigu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, og tóku leigjendur við því, eins og það var, og skyldu þeir annast á sinn kostnað að innrétta söluturninn skv. teikningu Helga Hjálmarssonar arkitekts, og skyldi verkið unnið eftir fyrirmælum arkitektsins og í samráði við leigusala. Einnig skyldu þeir annast öllu tækjakaup. Allar innréttingar og tæki skyldu að leigutíma loknum verða eign leigusala án endurgjalds. Leigutími skyldi vera 4 ár frá 1. janúar 1986, uppsagnarfrestur einn mánuður. Kæmi til vanskila eða annarra verulegra vanefnda af hálfu leigutaka, var leigusala þó heimilað að rifta samningi fyrirvaralaust og heimta skaðabætur fyrir samningsrofin. Leigugjald skyldi vera kr. 120.000 á mánuði og fylgja vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir atvinnuhúsnæði og greiðast fyrirfram 1sta dag hvers mánaðar. Leigutakar skyldu hafa forleigurétt á hinu leigða að leigutíma loknum. Framleiga á hinu leigða var óheimil án samþykkis leigusala.

— — —

Niðurstaða.

Gagnkröfur hafa ekki verið gerðar í málinu af hálfu stefnda.

Upplýst er, að stefnendur afhentu stefnda rekstur og allar aðrar eignir söluturns stefnenda að Starmýri 2, Reykjavík, hinn 23. apríl 1986. Forsvarsmaður stefnda hefur að eigin sögn langa reynslu af viðskiptum. Þykir hann ekki hafa getað vænst þess, að þessi verðmæti væru afhent honum endurgjaldslaust. Skilja verður leigusamning aðila þannig, að það hafi verið forsenda þess, að leigusali eignaðist innréttingar og tæki að leigutíma loknum án endurgjalds, að umsaminn leigutími, fjögur ár, væri liðinn. Ekki verður því fallist á það með stefnda, að hann hafi átt eignartilkall til innréttinga og tækja á grundvelli ákvæðis leigusamnings aðila, þar sem aðeins voru liðnir tæpir fjórir mánuðir af þeim fjórum árum, sem um var samið. Af framburði forsvarsmanns stefnda er ljóst, að hann hafði ekki krafið stefnendur formlega um vangoldna húsaleigu og hafði ekki leitast við að rifta leigusamningi þeirra á þeim forsendum. Sú málsástæða stefnda, sem byggir á 20. og 21. grein húsaleigulaga nr. 44/1979 kemur því ekki til álita.

Telja verður upplýst, m.a. með framburði forsvarsmanns stefnda og með því, að hann tekur við eignum stefnenda og hefur rekstur, að aðilar hafi gert með sér munnlegan samning um, að stefndi keypti söluturn stefnenda,

þar með talið rekstur, innréttingar og tæki. Upplýst er, m.a. með framburði stefnenda, að samkomulag var um, að stefndi greiddi lægra verð en það tilboð hljóðaði upp á, er stefnendur byggja aðalkröfu sína á, og þykir þegar af þeirri ástæðu verða að hafna henni. Þegar á hinn bóginn er virt, hversu lauslega var gengið frá samningi þessum, þykir eðlilegast að líta svo á, að ekki hafi verið fullsamið um endurgjald. Með tilvísun til grunnraka 5. gr. laga nr. 39/1922 telst því rétt að leggja til grundvallar það verð, sem seljendur krefjast í varakröfu sinni, að frádregnum kr. 120.000, enda telst það eigi ósanngjarnt, þegar litið er til þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja í málinu. Vextir ákvarðast 2.25% mánaðarvextir af kr. 1.780.000 frá 29. maí 1986 til 14. apríl 1987, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 275.000, og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Dansk-íslenska verslunarfélagið hf., greiði stefnendum, Jóni Ástvaldssyni og Bernharði Gunnarssyni, kr. 1.780.000 ásamt 2.25% mánaðarvöxtum frá 29. maí 1986 til 14. apríl 1987, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 275.000 í málskostnað.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 18. mars 1988.

Ár 1988, föstudaginn 18. mars, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Háaleitisbraut 25 og haldinn þar af Viggó Tryggvasyni, fulltrúa yfirborgarfógeta, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-1728/1988: Jón Ástvaldsson og Bernharð Gunnarsson gegn Dansk-íslenska verslunarfélaginu hf.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 4645/1986, nr. 3 skiptayfirlýsingu. Nr. 1 fylgir í ljósriti, nr. 2 fylgir í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristján Stefánsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.780.000 með 2,25% mánaðarvöxtum frá 29.05.1986 til 14.04. 1987, en dráttarvöxtum skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, í endurrits- og birtingarkostnað kr. 1.450, kr. 275.000 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.880 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Hér var enginn, er mætt gæti af hálfu gerðarþola, og var rétturinn fluttur að Háaleitisbraut 58, og mætir þar stjórnarformaður gerðarþola, Arnar Sigurðsson, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsir fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 2 við Starmýri skv. rskj. nr. 3, þ.e. hluta aðalhúss kjallara, 98,7 m², og 1. hæð, 98,7 m², sem eru 13,8% og 11,9% allrar eignarinnar, þ.e. séreign í suðvesturhorni aðalhúss skv. c-lið rskj. nr. 3. Rétturinn var síðast fluttur að Starmýri 2 og gerðinni lokið þar.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Mánudaginn 28. maí 1990.

Nr. 127/1989. **Guðmundur Þórðarson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Ísverki hf.
(Björn Ól. Hallgrímsson hrl.).

Lausafé. Leiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1989. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða „kr. 378.180 auk 27% drv. á ári frá 21.11.1986 til 1.3.1987, en með 30% drv. á ári frá þ.d. til 1.6.1987, en með 33,6% drv. á ári frá þ.d. til 1.7.1987, en með 36% drv. á ári frá þ.d. til 1.8.1987, en með 40,8% drv. á ári frá þ.d. til 1.9.1987, en með 42% drv. á ári frá þ.d. til 1.10.1987, en með 43,2% drv. á ári frá þ.d. til 1.11.1987, en með 45,6% drv. á ári frá þ.d. til 21.11.1987, en með 45,6% drv. á ári af kr. 502.223 frá þ.d. til 1.12.1987, en með 49,2% drv. á ári frá þ.d. til 1.1.1988, en með 51,6% drv. á ári frá þ.d. til 1.3. 1988, en með 45,6% drv. á ári frá þ.d. til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól, næst hinn 21.11.1988“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara, að fjárkrafa áfrýjanda verði lækkuð verulega. Stefndi krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru ítarlega rakin í héraðsdómi.

Stefndi fékk að láni hjá áfrýjanda sumarið 1985 103 stálstoðir og 450 metra af undirsláttarbitum og hafði til afnota í um það bil eitt ár. Slíkt byggingarefni virðist samkvæmt því, sem fram kemur í málinu, hafa verulegt notagildi fyrir báða málsaðila í atvinnurekstri þeirra.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að byggingarefni þetta hafi verið

lánað, án þess að endurgjald ætti að koma fyrir. Með hliðsjón af magni þess og umráðum stefnda yfir því í allt að eitt ár, verður heldur ekki talið, að stefndi hafi mátt ætla, að um endurgjaldslaust lán væri að ræða. Kemur og fram í dómskýrslu fyrirsvarsmanns stefnda, að hann taldi 100.000 til 150.000 krónur sanngjarnt endurgjald fyrir afnotin.

Í héraðsdómi er rakin frásögn áfrýjanda um heimildir, er hann hafi stuðst við, þegar hann ákvað leigu fyrir byggingarefnið. Engin gögn hafa verið lögð fram þessu til staðfestingar. Þá nýtur hvorki frá áfrýjanda upplýsinga um verðmæti þess byggingarefnis, sem um ræðir, né aldur þess, og ágreiningur er með aðilum um endingartíma slíks efnis. Í aðilaskýrslu fyrir dómi fullyrðir áfrýjandi, að endingartími þess geti orðið mestur 10 ár miðað við samfellda notkun. Fyrirsvarsmaður stefnda telur í aðilaskýrslu ekki ólíklegt, að endingartíminn geti verið 15-20 ár.

Af hálfu stefnda hafa verið lögð fram gögn og útreikningar, sem ætlað er að sýna verðmæti sambærilegs byggingarefnis sumarið 1985. Jafnframt er samanburður gerður á því og leigugjaldinu, sem áfrýjandi krafðist, og það talið vera töluvert hærra.

Er áfrýjanda voru fyrir dómi kynnt þessi gögn og útreikningar stefnda á þeim byggðir, lýsti hann því yfir, að útreikningarnir gætu staðist miðað við árið 1985.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er krafa áfrýjanda vanreifuð. Á hinn bóginn hafa verið færð að því rök af hálfu stefnda, að krafan sé óeðlilega há. Eins og atvikum máls þessa og málatilbúnaði er háttað, verður að fara að álitum um mat á fjárhæð kröfunnar. Þegar virt er það, sem helst er til álita í því efni og upplýsinga nýtur um í málinu, þykir hæfilegt að taka kröfu áfrýjanda til greina með 160.000 krónum. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 60.000 krónur upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Ísverk hf., greiði áfrýjanda, Guðmundi Þórðarsyni, 160.000 krónur með 27% ársvöxtum frá 16. febrúar 1987 til 1. mars s.á., með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl

s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. febrúar 1988.

Stefndi greiði áfrýjanda 60.000 krónur upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 10. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 1. mars 1989, höfðaði stefnandi, Guðmundur Þórðarson, nnr. 3118-1917, Sunnuholti 1, Ísafirði, gegn Benedikt Sigurðssyni f.h. Ísverks hf., nnr. 4833-5497, Urðarvegi 54, Ísafirði, með stefnu, birtri 26. mars 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 378.180 með 27% dráttarvöxtum á ári frá 21.11.1986 til 1.3. 1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.6.1987, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.7.1987, en með 36% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.8.1987, en með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.9.1987, en með 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.10.1987, en með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.11. 1987, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 21.11.1987, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári af kr. 502.223 frá þeim degi til 1.12.1987, en með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.1.1988, en með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.3.1988, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist árlega við höfuðstól, næst hinn 21.11.1988. Að auki er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málsvarnarlaun samkvæmt mati dómsins. Til vara krefst stefndi verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda og þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

Málavextir.

Tildrög mála eru í stórum dráttum þau, að í ágúst eða september 1985 fór Benedikt Sigurðsson á fund stefnanda, Guðmundar Þórðarsonar, og falaðist eftir undirsláttarbitum og stálstoðum til nota við verk, sem Ísverk hf. hafði tekið að sér við byggingu Stjórnsýsluhússins á Ísafirði. Um var að ræða 450 metra af H.20-bitum og 103 stálstoðir. Hvorki virðist á þessum

fundi þeirra né síðar hafa verið rætt um tilhögun þessara afnota, þ.e. hvort um lán eða leigu ætti að vera að ræða, hvort og þá hversu hátt endurgjald skyldi koma fyrir og um hversu langan tíma stefndi skyldi nota umrædd tæki. Ágreiningur er með aðilum um þessi efni, en þeir eru þó sammála um, að stefnandi hafi ekki viljað selja stefnda tækin, þegar stefndi hafi leitað eftir því, er hann sótti þau skömmu síðar. Stefndi hafði svo þessi tæki til afnota fram í september 1986, eða í u.þ.b. eitt ár, er hann skilaði þeim, eftir að stefnandi hafði gert honum ljóst, að hann þyrfti á þeim að halda.

Í október 1986 gerði stefnandi stefnda grein fyrir því, að endurgjalds yrði krafist fyrir afnot tækjanna. Mun kröfufjárhæðin, kr. 378.000, þá fyrst hafa verið nefnd, en stefndi fékk ekki reikning í hendur, fyrr en málið var komið til kasta lögmanna. Aðilar munu þó hafa rætt um fjárhæð endurgjaldsins á þessum tíma og báðir nefnt aðrar tölur. Stefndi mun þá hafa verið reiðubúinn til þess að greiða kr. 150.000 fyrir afnotin, og stefnandi mun hafa viljað lækka kröfu sína eitthvað, í kr. 225.000 að eigin sögn.

Stefnandi, Guðmundur Gunnar Þórðarson byggingarmeistari, gaf skýrslu fyrir dómi. Hann sagði, að stefndi hefði komið til sín í september 1985 og beðið sig um bita og stoðir vegna verks, sem hann væri að vinna við byggingu Stjórnsýsluhússins. Skömmu síðar hefði hann komið við annan mann að sækja þetta efni, og hefði hann þá falast eftir kaupum á því. Stefnandi kvaðst hafa neitað því, en sagst vilja leigja efnið. Hann sagði, að stefndi hefði mátt vita, að endurgjalds yrði krafist, enda hefði hér verið um efni að ræða, sem hann hefði sjálfur fengið greitt fyrir vegna verksins í Stjórnsýsluhúsinu. Stefnandi sagði, að hvorki hefði þó verið rætt um fjárhæð leigugjalds né lengd lánstíma. Við munnlegan flutning málsins sagði lögmaður stefnanda með bókun, að ekki hefði verið um það samið, að stefnandi gæti kallað eftir hinum umræddu tækjum, hvenær sem hann kynni að þurfa á þeim að halda, heldur hafi verið út frá því gengið, að stefndi hefði lokið þessum afnotum að vori, er stefnandi myndi þarfnast þeirra.

Stefnandi kvaðst ekki vilja segja til um, hver væri venja í skiptum aðila í svona tilvikum, en sjálfur tæki hann jafnan leigugjald.

Stefnandi sagðist í upphafi hafa sagt stefnda, að hann myndi þurfa á þessu efni að halda aftur í júní-júlí 1986. Hann kvaðst ekki minnast þess, að stefndi hefði haft samband við sig í október-nóvember 1986 um að skila þessum áhöldum, enda hefði hann ótrauður haldið áfram uppslætti í Stjórnsýsluhúsinu.

Stefnandi kvaðst hafa verið að byggja raðhús á Stakkanesi sumarið 1986, og hefði hann hagrætt verkum sínum þar til þess að þurfa ekki að taka tækin af stefnda. Ljóst væri þó, að þetta hefði valdið einhverjum töfum á verki sínu þar.

Stefnandi sagði, að í tilboðsverkum væri jafnan reiknað með því, að verkkaupi greiddi fyrir notkun tækja og efnis, eins og mál þetta snerist um.

Stefnandi kvaðst hafa sótt nokkrar stoðir og bita til stefnda um verslunarmannahelgina 1986. Stefndi hefði hins vegar ótilkvaddur skilað öllu efninu í tvennu lagi í september-október 1986.

Stefnandi kvaðst í október 1986 hafa gert stefnda ljóst, að hann væri að búa til reikning vegna leigunnar, og nefnt fjárhæðina kr. 378.000. Stefndi hefði þá viljað athuga málið nánar. Þegar stefnandi hefði haft samband við stefnda viku síðar, hefði hann ekki enn verið búinn að skoða málið, og hið sama hefði endurtekið sig u.þ.b. hálfum mánuði síðar. Í desember 1986 hefðu þeir svo aftur rætt saman, og hefði stefndi þá farið fram á lækkun. Stefndi hefði þá talið sanngjarnt að greiða kr. 100.000 og síðan boðið kr. 50.000 til viðbótar. Stefnandi kvaðst hafa verið reiðubúinn að lækka reikninginn niður í kr. 225.000, ef greitt yrði strax. Þessu hefði stefndi neitað og sagt, að stefnandi yrði þá að leita annarra leiða við innheimtu reikningsins.

Stefnandi sagði, að við ákvörðun einingarverðs fyrir leiguna hefði hann haft samband við Verkpalla hf. í Reykjavík, og hefðu þeir gefið upp þetta verð. Hann kvaðst jafnframt hafa ráðgast við byggingarmeistara syðra, svo sem hjá Ármannsfelli í Reykjavík og Hamrinum hf. í Hafnarfirði, og einnig haft samband við innflytjandann, Breiðfjörðsblikksmiðjuna í Reykjavík. Þetta hefði hann gert til þess að fá sem gleggsta mynd af markaðsverði á höfuðborgarsvæðinu.

Stefnandi kvaðst einungis hafa krafið um leigugjald í 270 daga, og hefði hann með því viljað gefa nokkurn afslátt, enda hefði hann vitað um tafir hjá stefnda vegna frosta.

Stefnandi sagðist ekki vita, hvort venja væri að lækka leigugjald fyrir muni sem þessa, þegar þeir væru leigðir til lengri tíma. Afsláttur hans hefði hins vegar falist í því að krefja stefnda einungis um leigugjald í 270 daga, þegar hann hefði haft tækin í heilt ár, og síðan hefði hann verið reiðubúinn til þess að lækka kröfu sína niður í kr. 225.000.

Stefnandi var spurður, hvort algengt væri, að verktakar fengju lánuð tæki sem þessi hver hjá öðrum. Hann sagði, að það væri algengt, að menn fengju lánaðan „víbrator" í stuttan tíma til að vinna í steypuvinnu í einn dag eða svo. Þá væri heldur ekki óalgengt, að menn lánuðu hver öðrum efni í smáum stíl í stuttan tíma í senn. Öðru máli gegndi hins vegar um efni, sem verulegir fjármunir væru bundnir í, og þá væri eðlilegt, að gjald kæmi fyrir. Stefnandi kvaðst kannast við að hafa fengið lánað járn hjá stefnda, sem hann síðar hefði skilað í sama.

Stefnandi sagði, að leigugjald á reikningi á dskj. nr. 3 væri miðað við

verðlag á útgáfudegi hans, en ekki á þeim tíma, þegar hinir umræddu munir voru leigðir.

Stefndi, Benedikt Tryggvi Sigurðsson byggingarmeistari, kom fyrir dóm og gaf aðilaskýrslu.

Stefndi sagði, að í ágúst 1985 hefði hann farið og rætt við stefnanda um að fá lánaða bita og stoðir hjá honum vegna uppsteypu á kjallara Stjórnsýsluhússins. Ætlunin hjá sér hefði verið að nýta eingöngu keypt efni, en þegar á leið, hefði komið í ljós, að æskilegt væri að steypa meira í einu, og því hefði hann þurft meira efni. Stefndi sagði, að stefnandi hefði tekið vel í að lána umbeðið efni, sem hann hefði ekki þurft á að halda sjálfur. Hann hefði ekki viljað selja þetta efni, en lánað það með þeim fyrirvara, að því yrði strax skilað, ef hann þyrfti á því að halda. Að öðru leyti hefði ekki verið rætt um tíma í þessu sambandi. Stefndi kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi hefði talað um leigu fyrir þessi tæki.

Stefndi sagði, að þegar fyrirsjáanlegt hefði verið, að vinna myndi stöðvast um tíma, hefði hann haft samband við stefnanda um að skila efninu. Stefnandi hefði þá sagt, að ekki skipti máli, hvar efnið væri geymt. Stefndi sagði, að vinna hefði verið stöðvuð í nóvember 1985, en byrjað aftur í febrúar 1986. Hann sagði, að á þessum tíma hefði allt efnið verið bundið í undirslætti undir loftplötu 1. hæðar. Stefndi sagði, að hann hefði notað þetta efni samhliða eigin efni, og hefði sú notkun verið stöðug fram á sumar 1986, enda hefði ekki verið talin þörf á að taka það úr notkun á þessum tíma. Hefði sú þörf skapast, hefði hins vegar verið unnt að taka efnið úr notkun með skömmum fyrirvara og skila því til stefnanda. Stefndi sagði, að ekki hefði komið til greina að leigja efni með þessum hætti af stefnanda, og hefði þá verið hagkvæmara fyrir sig að kaupa nýtt efni.

Stefndi sagði, að í júlí-ágúst 1986 hefði stefnandi látið sig vita, að hann þyrfti á efninu að halda, og hefði hann þá farið að taka það til. Stefnandi hefði fengið bita úr eigu stefnda, þar sem bitar stefnanda hefðu verið fastir í undirslætti á þessum tíma. Öllu efninu hefði hins vegar verið skilað til stefnanda í september.

Stefndi sagði, að haustið 1986, í október eða nóvember, hefði stefnandi komið á verkstæðið til sín og sagt sér, að hann væri að búa til reikning fyrir leigu tækjanna. Stefnandi hefði þá nefnt töluna kr. 378.000. Stefndi kvaðst hafa orðið hissa og sagt, að hann vildi skoða málið nánar. Stefnandi hefði hins vegar ekki sýnt sér reikning í þetta skipti. Þeir hefðu svo rætt saman í síma skömmu síðar, og hefði stefndi þá sagt stefnanda, að ekki kæmi til greina að greiða þessa upphæð. Stefndi sagði, að þá eða skömmu síðar hefði hann sagt stefnanda, að hann væri reiðubúinn til að greiða honum kr. 100.000 fyrir afnotin, og síðar hefði sú tala verið hækkuð í kr. 150.000. Stefndi kvaðst minnast þess, að stefnandi hefði boðið einhverja

lækkun á reikningnum, en hann sagðist ekki muna, hversu mikla. Hann sagði, að innheimtubréf lögmanns stefnanda á dskj. nr. 4 væri fyrsta skjalið, sem hann hefði séð, þar sem þessi fjárhæð hefði verið sett fram. Hann hefði svo ekki séð reikninginn fyrr en í mars 1987 og þá hjá lögmanni sínum.

Stefndi sagði, að ekki væri óalgengt, að verktakar hér á svæðinu lánuðu hver öðrum byggingarefni án endurgjalds, en það væri þó háð bæði tíma og magni.

Stefndi sagði, að í upphafi hefði einungis verið talað um afnot í skamman tíma. Ef sér hefði þá verið ljóst, að hann myndi nota tækin í heilt ár og endurgjalds yrði krafist, hefði hann að sjálfsögðu frekar keypt ný tæki. Hann kvaðst því hafa talið kr. 100.000 til 150.000 sanngjarnt endurgjald fyrir þessi afnot, en sú fjárhæð hefði verið u.þ.b. helmingur af kaupverði nýrra tækja.

Stefndi sagði, að í tilboðsverki væri reiknuð ákveðin upphæð af einingarverði vegna kostnaðar við mót. Inni í þeirri fjárhæð væri gert ráð fyrir útlögðum kostnaði vegna efnis, sem festist í steypu, rýrnunar og endurnýjunar tækja.

Þá kom fyrir dóm Skarphéðinn Hjálmarsson trésmiður. Hann sagði, að í nóvember 1986 hefði stefnandi komið á verkstæðið til sín og sagst vera búinn að gera reikning vegna tækjaleigunnar. Sig minnti, að stefnandi hefði þá nefnt töluna kr. 375.000. Hann hefði svo komið síðar og rætt við sig og Benedikt um leigugjaldið, en hann kvaðst hins vegar aldrei hafa séð reikning frá stefnanda. Mætti sagði, að þeir hefðu boðið stefnanda kr. 150.000, en stefnandi hefði hafnað því.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi leigt stefnda bita og stoðir á tímabilinu frá september 1985 til jafnlengdar 1986. Stefnandi skýrir fjárhæð á reikningi sínum til stefnda, dags. 21. nóvember 1986, þannig, að stefndi hafi fengið á leigu 450 lengdarmetra af H.20-bitum í 270 daga. Leigugjaldið sé tvær krónur fyrir lengdarmetrann á dag. Samtals sé því leigugjald fyrir bitana kr. 243.000 kr. Þá hafi stefnandi einnig leigt stefnda 103 stálstoðir í 270 daga, og hafi hver stoð verið leigð á kr. 2,40 á dag. Samtals sé því leiga á stoðunum kr. 66.744. Söluskattur af þessum fjárhæðum nemi kr. 77.436. Skuld stefnda við stefnanda og stefnufjárhæð málsins nemi því samtals kr. 378.180. Stefnandi tekur fram, að hann krefji einungis um leigugjald fyrir 270 daga, þótt stefndi hafi haft bitana á leigu fram í september 1986, enda telji hann eðlilegt að líta svo á, að hinir leigðu munir hafi ekki verið í notkun hvern dag á leigutímanum.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hinum almennu reglum kröfuréttarins og

þeirri grundvallarreglu samningaréttarins, að samninga beri að halda. Dráttarvaxtakrafa stefnanda er byggð á lögum nr. 25/1987, einkum 9. gr., 10. gr., 12. gr. og 14. gr. þeirra laga. Krafa um málskostnað er reist á 177. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að umræddar stoðir og bitar hafi verið lánað um stundarsakir án endurgjalds, eins og venja sé milli byggingaraðila á Ísafirði, en ekki hafi verið gerður leigusamningur milli aðila um afnot þeirra. Rætt hafi verið í upphafi um, að áhöld þessi yrðu aðeins í notkun hjá stefnda, á meðan stefnandi þyrfti ekki á þeim að halda. Stefnandi hafi hins vegar lýst því yfir sjálfur, að áhöld þessi væru jafnvel geymd hjá stefnanda, þar sem hann þyrfti ekki að nota þau sjálfur. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir nokkrum skaða vegna tækjaláns-ins, og eigi því ekki rétt á greiðslu fyrir lánið, enda hafi enginn leigusamningur verið um þetta gerður. Hafi stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því, að slíkur samningur hafi komist á.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að tækin hafi ekki verið í notkun nema hluta af þeim tíma, sem stefnandi krefji um, en megnið af tímanum hafi þau einungis verið í geymslu hjá stefnda. Einnig hafi einungis hluti tækjanna verið í notkun, þar sem stefndi hafi sjálfur keypt sér bita og stoðir á þessu tímabili. Þá sé fráleitt að verðleggja leigu á tækjunum samkvæmt verðskrá frá tækjaleigum í Reykjavík, þar sem verðskrá þeirra miði við leigu einstakra hluta fyrir hvern dag. Séu tæki þar leigð út í einhverju magni til lengri tíma, sé leigugjald einungis brot af útgefinni verðskrá og tækjum sem þessum jafnframt skilað 2-3 dögum eftir hverja steypu. Tæki sem þessi endist í 15-20 ár, en það liggi við, að stefnufjárhæð dugi til að kaupa samsvarandi ný tæki. Stefnandi hafi ekki lagt fram reikning fyrir kröfu sinni fyrr en í mars 1987, og sé því óheimilt að krefja um vexti fyrr en mánuði síðar. Enginn áskilnaður sé í reikningi stefnanda um töku dráttarvaxta, og sé honum því óheimilt að krefjast þeirra nema frá dagsetningu innheimtubréfs, þ.e. 16. febrúar 1987.

Þó að stefndi telji stefnanda eigi hafa rétt til leigugjalds, hafi hann viljað reyna að leysa þennan ágreining í góðu og boðist til að greiða stefnanda allt að kr. 170.000 fyrir afnotin. Þetta hafi stefnandi eigi viljað samþykkja, og beri að hafa þetta í huga við ákvörðun málskostnaðar, falli dómur stefnanda í vil.

Niðurstaða.

Það er ósannað, að leigusamningur hafi komist á með aðilum þessa máls haustið 1985 vegna afnota stefnda af undirsláttarbitum og stálstoðum í eigu stefnanda. Fullgild rök hafa ekki verið færð fram fyrir þeirri staðhæfingu stefnanda, að stefnda hafi mátt vera ljóst, að endurgjalds yrði krafist. Um

það virðist ekkert hafa verið rætt í upphafi né á öllum þeim tíma, er stefndi hafði tækin til afnota. Aðilar hafa báðir borið, að tíðkanlegt sé, að verktakar í byggingariðnaði á þessu svæði láni hver öðrum tæki til verka, þótt líkur bendi til, að slík lán standi að jafnaði ekki lengi né að um verulegt magn sé að ræða hverju sinni. Það er hins vegar ósannað, að afnotum stefnda hafi í upphafi verið ætlað að standa svo lengi sem raun varð á. Viðurkennt er af hálfu stefnanda, að tækin hafi ekki verið í eiginlegri notkun allan afnotatímann, þótt ekkert liggi fyrir með vissu um það atriði. Stefnanda var í lófa lagið að kalla eftir þessum tækjum miklu fyrr en hann gerði eða áskilja sér endurgjald með ótvíræðum hætti, þegar sýnt var, að afnotin myndu standa lengur en ef til vill væri eðlilegt um lánsafnot. Það hefur heldur ekki verið sýnt fram á, að það magn af bitum og stálstoðum, er stefndi fékk til afnota, hafi verið óeðlilega mikið miðað við lán án endurgjalds, sem ósannað er, að hafi átt að standa í lengri tíma en eðlilegt væri um slík afnot. Þá er ekkert fram komið í málinu, er staðfesti, að stefnandi hafi orðið fyrir óhagræði eða fjártjóni vegna afnota stefnda af hinum umræddu tækjum hans.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Það breytir ekki þeirri niðurstöðu, þótt stefndi hafi á ýmsum stigum málsins boðið fram einhverja greiðslu, sem hann kann að hafa talið sanngjarnt að greiða stefnanda til sátta, enda leiða framangreind rök til sýknu.

Þar sem veruleg vafaatriði eru í þessu máli og úrslit þess hafa öðru fremur ráðist af ófullnægjandi sönnunarfærslu, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Pétur Kr. Hafstein, bæjarfógeti, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Benedikt Sigurðsson f.h. Ísverks hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Þórðarsonar.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. maí 1990.

Nr. 170/1988. **Vigfús Andrésson**

gegn

Búnaðarbanka Íslands vegna veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins,
Bjargráðasjóði,
Kaupfélaginu Þór, Hellu,
Hamri hf.,
Arnmundi Backman hæstaréttarlögmanni,
Boða sf.,
Fóðurblöndunni hf.,
Kaupfélagi Rangæinga,
Jöfri hf.,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Litaveri hf.,
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs,
sveitarsjóði Austur-Eyjafjallahrepps og
Póst- og símamálastofnun.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta skyldi munnlega flutt 30. apríl sl., var eigi sótt þing af hálfu áfrýjanda. Málsókn þessi fellur því niður, og greiði áfrýjandi 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefndu Búnaðarbanka Íslands, Arnmundi Backman hrl. og Kaupfélagi Rangæinga, sem látið hafa sækja þing í málinu og krafist ómaksbóta, 10.000 krónur, hverjum um sig, í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. maí 1990.

Nr. 356/1988. **Þrotabú Hafskips hf.**
(Gestur Jónsson hrl.)
gegn
Reykvískri endurtryggingu hf.
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1988. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að stefnda verði gert að greiða honum 1.126.250 krónur ásamt 47,15% ársvöxtum frá 13. september 1985 til 1. mars 1986, með 30,58% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 23,22% ársvöxtum frá þeim degi til 17. maí 1986, með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til þingfestingardags, 26. maí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt 14. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar sér til handa fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur aðila máls þessa varðar túlkun ákvæðis um sjálfsáhættu í vátryggingarskírteini, útgefnu 1. október 1984 af stefnda, vegna skrokk- og vélatryggingar 6 skipa Hafskips hf., svo sem rakið er í héraðsdómi. Ákvæðið hljóðar svo í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Skilmálar: Háð Institute Time Clauses (Skrokkur 01.10.83) Institute Time Clause (Skrokkar), kostnaður og verðmætisaukning, frádráttur skv. 12. gr. US $ 23.500,-, hækkar í US $ 50.000,- við vélartjón, gáleysi áhafnar."

Áfrýjandi túlkar ákvæði þetta svo, að hækkun sjálfsáhættu í 50.000 bandaríska dollara eigi aðeins við, þegar um sé að ræða vélartjón, sem rakið verði til vanrækslu áhafnar. Telur hann meðal

annars mega finna því stuðning í tilboði frá stefnda 16. ágúst 1984 og skýrslu niðurjöfnunarmanns sjótjóna 30. ágúst 1985.

Í málflutningi sínum hafa aðilar ekki skýrt til hlítar samhengi milli umræddS tilboðs og vátryggingarskírteinisins, né heldur hafa þeir lagt fram til samanburðar upplýsingar um orðalag fyrra skírteinis vegna tryggingar skipanna.

Rétt þykir að leggja orðalag vátryggingarskírteinisins sjálfs til grundvallar við úrlausn málsins. Verða skilmálar skírteinisins ekki öðruvísi skýrðir en svo, að sjálfsáhætta hækki í 50.000 bandaríska dollara við allt vélartjón. Ber þannig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Hafskips hf., greiði stefnda, Reykvískri endurtryggingu hf., 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. ágúst 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júlí sl., er höfðað með framlagningu skjala í dómi þann 26. maí 1987.

Stefnandi er þrotabú Hafskips h/f, nnr. 1380-3005, Skógarhlíð 6, Reykjavík.

Stefndi er Reykvísk endurtrygging h/f, nnr. 7307-1445, Sóleyjargötu 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.126.250 krónur ásamt 47,15% ársvöxtum frá 13. september 1985 til 1. mars 1986, en með 30,58% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 23,22% ársvöxtum frá þeim degi til 17. maí 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, en með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til þingfestingardags, 26. maí 1987, en með dráttarvöxtum skv. 14. gr. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Þess er krafist, að áföllnum vöxtum megi bæta við höfuðstól, sem vextir reiknast af, fyrst 13. september 1986 og síðan á tólf mánaða fresti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 16. febrúar 1985 varð vélarbilun í M/S Selá, þegar skipið var í ferð á milli Reykjavíkur og Gdansk í Póllandi. Hafskip h/f, eigandi Selár, var vátryggt hjá stefnda fyrir tjóninu. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóna, Valgarð Briem hrl., jafnaði tjóninu niður, og er niðurjöfnunarskýrsla hans dagsett 30. ágúst 1985. Aðilar eru sammála um, að niðurjöfnun hans gefi rétta mynd af tjóninu. Hefur stefndi bætt að fullu tjónið, nema hvað að hann dró 50.000 Bandaríkjadali frá bótum vegna sjálfsáhættu. Að mati stefnanda á sjálfsáhættan að nema 23.500 Bandaríkjadölum. Mismunurinn á þessum fjárhæðum er 26.500 Bandaríkjadalir, sem á gjalddaga bótagreiðslunnar 13. september 1986, sbr. 24. gr. l. nr. 20/1954, jafngilti 1.126.250 íslenskum krónum miðað við kaupgengi dals þann dag. Er þessi fjárhæð jöfn stefnufjárhæðinni.

Í niðurjöfnunarskýrslu Valgarðs Briem hrl. er m.a. byggt á skýrslu frá Gunnar Frimann, sem skoðaði skipið á vegum vátryggjanda strax eftir tjónið. Er niðurstaða skoðunarmannsins sú, að ekkert bendi til þess, að umrætt tjón hafi verið vegna vanrækslu áhafnar M/S Selár.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að í vátryggingarsamningi aðila komi fram, að almennt hafi sjálfsáhætta Hafskips h/f verið 23.500 dalir í hverju tjóni, en verið aukin í 50.000 dali, ef tjón stafaði af vélarskemmdum eða vanrækslu áhafnar. Í vátryggingarskírteininu er eigin áhætta skipafélagsins skilgreind þannig:

„Deductible clause XII USD 23.500
increased to USD 50.000 in case Machinery
Damage, Crew Negligence."

Ákvæði þetta hljóðar svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„...frádráttur skv. 12. gr. US $
23.500, hækkar í US $ 50.000
við vélartjón, gáleysi áhafnar."

Stefnandi telur, að ákvæði þetta verði að skýra þannig, að eigi einungis við um vélartjón, sem stafi af vanrækslu áhafnar. Bendir hann á, að í skýrslu niðurjöfnunarmanns sjótjónsins komi þetta skýrt fram, þar sem hann geri ráð fyrir frádrætti, að fjárhæð 23.500 dalir. Þá ber stefnandi það fyrir sig, að með því að stefndi hafi ákveðið orðalag ákvæðisins, beri að túlka það honum í óhag, svo sem almennt sé við túlkun samn-

inga, og telur reglu þessa eiga sérstaklega við um samninga á sviði vátrygginga. Telur stefnandi, að stefndi hefði þurft að láta það koma fram með enn ótvíræðari hætti, ef hann hefði ætlað að takmarka ábyrgð sína við hvers konar vélartjón.

Þá hefur stefnandi lagt fram vátryggingarskírteini vegna Skaftár, þar sem fram kemur, að frádráttur sé 50.000 dalir, ef um vélartjón *eða* mistök áhafnar sé að ræða.

Stefnufjárhæð er því byggð á gengi Bandaríkjadals 13. september 1985, en skv. 24. gr. l. nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga sé fjárhæðin kræf 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bótanna. Niðurjöfnun lauk 30. ágúst 1985, og hafi gjalddagi því ekki verið síðar en 13. september 1985.

Um vaxtakröfu vitnar stefnandi til 3. mgr. 24. gr. nefndra laga, en skv. henni skuli vextir vera 1% lægri en víxilvextir Landsbanka Íslands, og er vaxtakrafan miðuð við það.

Að lokum byggir stefnandi kröfu sína um dráttarvexti á því, að skv. 2. mgr. 9. gr. l. nr. 25/1987 beri krafan dráttarvexti frá 17. apríl 1986, er stefndi var krafinn um greiðsluna, og kröfu um höfuðstólsfærslu vaxta byggir hann á 12. gr. sömu laga og ber ennfremur fyrir sig ákvæði 14. gr. laga nr. 25/1987.

Stefndi telur augljóst, að túlka beri vátryggingarsamning aðila á þá lund, að sjálfsáhætta stefnanda gagnvart umræddu tjóni hafi numið 50.000 dölum, þar eð tjón varð á vélbúnaði skipsins. Hugsanleg sök áhafnar í því sambandi skipti ekki máli. Umrædd trygging hafi tryggt „hull machinery etc. and everything connected therewith". Þannig sé ljóst, að eigin áhætta stefnanda hafi verið lægri í öllum öðrum tilvikum en við tjón á vél skipsins og hins vegar þegar tjón yrði rakið til vanrækslu áhafnar.

Verði aftur á móti fallist á túlkun stefnanda á umræddu ákvæði, ber stefndi fyrir sig, að tjónið hafi orðið vegna vanrækslu áhafnar. Stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að láta fara fram sérstaka rannsókn á þessu, sjópróf, og beri hann allan hallann af sönnunarskorti um það, með hvaða hætti tjónið hafi orðið.

Til þrautavara krefst stefndi þess, verði hann dæmdur til greiðslu stefnukröfu, að miðað verði við gengi á greiðsludegi og vextir verði í mesta lagi hæstu lögleyfðir vextir af gengistryggðum kröfum skv. tilkynningum Seðlabankans þar um.

Stefndi vitnar til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um lagarök.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki verður fallist á það með stefnanda, að skilja beri ákvæðið í vátryggingarsamningi aðila um frádrátt þannig, að því verði einungis beitt um

vélartjón, sem stafi af vanrækslu áhafnar. Þvert á móti verður litið svo á, að það, að komma er sett á milli orðanna damage og crew, sé gert til að aðgreina þetta tvennt, þ.e. vélarskemmdir annars vegar og vanrækslu áhafnar hins vegar, og að umrætt frádráttarákvæði komi til skjalanna í því tilviki, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, og eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 150.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon, borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Reykvísk endurtrygging h/f, skal sýkn af kröfum stefnanda, þrotabúi Hafskips h/f.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 1. júní 1990.

Nr. 56/1990. **Gunnar Örn Ólafsson**

gegn

Lýð Ægissyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Örn Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Lýð Ægissyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 7.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. júní 1990.

Nr. 181/1990. **Karl Sigmar Karlsson,**
Bjarg sf. og
Hafnarberg hf.
gegn
Fiskbúðinni Sæveri.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Karl Sigmar Karlsson, Bjarg sf. og Hafnarberg hf., er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 2.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Þriðjudaginn 5. júní 1990.

Nr. 343/1988. **Guðný Þ. Böðvarsdóttir**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
þrotabúi Rafns h/f
(Valgarð Briem hrl.).

Sjómenn. Skaðabótamál. Dánarbætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1988 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hún gerir þessar dómkröfur:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 1.045.881 króna með ársvöxtum sem hér segir: 42% frá 13. maí 1983 til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október 1983, 32% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 11. ágúst 1984, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987 og 11% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en síðan dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem hér segir: 2,5% til 14. júní 1987, 2,8% frá þeim degi til 14. júlí 1987, 3% frá þeim degi til 14. ágúst 1987, 3,4% frá þeim degi til 14. september 1987 og 3,5% frá þeim degi til útgáfudags stefnu í héraði 24. september 1987 og frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að staðfest verði með dómi, að vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. maí 1984.

Til vara krefst áfrýjandi skaðabóta að fjárhæð 1.167.180 krónur með sömu vöxtum og í aðalkröfu, en þannig, að dráttarvextir leggist

við höfuðstól á tólf mánaða fresti 14. apríl ár hvert, fyrst þannig, að vextir fyrir tímabilið frá 14. apríl 1987 til jafnlengdar 1988 leggist við höfuðstól 14. apríl 1988.

Þá krefst áfrýjandi þess, að ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað verði staðfest, en stefnda gert að greiða ríkissjóði sömu fjárhæð í málskostnað.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og framlögðum reikningi.

Bú Rafns h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Gullbringusýslu 15. mars 1990. Þrotabú félagsins hefur tekið við aðild málsins hér fyrir dómi og krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Stefndi viðurkennir fébótaábyrgð sína á tjóni áfrýjanda vegna fráfalls eiginmanns hennar, en telur, að ekki hafi verið sýnt fram á tjón áfrýjanda umfram það, sem greitt hefur verið og dæmt var í héraði.

II.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar með sama hætti og hún gerði í héraði.

Í kröfugerð sinni styðst áfrýjandi við líkindareikninga, sem Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur gert. Í forsendum hins áfrýjaða dóms er getið útreikninga frá 3. september 1984 og 29. júlí 1987. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur frá 18. janúar 1990. Þar segir:

„Breytingar frá útreikningnum 29. júlí 1987 eru þessar:

1. Tekið er tillit til breytinga á kauptöxtum, og enn fremur er hliðsjón höfð af upplýsingum kjararannsóknarnefndar um launaþróun 1986-1988.

2. Tekið er tillit til breytinga á bótafjárhæðum almannatrygginga.

3. Vaxtareikningur breytist vegna þess, að útreikningsdagur er nú annar. Reiknað er með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til útreikningsdags 18. janúar 1990, en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.

4. Vegna þess, hve langt er um liðið frá því er slysið varð, er

til glöggvunar reiknað, hver tjónsfjárhæð verður, ef slysdagsverðmæti er fært fram til útreikningsdags.

A. Bætur til ekkju:

Þegar tillit er tekið til ofangreindra launabreytinga, reiknast mér þær árlegu vinnutekjur Péturs, sem lagðar voru til grundvallar við fyrri útreikninga, verða sem hér segir:

Árið	1983, frá slysdegi	kr.	282.210.-
,,	1984	,,	322.340.-
,,	1985	,,	425.368.-
,,	1986	,,	535.444.-
,,	1987	,,	703.436.-
,,	1988	,,	898.082.-
,,	1989	,,	991.608.-
Eftir þann tíma		,,	1.060.717.-

Verðmæti framfærslueyris til handa ekkjunni, 50% af framangreindum vinnutekjum, reiknast mér nema á slysdegi kr. 2.849.656.-, þegar reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum frá slysdegi til útreikningsdags, en kr. 3.623.690.-, þegar reiknað er með einföldum vöxtum þann tíma.

B. Bætur almannatrygginga.

Átta ára slysabætur almannatrygginga verða sem hér segir á ári:

Árið	1983, júní-des.	kr.	46.418.-
,,	1984	,,	52.587.-
,,	1985	,,	72.940.-
,,	1986	,,	90.259.-
,,	1987	,,	114.372.-
,,	1988	,,	138.331.-
,,	1989	,,	153.234.-
Eftir þann tíma		,,	163.188.-

Verðmæti þessara bóta á slysdegi reiknast mér nema kr. 405.315.-, þegar reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum frá slysdegi til útreikningsdags, en kr. 478.283.-, þegar reiknað er með einföldum vöxtum þann tíma.

C. Slysatrygging sjómanna.

Engin breyting er á verðmæti þeirrar eingreiðslu, sem ekkjan fékk frá Tryggingamiðstöðinni hf. árið 1983. Nemur verðmæti á slysdegi kr. 62.314.-.

D. Vinnutekjur Guðnýjar.

Þegar tillit er tekið til framangreindra launabreytinga, reiknast mér þær árlegu vinnutekjur Guðnýjar, sem lagðar voru til grundvallar við fyrri útreikninga, verða sem hér segir:

Árið 1983, frá slysdegi	kr. 99.980,-
,, 1984	,, 114.197.-
,, 1985	,, 150.698.-
,, 1986	,, 189.695.-
,, 1987	,, 261.098.-
,, 1988	,, 318.169.-
,, 1989	,, 351.303.-
Eftir þann tíma	,, 375.786.-

Komi helmingur þessara tekna til frádráttar reiknuðum framfærslueyri samkvæmt A-lið, nemur verðmæti þess frádráttar kr. 985.148.-, þegar reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum frá slysdegi til útreikningsdags, en kr. 1.250.788.-, þegar reiknað er með einföldum vöxtum þann tíma.

Sé slysdagsverðmæti fært fram til útreikningsdags þannig, að vextir reiknist á sama hátt, hvort sem fjárhæð er færð aftur í tímann eða fram á við, verður verðmæti á útreikningsdegi 18. janúar 1990 sem hér segir:

	Reiknað með vöxtum og vaxtavöxtum til útrd. Kr.	*Reiknað með einf. vöxtum til útrd. Kr.*
Verðmæti framfærslueyris, sbr. A-lið	8.253.949.-	7.833.918.-
Verðmæti 8 ára bóta, sbr. B-lið	1.173.984.-	1.033.982.-
Verðmæti eingreiðslu, sbr. C-lið	180.491.-	134.714.-
Verðmæti frádráttar skv. D-lið	2.853.454.-	2.704.031.-

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hefur verið greint frá, skírskotast til fyrri útreikninga.“

Þá hefur verið aflað eftirfarandi útreikninga tryggingafræðingsins:

„1. Verðmæti makalífeyris úr Lífeyrissjóði sjómanna á slysdegi, en miðað við sömu útreikningsdaga og við er miðað í tjónsútreikningum mínum frá 3/9 1984, 29/7 1987 og 18/1 1990.

2. Verðmæti launa vegna húsmóðurstarfa, eins og venja er að meta slík störf til fjár. Verðmæti miðist við slysdag, en útreikningsdagar séu eins og að ofan greinir.

3. Slysdagsverðmæti sé skipt í tvo hluta, annars vegar verðmæti þess, er til fellur frá slysdegi til útreikningsdags, og hins vegar verðmæti þess, sem til fellur eftir útreikningsdag.

Þegar stuðzt er við upplýsingar Lífeyrissjóðs sjómanna, sem greint er frá í útreikningi mínum frá 7/4 1988 á verðmæti makalífeyris frá sjóðnum, verða fjárhæðir þess makalífeyris sem hér segir:

Árið	1983, juní-des.	kr. 11.165.-
„	1984	„ 21.006.-
„	1985	„ 28.265.-
„	1986	„ 35.185.-
„	1987	„ 50.545.-
„	1988	„ 59.555.-
„	1989	„ 67.100.-
Eftir þann tíma á ári		„ 72.720.-

Séu Guðnýju reiknuð laun vegna húsmóðurstarfa á heimili barnlausra hjóna, eins og ég er varnur að reikna slík laun, verða árleg laun vegna heimilisstarfanna sem hér segir:

Árið	1983, frá slysdegi	kr. 96.638.-
„	1984	„ 108.978.-
„	1985	„ 148.670.-
„	1986	„ 187.376.-
„	1987	„ 251.542.-
„	1988	„ 301.511.-
„	1989	„ 336,228.-
Eftir þann tíma		„ 361.746.-

Með skírskotun til framangreindra óska hef ég reiknað slysdagsverðmæti makalífeyris og reiknaðra launa vegna heimilisstarfa mið-

að við áðurnefnda þrjá útreikningsdaga. Er þá reiknað með árlegum fjárhæðum, eins og þær hefðu verið tilgreindar á hverjum tíma, þ.e. eins og þá var bezt vitað, og eru þær því í samræmi við þær launafjárhæðir, sem við var miðað í hverjum útreikningi fyrir sig. Enn fremur er niðurstöðutölum hvers útreiknings skipt í samræmi við 3. lið hér að framan, og verða þá fjárhæðir sem hér segir:

	Verðmæti vegna tíma til útrd. Kr.	*Verðmæti vegna tíma eftir útrd. Kr.*	*Verðmæti samtals Kr.*
Útreikn. 03.09.1984:			
Framfærslueyrir ekkju (hálfar vinnut. P.A.B.)	158.564.-	1.448.262.-	1.606.826.-
8 ára slysabætur almtr.	50.679.-	227.056.-	277.735.-
Hálfar vinnut. G.Þ.B.	56.126.-	499.690.-	555.816.-
Makalífeyrir Lsj. sjóm.	20.479.-	195.482.-	215.961.-
Laun v. húsmóðurstarfa	109.841.-	1.074.040.-	1.183.881.-
Útreikn. 29.07.1987 reikn. með vöxtum og vaxtav.:			
Framfærslueyrir ekkju (hálfar vinnut. P.A.B.)	564.653.-	1.843.891.-	2.408.544.-
8 ára slysabætur almtr.	191.358.-	193.075.-	384.433.-
Hálfar vinnut. G.Þ.B.	199.504.-	631.979.-	831.483.-
Makalífeyrir Lsj. sjóm.	75.972.-	287.144.-	363.116.-
Laun v. húsmóðurstarfa	399.596.-	1.536.378.-	1.935.974.-
Útreikn. 29.07.1987 reikn. með einföldum vöxtum:			
Framfærslueyrir ekkju (hálfar vinnut. P.A.B.)	599.691.-	2.118.700.-	2.718.391.-
8 ára slysabætur almtr.	203.581.-	221.850.-	425.431.-
Hálfar vinnut. G.Þ.B.	211.868.-	726.167.-	938.035.-
Makalífeyrir Lsj. sjóm.	80.866.-	329.938.-	410.804.-
Laun v. húsmóðurstarfa	425.102.-	1.765.356.-	2.190.458.-

Útreikn. 18.01.1990 reikn. með vöxtum og vaxtav.:			
Framfærslueyrir ekkju (hálfar vinnut. P.A.B.)	995.888.-	1.853.768.-	2.849.656.-
8 ára slysabætur almtr.	330.553.-	74.762.-	405.315.-
Hálfar vinnut. G.Þ.B.	353.780,-	631.368.-	985.148.-
Makalífeyrir Lsj. sjóm.	134.929.-	277.270.-	412.199.-
Laun v. húsmóðurstarfa	694.491..-	1.379.280.-	2.073.771.-
Útreikn. 18.01.1990 reikn. með einföldum vöxtum:			
Framfærslueyrir ekkju (hálfar vinnut. P.A.B.)	1.140.003.-	2.483.687.-	3.623.690.-
8 ára slysabætur almtr.	378.117.-	100.166.-	478.283.-
Hálfar vinnut. G.Þ.B.	404.878.-	845.910.-	1.250.788.-
Makalífeyrir Lsj. sjóm.	154.774.-	371.488.-	526.262.-
Laun v. húsmóðurstarfa	794.943.-	1.847.965.-	2.642.908.-

Um verðmæti eingreiðslu dánarbóta frá slysatryggingum sjómanna vísast til útreikningsins 29. júlí 1987."

Í útreikningi 29. júlí 1987 segir: „Verðmæti þess hluta áðurnefndrar eingreiðslu, sem ekkjan hefur fengið, reiknast mér nema á slysdegi kr. 62.314.-. Hér verður enginn munur á reikningsaðferðum vaxta."

Í skattframtölum áfrýjanda, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að launatekjur hennar voru sem hér segir árin 1984-1988:

Árið	1984	101.169	krónur
„	1985	301.452	—
„	1986	411.681	—
„	1987	572.884	—
„	1988	710.209	—

III.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykir áfrýjandi ekki hafa sýnt fram á, að bætur til hennar vegna fráfalls eiginmanns hennar hafi verið of lágt ákveðnar í héraði. Ber því að staðfesta

niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um fjárhæð bóta, en vextir ákveðast svo sem greinir í dómsorði.

Niðurstaða héraðsdóms um málskostnað verður staðfest.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, þrotabú Rafns h/f, greiði áfrýjanda, Guðnýju Þ. Böðvarsdóttur, 200.000 krónur með 42% ársvöxtum frá 13. maí 1983 til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október 1983, 32% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 11. ágúst 1984, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 13% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 9% frá þeim degi til 21. janúar 1987, 10% frá þeim degi til 21. febrúar 1987 og 11% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 19. gr. laga nr. 9/1989, frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti eftir 14. apríl 1987 má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988, og reikna nýja dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð.

Stefndi greiði 65.000 krónur í málskostnað í héraði til ríkissjóðs.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar og Bjarna K. Bjarnasonar.

Við erum samþykkir röksemdum héraðsdómara um grundvöll bóta til áfrýjanda úr hendi stefnda, en við teljum óbætt heildartjón áfrýjanda hæfilega metið 260.000 krónur og beri að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum svo sem í atkvæði meirihluta dómenda greinir.

Við teljum, að ákvæði héraðsdóms um málskostnað, gjafsóknarkostnað og gjafsóknarlaun eigi að vera óröskuð og stefnda beri að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 25. maí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 28. apríl sl., höfðaði Guðný Böðvarsdóttir, nnr. 3151-0546, Eyjabakka 5, Reykjavík, með stefnu birtri 2. október 1987 á hendur Rafni hf., nnr. 7126-6095, Strandgötu 8-10, Sandgerði.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi aðalkröfu og varakröfu um kr. 18.725, og eru því dómkröfur stefnanda aðallega þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 1.045.881 með 42% ársvöxtum frá 13. maí 1983 til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst, með 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987, með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu þessarar og með dráttarvöxtum eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. maí 1984, til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 1.167.180 með 42% ársvöxtum frá 13. maí 1983 til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars

1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. júlí 1987, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. ágúst 1987, með 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 14. september 1987, með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til útgáfudags stefnu þessarar og með dráttarvöxtum eins og þeir verða ákveðnir af Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti þannig, að vextir fyrir tímabilið 14. apríl 1987 til 14. apríl 1988 leggist við höfuðstól 14. apríl 1988 og síðan á hverju 12 mánaða tímabili.

Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt 10% sérstökum söluskatti skv. lögum nr. 68/1987. Þess er krafist, að staðfest verði með dómi, að málskostnaður ásamt söluskatti beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá dómsuppsögudegi til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda. Einnig krefst hann málskostnaðar að skaðlausu sér til handa að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að í maí 1983 hóf eiginmaður stefnanda, Pétur A. Berthelsen, störf á mb. Mumma, GK-120, sem gerður er út af stefnda. Föstudaginn 14. maí 1983 kl. 10.30, er skipið var statt u.þ.b. klukkustundarsiglingu í vestur frá Grindavík, varð Pétur fyrir slysi við störf sín í skipinu með þeim afleiðingum, að hann var látinn, er skipið kom til hafnar í Grindavík klukkustund síðar. Slysið vildi þannig til, að þegar verið var að láta trollið fara, brotnaði kengur, sem hlerakeðjan var húkkuð á, en kengurinn var soðinn á gálgann. Þegar hlerinn datt niður, strekktist á togvírnum, sem þá slóst í Pétur, sem missti strax meðvitund.

Sjópróf var haldið vegna slyssins í bæjarþingi Keflavíkur 19. maí 1983. Þar kemur fram, að yfirleitt hafi önnur festing verið notuð við upphengingu á gálganum. Í skýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árið 1983 kemur fram, að suðan á kengnum hafi verið mjög léleg.

Tjón stefnanda vegna tapaðrar framfærslu vegna láts eiginmanns hennar hefur verið reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, fyrst 3. september 1984 og einnig 29. júlí 1987.

Lögmaður stefnanda kveðst hafa ritað stefnda í júlí 1985 og krafið fyrir-

tækið um bætur þessar. Engin svör hafi borist frá stefnda þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um að taka afstöðu til bótakröfunnar. Sé því málsókn þessi nauðsynleg. Stefnandi hefur fengið gjafsókn með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 3. júní 1987.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og gefið aðilaskýrslu. Í henni kemur fram m.a., að dóttir hennar, sem ólst upp á heimili stefnanda, var 19 ára gömul, er slysið varð. Þar kemur einnig fram, að stefnandi hefur starfað í Búnaðarbanka Íslands síðan á árinu 1984 og verið í sambúð frá því í apríl 1987. Þá kemur fram, að þegar maki hennar féll frá, hafi fjárhagur þeirra verið fremur bágborinn og skýringin á því misjafnt gengi manns hennar við tekjuöflun, þar sem hann var sjómaður og tekjur því sveiflukenndar. Einnig kemur þar fram, að stefnandi hafi verið frá vinnu í hálft annað ár eftir slysið vegna bakveiki.

Dómkröfur stefnanda eru studdar þeim rökum, að hún telur stefnda vera bótaskyldan skv. reglum skaðabótaréttarins. Í fyrsta lagi er bent á reglur um hlutlæga ábyrgð í hættulegum atvinnurekstri. Í öðru lagi er bent á hlutlæga ábyrgð vegna bilunar eða galla í búnaði, en regla af því tagi hafi ótvíræða stoð í dómaframkvæmd. Verði ekki fallist á ábyrgð á framangreindum grundvelli, er í þriðja lagi bent á ábyrgð vegna mistaka og vanrækslu fyrirsvarsmanna stefnda, starfsmanna hans eða manna, sem hann með einhverjum hætti ber ábyrgð á.

Sundurliðar stefnandi dómkröfur sínar þannig:

1. Aðalkrafa:	
a) Tjón vegna missis framfæranda	2.408.544
Frádregnar vinnutekjur stefnanda	(831.483)
Frádregnar bætur úr slysatryggingu almannatrygginga	(384.433)
Frádregnar bætur úr slysatryggingu sjómanna	(384.433)
Frádreginn hluti stefnanda í eingreiðslubótum slysatryggingar sjómanna	(62.314)
	745.881
b) Miskabætur	300.000
	1.045.881
2. Varakrafa:	
a) Tjón vegna missis framfæranda	2.718.391
Frádregnar vinnutekjur stefnanda	(938.035)
Frádregnar bætur úr slysatryggingu almannatrygginga	(425.431)

Frádregnar bætur úr slysatryggingu sjómanna	(425.431)
Frádreginn hluti stefnanda í eingreiðslubótum slysatryggingar sjómanna	(62.314)
	867.180
b) Miskabætur	300.000
	1.167.180

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi í raun ekki orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjóni vegna fráfalls eiginmanns síns í umrætt sinn. Bótaskyldu sem slíkri er ekki mótmælt, en því haldið fram af hálfu stefnda, að ekki hafi verið sýnt fram á raunverulegt fjárhagslegt tjón stefnanda, sem rekja megi til atburðar þessa.

Í kröfugerð stefnanda sé ekki tekið tillit til þeirrar staðreyndar, að stefnandi hafi notið og muni njóta um ókomin ár greiðslna frá Lífeyrissjóði sjómanna, en eiginmaður hennar hafi átt réttindi í þann sjóð er hann féll frá, og telur, að draga eigi frá, áður en endanlegar bætur eru reiknaðar út, og við munnlegan málflutning miðast við, að 60% verðmætis þeirra bóta eða kr. 309.136 og vísar til dómskjals nr. 16 varðandi þá fjárhæð. Þá telur stefndi, að ekki hafi verið tekið tillit til þess, að venja sé að lækka bætur í málum sem þessum vegna skattfrelsis bóta og hagræðis af eingreiðslu.

Stefndi hefur í greinargerð mótmælt sérstaklega vaxtaútreikningi stefnanda og því, að „miskabótakrafa" sé allt of há.

Stefndi hefur ekki andmælt útreikningi á heildartjóni skv. varakröfu stefnanda, en útreikningi skv. aðalkröfu hefur hann mótmælt vegna kröfu um, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. maí 1984.

Dómurinn telur, að krafa um vaxtavexti, svo sem aðalkrafa gerir ráð fyrir, hafi ekki stoð í lögum, en hins vegar standist vaxtakrafa skv. varakröfu stefnanda lög, og verður hún því lögð til grundvallar, enda hefur hún ekki sætt andmælum.

Dómurinn lítur svo á, að kröfu stefnanda um miskabætur beri að skilja sem kröfu, er felur í sér kröfu um bætur fyrir röskun á stöðu og högum.

Stefndi hefur ekki mótmælt bótaskyldu, heldur er ágreiningur aðila varðandi, hvaða liðir skuli koma til frádráttar á heildartjóninu og hversu háir þeir skuli vera.

Það er álit dómsins, að beita skuli hlunnindafrádrætti vegna eingreiðslu og skattfrelsis bóta.

Þegar litið er til aðstæðna stefndu og þeirra atriða, er hér skipa máli, og að teknu tilliti til þeirra lífeyrissjóðsréttinda, sem hún öðlast, þykja

hæfilegar bætur vera kr. 200.000, þar með taldar bætur fyrir röskun á stöðu og högum, og beri sú fjárhæð vexti eins og krafist er í varakröfu stefnu.

Dæma ber stefnda til þess að greiða 65.000 kr. í málskostnað í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður kr. 160.000, þar með talin laun skipaðs talsmanns stefnanda, Erlu S. Einarsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 135.000, þar með talinn söluskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi Rafn hf., greiði stefnanda, Guðnýju Böðvarsdóttur, kr. 200.000 með 42% ársvöxtum frá 13. maí 1983 til 21. september 1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 14. júní 1987, með 2,8% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 14. júlí 1987, með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 14. ágúst 1987, með 3,4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 14. september 1987, en með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 24. september 1987 og með dráttarvöxtum eins og þeir ákveðast af Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 14. apríl 1988.

Stefndi greiði kr. 65.000 í málskostnað í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður kr. 160.000, þar með talin laun skipaðs talsmanns stefnanda, Erlu S. Árnadóttur héraðsdómslögmanns, kr. 135.000, þar með talinn söluskattur, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrafarfrestur vegna tildæmdra krafna skal vera 15 dagar.

Þriðjudaginn 5. júní 1990.

Nr. 68/1990. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kristínu Ástríði Pálsdóttur
(Stefán Pálsson hrl.).

Manndráp af gáleysi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1990 til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og til sviptingar ökuréttinda.

Ákærða krefst sýknu af kröfum ákæruvalds.

Fram er komið, að strætisvagninn, sem ákærða ók, var búinn ónegldum snjóhjólbörðum.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara. Varðar háttsemi ákærðu við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 2. mgr., stafliði a, h og k, 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 100. gr. umferðarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 101. gr. umferðarlaga verður ákærðu ákveðin ökuleyfissvipting í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað málsins svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Ákærða, Kristín Ástríður Pálsdóttir, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi

ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða er svipt rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans og dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjunarkostnað málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. desember 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 13. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 621/1989: Ákæruvaldið gegn Kristínu Ástríði Pálsdóttur, sem tekið var til dóms 7. desember sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 17. ágúst sl., á hendur ákærðu, „Kristínu Ástríði Pálsdóttur, Hátúni 39, Reykjavík, kennitala 230638-2259, fyrir að aka, fimmtudaginn 19. janúar 1989, strætisvagninum R-14116 í hálku norður Kaplaskjólsveg í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður, með þeim afleiðingum að Jórunn Ingvarsdóttir, fædd 24. október 1910, sem gekk austur yfir götuna varð fyrir vagninum, gegnt húsi nr. 67. Við þetta hlaut Jórunn mikla áverka á höfuð og brjósthol, sem leiddu til dauða hennar þann 25. febrúar 1989.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 2. mgr., stafliði a, h og k, 36. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu Magnúsar G. Arnessonar löreglumanns í Reykjavík barst lögreglu kl. 13.30 hinn 19. janúar sl. tilkynning um, að umferðarslys

hefði átt sér stað við Kaplaskjólsveg 67. Þar hafði gangandi vegfarandi, Jórunn Ingvarsdóttir, fædd 24. október 1910, orðið fyrir strætisvagninum R-14116. Hafði vagninum verið ekið norður götuna og Jórunn, sem var á leið austur yfir hana, lent framan á vagninum, vinstra megin við miðju, og dregist um 4 metra með honum. Er að var komið, lá Jórunn skorðuð á hliðinni innan við vinstra framhjól vagnsins. Kom sjúkrabifreið með lækni innanborðs á vettvang, og var Jórunn, sem var mikið slösuð, lögð inn á gjörgæsludeild Borgarspítalans.

Samkvæmt lögregluskýrslu var dagsbirta greint sinn, en skýjað. Hálka var á malbikuðu yfirborði götunnar, sem var þakið snjó.

Á vettvangi mældust hemlaför vagnsins 19,6 m eftir hægri hjól og 18,6 m eftir vinstri hjól. Vagninn var hemlaprófaður á vettvangi á 40 km hraða miðað við klukkustund, og mældust þá hemlaför eftir hægra hjól 16,8 m og vinstri 12,9 m. Þá var vagninn skoðaður af bifreiðaeftirlitsmanni. Í skýrslu hans um skoðunina segir, að hjólbarðar vagnsins hafi verið ónegldir, en góðir, rúður hafi verið hreinar og rúðuþurrkur og flauta í lagi. Við hemlaprófun á verkstæði Strætisvagna Reykjavíkur reyndust hemlar vagnsins vera í lagi. Við meðferð málsins upplýsti bifreiðaeftirlitsmaðurinn, að er hemlaprófun hafi farið fram á vettvangi, hefði mótstaða á götunni fyrir vinstri og hægri hjól verið mismikil og skýri það ójöfn hemlaför á vettvangi.

Í vottorði Veðurstofu Íslands um veður kl. 12 umræddan dag segir, að vindátt hafi verið suðsuðvestan 7 vindstig, él hafi verið á síðustu klukkustund, skyggni 30 km og hitastig ÷2,8 C°. Í sama vottorði segir, að kl. 15 sama dag hafi verið sunnan 7 vindstig, él hafi verið á síðustu klukkustund, skyggni 30 km og hitastig ÷1,5 C°.

Jórunn Ingvarsdóttir lést hinn 25. febrúar sl. af völdum áverka þeirra, er hún hlaut í slysinu. Segir í krufningarskýrslu, að áverkar hafi verið mestir á höfði og brjóstholi. Þá sýndi krufningin heilamar, og segir, að sú skemmd, ásamt öndunarerfiðleikum, hafi valdið dauða hennar.

Ákærða, Kristín Ástríður Pálsdóttir, ók vagninum umrætt sinn norður Kaplaskjólsveg. Kveðst ákærða ekki hafa litið á hraðamælinn, en telur, að hraðinn hafi verið um 40 km og þá hafi mikil hálka verið á götunni. Ákærða kveðst hafa séð Jórunni ganga út á akbrautina í austurátt, en veit ekki, hve langt var í hana, er hún kom auga á Jórunni. Er ákærða hafi séð, að Jórunn hélt rakleiðis út á akbrautina og virtist ekki hafa orðið vör við strætisvagninn, kveðst ákærða hafa flautað. Hafi þá verið þó nokkur vegalengd milli vagnsins og Jórunnar. Hafi Jórunn haldið áfram og ákærða þá hemlað og sveigt vagninn til hægri til að forða (sic) því, að hann lenti á henni. Það hafi ekki tekist og Jórunn lent framan á vagninum vinstra megin.

Ákærða tók fram við meðferð málsins, að hemlunarmæling á vettvangi hefði farið fram án farþega, en hemlunarvegalengd sé lengri eftir því, sem strætisvagninn sé þyngri.

Vitnið Pétur Þormar kveðst hafa setið fremst hægra megin í strætisvagninum greint sinn. Er vagninum var ekið norður Kaplaskjólsveg, kveðst vitnið hafa séð konu fram undan, og hafi hún gengið hokin austur yfir götuna. Hafi vagnstjórinn flautað tvisvar til þrisvar, tímanlega að mati vitnisins, en konan ekki virst taka eftir því, hvorki litið til hægri né vinstri og haldið ótrauð áfram. Hafi vagninn ekki verið á mikilli ferð, í mesta lagi 40 km hraða miðað við klukkustund, og er vitnið hafi fundið, að hann rann eftir akbrautinni, hafi það skynjað, hve hálkan hafi verið mikil, og er vagninn hafi hafnað á konunni, hafi ferð hans verið orðin mjög lítil og vitnið álitið, að þarna hefði ekki orðið neitt stórslys.

Vitnið Ásta Jónsdóttir kveðst hafa setið mjög aftarlega í strætisvagninum, er honum var ekið norður Kaplaskjólsveginn, og ekkert hafa orðið vart við konuna, fyrr en vagninn lenti á henni. Kveðst vitnið hafa orðið vart við að vagnstjórinn hemlaði, og hafi komið hlykkur á vagninn við það. Fannst vitninu vagninn renna lengi, áður en hann staðnæmdist. Vitnið kveðst ekki geta sagt til um hraða vagnsins, en því hafi fundist honum vera ekið létt miðað við þá hálku, sem verið hafi á götum.

Vitnið Hjalti Már Einarsson kveðst hafa setið fremst hægra megin í vagninum. Kveðst vitnið hafa orðið vart við konuna, rétt áður en vagninn lenti á henni. Hafi konan gengið fremur hratt áleiðis yfir götuna og hún verið með hatt á höfði og hvorki litið til hægri né vinstri. Hafi vagnstjórinn flautað og flautað og síðan hemlað rétt á eftir, en vagninn runnið í hemlunum á konuna. Kveður vitnið, að vagninn hafi, að mati vitnisins, ekki verið á mikilli ferð, er honum hafi verið hemlað.

Niðurstaða.

Á vegarkafla þeim, er slysið varð, er hámarkshraði 50 km á klukkustund, miðað við bestu hugsanlegar aðstæður. Fyrir liggur í málinu, að mikil hálka og snjór var á götunni, er atburðurinn átti sér stað. Ákærða kveðst hafa ekið vagninum á 40 km hraða miðað við klukkustund. Samkvæmt niðurstöðu hemlunarmælingar á vettvangi mældust hemlaför eftir hægri hjól 19,6 m og 18,6 m eftir vinstri. Er hemlaför voru mæld á vettvangi og vagninum hemlað á 40 km hraða miðað við klukkustund, mældust hemlaför eftir hægri hjól 16,8 m og 12,9 m eftir vinstri. Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærða hefur greint sinn ekið strætisvagninum R-14116 norður Kaplaskjólsveg, í hálku, of hratt miðað við aðstæður og án nægjanlegrar aðgæslu, með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir. Varðar þessi háttsemi ákærðu við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940

og 1. og 2. mgr., stafliði a og k, 36. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Á hinn bóginn þykir ljóst af framburði ákærðu og vitna, að Jórunn heitin hafi sýnt af sér þó nokkurt gáleysi með því að ganga rakleitt út á akbrautina án þess að gæta að umferð og hún með því orðið meðvöld að því, hvernig fór.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún aldrei sætt refsingu.

Refsing.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og verður refsingin ákveðin með hliðsjón af 77. gr. fyrrnefndra laga. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi 15 daga.

Ökuréttindasvipting.

Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga skal svipta mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuréttindi.

Ekki þykir sýnt af gögnum málsins, að ákærða, sem aldrei hefur sætt refsingu af neinu tagi, hafi orðið, þrátt fyrir gáleysi, ber að svo vítaverðum akstri, að telja verði varhugavert vegna umferðaröryggis, að hún hafi ökuréttindi. Þykir því bera að sýkna ákærðu af kröfu ákæruvaldsins um ökuréttindasviptingu.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Kristín Ástríður Pálsdóttir, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 15 daga.

Ákærða er sýknuð af kröfu ákæruvaldsins um ökuréttindasviptingu.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., 40.000 krónur.

Miðvikudaginn 6. júní 1990.

Nr. 451/1989 og 452/1989.

Ákæruvaldið
(Bragi Steinarsson ríkissaksóknari ad hoc)
gegn
Herði Ólafssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Eignaupptaka. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað til Hæstaréttar tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. maí 1989 og 9. október 1989. Með dóminum 31. maí 1989, hæstaréttarmál nr. 451/1989, var ákærði dæmdur til að sæta varðhaldi í 2 mánuði og sæta upptöku bifreiðarinnar R-33252, en með dóminum 9. október 1989, hæstaréttarmál nr. 452/1989, var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi. Var þar um að ræða hegningarauka við dóminn frá 31. maí. Jafnframt var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt. Báðum málunum er áfrýjað að ósk ákærða með áfrýjunarstefnum 2. nóvember 1989.

Af hálfu ákæruvalds er málunum einnig áfrýjað og krafist „staðfestingar beggja hinna áfrýjuðu dóma að því er varðar sakfellingu í einstökum ákæruliðum og greiðslu sakarkostnaðar en jafnframt, að refsing ákærða, samanlögð samkvæmt báðum dómum, sbr. 1. mgr. 79. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, verði þyngd". Einnig er krafist staðfestingar á ákvæðum um sviptingu ökuréttinda ákærða ævilangt og um, að ákærða verði gert að sæta upptöku á bifreiðinni R-33252.

Í hæstaréttarmálinu nr. 451/1989 gerir verjandi ákærða þær dómkröfur aðallega, að héraðsdómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Reykjavíkur verði dæmd ógild og málinu vísað heim í hérað til löglegrar efnismeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju, en til vara, að ákærða verði ekki gerð refsing og hann sýknaður af kröfu ákæruvaldsins um upptöku bifreiðarinnar R-33252. Í hæstaréttar-

málinu nr. 452/1989 krefst verjandi aðallega, að ákærða verði ekki gerð refsing, en til vara, að refsing verði verulega lækkuð.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 23. desember 1988 lagði lögreglustjórinn í Reykjavík að kröfu ríkissaksóknara hald á bifreið ákærða. Ákærði krafðist úrskurðar um haldlagninguna hjá sakadómi Reykjavíkur. Júlíus B. Georgsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, kvað hinn 13. janúar 1989 upp úrskurð um ágreiningsefni þetta. Í úrskurðarorði segir meðal annars svo: „Hald það sem lögreglan í Reykjavík lagði á bifreiðina R-33252, eign úrskurðarbeiðanda, skal óhaggað standa."

Verjandi ákærða byggir ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína í máli nr. 451/1989 aðallega á því, að með ofangreindum úrskurði, sem kveðinn var upp á rannsóknarstigi, hafi fulltrúinn tekið efnislega afstöðu til málsins. Fulltrúinn hafi starfað á ábyrgð yfirsakadómarans í Reykjavík. Hafi þetta leitt til þess, að yfirsakadómari og fulltrúar hans hafi orðið vanhæfir til að dæma í máli þessu, þar á meðal Halla Bachmann Ólafsdóttir, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm 31. maí 1989. Vísar verjandinn í þessu sambandi til mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954, og dóm Hæstaréttar 9. janúar 1990.

Þegar héraðsdómarinn í ofangreindu máli fjallaði um upptöku á bifreið ákærða í dómi sínum, skírskotaði hann til tveggja dóma sakadóms Reykjavíkur frá 11. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989 í málum ákærða. Þessa dóma hafði Hæstiréttur ómerkt með dómum sínum 29. maí 1989. Þrátt fyrir það lagði héraðsdómarinn efnisdóm á kröfu ákæruvaldsins um upptöku bifreiðarinnar með vísan til þess, að ákærurnar stæðu óhaggaðar og biðu efnisdóms. Verður að líta svo á, að ekki hafi verið lagagrundvöllur til að taka kröfuna til efnismeðferðar á þessum tíma á þann hátt, sem héraðsdómarinn gerði. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja ákvæði dómsins um upptöku bifreiðar ákærða, og eins og hér stendur á, þykir verða að vísa kröfu ákæruvaldsins um upptöku frá héraðsdómi.

Héraðsdómarinn, Júlíus B. Georgsson, fjallaði um haldlagningu á bifreiðinni. Kröfu ákæruvalds um eignaupptöku verður sam-

kvæmt framansögðu vísað frá héraðsdómi. Eigi eru ástæður til að ómerkja héraðsdóminn frá 31. maí 1989 að öðru leyti.

II.

Héraðsdómur 31. maí 1989.

Svo sem lýst er í næsta kafla hér á undan, verður kröfu ákæruvalds um upptöku bifreiðar ákærða vísað frá héraðsdómi.

Brotum ákærða er rétt lýst í héraðsdómi. Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsiákvæða.

III.

Héraðsdómur 9. október 1989.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sakarmat og heimfærslu til refsiákvæða.

IV.

Telja verður, að ákærði hafi verið sakhæfur, er hann framdi brot sín. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Svipta ber ákærða ökuréttindum ævilangt frá 18. nóvember 1986 að telja.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Þá greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms frá 31. maí 1989 um upptöku bifreiðarinnar R-33252 er ómerkt og kröfu ákæruvalds um upptöku vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 18. nóvember 1986 að telja.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. maí 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 31. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 259/1989: Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði Bragi Steinarsson, skipaður sérstakur ríkissaksóknari, með ákæruskjali, dagsettu 16. janúar 1989, gegn ákærða, Herði Ólafssyni, til heimilis að Njálsgötu 87 hér í borg, fæddum 12. september 1921 á Ísafirði, „fyrir að aka, föstudaginn 23. desember 1988, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni R-33252 austur Njálsgötu í Reykjavík að heimili sínu, en þar hafði lögreglan afskipti af honum strax að loknum akstri.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að þola, samkvæmt 1., sbr. 2. tölulið 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, upptöku bifreiðarinnar R-33252 af gerðinni Renault 5 turbo, árgerð 1986, með föstu skráningarnúmeri IZ609, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Mál þetta höfðaði framangreindur ríkissaksóknari ennfremur með ákæruskjali, dagsettu 18. janúar 1989, gegn ákærða, Herði Ólafssyni, „fyrir að aka bifreiðinni R-33252 fjórum sinnum á árinu 1988, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Föstudaginn 19. ágúst, austur Suðurlandsbraut í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

2) Sunnudaginn 11. september, frá Korpúlfsstöðum í Reykjavík áleiðis að Vesturlandsvegi, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

3) Fimmtudaginn 29. september, vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

4) Laugardaginn 1. október, austur Laugaveg í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Nóatún.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Mál þetta höfðaði áðurnefndur ríkissaksóknari að lokum með ákæruskjali, dagsettu 8. mars 1989, gegn ákærða „fyrir að aka tvisvar á árinu 1988 bifreiðinni R-33252 um götur í Reykjavík, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Laugardaginn 13. ágúst, suður Snorrabraut, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

2) Miðvikudaginn 24. ágúst, suður Barónsstíg, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Grettisgötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði, sem er hæstaréttarlögmaður, hefur sjálfur haldið uppi vörnum fyrir sig. Hann hefur í bréfi, er fylgdi málsvörn, krafist sýknu í málinu og málskostnaðar. Þá hefur ákærði í bréfi, dags 19. þ.m., krafist dóms í málinu í næstu viku á eftir.

Málavextir eru sem hér segir, samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum málsins.

Ákærði, Hörður Ólafsson, var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða hjá lögreglustjóranum í Reykjavík samkvæmt 6. mgr. 81. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 103. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, með ákvörðun frá 8. apríl 1986, sem birt var ákærða 18. nóvember sama ár, vegna ætlaðs ölvunaraksturs. Ákvörðunin um sviptinguna var borin undir sakadóm Reykjavíkur, og var ákveðið með úrskurði þann 21. apríl 1987, að hún skyldi haldast. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn með dómi uppkveðnum 6. maí sama ár. Hefur ökuleyfissvipting ákærða staðið óhögguð síðan.

Ákæra, dagsett 16. janúar 1989.

Föstudaginn 23. desember 1988 barst lögreglumönnum, sem voru á eftirlitsferð, tilkynning frá fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, að bifreiðin R-33252 væri í akstri og að ökumaður hennar væri sviptur ökuréttindum.

Um kl. 16.32 veittu lögreglumenn bifreiðinni athygli, þar sem henni var ekið austur Njálsgötu og lagt í bifreiðastæði við hús nr. 87 við sömu götu. Lögreglumaðurinn Hafsteinn R. Kristjánsson hafði tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, Herði Ólafssyni. Í viðræðum þeirra bar ákærði, að hann teldi sig ekki vera sviptan ökuréttindum þrátt fyrir dóm sakadóms Reykjavíkur frá 11. nóvember 1988, þar sem hann hefði áfrýjað dóminum til Hæstaréttar Íslands, og teldi hann, að áfrýjun frestaði réttaráhrifum dómsins að þessu leyti.

Í kjölfar þessa var bifreiðin R-33252 færð í vörslu lögreglunnar að boði Jónasar J. Hallssonar aðalvarðstjóra, en með bréfi ríkissaksóknara dagsettu 7. nóvember 1988 til lögreglustjórans í Reykjavík lagði hann fyrir, að hald yrði lagt á bifreið ákærða, yrði hann staðinn að því að aka sviptur ökuréttindum, í ljósi bréfs, sem ákærði ritaði sjálfur til ríkissaksóknara, dagsetts 4. nóvember sama ár, þar sem ákærði lýsir því yfir, að þrátt fyrir bráðabirgðasviptingu ökuréttinda hefði hann ekið bifreið daglega frá 14. febrúar 1988.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 föstudaginn

23. desember sl. sviptur ökuréttindum austur Njálsgötu í Reykjavík að heimili sínu Njálsgötu 87, þar sem lögreglan hafi haft afskipti af sér strax að loknum akstri.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um það, sem að framan greinir. Varðar brot hans við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 18. janúar 1989.

1) Föstudaginn 19. ágúst sl. um kl. 11.10 voru lögreglumenn á eftirlitsferð, er þeir veittu bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið austur Suðurlandsbraut, og stöðvuðu þeir akstur hennar skömmu síðar á sömu götu. Lögreglumenn höfðu tal af ökumanni bifreiðarinnar, Herði Ólafssyni, ákærða í máli þessu, og færðu hann á lögreglustöð fyrir varðstjóra, þar sem ákærði hafði verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum austur Suðurlandsbraut föstudaginn 19. ágúst sl., uns lögregla stöðvaði frekari akstur hans.

2) Sunnudaginn 11. september um kl. 16.45 voru lögreglumenn á eftirlitsferð, er þeir veittu bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið frá Korpúlfsstöðum í átt að Vesturlandsvegi. Lögreglumenn veittu bifreiðinni eftirför, þar sem þeir höfðu grun um, að ökumaður væri sviptur ökuréttindum. Stöðvuðu þeir akstur hennar skömmu síðar og ræddu við ökumann, ákærða Hörð. Ákærði bar, að hann hefði ekki ökuskírteini, þar sem hann hefði verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, en hann myndi halda áfram að aka þrátt fyrir það, þar sem fullnaðardómur hefði ekki gengið í málinu.

Ákærði hefur játað að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum 11. september sl. frá Korpúlfsstöðum í átt að Vesturlandsvegi, þar sem lögreglan hafi stöðvað frekari akstur hans.

3) Fimmtudaginn 29. september 1988 um kl. 11.30 veittu lögreglumenn í umferðareftirliti bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið vestur Suðurlandsbraut, og stöðvuðu þeir þegar akstur bifreiðarinnar, þar sem þeim var kunnugt um, að ökumaður hennar, ákærði Hörður, væri sviptur ökuréttindum. Ákærði var síðan færður fyrir varðstjóra.

Ákærði hefur borið að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum vestur Suðurlandsbraut í Reykjavík 29. september sl., uns frekari akstur var stöðvaður af lögreglu.

4) Laugardaginn 1. október 1988 um kl. 17.50 voru lögreglumenn á eftirlitsferð á Laugavegi, er þeir veittu ákærða athygli, þar sem hann ók bifreið-

inni R-33252 austur þá götu að mótum Laugavegar og Nóatúns. Lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða, Harðar Ólafssonar, þar sem þeir vissu, að hann væri sviptur ökuréttindum, og var hann fluttur á lögreglustöðina ásamt bifreiðinni.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum austur Laugaveg í Reykjavík laugardaginn 1. október sl., uns lögregla hafi stöðvað frekari akstur á mótum Laugavegar og Nóatúns.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessari ákæru. Varða brot hans við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 8. mars 1989.

1) Laugardaginn 13. ágúst 1988 um kl. 20.38 var lögreglumaður á eftirlitsferð, er hann veitti bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið suður Snorrabraut. Stöðvaði hann akstur ökumanns, ákærða í máli þessu, þar sem hann vissi, að hann væri sviptur ökuréttindum. Ákærði, Hörður Ólafsson, var færður fyrir varðstjóra, en maður, sem var með honum í bifreiðinni, tók við stjórn hennar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 laugardaginn 13. ágúst sl. sviptur ökuréttindum, uns lögregla stöðvaði frekari akstur á Snorrabraut.

2) Miðvikudaginn 24. ágúst sl. um kl. 17.00 veittu lögreglumenn bifreiðinni R-33252 athygli, þar sem henni var ekið suður Barónsstíg að Grettisgötu. Lögreglumenn stöðvuðu akstur ökumanns, ákærða í máli þessu. Ákærði, Hörður Ólafsson, bar í viðræðum við lögreglumenn, að hann hefði fullgild ökuréttindi. Lögreglumenn höfðu þá samband við fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, sem veitti þær upplýsingar, að ákærði væri sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, og var hann því færður fyrir varðstjóra.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 sviptur ökuréttindum mánudaginn 24. ágúst sl. suður Barónsstíg, uns lögregla stöðvaði frekari akstur við Grettisgötu.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir í þessari ákæru. Varða brot hans við 1. mgr. 48. gr. laga nr. 50, 1987.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða dags. 31. maí 1989 hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

[Ákærði hefur níu sinnum sæst á greiðslu sekta, þar á meðal einu sinni (1982) fyrir ölvunarakstur, og sætt fimm refsidómum, þar af fjórum fyrir umferðarlagabrot (ölvunarakstur o.fl.). Tveir síðustu þessara dóma (uppkv. 11. nóv. 1988 og 13. febrúar 1989) voru ómerktir með dómi Hæstaréttar 29. maí 1989 og málunum vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.]

Svo sem í sakavottorði ákærða greinir, hefur hann þrisvar áður hlotið dóm fyrir að aka bifreið, þótt hann væri undir áhrifum áfengis.

Með dómum sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989 hlaut ákærði alls 6 mánaða fangelsi fyrir að aka 11 sinnum bifreið, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, þar af á þjóðvegi með 130 og 121 km hraða í hvort skipti, og 16 sinnum sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Hæstiréttur ómerkti málsmeðferð að nokkru leyti vegna galla, en ákærurnar standa óhaggaðar og bíða efnisdóms. Svo sem að framan greinir, er ákærði nú dæmdur fyrir að aka bifreið 7 sinnum þrátt fyrir sviptingu ökuréttinda.

— — —

Ákvörðun refsingar ákærða.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og þykir hún hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og því, sem að framan er rakið, 2 mánaða varðhald.

Krafa um upptöku bifreiðar.

Í fyrstgreindu ákærunni er krafist upptöku á bifreiðinni R-33252 af gerðinni Renault 5 turbo, árgerð 1986, með föstu skráningarnúmeri IZ 609.

Lögreglan lagði hald á bifreið ákærða, R-33252, þann 23. desember sl. og gekk úrskurður í sakadómi Reykjavíkur hinn 13. janúar og síðan dómur í Hæstarétti 3. febrúar sl., þar sem haldið var staðfest. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.:

— — —

Í 1. mgr. 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, er almenn heimild til upptöku hluta, sem hafa verið notaðir til að drýgja brot með, og í 1. mgr. 2. tl. sömu greinar er einnig heimild til upptöku hluta, sem ætla má, að ákvarðaðir séu í glæpsamlegu skyni. Ákvæði þessu er heimilt að beita, að því er varðar slíka muni (instrumenta sceleris), hvort sem um er að ræða hegningarlagabrot eða brot gegn sérrefsilöggjöf. Heimildin í

1. tl. lýtur aðallega að munum, sem afbrot hafa verið framin með, en eru almennt notaðir í löglegum tilgangi, en heimild 2. tl. tekur aðallega til muna, sem beinlínis eru til þess fallnir að drýgja með afbrot og teljast því almennt hættulegir réttaröryggi manna.

Í umferðarlögum er ekki fyrir hendi heimild til upptöku farartækis vegna brota á lögunum, enda má ætla, að slíkri heimild yrði aðeins beitt í sérstökum undantekningartilvikum. Að framan er getið dóma, sem ákærði hefur hlotið fyrir réttindaleysi við akstur og ölvunarakstur. Svo sem að framan er getið, var ákærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur 11. nóvember 1988 og 13. febrúar 1989 í 6 mánaða fangelsi fyrir að hafa ekið 16 sinnum sviptur ökuréttindum og 11. sinnum undir áhrifum áfengis, þar af á þjóðvegi með 130 km/klst. og 121 km/klst. í hvort skipti. Hæstiréttur hefur ómerkt málsmeðferð að nokkru leyti vegna galla, en ákærurnar standa óhaggaðar og bíða efnisdóms. Ákærði hefur viðurkennt sakarefni að hluta. Fram að því, að hald var lagt á bifreið ákærða, hefur ákærði síst dregið úr þessari afbrotaiðju sinni, og er þess ekki að vænta, ef litið er til sakaferils hans, að hann hyggist láta af henni.

Þrátt fyrir það að ekki verði komið í veg fyrir, að ákærði haldi enn áfram að aka undir áhrifum áfengis og ökuréttindalaus, þótt bifreið hans verði gerð upptæk, má ætla, að með því verði ákærða gert erfiðara um vik að halda áfram að stofna umferðaröryggi og lífi samborgara sinna í hættu, svo sem reyndin hefur orðið, en síðan hald var lagt á bifreiðina, hefur hann ekki orðið uppvís að broti. Þykir því með vísan til 1., sbr. 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga, rétt að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um upptöku framangreindrar bifreiðar ákærða, og verði hún eign ríkissjóðs.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974.

Krafa ákærða um málsvarnarlaun sér til handa er ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, skal sæta varðhaldi í 2 mánuði.

Ákærði skal sæta upptöku á bifreiðinni R-33252 af gerðinni Renault turbo, árgerð 1986, með föstu skráningarnúmeri IZ609.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. október 1989.

Ár 1989, mánudaginn 9. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 460/1989: Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni, sem dómtekið var 4. sama mánaðar.

Málið er höfðað með þrem ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 4. mars og 12. nóvember 1987 og 6. október 1988, á hendur ákærða, Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Njálsgötu 87, fæddum 12. september 1921 á Ísafirði.

Með fyrstu ákærunni, dagsettri 4. mars 1987, er ákærða gefið að sök ,,að aka bifreið sinni R-94 sex sinnum undir áhrifum áfengis svo sem rakið er:

1.

Fimmtudagskvöldið 13. febrúar 1986 frá Sauðárkróki áleiðis til Reykjavíkur uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á þjóðveginum við bæinn Hraunsnef í Norðurárdal og neyta jafnframt áfengis við aksturinn.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

2.

Aðfaranótt miðvikudagsins 19. mars 1986 frá Njálsgötu 87 og um götur í Laugarneshverfi, þar sem lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Gullteigi við Hofteig.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

3.

Föstudaginn 3. október 1986 frá Reykjavík áleiðis til Selfoss og aka bifreiðinni með 130 kílómetra hraða austur Suðurlandsveg við Sandskeið á Hellisheiði (sic), en lögreglumenn stöðvuðu akstur hans í Svínahrauni, nokkru austar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og alið 1. gr. auglýsingar nr. 252, 1973, sbr. 50. gr. umferðarlaga, allt sbr. 80. gr. umferðarlaga.

4.

Miðvikudagskvöldið 8. október 1986 frá Reykjavík áleiðis í Víðines á Kjalarnesi, aka bifreiðinni með 121 km hraða norður (sic) Vesturlandsveg við Grafarholt og sinna þar ekki stöðvunarmerkjum lögreglumanna heldur aka bifreiðinni inn á veginn að Keldnaholti þar sem lögreglumenn höfðu af-

skipti af honum við hús Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins í Keldnaholti.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og b-lið 1. gr. auglýsingar nr. 252, 1973, sbr. 50. gr. umferðarlaga, allt sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

5.

Um miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1986 frá Njálsgötu 87 að Vífilsgötu 19 í Reykjavík og aftur að Njálsgötu 87 þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum skömmu eftir akstur.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

6.

Mánudaginn 19. janúar 1987, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, frá Njálsgötu 87 að Eskihlíð 26 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaganna.

Þess er krafist, að ákæruði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Með annarri ákærunni, dagsettri 12. nóvember 1987, er ákærða gefið að sök ,,að aka bifreiðinni R-94 um götur í Reykjavík í eftirgreind 7 skipti á árinu 1987, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, svo sem hér er rakið:

1) Miðvikudaginn 22. apríl, um götur í miðborginni.

2) Föstudaginn 24. apríl, austur Tryggvagötu.

3) Þriðjudaginn 28. apríl, að lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

4) Laugardaginn 2. maí, vestur Sundlaugaveg.

5) Miðvikudaginn 6. maí, um Njálsgötu og Snorrabraut.

6) Laugardaginn 13. júní, þá undir áhrifum áfengis, norður Snorrabraut, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans.

7) Mánudaginn 10. ágúst, þá undir áhrifum áfengis, suður Kalkofnsveg og Lækjargötu og inn á Amtmannsstíg, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., liðir 6 og 7 auk þess við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., allt sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákæruði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Loks er ákærða gefið að sök með ákæru, dagsettri 6. október 1987, ,,að aka bifreiðum, sviptur ökuréttindum, svo sem hér er rakið:

1) Aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember (sic) 1987, bifreiðinni R-94 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans við Eskihlíð 26.

2) Mánudaginn 30. nóvember 1987, bifreiðinni Ö-8410 úr Garðastræti í Reykjavík, um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Njálsgötu.

3) Föstudaginn 18. desember 1987, bifreiðinni R-33252 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Barónsstíg.

4) Að kvöldi miðvikudagsins 30. desember 1987, sömu bifreið frá Laugarásvegi 53, Reykjavík, áleiðis heim til sín, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Barónsstíg við Laugaveg.

5) Að kvöldi föstudagsins 5. febrúar 1988, sömu bifreið frá heimili sínu niður á Tryggvagötu og fyrir að reyna að aka henni þaðan, nokkru síðar, þá undir áhrifum áfengis, en áður en ákærða tókst að aka af stað, handtók lögreglan hann.

6) Aðfaranótt þriðjudagsins 8. mars 1988, undir áhrifum áfengis, sömu bifreið frá heimili sínu út á Álftanes, en þar lauk akstri hans á Álftanesvegi við Selskarð, er bifreiðin varð bensínlaus.

7) Sunnudaginn 27. mars 1988, undir áhrifum áfengis, sömu bifreið frá heimili sínu út á Seltjarnarnes og aftur að heimili sínu, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða, strax að loknum akstri.

8) Sunndaginn 10. júlí 1988, sömu bifreið frá heimili sínu áleiðis að Tjarnargötu, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Laugavegar og Snorrabrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., en liðir 5, 6 og 7 auk þess við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Um sakir í máli þessu gengu tveir dómar í héraði, 11. nóvember 1988 og 13. febrúar sl. Voru báðir dómarnir ómerktir í Hæstarétti 29. maí í vor og vísað heim í hérað. Þar sem meirihluti Hæstaréttar taldi, að hinn reglulegi ríkissaksóknari væri ekki lengur bær að fara með málin, fól dómsmálaráðherra Braga Steinarssyni vararíkissaksóknara með skipunarbréfi, dagsettu 7. júní sl., að gegna störfum ríkissaksóknara í málunum. Voru þau fengin öðrum dómara og sameinuð. Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist í málflutningi, að máli þessu verði vísað frá dómi, þar sem Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari, sem fari með mál þetta samkvæmt sérstakri skipun, sé vanhæfur til þess. Leiði það af því, að yfirmaður hans, hinn reglulegi ríkissaksóknari, hafi verið leystur undan saksóknarvaldi í

málinu. Hinn sérstaki ríkissaksóknari hefur mótmælt kröfunni og krafist þess, að málið verði dæmt að efni til.

Ekki verður séð, að það leiði á nokkurn hátt til vanhæfis hins sérstaka ríkissaksóknara, að hann er að öðru leyti undirmaður hins reglulega ríkissaksóknara, enda fer hann sjálfstætt með saksókn í þessu máli. Ber því að synja kröfu ákærða um, að málinu verði vísað frá dómi.

Málavextir.

I. Ákæra, dagsett 4. mars 1987.

1. Ákærði hefur játað að hafa ekið bifreiðinni R-94 undir áfengisáhrifum fimmtudagskvöldið 13. febrúar 1986 frá Sauðárkróki áleiðis til Reykjavíkur, en á þjóðveginum við bæinn Hraunsnef í Norðurárdal stöðvaði lögreglan akstur hans. Jafnframt hefur ákærði viðurkennt að hafa neytt áfengis við aksturinn. Í blóði hans mældust 2,48‰ af vínanda.

Með þessu telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar þessi háttsemi ákærða við 4. mgr. 44. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærði hefur játað að hafa ekið bifreið sinni, R-94, aðfaranótt miðvikudagsins 19. mars 1986 undir áfengisáhrifum frá Njálsgötu 87, Reykjavík, og um götur í Laugarneshverfi, uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Gullteigi við Hofteig. Í blóði ákærða mældust 2,59‰ af vínanda.

Með þessu telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Hefur ákærði gerst brotlegur við 1. mgr. sbr. 3. mgr., 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærði hefur játað að hafa föstudaginn 3. október 1986 ekið bifreiðinni R-94 undir áhrifum áfengis frá Reykjavík áleiðis til Selfoss, en lögreglumenn hafi stöðvað akstur hans í Svínahrauni, en hefur mótmælt því, að hraði bifreiðar hans hafi verið svo mikill sem í ákæru segir, enda þótt hann geti ekki sagt, hve hratt hann hafi ekið.

Lögreglumenn þeir, sem afskipti höfðu af ákærða út af þessu máli, hafa gefið skýrslu í málinu. Staðfesta þeir, að hraði bifreiðarinnar R-94 samkvæmt radarmælingu hafi reynst vera 130 km m.v. klst. Eru bæði vitnin ekki í vafa um, að mælingin hafi átt við bifreiðina R-94, enda hafi engri annarri bifreið verið til að dreifa á þeim vegarkafla, sem mælingin fór fram. Í blóði ákærða mældust 1,80‰ af vínanda.

Með játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum,

sem þetta varða, telst sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, R-94, hinn 3. október 1986 undir áfengisáhrifum, eins og nánar er lýst í ákæru. Jafnframt þykir nægilega sannað með vætti vitnanna Eiðs Haralds Eiðssonar og Kristjáns Inga Kristjánssonar, sem stutt er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi ekið bifreið sinni með 130 km hraða m.v. klst., eins og í ákæru segir.

Þessi háttsemi ákærða varðar við 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og a-lið 1. gr. auglýsingar nr. 252, 1973, sbr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

4. Miðvikudaginn 8. október 1986 kl. 21.45 voru lögreglumenn úr lögreglunni í Hafnarfirði og Kjósarsýslu í umferðareftirliti í lögreglubifreiðinni G-4442 og óku suður Vesturlandsveg. Skammt norðan við Grafarholt sáu þeir, að bifreiðinni R-94 var ekið norður Vesturlandsveg, og sýndi ratsjá lögreglubifreiðarinnar, að hraði R-94 var 121 km m.v. klst. Gáfu þeir ökumanni þegar merki um að nema staðar, en því sinnti hann ekki. Hófu þeir þá eftirför og stöðvuðu akstur bifreiðarinnar við Rannsóknastofnun landbúnaðarins í Keldnaholti. Þar höfðu lögreglumennirnir tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, og fundu þá, að talsverðan áfengisþef lagði frá vitum hans. Var hann því færður á lögreglustöðina í Hafnarfirði til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Kl. 22.27 kom læknir á lögreglustöð til töku blóðsýnis úr ákærða, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar, en ákærði neitaði því hjá lögreglu að hafa neytt áfengis, fyrr en eftir að hann hætti akstri. Reyndust í blóði hans vera 2,64‰ af vínanda.

Ákærði var yfirheyrður um sakarefnið næsta morgun. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði verið að koma heiman frá sér og ætlað upp í Víðines til að færa vistmanni þar viskíflösku. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis, áður en hann fór að heiman, og þá hefði flaskan verið óuppteki. Kvaðst hann hafa ekið nokkuð hratt, en hann hefði ekki fylgst með hraðamæli bifreiðar sinnar, þegar hann hefði mætt lögreglunni. Hefði hann ákveðið að fela sig og ekið inn á veginn heim að Keldnaholti og þar að húsinu, stöðvað bifreiðina, drepið á vél hennar og slökkt ljósin. Þar sem hann hefði verið í uppnámi, hefði hann gripið til viskíflöskunnar og sturtað í sig u.þ.b. 1/3 af innihaldi hennar, en þá hefði lögregluna borið að. Kvaðst ákærði hafa gert þetta í fáti, en ekki vegna þess, að hann hefði verið búinn að neyta áfengis, áður en hann hóf aksturinn.

Ákærði kvaðst ekki rengja mælingu lögreglunnar varðandi hraða bifreiðarinnar R-94.

Fyrir dómi mótmælti ákærði því, að atferli því, sem honum væri gefið að sök í ákæru, væri þar rétt lýst.

Kristján Guðnason lögregluþjónn skýrði svo frá, að þeir Guðmundur Hilmarsson hefðu verið að koma úr Mosfellsbæ á leið til Hafnarfjarðar í lögreglubifreiðinni G-4442. Skammt norðan Grafarholts hefðu þeir mætt bifreiðinni R-94. Hefði radar lögreglubifreiðarinnar sýnt 121 km hraða m.v. klst. Guðmundur hefði þegar snúið lögreglubifreiðinni við og hafið eftirför. Bifreiðinni R-94 hefði verið beygt til vinstri út af Vesturlandsvegi og inn á veginn að Keldnaholti og lögreglubifreiðinni verið ekið á eftir henni og þá verið næsta bifreið á eftir henni. Bifreiðinni R-94 hefði svo verið beygt til hægri og niður að húsi, sem þar er, og lögreglubifreiðin þá verið rétt á eftir og staðnæmst um sama leyti fyrir aftan bifreiðina R-94. Kvaðst Kristján þegar hafa farið út og haft tal af ökumanninum, sem sýnilega hefði verið undir áfengisáhrifum. Hann hefði beðið ökumanninn að koma yfir í lögreglubifreiðina, sem hann hefði gert strax. Kristján kvaðst ekki hafa séð neina áfengisflösku hjá ökumanninum og kvað útilokað, að hann hefði haft tíma til að drekka úr áfengisflösku á þeim tíma, sem leið, frá því að hann stöðvaði (sic) og þar til hann kom til hans, sem ekki hafi verið nema nokkrar sekúndur. Þá lét hann þess og getið, að ökumaðurinn hefði ekki minnst á áfengisflösku, fyrr en varðstjóri fór að taka af honum varðstjóraskýrslu á lögreglustöðinni. Hefði hann þá sagt frá þessari áfengisflösku. Flaskan hefði svo fundist á gólfinu í bifreiðinni. Ítrekaði Kristján, að hann teldi með öllu útilokað, að ákærði hefði haft tíma til að neyta áfengis á þessum tíma, meðan lögreglan var að fara að bifreið hans. Þá kvaðst hann telja útilokað, að ákærði hefði getað neytt áfengis, eftir að akstri lauk og þar til honum var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar.

Guðmundur Óðinn Hilmarsson lögreglumaður kvaðst hafa verið ökumaður lögreglubifreiðarinnar greint sinn. Þeir lögreglumennirnir hefðu verið að koma frá lögreglustörfum úr Mosfellsbæ og verið á leið til Hafnarfjarðar. Er þeir hefðu verið komnir rétt suður fyrir veginn, sem liggur að Keldnaholti, hefði komið inn á radarinn bifreið, sem hefði verið ekið hratt, og hefði hraði bifreiðar þessarar verið nokkuð yfir 100 km/klst. Áður en bifreiðarnar hefðu mæst, hefði hann verið búinn að kveikja á rauðum blikkljósum lögreglubifreiðarinnar og þannig ætlast til, að ökumaður bifreiðarinnar stöðvaði (sic). Bifreiðinni hefði hins vegar verið ekið áfram með óbreyttum hraða og þeir þá snúið við og veitt henni eftirför.

Þeir hefðu svo séð, að bifreiðinni var beygt inn á veginn að Keldnaholti, og hefðu þeir fylgt henni eftir og fljótlega dregið hana alveg uppi. Bifreiðinni hefði verið beygt að húsi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og numið þar staðar. Þá hefði lögreglubifreiðin verið komin alveg að bifreiðinni, og kvaðst vitnið hafa séð ökumann bifreiðarinnar mjög greinilega um afturrúðu bifreiðarinnar. Starfsbróðir hans, Kristján Guðnason, hefði strax stigið út úr lögreglubifreiðinni og farið að bifreiðinni R-94, og hefði hann

verið kominn til ökumanns 3-4 sekúndum, eftir að bifreið hans stöðvaði (sic). Það væri því útilokað, að ökumaður bifreiðarinnar hefði haft tíma til að neyta áfengis, eftir að hann nam staðar, og reyndar væri hann þess fullviss, því að hann hefði horft á manninn þann tíma, sem leið frá því, að bifreiðin nam staðar og þar til Kristján var kominn að bifreiðinni og farinn að ræða við ökumanninn. Ökumaðurinn hefði verið áberandi ölvaður, stöðugur (sic) á fótum og þvoglulegur í tali. Hann hefði haft á orði, að hann hefði ætlað að freista þess að komast undan lögreglunni og vitað, að lögregla væri á eftir honum. Þá hefði hann strax sagt, að hann hefði einungis neytt áfengis, eftir að hann lagði bifreiðinni við rannsóknastofnunina.

Með vætti vitnanna Kristjáns Ólafs Guðnasonar og Guðmundar Óðins Hilmarssonar og niðurstöðu alkóhólrannsóknar telst sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök. Varðar þessi háttsemi ákærða við 2. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., og 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og b) lið 1. gr. auglýsingar nr. 252, 1973, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

5. Þriðjudaginn 18. nóvember 1986 kl. 00.26 var óskað aðstoðar lögreglu að Vífilsgötu 19 hér í borg vegna rúðubrots. Þar hafði tilkynnandinn, Sigurður Ingólfsson, íbúi á 1. hæð, tal af lögreglumönnunum. Kvaðst hann hafa vaknað við, að grjóthnullungur kom fljúgandi gegnum svefnherbergisglugga íbúðarinnar, en í herberginu hafi auk þess verið sambýliskona hans og ungt barn þeirra. Sigurður kvaðst hafa litið út um gluggann og þá séð ákærða hlaupa að bifreiðinni R-94 og aka brott í henni. Að fengnum þessum upplýsingum fóru lögreglumennirnir, sem komu á vettvang, að Njálsgötu 87, en áður höfðu þeir fundið bifreiðina R-94 í bifreiðastæði við Snorrabraut 50. Bifreiðin var mannlaus, en við athugun á vél hennar reyndist hún vera heit viðkomu.

Á Njálsgötu 87 höfðu lögreglumennirnir tal af ákærða. Var hann að mati þeirra sjáanlega undir áfengisáhrifum. Ákærði var færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar kl. 01.20. Reyndust í því vera 2,25‰ af vínanda.

Við lögregluranns6kn málsins neitaði ákærði að hafa ekið bifreiðinni R-94 og kvaðst raunar ekki hafa ekið henni frá því laust eftir hádegi deginum áður. Hins vegar kvaðst hann hafa komið að Vífilsgötu 19 og brotið þar rúðu. Ákærði kvaðst enga skýringu geta gefið á því, af hverju vél bifreiðar hans reyndist heit viðkomu, er lögreglumenn könnuðu það. Hann kvaðst hafa verið undir áfengisáhrifum. Hefði hann byrjað áfengisneyslu

síðdegis á mánudeginum 17. nóvember og verið við drykkju fram á kvöld.

Ákærði var fyrir dómi 15. júní 1989 inntur eftir því, hvort hann hefði ekið bifreiðinni R-94 undir áhrifum áfengis aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1986 frá Njálsgötu 87 að Vífilsgötu 19 hér í borg og aftur að Njálsgötu 87, þar sem lögreglumenn höfðu afskipti af honum skömmu síðar. Kvaðst hann þá mótmæla gögnum þeim, sem þessi ákæruliður væri reistur á, sem röngum og óstaðfestum.

Ákærði var að nýju spurður út í þetta sakarefni hér fyrir dómi 28. ágúst sl. Kannaðist ákærði þá við það að hafa ekið þessari bifreið sinni heiman að frá sér að Vífilsgötu 19 og aftur þaðan út á Snorrabraut, þar sem hann skildi bifreiðina eftir. Hafi hann ekki verið undir áhrifum áfengis við akstur inn. Kveðst hann hafa gengið heim til sín, fengið sér sjúss og háttað ofan í rúm. Ekki kvaðst ákærði vita, hversu mikils áfengis hann hefði neytt, þegar heim var komið. Það muni hafa verið sterkt áfengi og hefðu getað verið tveir stórir sjússar. Um 20 mínútum eftir að hann kom heim, hefðu lögreglumenn kvatt dyra hjá honum. Kvað ákærði afbrýðisemi hafa ráðið gerðum sínum á Vífilsgötunni.

Vitnið Sigurður Ingólfsson skýrði svo frá, að laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1986 hefði hann vaknað við rúðubrot í svefnherbergisglugganum. Kvaðst hann þegar í stað hafa farið að stofuglugganum og þá séð, hvar ákærði hljóp að Renault-bifreið, sem var í gangi og stóð fyrir framan húsið nr. 21 við Vífilsgötu. Hann hefði stigið inn í bifreiðina og henni verið ekið brott. Sigurður kvaðst ekki hafa séð skráningarnúmer bifreiðarinnar, en hún hefði verið af sömu tegund og bifreið ákærða. Ekki hefði hann séð, hvar ákærði settist inn í bifreiðina.

Jónbjörn Bogason lögreglumaður skýrði svo frá, að aðfaranótt þriðjudagsins 18. nóvember 1986 hefði hann verið í eftirlitsferð ásamt Sveini Erlendssyni, þegar þeir fengu boð um að fara að Vífilsgötu 19 vegna rúðubrots. Þeir hefðu þegar farið á vettvang og fengið þær upplýsingar, að ákærði hefði sést hlaupa frá húsinu, eftir að rúðan hefði verið brotin, og hefði hann þekkt manninn sem ákærða í máli þessu.

Jónbjörn kvað þá lögreglumennina hafa farið 20-30 mínútum síðar rakleiðis að Njálsgötu 87, þar sem ákærði býr. Þeir hefðu séð bifreið ákærða, R-94, þar sem hún stóð á Snorrabraut, skammt sunnan Njálsgötu. Þeir hefðu athugað bifreiðina og fundið, að vél hennar var heit. Hefðu þeir knúið dyra hjá ákærða og hefði hann hvorki kannast við rúðubrotið né að hafa ekið bifreiðinni. Hefði ákærði verið sýnilega undir áhrifum áfengis.

Sveinn Erlendsson lögreglumaður skýrði svo frá, að hann hefði verið í almennu eftirliti ásamt Jónbirni Bogasyni, þegar þeir hefðu fengið boð um að fara að Vífilsgötu 19 vegna rúðubrots. Mjög skammur tími hefði liðið, þar til þeir komu á vettvang. Húsráðandinn, Sigurður Ingólfsson, hefði sagt

þeim, að hann hefði farið út í glugga, strax eftir að rúðan hefði verið brotin, og hann hefði séð ákærða, sem hann þekkti, hlaupa að bifreið, sem þarna var, og aka á brott.

Að fengnum þeim upplýsingum hafi þeir Jónbjörn farið að Njálsgötu 87, heimili ákærða. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina R-94, þar sem hún stóð í stöðureit á Snorrabraut, gengið að bifreiðinni, þreifað á smurolíupönnu hennar og þannig kannað, hvort vél hennar væri heit viðkomu, og sú hafi verið reyndin. Að svo búnu hefðu þeir knúið dyra hjá ákærða. Ákærði hefði hvorki kannast við að hafa brotið rúðu að Vífilsgötu 19 né að hafa ekið bifreiðinni. Hann kvað ákærða hafa verið áberandi ölvaðan, en þó hefði hann fallist á að koma með þeim á lögreglustöðina. Er þeir hefðu komið út, hefði hann öðru sinni kannað vél bifreiðarinnar og fullvissað sig um, að hún væri heit viðkomu. Hið sama hefði Jónbjörn gert. Loks kvað hann tímann, sem leið, frá því að þeir fengu fyrirmælin um að fara að Vífilsgötu 19, þar til þeir voru komnir að heimili ákærða, vart hafa verið meira en 15-20 mínútur, en kvaðst þó ekki geta fullyrt það. Hann kvaðst þó muna, að þegar hann kom inn í íbúðina í húsinu nr. 19 við Vífilsgötu, þá hefði hann veitt því athygli, að klaki var utan á steininum, sem lá þar á gólfinu.

Þegar litið er til þess, að allt að 30 mínútur hefðu getað liðið, frá því að ákærði braut rúðu á Vífilsgötunni og þar til hann var handtekinn, og að hann hefur sagt, að hann hafi neytt áfengis heima hjá sér, eftir að akstri lauk, þykja gegn neitun hans ekki vera komnar fram lögfullar sönnur fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni R-94 undir áhrifum áfengis þriðjudagsnóttina 18. nóvember 1986, og ber því að sýkna ákærða af ákærunni að þessu leyti.

6. Ákærði hefur viðurkennt að hafa mánudaginn 19. janúar 1987 ekið bifreiðinni R-94 undir áfengisáhrifum og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða frá Njálsgötu 87 að Eskihlíð 26 hér í borg. Í blóði hans mældust 2,86‰ af vínanda.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í 6. lið ákæruskjals. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákæra, dagsett 12. nóvember 1987.

1.-5. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-94, eins og lýst er í liðum 1-5 í ákæru frá 12. nóvember 1987. Verður að telja sannað með

framburði hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi ekið bifreiðinni, eins og í ákærunni segir. Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 18. nóvember 1986 og naut ekki ökuréttinda við aksturinn.

Varðar þessi akstur ákærða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. núgildandi umferðarlaga, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 2. gr. almennra hegningarlaga.

6. Laugardaginn 13. júní 1987 kl. 09.07 stöðvuðu lögreglumenn í Reykjavík akstur bifreiðarinnar R-94 á Snorrabraut. Haft var tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, og fannst þá, að mikinn áfengisþef lagði frá vitum hans. Jafnframt kom í ljós, að ákærði var sviptur ökuréttindum.

Ákærði var færður á lögreglustöð til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en að svo búnu var hann færður á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 09.45. Reyndist það innihalda 2,22‰ af vínanda.

Við rannsókn og meðferð málsins kvaðst ákærði ekki muna eftir atviki þessu. Við lögregluyfirheyrslu kvaðst hann að vísu ekki draga í efa, að rétt væri greint frá í frumskýrslu lögreglu, þ.e.a.s., að hann rengdi ekki það, sem í skýrslunni segði. Fyrir dómi mótmælti ákærði skýrslum þeim, sem vörðuðu þennan ákærulið, sem röngum og óstaðfestum.

Hrund Þórarinsdóttir og Höskuldur Birkir Erlingsson handtóku ákærða vegna þessa máls. Þau hafa bæði komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Hrund skýrði frá því, að þau Höskuldur Birkir hefðu stöðvað akstur bifreiðarinnar R-94 á Snorrabraut að undangenginni eftirför úr Skógarhlíð. Höskuldur hefði farið út úr lögreglubifreiðinni og haft tal af ökumanni R-94, ákærða í máli þessu. Virtist vitninu, að ákærði væri greinilega undir áhrifum áfengis. Hefðu þau fært hann á lögreglustöð fyrir varðstjóra, en að svo búnu á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis.

Höskuldur Birkir Erlingsson kvaðst muna mjög greinilega eftir þessu tilviki. Kvað hann akstur bifreiðarinnar hafa verið stöðvaðan á Snorrabraut, skammt norðan Eiríksgötu, og hefði hann haft tal af ákærða, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar. Hefði áfengisþef lagt frá vitum hans. Hann hefði því látið ákærða gefa öndunarsýni, en að svo búnu hefði hann verið færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Ákærði naut ekki ökuréttinda við aksturinn, eins og áður segir.

Með vætti vitnanna Hrundar Þórarinsdóttur og Höskulds Birkis Erlingssonar, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum, er varða 6. lið ákæru, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem þar greinir.

7. Mánudaginn 10. ágúst 1987 kl. 15.38 stöðvuðu lögreglumenn í Reykjavík akstur bifreiðarinnar R-94 á Amtmannsstíg hér í borg að undangenginni eftirför suður Kalkofnsveg og Lækjargötu. Er þeir ræddu við ökumann bifreiðarinnar, ákærða í máli þessu, fundu þeir, að sterkan áfengisþef lagði

frá vitum hans. Var hann því færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til yfirheyrslu hjá varðstjóra, en ákærði neitaði að svara spurningum hans.

Að svo búnu var farið með ákærða á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóðsýni kl. 16.00. Reyndist það innihalda 1,62‰ af vínanda.

Við lögregluransókn málsins var þetta haft eftir ákærða:

„Mér er kunnugt um tilefni skýrslutökunnar og tel ég skýrslu lögreglunnar um málið rétta. Mér hafa verið kynntar niðurstöður alkóhólrannsóknar hvað mig varðar, 1,62 prómill, og hef ég ekkert við niðurstöðurnar að athuga.

Ég fann til örlítilla áfengisáhrifa við umræddan akstur en taldi þau áhrif ekkert hafa með hæfni mína sem ökumanns að gera. Ég bendi á að ég hef aldrei ekið bifreið fullur enda haft fullan „bónus" allt mitt líf. Ég er ekki viss um að ég sé réttindalaus, það er mat dómstóla.

Ég hef ekkert frekar um þetta mál að segja og vil ekki tjá mig um aðra þætti málsins."

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki reiðubúinn að tjá sig um þennan lið ákæru, en mótmælti lögregluskýrslunum sem röngum og óstaðfestum.

Lögreglumennirnir Guðbrandur Sigurðsson og Hlynur Sigurðsson stóðu að handtöku ákærða út af atvikinu í 7. lið ákæru. Þeir hafa báðir komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Skýrði Guðbrandur Sigurðsson frá málavöxtum í sjálfstæðri frásögn á sama hátt og hann gerði í frumskýrslu málsins, sem hann ritaði.

Vitnið Hlynur Sigurðsson skýrði frá á sama hátt og Guðbrandur.

Ákærði naut ekki ökuréttinda samkvæmt því, sem að framan segir.

Með vætti þessara vitna, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í 7. lið ákæruskjals.

Með háttsemi þeirri, sem lýst er í 6. og 7. lið ákæruskjals, hefur ákærði brotið gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákæra, dagsett 6. október 1988.

1-4 og 8. Ákærði hefur kannast við að hafa ekið þeim bifreiðum í þau skipti, sem greinir í 1.-4. og 8. tölulið þessa ákæruskjals, og þær leiðir, sem þar segir. Verður að telja sannað með framburði hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi ekið bifreiðinni, eins og í ákærunni segir. Ákærði var, eins og áður segir, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 18. nóvember 1986 og naut ekki ökuréttinda við aksturinn.

Varðar þessi akstur ákærða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. áður, að því er tekur til ákæruliða 1-4, 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 2. gr. almennra hegningarlaga.

5. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R-33252 frá heimili sínu á Njálsgötu niður í Tryggvagötu og að hafa nokkru síðar reynt að aka henni þaðan undir áhrifum áfengis. Í blóði ákærða mældust 2,53‰ af vínanda. Er sannað með játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, og því, sem áður segir um réttindaleysi hans, að hann hefur gerst sekur um þau brot, sem í þessum ákærulið greinir. Varðar þetta atferli hans við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987.

6. Kl. 00.25 aðfaranótt þriðjudagsins 8. mars 1988 barst lögreglunni tilkynning um, að ölvaður maður sæti í bifreið á Álftanesvegi á móts við Selskarð. Lögreglumennirnir Pétur Joensen og Guðmundur Hilmarsson fóru að sinna þessu og komu að ákærða, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar R-33252 á Álftanesvegi, greinilega ölvaður. Var vél bifreiðarinnar volg viðkomu. Ekki sáu lögreglumennirnir áfengi eða áfengisumbúðir í bifreiðinni við lauslega athugun. Ákærði var færður í blóðtöku og reyndust vera 2,00‰ af vínanda í blóði hans.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni heiman frá sér út á Álftanes, þar sem hún drap á sér vegna bensínleysis. Telur hann, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ákærði segist hafa verið með vasapela fullan af viskíi og hafi hann drukkið af fleygnum til þess að halda á sér hita í bifreiðinni, eftir að hún hætti að ganga. Pelinn sé úr málmi, leðurklæddur, og taki u.þ.b. 1/4 lítra. Kveðst ákærði hafa látið viðvörunarljós bifreiðarinnar leiftra.

Leit var gerð í bifreið ákærða um morguninn kl. hálfellefu, og fannst þá fleygurinn undir sæti. Var í honum smáslatti af einhverjum vökva.

Gegn neitun ákærða verður ekki talið sannað, að hann hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis frá heimili sínu út á Álftanes, og ber að sýkna hann af ákærunni að þessu leyti. Aftur á móti er hann, með vísan til þess, sem áður sagði um ökuréttindi hans, orðinn sannur að broti gegn 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987, með akstrinum.

7. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið þessari sömu bifreið undir áhrifum áfengis heiman frá sér út á Seltjarnarnes og aftur utan af Nesi heim til sín sunnudaginn 27. mars 1988. Í blóði hans mældust 2,26‰ af vínanda og hann var án ökuréttinda. Er hann orðinn sannur að broti gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., umferðarlaga nr. 50, 1987.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði sætti í sumar geðheilbrigðisrannsókn Hannesar Péturssonar yfirlæknis. Í ályktun læknisins segir svo:

„Geðheilbrigðisrannsóknin hefur að mati undirritaðs leitt í ljós að Hörður Ólafsson á við áfengissýki að stríða, en hvorki greindarskort né heilabilun (dementia). Á meðan rannsókninni stóð (sic) varð ekki vart einkenna um formlega geðveiki (psychosis), en sjúkragögn og samdóma álit flest allra þeirra lækna, sem annast hafa greiningu og meðferð Harðar á undanförnum árum gefa til kynna að Hörður sé haldinn geðhvarfasýki (manio-depressive psychosis).

Mat á sakhæfi Harðar Ólafssonar á því tímabili, þ.e. 1986-88, sem framangreind brot áttu sér stað, er nokkrum örðugleikum háð. Í fyrsta lagi er hér um afturvirka rannsókn að ræða og í öðru lagi var Hörður eftir því sem best verður séð ekki í samfelldri meðferð hjá sama lækni á umræddu tímabili. Í þriðja lagi hefur Hörður átt við að stríða áfengissýki í allmörg ár, en geðhvarfasýki er stundum samfara áfengismisnotkun, sem um leið gerir greiningu og meðferð geðsjúkdómsins erfiðari. Hins vegar byggir sjúkdómsgreining Harðar á samdóma áliti nokkurra geðlækna og er því litlum vafa undirorpin. Hörður kveðst sjálfur hafa dregið úr áfengisneyslu á undanförnum misserum og að auki greindust einkenni geðhvarfasýki í a.m.k. geðlæknisviðtali á tímabilinu 1986-88.

Einkenni geðhvarfasýki af þeirri tegund er um ræðir (manio-depressive psychosis, bipolar type) eru með þeim hætti að þar skiptast gjarnan á tímabil þunglyndis (depression) og oflætis (mania, hypomania). Ferill sjúkdómsins er mjög einstaklingsbundinn, en sjúkdómstímabil aukast gjarnan að tíðni með árunum. Hvert sjúkdómstímabil varir að jafnaði í nokkra mánuði í senn, einkum ef það er ómeðhöndlað, en inn á milli koma oftast tímabil þar sem viðkomandi er einkennalaus. Í framangreindum sjúkragögnum og áliti viðkomandi geðlækna er getið fjölmargra einkenna sem eru í samræmi við umræddan geðsjúkdóm og verða þau einkenni ekki tíunduð hér. Ljóst er að veikindin geta á stundum haft í för með sér tímabundna skerðingu á dómgreind. Auk þess greinast í sumum tilvikum skert raunveruleikatengsl, svo sem ranghugmyndir eða ofskynjanir, en slíkra einkenna er ekki getið í framangreindum sjúkragögnum, né heldur varð þeirra vart í geðrannsókninni.

Varðandi mat á sakhæfi Harðar, er það álit undirritaðs að hann hafi á árunum 1986-88, þegar umrædd atvik áttu sér stað, átt við að stríða geðhvarfasýki (manio-depressive psychosis) samfara áfengissýki. Það er ennfremur álit undirritaðs að veikindi þessi hafi að líkindum ekki verið á svo háu stigi að Hörður hafi ekki átt að vera fær um að gera sér grein fyrir hugsanlegum afleiðingum háskalegs atferlis síns í skilningi 15. greinar al-

mennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Hins vegar tel ég að ákvæði 16. greinar sömu laga eigi við í þessu sambandi og sakhæfi Harðar Ólafssonar því skert á umræddu tímabili. Í ljósi framangreindra veikinda, aldurs og erfiðra aðstæðna, er það álit undirritaðs að refsing sé ekki líkleg til að bera árangur. Herði er nauðsynlegt að halda sig algerlega frá áfengisneyslu og að halda áfram meðferð vegna þess kvilla. Ennfremur er reglubundið eftirlit hjá geðlækni nauðsynlegt vegna framangreinds geðsjúkdóms."

Ákærða var refsað fyrir ölvun við akstur og sviptur ökuréttindum í 6 mánuði árið 1956 og að nýju árið 1971, og var hann þá enn sviptur ökuréttindum í 6 mánuði. Loks var ákærði sektaður í september 1982 fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., þágildandi umferðarlaga og sviptur ökuréttindum í 12 mánuði.

Ákærði var 31. maí í vor dæmdur í 2 mánaða varðhald fyrir að aka bifreiðinni R-33252 sjö sinnum án ökuréttinda, og var bifreiðin gerð upptæk.

Að mati dómarans er ákærði fyllilega sakhæfur, og telur dómarinn, að hann hafi einnig verið það, þegar hann framdi brotin. Er það einnig skoðun dómarans, að refsing geti borið árangur. Þykir refsingin, sem er hegningarauki við dóminn frá 31. maí sl., hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 3. mgr. 102. gr. umferðarlaganna ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 18. nóvember 1986 að telja.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 18. nóvember 1986 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 7. júní 1990.

Nr. 190/1988. **Sigurður Einarsson og Sveinbjörg Aðalsteinsdóttir**
(Ólafur Birgir Árnason hdl.)
gegn
Útgerðarfélagi Akureyringa h/f
(Árni Pálsson hdl.).

Kaupsamningur. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Áfrýjendur skutu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 18. mars 1988. Útivist varð í málinu 1. júní 1988, og var það fellt niður í Hæstarétti sama dag. Áfrýjendur áfrýjuðu málinu á ný til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. júní 1988. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara, að fjárkrafa stefnda verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm. Samkvæmt e-lið 1. töluliðar 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981, bar honum að greina frá þessu í forsendum dómsins.

Það er rangt hjá héraðsdómara, að mál þetta hafi verið höfðað 16. október 1988. Hið rétta er, að málið var höfðað með stefnu birtri 25. október 1988, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 30. gr. laga nr. 28/1981.

Þá er þess enn að geta, að í þeirri málsgrein hins áfrýjaða dóms, sem fjallar um málsatvik, segir m.a. svo: „Stefnandi efndi skyldur sínar skv. kaupsamningnum m.a. með því að greiða framangreinda skuld við Búnaðarbanka Íslands h.f., Akureyri.“ Þarna mun

héraðsdómari væntanlega eiga við Iðnaðarbanka Íslands h/f, Akureyri, en stefndi, Útgerðarfélag Akureyringa h/f, greiddi síðarnefnda bankanum skuldabréf að fjárhæð 59.000 krónur. Bréf þetta var gefið út 21. mars 1983 af Uretan-einangrun með sjálfskuldarábyrgð áfrýjandans Sigurðar Einarssonar. Ekki verður á það fallist með héraðsdómara, að stefndi hafi efnt skyldur sínar samkvæmt 2. gr. kaupsamningsins með því að greiða skuldabréf þetta, enda er þess hvergi getið í kaupsamningi aðila.

Í 2. gr. kaupsamningsins segir hins vegar svo:

„Kaupandi tekur að sér að greiða skuld seljenda við Iðnaðarbanka Íslands h.f., Akureyri, samkvæmt veðbréfi dagsettu 25/4 '80, upphaflega kr. 57.000,-, tryggt með 5. veðrétti í eigninni að eftirst. kr. 59.000,00."

Samkvæmt veðbókarvottorðum 30. mars, 1. nóvember og 14. desember 1983 hvíldi á 5. veðrétti skuld samkvæmt veðbréfi dagsettu 25. apríl 1980, að fjárhæð 60.000 krónur. Veðskuld þessi var í vanskilum, og hafði kröfuhafi 18. janúar 1983 krafist uppboðs á veðinu.

Skuld samkvæmt veðskuldabréfinu frá 25. apríl 1980 var mun hærri en greiðsluliðurinn samkvæmt 2. gr. kaupsamningsins. Verður ekki á það fallist með áfrýjendum, að stefndi hafi átt að taka að sér greiðslu allrar skuldarinnar, sem á 5. veðrétti hvíldi, eða að uppgjör aðila hafi verið með þeim hætti, að áfrýjendur séu lausir allra mála. Eigi verður heldur á það fallist, að stefndi hafi fyrirgert kröfu sinni vegna tómlætis. Verður sýknukrafa áfrýjenda því ekki tekin til greina.

Af gögnum málsins er ljóst, að misskilnings hefur gætt, þegar 2. gr. kaupsamningsins var skráð. Þessu máttu fyrirsvarsmenn stefnda gera sér grein fyrir, þegar til greiðslu kom. Þeim var þá ekki heimilt án samráðs við áfrýjendur að láta 2. gr. kaupsamningsins lönd og leið og greiða aðra skuld áfrýjenda, að fjárhæð 59.000 krónur, sem ekki var tilgreind í kaupsamningnum og verður að teljast óviðkomandi honum.

Þegar öll gögn málsins eru virt, þykir bera að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefnda 491.492,30 krónur að frádregnum 59.000 krónum, hvort tveggja með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Sigurður Einarsson og Sveinbjörg Aðalsteinsdóttir, greiði stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, 491.492,30 krónur með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá 7. júní 1985 til 1. september 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% frá þeim degi til 14. apríl 1987, en frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, þó aldrei hærri en 27% ársvöxtum, allt að frádregnum 59.000 krónum með 5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. maí 1983 til 21. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985, 4% frá þeim degi til 1. júní 1985, 3,5% frá þeim degi til 7. júní 1985, en frá þeim degi til greiðsludags með sömu dráttarvöxtum og að framan greinir.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. febrúar sl., hefur Útgerðarfélag Akureyringa hf., nnr. 9032-6880, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 16. október 1986, á hendur Sigurði Einarssyni, nnr. 7849-6800, og Sveinbjörgu Aðalsteinsdóttur, nnr. 8688-6979, báðum til heimilis að Bakkahlíð 21, Akureyri.

Í stefnu eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmd til að greiða honum in solidum kr. 491.492,30 ásamt 3,5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 7. júní 1985 til 1. september s.á., 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til 1. apríl s.á., 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þ.d. til greiðsludags. Þá er gerð krafa um vaxtavexti, þannig að vextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. júní 1986.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni þannig, að frá 1. apríl 1986 til 14. apríl 1987 krefst hann hæstu dráttarvaxta, eins og

þeir hafa verið ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, en frá 14. apríl 1987 til greiðsludags krefst hann dráttarvaxta skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987. Ennfremur gerði stefnandi kröfu um málskostnað við hinn munnlega málflutning.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi undirrituðum 20. og 25. apríl 1983 seldu stefndu stefnanda fasteignina Óseyri 18, suðurhluta, þ.e. 6/7 hluta fasteignarinnar, ásamt tilheyrandi leigulóð. Umsamið kaupverð var kr. 1.450.000, er skyldi greiðast ýmist með peningum eða með yfirtöku veðskulda, sem tilgreindar eru í kaupsamningi. Meðal veðskulda, sem kaupandi skyldi yfirtaka samkv. kaupsamningi, er talin upp skuld seljenda við Iðnaðarbanka Íslands hf., Akureyri, samkv. veðbréfi dags. 25.4.80, upphaflega kr. 57.000, tryggt með 5. veðrétti í eigninni, að eftirstöðvum kr. 59.000. Við gerð kaupsamnings studdust stefndu við yfirlit Iðnaðarbanka Íslands hf., Akureyri, um stöðu skulda. Það á meðal er upp talið skuldabréf nr. 18286 með gjalddaga 21.5.83, að eftirstöðvum kr. 59.000, og virðast stefndu hafa talið, að þar væri um að ræða veðskuld þá, sem áður getur og samkvæmt veðbókarvottorði hvíldi á 5. veðrétti í eigninni. Stefnandi efndi skyldur sínar skv. kaupsamningnum m.a. með því að greiða framangreinda skuld við Búnaðarbanka Íslands hf., Akureyri.

Stefndu gáfu út afsal fyrir eigninni, sem dagsett er 5. nóvember 1983, sem þau telja sig hafa undirritað 5. maí það ár. Í afsali þessu er framangreind veðskuld ekki talin upp meðal veðskulda, er stefnandi skyldi yfirtaka. Í ljós kom, að veðskuld sú, er hvíldi á 5. veðrétti, var skuld við veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf., en í veðmálabókum hafði skuldareigandi verið talinn Iðnaðarbanki Íslands hf., Akureyri, og veðbókarvottorð gefið út í samræmi við það. Þá kom ennfremur í ljós, að beiðst hafði verið uppboðs á fasteigninni vegna vanskila á téðri skuld með uppboðsbeiðni dags. 18. janúar 1983, og var sú uppboðsbeiðni tilkynnt stefndu með bréfi uppboðshaldara dags. 1. febrúar s.á. Að sögn stefnanda fengust stefndu ekki til að greiða umrædda skuld og aflétta veðinu þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hans, og til að komast hjá uppboði á eigninni kveðst stefnandi hafa greitt skuldina, og hefur hann höfðað mál þetta til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar.

Ágreiningslaust er, að stefnandi greiddi framangreinda fjárhæð, þ.e. stefnufjárhæðina, umfram umsamið kaupverð.

Stefndu byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að skuld sú, er greidd var umfram umsamið kaupverð, hafi verið áhvílandi veðskuld, sem stefnandi hafi átt að yfirtaka, sbr. áðurgreindan lið í kaupsamningi. Það hafi

verið forsenda kaupanna af þeirra hálfu, að kaupverðið nægði til að greiða allar áhvílandi veðskuldir. Eftirstöðvar greindrar veðskuldar hafi vegna rangra upplýsinga í veðbókarvottorði, ásamt upplýsingum Iðnaðarbanka Íslands á Akureyri, verið ranglega tilgreindar í kaupsamningi. Stefnandi hafi sjálfstætt kynnt sér stöðu þeirra skulda, er hann yfirtók, og verið ljósar framangreindar forsendur stefndu, og verði hann því að bera hallann af þeim mistökum, er urðu við gerð samningsins.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að hann hafi sjálfstætt kynnt sér stöðu skulda þeirra, er á eigninni hvíldu. Treyst hafi verið á upplýsingar stefndu um það atriði, enda hafi samningurinn verið útbúinn af lögmanni þeirra. Þá mótmælir stefnandi því, að kaupverð hafi átt að miðast við eftirstöðvar áhvílandi veðskulda. Af hans hálfu hafi verið samið um fast kaupverð, sem ákveðið hafi verið án tillits til þeirra skulda, er á eigninni hvíldu.

Stefndu hafa eigi fært fram sannanir fyrir framangreindum staðhæfingum sínum, og gegn mótmælum stefnanda verður sýknukrafa þeirra því ekki á þeim reist.

Í öðru lagi byggja stefndu sýknukröfu sína á því, að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir aðgerðaleysi. Kaupin hafi farið fram 20. apríl 1983, en krafa stefnanda hafi fyrst verið sett fram með bréfi lögmanns hans dags. 20. júní 1985. Þessu er mótmælt af hálfu stefnanda og því haldið fram, að margsinnis hafi verið haft samband munnlega við stefndu út af málinu, áður en hið formlega kröfubréf var sent þeim.

Að áliti dómsins eru ekki fyrir hendi atvik, er leiði til þess, að krafan sé niður fallin vegna aðgerðaleysis stefnanda. Verður sýknukrafa hans því eigi á framangreindu reist.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og þar sem stefndu hafa ekki fært fram frekari rök fyrir sýknukröfu sinni, verður krafa stefnanda tekin til greina að fullu, að því er varðar höfuðstól skuldarinnar.

Stefndu hafa mótmælt breyttri vaxtakröfu stefnanda, er fram kom við munnlegan flutning málsins. Verða vextir því dæmdir í samræmi við kröfu stefnanda í stefnu, sem áður er lýst.

Eftir þessum úrslitum þykir eiga að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 85.000.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Einarsson og Sveinbjörg Aðalsteinsdóttir, greiði stefnanda, Útgerðarfélagi Akureyringa hf. in solidum kr. 491.492,30 ásamt 3,5% mánaðarvöxtum frá 7. júní 1985 til 1. sept. s.á., 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1. mars 1986, 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12

mán. fresti, í fyrsta sinn 7. júní 1986, og kr. 85.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. júní 1990.

Nr. 202/1990. **Þorbjörn Einarsson og bæjarsjóður Keflavíkur**
gegn
Matthíasi Einarssyni, Ingibjörgu Matthíasdóttur og Ragnhildi Matthíasdóttur.

Tvö kærumál. Nauðungaruppboð. Tilkynning. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. maí sl. Kærður er úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur frá 9. s.m. Sóknaraðilar krefjast þess, að úrskurðinum verði hrundið og lagt fyrir uppboðshaldara að ákveða þriðja og síðasta nauðungaruppboð á 75% af eignarhluta á 2. hæð hússins nr. 17 við Laufásveg í Reykjavík, eign varnaraðila. Er þá undanskilin tveggja herbergja íbúð á sömu hæð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Hæstbjóðendur við annað og síðara uppboð, sem fram fór 17. apríl sl., uppboðsbeiðendurnir Pétur Pétursson og Helga Rósantsson, hafa sent Hæstarétti athugasemdir sínar, þar sem tekið er undir málsástæður og lagarök sóknaraðila, en ekki gerðar sjálfstæðar kröfur.

Af hálfu annarra uppboðsbeiðenda var ekki sótt þing í uppboðsrétti 9. maí sl., þá er þriðja og síðasta uppboð á eigninni skyldi fara fram.

Varnaraðilar Matthías Einarsson og Ingibjörg Matthíasdóttir gera eftirfarandi dómkröfur:

„1. Aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti.

2. Til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

3. Að kærendur verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar til umbj.m. að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987."

Eignarhlutinn á II. hæð að Laufásvegi 17 í Reykjavík hefur verið

til meðferðar í uppboðsrétti Reykjavíkur frá því á árinu 1984. Með dómi Hæstaréttar 11. apríl 1989 var skorið úr ágreiningi aðila um annað og síðara uppboð. Í úrskurði héraðsdóms, sem þar var til endurskoðunar, er meðferð málsins ítarlega lýst. Niðurstaða Hæstaréttar var, að annað og síðara uppboð á eignarhlutanum ætti að fara fram. Samkvæmt endurriti úr uppboðsbók Reykjavíkur var fyrir tekið að halda það uppboð 22. janúar sl., en þá frestað til 7. mars sl. vegna mistaka við tilkynningu og auglýsingu uppboðsins. Annað og síðara uppboð fór síðan fram þann dag, og áttu Pétur Pétursson og Helga Rósantsson hæsta boð, eins og að framan er rakið. Beðið var um, að fram færi þriðja og síðasta uppboð á eigninni, og var málinu frestað í því skyni til 9. maí sl. Í þinghaldi þann dag lét uppboðshaldari þess getið, að vegna mistaka hefði ekki tekist að birta einum uppboðsþola tilkynningu um uppboðið, og gæti það því ekki farið fram. Hann lýsti jafnframt þeirri skoðun sinni, að fella bæri uppboðið niður, þar eð fyrirséð væri, að ekki væri unnt að láta það fara fram innan fjögurra vikna frá öðru og síðara uppboði, eins og boðið er í 3. mgr. 29. gr. uppboðslaga nr. 57/1949, sbr. 7. gr. laga nr. 12/1987. Af hálfu sóknaraðila var þess þá krafist, að ákveðinn yrði nýr tími til þriðju sölu á eigninni, og því haldið fram, að auðveldlega mætti bæta úr mistökum við tilkynningu uppboðsins og að tilkynna mætti aðilum það að nýju. Af hálfu hæstbjóðenda við annað uppboð var tekið undir kröfur sóknaraðila og því lýst yfir, að staðið yrði við boðið. Uppboðsþolinn Matthías Einarsson krafðist þess, að uppboðið yrði fellt niður. Uppboðshaldari kvað síðan upp úrskurð sinn. Hann er svohljóðandi:

„Annað og síðara uppboð á eignarhluta þessum fór fram 17. apríl s.l. og var þá beðið um að fram færi þriðja og síðasta uppboð á eigninni í dag.

Þar eð uppboðsþolinn Ragnhildur Matthíasdóttir er búsett erlendis með ókunnum dvalarstað var tilkynning til hennar um uppboðið 17. apríl birt í Lögbirtingablaði í sérstakri auglýsingu í samræmi við 3. mgr. 22. gr. uppboðslaga. Nauðsynlegt var að birta henni tilkynningu um 3. og síðasta uppboðið á eigninni með sama hætti, en vegna mistaka í uppboðsréttinum náðist ekki að birta þá tilkynningu með tilskildum 14 daga fresti.

Þessi galli á málatilbúnaðinum veldur því að ekki er unnt að halda 3. og síðasta uppboðið innan fjögurra vikna frá öðru og síðara uppboði á eigninni, eins og uppboðslögin bjóða. Þykir ekki verða hjá því komist að fella uppboðið þetta (sic) niður ex officio.

Því úrskurðast:

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á framangreindum eignarhluta á Laufásvegi 17 er fellt niður ex officio.“

Skilja verður úrskurð uppboðshaldara svo, að með honum felli hann niður uppboðsmálið í heild sinni, enda þótt annað megi ef til vill ætla af úrskurðarorðunum einum.

Kæruheimild er í 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, en skýra ber a-lið þess töluliðar með hliðsjón af b-lið 1. tl. sömu málsgreinar.

Þrátt fyrir orðalag sitt verður 3. mgr. 29. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 7. gr. laga nr. 12/1987, ekki skýrð svo, að fella beri uppboðsmálið undantekningarlaust niður, verði þriðja og síðasta uppboði ekki komið fram innan fjögurra vikna frá öðru uppboði. Verði uppboðið ekki haldið innan þess frests vegna mistaka uppboðshaldara, eins og hér átti sér stað, ber að boða það að nýju á löglegan hátt og án tafar, svo að það verði haldið innan fjögurra vikna frá fyrr auglýstum uppboðsdegi. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir uppboðshaldara að boða þriðja og síðasta uppboð á framangreindri eign að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir uppboðshaldara að boða að nýju þriðja og síðasta uppboð á framangreindum eignarhluta varnaraðila, Matthíasar Einarssonar, Ingibjargar Matthíasdóttur og Ragnhildar Matthíasdóttur, í fasteigninni að Laufásvegi 17, Reykjavík.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 9. maí 1990.

Annað og síðara uppboð á eignarhluta þessum fór fram 17. apríl sl., og var þá beðið um, að fram færi þriðja og síðasta uppboð á eigninni í dag.

Þar eð uppboðsþolinn Ragnhildur Matthíasdóttir er búsett erlendis með ókunnum dvalarstað, var tilkynning til hennar um uppboðið 17. apríl birt í Lögbirtingablaði í sérstakri auglýsingu í samræmi við 3. mgr. 22. gr. uppboðslaga. Nauðsynlegt var að birta henni tilkynningu um 3. og síðasta uppboðið á eigninni með sama hætti, en vegna mistaka í uppboðsréttinum náðist ekki að birta þá tilkynningu með tilskildum 14 daga fresti.

Þessi galli á málatilbúnaðinum veldur því, að ekki er unnt að halda 3. og síðasta uppboðið innan fjögurra vikna frá öðru og síðara uppboði á eigninni, eins og uppboðslögin bjóða. Þykir ekki verða hjá því komist að fella uppboð þetta niður ex officio.

Því úrskurðast:

Þriðja og síðasta nauðungaruppboð á framangreindum eignarhluta á Laufásvegi 17 er fellt niður ex officio.

Þriðjudaginn 12. júní 1990.

Nr. 75/1988. **Einar Gunnar Þórhallsson,**
Anna Skarphéðinsdóttir og
Kristján Þórhallsson
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Pétri Jónassyni,
Kristínu Jónasdóttur,
Hallgrími Jónassyni,
Jóni Árna Sigfússyni,
Valgerði Sigfúsdóttur,
Stefáni Sigfússyni,
Hinriki Sigfússyni,
Þorláki Jónassyni og
Sigurgeiri Jónassyni
(Eiríkur Tómasson hrl.).

Dómsátt. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. mars 1988 með vísan til 36. gr. laga nr. 75/1973. Málinu var áður skotið til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 15. sama mánaðar samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, en var hafið á dómþingi 2. mars 1988.

Áfrýjendur krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þau sýknuð af kröfum stefndu Péturs Jónassonar, Kristínar Jónasdóttur, Hallgríms Jónassonar, Jóns Árna Sigfússonar og Valgerðar Sigfúsdóttur og að þessi stefndu verði dæmd til að greiða þeim málskostnað in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Pétur Jónasson, Kristín Jónasdóttir, Hallgrímur Jónasson, Jón Árni Sigfússon og Valgerður Sigfúsdóttir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Jafnframt krefjast þau þess, að áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu Stefán Sigfússon, Hinrik Sigfússon, Þorlákur Jónasson

og Sigurgeir Jónasson hafa látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti, en hafa ekki uppi kröfur í málinu.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir því, hver aðdragandi var að sátt þeirri, sem áfrýjendur telja, að komist hafi á í réttarhaldi á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 26. ágúst 1985. Stefndu Pétur, Kristín, Hallgrímur, Jón Árni og Valgerður undirrituðu hvorki sáttina né veittu samþykki sitt til hennar. Verður ekki á það fallist með áfrýjendum, að þeir stefndu, sem undirrituðu sáttina, hafi haft heimild samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði til að ráðstafa sakarefni því, sem til meðferðar var, svo að bindandi væri fyrir þá sameigendur, sem ekki undirrituðu sáttina.

Þá verður heldur ekki á það fallist með áfrýjendum, að samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur hafi falist í málflutningsumboði lögmanns stefndu heimild til að leiða málið til lykta með réttarsátt.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Það athugast, að lögbann var lagt á 23. júní 1986 samkvæmt úrskurði fógeta, sem kveðinn var upp 21. sama mánaðar.

Svo sem sakarefni í máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreind dómsátt er ógild.

Lögbann það, sem á var lagt 23. júní 1986, er staðfest.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 15. apríl 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 15. apríl, var í aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins af Halldóri Kristinssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 92/1986: Pétur Jónasson, Kristín Jónasdóttir, Hallgrímur Jónasson, Jón Árni Sigfússon og Valgerður Sigfúsdóttir gegn Einari Gunnari Þórhallssyni, Önnu Skarphéðinsdóttur, Kristjáni Þórhallssyni, Stefáni Sigfússyni, Hinriki Sigfússyni, Þorláki Jónassyni og Sigurgeiri Jónassyni.

Mál þetta var dómtekið 20. mars 1987. Það var höfðað fyrir aukadómþinginu og þingfest 3. september 1986. Stefnubirting fór fram 28. júní 1986. Stefnendur eru Pétur Jónasson, nnr. 7099-7185, Kristín Jónasdóttir, nnr. 5759-4039, bæði Vogum II, Hallgrímur Jónasson, nnr. 3670-7380, Hólmum, Jón Árni Sigfússon, nnr. 5181-6897, Víkurnesi, öll í Mývatnssveit, og Valgerður Sigfúsdóttir, nnr. 9128-0728, Sólbrekku 26, Húsavík, eigendur Voga II og III að hluta til, og stefndu Einar Gunnar Þórhallsson, nnr. 1841-3571, Anna Skarphéðinsdóttir, nnr. 0374-1001, bæði Vogum I, Kristján Þórhallsson, nnr. 5892-5559, Björk, Stefán Sigfússon, nnr. 8360-5758, Hinrik Sigfússon, nnr. 4147-8896, báðir Vogum III, Þorlákur Jónasson, nnr. 9674-4374, Vogum IV, og Sigurgeir Jónasson, nnr. 7932-8561, Vogum II, öll í Mývatnssveit, eigendur Voga I, II, III og IV.

Dómkröfur.

Stefnendur gera þær kröfur fyrir dóminum, að sátt, gerð fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu 26. ágúst 1985, verði ógilt, en hún hljóðar svo:

„Skifti verða eins og skiftagerð yfirlandsnefndar er með þeirri breytingu að hluti Voga I stækkar með línu úr SA-horni markalínu milli lands Voga I og II í Auðnalandi, bein lína þaðan í hellur neðan við Randaviksgarð við veg. Þaðan bein lína að þjóðvegi, syðst við Hraunnef sbr. syðstu punktalínu á dskj. nr. 9.

Girðing vestan vegar í landi Voga II milli Langavogs og Auðnagarðs verði færð 3 metrum fjær því sem hún nú er nyrst í landinu og bein lína í hliðstaur syðst í landinu, fyrir 20. okt. n.k., og eigi báðir aðilar frjálsan umferðarrétt um svæðið milli girðingar og vegar.

Kostnaður við flutning girðingar skiftist jafnt milli beggja aðila.

Hvor aðili greiðir sínum lögmanni hans kostnað en aksturskostnaður vitna skiftist milli beggja aðila.

Með þessari sátt eru niður fallin aukadómþingsmálin nr. 17 og 20/1984."

Þá krefjast stefnendur staðfestingar á lögbanni, sem lagt var við girðingarvinnu stefndu Einars Gunnars Þórhallssonar, Önnu Skarphéðinsdóttur og Kristjáns Þórhallssonar, sem byrjuð hafi verið hinn 21. júní 1986, umhverfis land það, sem þannig er lýst í greindri sátt: „...með línu úr SA-horni markalínu milli lands Voga I og II í Auðnaland, bein lína þaðan í hellur neðan við Randaviksgarð við veg. Þaðan bein lína að þjóðvegi, syðst við Hraunnef, sbr. syðstu punktalínu á dskj. nr. 9".

Að lokum krefjast stefnendur þess, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu málskostnaðar til stefnenda og að skaðlausu.

Stefndu krefjast þess að verða alfarið (sic) sýknuð af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Með bréfi dags. 22. júní 1980 til sýslumanns Þingeyjarsýslu fóru Stefán, Hinrik og Jón Árni Sigfússynir þess á leit, að skipt yrði óskiptu sameignarlandi jarðarinnar Voga í Mývatnssveit. Í framhaldi af þeirri beiðni fóru fram landskipti, sem skotið var til yfirlandskipta. Mál var höfðað, þar sem krafist var, að yfirlandskiptagerðinni yrði hrundið. Undir rekstri þess máls var lagt lögbann við girðingarframkvæmdum samkvæmt yfirlandskiptagerðinni og staðfestingarmál höfðað. Þessi tvö mál voru sameinuð og sátt sú, sem hér er krafist ógildingar á, gerð í því máli. Nauðsynlegt er að rekja aðalefnisatriði þessara málaferla til þess að gera grein fyrir, um hvað þau snerust.

— — —

Aukadómþingsmálið nr. 17/1984.

Einar Gunnar Þórhallsson, Anna Skarphéðinsdóttir og Kristján Þórhallsson höfðuðu þessu næst mál með stefnu, útgefinni 23. maí 1984, á hendur Hinriki Sigfússyni, Stefáni Sigfússyni, Valgerði Sigfúsdóttur, Sigurgeiri Jónassyni, Pétri Jónassyni, Kristínu Jónasdóttur, Hallgrími Jónassyni, Þorláki Jónassyni og Jóni Árna Sigfússyni. Stefnendur í því máli kröfðust þess, að yfirlandskiptagerðinni yrði hrundið. Helstu málsástæður þeirra voru þessar:

1. Landskiptanefnd hafi ekki skipt landi í samræmi við beiðni þá, sem vitnað er til hér að framan og er dags. 22. júní 1980. Það sé ekki rétt, að samkomulag hafi orðið með eigendum um að skipta á annan hátt.

2. Þau telja, að komin hafi verið hefð á það, hvernig land það, sem tekið var til skipta, var nýtt af eigendum.

3. Þá telja þau sig ekki hafa fengið jafngott land og aðrir eigendur við landskiptin.

Lögmaður allra varnaraðila var Örn Clausen hrl. Málsástæðum stefnenda var af þeirra hálfu vísað á bug og því haldið fram, að engar marktækar röksemdir væru fyrir kröfum stefnenda. Ekki væri annað að sjá en að yfirmatið hefði farið fram á óaðfinnanlegan hátt og krafist sýknu af kröfu um, að því yrði hrundið. Mál þetta var aukadómþingsmálið nr. 17/1984 og var þingfest 27. júní 1984.

Aukadómþingsmálið nr. 20/1984.

Hinn 23. ágúst 1984 var úrskurðað að kröfu Kristjáns Þórhallssonar, Önnu Skarphéðinsdóttur og Einars Gunnars Þórhallssonar, að lagt væri lögbann við girðingarframkvæmdum í samræmi við yfirmatsgerðina. Staðfestingarmál lögbannsins var aukadómþingsmálið nr. 20/1987.

Dómsátt 26. ágúst 1985.

Í réttarhaldi 26. ágúst 1985 voru þessi tvö framangreind aukadómþingsmál sameinuð með vísan til 70. gr. laga nr. 85/1936. Í lok þess réttarhalds var gerð sátt sú, sem krafist er ógildingar á, í því máli, sem hér er til meðferðar. Undir sáttina skrifuðu Kristján Þórhallsson, Einar Þórhallsson, Stefán Sigfússon, Leifur Hallgrímsson, eftir umboði, Sigurgeir Jónasson, Hinrik Sigfússon og Þorlákur Jónasson. Eftir að bókunin hafði verið upplesin og játuð rétt bókuð, rituðu lögmenn aðila, þeir Örn Clausen hrl. og Björn Jósef Arnviðarson hdl., nöfn sín undir.

Með bréfi til sýslumannsembættisins í Þingeyjarsýslu, dags. 14. sept. 1985, mótmæltu stefnendur sáttargerðinni. Þar segir: „Við viðurkennum ekki þann grundvöll sem leiddi til samkomulags í landskiptamáli no. 17 og 20/84, við málflutning á Húsavík 26/8 1985. ...Við mótmælum því, að það sé tekið land úr óskiptri sameign jarðarinnar og það fært stefnendum til eignar kvaðalaust, þótt vitað sé fyrir, að þeirra hlutur sé stærstur í viðkomandi skiptalandi.

Við teljum þetta algjörlega ólöglegt athæfi án vitundar okkar og undirskriftar.

Þess vegna krefjumst við þess, að málflutningi verði tafarlaust fram haldið, sem frá var horfið og dæmt í þessum málum sem allra fyrst."

Lögbann 21. júní 1986.

Að kröfu stefnenda í máli þessu var með úrskurði 21. júní 1986 lagt lögbann við girðingarframkvæmdum stefndu Einars G. Þórhallssonar, Önnu Skarphéðinsdóttur og Kristjáns Þórhallssonar umhverfis land það, sem í sáttinni var bætt við land það, sem koma skyldi í hlut Voga I samkvæmt yfirlandskiptagerðinni. Eins og áður er tekið fram, er í málinu krafist staðfestingar á lögbanni þessu.

Málsástæður.

Eins og fram hefur komið, eru málsástæður stefnenda þær, að þau hafi hvorki undirritað, samþykkt né gefið umboð til undirritunar sáttarinnar. Þau hafi strax lýst ágreiningi sínum út af sáttinni. Þau séu því óbundin af henni, og í staðfestingarmáli þessu sé gerð krafa um ógildi sáttarinnar, sbr. 1. tl. 5. gr. eml. Efnisatriði sáttarinnar sé utan við kröfugerð í aukadómþingsmálunum, og þar sem svo hafi verið, hafi bein þátttaka stefnenda við gerð sáttarinnar verið nauðsynleg þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 2. gr. eml.

Meginástæður stefndu Einars Gunnars Þórhallssonar, Önnu Skarphéðinsdóttur og Kristjáns Þórhallssonar eru þær, að sáttin sé bindandi fyrir alla málsaðila, jafnt stefnendur og stefndu. Stefnendur hafi átt þess kost að mæta í réttarhaldinu 26. ágúst 1985. Þótt þau hafi ekki gert það sjálf,

hafi lögmaður þeirra og samaðilar þeirra mætt fyrir þau. Með vísan til 46. gr. eml. nr. 85/1936 verði að telja, að samaðilar stefnenda í réttarhaldi þessu hafi haft umboð til að ganga frá sátt, sem bindandi væri fyrir stefnendur. Ljóst hafi verið, að allir aðilar hafi litið svo á, þegar gengið var frá sáttinni. Sami rökstuðningur sé fyrir því, að synja beri um staðfestingu á lögbanni frá 23. júní 1986, þar sem lagt er lögbann við því, að þau reisi girðingar í samræmi við sáttina.

Við þingfestingu málsins var mætt af hálfu stefndu Þorláks Jónassonar, Sigurgeirs Jónassonar, Hinriks Sigfússonar og Stefáns Sigfússonar og lögð fram eftirfarandi yfirlýsing: „Við undirritaðir ábúendur í Vogum í Mývatnssveit krefjumst þess hér með að samkomulag það sem gert var 26. ágúst 1985 á dómþingi á Húsavík um landskipti í Vogum verði dæmt ógilt, þar sem samkomulagið hefur verið brotið með því að hefja girðingarframkvæmdir út fyrir þá línu sem samið var um. Munum við ekki halda uppi vörnum í ógildingarmáli um samkomulagið sem Jón Árni Sigfússon ofl. hafa höfðað."

Niðurstaða.

Stefnendur í máli því, sem hér er rekið, voru aðilar að aukadómþingsmálunum nr. 17 og 20/1984. Þau mættu ekki sjálf í því réttarhaldi, sem sáttin var gerð í, og fór lögmaður þeirra með málflutningsumboð fyrir þau skv. 4. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur. Í málflutningsumboði felst ekki heimild til að gera sátt, sem er andstæð vilja umbjóðandans og hann hefur ekki gefið umboð til, að gerð verði, sbr. Hrd. LV, bls. 148.

Af bókun sáttarinnar og þeirri málsástæðu, sem stefndu Kristján Þórhallsson, Anna Skarphéðinsdóttir og Einar Gunnar Þórhallsson bera fyrir sig í málinu, verður ráðið að ætlunin hafi verið að leiða landskiptadeiluna til lykta með aðferð, sem styddist við heimild í 46. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Ekki verður fallist á þennan skilning, heldur ræðst það af réttarreglum um sameignina, hvaða gildi þessi ákvörðun hefur gagnvart þeim sameigendum, sem ekki tóku þátt í henni. 46. gr. eml. verður því ekki túlkuð á þann veg, að fyrir dómi verði vikið frá þeim réttarreglum. Af ákvæðum 5. og 16. gr. landskiptalaga, nr. 46/1941, leiðir, að til þess að samkomulag um landskipti geti talist bindandi, verða allir sameigendur hins óskipta lands að vera sammála.

Með þessum rökum ber að taka til greina kröfu stefnenda um ógildi sáttarinnar.

Jafnframt ber að taka til greina kröfu um staðfestingu á lögbanni við girðingarframkvæmdum í samræmi við sáttina.

Eftir málsúrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 140.000.

Dómsorð:

Dómsátt frá 26. ágúst 1985, sem rakin er að framan, er ógild.

Staðfest er lögbannsgerð frá 21. júní 1986 við girðingarframkvæmdum umhverfis land það, sem þannig er lýst í greindri sátt: „...með línu úr SA horni markalínu milli lands Voga I og II í Auðnaland, bein lína þaðan í hellur neðan við Randaviksgarð við veg. Þaðan bein lína að þjóðvegi, syðst við Hraunnef sbr. syðstu punktalínu á dskj. nr. 9".

Stefndu, Einar Gunnar Þórhallsson, Anna Skarphéðinsdóttir, Kristján Þórhallsson, Stefán Sigfússon, Hinrik Sigfússon, Þorlákur Jónasson og Sigurgeir Jónasson, greiði in solidum stefnendum, Pétri Jónassyni, Kristínu Jónasdóttur, Hallgrími Jónassyni, Jóni Árna Sigfússyni og Valgerði Sigfúsdóttur, kr. 140.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. júní 1990.

Nr. 231/1990. **Jóhanna Þórólfsdóttir**
gegn
Tryggva Agnarssyni.

Kærumál. Endurupptaka einkamáls. Þingsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl sl. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. s.m., þar sem kröfu sóknaraðila um endurupptöku máls er hafnað. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að endurupptaka bæjarþingsmálið nr. 2700/1990: Tryggvi Agnarsson hdl. gegn Jóhönnu Þórólfsdóttur, svo að henni gefist kostur á að leggja fram greinargerð og nauðsynleg gögn. Þá er gerð krafa um kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Mál þetta er reifað í hinum áfrýjaða úrskurði. Varnaraðili mótmælti kröfu sóknaraðila strax í héraði. Hið framlagða læknisvottorð sker ekki úr um lögmæti forfalla sóknaraðila, en stefna var birt fyrir henni sjálfri með viku fyrirvara. Ber því samkvæmt 3. og 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 7. mgr. 110. gr. sömu laga, að staðfesta hinn kærða úrskurð. Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1990.

Með beiðni, framlagðri á bæjarþingi Reykjavíkur þann 3. apríl 1990, óskaði Jón Oddsson hrl., f.h. skjólstæðings síns, Jóhönnu Þórólfsdóttur, eftir því, að málið nr. 2700/1990, sem höfðað var af Tryggva Agnarssyni hdl. gegn Jóhönnu Þórólfsdóttur með stefnu birtri fyrir henni sjálfri þann

20. febrúar 1990, yrði endurupptekið, en það var dómtekið þann 27. febrúar 1990. Í umræddri beiðni eru ástæður beiðninnar tilgreindar þær, að stefnda sé vegna aldurs síns og veikinda miður sín og hafi ekki áttað sig á umræddri málshöfðun, er stefna var birt fyrir henni.

Við fyrirtöku málsins þann 3. apríl sl. var lagt fram, auk beiðni um endurupptöku, læknisvottorð Margrétar Georgsdóttur heilsugæslulæknis. Í vottorðinu segir:

„Það vottast hér með að Jóhanna Þórólfsdóttir, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, sem verið hefur sjúklingur minn til nokkra (sic) ára, á við alvarlegan heilsubrest að stríða vegna mikils álags vegna umönnunar um veikan maka. Hún hefur brotnað niður við minnstu erfiðleika og er illa farin á taugum, enda mikið álag á henni heima vegna alvarlegra veikinda manns hennar. Hún er auk þess með háan blóðþrýsting og fleiri kvilla. Hún á því erfitt með að mæta því álagi sem því fylgir að mæta fyrir rétti."

Af ofanrituðu þykir ljóst, að ekki sé um lögmæt forföll að ræða skv. 3. og 4. mgr. 118. gr., sbr. a-lið 7. mgr. 110. gr., laga nr. 85/1936. Beiðni stefndu er því ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Beiðni Jóhönnu Þórólfsdóttur um endurupptöku máls nr. 2700/1990: Tryggvi Agnarsson hdl. gegn Jóhönnu Þórólfsdóttur, til þess að koma að vörnum í málinu er ekki tekin til greina.